ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 59

32. árgangur

25.9.2025

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2025/EES/59/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2282 frá 15. desember 2021 um heilbrigðistæknimat og breytingu á tilskipun 2011/24/ESB 1

2025/EES/59/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 frá 19. desember 2024 um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólafleiðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 33

2025/EES/59/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/134 frá 28. janúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar innleiðingu flugmanns-skírteinis fyrir þyrilflugu 48

2025/EES/59/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/133 frá 28. janúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfrækslu þyrilflugna, sem er ekki í ábataskyni, við sjónflugsskilyrði 60

2025/EES/59/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/181 frá 31. janúar 2025 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393 að því er varðar niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 66

2025/EES/59/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/187 frá 31. janúar 2025 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumpróþíónati, kalsíumpróþíónati og ammóníum-próþíónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir 68

2025/EES/59/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/272 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir L-systíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 71

2025/EES/59/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/273 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 76

2025/EES/59/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/275 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir kanínur aðrar en kanínuunga á spena og undaneldiskanínur (leyfishafi er S. I. Lesaffre) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 80

2025/EES/59/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/276 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 84

2025/EES/59/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/277 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 89

2025/EES/59/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/278 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 92

2025/EES/59/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/279 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 97

2025/EES/59/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/281 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir própýlgallati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 103

2025/EES/59/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/284 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011 108

2025/EES/59/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/313 frá 17. febrúar 2025 um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Porus GmbH) 113

2025/EES/59/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/316 frá 17. febrúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 og (ESB) 2023/1332 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir fóðuraukefnum 116

2025/EES/59/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/353 frá 21. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 118

2025/EES/59/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/359 frá 21. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* DSM 34262 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 122

2025/EES/59/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/115 frá 21. janúar 2025 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúxapýroxað, lambda-sýhalótrín, metalaxýl og nikótín í eða á tilteknum afurðum 126

2025/EES/59/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/581 frá 27. mars 2025 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýkloxýdím, díklórpróp-P, flúpýradífúrón, metýlnónýl-ketón, plöntuolíur/sítrónelluolíu, kalíumsorbat og kalíumfosfónat í eða á tilteknum afurðum. 168

2025/EES/59/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/97 frá 21. janúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun og nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu ísómaltófásykru 197

2025/EES/59/23 Reglugerð evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2480 frá 14. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 að því er varðar ákvarðanir evrópskra staðlastofnana varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl 204

2025/EES/59/24 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1860 frá 13. júní 2024 um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar að innleiða Evrópska gagnabankann um lækningatæki (Eudamed) smám saman, skylduna til að tilkynna um það ef truflanir verða á afhendingu eða ef afhendingu er hætt og um umbreytingarákvæði vegna tiltekinna lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi 207

2025/EES/59/25 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB 217

2025/EES/59/26 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2002 frá 11. desember 2018 um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni 273

2025/EES/59/27 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/844 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga og tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni 294

2025/EES/59/28 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (endurútgefin) 311

2025/EES/59/29 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2620 frá 30. júlí 2024 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar kröfur er varða að líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu orðnar varanlega bundnar með efnatengjum í vöru 439

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

Leiðréttting

2025/EES/59/30 Leiðréttting á íslenskri þýðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB 444

2025/EES/59/31 Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1121 frá 8. júlí 2021 þar sem tilgreindar eru upplýsingar um tölfræðileg gögn, sem aðildarríkin eiga að leggja fram að því er varðar eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, með tilliti til öryggis og samræmi vara 444

2025/EES/59/32 Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1110 frá 10. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar fyrsta lofthæfi ómannaðra loftfarskerfa sem eru háð vottun og á framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara 444

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/2282 **2025/EES/59/01**

frá 15. desember 2021

um heilbrigðistæknimat og breytingu á tilskipun 2011/24/ESB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. og 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þróun heilbrigðistækni er lykilþáttur í hagvexti og nýsköpun í Sambandinu og er lykilatriði í því að koma á öflugri heilsuvernd sem heilbrigðisstefnur verða að tryggja í þágu allra. Heilbrigðistækni er nýsköpunargrein innan atvinnulífsins og er hluti af heildarmarkaði fyrir útgjöld til heilbrigðisþjónustu, sem nemur 10% af vergri landsframleiðslu í Sambandinu. Heilbrigðistækni nær yfir lyf, lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og lækningaaðgerðir sem og ráðstafanir til sjúkdómavarna, greininga eða meðferðar vegna sjúkdóma.

2) Mat á heilbrigðistækni (e. health technology assessment - HTA) er ferli byggt á vísindalegum gögnum sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að ákvarða hlutfallslega skilvirkni nýrrar eða fyrirliggjandi heilbrigðistækni. Mat á heilbrigðistækni leggur sérstaklega til grundvallar virðisauka heilbrigðistækni í samanburði við aðra nýja eða fyrirliggjandi heilbrigðistækni.

3) Mat á heilbrigðistækni getur stuðlað að eflingu nýsköpunar sem er besta niðurstaðan fyrir sjúklinga og samfélagið í heild og er mikilvægt tæki til að tryggja rétta beitingu og notkun heilbrigðistækni.

4) Mat á heilbrigðistækni getur náð yfir bæði klíníska og óklíníska þætti heilbrigðistækni, eftir heilbrigðiskerfinu sem um ræðir. Sameiginlegar aðgerðir Sambandsins varðandi mat á heilbrigðistækni sem eru fjármagnaðar sameiginlega (rammi sameiginlegra aðgerða Evrópunetsins um mat á heilbrigðistækni) hafa tilgreint níu svið sem heilbrigðistækni er metin út frá. Af þessum níu sviðum eru fjögur klínísk en hin fimm óklínísk. Klínísku matssviðin fjögur varða greiningu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 485, 22.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2025 frá 9. janúar 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), X. viðauka (Almenn þjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr, við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 8.5.2025, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 283, 10.8.2018, bls. 28 og Stjtíð. ESB C 286, 16.7.2021, bls. 95.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2019 (Stjtíð. ESB C 449, 23.12.2020, bls. 638) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 9. nóvember 2021 (Stjtíð. ESB C 493, 8.12.2021, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

heilbrigðisvandamáls og núverandi heilbrigðistækni, rannsókn á tæknilegum eiginleikum heilbrigðistækninnar sem verið er að meta, hlutfallslegt öryggi hennar og hlutfallslega klíníska skilvirkni. Óklínísku matssviðin fimm varða kostnað og efnahagslegt mat á heilbrigðistækni og siðferðilega, skipulagslega, félagslega og lagalega þætti hennar.

5) Mat á heilbrigðistækni getur bætt vísindaleg gögn sem eru notuð fyrir klíníska ákvarðanatöku, og aðgengi sjúklinga að heilbrigðistækni, þ.m.t. ef heilbrigðistækni verður úrelt. Niðurstöður mats á heilbrigðistækni eru lagðar til grundvallar ákvörðunum um úthlutun fjárveitinga á sviði heilbrigðismála, t.d. í tengslum við að ákveða verðlagningu eða umfang endurgreiðslu í heilbrigðistækni. Mat á heilbrigðistækni getur þannig aðstoðað aðildarríkin við að koma á fót og viðhalda sjálfbærum heilbrigðiskerfum og örva nýsköpun, sem skilar betri árangri fyrir sjúklinga.

6) Framkvæmd samhliða mats margra aðildarríkja og misræmi milli landsbundinna laga og stjórnsýslufyrirmæla að því er varðar matsferli og aðferðafræði við mat getur leitt til þess að þróunaraðilar heilbrigðistækni standi frammi fyrir mörgum og mismunandi beiðnum um gögn. Þetta getur einnig leitt til bæði tvítekningar og mismunar á niðurstöðum í tengslum við sérhvert landsbundið heilbrigðissvið.

7) Þó að aðildarríkin hafi framkvæmt nokkur sameiginleg möt innan ramma sameiginlegra aðgerða Evrópunetsins um mat á heilbrigðistækni (EUnetHTA) hefur þetta valfrjálsa samstarf og það sem það hefur leitt af sér ekki verið hagkvæmt og byggst á verkefnamiðuðu samstarfi þar sem sjálfbært samstarfslíkan er ekki fyrir hendi. Notkun á niðurstöðum sameiginlegra aðgerða Evrópunets um mat á heilbrigðistækni, þ.m.t. sameiginleg klínísk möt, er enn takmörkuð í aðildarríkjunum, sem þýðir að yfirvöld og stofnanir á sviði heilbrigðistæknimata í mismunandi aðildarríkjum, hafa ekki tekið nægilega vel á tvítekningum á mati á sömu heilbrigðistækni innan sams konar eða sambærilegra tímamarka. Hins vegar ætti við framkvæmd þessarar reglugerðar að taka tillit til helstu niðurstaðna sameiginlegra aðgerða Evrópunets um mat á heilbrigðistækni, einkum vísindalegs framlags á borð við aðferðafræðileg skjöl og leiðbeiningarskjöl, ásamt upplýsingatæknibúnaði til að geyma upplýsingar og skiptast á þeim.

8) Í niðurstöðum sínum frá 1. desember 2014 um nýsköpun í þágu sjúklinga ([3]) viðurkenndi ráðið að mat á heilbrigðistækni gegndi lykilhlutverki við mótun heilbrigðisstefnu, til að styðja við gagnreynda, sjálfbæra og réttláta valkosti í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðistækni í þágu sjúklinga. Í þessum niðurstöðum hvatti ráðið enn fremur framkvæmdastjórnina til að halda áfram að styðja við samstarf með sjálfbærum hætti og fór fram á að sameiginleg vinna aðildarríkjanna vegna mats á heilbrigðistækni yrði aukin og tækifæri til samstarfs um upplýsingaskipti milli þar til bærra aðila yrðu könnuð. Í niðurstöðum sínum frá 7. desember 2015 um einstaklingsmiðuð lyf fyrir sjúklinga ([4]) hvatti ráðið aðildarríkin og framkvæmdastjórnina enn fremur til þess að efla aðferðafræði við mat á heilbrigðistækni hvað varðar einstaklingsmiðuð lyf og í ályktunum ráðsins frá 17. júní 2016 um að styrkja jafnvægi lyfjakerfa innan Evrópusambandsins og aðildarríkja þess ([5]) komu fram frekari sannanir þess að aðildarríkin sjái greinilega aukið vægi í samstarfi um mat á heilbrigðistækni. Í sameiginlegri skýrslu stjórnarsviðs efnahags- og fjármála hjá framkvæmdastjórninni og efnahagsstefnunefndar framkvæmdastjórnarinnar frá október 2016 er enn fremur kallað eftir auknu Evrópusamstarfi um mat á heilbrigðistækni. Að lokum hvatti ráðið, í ályktun sinni frá 15. júní 2021 um aðgang að lyfjum og lækningatækjum fyrir sterkara og viðnámsþolnara ESB ([6]), aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til að kanna möguleikann á að koma á fót aðgerðaáætlun ESB um öflun gagna og þekkingar úr raunverulegum aðstæðum sem mun stuðla að betra samstarfi milli yfirstandandi landsbundinna framtaksverkefna og framtaksverkefna yfir landamæri og sem gæti stuðlað að því að draga úr þekkingargloppum við mat á heilbrigðistækni og í ákvörðunum greiðanda.

9) Í ályktun sinni frá 2. mars 2017 um valkosti ESB til að bæta aðgengi að lyfjum ([7]) hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að leggja fram frumvarp til laga um evrópskt kerfi fyrir mat á heilbrigðistækni eins fljótt og auðið er og að samræma gagnsæjar viðmiðanir fyrir mat á heilbrigðistækni, í því skyni að meta aukið lækningagildi og hlutfallslega skilvirkni heilbrigðistækni í samanburði við bestu fáanlegu valkosti, þar sem tekið er tillit til nýsköpunar og ávinnings fyrir sjúklinga.

([3]) Stjtíð. ESB C 438, 6.12.2014, bls. 12.
([4]) Stjtíð. ESB C 421, 17.12.2015, bls. 2.
([5]) Stjtíð. ESB C 269, 23.7.2016, bls. 31.
([6]) Stjtíð. ESB C 269 I, 7.7.2021, bls. 3.
([7]) Stjtíð. ESB C 263, 25.7.2018, bls. 4.

10) Í orðsendingu sinni frá 28. október 2015, „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“ lýsti framkvæmdastjórnin yfir þeim ásetningi sínum að eiga frumkvæði að því að auka samræmingu að því er varðar mat á heilbrigðistækni til að komast hjá því að endurtaka mat á vöru í mismunandi aðildarríkjum og bæta starfsemi innri markaðarins fyrir heilbrigðistækni.

11) Með þessari reglugerð er miðað að því að ná öflugri heilsuvernd sjúklinga og notenda og jafnframt tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar lyf, lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. Um leið er með þessari reglugerð komið á ramma til að styðja samstarf aðildarríkjanna og þær ráðstafanir sem þörf er á fyrir klínískt mat á heilbrigðistækni. Leitast er við að ná báðum markmiðum samtímis og þó þau séu óaðskiljanlega tengd, gengur annað ekki framar hinu. Að því er 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðar eru í þessari reglugerð settar fram verklagsreglur og reglur um sameiginlega vinnu og um að koma á ramma á vettvangi Sambandsins. Að því er 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðar gerir þessi reglugerð samstarf milli aðildarríkja um tiltekna þætti mats á heilbrigðistækni mögulegt, jafnframt því að stefnt er að því að veita öfluga heilsuvernd.

12) Sameiginleg vinna ætti að fara fram í samræmi við meginregluna um góðar stjórnsýsluvenjur og stefna að því að ná sem mestum gæðum, gagnsæi og sjálfstæði.

13) Þróunaraðilar heilbrigðistækni standa oft frammi fyrir erfiðleikum við að leggja sömu upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn fyrir mismunandi aðildarríki og einnig á mismunandi tímapunktum. Tvöföld framlagning og mismunandi tímasetning framlagningar í aðildarríkjum getur skapað umtalsvert stjórnsýsluálag fyrir þróunaraðila heilbrigðistækni, einkum lítil fyrirtæki með takmarkað fjármagn og getur leitt til hindrunar og röskunar á markaðsaðgangi sem aftur getur leitt til skorts á fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki, aukins kostnaðar og, þegar til lengri tíma er litið, neikvæðra áhrifa á nýsköpun. Því ætti þessi reglugerð að kveða á um fyrirkomulag sem tryggir að þróunaraðili heilbrigðistækni leggi þær upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn, sem krafist er fyrir sameiginlega klíníska matið, aðeins einu sinni fram á vettvangi Sambandsins.

14) Í samræmi við 7. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins bera aðildarríkin ábyrgð á því að móta eigin stefnu í heilbrigðismálum og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp. Þessi ábyrgð felur í sér rekstur heilbrigðisþjónustu og læknishjálpar og einkum úthlutun fjármagns til þeirra. Því er nauðsynlegt að aðgerðir Sambandsins takmarkist við þá þætti mats á heilbrigðistækni sem varða sameiginlegt klínískt mat á heilbrigðistækni og einkum til að tryggja að ekkert gildismat sé til staðar í sameiginlegum klínískum mötum, í því skyni að virða ábyrgð aðildarríkja skv. 7. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í því tilliti teljast sameiginlegu klínísku mötin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, vera vísindaleg greining á hlutfallslegum áhrifum heilbrigðistækninnar eins og hún er metin með samanburði á heilsufarslegum niðurstöðum við valda mæliþætti sem grundvallast á umfangi matsins. Vísindalega greiningin mun enn fremur taka tillit til þess hversu áreiðanleg hlutfallslegu áhrifin eru með tilliti til styrkleika og takmarkana fyrirliggjandi gagna. Niðurstöður sameiginlegra klínískra mata ættu því ekki að hafa áhrif á ákvörðunarrétt aðildarríkjanna til að framkvæma mat á klínískum virðisauka viðkomandi heilbrigðistækni eða ákveða fyrir fram síðari verðlagningu og endurgreiðslu vegna heilbrigðistækni, þ.m.t. fastsetning viðmiðana fyrir slíkar ákvarðanir um verðlagningu og endurgreiðslu, sem gætu verið háðar bæði klínískum og óklínískum atriðum hverju fyrir sig, eða saman, og sem verða áfram eingöngu á valdsviði hvers ríkis.

15) Aðildarríki ættu að geta framkvæmt frekari klínískar greiningar, sem eru nauðsynlegar fyrir heildarferli þeirra við landsbundið mat á heilbrigðistækni, á heilbrigðistækni sem skýrsla um sameiginlegt klínískt mat er tiltæk fyrir. Einkum ættu aðildarríki að geta framkvæmt frekari klínískar greiningar sem varða m.a. sjúklingahópa, samanburðarefni eða heilsufarslegar niðurstöður aðrar en þær sem koma fram í skýrslunni um sameiginlegt klínískt mat, eða með því að nota aðra aðferð ef þeirrar aðferðar er krafist í landsbundna heildarferlinu fyrir mat á heilbrigðistækni í hlutaðeigandi aðildarríki. Ef þörf er á viðbótarupplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum fyrir frekari klínískar greiningar ættu aðildarríki að geta farið þess á leit við þróunaraðila heilbrigðistækni að þeir leggi fram nauðsynlegar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn. Þessi reglugerð ætti ekki að takmarka á nokkurn hátt rétt aðildarríkjanna til að framkvæma óklínísk möt á sömu heilbrigðistækni áður en skýrslan um sameiginlegt klínískt mat er undirbúin, á meðan á undirbúningi stendur eða eftir að hún er birt.

16) Til að tryggja bestu gæði sameiginlegra klínískra mata, víðtæka viðurkenningu og til að gera það mögulegt að samnýta sérfræðiþekkingu og tilföng meðal landsbundinna yfirvalda og stofnana á sviði heilbrigðistæknimata þykir rétt að fylgja þrepaskiptri nálgun, þar sem byrjað er á fáum lyfjum sem eru metin sameiginlega og einungis á síðari stigum er krafist sameiginlegs klínísks mats á öðrum lyfjum sem gangast undir málsmeðferð vegna markaðsleyfis samkvæmt miðlægri ákvörðun, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([8]), og þegar þessi lyf fá eftir það leyfi fyrir nýrri ábendingu.

17) Einnig ætti að framkvæma sameiginleg klínísk möt á tilteknum lækningatækjum, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([9]), sem teljast til hæsta áhættuflokks og sem viðeigandi sérfræðingahópar, sem um getur í 1. mgr. 106. gr. þeirrar reglugerðar, hafa skilað áliti á eða sjónarmiðum um, sem og á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru í flokki D samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ([10]).

18) Að teknu tilliti til þess hversu flókin tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi eru og þeirrar sérþekkingar sem þörf er á til að meta þau ættu aðildarríkin, ef þau sjá fram á virðisauka, að geta hafið valfrjálst samstarf um mat á heilbrigðistækni að því er varðar lækningatæki sem eru í flokki IIb eða III. flokki skv. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru í flokki D skv. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, sem eru hugbúnaður og falla ekki undir umfang sameiginlegs klínísks mats samkvæmt þessari reglugerð.

19) Til að tryggja að sameiginleg klínísk möt á heilbrigðistækni verði nákvæm og viðeigandi, af miklum gæðum og grundvallist á bestu fyrirliggjandi vísindalegum gögnum á hverjum tíma, þykir rétt að setja skilyrði fyrir uppfærslu þessara mata, einkum þegar viðbótargögn sem fást í kjölfar frummatsins geta aukið nákvæmni og gæði matsins.

20) Koma ætti á fót samræmingarhópi aðildarríkjanna um mat á heilbrigðistækni (hér á eftir nefndur „samræmingarhópurinn“), sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, einkum yfirvalda og stofnana á sviði heilbrigðistæknimata, sem ber ábyrgð á umsjón með framkvæmd á sameiginlegum klínískum mötum og annarri sameiginlegri vinnu innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Til að tryggja nálgun undir stjórn aðildarríkjanna við sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð, ættu aðildarríkin að tilnefna meðlimi samræmingarhópsins. Þessir meðlimir skulu tilnefndir í því skyni að tryggja hátt hæfisstig í samræmingarhópnum. Meðlimir samræmingarhópsins ættu að tilnefna yfirvöld og stofnanir á sviði heilbrigðistæknimata í undirhópa sem búa yfir viðunandi tæknilegri sérþekkingu til að framkvæma sameiginleg klínísk möt og hafa sameiginlegt vísindalegt samráð, að teknu tilliti til þarfarinnar á að leggja til sérþekkingu við mat á heilbrigðistækni að því er varðar lyf, lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

21) Samræmingarhópurinn ætti eftir fremsta megni að leitast við að ná samhljóða samþykki til að endurspegla vísindalegt eðli samstarfsins og tryggja að ákvarðanir hans uppfylli þau markmið að tryggja að sameiginleg vinna sé af mestu vísindalegu gæðum og óhlutdrægni sem völ er á. Ef slíkt samkomulag næst ekki og til að tryggja snurðulausa ákvarðanatöku í samræmingarhópnum skulu ákvarðanir, sem eru tæknilegs og vísindalegs eðlis, teknar á grundvelli einfalds meirihluta þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði án tillits til fjölda meðlima í samræmingarhópnum frá tilteknu aðildarríki. Í undantekningartilvikum, og vegna mismunandi eðlis þeirra, ætti að taka ákvarðanir um samþykkt árlegrar vinnuáætlunar, ársskýrslu og stefnumörkun að því er varðar vinnu undirhópanna á grundvelli aukins meirihluta.

22) Framkvæmdastjórnin ætti ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslum um sameiginleg klínísk möt eða gera athugasemdir við innihald skýrslna um sameiginleg klínísk möt.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Sambandsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

23) Samræmingarhópurinn ætti að tryggja að vísindalegt samstarf, sem og verklagsreglur og aðferðafræði við gerð skýrslna um sameiginleg klínísk möt og skjöl með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs, tryggi bestu gæði, þau séu unnin tímanlega og endurspegli nýjustu tækni á sviði læknavísinda þegar þau eru unnin.

24) Aðlaga ætti aðferðafræðina við að framkvæma sameiginleg klínísk möt og við að hafa sameiginlegt vísindalegt samráð þannig að hún taki til sérkenna nýrrar heilbrigðistækni þar sem sum gögn eru e.t.v. ekki auðfáanleg. Þetta getur m.a. átt við um lyf við fátíðum sjúkdómum, bóluefni og hátæknimeðferðarlyf.

25) Umfang sameiginlegra klínískra mata ætti að taka til allra aðila og endurspegla þarfir allra aðildarríkja að því er varðar gögn og greiningar sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar á að leggja fram.

26) Ef sameiginleg klínísk möt eru notuð til að undirbúa síðari stjórnsýsluákvarðanir á vettvangi aðildarríkjanna telst það vera eitt af nokkrum undirbúningsþrepum í fjölþrepa ferli. Aðildarríkin bera ein ábyrgð á landsbundnu mati á heilbrigðistækni, á niðurstöðum um virði heilbrigðistækni og á ákvörðunum sem eru teknar vegna mats á heilbrigðistækni. Aðildarríkin ættu að geta ákvarðað á hvaða þrepi við mat þeirra á heilbrigðistækni, og af hálfu hvaða yfirvalds eða stofnunar, ætti að hafa hliðsjón af skýrslum um sameiginleg klínísk möt.

27) Samræmingarhópurinn ætti að gera sitt ítrasta til að styðja skýrslu um sameiginlegt klínískt mat með samhljóða samþykki. Ef samhljóða samþykki næst ekki, og með það fyrir augum að tryggja að lokið verði við gerð skýrslna um sameiginleg klínísk möt innan settra tímamarka, ætti að geta til um mismunandi vísindaleg álit í skýrslunum. Til að tryggja heilleika sameiginlega klíníska matskerfisins og markmiðið um samhljóða samþykki ætti að takmarka mismunandi vísindaleg álit innan kerfisins við þau sem eru studd fullnægjandi vísindalegum rökum og því ætti það að teljast sérstök undantekningarráðstöfun.

28) Aðildarríkin ættu áfram að bera ábyrgð á að draga ályktanir á landsvísu um klíníska virðisauka af heilbrigðistækni, þar sem slíkar ályktanir eru háðar tilteknu samhengi heilbrigðisþjónustu í hverju aðildarríki fyrir sig, og um mikilvægi einstakra greininga í skýrslu um sameiginlegt klínískt mat (t.d. gætu nokkur samanburðarefni verið í skýrslu um sameiginlegt klínískt mat, en einungis hluti þeirra á við tiltekið aðildarríki). Skýrslan um sameiginlegt klínískt mat ætti að innihalda lýsingu á þeim hlutfallslegu áhrifum sem koma fram við greiningu á heilsufarslegum niðurstöðum, þ.m.t. tölulegar niðurstöður og öryggisbil, ásamt greiningu á vísindalegri óvissu og styrkleikum og takmörkunum sönnunargagna (t.d. innra og ytra réttmæti). Skýrslan um sameiginlegt klínískt mat ætti að byggjast á staðreyndum og ætti hvorki að fela í sér gildismat, vægisröðun heilsufarslegra niðurstaðna, ályktanir um heildarávinning eða klíníska virðisauka af heilbrigðistækni sem metin er, afstöðu gagnvart markþýðinu þar sem nota ætti heilbrigðistæknina, né afstöðu gagnvart því hvar heilbrigðistæknin ætti að vera staðsett í áætlun um meðferð, greiningu eða forvarnir.

29) Gagnsæi í ferlinu og almenningsvitund um það skiptir sköpum. Ef trúnaður ríkir um gögn af viðskiptalegum ástæðum þarf að tilgreina með skýrum hætti og rökstyðja ástæðurnar fyrir trúnaðarkvöðinni og skulu trúnaðargögnin vera vel afmörkuð og vernduð.

30) Ef aðildarríki framkvæma mat á heilbrigðistækni á lands- eða svæðisvísu, að því er varðar heilbrigðistækni sem hefur verið metin á vettvangi Sambandsins, ættu þau að hafa hliðsjón af skýrslum um sameiginleg klínísk möt á því stigi. Í því samhengi ættu aðildarríkin, einkum með tilliti til þess að mismunandi tímasetningar geta verið í gildi um landsbundnar ákvarðanir um mat á heilbrigðistækni, að geta tekið tillit til upplýsinga, gagna, greininga og annarra sönnunargagna sem voru ekki hluti af sameiginlega klíníska matinu á vettvangi Sambandsins. Mat á heilbrigðistækni, sem framkvæmt er á lands- eða svæðisvísu á heilbrigðistækni sem hefur verið metin á vettvangi Sambandsins, ætti að vera gert aðgengilegt fyrir samræmingarhópinn.

31) Í tengslum við þessa reglugerð hefur hugtakið „tilhlýðilegt tillit tekið“, þegar það er notað í tengslum við skýrslu um sameiginlegt klínískt mat, þá merkingu að skýrslan ætti að vera hluti af gögnum yfirvalda eða stofnana sem koma að mati á heilbrigðistækni innan aðildarríkis eða á svæðisvísu og ætti taka tilliti til hennar við mat á heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkis. Ef skýrsla um sameiginlegt klínískt mat liggur fyrir ætti hún að vera hluti af þeim gögnum sem styðja við landsbundið mat á heilbrigðistækni. Efni skýrslu um sameiginlegt klínískt mat er þó vísindalegs eðlis og ætti hvorki að vera bindandi fyrir þessi yfirvöld eða stofnanir né fyrir aðildarríkin. Ef skýrsla um sameiginlegt klínískt mat

liggur ekki fyrir þegar landsbundnu mati á heilbrigðistækni lýkur ætti það ekki að tefja síðari vinnslu á vettvangi aðildarríkisins. Skýrsla um sameiginlegt klínískt mat ætti ekki að hafa ytri áhrif á umsækjendur og aðra aðila en aðildarríkin.

32) Sú skuldbinding aðildarríkjanna að óska ekki eftir upplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum á innlendum vettvangi, sem þróunaraðilar heilbrigðistækni hafa lagt fram á vettvangi Sambandsins, ef þróunaraðilar heilbrigðistækni uppfylla kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari reglugerð, dregur úr stjórnsýsluálagi og fjárhagslegri byrði á þá sem myndi leiða af því að standa frammi fyrir mörgum og mismunandi beiðnum um upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn á vettvangi aðildarríkjanna. Þessi skuldbinding ætti þó ekki að útiloka þann möguleika að aðildarríkin fari fram á það við þróunaraðila heilbrigðistækni að þeir útlisti nánar framlagðar upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn.

33) Sú skuldbinding aðildarríkjanna að óska ekki eftir sömu upplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum á innlendum vettvangi og þróunaraðilar heilbrigðistækni hafa þegar lagt fram á vettvangi Sambandsins ætti ekki að ná yfir beiðnir um upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn innan gildissviðs áætlana um snemmbúinn aðgang á vettvangi aðildarríkjanna. Markmiðið með slíkum áætlunum um snemmbúinn aðgang á vettvangi aðildarríkjanna er að veita sjúklingum aðgang að lyfjum áður en markaðsleyfi samkvæmt miðlægri ákvörðun er veitt, þegar fyrir hendi eru ríkar og óuppfylltar læknisfræðilegar þarfir.

34) Þróunaraðilar heilbrigðistækni ættu ekki að leggja fram neinar þær upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn á innlendum vettvangi sem þegar hafa verið lögð fram á vettvangi Sambandsins. Með þessu er tryggt að aðildarríkin geti eingöngu óskað eftir upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum frá þróunaraðilum heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkis sem ekki eru þegar tiltæk á vettvangi Sambandsins.

35) Þegar um er að ræða lyf ætti við sameiginlegt klínískt mat helst að líta til klínískra rannsókna sem bornar eru saman með beinum hætti, slembiraðaðar, blindar og innihalda samanburðarhóp, ef aðferðafræði þeirra er í samræmi við alþjóðlega staðla um gagnreynda læknisfræði, Sú nálgun ætti þó í sjálfu sér ekki að útiloka athugunarrannsóknir, m.a. þær rannsóknir sem byggjast á gögnum úr raunverulegum aðstæðum, þegar þær eru aðgengilegar.

36) Ákvarða ætti tímaramma fyrir sameiginlegt klínískt mat á lyfjum, eftir því sem við verður komið, með vísan til þess tímaramma sem á við til að ljúka málsmeðferð vegna markaðsleyfis samkvæmt miðlægri ákvörðun, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 726/2004. Slík samræming ætti að tryggja að sameiginlegt klínískt mat geti auðveldað markaðsaðgang á skilvirkan hátt og stuðlað að því að sjúklingum standi ávallt tímanlega til boða nýstárleg heilbrigðistækni. Þróunaraðilar heilbrigðistækni ættu því að virða þá fresti, sem settir eru samkvæmt þessari reglugerð, þegar þeir leggja fram umbeðnar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn.

37) Þegar tímarammi vegna sameiginlegs klínísks mats á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi er ákveðinn ætti að taka tillit til þess að leiðir að markaðsaðgangi fyrir þessi tæki eru mjög dreifstýrðar og til tiltækileika viðeigandi gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma sameiginlegt klínískt mat. Þar sem vera kann að nauðsynleg sönnunargögn séu einungis tiltæk eftir að lækningatæki eða lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi hefur verið sett á markað og til að hægt sé að velja þau fyrir sameiginlegt klínískt mat á viðeigandi tíma, ætti að vera mögulegt að leggja mat á slík tæki eftir að þau hafa verið sett á markað.

38) Sameiginlega starfið sem unnið er samkvæmt þessari reglugerð, einkum sameiginlega klíníska matið, ætti í öllum tilvikum að miða að því að fá fram niðurstöður af miklum gæðum og tímanlega og hlúa að auknu samstarfi milli aðildarríkjanna um mat á heilbrigðistækni fyrir lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og ætti hvorki að tefja né trufla CE-merkingu lækningatækja eða lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi né heldur tefja markaðsaðgang þeirra. Þetta starf ætti að vera aðskilið og frábrugðið stjórnsýslumati sem er framkvæmt samkvæmt reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 og ætti ekki að hafa nein áhrif á ákvarðanir sem eru teknar í samræmi við þessar reglugerðir.

39) Til að auðvelda ferlið við undirbúning sameiginlegs klínísks mats ættu þróunaraðilar heilbrigðistækni að fá, í viðeigandi tilvikum, tækifæri til að taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði, ásamt samræmingarhópnum, til að afla leiðbeininga varðandi upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem líklegt er að klíníska rannsóknir verði að setja fram. Klíníska rannsóknir ná yfir klíníska prófanir á lyfjum, klíníska athuganir sem krafist er vegna klínísks mats á lækningatækjum og rannsóknir á virkni, sem krafist er vegna mats á virkni lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi. Þar sem samráðið er í eðli sínu undirbúningsþáttur ættu veittar leiðbeiningar hvorki að vera lagalega bindandi fyrir þróunaraðila heilbrigðistækni né yfirvöld og stofnanir á sviði heilbrigðistæknimata. Slíkar leiðbeiningar ættu þó að endurspegla nýjustu tækni í læknavísindum á þeim tíma þegar sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram, einkum í þágu sjúklinga.

40) Ef sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram samhliða undirbúningi vísindalegrar ráðgjafar varðandi lyf sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 726/2004 eða samhliða samráði um lækningatæki sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/745 ættu þessi samhliða ferli, þ.m.t. upplýsingaskipti milli undirhópa og Lyfjastofnunar Evrópu eða sérfræðinga-hópa um lækningatæki, að fara fram með það fyrir augum að tryggja að samantekt sönnunargagna uppfylli þarfir viðkomandi ramma en varðveiti um leið aðskilnað verkefna hvers þeirra um sig.

41) Í þágu sameiginlegs klínísks mats og sameiginlegs vísindalegs samráðs er nauðsynlegt að miðla trúnaðarupplýsingum milli þróunaraðila heilbrigðistækni og yfirvalda og stofnana á sviði heilbrigðistæknimata. Til að tryggja vernd slíkra upplýsinga ætti einungis að birta þriðja aðila upplýsingar, sem veittar eru samræmingarhópnum innan ramma sameiginlegs klínísks mats og sameiginlegs vísindalegs samráðs, eftir að gengið hefur verið frá samkomulagi varðandi trúnað. Enn fremur er nauðsynlegt að hverjar þær upplýsingar sem gerðar eru opinberar um niðurstöður sameiginlegs vísindalegs samráðs séu settar fram með nafnlausu sniði þar sem hvers kyns upplýsingar, sem eru viðkvæmar frá viðskiptalegu sjónarmiði, eru fjarlægðar.

42) Til að tryggja skilvirka notkun tiltækra úrræða er rétt að kveða á um notkun á „nýjungavöktun“ (e.horizon scanning) til að unnt sé að greina snemma nýja heilbrigðistækni sem líklegt má telja að muni hafa stórfelld áhrif á sjúklinga, lýðheilsu og heilbrigðiskerfi, auk þess að vera grundvöllur rannsókna. Nota mætti slíka nýjungavöktun til að styðja samræmingarhópinn við skipulagningu á starfi sínu, einkum í tengslum við sameiginlegt klínískt mat og sameiginlegt vísindalegt samráð, og gæti einnig veitt upplýsingar vegna áætlunargerðar til langs tíma, bæði á vettvangi Sambandsins og á innlendum vettvangi.

43) Sambandið ætti að styðja áfram valfrjálst samstarf milli aðildarríkjanna um mat á heilbrigðistækni á sviðum á borð við þróun og framkvæmd bólusetningaráætlana og uppbyggingu á getu landsbundinna kerfa fyrir mat á heilbrigðistækni. Slíkt valfrjálst samstarf ætti einnig að greiða fyrir samlegðaráhrifum ásamt framtaksverkefnum innan ramma áætlunarinnar um stafrænan innri markað, á viðeigandi sviðum stafrænnar og gagnamiðaðrar heilbrigðisþjónustu með það í huga að setja fram raunveruleg sönnunargögn sem máli skipta fyrir mat á heilbrigðistækni. Valfrjálst samstarf um mat á heilbrigðistækni getur einnig náð yfir svið á borð við greiningu sem er notuð til viðbótar við meðferð, skurðaðgerðir, forvarnarstarf, skimunar- og heilsueflingaráætlanir, upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað og samþætt umönnunarferli. Ólíkar kröfur koma við sögu við mat á ýmiss konar heilbrigðistækni, allt eftir sérkennum tækninnar, sem þýðir að þörf er á samræmdri nálgun hvað varðar mat á heilbrigðistækni sem getur mætt þessari margháttuðu heilbrigðistækni.

44) Til að tryggja gagnsæi í sameiginlegu starfi og ná til allra aðila ætti samræmingarhópurinn að starfa með og hafa víðtækt samráð við hagsmunasamtök sem hafa áhuga á samstarfi í Sambandinu um mat á heilbrigðistækni, þ.m.t. samtök sjúklinga, fagfélög heilbrigðisstarfsmanna, klínísk félög og vísindafélög, samtök þróunaraðila heilbrigðistækni, neytendasamtök og önnur frjáls félagasamtök á heilbrigðissviði sem málið varðar. Koma ætti á fót neti hagsmunaaðila til að greiða fyrir skoðanaskiptum milli samtaka þeirra og samræmingarhópsins.

45) Til þess að tryggja að sameiginleg vinna sé eins vísindalega traust og hægt er og endurspegli nýjustu tækni ættu utanaðkomandi sérfræðingar með viðeigandi ítarlega, sérhæfða sérþekkingu að leggja sitt til málanna varðandi sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð. Á meðal slíkra sérfræðinga ættu að vera klínískir sérfræðingar á viðkomandi meðferðarsviði, sjúklingar sem eru með sjúkdóminn og aðrir viðeigandi sérfræðingar í t.d. þeirri tegund heilbrigðistækni sem um er að ræða eða málum tengdum hönnun klínísku rannsóknarinnar. Einnig mætti

nota evrópsk tilvísunarnet til að finna slíka sérfræðinga og fá aðgang að viðeigandi þekkingu á sérstökum meðferðarsviðum. Velja ætti sjúklinga, klíníska sérfræðinga og aðra viðeigandi sérfræðinga vegna sérþekkingar þeirra á efninu og ættu þeir að koma fram sem einstaklingar fremur en fyrir hönd tiltekinna samtaka, stofnunar eða aðildarríkis. Til að varðveita vísindaleg heilindi sameiginlegra klínískra mata og sameiginlega vísindalega samráðsins ætti að móta reglur til að tryggja að sjúklingar, klíníski sérfræðingar og aðrir viðeigandi sérfræðingar, sem eiga í hlut, séu óháðir og óhlutdrægir og til að komast hjá hagsmunaárekstrum.

46) Samstarf á sviði heilbrigðistæknimata gegnir mikilvægu hlutverki yfir allan vistferil heilbrigðistækni, allt frá upphafi þróunarstigsins, með nýjungavöktun og með sameiginlegu vísindalegu samráði, og síðar, þegar heilbrigðistæknin er komin á markað, með sameiginlegu klínísku mati og uppfærslu á því.

47) Til að tryggja samræmda nálgun undir stjórn aðildarríkjanna á sameiginlegu vinnunni sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti samræmingarhópurinn að þróa ítarleg aðferðaþrep og tímaramma fyrir sameiginleg klínísk möt, uppfærslur á sameiginlegum klínískum mötum og sameiginlegt vísindalegt samráð. Eftir því sem við á og að teknu tilliti til niðurstaðna úr vinnunni sem unnin var innan ramma sameiginlegra aðgerða Evrópunetsins um mat á heilbrigðistækni (EUnetHTA) ætti samræmingarhópurinn að þróa aðskildar reglur fyrir lyf, lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

48) Samræmingarhópurinn ætti að þróa aðferðafræðilegar leiðbeiningar fyrir sameiginlegu vinnuna sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í samræmi við alþjóðlega staðla um gagnreynda læknisfræði. Matsferlið ætti að byggja á viðeigandi, uppfærðum og vönduðum klínískum vísbendingum. Samræmingarhópurinn ætti einnig að þróa leiðbeiningar um tilnefningu matsaðila og meðmatsaðila fyrir sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð, þ.m.t. um þá vísindalegu sérþekkingu sem þörf er á til að inna af hendi sameiginlegu vinnuna sem sett er fram í þessari reglugerð.

49) Til að tryggja samræmda nálgun við sameiginlegu vinnuna, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákveða hvort önnur lyf ættu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að gangast undir sameiginleg klínísk möt fyrir þann dag sem er fastsettur í þessari reglugerð, til að velja tiltekin lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eiga að gangast undir sameiginleg klínísk möt og til að koma á ítarlegum verklagsreglum í tengslum við tiltekna þætti sameiginlegra klínískra mata og sameiginlegs vísindalegs samráðs, almennum verklagsreglum varðandi tiltekna þætti sameiginlegra klínískra mata og sniði og sniðmátum fyrir framlagningu gagna og skýrslur. Þróa ætti aðskildar reglur fyrir lyf, lækningatæki og lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi þar sem við á. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([11]).

50) Við undirbúning framkvæmdargerðanna sem um getur í þessari reglugerð er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við samræmingarhópinn og sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([12]).

51) Til þess að tryggja að nægilegt fjármagn sé tiltækt fyrir sameiginlegu vinnuna sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti Sambandið að leitast við að láta í té stöðuga og varanlega fjármögnun til sameiginlegu vinnunnar og valfrjálsa samstarfsins og til rammans sem styður við slíka starfsemi. Fjármögnunin ætti einkum að ná yfir kostnaðinn við gerð skýrslna um sameiginlegt klínískt mat og sameiginlegt vísindalegt samráð. Aðildarríkin ættu einnig að eiga þess kost að lána innlenda sérfræðinga til starfa hjá framkvæmdastjórninni til að styðja við skrifstofuhald samræmingarhópsins.

52) Til að auðvelda sameiginlegu vinnuna og upplýsingaskipti milli aðildarríkja um mat á heilbrigðistækni ætti að kveða á um ráðstafanir til að koma á fót upplýsingatæknivettvangi sem inniheldur viðeigandi gagnagrunna og öruggar samskiptaleiðir. Framkvæmdastjórnin ætti að byggja á gagnagrunnum og virkni sem þróuð hefur verið innan ramma sameiginlegra aðgerða Evrópunetsins um mat á heilbrigðistækni til að skiptast á upplýsingum og sönnunargögnum, og stefna að því að tryggja tengingu á milli upplýsingatæknivettvangsins og annarra gagnagrunnvirkja sem varða mat á heilbrigðistækni, s.s. skráa og gagnagrunna sem tengjast gögnum úr raunverulegum aðstæðum (e. real world data). Þegar slíkir upplýsingatæknivettvangar eru þróaðir ætti einnig að kanna þau tækifæri sem felast í fyrirhuguðu evrópsku heilbrigðisgagnasvæði.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([12]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

53) Til að tryggja snurðulausa innleiðingu og framkvæmd sameiginlegra klínískra mata á vettvangi Sambandsins, sem og til að standa vörð um gæði þeirra, er rétt að byrja á fáum sameiginlegum klínískum mötum. Að þremur árum liðnum frá gildistökudegi þessarar reglugerðar ætti að fjölga sameiginlegum klínískum mötum jafnt og þétt.

54) Til að tryggja að stuðningsramminn haldi áfram að vera eins skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur og mögulegt er ætti framkvæmdastjórnin að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en þremur árum eftir gildistökudag hennar. Í skýrslunni ætti að leggja áherslu á að rýna í virðisaukann af sameiginlegri vinnu aðildarríkjanna. Í henni ætti einkum að taka til athugunar hvort þörf sé á að taka upp gjaldtökufyrirkomulag, sem myndi tryggja sjálfstæði samræmingarhópsins, þar sem þróunaraðilar heilbrigðistækni myndu einnig leggja sitt af mörkum til fjármögnunar á sameiginlegu vísindalegu samráði. Að auki ætti í skýrslunni að rýna í hvaða áhrif það, að ekki þurfi að leggja fram beiðnir um upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn vegna sameiginlegra klínískra mata oftar en einu sinni, hefur á stjórnsýslubyrði aðildarríkjanna og þróunaraðila heilbrigðistækni, auðveldun markaðsaðgangs fyrir nýjar vörur og nýsköpunarvörur og lækkun kostnaðar. Skýrslan gæti orðið til þess að gert yrði mat á þeim framförum sem orðið hafa varðandi aðgang sjúklinga að nýsköpun í heilbrigðistækni, sjálfbærni heilbrigðiskerfa og getu á vettvangi aðildarríkjanna til að meta heilbrigðistækni.

55) Eigi síðar en tveimur árum eftir að byrjað er að meta lyf sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar og einkum um mat sitt á virðisaukanum af skýrslunum um sameiginleg klínísk möt fyrir landsbundin ferli sín við mat á heilbrigðistækni og um vinnuálag samræmingarhópsins.

56) Til að breyta skránni yfir þær upplýsingar sem þróunaraðilum heilbrigðistækni ber að leggja fram ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með það í huga að breyta I. og II. viðauka. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

57) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB ([13]) er kveðið á um að Sambandið skuli styðja og auðvelda samstarf og skipti á vísindalegum upplýsingum meðal aðildarríkja innan valfrjáls netkerfis sem tengir saman innlend yfirvöld eða stofnanir sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni og eru tilnefnd af aðildarríkjunum. Þar eð þessi mál falla undir þessa reglugerð ætti að breyta tilskipun 2011/24/ESB til samræmis við það.

58) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á ramma um sameiginleg klínísk möt á heilbrigðistækni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar á vettvangi Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð er komið á:

a) stuðningsramma og verklagsreglum fyrir samstarf aðildarríkja um heilbrigðistækni á vettvangi Sambandsins,

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

b) fyrirkomulagi sem mælir fyrir um að þróunaraðili heilbrigðistækni skuli aðeins einu sinni leggja fram á vettvangi Sambandsins þær upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem krafist er fyrir sameiginlegt klínískt mat á heilbrigðistækni,

c) sameiginlegum reglum og aðferðafræði fyrir sameiginlegt klínískt mat á heilbrigðistækni.

2. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á hæfi aðildarríkja til að draga ályktanir um hlutfallslega skilvirkni heilbrigðistækni eða til að taka ákvarðanir um notkun heilbrigðistækni í tengslum við eigið landsbundið heilbrigðissvið. Hún skal ekki hafa áhrif á óskiptar landsbundnar valdheimildir aðildarríkjanna, þ.m.t. þær er varða landsbundnar ákvarðanir um verðlagningu og endurgreiðslur, eða hafa áhrif á aðrar valdheimildir sem varða stjórnun aðildarríkjanna og veitingu heilbrigðisþjónustu eða læknishjálpar eða úthlutun fjármagns til þeirra.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lyf“: lyf eins og skilgreint er í 2. lið 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([14]),

2) „lækningatæki“: lækningatæki eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745,

3) „lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi“: lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746,

4) „heilbrigðistækni“: heilbrigðistækni eins og skilgreint er í l. lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB,

5) „mat á heilbrigðistækni“: þverfaglegt ferli þar sem teknar eru saman upplýsingar um læknisfræðilega, sjúklingalega og félagslega þætti og efnahagsleg og siðferðileg málefni, sem tengjast notkun heilbrigðistækni á kerfisbundinn, gagnsæjan, óhlutdrægan og traustan hátt,

6) „sameiginlegt klínískt mat á heilbrigðistækni“: vísindaleg samantekt og lýsing á samanburðargreiningu á tiltækum klínískum gögnum um heilbrigðistækni í samanburði við eina eða fleiri aðrar aðferðir í heilbrigðistækni eða fyrirliggjandi verklagsreglur, í samræmi við umfang matsins sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð, og á grundvelli vísindalegra þátta klínískra sviða mata á heilbrigðistækni, sem lýsa þeim heilbrigðisvanda sem heilbrigðistæknin tekur á, og núverandi notkunar á annarri heilbrigðistækni sem tekur á viðkomandi heilbrigðisvanda, lýsingarinnar og tæknilýsingarinnar á heilbrigðistækninni, hlutfallslegrar klínískrar skilvirkni og hlutfallslegs öryggis heilbrigðistækninnar,

7) „óklínískt mat“: sá hluti mats á heilbrigðistækni, sem byggist á óklínískum sviðum mats á heilbrigðistækni er varða kostnaðar- og efnahagslegt mat á heilbrigðistækni og siðferðilega, skipulagslega, félagslega og lagalega þætti sem tengjast notkun hennar,

8) „samvinnumat“: klínískt mat á lækningatæki eða lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem ýmis yfirvöld og stofnanir á sviði heilbrigðistæknimata, sem eiga hagsmuna að gæta, og aðilar sem taka þátt að eigin frumkvæði vinna á vettvangi Sambandsins.

9) „umfang mats“: mengi breytna fyrir sameiginlegt klínískt mat með tilliti til sjúklingaþýðis, inngrips, samanburðarefna og heilsufarslegra niðurstaðna, sem aðildarríkin fara sameiginlega fram á.

3. gr.

Samræmingarhópur aðildarríkja um mat á heilbrigðistækni

1. Samræmingarhópi aðildarríkja um mat á heilbrigðistækni (hér á eftir nefndur „samræmingarhópurinn“) er hér með komið á fót.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

2. Aðildarríki skulu tilnefna sína meðlimi í samræmingarhópnum og tilkynna framkvæmdastjórninni um það og um hvers konar síðari breytingar. Meðlimir samræmingarhópsins skulu tilnefna fulltrúa sína þar, eftir þörfum eða til frambúðar og tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu þeirra og hvers konar síðari breytingar.

3. Meðlimir samræmingarhópsins skulu tilnefna landsbundin eða svæðisbundin yfirvöld sín eða stofnanir sem fulltrúa í undirhópum samræmingarhópsins. Meðlimir samræmingarhópsins geta tilnefnt fleiri en einn fulltrúa í undirhóp, þ.m.t. meðlim samræmingarhópsins, með fyrirvara um þá reglu að hvert aðildarríki hafi eitt atkvæði. Meðlimir í undirhópnum skulu tilnefna fulltrúa sína, sem skulu búa yfir viðeigandi sérþekkingu varðandi mat á heilbrigðistækni, í undirhópana, eftir þörfum eða varanlega, og upplýsa framkvæmdastjórnina um tilnefningu þeirra og allar síðari breytingar. Ef þörf er á sérstakri þekkingu geta fulltrúar í undirhópnum tilnefnt fleiri en einn fulltrúa.

4. Samræmingarhópurinn skal að jafnaði taka ákvarðanir með samhljóða samþykki. Ef samhljóða samþykki næst ekki, skal þess krafist að samþykki ákvörðunar njóti stuðnings meðlima sem eru í forsvari fyrir einfaldan meirihluta aðildarríkja. Hvert aðildarríki skal hafa eitt atkvæði. Niðurstöður atkvæðagreiðslu skulu skráðar í fundargerð frá fundum samræmingarhópsins. Ef atkvæðagreiðsla fer fram geta meðlimir óskað eftir því að mismunandi álit séu skráð í fundargerð fundarins þar sem atkvæðagreiðslan fór fram.

5. Ef samhljóða samþykki næst ekki skal samræmingarhópurinn, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, samþykkja með auknum meirihluta, eins og skilgreint er í 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, árlega vinnuáætlun sína, ársskýrslu og stefnumörkun sem um getur í b- og c-lið 7. mgr. þessarar greinar.

6. Fundir samræmingarhópsins skulu vera undir formennsku og aðstoðarformennsku tveggja kjörinna meðlima í samræmingarhópnum, frá mismunandi aðildarríkjum, í takmarkaðan tíma sem skal ákvarðaður í samræmi við starfsreglur hans. Formaður og aðstoðarformaður skulu vera óhlutdrægir og óháðir. Framkvæmdastjórnin skal annast skrifstofuhald samræmingarhópsins og styðja vinnu hans í samræmi við 28. gr.

7. Samræmingarhópurinn skal:

a) setja sér starfsreglur og uppfæra þær ef nauðsyn krefur,

b) samþykkja árlega vinnuáætlun sína og ársskýrslu skv. 6. gr.,

c) veita stefnumarkandi leiðbeiningar um vinnu undirhópa sinna,

d) samþykkja aðferðafræðilegar leiðbeiningar fyrir sameiginlegu vinnuna í samræmi við alþjóðlega staðla um gagnreynda læknisfræði,

e) samþykkja ítarleg aðferðaþrep og tímaramma fyrir sameiginleg klínísk möt og fyrir uppfærslu á þeim,

f) samþykkja ítarleg aðferðaþrep og tímaramma fyrir sameiginlegt vísindalegt samráð, þ.m.t. framlagningu beiðna frá þróunaraðilum heilbrigðistækni,

g) samþykkja leiðbeiningar um tilnefningu matsaðila og meðmatsaðila fyrir sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð, þ.m.t. um þá vísindalegu sérþekkingu sem þörf er á,

h) samhæfa og samþykkja vinnu undirhópa sinna,

i) tryggja samstarf við viðeigandi stofnanir á vettvangi Sambandsins, sem komið er á fót samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 726/2004, (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746, til að greiða fyrir öflun nauðsynlegra viðbótargagna fyrir vinnu sína,

j) tryggja viðeigandi þátttöku hagsmunasamtaka og sérfræðinga í vinnu sinni,

k) koma á fót undirhópum, einkum að því er varðar eftirfarandi:

   i. sameiginleg klínísk möt,

   ii. sameiginlegt vísindalegt samráð,

   iii. greiningu nýrrar heilbrigðistækni,

   iv. þróun leiðbeininga að því er varðar aðferðir og verklag.

8. Samræmingarhópurinn og undirhópar hans geta komið saman í mismunandi samsetningum, einkum að því er varðar eftirfarandi flokka heilbrigðistækni: lyf, lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og aðra heilbrigðistækni.

4. gr.

Gæðatrygging

1. Samræmingarhópurinn skal tryggja að sameiginlega vinnan, sem unnin er skv. 7.–23. gr., sé af hæsta gæðaflokki, fylgi alþjóðlegum stöðlum um gagnreynda læknisfræði og að henni sé skilað tímanlega. Í því skyni skal samræmingarhópurinn setja verklagsreglur sem eru endurskoðaðar kerfisbundið. Við þróun slíkra verklagsreglna skal samræmingarhópurinn taka til athugunar sérstaka eiginleika heilbrigðistækninnar sem varða sameiginlegu vinnuna, þ.m.t. lyf við fátíðum sjúkdómum, bóluefni og hátæknimeðferðarlyf.

2. Samræmingarhópurinn skal koma á og endurskoða reglulega staðlaðar verklagsreglur sem falla innan gildissviðs d-, e-, f- og g-liðar 7. mgr. 3. gr.

3. Samræmingarhópurinn skal endurskoða reglulega og uppfæra, ef nauðsyn krefur, leiðbeiningar að því er varðar aðferðir og verklag sem falla undir gildissvið d-, e-, f- og g-liðar 7. mgr. 3. gr.

4. Eftir því sem við á og að teknu tilliti til aðferðafræðinnar sem hefur þegar verið þróuð innan ramma sameiginlegra aðgerða Evrópunetsins um mat á heilbrigðistækni (EUnetHTA) skal samræmingarhópurinn þróa leiðbeiningar um aðferðir og verklag fyrir lyf, lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

5. gr.

Gagnsæi og hagsmunaárekstrar

1. Samræmingarhópurinn skal sinna starfsemi sinni á óháðan, óhlutdrægan og gagnsæjan hátt.

2. Fulltrúarnir sem eru tilnefndir í samræmingarhópinn og undirhópa hans og sjúklingar, klínískir sérfræðingar og aðrir viðkomandi sérfræðingar, sem taka þátt í sameiginlegri vinnu, skulu hvorki hafa fjárhagslegra hagsmuna né annarra hagsmuna að gæta í heilbrigðistækniþróunariðnaðinum sem gætu haft áhrif á óhæði þeirra eða óhlutdrægni.

3. Fulltrúarnir sem tilnefndir eru í samræmingarhópinn og undirhópa hans skulu gefa yfirlýsingu um fjárhagslega hagsmuni sína og aðra hagsmuni og þeir skulu uppfæra hana árlega og þegar nauðsyn krefur. Þeir skulu greina frá öllum öðrum atriðum sem þeir verða áskynja um og gætu, í góðri trú, með réttu talist fela í sér eða leiða til hagsmunaárekstra.

4. Fulltrúar sem taka þátt í fundum samræmingarhópsins og undirhópa hans skulu fyrir hvern fund gefa yfirlýsingar um hvers konar hagsmuni sem geta gætu skaðað óhæði þeirra eða óhlutdrægni að því er varðar dagskrárliðina. Ákveði framkvæmdastjórnin að yfirlýstir hagsmunir feli í sér hagsmunaárekstra skal sá fulltrúi ekki taka þátt í umræðum eða ákvarðanatöku né heldur skal hann fá neinar upplýsingar varðandi þann dagskrárlið fundarins. Slíkar yfirlýsingar fulltrúa og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar skal skrá í samantekt fundargerðar af þessum fundi.

5. Sjúklingar, klínískir sérfræðingar og aðrir viðeigandi sérfræðingar skulu gefa yfirlýsingu um alla fjárhagslega hagsmuni og aðra hagsmuni sem varða sameiginlegu vinnuna sem þeim er ætlað að taka þátt í. Slíkar yfirlýsingar og aðgerðir sem gripið er til vegna þeirra skal skrá í samantekt fundargerðar frá fundinum og í niðurstöðuskjöl viðkomandi sameiginlegrar vinnu.

6. Kröfur um þagnarskyldu skulu gilda um fulltrúana sem skipaðir eru í samræmingarhópinn og undirhópa hans, sem og sjúklinga, klíníska sérfræðinga og aðra viðkomandi sérfræðinga sem koma að vinnu undirhóps, jafnvel eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

7. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., einkum reglur um mat á hagsmunaárekstrum sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar og til hvaða aðgerða skuli gripið þegar upp kemur hagsmunaárekstur eða mögulegur hagsmunaárekstur.

6. gr.

Árleg vinnuáætlun og ársskýrsla

1. Samræmingarhópurinn skal samþykkja árlega vinnuáætlun eigi síðar en 30. nóvember og breyta henni síðar ef þörf krefur.

2. Í árlegu vinnuáætluninni skal tilgreina þá sameiginlegu vinnu sem á að fara fram á almanaksárinu eftir að hún er samþykkt og skal hún innihalda:

a) fyrirhugaðan fjölda og gerð sameiginlegra klínískra mata og fyrirhugaðan fjölda uppfærslna á sameiginlegum klínískum mötum skv. 14. gr.,

b) fyrirhugaðan fjölda sameiginlegs vísindalegs samráðs,

c) fyrirhugaðan fjölda mats á sviði valfrjáls samstarfs, að teknu tilliti til áhrifa þeirra á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi.

3. Við undirbúning eða breytingar á árlegu vinnuáætluninni skal samræmingarhópurinn:

a) taka mið af skýrslum um nýja heilbrigðistækni sem um getur í 22. gr.,

b) taka mið af upplýsingum frá Lyfjastofnun Evrópu, sem framkvæmdastjórnin lætur í té skv. 28. gr.,, um stöðu umsókna sem hafa verið lagðar fram og væntanlegar umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf, sem um getur í 7. gr., og þegar ný eftirlitsgögn verða tiltæk skal framkvæmdastjórnin deila slíkum upplýsingum með samræmingarhópnum þannig að hægt sé að breyta árlegu vinnuáætluninni,

c) taka mið af upplýsingum sem samræmingarhópurinn um lækningatæki, sem komið er á fót með 103. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 („samræmingarhópurinn um lækningatæki“), eða aðrir aðilar láta í té, og sem framkvæmdastjórnin lætur í té skv. 28. gr. þessarar reglugerðar um vinnu viðeigandi sérfræðingahópa sem um getur í 1. mgr. 106. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 („sérfræðingahópar“),

d) hafa samráð við net hagsmunaaðila, sem um getur í 29. gr., og taka tillit til athugasemda þeirra,

e) taka mið af þeim tilföngum sem standa samræmingarhópnum til boða við sameiginlegu vinnuna,

f) hafa samráð við framkvæmdastjórnina um drög að árlegri vinnuáætlun og taka tillit til álitsins sem þar er að finna.

4. Samræmingarhópurinn skal samþykkja ársskýrslu sína eigi síðar en 28. febrúar ár hvert.

5. Í ársskýrslunni skal veita upplýsingar um sameiginlegu vinnuna sem fór fram á almanaksárinu áður en hún er samþykkt.

II. KAFLI

SAMEIGINLEG VINNA VIÐ MAT Á HEILBRIGÐISTÆKNI Á VETTVANGI SAMBANDSINS

1. ÞÁTTUR

Sameiginleg klínísk möt

7. gr.

Heilbrigðistækni sem er háð sameiginlegum klínískum mötum

1. Eftirfarandi heilbrigðistækni skal gangast undir sameiginleg klínísk möt:

a) lyf, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. og a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, sem umsókn um markaðsleyfi er lögð fram fyrir í samræmi við þá reglugerð eftir viðkomandi dagsetningar, sem eru tilgreindar í 2. mgr. þessarar greinar, og ef umsóknin er í samræmi við 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2001/83/EB,

b) lyf sem eru leyfð í Sambandinu sem skýrsla um sameiginlegt klínískt mat hefur verið birt fyrir, í tilvikum þar sem leyfi er veitt samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2001/83/EB fyrir breytingu á gildandi markaðsleyfi sem samsvarar nýrri ábendingu,

c) lækningatæki sem eru í flokki IIb eða III. flokki skv. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745, sem viðeigandi sérfræðingahópar hafa lagt fram vísindalegt álit fyrir innan ramma samráðsferlisins við klínískt mat skv. 54. gr. þeirrar reglugerðar og með fyrirvara um val skv. 4. mgr. þessarar greinar,

d) lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru í flokki D skv. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/746, sem viðeigandi sérfræðingahópar hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir innan ramma ferlisins skv. 6. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar og með fyrirvara um val skv. 4. mgr. þessarar greinar.

2. Dagsetningarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. eru sem hér segir:

a) 12. janúar 2025 að því er varðar lyf með nýjum virkum efnum sem umsækjandinn lýsir yfir í umsókn sinni um leyfi, sem lögð er fyrir Lyfjastofnun Evrópu, að innihaldi nýtt virkt efni og ábendingin fyrir það sé meðferð við krabbameini, og lyf sem falla undir reglur sem hátæknimeðferðarlyf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 ([15]),

b) 13. janúar 2028 að því er varðar lyf sem eru tilnefnd sem lyf við fátíðum sjúkdómum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 ([16]),

c) 13. janúar 2030 að því er varðar lyf sem um getur í 1. mgr., önnur en þau sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, að fengnum ráðleggingum frá samræmingarhópnum, samþykkja með framkvæmdargerð ákvörðun þess efnis að lyf, sem um getur í þeirri málsgrein, skuli gangast undir sameiginlegt klínískt mat fyrir þá dagsetningu sem sett er fram í þeirri málsgrein, að því tilskildu að lyfið, einkum skv. 22. gr., geti mögulega ráðið bót á óuppfylltri læknisfræðilegri þörf eða ógn við lýðheilsu eða hafi marktæk áhrif á heilbrigðiskerfi.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 frá 13. nóvember 2007 um hátæknimeðferðarlyf og breytingu á tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 121).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum (Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1).

4. Eftir 12. janúar 2025 skal framkvæmdastjórnin, eftir að hafa leitað eftir ráðleggingum frá samræmingarhópnum, samþykkja ákvörðun, með framkvæmdargerð og a.m.k. á tveggja ára fresti, um val á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem um getur í c- og d-lið 1. mgr., fyrir sameiginlegt klínískt mat sem grundvallast á einni eða fleiri af eftirfarandi viðmiðunum:

a) óuppfylltum læknisfræðilegum þörfum,

b) fyrsta sinnar tegundar,

c) mögulegum áhrifum á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi,

d) notkun hugbúnaðar með gervigreind, vélnámstækni eða reiknirita,

e) verulegri dreifingu yfir landamæri,

f) meiriháttar virðisauka í Sambandinu.

5. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

8. gr.

Upphaf sameiginlegra klínískra mata

1. Samræmingarhópurinn skal vinna sameiginleg klínísk möt á heilbrigðistækni á grundvelli árlegrar vinnuáætlunar sinnar.

2. Samræmingarhópurinn skal hefja sameiginleg klínísk möt á heilbrigðistækni með því að tilnefna undirhóp fyrir sameiginleg klínísk möt til að hafa umsjón með framkvæmd sameiginlegs klínísks mats fyrir hönd samræmingarhópsins.

3. Framkvæma skal sameiginlega klíníska matið í samræmi við verklagsreglurnar sem samræmingarhópurinn kom á samkvæmt kröfunum sem eru settar fram í þessari grein, e-lið 7. mgr. 3. gr. og 4., 9., 10., 11. og 12. gr., sem og samkvæmt kröfunum sem verða fastsettar skv. 15., 25. og 26. gr.

4. Tilnefndi undirhópurinn skal tilnefna úr hópi meðlima sinna matsaðila og meðmatsaðila frá mismunandi aðildarríkjum til að annast sameiginlega klíníska matið. Við tilnefningarnar skal taka tillit til vísindalegar sérþekkingar sem er nauðsynleg vegna matsins. Ef haft hefur verið sameiginlegt vísindalegt samráð um heilbrigðistæknina í samræmi við 16. til 21. gr. skulu matsaðilinn og meðmatsaðilinn vera aðrir en þeir sem tilnefndir eru skv. 3. mgr. 18. gr. að því er varðar frágang niðurstöðuskjals sameiginlega vísindalega samráðsins.

5. Ef nauðsynleg, sértæk sérþekking er ekki fyrir hendi er, í undantekningartilvikum og þrátt fyrir ákvæði 4. mgr., heimilt að tilnefna sama matsaðila eða meðmatsaðila, eða báða, og taka þátt í sameiginlega vísindalega samráðinu til að framkvæma sameiginlega klíníska matið. Slík tilnefning skal rökstudd og háð samþykki samræmingarhópsins og skjalfest í skýrslunni um sameiginlegt klínískt mat.

6. Tilnefndi undirhópurinn skal hrinda af stað ferli þar sem hann greinir þær breytur sem varða umfang matsins. Umfang matsins skal ná til allra aðila og endurspegla þarfir aðildarríkjanna að því er varðar breytur og upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem þróunaraðili heilbrigðistækni þarf að leggja fram. Umfang matsins skal einkum fela í sér allar viðeigandi breytur fyrir matið með tilliti til:

a) sjúklingaþýðis,

b) íhlutunar eða íhlutana,

c) samanburðarefnis, eins eða fleiri,

d) heilsufarslegra niðurstaðna.

Í ferlinu við að ákvarða umfang matsins skal einnig tekið mið af upplýsingum frá þróunaraðila heilbrigðistækni og framlagi frá sjúklingum, klínískum sérfræðingum og öðrum viðeigandi sérfræðingum.

7. Samræmingarhópurinn skal upplýsa framkvæmdastjórnina um umfang sameiginlega klíníska matsins.

9. gr.

Skýrslur um sameiginleg klínísk möt og málsskjöl þróunaraðila heilbrigðistækni

1. Sameiginlegt klínískt mat skal leiða til skýrslu um sameiginlegt klínískt mat og meðfylgjandi yfirlitsskýrslu. Þessar skýrslur skulu ekki fela í sér gildismat eða ályktanir um klíníska heildarvirðisauka af heilbrigðistækninni sem metin er og skulu takmarkast við lýsingu á vísindalegri greiningu:

a) á hlutfallslegum áhrifum heilbrigðistækninnar eins og hún er metin með samanburði á heilsufarslegum niðurstöðum við valda mæliþætti sem grundvallast á umfangi matsins, eins og sett er fram skv. 6. mgr. 8. gr.,

b) á því hversu áreiðanleg hlutfallslegu áhrifin eru með tilliti til styrkleika og takmarkana fyrirliggjandi gagna.

2. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu byggjast á málsskjölum sem innihalda fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn, sem þróunaraðili heilbrigðistækni leggur fram í þeim tilgangi að meta mæliþættina sem umfang matsins felur í sér.

3. Málsskjöl skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) framlögð sönnunargögn eru fullnægjandi að því er varðar fyrirliggjandi rannsóknir og gögn sem gætu verið upplýsandi við matið,

b) gögnin hafa verið greind með viðeigandi aðferðum til að svara öllum rannsóknarspurningum matsins,

c) framsetning á gögnum er vel uppbyggð og gagnsæ sem gerir það kleift að framkvæma viðeigandi mat innan tiltekins takmarkaðs tímaramma,

d) þau innihalda undirliggjandi gögn að því er varðar framlagðar upplýsingar og gera matsaðila og meðmatsaðila þar með kleift að sannreyna nákvæmni þeirra upplýsinga.

4. Málsskjölin fyrir lyf skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í I. viðauka. Málsskjölin fyrir lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi skulu innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

5. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 32. gr., til að breyta I. viðauka að því er varðar upplýsingarnar sem krafist er í málsskjölum fyrir lyf og til að breyta II. viðauka að því er varðar upplýsingarnar sem krafist er í málsskjölum fyrir lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

10. gr.

Skyldur þróunaraðila heilbrigðistækni og afleiðingar þess að uppfylla þær ekki

1. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um umfang matsins og fara fram á framlagningu málsskjala (fyrsta beiðni). Í beiðninni skal koma fram frestur til framlagningar sem og sniðmát málsskjala skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. og vísað skal til krafna um málsskjöl í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. Þegar um lyf er að ræða skal frestur til framlagningar vera a.m.k. 45 dögum fyrir áætlaðan skiladag álits mannalyfjanefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

2. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja málsskjölin fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við þá beiðni um framlagningu sem sett er fram skv. 1. mgr.

3. Þróunaraðilar heilbrigðistækni skulu ekki að leggja fram neinar upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn á innlendum vettvangi ef þau hafa þegar verið lögð fram á vettvangi Sambandsins. Þessi krafa skal ekki hafa áhrif á beiðnir um viðbótarupplýsingar um lyf, sem falla undir gildissvið áætlana um snemmbúinn aðgang á vettvangi aðildarríkjanna, sem miða að því að veita sjúklingum aðgang að lyfjum áður en markaðsleyfi samkvæmt miðlægri ákvörðun er veitt, þegar fyrir hendi eru ríkar og óuppfylltar læknisfræðilegar þarfir.

4. Ef framkvæmdastjórnin staðfestir að málsskjölin hafi verið lögð fram tímanlega skv. 1. mgr. þessarar greinar og séu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. skal framkvæmdastjórnin gera málsskjölin aðgengileg meðlimum í samræmingarhópnum tímanlega í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr. og upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um það.

5. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að málsskjölin uppfylli ekki kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 9. gr., skal hún fara fram á það við þróunaraðila heilbrigðistækni að hann leggi fram upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem vantar (önnur beiðni). Í slíku tilviki skal þróunaraðili heilbrigðistækni leggja fram umbeðnar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn í samræmi við tímarammann sem ákveðinn er skv. 15. gr.

6. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, eftir aðra beiðni sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, að málsskjöl hafi ekki verið lögð fram tímanlega af hálfu þróunaraðila heilbrigðistækni eða staðfestir að þau uppfylli ekki kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 9. gr., skal samræmingarhópurinn stöðva sameiginlega klíníska matið. Ef matið er stöðvað skal framkvæmdastjórnin gefa yfirlýsingu í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr. með rökstuðningi fyrir því og tilkynna þróunaraðila heilbrigðistækni um það. Ef sameiginlegt klínískt mat er stöðvað gildir d-liður 1. mgr. 13. gr. ekki.

7. Ef sameiginlegt klínískt mat hefur verið stöðvað og samræmingarhópurinn, skv. e-lið 1. mgr. 13. gr., fær í kjölfarið upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn sem mynduðu hluta af beiðninni um framlagningu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er samræmingarhópnum heimilt að hefja aftur sameiginlegt klínískt mat, í samræmi við verklagið sem sett er fram í þessum þætti, eigi síðar en sex mánuðum eftir að framlagningarfresturinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er liðinn, eftir að framkvæmdastjórnin hefur staðfest að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. 9. gr., hafi verið uppfylltar.

8. Ef sameiginlegt klínískt mat hefur hafist að nýju getur framkvæmdastjórnin, með fyrirvara um 7. mgr., farið fram á að þróunaraðili heilbrigðistækni leggi fram uppfærslur á áður veittum upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum.

11. gr.

Matsferli við sameiginlegt klínískt mat

1. Á grundvelli þeirra málsskjala sem þróunaraðili heilbrigðistækni leggur fram og umfangs matsins, eins og sett er fram skv. 6. mgr. 8. gr., skal matsaðilinn, með aðstoð meðmatsaðila, semja drög að sameiginlegu klínísku mati og yfirlitsskýrslur. Samræmingarhópurinn skal árita drög að skýrslum í samræmi við tímarammann sem settur er fram í e-lið 7. mgr. 3. gr. Þessi tímamörk skulu vera:

a) þegar um er að ræða lyf, eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að veita markaðsleyfi,

b) þegar um er að ræða lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, í samræmi við verklagsreglur um sameiginlegt klínískt mat sem eru samþykktar skv. e-lið 7. mgr. 3. gr. og b-lið 1. mgr. 15. gr.

2. Telji matsaðili, með aðstoð meðmatsaðila, á einhverjum tíma við gerð draga að skýrslunum, að þörf sé á frekari skilgreiningum eða nánari útlistunum eða viðbótarupplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum til að framkvæma matið skal framkvæmdastjórnin fara fram á það við þróunaraðila heilbrigðistækni að hann leggi fram slíkar upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn. Einnig geta matsaðili og meðmatsaðili notað gagnagrunna og aðrar

heimildir um klínískar upplýsingar, s.s. skrár yfir sjúklinga, ef slíkt telst nauðsynlegt. Ef ný klínísk gögn verða tiltæk meðan á matsferlinu stendur skal viðkomandi þróunaraðili heilbrigðistækni eiga frumkvæði að því að upplýsa samræmingarhópinn um það.

3. Meðlimir í tilnefnda undirhópnum skulu leggja fram athugasemdir sínar varðandi drögin að skýrslunum.

4. Undirhópurinn skal sjá til þess að sjúklingar, klíníska sérfræðingar og aðrir viðeigandi sérfræðingar taki þátt í matsferlinu með því að fá tækifæri til að leggja sitt til málanna varðandi drögin að skýrslunum. Slíkt innlegg skal sett fram innan ramma og tímaramma sem settir eru fram skv. c-lið 1. mgr. 15. gr. og b-lið 1. mgr. 25. gr. og eftir því verklagi sem samræmingarhópurinn samþykkir og skal það gert aðgengilegt samræmingarhópnum tímanlega í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr.

5. Leggja skal drögin að skýrslunum fyrir viðkomandi þróunaraðila heilbrigðistækni. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal vekja athygli á hreinum tæknilegum villum eða staðreyndavillum í samræmi við tímarammann sem komið er á skv. 15. gr. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal einnig vekja athygli á þeim upplýsingum sem hann telur vera trúnaðarupplýsingar og rökstyðja af hverju þær eru viðkvæmar frá viðskiptalegu sjónarmiði. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal ekki leggja fram neinar athugasemdir við niðurstöður draganna að matinu.

6. Eftir viðtöku og umfjöllun um athugasemdir sem látnar eru í té í samræmi við þessa grein skal matsaðili, með aðstoð meðmatsaðilans, útbúa endurskoðuð drög að skýrslum og leggja þessi endurskoðuðu drög að skýrslum fyrir samræmingarhópinn í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr.

12. gr.

Lokið við sameiginlegt klínískt mat

1. Þegar samræmingarhópurinn tekur við endurskoðuðum drögum að sameiginlegu klínísku mati og yfirlitsskýrslum skal hann taka þessar skýrslur til endurskoðunar.

2. Samræmingarhópurinn skal, innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í e-lið 7. mgr. 3. gr. og c-lið 1. mgr. 15. gr., leitast við að árita endurskoðuð drög að skýrslum með samhljóða samþykki. Þrátt fyrir 4. mgr. 3. gr. skal, ef ekki reynist unnt að ná samhljóða samþykki, fella mismunandi vísindaálit, þ.m.t. vísindalegan rökstuðning sem þau álit byggjast á, inn í skýrslurnar og skulu þær teljast áritaðar.

3. Samræmingarhópurinn skal leggja árituðu skýrslurnar fyrir framkvæmdastjórnina til endurskoðunar á verklagi skv. d-lið 28. gr. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, innan 10 virkra daga frá viðtöku áritaðra skýrslna, að þær séu ekki í samræmi við þær verklagsreglur sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari reglugerð eða að þær víki frá þeim kröfum sem samræmingarhópurinn hefur samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, skal hún upplýsa samræmingarhópinn um rökstuðning fyrir niðurstöðu sinni og fara fram á endurskoðun á skýrslunum. Samræmingarhópurinn skal endurskoða skýrslurnar út frá aðferðum, grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta og endurárita skýrslurnar í samræmi við verklagið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta tímanlega skýrslur, sem voru efni kvörtunar vegna málsmeðferðar, sem samræmingarhópurinn áritaði eða enduráritaði, á vefsíðu upplýsingatæknivangsins sem er aðgengileg almenningi og um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. og skal upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um birtinguna.

5. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að enduráritaðar skýrslur séu enn ekki í samræmi við þær verklagsreglur sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skal hún gera þessar skýrslur og endurskoðun sína á verklagi aðgengilegar tímanlega á öruggu innra neti upplýsingatæknivangsins, sem um getur í b-lið 1. mgr. 30. gr., til umfjöllunar aðildarríkjanna og upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um það. Samræmingarhópurinn skal setja yfirlitsskýrslur fyrir þessar skýrslur inn í ársskýrslu sína sem er samþykkt skv. 4. mgr. 6. gr. og birta á upplýsingatæknivanginum eins og mælt er fyrir um í g-lið 3. mgr. 30. gr.

13. gr.

Réttindi og skyldur aðildarríkjanna

1. Þegar aðildarríkin framkvæma landsbundið mat á heilbrigðistækni, sem skýrslur um sameiginleg klínísk möt hafa verið birtar fyrir eða þar sem vinna við sameiginlegt klínískt mat er hafin, skulu þau:

a) taka tilhlýðilegt tillit til birtra skýrslna um sameiginleg klínísk möt og allra annarra upplýsinga sem eru aðgengilegar á upplýsingatæknivanginum sem um getur í 30. gr., þ.m.t. yfirlýsingarinnar um stöðvun skv. 6. mgr. 10. gr., sem varða sameiginlegt klínískt mat í mati á heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkja; þetta skal ekki hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að draga eigin ályktanir varðandi klínískan heildarvirðisauka af heilbrigðistækni í tengslum við sitt eigið heilbrigðiskerfi og til að taka til athugunar þá hluta þessara skýrslna sem skipta máli í því samhengi,

b) láta málsskjölin, sem þróunaraðili heilbrigðistækni lagði fram í samræmi við 2. mgr. 10. gr., fylgja gögnum um mat á heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkjanna,

c) láta birta skýrslu um sameiginlegt klínískt mat fylgja skýrslu um mat á heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkjanna,

d) ekki óska eftir upplýsingum, gögnum, greiningum eða öðrum sönnunargögnum á innlendum vettvangi sem þróunaraðili heilbrigðistækni hefur lagt fram á vettvangi Sambandsins, í samræmi við 1. eða 5. mgr. 10. gr.,

e) deila án tafar með samræmingarhópnum, í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr., hverjum þeim upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum sem þau fá frá þróunaraðila heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkis og eru hluti af beiðni um framlagningu skv. 1. mgr. 10. gr.

2. Aðildarríkin skulu veita samræmingarhópnum, í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr., upplýsingar um landsbundið mat á heilbrigðistækni, sem gengist hefur undir sameiginlegt klínískt mat, innan 30 daga frá lokum þess. Aðildarríkin skulu einkum veita upplýsingar um hvernig tekið hefur verið tillit til skýrslna um sameiginleg klínísk möt við framkvæmd á landsbundnu mati á heilbrigðistækni. Framkvæmdastjórnin skal taka saman, á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum, hvernig skýrslur um sameiginleg klínísk möt hafa verið felldar inn í mat á heilbrigðistækni á vettvangi aðildarríkjanna og birta skýrslu um það yfirlit á upplýsingatæknivanginum, sem um getur í 30. gr., í lok hvers árs til að auðvelda upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna.

14. gr.

Uppfærslur á sameiginlegu klínísku mati

1. Samræmingarhópurinn skal annast uppfærslu á sameiginlegu klínísku mati ef tilgreind hefur verið í upphaflegu skýrslunni um sameiginlegt klínískt mat þörf fyrir uppfærslu eftir að viðbótarsönnunargögn vegna frekara mats verða aðgengileg.

2. Samræmingarhópurinn getur annast uppfærslu á sameiginlegu klínísku mati ef einn eða fleiri meðlimir í hópnum fara fram á það og fyrir liggja nýjar klíniskar vísbendingar. Við undirbúning árlegu vinnuáætlunarinnar er samræmingarhópnum heimilt að rýna og ákveða þörf fyrir uppfærslu á sameiginlegu klínísku mati.

3. Uppfærslur skal framkvæma í samræmi við sömu kröfur og settar eru fram samkvæmt þessari reglugerð fyrir sameiginlegt klínískt mat og verklagsreglum sem komið er á skv. 1. mgr. 15. gr.

4. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. geta aðildarríkin annast landsbundnar uppfærslur á mötum á heilbrigðistækni sem gengist hafa undir sameiginlegt klínískt mat. Meðlimir í samræmingarhópnum skulu veita samræmingarhópnum upplýsingar áður en hafist er handa við slíkar uppfærslur. Ef þörf fyrir uppfærslu varðar fleiri en eitt aðildarríki geta hlutaðeigandi meðlimir óskað eftir því að samræmingarhópurinn standi sameiginlega að uppfærslu skv. 2. mgr.

5. Þegar landsbundinni uppfærslu er lokið skal deila henni með meðlimum í samræmingarhópnum í gegnum upplýsinga-tæknivanginn sem um getur í 30. gr.

15. gr.

Samþykkt ítarlegra verklagsreglna vegna sameiginlegs klínísks mats

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar verklagsreglur vegna:

a) samvinnu, einkum með upplýsingaskiptum, við Lyfjastofnun Evrópu að undirbúningi og uppfærslu á sameiginlegu klínísku mati á lyfjum,

b) samvinnu, einkum með upplýsingaskiptum, við tilkynnta aðila og sérfræðingahópa að undirbúningi og uppfærslu á sameiginlegu klínísku mati á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi,

c) samskipta, þ.m.t. tímasetningar þeirra, við og milli samræmingarhópsins, undirhópa hans og þróunaraðila heilbrigðistækni, sjúklinga, klíniskra sérfræðinga og annarra viðeigandi sérfræðinga meðan á sameiginlegu klínísku mati og uppfærslum stendur.

2. Samþykkja skal framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

2. ÞÁTTUR

Sameiginlegt vísindalegt samráð

16. gr.

Meginreglur sameiginlegs vísindalegs samráðs

1. Samræmingarhópurinn skal annast sameiginlegt vísindalegt samráð við þróunaraðila heilbrigðistækni um upplýsingaskipti varðandi þróunaráætlanir þeirra fyrir tiltekna heilbrigðistækni. Þetta samráð skal auðvelda öflun sönnunargagna sem uppfylla líklegar kröfur varðandi sönnunargögn í sameiginlegu klínísku mati sem framkvæmt verður síðar á þeirri heilbrigðistækni. Sameiginlegt vísindalegt samráð skal taka til fundar með þróunaraðila heilbrigðistækni og leiða til niðurstöðuskjals þar sem gerð er grein fyrir þeim vísindalegu ráðleggingum sem settar eru fram. Sameiginlegt vísindalegt samráð skal einkum varða alla viðeigandi þætti við hönnun klínískra rannsókna, þ.m.t. samanburðarefni (e. comparator), inngrip, heilsufarslegar niðurstöður og sjúklingaþýði. Þegar sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram um heilbrigðistækni, aðra en lyf, skal taka tillit til sérstakra eiginleika viðkomandi heilbrigðistækni.

2. Heilbrigðistækni skal teljast uppfylla skilyrði fyrir sameiginlegu vísindalegu samráði skv. 1. mgr. þessarar greinar ef líklegt má telja að hún gangist undir sameiginlegt klínískt mat skv. 1. mgr. 7. gr. og ef klínískar rannsóknir eru enn á undirbúningsstigi.

3. Skjal með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins skal ekki hafa nein réttaráhrif á aðildarríkin, samræm ingarhópinn eða þróunaraðila heilbrigðistækni. Sameiginlegt vísindalegt samráð skal ekki hafa áhrif á sameiginlegt klínískt mat sem gæti verið framkvæmt á sömu heilbrigðistækni.

4. Ef aðildarríki lætur fara fram landsbundið vísindalegt samráð um heilbrigðistækni, sem fjallað hefur verið um í sameiginlegu vísindalegu samráði, til að bæta við það eða fjalla um samhengisbundin mál sem tengjast landsbundnu kerfi fyrir mat á heilbrigðistækni skal viðkomandi meðlimur í samræmingarhópnum upplýsa samræmingarhópinn um það í gegnum upplýsingatæknivanginn sem um getur í 30. gr.

5. Heimilt er að halda sameiginlegt vísindalegt samráð um lyf fari samhliða fram vísindaleg ráðgjöf Lyfjastofnunar Evrópu skv. n-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Slíkt samhliða samráð skal fela í sér upplýsingaskipti og samstillta tímaáætlun en varðveita jafnframt aðskilnað verkefna samræmingarhópsins og Lyfjastofnunar Evrópu. Sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki getur farið fram samhliða samráði við sérfræðingahópana skv. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745.

17. gr.

Beiðnir um sameiginlegt vísindalegt samráð

1. Þróunaraðilar heilbrigðistækni geta farið fram á sameiginlegt vísindalegt samráð hvað varðar heilbrigðistækni sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

2. Þróunaraðilar heilbrigðistækni á sviði lyfja geta óskað eftir því að haldið verði sameiginlegt vísindalegt samráð samhliða ferlinu við vísindalega ráðgjöf frá Lyfjastofnun Evrópu. Í því tilviki skal þróunaraðili heilbrigðistækni leggja beiðni um vísindalega ráðgjöf fyrir Lyfjastofnun Evrópu um leið og hann leggur fram beiðni um sameiginlegt vísindalegt samráð. Þróunaraðilar heilbrigðistækni á sviði lækningatækja geta óskað eftir að sameiginlegt vísindalegt samráð fari fram samhliða samráði við sérfræðingahóp. Í slíku tilviki er þróunaraðila heilbrigðistækni heimilt, þegar beiðni er lögð fram um sameiginlegt vísindalegt samráð, að leggja fram beiðni um samráð við sérfræðingahópinn, eftir því sem við á.

3. Samræmingarhópurinn skal birta dagsetningar beiðnatímabila og tilgreina áætlaðan fjölda sameiginlegra vísindalegra samráðsfunda fyrir hvert þessara beiðnatímabila á upplýsingatæknivanginum sem um getur í 30. gr. Í lok hvers beiðnatímabils, þar sem fjöldi beiðna sem uppfylla skilyrði fer fram úr áætluðum fjölda sameiginlegra vísindalegra samráðsfunda, skal samræmingarhópurinn velja þá heilbrigðistækni sem taka á fyrir í sameiginlegu vísindalegu samráði og tryggja jafna meðferð beiðna er varða heilbrigðistækni með svipaðar fyrirhugaðar ábendingar. Viðmiðanir vegna vals á beiðnum, sem uppfylla skilyrði, vegna lyfja og lækningatækja skulu vera:

a) óuppfylltar læknisfræðilegar þarfir,

b) fyrsta sinnar tegundar,

c) möguleg áhrif á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi,

d) verulegri dreifingu yfir landamæri,

e) meiriháttar virðisauki í Sambandinu eða

f) forgangsverkefni Sambandsins í klínískum rannsóknum.

4. Innan 15 virkra daga eftir lok hvers beiðnatímabils skal samræmingarhópurinn upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni, sem leggur beiðnina fram, um það hvort hann muni taka þátt í sameiginlegu vísindalegu samráði. Ef samræmingarhópurinn synjar beiðninni skal hann upplýsa þróunaraðila heilbrigðistækni um það og útskýra ástæðurnar með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

18. gr.

Frágangur skjals með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins

1. Þegar beiðni um sameiginlegt vísindalegt samráð hefur verið samþykkt í samræmi við 17. gr. skal samræmingarhópurinn hefja sameiginlegt vísindalegt samráð með því að tilnefna undirhóp fyrir sameiginlega vísindalega samráðið. Sameiginlegt vísindalegt samráð skal fara fram í samræmi við kröfurnar og verklagsreglurnar sem komið er á skv. f-lið 7. mgr. 3. gr. og 20. og 21. gr.

2. Þróunaraðili heilbrigðistækni skal leggja fram uppfærð gögn sem innihalda þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna sameiginlega vísindalega samráðsins, í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram skv. b-lið 21. gr., innan frestsins sem settur er fram skv. f-lið 7. mgr. 3. gr.

3. Tilnefndi undirhópurinn skal tilnefna úr hópi meðlima sinna matsaðila og meðmatsaðila frá mismunandi aðildarríkjum til að annast sameiginlega vísindalega samráðið. Við tilnefningarnar skal taka tillit til vísindalegar sérþekkingar sem er nauðsynleg vegna samráðsins.

4. Matsaðili skal, með aðstoð meðmatsaðila, semja drög að skjali með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í þessari grein og í samræmi við leiðbeiningarskjölin og verklagsreglurnar sem komið er á skv. d- og f-lið 7. mgr. 3. gr. og 20. gr. Þegar um er að ræða lyf ætti í samræmi við alþjóðlega staðla um gagnreynda læknisfræði að velja, þegar við á, klíníska rannsóknir sem bornar eru saman með beinum hætti, slembiraðaðar, blindar og innihalda samanburðarhóp.

5. Meðlimir í tilnefnda undirhópnum skulu eiga þess kost að leggja fram athugasemdir sínar við undirbúning draga að skjalinu með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins. Meðlimir í tilnefnda undirhópnum geta, eftir því sem við á, látið í té viðbótarráðleggingar sem varða sérstaklega þeirra eigið aðildarríki.

6. Tilnefndi undirhópurinn skal sjá til þess að sjúklingar, klínískir sérfræðingar og aðrir viðeigandi sérfræðingar fái tækifæri til að koma með innlegg við gerð draga að skjali með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins.

7. Tilnefndi undirhópurinn skal efna, augliti til auglitis eða á sýndarfundi, til skoðanaskipta við þróunaraðila heilbrigðistækni og sjúklinga, klíníska sérfræðinga og aðra viðkomandi sérfræðinga.

8. Ef sameiginlegt vísindalegt samráð fer fram samhliða undirbúningi vísindalegrar ráðgjafar Lyfjastofnunar Evrópu eða samráði við sérfræðingahóp skal fulltrúum Lyfjastofnunar Evrópu eða sérfræðingahópsins boðið að taka þátt í fundinum til að greiða fyrir samræmingu, eftir því sem við á.

9. Eftir viðtöku og umfjöllun um allar athugasemdir og innlegg sem látin eru í té í samræmi við þessa grein skal matsaðilinn, með aðstoð meðmatsaðila, ljúka við drögin að skjalinu með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins.

10. Matsaðilinn skal, með aðstoð meðmatsaðilans, taka tillit til athugasemda sem honum berast við frágang skjalsins með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins og leggja lokadrög sín, þ.m.t. hvers konar sértækar ráðleggingar sem varða einstök aðildarríki, fyrir samræmingarhópinn.

19. gr.

Samþykki skjala með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs

1. Samræmingarhópurinn skal samþykkja lokagerð draga að skjali með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins innan þeirra tímamarka sem sett eru fram skv. f-lið 7. mgr. 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda skjalið með niðurstöðum sameiginlega vísindalega samráðsins til þróunaraðila heilbrigðistækni, sem lagði beiðnina fram, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir frágang þess.

3. Samræmingarhópurinn skal, í ársskýrslum sínum og á vefsíðu upplýsingatæknivangsins, sem er aðgengileg öllum og um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr., setja fram samanteknar heildarupplýsingar, sem eru nafnlausar og ekki bundnar trúnaði, um sameiginlegt vísindalegt samráð, m.a. athugasemdir sem bárust við frágang þeirra.

20. gr.

Samþykkt ítarlegra verklagsreglna um sameiginlegt, vísindalegt samráð

1. Að höfðu samráði við samræmingarhópinn skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar verklagsreglur fyrir:

a) framlagningu beiðna frá þróunaraðilum heilbrigðistækni,

b) val á og samráð við hagsmunasamtök og sjúklinga, klíníska sérfræðinga og aðra viðeigandi sérfræðinga í sameiginlegu vísindalegu samráði,

c) samstarf, einkum með upplýsingaskiptum, við Lyfjastofnun Evrópu um sameiginlegt vísindalegt samráð um lyf ef þróunaraðili heilbrigðistækni fer fram á að samráðið fari fram samhliða vísindalegu ráðgjafarferli Lyfjastofnunar Evrópu,

d) samstarf, einkum með upplýsingaskiptum, við sérfræðingahópana um sameiginlegt vísindalegt samráð um lækningatæki ef þróunaraðili heilbrigðistækni fer fram á að samráðið fari fram samhliða samráði við þessara sérfræðingahópa.

2. Samþykkja skal framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

21. gr.

Snið og sniðmát fyrir framlagningu gagna og skjöl með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs

Samræmingarhópurinn skal, í samræmi við verklagsreglurnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 20. gr., ákveða snið og sniðmát fyrir:

a) beiðnir frá þróunaraðilum heilbrigðistækni um sameiginlegt vísindasamráð,

b) málsskjöl með upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum sem þróunaraðilum heilbrigðistækni ber að leggja fram vegna sameiginlegs vísindalegs samráðs,

c) skjöl með niðurstöðum sameiginlegs vísindalegs samráðs.

3. ÞÁTTUR

Ný heilbrigðistækni

22. gr.

Að greina nýja heilbrigðistækni

1. Samræmingarhópurinn skal tryggja að gerðar verði skýrslur um nýja heilbrigðistækni sem búist er við að muni hafa mikil áhrif á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi. Þessar skýrslur skulu einkum fjalla um áætluð klínísk áhrif og hugsanlegar skipulagslegar og fjárhagslegar afleiðingar nýrrar heilbrigðistækni fyrir landsbundin heilbrigðiskerfi.

2. Gerð skýrslnanna, sem um getur í 1. mgr., skal byggjast á fyrirliggjandi vísindaskýrslum eða framtaksverkefnum um nýja heilbrigðistækni og upplýsingum frá viðeigandi heimildum, þ.m.t.:

a) skrám yfir klínískar rannsóknir og vísindaskýrslum,

b) Lyfjastofnun Evrópu í tengslum við fyrirhugaða framlagningu umsókna um markaðsleyfi fyrir lyf sem um getur í 1. mgr. 7. gr.,

c) samræmingarhópnum um lækningatæki,

d) þróunaraðilum heilbrigðistækni um heilbrigðistæknina sem þeir eru að þróa,

e) aðilum að neti hagsmunaaðila sem um getur í 29. gr.

3. Samræmingarhópnum er heimilt að hafa samráð við hagmunasamtök, sem eru ekki aðilar að neti hagsmunaaðila sem um getur í 29. gr., og aðra viðeigandi sérfræðinga, eins og við á.

4. ÞÁTTUR

Valfrjálst samstarf um mat á heilbrigðistækni

23. gr.

Valfrjálst samstarf

1. Framkvæmdastjórnin skal styðja samstarf og skipti á vísindalegum upplýsingum meðal aðildarríkjanna um:

a) óklínísk möt á heilbrigðistækni,

b) samvinnumöt á lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi,

c) möt á heilbrigðistækni annarri en lyfjum, lækningatækjum eða lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi,

d) að láta í té viðbótarsannanir sem eru nauðsynlegar til að styðja við heilbrigðistæknimöt, einkum í tengslum við heilbrigðistækni til notkunar af mannúðarástæðum og úrelta heilbrigðistækni,

e) klínísk möt á heilbrigðistækni sem um getur í 7. gr., sem enn hefur ekki verið hafið sameiginlegt klínískt mat á, og á heilbrigðistækni sem ekki er getið um í þeirri grein, einkum heilbrigðistækni þar sem komist er að þeirri niðurstöðu í skýrslunni um nýja heilbrigðistækni, sem um getur í 22. gr., að búast megi við að hún hafi mikil áhrif á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi.

2. Nota skal samræmingarhópinn til að auðvelda samstarfið sem um getur í 1. mgr.

3. Samstarfið sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar má inna af hendi með því að nota verklagsreglurnar sem komið er á í samræmi við 3. gr. (7. mgr.), 15. og 25. gr. og með því að nota sniðið og sniðmátin sem komið er á í samræmi við 26. gr.

4. Samstarfið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal vera inni í árlegum vinnuáætlunum samræmingarhópsins og niðurstöður samstarfsins skulu hafðar með í ársskýrslum hans og á upplýsingatæknivettvanginum sem um getur í 30. gr.

5. Aðildarríki mega, fyrir milligöngu tilnefnds meðlims síns í samræmingarhópnum, deila landsbundnum matsskýrslum um heilbrigðistækni sem ekki er tilgreind í 7. gr., einkum um heilbrigðistækni þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu í skýrslunni um nýja heilbrigðistækni, sem um getur í 22. gr., að hún sé líkleg til að hafa meiri háttar áhrif á sjúklinga, lýðheilsu eða heilbrigðiskerfi, til samræmingarhópsins í gegnum upplýsingatæknivettvanginn sem um getur í 30. gr.

6. Aðildarríkjum er heimilt að nota aðferðafræðilegar leiðbeiningar, sem eru þróaðar skv. d-lið 7. mgr. 3. gr., við landsbundin möt.

III. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM SAMEIGINLEG KLÍNÍSK MÖT

24. gr.

Landsbundnar skýrslur um klínísk möt

Ef aðildarríki framkvæmir eða uppfærir mat á heilbrigðistækni á heilbrigðistækni sem um getur í 1. mgr. 7. gr., skal viðkomandi aðildarríki, fyrir milligöngu tilnefnds meðlims síns í samræmingarhópnum, afhenda samræmingarhópnum landsbundnu matsskýrsluna á þeirri heilbrigðistækni í gegnum upplýsingatæknivettvanginn sem um getur í 30. gr. innan 30 daga frá því að því er lokið.

25. gr.

Almennar verklagsreglur

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, samþykkja, með framkvæmdargerðum, almennar verklagsreglur:

a) til að tryggja að meðlimir í samræmingarhópnum og undirhópar hans, sem og sjúklingar, klíniskir sérfræðingar og aðrir viðeigandi sérfræðingar, taki þátt í sameiginlegum klínískum mötum á óháðan og gagnsæjan hátt og án þess að um hagsmunaárekstra sé að ræða,

b) um val á og samráð við hagsmunasamtök og sjúklinga, klíniska sérfræðinga og aðra viðeigandi sérfræðinga í sameigin legum klínískum mötum á vettvangi Sambandsins.

2. Samþykkja skal framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

26. gr.

Snið og sniðmát fyrir framlagningu gagna og skýrslur

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum, snið og sniðmát fyrir:

a) málsskjöl með upplýsingum, gögnum, greiningum og öðrum sönnunargögnum sem þróunaraðilum heilbrigðistækni ber að leggja fram vegna sameiginlegra klíniskra mata,

b) skýrslur um sameiginleg klínísk möt,

c) yfirlitsskýrslur um sameiginleg klínísk möt.

2. Samþykkja skal framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

IV. KAFLI

STUÐNINGSRAMMI

27. gr.

Fjármögnun Sambandsins

1. Sambandið skal tryggja fjármögnun á starfi samræmingarhópsins og undirhópa hans og á starfsemi því til stuðnings, sem felur í sér samstarf við framkvæmdastjórnina, Lyfjastofnun Evrópu, samræmingarhópinn um lækningatæki, sérfræðingahópa og net hagsmunaaðila sem um getur í 29. gr. Fjárhagsaðstoð Sambandsins til starfseminnar samkvæmt þessari reglugerð skal komið til framkvæmda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([17]).

2. Fjármögnunin, sem um getur í 1. mgr., skal taka til fjármögnunar á þátttöku tilnefndra aðila aðildarríkjanna í samræmingarhópnum og undirhópum hans til að styðja við vinnu við sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð, þ.m.t. þróun leiðbeininga um aðferðafræði og við að greina nýja heilbrigðistækni. Matsaðilar og meðmatsaðilar skulu eiga rétt á sérgreiðslu sem þóknun fyrir vinnu þeirra við sameiginleg klínísk möt og sameiginlegt vísindalegt samráð í samræmi við innri reglur framkvæmdastjórnarinnar.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

28. gr.

Stuðningur framkvæmdastjórnarinnar við samræmingarhópinn

Framkvæmdastjórnin skal styðja starf samræmingarhópsins og annast skrifstofuhald hans. Hún skal einkum:

a) halda fundi samræmingarhópsins og undirhópa hans í húsnæði sínu,

b) skera úr um hagsmunaárekstra í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 5. gr. og í almennu verklagsreglunum sem samþykktar verða í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr.,

c) óska eftir málsskjölum frá þróunaraðila heilbrigðistækninnar í samræmi við 10. gr.,

d) hafa umsjón með ferlum við sameiginleg klínísk möt og upplýsa samræmingarhópinn um möguleg brot á þeim,

e) veita stjórnsýslulegan, tæknilegan og upplýsingatæknilegan stuðning,

f) koma á fót og halda úti upplýsingatæknivettvanginum skv. 30. gr.,

g) birta upplýsingar og skjöl á upplýsingatæknivettvangnum, í samræmi við 30. gr., þ.m.t. árlegar vinnuáætlanir samræmingarhópsins, ársskýrslur, samantekt fundargerða af fundum hans og skýrslur og yfirlitsskýrslur um sameiginleg klínísk möt,

h) greiða fyrir samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu, einkum með skiptum á upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum, um sameiginlegu vinnuna sem um getur í þessari reglugerð varðandi lyf,

i. greiða fyrir samstarfi við sérfræðingahópa og samræmingarhópinn um lækningatæki, einkum með skiptum á upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum, um sameiginlegu vinnuna sem um getur í þessari reglugerð varðandi lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

29. gr.

Net hagsmunaaðila

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót neti hagsmunaaðila. Netið skal styðja starf samræmingarhópsins og undirhópa hans samkvæmt beiðni.

2. Neti hagsmunaaðila skal komið á fót með opinni auglýsingu eftir umsóknum sem beint er til allra hæfra hagsmuna samtaka, einkum samtaka sjúklinga, neytendasamtaka, frjálsra félagasamtaka á heilbrigðissviði, þróunaraðila heilbrigðistækni og heilbrigðisstarfsmanna. Hæfisviðmiðanir skulu tilgreindar í opnu auglýsingunni eftir umsóknum og þar á meðal skulu vera:

a) sönnun fyrir núverandi eða fyrirhugaðri þátttöku í að þróa mat á heilbrigðistækni,

b) fagleg sérþekking sem skiptir máli fyrir tengslanet hagsmunaaðila,

c) landfræðilegt umfang sem nær yfir nokkur aðildarríki,

d) geta til samskipta og miðlunar upplýsinga.

3. Samtök sem sækja um að verða hluti af neti hagsmunaaðila skulu gefa yfirlýsingu um hverjir eiga aðild að þeim og fjármögnunarleiðir sínar. Fulltrúar hagsmunasamtaka sem taka þátt í starfsemi nets hagsmunaaðila skulu gefa yfirlýsingu um alla fjárhagslega hagsmuni eða aðra hagsmuni sína í heilbrigðistækniþróunariðnaðinum sem gætu haft áhrif á óhæði þeirra eða óhlutdrægni.

4. Skráin yfir hagsmunasamtök sem tilheyra netkerfi hagsmunaaðila, yfirlýsingar þessara samtaka um hverjir eiga aðild að þeim og fjármögnunarleiðir þeirra og hagsmunayfirlýsingar fulltrúa hagsmunasamtaka skulu vera öllum aðgengilegar á upplýsingatæknivettvanginum sem um getur í 30. gr.

5. Samræmingarhópurinn skal funda með neti hagsmunaaðila a.m.k. einu sinni á ári til þess að:

a) halda hagsmunaaðilum upplýstum um sameiginlega vinnu samræmingarhópsins, þ.m.t. helstu niðurstöður hans,

b) gera upplýsingaskipti möguleg.

6. Samræmingarhópurinn getur boðið aðilum að neti hagsmunaaðila að sitja fundi hópsins sem áheyrnarfulltrúar.

30. gr.

Upplýsingatæknivettvangur

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og halda úti upplýsingatæknivettvangi sem samanstendur af:

a) vefsíðu sem er öllum aðgengileg,

b) öruggu innra neti fyrir upplýsingaskipti milli meðlima samræmingarhópsins og undirhópa hans,

c) öruggu kerfi fyrir upplýsingaskipti milli samræmingarhópsins og undirhópa hans við þróunaraðila heilbrigðistækni og sérfræðinga sem taka þátt í sameiginlegu vinnunni sem um getur í þessari reglugerð, sem og við Lyfjastofnun Evrópu og samræmingarhópinn um lækningatæki,

d) öruggu kerfi fyrir upplýsingaskipti milli aðilanna í neti hagsmunaaðila.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja viðeigandi stig aðgangs að upplýsingum á upplýsingatæknivettvangnum fyrir aðildar ríki, aðila að neti hagsmunaaðila og almenning.

3. Á vefsíðunni sem er öllum aðgengileg skal einkum vera að finna eftirfarandi:

a) uppfærða skrá yfir meðlimi samræmingarhópsins og tilnefnda fulltrúa þeirra, ásamt menntun þeirra og hæfi og sérfræðisviðum og yfirlýsingum þeirra um allt sem gæti valdið hagsmunaárekstri eftir að sameiginlegu vinnunni lýkur,

b) uppfærða skrá yfir meðlimi undirhópanna og tilnefnda fulltrúa þeirra, ásamt menntun þeirra og hæfi og sérfræðisviðum og yfirlýsingum þeirra um allt sem gæti valdið hagsmunaárekstri eftir að sameiginlegu vinnunni lýkur,

c) starfsreglur samræmingarhópsins,

d) öll gögn skv. 9. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. og 5. mgr.) og 11. gr. (1. mgr.) á þeirri stundu þegar skýrslan um sameiginlegt klínískt mat er birt, skv. 7. mgr. 10. gr. ef til þess kemur að sameiginlega klíníska matið er stöðvað, og skv. 15., 25. og 26. gr.,

e) fundadagskrár og samantektir fundargerða frá fundum samræmingarhópsins, þ.m.t. ákvarðanir sem samþykktar hafa verið og niðurstöður atkvæðagreiðslna,

f) hæfisviðmiðanir fyrir hagsmunaaðila,

g) árlegar vinnuáætlanir og ársskýrslur,

h) upplýsingar um fyrirhuguð og yfirstandandi sameiginleg klínísk möt ásamt þeim sem lokið hefur verið við, þ.m.t. uppfærslur sem gerðar eru í samræmi við 14. gr.,

i) skýrslur um sameiginleg klínísk möt sem teljast uppfylla öll skilyrði um verklag í samræmi við 12. gr., ásamt öllum athugasemdum sem bárust við gerð þeirra,

j) upplýsingar um landsbundnar skýrslur aðildarríkjanna um klínísk möt, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., þ.m.t. upplýsingar frá aðildarríkjunum um það hvernig tekið var tillit á landsvísu til skýrslna um sameiginleg klínísk möt, og 24. gr.,

k) nafnlaust, samantekið yfirlit upplýsinga, sem er ekki bundið trúnaði, um sameiginlegt vísindalegt samráð,

l) rannsóknir á greiningu nýrrar heilbrigðistækni,

m) nafnlausar, samanteknar upplýsingar, sem ekki eru bundnar trúnaði, úr skýrslunum um nýja heilbrigðistækni sem um getur í 22. gr.,

n) niðurstöður úr valfrjálsri samvinnu milli aðildarríkja skv. 23. gr.,

o) ef sameiginlegt klínískt mat hefur verið stöðvað, yfirlýsinguna skv. 6. mgr. 10. gr., ásamt skrá yfir þær upplýsingar, gögn, greiningar eða önnur sönnunargögn sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar lagði ekki fram,

p) rýni framkvæmdastjórnarinnar á verklag í samræmi við 3. mgr. 12. gr.,

q) staðlaðar verklagsreglur og leiðbeiningar varðandi gæðatryggingu skv. 2. og 3. mgr. 4. gr.,

r) skrána yfir hagsmunasamtök í neti hagsmunaaðila og yfirlýsingar þessara samtaka um hverjir eiga aðild að þeim og fjármögnunarleiðir þeirra og hagsmunayfirlýsingar fulltrúa þeirra skv. 4. mgr. 29. gr.

31. gr.

Mat og skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. janúar 2028, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar. Í skýrslunni skal lögð áhersla á að rýna í:

a) virðisaukann fyrir aðildarríkin af sameiginlegu vinnunni sem framkvæmd er skv. II. kafla, og einkum hvort heil brigðistækni, sem gengst undir sameiginleg klínísk möt í samræmi við 7. gr., og gæði þessara sameiginlegu klínísku mata uppfylli þarfir aðildarríkjanna,

b) hvernig það dregur úr stjórnsýslubyrði aðildarríkjanna og þróunaraðila heilbrigðistækni að ekki þurfi að leggja fram beiðnir um upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn vegna sameiginlegs klínísks mats oftar en einu sinni,

c) virkni stuðningsrammans sem settur er fram í þessum kafla og einkum hvort þörf sé á að taka upp gjaldtökufyrirkomulag þar sem þróunaraðilar heilbrigðistækni myndu einnig leggja sitt af mörkum til fjármögnunar á sameiginlegu vísindalegu samráði.

2. Eigi síðar en 13. janúar 2027 skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar og einkum um það hvernig tekið var tillit til sameiginlegu vinnunnar skv. II. kafla í landsbundnum ferlum þeirra við möt á heilbrigðistækni, þ.m.t. hvernig tekið var tillit til skýrslna um sameiginleg klínísk möt við landsbundið mat á heilbrigðistækni sem um getur í 2. mgr. 13. gr., og vinnuálag samræmingarhópsins. Aðildarríki skulu einnig greina frá því hvort þau hafi tekið tillit til aðferðafræðilegra leiðbeininga, sem eru þróaðar skv. d-lið 7. mgr. 3. gr., við landsbundið mat, eins og um getur í 6. mgr. 23. gr.

3. Við undirbúning skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við samræmingarhópinn og nota:

a) upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 2. mgr.,

b) skýrslurnar um nýja heilbrigðistækni sem gerðar eru í samræmi við 22. gr.,

c) upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 14. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf sem byggir á þessari skýrslu til að uppfæra þessa reglugerð.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 5. mgr. 9. gr., um óákveðinn tíma frá 11. janúar 2022.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5. mgr. 9. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 5. mgr. 9. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

33. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

34. gr.

Undirbúningur framkvæmdargerða

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðirnar sem um getur í 15., 20., 25. og 26. gr. eigi síðar en þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

2. Við undirbúning þessara framkvæmdargerða skal framkvæmdastjórnin taka tillit til sérkenna lyfjageirans, lækninga tækjageirans og lækningatækjageirans vegna sjúkdómsgreininga í glasi.

35. gr.

Breytingar á tilskipun 2011/24/ESB

1. Ákvæði 15. gr. tilskipunar 2011/24/ESB falla brott.
2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu greinina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

36. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. desember 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	A. LOGAR
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Forskriftir málsskjala fyrir lyf

Málsskjölin, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar varðandi lyf:

a) klínísk gögn um öryggi og skilvirkni sem eru lögð fram með umsókninni til Lyfjastofnunar Evrópu,

b) allar uppfærðar, birtar og óbirtar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn, sem og rannsóknarskýrslur og rannsóknaraðferðir og greiningaráætlanir úr rannsóknum á lyfinu sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar var bakhjarl fyrir, og allar fyrirliggjandi upplýsingar um yfirstandandi eða aflagðar rannsóknir á lyfinu sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar er bakhjarl fyrir eða sem tengjast honum á annan hátt fjárhagslega, og samsvarandi upplýsingar um rannsóknir þriðju aðila, ef þær liggja fyrir, sem skipta máli fyrir umfang matsins sem sett er fram í samræmi við 6. mgr. 8. gr., þ.m.t. skýrslur og áætlanir fyrir klínískar rannsóknir ef þær eru tiltækar fyrir þróunaraðila heilbrigðistækninnar,

c) skýrslur um mat á heilbrigðistækni vegna heilbrigðistækni sem gengst undir sameiginlega klíníska matið,

d) upplýsingar um rannsóknir á grundvelli skráa,

e) ef heilbrigðistækni hefur verið látin sæta sameiginlegu vísindalegu samráði, útskýringu frá þróunaraðila heil brigðistækninnar á hvers konar frávikum frá ráðlögðum sönnunargögnum,

f) lýsingu á eiginleikum sjúkdómsins sem á að meðhöndla, þ.m.t. markhópi sjúklinga,

g) lýsingu á eiginleikum lyfsins sem verið er að meta,

h) rannsóknarspurninguna sem útlistuð er nánar í málsskjölunum sem lögð eru fram og sem endurspeglar umfang matsins eins og það er sett fram skv. 6. mgr. 8. gr.,

i) lýsingu á aðferðunum sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar notar við að þróa efni málsskjalanna,

j) niðurstöður upplýsingaöflunarinnar,

k) einkenni viðkomandi rannsókna,

l) niðurstöður um skilvirkni og öryggi íhlutunarinnar sem verið er að meta og samanburðarefnisins,

m) viðeigandi undirliggjandi gögn í tengslum við f- til l-lið.

II. VIÐAUKI

Forskriftir málsskjala fyrir lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi

1. Málsskjölin, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar varðandi lækningatæki:

   a) klíníska matsskýrslu,

   b) gögn um klínískt mat framleiðandans, sem eru lögð fyrir tilkynnta aðilann skv. c- og d-lið í lið 6.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/745,

   c) vísindalegt álit frá viðkomandi sérfræðingahópum innan ramma samráðsferlisins við klínískt mat,

   d) allar uppfærðar, birtar og óbirtar upplýsingar, gögn, greiningar og önnur sönnunargögn, sem og rannsóknarskýrslur og áætlanir fyrir klínískar rannsóknir p á lækningatækinu sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar var bakhjarl fyrir, og allar fyrirliggjandi upplýsingar um yfirstandandi eða klínískar rannsóknir á lækningatækinu sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar er bakhjarl fyrir eða sem tengjast honum á annan hátt fjárhagslega sem hafa verið stöðvaðar, og samsvarandi upplýsingar um klínískar rannsóknir þriðju aðila, ef þær liggja fyrir, sem skipta máli fyrir umfang matsins sem sett er fram í samræmi við 6. mgr. 8. gr., þ.m.t. skýrslur og áætlanir fyrir klínískar rannsóknir ef þær eru tiltækar fyrir þróunaraðila heilbrigðistækninnar,

   e) skýrslur um mat á heilbrigðistækni vegna heilbrigðistækni sem fellur undir sameiginlegt klínískt mat, eftir því sem við á,

   f) gögn úr skrám sem varða lækningatækið og upplýsingar um rannsóknir sem byggjast á skrám,

   g) hvort heilbrigðistækni hafi verið látin sæta sameiginlegu vísindalegu samráði og þá útskýring frá þróunaraðila heilbrigðistækninnar á hvers konar frávikum frá ráðlögðum gögnum,

   h) lýsingu á eiginleikum sjúkdómsins sem á að meðhöndla, þ.m.t. markhópi sjúklinga,

   i) lýsingu á eiginleikum lækningatækisins sem verið er að meta, þ.m.t. notkunarleiðbeiningar þess,

   j) rannsóknarspurninguna sem útlistuð er nánar í málsskjölunum sem lögð eru fram og sem endurspeglar umfang matsins eins og það er sett fram skv. 6. mgr. 8. gr.,

   k) lýsingu á aðferðunum sem þróunaraðili heilbrigðistækninnar notar við að þróa efni málsskjalanna,

   l) niðurstöður upplýsingaöflunarinnar,

   m) einkenni viðkomandi rannsókna.

2. Málsskjölin, sem um getur í 2. og 3. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar varðandi lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi:

   a) skýrslu framleiðandans um mat á virkni,

   b) gögn framleiðandans um mat á virkni, sem um getur í lið 6.2 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/746,

   c) vísindalegt álit frá viðkomandi sérfræðingahópum innan ramma samráðsferlisins við mat á virkni,

   d) skýrslu tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/3190 **2025/EES/59/02**

frá 19. desember 2024

um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólafleiðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum a-, d-, e-, h-, i-, j- og n-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið 4,4'-ísóprópýlídendífenól (CAS-nr. 80-05-7) (ESM 151), almennt þekkt sem bisfenól A (BPA), er notað við framleiðslu á tilteknum snertiefnum og snertihlutum matvæla. Það er aðallega notað sem einliða eða grunnefni við framleiðslu á epoxýresínum sem mynda grunn lakka og yfirborðsmeðferðarefna, þ.m.t. þau sem eru borin á innra og ytra yfirborð matvælaumbúða úr málmi eins og dósa og krukkuloka, sem og stórra tanka og kerja sem eru notuð við matvælaframleiðslu. Það er einnig notað við framleiðslu á tilteknum tegundum snertiefna og snertihluta matvæla úr plasti, þ.m.t. þeim sem eru búin til úr pólýkarbónati og pólýsúlfóni. Vegna margvíslegra efnafræðilegra eiginleika bisfenóls A er einnig hægt að nota það í prentblek, límefni og annan efnivið sem myndar hluta fullunninna snertiefna og snertihluta matvæla. Bisfenól A getur flætt yfir í matvæli úr efnivið eða hlut, sem slík matvæli komast í snertingu við, sem hefur í för með sér váhrif af völdum bisfenóls A á neytendur slíkra matvæla.

2) Notkun á bisfenóli A sem einliðu við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla úr plasti er leyfð með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]). Þessi notkun, sem og tilvist þess í lökkum og yfirborðsmeðferðarefnum sem komast í snertingu við matvæli, er með fyrirvara um sértæk flæðimörk (SML) sem nema 0,05 mg bisfenól A á hvert kg matvæla (mg/kg) og sem fastsett eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/213 ([3]) á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) sem var birt 2015 ([4]). Með síðari reglugerðinni var einnig innleitt bann við notkun bisfenóls A í drykkjarmál og -flöskur úr pólýkarbónati sem eru ætlaðar ungbörnum og smábörnum og flæði úr lökkum eða yfirborðsmeðferðarefnum sem eru borin á snertiefni og snertihlutir matvæla sem er sérstaklega ætlað að komast í snertingu við ungbarnablöndur, stoðblöndur, unnin matvæli með korn sem uppistöðu, barnamat, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna eða drykki, sem eru að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem eru sérstaklega ætlaðar ungbörnum og smábörnum. Þetta bann var innleitt til viðbótar við bannið við notkun þess við framleiðslu á pelum úr pólýkarbónati fyrir ungbörn og málum fyrir smábörn sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2011 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/3190, 31.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/1935/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/10/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/213 frá 12. febrúar 2018 um notkun á bisfenóli A í lökk og yfirborðsmeðferðarefni sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 að því er varðar notkunina á því efni í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2018, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/213/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3978.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 10/2011 að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti (Stjtíð. ESB L 87, 2.4.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/321/oj).

3) Eftir að hafa fengið umboð frá framkvæmdastjórninni 2016 til að framkvæma endurmat á bisfenóli A, til að taka tillit til niðurstaðna úr nýjum rannsóknum og vísindalegra gagna til að bregðast við óvissuþáttum sem eftir eru, þ.m.t. niðurstaðna úr tveggja ára langtímarannsókn frá landsáætlun um eiturefnarannsóknir Bandaríkjanna, birti Matvælaöryggisstofnunin uppfært álit um bisfenól A árið 2023 ([6]). Í álitinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að bisfenól A valdi nokkrum skaðlegum áhrifum, þ.m.t. á ónæmiskerfið, sem hún telur sé viðkvæmast fyrir áhrifum bisfenóls A. Á þeim grundvelli fastsetti Matvælaöryggisstofnunin þolanlega daglega inntöku (TDI) sem nemur 0,2 nanógrömmum á hvert kg (ng/kg) líkamsþyngdar, sem er 20 000 sinnum lægri en tímabundin þolanleg dagleg inntaka sem nemur 4 míkrógrömmum á hvert kg (µg/kg) (eða 4 000 ng/kg) líkamsþyngdar sem hún fastsetti í áliti sínu frá 2015. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að skammtabil sem er svipað og það sem leiddi til áhrifa á ónæmiskerfið olli einnig skaðlegum áhrifum á efnaskipti sem og á æxlunarfæri og þroskun. Samanburður milli þolanlegrar daglegrar inntöku sem nemur 0,2 ng/kg líkamsþyngdar við útreikninga á fæðutengdum váhrifum úr áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2015 bendir til þess að váhrif fyrir alla aldurshópa fari yfir þolanlega daglega inntöku um tvö til þrjú stærðarþrep. Því komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fæðutengd váhrif af völdum bisfenóls A séu áhyggjuefni fyrir alla íbúahópa.

4) Á grundvelli vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2023 ætti að uppfæra leyfið fyrir bisfenól A til notkunar við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla úr plasti ásamt notkun þess í önnur snertiefni og aðra snertihluti matvæla. Í ljósi þolanlegrar daglegrar inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti í áliti sínu frá 2023 getur jafnvel mjög lítið magn bisfenóls A sem flæðir úr snertiefnum og snertihlutum matvæla, margfalt lægra en gildandi sértæk flæðimörk, leitt til váhrifa sem fara yfir nýlega fastsetta þolanlega daglega inntöku. Þótt fullgiltar greiningaraðferðir gætu verið nauðsynlegar til að sannreyna samræmi eða til að styðja við opinbert eftirlit eru enn fremur engar slíkar aðferðir til fyrir áreiðanlega og samræmda magngreiningu bisfenóls A í gildi sértækra flæðimarka sem yrði leitt af nýrri þolanlegri daglegri inntöku. Til að lágmarka tilvist bisfenóls A og flæði þess í matvæli og síðari fæðutengd váhrif á neytendur að því marki sem mögulegt er ætti því að banna notkun þess, þ.m.t. salta þess, við framleiðslu á þessum snertiefnum og snertihlutum matvæla sem það gæti verið efnisþáttur í, þ.m.t. límefni, gúmmí, jónaskiptaresín, plast, prentblek, sílíkon og lökk og yfirborðsmeðferðarefni.

5) Í sérstökum undantekningartilvikum er nauðsynlegt að íhuga hætni bisfenóls A við framleiðslu á tilteknum snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar í matvælaframleiðslu og að hvaða marki hentug staðgönguefni eru fyrir hendi sem stendur en taka jafnframt tillit til allra hugsanlegra váhrifa vegna slíkrar notkunar og hvort hún valdi heilbrigðisáhættu.

6) Í fyrsta lagi er bisfenól A notað sem grunnefni við framleiðslu á plastpólýsúlfónresínum. Þessi pólýsúlfónresín eru notuð við framleiðslu á annaðhvort skiljunarhimnum fyrir míkró- og örsíun eða sem stuðningur sem er alsettur örholum fyrir þunnfilmupólýamíðhimnur til nanósíunar eða himnusíunar. Þessi ferli eru mikilvæg í framleiðslu margs konar matvæla, þ.m.t. matvæla að stofni til úr mjólk, til að tryggja að þau séu örugg til neyslu með því að sía út sjúkdómsvalda, þ.m.t. veirur og bakteríur, sem og tiltekin aðskotaefni eins og þungmálma og varnarefni. Hins vegar eru sem stendur ekki til neinir staðgöngukostir sem eru tæknilega mögulegir í viðskiptalegu tilliti og sem geta veitt nauðsynlegan vélrænan styrk og efnafræðilegan stöðugleika til slíkrar notkunar. Til að koma í veg fyrir hugsanlega heilbrigðisáhættu vegna tilvistar leifa bisfenóls A í himnu sem er að stofni til úr pólýsúlfóni, ef bisfenól A er notað til að framleiða pólýsúlfón, geta framleiðendur auk þess tryggt að komið sé í veg fyrir slíka tilvist eða dregið úr henni þannig að hún verði óveruleg með því að fylgja góðum framleiðsluháttum. Hægt er að ná því bæði í fjölliðuframleiðslu og á lokastigum framleiðslu með því að skola og hreinsa himnuna fyrir fyrstu notkun til að fjarlægja allar leifar bisfenóls A sem eftir eru. Notandi himnunnar, þ.m.t. stjórnandi matvælafyrirtækis, getur gert það. Ef snefilmagn bisfenóls A er eftir í pólýsúlfónefniviðnum væri raunverulegt flæði þess enn fremur mjög lítið vegna þess í hve stuttan tíma matvælin eru í snertingu við himnuna. Með tilliti til þess og endurtekinnar notkunar himnanna yfir langt tímabil er gert ráð fyrir að slík notkun hafi ekki í för með sér váhrif af völdum bisfenóls A sem skapi áhættu fyrir neytendur. Með tilliti til þessara þátta og í ljósi þess hversu mikilvæg þessi sértæka notkun á pólýsúlfóni er til að tryggja öryggi neytenda margs konar matvæla þykir rétt að leyfa undanþágu frá banni við notkun bisfenóls A og leyfa notkun þess einkum við framleiðslu á síunarhimnusamsetningum úr pólýsúlfóni, ásamt þeirri takmörkun að bisfenól A flæði ekki yfir í matvæli.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(4), 6857.

7) Í öðru lagi er bisfenól A einnig notað við framleiðslu á fljótandi lökkum og yfirborðsmeðferðarefnum að stofni til úr epoxý, sem eru hert á yfirborð stórra geyma og kerja, sem og á lagnir með miklu rúmtaki sem tengja þessa geyma. Þessir hlutir eru yfirleitt notaðir við vinnslu, geymslu og flutning á matvælum, þ.m.t. á vínum, bjór, olíum, mjólkurafurðum og korni. Sem stendur eru enn fyrir hendi áskoranir við tímanleg útskipti lakka og yfirborðsmeðferðarefna sem eru að stofni til úr epoxý, sem er að stofni til úr bisfenóli A, fyrir slíka notkun, sem myndi líklega leiða til þess að slíkir stórir fastir geymar og ker yrðu fjarlægð og þeim eytt með hlutfallslega miklum tilkostnaði. Þó er hægt að koma í veg fyrir tilvist leifa bisfenóls A eða minnka þær í óverulegt magn með því að fylgja góðum framleiðsluháttum og beita skolun og hreinsun fyrir fyrstu notkun til að fjarlægja allar leifar bisfenóls A sem eftir eru. Auk þess leiðir notkun slíkra lakka og yfirborðsmeðferðarefna á stóra geyma og stór ker til lágs hlutfalls milli yfirborðsflatar og rúmmáls að því er varðar magn matvæla sem kemst í snertingu við efniviðinn, einkum ef rúmtak geymanna er yfir 1 000 lítrar, þar sem ekki er búist við að raunverulegt flæði leiði til váhrifa af völdum bisfenóls A sem skapa áhættu fyrir neytendur. Með tilliti til þess og endurtekinnar notkunar slíkra geyma yfir langt tímabil þykir rétt að heimila undanþágu frá banni við notkun bisfenóls A og einkum leyfa notkun þess við framleiðslu á fljótandi lökkum og yfirborðsmeðferðarefnum sem eru að stofni til úr epoxý og eru notuð á yfirborðsfleti slíkra fullunninna snertihluta matvæla með miklu rúmtaki, með þeirri takmörkun að bisfenól A flæði ekki í matvæli.

8) Á stigum fyrir framleiðslu snertiefna og snertihluta matvæla er einnig hægt að nota bisfenól A sem forefni í efnasmíði annarra einliða eða grunnefna, eins og bisfenól-A-díglýsídýletra (CAS-nr. 1675-54-3), og mynda af þessum sökum hluta af efnafræðilegri byggingu slíkra efna sem leiðir til annars bisfenóls eða annarrar bisfenólafleiðu. Þótt önnur bisfenól eða bisfenólafleiður séu nokkuð efnafræðilega ólík bisfenóli A getur notkun þeirra sem einliður eða önnur grunnefni við framleiðslu snertiefna og snertihluta matvæla leitt til tilvistar lítils magns af bisfenóli A í snertiefnum og snertihlutum matvæla. Þetta á einkum við framleiðslu fljótandi epoxýresína sem eru notuð sem lökk eða yfirborðsmeðferðarefni á undirlag við framleiðslu fullunnins snertihlutar matvæla. Þrátt fyrir að reglur Sambandsins um snertiefni og snertihluti matvæla stýri að jafnaði ekki stigunum fyrir myndun einliða eða annarra grunnefna ætti því að tryggja að notkun annarra bisfenóla eða bisfenólafleiða sem einliður eða önnur grunnefni leiði ekki til tilvistar óbundins bisfenóls A í snertiefnum og snertihlutum matvæla sem verða til, þ.m.t. snertimilliefni matvæla til notkunar við framleiðslu á fullunnum snertihlutum matvæla.

9) Bann við bisfenól A leiðir af þessum sökum til þess að rekstraraðilar þurfa að greina efni – þ.m.t. önnur bisfenól og bisfenólafleiður – sem eru öruggur staðgöngukostur fyrir bisfenól A við framleiðslu snertiefna og snertihluta matvæla til að uppfylla áfram þarfir matvælakeðjunnar og tryggja matvælaöryggi á viðeigandi hátt. Vegna þess hversu lík efnafræðileg bygging þeirra og virkni er geta önnur bisfenól eða bisfenólafleiður einnig skapað svipaða áhættu og bisfenól A þegar þau eru notuð í snertiefni og snertihluti matvæla og flæða yfir í matvæli. Þegar hefur verið staðfest að sum bisfenól hafa eiginleika sem eru hættulegir heilbrigði manna vegna eiturhrifa þeirra á æxlun og falla þau af þessum sökum undir samræmda flokkun og eru skráð sem slík í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]). Þar á meðal er 4,4‘-súlfónýldífenól (CAS-nr. 80-09-1) (ESM 154), almennt þekkt sem bisfenól S (BPS), sem er sem stendur leyft til notkunar í snertiefni og snertihluti matvæla úr plasti. Matvælaöryggisstofnunin birti tæknilega skýrslu um bisfenól S árið 2020 ([8]), þar sem ekki er tekið tillit til alls eiturefnafræðilegs gagnasafns sem liggur fyrir um bisfenól S, og Matvælaöryggisstofnunin mælti jafnframt með söfnun gagna um notkun bisfenóls S í snertiefni og snertihluti matvæla úr plasti og fyrirkomu þess og flæði yfir í matvæli í tengslum við hugsanlega notkun þess sem staðgöngukosts við bisfenól A. Það eitt og sér stuðlar að því að uppfæra þarf mat á notkun bisfenóls S í snertiefni og snertihluti matvæla, einkum í ljósi samræmdrar flokkunar þess sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Frekari samræmd flokkun bisfenóla og bisfenólafleiða er líkleg í framtíðinni í kjölfar sanngreiningar

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

([8]) *EFSA Supporting Publications* 2020:17(4):1844.

sumra þeirra sem sérlega varasöm efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([9]) og innleiðingar nýrra hættuflokka fyrir innkirtlatruflandi efni með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/707 ([10]). Því er rétt að tryggja að notkun bisfenóla eða bisfenólafleiða með sérstaka samræmda flokkun, þ.m.t. salta þessara efna, við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla sé ekki leyfð án uppfærðs mats Matvælaöryggisstofnunarinnar sem sýnir að notkun þeirra stefni heilbrigði manna ekki í hættu.

10) Þar eð slík hættuleg bisfenól eða hættulegar bisfenólafleiður geta verið nauðsynleg eða mikilvæg við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar þar sem hentugir staðgöngukostir eru ekki til ætti að gera rekstraraðilum kleift að sækja um leyfi til að nota viðkomandi hættulegt bisfenól eða hættulega bisfenólafleiðu við framleiðslu snertiefna og snertihluta matvæla til sértækrar notkunar. Leggja ætti fram umsóknir um leyfi fyrir slíkum hættulegum bisfenólum eða hættulegum bisfenólafleiðum í samræmi við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 að því er varðar leyfi fyrir efnum. Að því tilskildu að slík umsókn sé lögð fram innan hæfilegs frests ætti að leyfa að setja snertiefni og snertihluti matvæla, sem eru framleidd með því að nota hættulegt bisfenól eða bisfenólafleiðu og sem eru þegar á markaðnum, áfram á markað þangað til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um umsóknina.

11) Þótt leiðbeiningar um undirbúning og framlagningu umsóknar um leyfi fyrir efni við framleiðslu snertiefna og snertihluta matvæla séu til, einkum að því er varðar snertiefni og snertihluti matvæla úr plasti, gæti þurft að uppfæra þær eða bæta við þær í samræmi við nýjustu þróun á sviði vísinda og kröfur Matvælaöryggisstofnunarinnar, einkum fyrir mat á hættulegum bisfenólum eða hættulegum bisfenólafleiðum, þ.m.t. notkun þeirra í annan efnivið en plast. Í samræmi við framtaksverkefni framkvæmdastjórnarinnar „eitt efni, eitt mat“ ættu Matvælaöryggisstofnunin og Efnastofnun Evrópu að vinna saman þar eð Efnastofnunin vinnur nú þegar að því að meta öryggi bisfenóla og afleiða þeirra. Til að styðja við þá vinnu ættu rekstraraðilar sem reiða sig á notkun hættulegs bisfenóls eða hættulegrar bisfenólafleiðu til að framleiða snertiefni og snertihluti matvæla að leggja upplýsingar fyrir Matvælaöryggisstofnunina, ef þess er krafist, um núverandi notkun þessara bisfenóla og bisfenólafleiða.

12) Þótt áframhaldandi notkun bisfenóls A til að framleiða mjög lítið magn snertiefna og snertihluta matvæla til sértækrar notkunar sé sem stendur rökstudd og skapi ekki óviðunandi áhættu ætti langtímamarkmið að vera að skipta bisfenóli A alveg út, sem og öðrum bisfenólum og afleiðum þeirra sem hafa sérstaka eiginleika sem eru sérlega hættulegir fyrir heilbrigði manna, fyrir staðgöngukosti sem hafa ekki slíka eiginleika. Til að stuðla að því og gera framkvæmdastjórninni kleift að meta áframhaldandi þörf fyrir undanþágur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð þykir rétt að krefjast þess að framleiðendur viðkomandi snertiefna og snertihluta matvæla, þar sem bisfenól A eða önnur hættuleg bisfenól eða bisfenólafleiður eru notuð, gefi skýrslu um þróun annarra lausna. Með tilliti til þess lágmarka þarf stjórnsýslubyrði á lítil og meðalstór fyrirtæki þykir þó rétt að þessi krafa gildi um stór fyrirtæki sem hafa meiri getu og úrræði til að þróa og innleiða staðgöngukosti.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1907/2014-04-10).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/707 frá 19. desember 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar hættuflokka og viðmiðanir fyrir flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtíð. ESB L 93, 31.3.2023, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/707/oj).

13) Til að gæta samræmis ættu reglur um eftirlit með reglufylgni, þ.m.t. reglur um notkun matvælaherma og prófunarskilyrði, sem og um uppsetningu niðurstaðna úr prófun að vera í samræmi við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 fyrir snertiefni og snertihluti matvæla úr plasti. Val á greiningaraðferðum til að staðfesta að bisfenól A eða önnur hættuleg bisfenól eða hættulegar bisfenólafleiður flæði ekki yfir í matvæli ætti að vera í samræmi við kröfur Sambandsins varðandi opinbert eftirlit. Hins vegar gæti verið að ekki séu til aðferðir til að ákvarða að þessi efni séu ekki fyrir hendi í snertiefnum og snertihlutum matvæla sem hægt væri að nota nú þegar á samræmdan hátt í öllu Sambandinu. Eftir samráð við landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur og viðeigandi hagsmunaaðila gæti því verið nauðsynlegt að krefjast þess að tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins þrói slíkar aðferðir innan tímabils sem samið er um við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin.

14) Í samræmi við 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 skal í sértækum ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir gerð sú krafa að snertiefnum og snertihlutum matvæla fylgi skrifleg yfirlýsing sem staðfestir samræmi þeirra við gildandi reglur („samræmisyfirlýsing“). Sú yfirlýsing ætti að fylgja snertiefnum og snertihlutum matvæla á öllum stigum setningar á markað, að undanskildu smásölustiginu, s.s. flutningi pakkaðra matvæla eða sölu snertiefna og snertihluta matvæla til neytenda. Allir rekstraraðilar sem bera ábyrgð á því að setja snertimilliefni matvæla sem og fullunnin snertiefni matvæla á markað ættu því að hafa samræmisyfirlýsinguna í vörslu sinni. Til glöggvunar og einföldunar fyrir reglufylgni, einkum með tilliti til umbreytingarákvæða ætti yfirlýsingin að fela í sér vísbendingu um hvort bisfenól A eða önnur viðeigandi bisfenól eða bisfenólafleiður hafi verið notuð við framleiðslu snertiefnis eða snertihlutar matvæla eða ekki.

15) Til að tryggja samræmi og auðvelda reglufylgni ættu kröfurnar í þessari reglugerð að gilda um öll viðkomandi snertiefni og snertihluta matvæla, þ.m.t. plast. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem komast í snertingu við matvæli til samræmis við það.

16) Bann við notkun bisfenóls A er talsverð breyting frá notkun sérstaklega samsettra snertiefna og snertihluta matvæla sem rekstraraðilar hafa reitt sig á í tugi ára til að framleiða snertiefni og snertihluti matvæla til margs konar nota og sem eru sem stendur notuð víða í Sambandinu. Þetta á einkum við lökk og yfirborðsmeðferðarefni sem eru borin á málmumbúðir, þar sem til eru mörg hundruð hugsanlegra samsetninga epoxýresína sem eru að stofni til úr bisfenóli A, með hliðsjón af kröfum er varða fullunninn snertihlut matvæla. Þess vegna ætti að skipuleggja umskipti yfir í snertiefni og snertihluti matvæla sem eru framleidd án þess að þurfa bisfenól A þannig að komið sé í veg fyrir að öryggi matvæla sé stefnt í hættu og til að koma í veg fyrir röskun á matvælakeðjum innan Sambandsins. Margir rekstraraðilar, einkum þeir í birgðakeðju fyrir lakkaðar og húðaðar málmumbúðir, hafa haft frumkvæði í undirbúningi umskipta frá bisfenóli A og breytingar eru þegar hafnar sem svar við eftirspurn í birgðakeðjunni. Til að gefa rekstraraðilum tíma til að ljúka þessu ferli og fara að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að leyfa að setja á markað í Sambandinu fullunna snertihluti matvæla sem eru í samræmi við gildandi reglur, eins og þær giltu fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, frekar en reglurnar sem gilda í þessari reglugerð, í fyrsta sinn á umbreytingartímabili sem varir í 18 mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

17) Að því er varðar sum sértæk snertiefni og snertihluti matvæla er þó 18 mánaða umbreytingartímabil ekki fullnægjandi þar eð rekstraraðilar þurfa meiri tíma til að greina staðgöngukosti og tryggja að þeir séu tæknilega framkvæmanlegir í stórum stíl á markaði Sambandsins. Þar með talinn er sá tími sem þarf til að þróa að fullu staðgöngusamsetningar og meta virkni þeirra og nothæfi með hliðsjón af mikilvægum mæliþáttum, þ.m.t. efnaöryggi, vernd matvæla til að koma í veg fyrir örverufræðilegar skemmdir og til að tryggja fullnægjandi geymsluþol þegar engar hraðari aðferðir eru fyrir hendi til að prófa geymsluþol, áður en hægt er að auka framboð í viðskiptalegum tilgangi. Endursamsetning sértækra snertiefna og snertihluta matvæla og það að hætta að nota bisfenól A að fullu meðan komið er í veg fyrir röskun á matvælakeðjunni útheimtir því viðbótarumbreytingartíma.

18) Einkum mynda tilteknir ávextir og grænmeti, sem eru rotvarin í lökkuðum eða húðuðum blikkdósum eða glerkrukkum með lökkuðum lokum, súrt umhverfi í umbúðunum. Þessu fylgir hins vegar aukaálag við fullgildingarskref sem þarf til að tryggja að staðgöngukostirnir séu öruggir og hafi tilskilda virkni. Enn fremur veldur árstíðabundin ávaxta- og grænmetisframleiðsla, sem og framleiðsla fiskafurða, toppum í matvælaframleiðslu og því einnig í eftirspurn eftir umbúðum á tilteknum tímabilum sem ekki er hægt að mæta eingöngu með umbúðum sem eru framleiddar án bisfenóls A á staðlaða 18 mánaða umbreytingartímabilinu. Þess vegna þykir rétt, til að veita nægan tíma til að notkun þessara tegunda umbúða sé í viðskiptalegum tilgangi og til að koma í veg fyrir matarsóun, að leyfa að fullunnir snertihlutir matvæla, þar sem lökk og yfirborðsmeðferðarefni eru notuð sem eru framleidd með bisfenóli A, einkum í umbúðir sem eru notaðar til að rotverja ávexti, grænmeti og unnar fiskafurðir, séu settir á markað á 36 mánaða tímabili eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

19) Einnig er verið að þróa samsetningar fyrir framleiðslu á lökkum og yfirborðsmeðferðarefnum með notkun staðgöngukosta við bisfenól A sem er borið á ytra yfirborð málmumbúða, þótt slík þróun sé styttra á veg komin en sú fyrir innra yfirborð. Umbreytingartímabil sem er lengra en 18 mánuðir er því einnig nauðsynlegt fyrir þessar vörur, sem metið er að skuli vara í 36 mánuði, á grundvelli upplýsinga sem iðnaðurinn hefur lagt fram. Yfirleitt er komið í veg fyrir flæði bisfenóls A í lökkum og yfirborðsmeðferðarefnum, sem borin eru á ytra yfirborð málmumbúða, yfir í matvæli með málmundirlagi sem gegnir hlutverki varnarlags. Hins vegar getur það stundum færst í innra yfirborð umbúðanna sem kemst að lokum í snertingu við matvæli við framleiðslu á lökkuðum og húðuðum snertiefnum og snertihlutum matvæla, annaðhvort í gegnum beina snertingu sem afleiðing af snertismiti eða yfirfærslu í gufufasanum. Þar eð hægt er að lágmarka þetta eða koma í veg fyrir þetta að öllu leyti með góðum framleiðsluháttum sem draga úr áhættu á slíkri yfirfærslu og þar eð hlutverki lakka og yfirborðsmeðferðarefna er mikilvægt til að tryggja heilleika umbúðanna og öryggi matvæla þykir rétt að veita 36 mánaða umbreytingartímabil. Slíkt tímabil gerði það kleift að skipta yfir í fullunna hluti þar sem lökk og yfirborðsmeðferðarefni eru notuð sem eru ekki framleidd með bisfenóli A, til notkunar á ytra yfirborð málmumbúða.

20) Einnota fullunnir snertihlutir matvæla, þ.m.t. málmumbúðir, eru oft notaðir sem umbúðir fyrir matvæli með langt geymsluþol, sem má geyma og neyta í nokkur ár eftir að þeim hefur verið pakkað, en á þeim tíma halda flæði og váhrif af völdum bisfenóls A áfram. Til að takmarka þann tíma sem matvæla, sem er pakkað í einnota fullunna snertihluti matvæla sem innihalda bisfenól A, er neytt ætti að fylla slíka einnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru notaðir sem matvælaumbúðir, með matvælum og innsigla þá innan 12 mánaða frá lokum viðkomandi umbreytingartímabila. Eftir það er engu að síður viðeigandi að leyfa setningu pakkaðra matvæla á markað þangað til birgðir eru uppurnar til að koma í veg fyrir matarsóun og röskun matvælakeðja.

21) Tilteknir fullunnir snertihlutir matvæla sem eru framleiddir með bisfenóli A eru notaðir sem margnota íhlutir í búnað við matvælaframleiðslu í atvinnuskyni, eins og sælgætismót, þétti, dælur, flansar, mælar og sjóngler. Ekki er hægt að framleiða alla þessa margnota fullunnu snertihluti matvæla sem eru notaðir sem búnaður til matvælaframleiðslu í atvinnuskyni auðveldlega með efnivið sem þarf ekki bisfenól A við framleiðslu þeirra. Staðgönguhluti þarf oft að hanna og framleiða með tilliti til hlutverks þeirra og samspils með öðrum íhlutum sem hluti af heilu matvælaframleiðslu- eða vinnslukerfi til að koma í veg fyrir að skipta þurfi um allt kerfið. Með tilliti til þessara þátta þykir rétt að leyfa 36 mánaða umbreytingartímabil fyrir slíka fullunna snertihluti matvæla til að tryggja samfellt matvælaframboð en jafnframt viðurkenna nauðsyn þess að fá rekstraraðila til að ná árangri við að hætta í áföngum notkun tækni sem byggist á bisfenóli A og skipta henni að lokum út að fullu.

22) Til að koma í veg fyrir að miklar birgðir safnist upp hjá dreifingaraðilum af hlutum sem falla undir umbreytingarráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð þykir rétt, að því er varðar margnota fullunna snertihluti matvæla, að setja megi slíka hluti, sem framleiðendur þeirra hafa fyrst sett á markað, áfram á markað til sölu og til að koma þeim áfram til viðskiptavina, þ.m.t. stjórnenda matvælafyrirtækja eða neytenda, í eitt ár að hámarki. Ef um er að ræða margnota fullunna snertihluti matvæla sem eru notaðir sem búnaður til matvælaframleiðslu í atvinnuskyni væri hvorki hagkvæmt né skilvirkt að hætta að nota þá þar eð þeir eru oft hluti stærra kerfis og það gæti þurft að skipta þegar í stað út kerfinu í heild sinni með óhóflegum kostnaði og byrði fyrir matvælafyrirtæki, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Matvælafyrirtækjum er því heimilt að nota áfram þennan margnota fullunna snertihlut matvæla þangað til hann hættir að vera nothæfur og það þarf að skipta honum út.

23) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð koma í stað ráðstafana sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/213. Því þykir rétt að fella þá reglugerð úr gildi.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð er sértæk ráðstöfun í skilningi 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

2. Með þessari reglugerð er komið á sértækum kröfum varðandi 4,4'-ísóprópýlídendífenól (bisfenól A) (CAS-nr. 80-05-7) og sölt þess, sem og önnur hættuleg bisfenól og hættulegar bisfenólafleiður, að því er varðar notkun þeirra við framleiðslu á eftirfarandi hópum snertiefna og snertihluta matvæla sem falla undir gildissvið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og eru sett á markað í Sambandinu.

a) límefni,

b) gúmmí,

c) jónaskiptaresín,

d) plast,

e) prentblek,

f) sílíkon og

g) lökk og yfirborðsmeðferðarefni.

3. Í þessari reglugerð eru einnig fastsettar sértækar kröfur um innihald bisfenóls A í snertiefnum og snertihlutum matvæla sem hafa verið framleidd með því að nota önnur bisfenól og bisfenólafleiður.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011.

2. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

a) „fullunnir snertihlutir matvæla": vörur sem eru settar saman af einu eða fleiri snertiefnum og snertihlutum matvæla sem falla undir gildissvið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, sem eru í fullunnu ástandi fyrir endanlega notkun án frekari efnafræðilegrar, líffræðilegrar eða eðlisfræðilegrar vinnslu eða breytingar, að undanskilinni frekari vinnslu eða breytingu til áfyllingar með matvælum vegna notkunar þeirra sem einnota umbúðir, þ.m.t. innsiglun,

b) „snertimilliefni matvæla“: efni sem er ætlað að undirgangast frekari efnafræðilega, líffræðilega eða eðlisfræðilega vinnslu eða breytingu til að verða fullunninn snertihlutur matvæla eða hluti snertihlutar matvæla, aðra en frekari vinnslu eða breytingu í tengslum við áfyllingu með matvælum, til að unnt sé að nota þau sem einnota umbúðir, þ.m.t. innsiglunarferli.

c) „bisfenól“: efni sem samanstendur af tveimur virkum hýdroxýfenýlhópum sem tengjast í gegnum eina brúunarfrumeind (e. *bridging atom*), í samræmi við byggingu A sem mælt er fyrir um í I. viðauka og inniheldur saltform bisfenólsins. Aðrir hópar geta verið tengdir brúunarfrumeindinni,

d) „bisfenólafleiða“: efni sem einkennist af almennri byggingu B sem mælt er fyrir um í I. viðauka, án saltforms bisfenóls,

e) „hættulegt bisfenól eða hættuleg bisfenólafleiða“: bisfenól eða bisfenólafleiða sem skráð eru í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 vegna samræmdrar flokkunar þeirra í undirflokk 1A eða 1B, efni sem er stökkbreytandi, krabbameinsvaldandi eða hefur eiturhrif á æxlun eða í 1. undirflokk, innkirtlatruflandi efni fyrir heilbrigði manna.

3. gr.

Bann við notkun bisfenóls A

1. Notkun bisfenóls A og salta þess við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og setning snertiefna og snertihluta matvæla, sem framleidd eru með notkun bisfenóls A, á markað í Sambandinu er bönnuð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota bisfenól A og sölt þess við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar sem sett er fram í II. viðauka, með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um þar.

4. gr.

Bann við tilvist bisfenóls A í snertiefnum og snertihlutum matvæla þar sem önnur bisfenól eða bisfenólafleiður eru notuð við framleiðslu þeirra

Snertiefni og snertihlutir matvæla sem hafa verið framleidd með notkun annars bisfenóls eða annarrar bisfenólafleiðu skulu ekki innihalda leifar bisfenóls A.

5. gr.

Bann við notkun hættulegra bisfenóla annarra en bisfenóls A eða hættulegra bisfenólafleiða

1. Notkun hættulegra bisfenóla annarra en bisfenóls A eða hættulegra bisfenólafleiða við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og setning snertiefna og snertihluta matvæla, sem framleidd eru með notkun hættulegra bisfenóla annarra en bisfenóls A eða hættulegra bisfenólafleiða, á markað er bönnuð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota hættulegt bisfenól annað en bisfenól A eða hættulega bisfenólafleiðu við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar og setja má þessi snertiefni og snertihluti matvæla á markað ef sú notkun hefur verið heimiluð í samræmi við 6. gr. og er sett fram í II. viðauka.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota hættulegt bisfenól annað en bisfenól A eða hættulega bisfenólafleiðu, þar sem notkun hefur ekki verið heimiluð í samræmi við 6. gr. og sett fram í II. viðauka, við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar og heimilt er að setja þessi snertiefni og snertihluti matvæla á markað ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) það hefur þegar verið notað við framleiðslu á sömu snertiefnum og snertihlutum matvæla til þeirrar sértæku notkunar á einum af eftirfarandi dögum:

   i. annaðhvort daginn sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birtir upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 6. gr. fyrir hættuleg bisfenól og bisfenólafleiður sem samræmd flokkun gildir um á þeim degi eða

   ii. daginn sem samræmd flokkun gildir um hættulega bisfenólið eða hættulegu bisfenólafleiðuna sem skráð er í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, um leið og Matvælaöryggisstofnunin hefur birt upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 6. gr.,

b) umsóknin sem um getur í 1. mgr. 6. gr. er lögð fram innan 9 mánaða frá einum af eftirfarandi dögum:

   i. annaðhvort daginn sem Matvælaöryggisstofnunin birtir upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 6. gr. fyrir hættuleg bisfenól og bisfenólafleiður sem samræmd flokkun gildir um á þeim degi eða

ii. daginn sem samræmd flokkun gildir um hættulega bisfenólið eða hættulegu bisfenólafleiðuna sem skráð er í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, um leið og Matvælaöryggisstofnunin hefur birt upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 6. gr.,

c) snertiefni og snertihlutir matvæla eru í samræmi við reglur sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og

d) framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um umsóknina skv. 3. mgr. 6. gr.

6. gr.

Leyfi fyrir notkun hættulegra bisfenóla annarra en bisfenóls A eða hættulegra bisfenólafleiða við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar

1. Til að fá leyfi fyrir notkun hættulegs bisfenóls annars en bisfenóls A eða hættulegrar bisfenólafleiðu við framleiðslu á snertiefni eða snertihlut matvæla til sértækrar notkunar skal leggja fram umsókn í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

2. Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 skal Matvælaöryggisstofnunin birta álit um notkun hættulega bisfenólsins eða hættulegu bisfenólafleiðunnar við framleiðslu á snertiefni eða snertihlut matvæla til sértækrar notkunar þar sem gild umsókn hefur verið lögð fram í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Ef Matvælaöryggisstofnuninni berast nokkrar umsóknir varðandi sama hættulega bisfenólið eða hættulegu bisfenólafleiðuna má Matvælaöryggisstofnunin birta stakt álit varðandi hættulega bisfenólið eða hættulegu bisfenólafleiðuna.

3. Framkvæmdastjórnin skal síðan samþykkja sértæka ráðstöfun í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og annaðhvort leyfa, með fyrirvara um takmarkanir, eftir því sem við á, eða leyfa ekki notkun hættulega bisfenólsins eða hættulegu bisfenólafleiðunnar fyrir framleiðslu snertiefnis eða snertihlutar matvæla til sértækrar notkunar. Ef um er að ræða leyfi skal færa hættulega bisfenólið eða hættulegu bisfenólafleiðuna á skrá í II. viðauka við þessa reglugerð til samræmis við það.

4. Að því er varðar 1. mgr. og fyrir 20. janúar 2027 skal Matvælaöryggisstofnunin birta vísindalegar niðurstöður þar sem fram koma þær upplýsingar sem þarf til að leggja mat á notkun hættulegra bisfenóla eða hættulegra bisfenólafleiða við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar og bætt er við ítarlegu leiðbeiningarnar sem um getur í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 eða þær uppfærðar, ef nauðsyn krefur. Matvælaöryggisstofnunin og Efnastofnun Evrópu skulu starfa saman í þeim tilgangi.

5. Að fenginni beiðni frá Matvælaöryggisstofnuninni skulu rekstraraðilar sem nota bisfenól eða bisfenólafleiður við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla leggja fram gögn um notkun bisfenólanna og bisfenólafleiðanna við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til að upplýsa um undirbúning upplýsinganna sem um getur í 4. gr.

7. gr.

Kvöð um skýrslugjöf varðandi staðgönguefni fyrir bisfenól A, hættuleg bisfenól og hættulegar bisfenólafleiður sem mælt er fyrir um í II. viðauka

1. Rekstraraðilar sem nota bisfenól A, önnur hættuleg bisfenól eða hættulegar bisfenólafleiður sem eru skráð í II. viðauka skulu leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina varðandi stöðu á staðgönguefnum.

Þrátt fyrir það skal slík skýrslugjöf vera valkvæð fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 ([11]).

([11]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36, ELI: http://data.europa.eu/eli/reco/2003/361/oj).

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu gerðar aðgengilegar framkvæmdastjórninni eftir 4 ár og eigi síðar en 5 árum eftir daginn þegar notkun hættulegs bisfenóls eða hættulegrar bisfenólafleiðu er leyfð við framleiðslu á snertiefni eða snertihlut matvæla til sértækrar notkunar. Upplýsingarnar skulu uppfærðar og gerðar aðgengilegar framkvæmdastjórninni eftir 4 ár og eigi síðar en 5 árum eftir fyrri dag framlagningar, ef leyfi fyrir notkun hættulega bisfenólsins eða hættulegu afleiðunnar fyrir fullunninn snertihlut matvæla til sértækrar notkunar er áfram í gildi.

8. gr.

Samræmisyfirlýsing og fylgiskjöl

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að snertiefnum og snertihlutum matvæla sem falla undir þessa reglugerð og hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli, sem og bisfenól og bisfenólafleiður sem eru ætluð til notkunar sem einliður eða önnur grunnefni við framleiðslu á þessum snertiefnum og snertihlutum matvæla, fylgi á öllum sölustigum, öðrum en smásölustigi, skrifleg yfirlýsing, eins og um getur í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1935/2004, þess efnis að þau séu í samræmi við reglurnar sem gilda um þau („samræmisyfirlýsing“).

2. Samræmisyfirlýsingin skal innihalda upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

3. Viðeigandi fylgiskjöl skulu liggja fyrir til að sýna fram á slíkt samræmi. Skjölin skulu tafarlaust gerð aðgengileg fyrir lögbær yfirvöld, óski þau eftir því.

9. gr.

Sannprófun á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar

1. Til að sannprófa hvort kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal velja viðeigandi prófunaraðferðir í samræmi við 34. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([12]).

2. Fyrir val á aðferðum, sem notaðar eru til að sannprófa að snertiefni eða snertihlutur matvæla innihaldi ekki bisfenól A, annað hættulegt bisfenól eða hættulega bisfenólafleiðu eða losi ekki þessi efni í matvæli yfir tilteknum greiningarmörkum eða sértækum flæðimörkum, gilda eftirfarandi viðbótarreglur:

a) ef tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir snertiefni matvæla hefur þróað eða mælt með aðferð skal nota þá aðferð,

b) aðferð skal vera með 1 µg/kg greiningarmörk, nema önnur greiningarmörk séu sett fram í II. viðauka eða sem hluti aðferðarinnar sem mælt er með í samræmi við a-lið,

c) til að sannprófa að snertiefni eða snertihlutur matvæla innihaldi ekki bisfenól A, annað hættulegt bisfenól eða hættulega bisfenólafleiðu skal nota útdráttaraðferð.

3. Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir snertiefni matvæla skal hafa samráð við landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur og viðkomandi hagsmunaaðila til að greina hugsanlegar aðferðir að því er varðar 2. mgr. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að hentug aðferð sé ekki fyrir hendi á vettvangi Sambandsins fyrir sérstaka sannprófun sem leiðir af 2. mgr. skal hún ljúka þróun á slíkri aðferð innan frests sem framkvæmdastjórnin samþykkir.

4. Eftirfarandi reglur skulu gilda að því er varðar sannprófun með sértækum greiningar- eða flæðimörkum:

a) gefa skal upp prófunarniðurstöður í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011,

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj).

b) samræmi við flæðimörk skal komið á í samræmi við 18. gr. III. viðauka og 1. og 2. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011,

c) ef til fyrirsjáanlegrar snertingar kemur við áframhaldandi flæðiskilyrði, eins og í lögnum eða síunarsamstæðum skal prófunartími vera sá sami og meðaltal viðstöðutíma matvælanna í lögninni eða síunarsamstæðunni.

10. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 10/2011

Reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

„6. Þrátt fyrir 5. gr. má eingöngu nota 2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan (bisfenól A) (CAS nr. 80-05-7) og önnur hættuleg bisfenól eða hættulegar bisfenólafleiður, eins og þau eru skilgreind í og falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2024/3190, við framleiðslu plastefna og -hluta í samræmi við þá reglugerð.“

2) í töflu 1 í I. viðauka falla færslurnar varðandi efni nr. 151 (2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan) og efni nr. 154 (4,4’-díhýdroxýdífenýlsúlfón) brott.

11. gr.

Umbreytingarákvæði varðandi einnota fullunna snertihluti matvæla

1. Setja má einnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru framleiddir með notkun bisfenóls A og eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, á markað til 20. júlí 2026.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má setja eftirfarandi einnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, á markað til 20. janúar 2028:

a) einnota fullunnir snertihlutir matvæla sem eru ætlaðir til að rotverja eftirfarandi matvæli:

i. ávexti eða grænmeti, að undanskildum afurðum sem eru skilgreindar í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2001/112/EB ([13]) eða

ii. lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([14]),

b) einnota fullunnir snertihlutir matvæla sem lakk eða yfirborðsmeðferðarefni, sem er framleitt með notkun bisfenóls A, hefur verið borið eingöngu á ytra málmyfirborð.

3. Einnota fullunnir snertihlutir matvæla sem eru settir á markað í samræmi við 1. og 2. mgr. má fylla með matvælum og innsigla í 12 mánuði eftir að gildandi umbreytingartímabili lýkur. Slík matvæli í umbúðum má setja á markað þangað til birgðir eru uppurnar.

([13]) Tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tilteknar álíka vörur til manneldis (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2001/112/oj).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2004/853/oj).

12. gr.

Umbreytingarákvæði varðandi margnota fullunna snertihluti matvæla

1. Setja má margnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru framleiddir með notkun bisfenóls A og eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, fyrst á markað til 20. júlí 2026.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má setja margnota fullunna snertihluti matvæla sem eru notaðir sem búnaður við matvælaframleiðslu í atvinnuskyni, sem eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, fyrst á markað til 20. janúar 2028.

3. Margnota fullunnir snertihlutir matvæla sem voru fyrst settir á markað í samræmi við 1. og 2. mgr. mega áfram vera á markaði til eigi síðar en 20. janúar 2029.

13. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) 2018/213 er felld úr gildi.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,


Ursula VON DER LEYEN

forseti.


I. VIÐAUKI

Efnafræðileg bygging efna sem skilgreiningin „bisfenól“ og „bisfenólafleiður“ gildir um er eftirfarandi:

A) Bygging bisfenóla



B) Bygging bisfenólafleiða



Athugasemdir. X vísar til allra brúunarhópa sem aðskilja tvo fenýlhringi með einni stakri frumeind en frumeindin getur haft hvaða sethóp(a) sem er.

R_1 til R_{10} vísa til allra sethópa. Minnst einn af sethópunum er ekki vetnisfrumeind (H).

———

II. VIÐAUKI

Skrá Sambandsins yfir bisfenól A og önnur hættuleg bisfenól og hættulegar bisfenólafleiður sem eru leyfð til notkunar við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar

1. dálkur (ESM-efni nr.): efnisnúmer snertiefna matvæla (ESM)

2. dálkur (CAS-nr.): skráningarnúmer hjá upplýsingaþjónustu um íðefni (CAS)

3. dálkur (heiti efnis): efnaheiti samkvæmt Alþjóðasamtökum um hreina og hagnýta efnafræði

4. dálkur (tegund efniviðar): hópur efna og hluta sem geta fallað undir sértækar ráðstafanir

5. dálkur (sértæk notkun): sértæk notkun sem notkun efnisins er takmörkuð við og sem undanþágan gildir um

6. dálkur (aðrir takmarkanir): aðrar takmarkanir sem gilda

1)	2)	3)	4)	5)	6)
ESM-efni nr.	CAS-nr.	Efnaheiti	Tegund efniviðar	Sértæk notkun	Aðrar takmarkanir
151	80-05-7	4,4‘-ísóprópýlíd-endífenól (bisfenól A)	Lökk og yfirborðs-meðferðarefni	Til notkunar sem einliða eða grunnefni við framleiðslu á fljótandi epoxýresínum sem á að bera á sjálfberandi snertiefni eða snertihluti matvæla sem taka meira en 1 000 lítra	Flæði yfir í matvæli skal ekki vera greinanlegt. Fullunnir snertihlutir matvæla skulu hreinsaðir og skolaðir áður en þeir komast fyrst í snertingu við matvæli
			Plast	Til notkunar sem einliða eða grunnefni við framleiðslu á síunarhimnusamsetningum úr pólýsúlfóni	Flæði yfir í matvæli skal ekki vera greinanlegt. Fullunnir snertihlutir matvæla skulu hreinsaðir og skolaðir áður en þeir komast fyrst í snertingu við matvæli

III. VIÐAUKI

Samræmisyfirlýsingin sem um getur í 8. gr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1) auðkenni og heimilisfang sem og samskiptaupplýsingar, þ.m.t. annaðhvort núgildandi símanúmer eða tölvupóstfang rekstraraðilans sem gefur út samræmisyfirlýsinguna,

2) auðkenni og heimilisfang sem og samskiptaupplýsingar, þ.m.t. annaðhvort núgildandi símanúmer eða tölvupóstfang rekstraraðilans sem framleiðir eða flytur inn snertiefni eða snertihlut matvæla,

3) auðkenni snertiefnis eða snertihlutar matvæla, þ.m.t. bæði snertimilliefni matvæla og fullunnir snertihlutir matvæla,

4) dagsetning yfirlýsingarinnar,

5) skrá yfir bisfenól eða bisfenólafleiður sem eru notaðar við framleiðslu snertiefnis eða snertihlutar matvæla,

6) yfirlýsing þess efnis að snertimilliefni eða -hlutur matvæla eða fullunninn snertihlutur matvæla sé í samræmi við þessa reglugerð og uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 3., 15. og 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/134 **2025/EES/59/03**

frá 28. janúar 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar innleiðingu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) er mælt fyrir um kröfurnar fyrir flugmenn sem taka þátt í starfrækslu loftfara eins og tilgreint er í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

2) Áframhaldandi þróun þyrilflugna sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 vegna skráðs hámarks flugtaksmassa þeirra sem er yfir 600 kg, veldur því að nauðsynlegt er að fella kröfur um veitingu flugliðaskírteina fyrir flugmenn þyrilflugna undir reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Þar sem þróun heildarramma fyrir starfrækslu þyrilflugna í ábataskyni mun taka lengri tíma ættu slíkar kröfur fyrst um sinn aðeins að varða réttindi flugmanna sem annast starfrækslu sem er ekki í ábataskyni.

3) Í nýjum regluramma Sambandsins varðandi veitingu flugliðaskírteina fyrir þyrilflugur, ætti, þar sem mögulegt er, að taka tillit til krafna og bestu starfsvenja sem ákvarðaðar eru í landsbundnum kröfum um veitingu skírteina fyrir þyrilflugur, og í reglurammanum ætti einnig að kveða á um að handhafar landsbundinna flugmannsskírteina fyrir þyrilflugur fái einingar viðurkenndar þegar sótt er um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur í Sambandinu.

4) Til að styðja við framkvæmd krafna um veitingu flugliðaskírteinis fyrir þyrilflugur í Sambandinu, einkum starfsréttindi fyrstu flugkennara á þyrilflugur í Sambandinu ætti að vera mögulegt, í takmarkaðan tíma og með tilteknum skilyrðum, fyrir umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur og tengdar áritanir og vottorð að fá, á grunni viðurkenningarskýrslu, einingar viðurkenndar, að því tilskildu að þeir hafi undir höndum eða hafi hafið þjálfun til útgáfu viðeigandi landsbundins skírteinis fyrir þyrilflugur og tengdra áritana eða vottorða.

5) Gera ætti kröfu um að handhafar flugmannsskírteina fyrir þyrilflugur í Sambandinu, að því er varðar starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, hafi undir höndum sama flugheilbrigðisvottorðið og einkaflugmenn fyrir aðrar gerðir loftfara í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

6) Aðlaga ætti kröfuna fyrir lögbær yfirvöld og þjálfunarfyrirtæki, ef nauðsyn krefur, þannig að hún taki til þjálfunar og leyfisveitingar fyrir flugmenn þyrilflugna.

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/134, 29.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/2021-07-25.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/1178/oj).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 04/2024 ([3]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkið, sem gaf út eða viðurkenndi skírteini sem ekki uppfylla JAR-kröfur, þ.m.t. allar tengdar áritanir, vottorð, heimildir eða réttindi, áður en reglugerð þessi tók gildi, skal breyta þeim í skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þrátt fyrir þessa málsgrein skal 4. gr. g gilda um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur.“

2) Eftirfarandi 4. gr. g er bætt við:

„4. gr. g

Sértækar kröfur fyrir umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur

1. Fram til 18. febrúar 2028 skulu umsækjendur sem eru handhafar flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu og tengdra áritana og vottorða, sem voru gefin út í samræmi við landsbundnar kröfur um veitingu flugliðaskírteina fyrir þyrilflugur, eða sem hófu þjálfun í samræmi við slíkar kröfur, fá einingar viðurkenndar í tengslum við útgáfu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu og tengdar áritanir og vottorð í samræmi við þessa reglugerð, á grunni viðurkenningarskýrslu sem aðildarríki semur í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu. Viðurkenningarskýrslan skal uppfylla kröfur 3. mgr. 9. gr.

2. Þegar viðurkenningarskýrslan hefur verið samin í samræmi við 1. mgr. skulu aðildarríki:

a) aðeins fá viðurkenndan fartíma sem umsækjendur hafa lokið í þyrilflugum sem hafa hámarksflugtaksmassa sem er a.m.k. 450 kg,

b) að því er varðar útgáfu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur, í samræmi við þessa reglugerð, einungis viðurkenna þann fjölda fartíma sem fer ekki umfram þann fjölda sem kann að hafa verið viðurkenndur í samræmi við c-lið FCL.210.G í I. viðauka. Í slíkum tilvikum skulu umsækjendur ljúka viðbótarflugþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO) fyrir þyrilflugu sem vottuð er í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar, áður en samþykkta þjálfunarfyrirtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið mælir með henni fyrir færniprófið.“

3) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum IV. viðauka (MED-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions/opinion-no-042024.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. febrúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi skilgreining er felld inn í FCL.010:

„þyrilfluga“: tegund þyrilvængna sem helst á flugi vegna verkana loftsins á allt að tvo þyrla sem snúast hindrunarlaust á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.025:

a) Í stað 4. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„4) Ef umsækjendur um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteinis (PPL), grunnblindflugsáritunar (BIR) eða flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu (GPL) hafa ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hafa ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skulu þeir þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.“

b) Í stað i. liðar 1. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„i. í 24 mánuði vegna útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis eða flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu,“.

3) Í a-lið FCL.035 er nýjum 5. lið bætt við:

„5) Allar flognar klukkustundir í þyrilflugum, sem falla undir gildissvið I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og hafa skráðan hámarksflugtaksmassa sem nemur a.m.k. 450 kg, skulu viðurkenndar að fullu upp í kröfurnar um 12 klukkustunda fartíma og 12 flugtök og lendingar í samræmi við a-lið FCL.240.G en þær skulu ekki viðurkenndar upp í kröfurnar í ii. lið 1. liðar a-liðar FCL.240.G.“

4) Í stað a-liðar í FCL.055 kemur eftirfarandi:

„a) Almennt. Flugmenn í flugvélum, þyrlum, vænghnitum, loftskipum og þyrilflugum, sem krafa er um að noti talstöðvar, skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna og áritana nema í skírteini þeirra sé skráð tungumálafærni í annaðhvort ensku eða því tungumáli sem notað er í talstöðvarfjarskiptum í viðkomandi flugi. Tungumálið, kunnáttustigið og gildisdagurinn skulu koma fram í skráningunni og skal hún gerð í samræmi við málsmeðferð sem lögbært yfirvald kemur á. Í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka er starfrækslustigið (4. stig) lægsta ásættanlega stig tungumálafærni.“

5) Í stað inngangsmálsliðar b-liðar í FCL.060 kemur eftirfarandi:

„b) Flugvélar, þyrlur, vænghnitur, loftskip, loftför sem geta lent og hafið flug lóðrétt (loftfar með VTOL-getu (e. VTOL-capable aircraft, VCA)) og þyrilflugur. Flugmaður skal ekki starfrækja loftfar í flutningaflugi eða til að flytja farþega:“.

6) Í stað fyrirsagnar C-kafla kemur eftirfarandi:

„C-KAFLI - EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI (PPL) OG FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR ÞYRILFLUGUR (GPL)“.

7) Í stað FCL.200 kemur eftirfarandi:

„**FCL.200 Lágmarksaldur**

Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini eða flugmannskírteini fyrir þyrilflugur skulu vera a.m.k. 17 ára gamlir.“

8) Í stað FCL.205 kemur eftirfarandi:

„**FCL.205 Skilyrði**

a) Umsækjendur um útgáfu einkaflugmannsskírteinis skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokks- eða tegundaráritun þess loftfars sem notað var í færniprófinu, eins og ákvarðað er í H-kafla.

b) Umsækjendur um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokk eða tegund þess loftfars sem notað var í færniprófinu.“

9) Í stað FCL.210 kemur eftirfarandi:

„**FCL.210 Þjálfunarnámskeið**

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini eða flugmannskírteini fyrir þyrilflugur skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki.

b) Námskeiðið skal fela í sér bóklegt og verklegt flugnám sem samsvarar réttindum sem veitt eru í tengslum við einkaflugmannsskírteini eða flugmannskírteini fyrir þyrilflugur sem sótt er um.

c) Heimilt er að ljúka bóklegu og verklegu flugnámi hjá öðru yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunar fyrirtæki en þar sem umsækjendur hófu þjálfun sína.“

10) Í stað inngangsorðanna í FCL.215 kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar, sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:“

11) Í stað a-liðar í lið FCL.235 kemur eftirfarandi:

„a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og viðhafa viðeigandi verklag og flugbrögð með hæfni sem hæfir veittum réttindum.“

12) Nýjum 5. þætti er bætt við:

„*5. ÞÁTTUR*

Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugu:

FCL.205.G Flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur – Réttindi

a) Handhafi flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri á þyrilflugum:

1) án þóknunar í tengslum við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni,

2) við farþegaflutninga en aðeins ef hann hefur lokið tíu klukkustunda fartíma sem flugstjóri á þyrilflugum eftir útgáfu skírteinisins.

b) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar hér að framan er handhafa flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur,

3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við áritanir og réttindi sem tengjast kennara- eða prófdómaraskírteininu, eftir því sem við á.

c) Handhafar flugmannsskírteina fyrir þyrilflugur skulu aðeins neyta réttinda flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur um nýlega reynslu og aðeins ef þeir hafa gilt heilbrigðisvottorð sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er.

FCL.210.G Fugmannsskírteini fyrir þyrilflugur (GPL) – Kröfur um reynslu og viðurkenning

a) Umsækjandi um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugu skal hafa lokið a.m.k. 35 klukkustunda flugkennslu á þyrilflugum, þar af mega fimm klukkustundir hafa farið fram í flughermisþjálfa, þ.m.t. a.m.k.:

1) 20 klukkustunda flug með kennara [áður þýtt sem fartími með kennara] og

2) 8 einflugstímar undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. fjórir einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur), þar sem tvær stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

b) Viðurkenningar. Umsækjandi sem er handhafi flugmannsskírteinis fyrir aðra gerð loftfars, að undanskildum skírteinum fyrir loftbelgi, skal hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjóri á slíku loftfari, þó ekki meira en tíu klukkustundir. Hvað sem öðru líður skal ekki veita viðurkenningu fyrir kröfurnar í 2. lið a-liðar.

c) Heimilt er að veita umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar á þyrilflugum, sem hafa hámarksflugtaksmassa sem er að lágmarki 450 kg, viðurkenningu upp í kröfurnar í a-lið. Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af yfirlýsta eða samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem umsækjandinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugmats en má ekki við neinar aðstæður vera umfram eftirfarandi:

1) heildarfartíma sem flugstjóri,

2) 50% af þeim fjölda klukkustunda sem gerð er krafa um í a-lið.

Hvað sem öðru líður skal ekki veita viðurkenningu fyrir kröfurnar í 2. lið a-liðar.

FCL.235.G Flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur (GPL) – Réttindi fyrir flokka, tegundir og afbrigði þyrilflugna

a) Að því er varðar veitingu flugmannsskírteina fyrir þyrilflugur í samræmi við þennan viðauka skal skipta þyrilflugum í eftirfarandi flokka og tegundir:

1) flokk þyrilflugna með eina loftskrúfu (SPG): einstjórnarþyrilflugur þar sem einni miðjusettri loftskrúfueiningu er stjórnað með einni aflstýringu og einni af eftirfarandi tegund hreyfla:

a) strokkhreyflakerfi sem getur, sé það svo tilgreint í kjölfar vottunarferlisins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samanstaðið af fleiri en einum strokkhreyfli,

b) rafhreyflakerfi sem getur, sé það svo tilgreint í kjölfar vottunarferlisins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samanstaðið af fleiri en einum rafhreyfli,

c) tvinnhreyflakerfi, sem samanstendur af strokk- og rafhreyflum, sé það svo tilgreint í kjölfar vottunar ferlisins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

2) tegundir þyrilflugna þar sem gerð er krafa um sérstök tegundarréttindi eins og ákvarðað er í kjölfar vottunarferlisins í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur skulu fá útgefin réttindi fyrir þann flokk eða tegund þyrilflugna sem færniprófið var þreytt í. Til að fá viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða tegund skulu handhafar flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur ljúka öllu eftirfarandi í flokknum eða tegundinni sem um ræðir:

1) þriggja klukkustunda flugkennslu eftir atvikum, nema annað komi fram í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, þ.m.t.:

i. 10 flugtök og lendingar með kennara og

ii. 10 flugtök og lendingar í einflugi undir umsjón,

2) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni í hinum nýja flokki eða varðandi nýju tegundina. Meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á hinum flokknum eða hinni tegundinni í eftirfarandi námsgreinum:

i. verklagsreglur í flugi,

ii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

iii. almenn þekking á loftförum.

c) Vilji flugmaður fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði innan sama flokks eða tegundar er þess krafist að hann gangist undir mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun. Sú mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun skal, eftir atvikum, samrýmast gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins eða í sambærilegt skjal og skal kennari undirrita færsluna. Þegar veita á viðbótarréttindi fyrir flokk þyrilflugna með eina loftskrúfu (SPG) þannig að þau taki til afbrigðis með annarri tegund hreyfils, eins og tilgreint er í 1. lið a-liðar, skal mismunarþjálfunin samanstanda af flugi með kennara [áður þýtt sem fartími með kennara] og bóklegri kennslu, sem skal fela í sér, að því er varðar hina tegundina af hreyfli og tilheyrandi loftfarskerfi, a.m.k. allt eftirfarandi:

1) verklagsreglur í flugi,

2) afkastageta í flugi og gerð áætlana,

3) almenn þekking á loftförum.

FCL.240.G Flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur (GPL) – Kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna í sértækum flokki eða tegund þyrilflugu ef þeir hafa á næstliðnum tveimur árum uppfyllt eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrði sem flugmenn þyrilflugna í viðeigandi flokki eða tegund:

1) þeir hafi lokið a.m.k. 12 klukkustunda fartíma sem flugstjórar eða þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara, þ.m.t.:

i. 12 flugtök og lendingar,

ii. upprifjunarþjálfun, sem kennari telur fullnægjandi og sem er a.m.k. ein klukkustund af heildarfartíma með kennara, sem skal velja þessar flugæfingar, sem gerir umsækjandanum kleift að rifja upp hæfni sína til að starfrækja loftfar á öruggan hátt og beita verklagsreglum við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

2) þeir hafi staðist hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur með prófdómara. Áætlunin um hæfnipróf skal byggð á færniprófinu fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur.

b) Handhafar flugmannsskírteinis með réttindi fyrir flokk þyrilflugna með eina loftskrúfu sem, í samræmi við c-lið FCL.235.G, hafa fengið viðbótarréttindi fyrir afbrigði með annarri tegund hreyfils, eins og tilgreint er í a-lið FCL.235.G, skulu, ef þeir hafa ekki flogið viðkomandi afbrigði innan næstliðinna tveggja ára, ljúka einhverju af eftirtöldu áður en þeir neyta réttinda sinna á því afbrigði:

1) frekari mismunarþjálfun í samræmi við c-lið FCL.235.G,

2) hæfniprófi,

3) upprifjunarþjálfun í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar.

c) Skrá skal flug með kennara og einflug undir umsjón kennara, í samræmi við inngangsorð 1. liðar a-liðar, upprifjunarþjálfunina, í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar og 3. lið b-liðar, og hæfniprófið, í samræmi við 2. lið a-liðar og 2. lið b-liðar, í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegt skjal, og skal kennarinn eða prófdómarinn undirrita færsluna, eftir því sem við á.“

13) Í stað a-liðar í lið FCL.700 kemur eftirfarandi:

„a) Handhafar flugmannsskírteinis skulu aðeins starfa sem flugmenn loftfars ef þeir hafa gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema í eftirfarandi tilvikum:

1) þeir neyti réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur,

2) þeir taki færnipróf eða hæfnipróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana,

3) þeir fái flugkennslu,

4) þeir séu handhafar reynsluflugsáritunar sem gefin er út í samræmi við FCL.820.“

14) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.810:

a) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðinu skal ljúka innan sex mánaða og það samanstanda af:

i. fimm klukkustunda bóklegri kennslu,

ii. tíu blindflugskennslutímum fyrir þyrlu og

iii. fimm klukkustunda fartíma að nóttu til, þ.m.t. þriggja klukkustunda fartíma með kennara, þar af a.m.k. einni klukkustund í landflugsleiðsögu og fimm umferðarhringjum í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

Umsækjandi sem hefur eða hefur haft blindflugsáritun á flugvél eða ferðavélsvifflugu skal hljóta viðurkenningu fyrir fimm klukkustundir upp í kröfuna í ii. lið 2. liðar hér að framan.“

2) Ákvæði 3. liðar falla brott.

b) Eftirfarandi nýjum c-lið er bætt við:

„c) Þyrilflugur. Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa:

1) lokið a.m.k. 50 klukkustunda fartíma sem flugmaður á þyrilflugum eftir útgáfu skírteinisins, þ.m.t. a.m.k. 20 klukkustunda fartíma sem flugstjóri á þyrilflugum og 20 klukkustunda fartíma í landflugi,

2) lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðinu skal ljúka innan sex mánaða og það samanstanda af:

i. fimm klukkustunda bóklegri kennslu,

ii. þremur blindflugskennslutímum á þyrilflugu og

iii. fimm klukkustunda fartíma að nóttu til, þ.m.t. þriggja klukkustunda fartíma með kennara, þar af a.m.k. einni klukkustund í landflugsleiðsögu og fimm umferðarhringjum í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

Umsækjandi sem hefur eða hefur haft blindflugsáritun á flugvél eða þyrlu skal hljóta viðurkenningu fyrir tvær klukkustundir upp í kröfuna í ii. lið 2. liðar hér að framan. Umsækjandi sem hefur næturflugsáritun á flugvél, þyrlu eða ferðavélsvifflugu skal hljóta fulla viðurkenningu fyrir þann þátt sem er tilgreindur í i. lið 2. liðar.“

15) Í stað a-liðar í lið FCL.905.FI kemur eftirfarandi:

„a) einkaflugmannsskírteini, flugmannsskírteini fyrir létt loftför, flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur á viðeigandi gerð loftfars,“.

16) Eftirfarandi nýjum 4. lið er bætt við í c-lið FCL.910.FI:

„4) fyrir flugkennara á þyrilflugur:

i. 100 klukkustunda flugkennslu á þyrilflugur og hefur enn fremur haft umsjón með a.m.k. 25 einflugum,

ii. ef um er að ræða flugkennara á þyrilflugur sem er einnig handhafi vottorðs flugkennara á flugvél eða þyrlu og uppfyllir kröfur 1. eða 2. liðar, eftir því sem við á, 25 klukkustunda flugkennslu á þyrilflugur og hefur þar að auki haft umsjón með a.m.k. 10 einflugum flugnema.“

17) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.915.FI:

a) Í stað inngangsorðanna í a-lið kemur eftirfarandi:

„a) hvað varðar flugkennara á flugvélar, flugkennara á þyrlur og flugkennara á þyrilflugur:

b) Eftirfarandi nýjum lið ca er bætt við:

„ca) að auki, fyrir flugkennara á þyrilflugur, hafa lokið a.m.k. 150 klukkustunda fartíma á þyrilflugum, þar af a.m.k. 100 klukkustundir sem flugstjóri.“

18) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.930.FI:

a) Í stað i. liðar 3. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„i. hvað varðar flugkennara á flugvélar, þyrlur og þyrilflugur, a.m.k. 30 klukkustunda flugkennslu, þar af skulu 25 klukkustundir vera flug með kennara, þar af mega fimm klukkustundir fara fram í flughermi með fullri hreyfingu, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flugþjálfunartæki 2/3,“.

b) Ákvæði 4. liðar b-liðar falla brott.

c) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Umsækjendur um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars, sem eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur, loftskip eða þyrilflugur skulu hljóta viðurkenningu fyrir 55 klukkustundir upp í kröfuna í 2. lið b-liðar.“

d) Eftirfarandi nýjum d- og e- lið er bætt við:

„d) Umsækjendur um vottorð flugkennara á þyrilflugur sem eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 15 klukkustundir upp í kröfuna í i. lið 3. liðar b-liðar, þar af mega að hámarki 10 klukkustundir vera viðurkenning upp í kröfuna um flugkennslu frá kennara.

e) Umsækjendur um vottorð flugkennara sem eru eða hafa verið handhafar annarra kennaravottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, skulu teljast standast kröfurnar í 1. lið b-liðar.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið FCL.940.FI:

a) Eftirfarandi nýjum C-lið er bætt við í i. lið 1. liðar:

„C) hvað varðar flugkennara á þyrilflugur: a.m.k. 50 klukkustunda flugkennslu á þyrilflugum sem flugkennarar eða sem prófdómarar,“.

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugkennara á flugvélar, flugkennara á þyrlur eða flugkennara á þyrilflugur eða þriðju hverja framlengingu á vottorði flugkennara á loftskip skulu handhafar viðeigandi flugkennaravottorða standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.“

20) Eftirfarandi nýjum d-lið er bætt við FCL.1005.FE:

„d) Flugprófdómari fyrir þyrilflugur (FE(G)) Réttindi flugprófdómara fyrir þyrilflugur eru þau að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugu og fyrir tengd réttindi að því er varðar flokka og tegundir þyrilflugna, að því tilskildu að flugprófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 klukkustunda fartíma sem flugmaður á þyrilflugum, þ.m.t. a.m.k. 100 klukkustunda flugkennslu, þar af mega að hámarki 40 klukkustundir vera flugkennsla flugkennara á flugvélar eða þyrlur.“

21) Í stað c-liðar FCL.1005.FIE kemur eftirfarandi:

„c) Flugkennaraprófdómari fyrir loftskip (FIE(As)) og flugkennaraprófdómari fyrir þyrilflugur (FIE(G)). Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir loftskip og þyrilflugur eru þau að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun kennaravottorða á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.“

22) Eftirfarandi nýjum d-lið er bætt við FCL.1010.FIE:

„d) Flugkennaraprófdómari fyrir þyrilflugur (FIE(G)). Umsækjendur um vottorð flugkennaraprófdómara fyrir þyrilflugur skulu:

1) hafa vottorð flugkennara á þyrilflugur,

2) hafa lokið 1000 klukkustunda fartíma sem flugmenn á þyrilflugum og

3) hafa lokið a.m.k. 100 klukkustunda fartíma við kennslu umsækjenda um vottorð flugkennara á þyrilflugur. Ef um er að ræða umsækjendur með vottorð flugkennaraprófdómara á flugvélar (FIE(A)) eða þyrlur (FIE(H)) fer þessi krafa niður í 50 klukkustundir.“

23) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið A-þáttar 1. viðbætis:

a) Í stað fyrirsagnar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini og flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur“.

b) Eftirfarandi nýjum lið 1.5 er bætt við:

„1.5 Að því er varðar útgáfu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur skulu handhafar flugmannsskírteinis fyrir flugvélar eða þyrlur í samræmi við þessa reglugerð hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur um kennslu í bóklegri þekkingu og prófkröfur í eftirfarandi námsgreinum:

a) lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjórn,

b) mannleg geta,

c) veðurfræði,

d) fjarskipti,

e) flugleiðsaga.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum 2. liðar c-liðar MED.A.030 í IV. viðauka (MED-HLUTA) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

„2) einkaflugmannsskírteinis eða flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugur skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,“.

———

III. VIÐAUKI

Sniðmátinu, sem kemur á eftir c-lið í I. viðbæti í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað setningarinnar „Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför (LAPL) og grunnblindflugsáritana (BIR) eða þegar heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför fylgir með“ kemur eftirfarandi:

„Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför (LAPL), flugmannsskírteina fyrir þyrilflugur (GPL) og grunnblindflugsáritana eða þegar heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför fylgir með.“

b) Í stað setningarinnar „EASA-eyðublað nr. 141, 2. útgáfa“ kemur eftirfarandi:

„***EASA-eyðublað nr. 141, 3. útgáfa***“.

IV. VIÐAUKI

Í VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er eftirfarandi nýjum 5. lið bætt við í a-lið DTO.GEN.110:

„5) fyrir þyrilflugur:

a) kennslu í bóklegri þekkingu fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur,

b) flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir þyrilflugur,

c) þjálfun fyrir réttindi fyrir flokka og tegundir einstjórnarþyrilflugna,

d) þjálfun fyrir næturflugsáritun.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/133 **2025/EES/59/04**

frá 28. janúar 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfrækslu þyrilflugna, sem er ekki í ábataskyni, við sjónflugsskilyrði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur loftfara, eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2018/1139.

2) Nýjar tegundir þyrilflugna með hámarksflugtaksmassa sem er yfir 600 kg eru að koma inn á markað Evrópusambandsins. Gert er ráð fyrir að þessi loftför verði aðeins notuð í starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, við sjónflugsskilyrði. Þótt þessi loftför falli undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 eru þau ekki hluti af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eins og stendur.

3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að tryggja að til staðar séu hæfilegar og viðeigandi reglur Evrópusambandsins fyrir örugga starfrækslu þyrilflugna sem tryggja samræmda framkvæmd og hlítni við grunnkröfurnar sem um getur í 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að framkvæmdargerð og lagði hana fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem álit nr. 04/2024 ([3]) í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í 1. mgr. kemur orðið „þyrilvængna“ í stað orðsins „þyrlna“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/133, 29.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/965/oj).

([3]) https://www.easa.europa.eu/en/document-library/opinions/opinion-no-042024.

b) Eftirfarandi 8. mgr. er bætt við:

„8. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi starfrækslu sem framkvæmd er með þyrilflugum:

a) starfrækslu í ábataskyni að undanskilinni þeirri starfrækslu sem tilgreind er í 4. mgr. a í 6. gr.,

b) starfrækslu sem framkvæmd er samkvæmt blindflugsreglum.“

2) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. gr. sem 15. lið:

„15) „þyrilfluga“: tegund þyrilvængju sem helst á flugi vegna verkana loftsins á allt að tvo þyrla sem snúast hindrunarlaust á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir.“

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 4. mgr. a bætist við:

„4a. Flugrekendur sem annast starfrækslu þyrilflugna, sem er ekki í ábataskyni, við sjónflugsskilyrði, skulu starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í VII. viðauka.“

b) Í b-lið 5. mgr. kemur orðið „þyrilvængjur“ í stað orðsins „þyrlur“.

4) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur orðið „þyrilvængjur“ í stað orðsins „þyrlur“.

5) Ákvæðum I. viðauka (Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.–IX. viðauka) og ákvæðum VII. viðauka (NCO-hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. febrúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka (Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.–IX. viðauka) er breytt sem hér segir:

   a) í 30. skilgreiningarlið koma orðin „eða þyrilflugur“ á eftir orðinu „flugvélar“,

   b) í ii. lið a-liðar í 69. skilgreiningarlið kemur orðið „þyrilvængjunni“ í stað orðsins „þyrlunni“,

   c) í b-lið í 82. skilgreiningarlið kemur orðið „þyrilvængjunni“ í stað orðsins „þyrlunni“.

2) Ákvæðum VII. viðauka (NCO-hluta) er breytt sem hér segir:

   a) Í stað NCO.GEN.115 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.GEN.115 Akstur flugvéla eða þyrilflugna**

   Flugvél eða þyrilflugu skal aðeins ekið á athafnasvæði flugvallar ef einstaklingurinn við stjórn:

   a) er flugmaður, sem hefur tilskilin starfsréttindi, eða

   b) hefur verið tilnefndur af flugrekanda og:

      1) hefur hlotið þjálfun til að aka flugvélinni eða þyrilflugunni,

      2) hefur hlotið þjálfun til að nota talstöð ef talstöðvarfjarskipta [áður þýtt sem þráðlaus fjarskipti, fjarskipti] er krafist,

      3) hefur fengið kennslu, að því er varðar skipulag flugvallar, leiðir, skilti, merkingar, ljós, merki frá flugumferðarstjórn og leiðbeiningar, orðfæri og verklagsreglur og

      4) getur farið að tilskildum kröfum um starfrækslu fyrir örugga hreyfingu flugvéla eða þyrilflugna á flugvelli.“

   b) Í stað fyrirsagnar NCO.OP.120 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.OP.120 Verklagsreglur um hávaðamildun**“.

   c) Í stað fyrirsagnar NCO.OP.125 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.OP.125 Eldsneytis-/orku- og olíubirgðir**“.

   d) Í stað fyrirsagnar NCO.OP.155 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.OP.155 Reykingar um borð**“.

   e) Í stað fyrirsagnar NCO.OP.175 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.OP.175 Flugtaksskilyrði**“.

   f) Eftirfarandi liður NCO.OP.207 bætist við:

   „**NCO.OP.207 Aðflugs- og lendingarskilyrði — þyrilflugur**

   Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.“

   g) Í stað fyrirsagnar í 2. þætti D-kafla kemur eftirfarandi:

   „**2. ÞÁTTUR — ÞYRILVÆNGJA**“.

   h) Í stað 4. liðar a-liðar og 2. liðar c-liðar NCO.IDE.H.100 kemur orðið „þyrilvængja“ í stað orðsins „þyrla“.

   i) Í stað NCO.IDE.H.105 kemur eftirfarandi:

   „**NCO.IDE.H.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug**

   Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum þyrilvængjunnar, búnaði hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar, nema:

   a) þyrilvængjan sé starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL), ef hann er til staðar, eða

b) þyrilvængjan hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.“

j) Í stað NCO.IDE.H.115 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.115 Ljós á þyrilvængjum**

Þyrilvængjur sem starfræktar eru að nóttu til skulu búnar:

a) blikljósakerfi,

b) siglingaljósum,

c) lendingarljósi,

d) ljósum, sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrilvængjunnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu þyrilvængjunnar,

e) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrilvængjunnar og lýsa upp alla farþegaklefa,

f) vasaljósum fyrir hvern vinnureit flugverja og

g) ljósum, sem samræmast alþjóðareglum, til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef þyrilvængjuna má nota jafnt á landi og í vatni.“

k) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á NCO.IDE.H.120:

i. Í stað orðsins „þyrla“ í a-lið kemur orðið „þyrilvængja“.

ii. Í stað inngangsmálsliðarins í b-lið kemur eftirfarandi:

„b) Þyrilvængjur, sem starfræktar eru við sjónflugsskilyrði að nóttu til, eða þegar skyggni er minna en 1500 m, eða við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þyrilvængjunni á æskilegri flugslóð án þess að notast verði við eitt viðbótartæki eða fleiri, skulu, til viðbótar við a-lið, búnar:“.

iii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þyrilvængjur, sem starfræktar eru þegar skyggni er minna en 1500 m eða við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þyrilvængjunum á æskilegri flugslóð án þess að notast við eitt viðbótartæki eða fleiri, skulu, til viðbótar við a- og b-lið, búnar búnaði til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfinu, sem krafist er í 4. lið a-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar.“

l) Í NCO.IDE.H.135 kemur orðið „Þyrilvængjur“ í stað orðsins „Þyrlur“.

m) Í stað NCO.IDE.H.140 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.140 Sæti, sætisbelti, festibúnaður og festibúnaður fyrir börn**

a) Þyrilvængjur skulu búnar:

1) sæti eða legurúmi fyrir hvern farþega um borð sem er 24 mánaða eða eldri, eða vinnureit fyrir hvern flugverja eða sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð,

2) sætisbelti fyrir hvert farþegasæti og festingar fyrir hvert legurúm, og festibúnaði fyrir hvern vinnureit,

3) sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols fyrir hvern farþega sem er 24 mánaða eða eldri, fyrir þyrilvængjur með lofthæfivottorð [áður þýtt sem sérstakt lofthæfivottorð], sem fyrst var gefið út eftir 31. desember 2012,

4) festibúnaði fyrir börn fyrir alla einstaklinga um borð sem eru yngri en 24 mánaða og

5) sætisbelti í hverju sæti flugliða með festibúnaði sem sjálfkrafa heldur efri hluta bols þess sem situr í sætinu við snögga hraðalækkun.

b) Sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols skal vera hægt að losa með einu átaki.“

n) Í a-lið NCO.IDE.H.145 kemur orðið „Þyrilvængjur“ í stað orðsins „Þyrlur“.

o) Í stað NCO.IDE.H.155 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.155 Viðbótarsúrefni — þyrilvængjur án jafnþrýstibúnaðar**

Þyrilvængjur án jafnþrýstibúnaðar, sem eru starfræktar við aðstæður þar sem gerð er krafa um súrefnisbirgðir í samræmi við NCO.OP.190, skulu hafa búnað til að geyma og gefa súrefni af þeim birgðum sem gerð er krafa um.“

p) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar í NCO.IDE.H.160 kemur eftirfarandi:

„a) Þyrilvængjur, að ELA2-þyrlum undanskildum, skulu búnar a.m.k. einu handslökkvitæki:“.

q) Í stað inngangsmálsliðarins í NCO.IDE.H.165 kemur eftirfarandi:

„Ef á bol þyrilvængjunnar eru merktir staðir, sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skulu þeir merktir með þeim hætti sem sýndur er á mynd 1.“

r) Í stað NCO.IDE.H.170 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.170 Neyðarsendir (ELT)**

a) Þyrilvængjur, sem hafa skráðan hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir sex eða fleiri, skulu búnar:

1) sjálfvirkum neyðarsendi og

2) einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) í björgunarbát eða björgunarvesti, þegar þyrilvængjunni er flogið í fjarlægð frá landi en sem svarar meira en þriggja mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.

b) Þyrilvængjur, sem hafa skráðan hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir sex eða færri skulu búnar neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB), sem flugverji eða farþegi hefur á sér, eða búnar sjálfvirkum neyðarsendi.

c) Neyðarsendar af hvaða gerð sem er og neyðarsendar fyrir einstaklinga (PLB) skulu geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.“

s) Í stað NCO.IDE.H.175 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.175 Flug yfir hafi eða vatni**

a) Þyrilvængjur skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling sem er um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð sem er yngri en 24 mánaða, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða legurúmi þess sem þau eru ætluð, þegar:

1) flogin er vegalengd yfir hafi eða vatni, sem er lengri en sem nemur vegalengd á sjálfsnúningi þyrils, ef þyrilvængjan nær ekki að halda láréttu flugi þegar bilun á sér stað í markhreyfli, eða

2) flogin er vegalengd yfir hafi eða vatni fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi, ef þyrilflugan nær ekki að halda láréttu flugi þegar bilun á sér stað í markhreyfli, eða

3) flogin er vegalengd yfir hafi eða vatni, sem samsvarar meira en tíu mínútum á eðlilegum farflugshraða, ef þyrilvængjur ná að halda láréttu flugi þegar bilun á sér stað í markhreyfli eða

4) þær hefja sig á loft eða lenda á flugvelli/starfrækslusvæði þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir hafi eða vatni.

b) Sérhvert björgunarvesti eða sambærilegur flotbúnaður skal útbúinn með raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

c) Flugstjóri á þyrilvængju, sem flogið er yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem nemur 30 mínútum á eðlilegum farflugshraða eða 50 sjómílum, hvort sem er styttra, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í þyrilvængjunni lifi af nauðlendingu á hafi eða vatni og út frá því skal hann ákvarða hvort þyrilvængjan skuli hafa:

1) búnað til að senda frá sér neyðarmerki,

2) nægilega marga björgunarbáta til að rúma alla um borð sem skulu geymdir þannig að þeir séu auðveldlega tiltækir í neyðarástandi og

3) björgunarbúnað, þ.m.t. lífsviðhaldsbúnað sem hentar fyrir það flug sem fyrirhugað er hverju sinni.

d) Flugstjórinn skal meta áhættuna, sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í þyrilvængjunni lifi af nauðlendingu á hafi eða vatni, þegar hann tekur ákvörðun um það hvort allir í þyrilvængjunni skuli klæðast björgunarvestunum sem gerð er krafa um í a-lið.“

t) Í NCO.IDE.H.180 kemur orðið „Þyrilvængjur“ í stað orðsins „Þyrlur“.

u) Í stað NCO.IDE.H.185 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.185 Allar þyrilvængjur í flugi yfir hafi eða vatni — nauðlending á hafi eða vatni**

Þyrilvængjur í flugi yfir hafi eða vatni á ótryggu hafsvæði lengra en 50 sjómílum frá landi skulu uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) þær eru hannaðar þannig að þær geti lent á hafi eða vatni í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir,

b) þær hafa vottorð til að nauðlenda á hafi eða vatni í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir,

c) þær eru búnar neyðarflotbúnaði.“

v) Í stað NCO.IDE.H.190 kemur eftirfarandi:

„**NCO.IDE.H.190 Talstöðvarfjarskiptabúnaður**

a) Þegar þess er krafist í loftrýminu sem flogið er í skal í þyrilvængjum vera talstöðvarfjarskiptabúnaður til tvíátta fjarskipta við þær flugfjarskiptastöðvar og á þeirri tíðni sem þarf til að uppfylla loftrýmiskröfur.

b) Talstöðvarfjarskiptabúnaðinn, ef hans er krafist í a-lið, skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.

c) Þegar þörf er á fleiri en einum talstöðvarfjarskiptabúnaði skal hver þeirra vera óháður hinum þannig að bilun eins þeirra valdi ekki bilun annars.

d) Þegar gerð er krafa um talstöðvarfjarskiptakerfi, til viðbótar við talkerfi flugáhafnar sem gerð er krafa um í NCO.IDE.H.135, skulu þyrilvængjur búnar sendihnappi á stýri hvers flugmanns og/eða flugverja, sem krafist er í áhöfn, á vinnureit viðkomandi.“

w) Í NCO.IDE.H.200 kemur orðið „þyrilvængjur“ í stað orðsins „þyrlur“.

y) Eftirfarandi nýjum lið NCO.SPEC.172 er bætt við:

„**NCO.SPEC.172 Viðmið fyrir afkastagetu og starfrækslu — þyrilflugur**

Þegar þyrilflugu er flogið í minna en 150 m (500 feta) hæð utan þéttbýlis, og ef um er að ræða starfrækslu þyrilflugu sem nær ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil, skal flugstjórinn hafa:

a) sett verklagsreglur til að draga úr afleiðingum af völdum hreyfilbilunar og

b) upplýst alla flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum um borð um verklagsreglurnar sem skal fylgja ef um nauðlendingu er að ræða.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/181 **2025/EES/59/05**

frá 31. janúar 2025

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393 að því er varðar niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Leyfi fyrir natríumbísúlfati var endurnýjað til 10 ára sem fóðuraukefni til notkunar fyrir allar dýrategundir, aðrar en lagardýr, í flokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og fyrir allar tegundir landdýra aðrar en ketti, minka, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2393 ([2]). Með henni var einnig felld úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1416 ([3]).

2) Hins vegar var framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 felld úr gildi fyrir mistök þar eð notkun á natríumbísúlfati var leyfð til 10. september 2025 með þeirri framkvæmdarreglugerð fyrir lagardýr sem fóðuraukefni í flokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og fyrir lagardýr sem gefa af sér afurðir til manneldis sem fóðuraukefni í flokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“.

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393 með því að fella brott ákvæðið um að fella úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 og breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 til að tilgreina þær dýrategundir þar sem notkun á natríumbísúlfati er áfram leyfð til 10. september 2025.

4) Til að koma í veg fyrir röskun á markaði og skaðleg áhrif fyrir viðkomandi rekstraraðila vegna þess að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 var fyrir mistök felld úr gildi ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst og gilda afturvirkt frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2393.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/181, 3.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2393 frá 9. september 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir natríumbísúlfati og leyfi fyrir nýrri notkun efnisins sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtíð. ESB L, 2024/2393, 10.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2393/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1416 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1416/oj).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393

Í stað 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2393 kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Tegund eða flokkur dýra“ kemur flokkurinn „Lagardýr“ í stað flokksins „Allar dýrategundir aðrar en kettir og minkar“ og flokkarnir „Kettir“ og „Minkar“ falla brott.

   b) Færslurnar „20 000“ og „10 000“ í áttunda dálki sem ber yfirskriftina „Hámarksinnihald“ falla brott.

2) Í stað flokksins „Allar dýrategundir aðrar en kettir, minkar, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis“ í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Tegund eða flokkur dýra“ í II. viðauka kemur flokkurinn „Lagardýr sem gefa af sér afurðir til manneldis“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. september 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/187 **2025/EES/59/06**

frá 31. janúar 2025

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumpróp íónati, kalsíumpróp íónati og ammóníumpróp íónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati sem fóðuraukefnum var leyfð til 10 ára með framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/415 ([2]) fyrir alifugla, svín og gæludýr með hámarksinnihald sem nemur 2 500 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald og fyrir allar aðrar dýrategundir aðrar en fiska án hámarksinnihalds. Samkvæmt álitum sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 1. febrúar 2012 ([3]) og 6. maí 2021 ([4]) var hins vegar eingöngu sýnt fram á öryggi notkunar á þessum þremur aukefnum, sem um er að ræða, fyrir jórturdýr án þess að fastsetja þurfi hámarksinnihald.

2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnin natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262) og kalsíumasetat (auðkennt sem 1a263), var færslu sem varðar órokgjörn efni bætt fyrir mistök í dálkinn „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ undir fyrirsögninni „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“.

3) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnið natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262), voru samsetning aukefnisins og lýsing á eiginleikum virka efnisins tilgreindar fyrir mistök.

4) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnið mjólkursýra (auðkennt sem 1a270), ætti dálkurinn „Hámarksinnihald“ að vísa til magns virka efnisins en ekki aukefnisins.

5) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/187, 3.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/415 frá 11. mars 2022 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumpróp íónati, kalsíumpróp íónati og ammóníumpróp íónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 85, 14.3.2022, bls. 6; ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/415/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2571.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6615.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á leiðréttingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir aukefnunum ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla kröfurnar sem fylgja leiðréttingunum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 er leiðréttur sem hér segir:

1) Þriðji dálkurinn „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ er leiðréttur sem hér segir:

a) Orðin „Órokgjörn efni ≤ 30 mg/kg“ í færslu 1a263 um kalsíumasetat í textanum undir fyrirsögninni „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“ falla brott.

b) Í stað textans undir fyrirsögnunum „Samsetning aukefnis“ og „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“ í færslu 1a262 um natríumdíasetat kemur eftirfarandi:

„*Samsetning aukefnis*

Natríumdíasetat ≥ 97%

Fast form

Lýsing á eiginleikum virka efnisins

Natríumdíasetat (vatnsfrítt og tríhýdrat) $NaC_4H_7O_4$

CAS-nr. 126-96-5

Natríumasetat ≥ 58%

Ediksýra ≥ 39%

Vatn ≤ 2%

Maurasýra og sölt hennar og annað oxanlegt efni ≤ 1 g/kg

Framleitt með efnasmíði“.

2) Í stað flokks dýra „Alifuglar, svín, gæludýr“ í færslum 1a260 um ediksýru, 1a262 um natríumdíasetat og 1a263 um kalsíumasetat í fjórða dálki „Tegund eða flokkur dýra“ kemur „Allar dýrategundir aðrar en fiskar og jórturdýr“ og í stað flokks dýra „Allar dýrategundir aðrar en fiskar“ kemur „Jórturdýr“.

3) Í stað fyrirsagnarinnar „mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald“ í færslu 1a270 um mjólkursýru í sjötta dálki „Lágmarksinnihald/hámarksinnihald“ kemur „mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aukefnin ediksýra (auðkennt sem 1a260), natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262) og kalsíumasetat (auðkennt sem 1a263) og forblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. ágúst 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnin eða forblöndurnar sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 23. febrúar 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda aukefnin eða forblöndurnar sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 23. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/272 **2025/EES/59/07**

frá 12. febrúar 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir L-systíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) L-systín var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1006/2013 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir L-systíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. apríl 2024 ([3]) að enginn öryggisvandi stafi af notkun á L-systíni fyrir marktegundirnar, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi fyrir notendur er einnig komist að þeirri niðurstöðu að L-systín teljist ekki ertandi fyrir húð eða augu og teljist ekki vera húðnæmir en að ekki sé hægt að útiloka váhrif við innöndun á einstaklinga sem meðhöndla aukefnið. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á mati á verkun L-systíns þar eð umsóknin um endurnýjun leyfisins feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu að því er þetta varðar eða viðbót við þau.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferðir fyrir L-systín sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Þó uppfærði tilvísunarrannsóknarstofan síðar matsskýrsluna, sem lögð var fram í tengslum við fyrra leyfi, til að taka tillit til vísinda- og tækniþróunar og til að tryggja að greiningaraðferðir henti betur fyrir opinbert eftirlit. Matvælaöryggisstofnunin sannprófaði breyttu skýrsluna um aðferðir til að greina L-systín sem fóðuraukefni sem tilvísunarrannsóknarstofan lagði fram ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/272, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1006/2013 frá 18. október 2013 um leyfi fyrir L-systíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 59, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1006/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8800.

([4]) Fundargerð frá fundi vísindanefndarinnar um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður frá 15.–16. október 2024 er aðgengileg á: https://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/2024-10/178th-plenary-meeting-of-the-feedap-panel-minutes.pdf.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-systín uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Að því er varðar greiningaraðferðir ætti að taka tillit til uppfærðrar matsskýrslu tilvísunarrannsóknarstofunnar. Rétt þykir að benda notendum á að taka tillit til þess að viðbót L-systíns skuli háð þörfum markdýra fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein og styrk annarra amínósýra, sem innihalda brennistein, í skammtinum. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir L-systíni sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir efninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1006/2013

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið L-systín, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
3c391	L-systín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98,5% L-systíninnihald Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-systín, framleitt með vatnsrofi á hyrni úr alifuglafjöðrum IUPAC-heiti: (2R)-2-amínó-3-[(2R)-2-amínó-3-hýdroxý-3-oxóprópýl]dísúlfanýlprópansýra CAS-númer: 56-89-3 Efnaformúla: $C_6H_{12}N_2O_4S_2$ *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-systín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-cystine monograph“ Til að ákvarða systín í fóðuraukefninu: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Á merkimiða aukefnis og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: — „Viðbót L-systíns skal háð þörfum markdýra fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein og styrk annarra amínósýra, sem innihalda brennistein, í skammtinum.“ 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. mars 2035

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni								
		Til að ákvarða systín í forblöndum: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2]) eða — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) Til að ákvarða systín í fóðurblöndum: — Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/273 **2025/EES/59/08**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst í áliti sínu frá 26. júní 2024 ([2]) að þeirri niðurstöðu að *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 og samsetta aukefnið séu örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda ætti aukefnið að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir og öll váhrif um húð og öndunarveg teljast vera áhætta. Sýnt var fram á að ein blanda sé hvorki húð- né augnertandi. Viðbót *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis getur bætt framleiðslu votfóðurs úr fersku efni með þurrefnisinnihald á bilinu 30–35%. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/273, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.* 2024, 22, e8903.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k20763	*Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð (eða áhellingaraðferð) með MRS-agar – EN 15787 Sanngreining á *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Nota skal aukefnið eingöngu með fersku plöntuefni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 4. Pólýetýlenglýkól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs.	5. mars 2035

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
							5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/275 **2025/EES/59/09**

frá 12. febrúar 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir kanínur aðrar en kanínuunga á spena og undaneldiskanínur (leyfishafi er S. I. Lesaffre) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 var leyfð til 10 ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 27. júní 2024 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram sönnunargögn um að blandan með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sé áfram örugg fyrir marktegundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru leyfð sem stendur. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sé ekki húð- og augnertandi en ætti að teljast húð- og öndunarfæranæmir. Hún tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun blöndunnar með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/275, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012 frá 19. apríl 2012 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 (leyfishafi er Société Industrielle Lesaffre) (Stjtíð. ESB L 108, 20.4.2012, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/334/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.* 2024 22, e8910.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 úr gildi.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 er felld úr gildi.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, og sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, og eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1702	S. I. LESAFFRE	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem inniheldur að lágmarki 5×10^9 CFU/g Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Þurrkaðar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: áhellingar- eða dreifingaraðferð með agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN 15789). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790).	Kanínur aðrar en kanínuungar á spena og undaneldiskanínur	-	5×10^9	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. mars 2035

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/system/files/2013-02/FinRep-FAD-2010-0038.pdf.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/276 **2025/EES/59/10**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið negultinktúra úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þetta efni var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. apríl 2024 ([3]) að mjög ólíklegt sé að negultinktúra úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry skapi öryggisvanda fyrir marktegundir við tillagt notkunarmagn. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi skapist fyrir neytendur og umhverfið vegna notkunar á negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry við tillagt notkunarmagn í fóður. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að negultinktúra úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Þar eð blómknappar *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry og blöndur þeirra eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri væri í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/276, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(5), 8791.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að negultinktúra úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Matvælaöryggisstofnunin telur að tilvist efnanna metýlevgenóls og estragóls, sem gefa tilefni til áhyggna, krefjist fastsetningar á hámarksinnihaldi í heilfóðri og að blöndun negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry við önnur plöntuaukefni sé leyfð að því tilskildu að magn sömu efnanna sem gefa tilefni til áhyggna í fóðri og fóðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið negultinktúra úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry, sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b188-t	Negultinktúra	*Samsetning aukefnis* Tinktúra úr þurrkuðum blómknöppum *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry (samheiti: *Eugenia caryophyllata* Thunb.) Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Negultinktúra Tinktúra eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1) sem er fengin úr þurrkuðum blómknöppum *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry með framlengdum útdrætti með blöndu úr vatni og etanóli, pressun og síun. CoE-númer: 188 *Nákvæm skilgreining* — Þurrefnisinnihald: 1,57–1,77% — Heildarpólýfenól (2): ≤ 0,541% — Flavonóíð: ≤ 0,0418% — Evgenól: ≤ 0,00497% — Evgenýlasetat: > 0,00017 mg/ml — Metýlevgenól: ≤ 0,00022% — Estragól: ≤ 0,00009%	Allar dýrateg-undir, að undan-skildum dýrum af hestaætt	—	—	50	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöð-ugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun negultinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn metýlevgenóls og estragóls í fóðurefnum og fóður-blöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarks-magni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra.	5. mars 2035
			Dýr af hestaætt	—	—	200		

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
		Greiningaraðferð [3] Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — litrófsmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og flavonóíða — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) til að ákvarða evgenól (plöntuefnafræðilegt merkiefni), estragól, metýlevgenól og evgenýlasetat					4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).
([2]) Gefið upp sem galleplasýrujafngildi (GAE).
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/277 **2025/EES/59/11**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst í áliti sínu frá 26. júní 2024 ([2]) að þeirri niðurstöðu að *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 og samsetta aukefnið séu örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir, að öll váhrif um húð og öndunarveg séu talin áhætta og að sýnt hafi verið fram á að ein blanda sé hvorki húð- né augnertandi. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðbót *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis geti bætt framleiðslu votfóðurs úr öllu fersku plöntuefni með því að auka varðveislu næringarefna. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/277, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2024 22, e8904.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k21801	*Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem inniheldur að lágmarki 2×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form ——— *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 ——— *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð (eða áhellingaraðferð) með MRS-agar – EN 15787 Sanngreining á *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Pólýetýlenglýkól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. mars 2035

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/278 **2025/EES/59/12**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þetta efni var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. apríl 2024 ([3]) að sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sé örugg fyrir allar dýrategundir í tilteknum hámarksstyrk sem er frekar tilgreindur fyrir hverja tegund. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að ekki sé búist við öryggisvanda vegna notkunar á sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. fyrir neytendur upp að tillögðu hámarksnotkunarmagni í fóðri og að hún skapi ekki áhættu fyrir umhverfið við tillagt hámarksnotkunarmagn í fóðri. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Þar eð einstakir efnisþættir sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. eru viðurkenndir sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri væri í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/278, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22(5), 8799.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um fastsetningu hámarksinnihalds fyrir sedrusviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. af öryggisástæðum. Til að auðvelda betra eftirlit ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir ráðlagt hámarksinnihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblandna.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud., sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b91722-eo	Sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas)	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr viði *Juniperus deppeana* Steud. (samheiti: *Juniperus mexicana* Schiede) Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sedrusviðarilmkjarnaolía (Texas) Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]) sem er fengin úr viði *Juniperus deppeana* Steud. með gufueimingu og frekari þéttingu rokgjarnra innihaldsefna og aðskilnaði frá vatnsfasanum með afhellingu. CAS-númer: 91722-61-1 EINECS-númer: 294-461-7 *Nákvæm skilgreining* — *cis*-þújopsen: 25–35% — (+)-sedról: ≥ 20% — *α*-sedren: 15–25% — *β*-sedren: 3–8% *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða *cis*-þújopsen (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 4725)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — 7 mg fyrir eldiskalkúna, — 5 mg fyrir eldiskjúklinga, aðra alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps eða til undaneldis, — 5 mg fyrir skrautfugla, — 8 mg fyrir alla alifugla til varps eða undaneldis, — 12 mg fyrir eldissvín, — 10 mg fyrir fráfærugrísi og spenagrísi af öllum svínategundum, — 10 mg fyrir eldissvín af aukategundum svína, — 14 mg fyrir öll svín sem eru ætluð til undaneldis, — 15 mg fyrir eldiskálfa allt að 6 mánaða gamla, — 15 mg fyrir sauðfé og geitur, — 15 mg fyrir eldisnautgripi, önnur eldisjórturdýr, að undanskildu sauðfé og geitum, og dýr af úlfaldaætt til eldis,	5. mars 2035

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
							— 14 mg fyrir öll önnur jórturdýr og öll önnur dýr af úlfaldaætt, — 15 mg fyrir dýr af hestaætt, — 8,5 mg fyrir kanínur, — 15 mg fyrir laxfiska og aukategundir fiska, — 15 mg fyrir hunda, — 4 mg fyrir ketti, — 15 mg fyrir skrautfiska, — 4 mg fyrir aðrar tegundir og flokka.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/279 **2025/EES/59/13**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þetta efni var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og í virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. mars 2024 ([3]) að kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sé örugg fyrir allar dýrategundir í tilteknum hámarksstyrk sem er frekar tilgreindur fyrir hverja tegund. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að engin áhyggjuefni væru tilgreind fyrir neytendur eftir notkun á kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. við tillögð skilyrði og að ekki sé búist við að notkun hennar skapi áhættu fyrir umhverfið við tillögð skilyrði. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. ætti að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranæmir. Þar eð kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. er viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk hennar í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun hennar. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/279, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2024, 22(4), 8732.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um fastsetningu hámarksinnihalds fyrir kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. af öryggisástæðum. Til að auðvelda betra eftirlit ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnið. Þegar farið er yfir ráðlagt hámarksinnihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblandna.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið kajeputilmkjarnaolía úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L., sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b276-eo	Kajeput-ilmkjarnaolía	*Samsetning aukefnis* Ilmkjarnaolía úr laufum *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kajeputilmkjarnaolía Ilmkjarnaolía eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ([1]) sem er dregin út með gufueimingu úr laufum *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. CAS-númer: 8008-98-8 fyrir ilmkjarnaolíu úr *Melaleuca leucandendron L.* EINECS-númer: 931-800-6 FEMA-númer: 2225 CoE-númer: 276 *Nákvæm skilgreining* — 1,8-síneól (evkalyptól): 50–70% — α-terpíneól: 4–12% — d-límónen: 3–9% — metýlevgenól, estragól og safról. ≤ 0,01 mg/kg *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða 1,8-síneól (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) (ISO 11024)	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöð-ugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinni-hald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — 23 mg fyrir eldiskalkúna, — 18 mg fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, — 18 mg fyrir alla alifugla sem eru aldir til varps eða undaneldis, — 26 mg fyrir alla alifugla til varps og undaneldis, — 18 mg fyrir skrautfugla, — 37 mg fyrir eldissvín, — 31 mg fyrir eldissvín af aukategundum svína,	5. mars 2035

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
							— 31 mg fyrir fráfærugrísi og spenagrísi af öllum svínategundum, — 30 mg fyrir öll svín sem eru ætluð til undaneldis, — 78 mg fyrir eldiskálfa allt að 6 mánaða gamla, — 69 mg fyrir sauðfé og geitur, — 69 mg fyrir eldisnautgripi, önnur eldisjórturdýr, að undanskildu sauðfé og geitum, og dýr af úlfaldaætt til eldis, — 45 mg fyrir öll önnur jórturdýr og öll önnur dýr af úlfaldaætt, — 50 mg fyrir dýr af hestaætt, — 28 mg fyrir kanínur, — 40 mg fyrir laxfiska og aukategundir fiska, — 30 mg fyrir hunda, — 5 mg fyrir ketti, — 50 mg fyrir skrautfiska, — 5 mg fyrir aðrar tegundir og flokka.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
							5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöf-unum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/281 **2025/EES/59/14**

frá 12. febrúar 2025

um leyfi fyrir própýlgallati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Própýlgallat var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á própýlgallati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „þráavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrði einnig leyft til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun tæknilegra aukefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun aukefnisins í drykkjarvatn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 17. mars 2020 ([3]) og 31. janúar 2024 ([4]) (eins og það var endursamþykkt 26. júní 2024) að própýlgallat sé öruggt fyrir allar dýrategundir og fyrir neytendur í tilteknum hámarksstyrk, sem er frekar tilgreindur í álitunum, og fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að própýlgallat sé ertandi fyrir húð og augu, að það sé húðnæmir og að váhrif við innöndun séu möguleg sem teljast hættuleg. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti virkað sem þráavarnarefni í fóðri fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að própýlgallat uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/281, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6069.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.* 2024 22, e8638.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „þráavarnarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið própýlgallat, sem var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni								
1b310	Própýlgallat	*Samsetning aukefnis* Própýlgallat ≥ 97% Fast form Súlfataska < 0,1% Galleplasýra < 0,5% Klóruð lífræn efnasambönd < 100 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Própýlgallat Framleitt með estrun galleplasýru úr gallhnúðum Efnaformúla: $C_{10}H_{12}0_5$ CAS-nr.: 121-79-9	Nautgripir Sauðfé Geitur Hjartardýr Dýr af úlfaldaætt Gyltur af öllum svínategundum Dýr af hestaætt Laxfiskar og aukategundir fiska	-	-	40	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	
			Skrautfiskar			100		

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni								
		Greiningaraðferð ([1]) Til að magnákvarða própýlgallat í fóðurau-kefninu: — Litrófsmæling við 275 nm (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 1039) Til að magnákvarða própýlgallat í forblöndum og fóðurblöndu: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólubláu sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV(DAD), 285 nm)	Eldiskjúklingar Aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldir til varps eða til undaneldis Skrautfuglar			15		
			Eldiskalkúnar Varphænur Aukategundir alifugla til varps eða til undaneldis Dýr af héraætt			20		

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni								
			Spenagrísir af öllum svínategundum Allar svínategundir til eldis og sem eru aldar til undaneldis			27		
			Hundar Kettir			71		
			Allar aðrar dýrategundir			15		

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/284 **2025/EES/59/15**

frá 12. febrúar 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* (áður tilgreint sem *Aspergillus aculeatus*) CBS 589.94 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, og pólýgalaktúrónasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og óskað eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 varðaði sú umsókn einnig leyfi fyrir nýrri notkun á sömu blöndu sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. júní 2024 ([3]) að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sé áfram örugg fyrir fráfærugrísi, neytendur og umhverfið við leyfð notkunarskilyrði og að þessi niðurstaða eigi einnig við um rýmkun á notkun hennar fyrir mjólkurgrísi. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að í báðum samsetningunum (duft og vökvi) sé blandan ekki ertandi fyrir húð eða augu en að hún ætti að teljast húð- og öndunarfæranæmir vegna þess hversu prótínrík hún er. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á mati á verkun aukefnisins í tengslum við endurnýjun leyfisins þar eð umsóknin feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir notkun eða viðbót við þau varðandi fráfærugrísi sem til er leyfi fyrir. Hún taldi einnig að niðurstöðurnar sem komist var að fyrir fráfærugrísi gætu átt við og mætti yfirfæra á aðrar tegundir og komst því að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt fyrir mjólkurgrísi. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/284, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011 frá 30. maí 2011 um leyfi fyrir blöndu af endó-1,4-β-xýlanasa, sem framleiddur er með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-β-glúkanasa, sem framleiddur er með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), og pólýgalaktúrónasa, sem framleiddur er með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94), sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Aveve NV) (Stjtíð. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/527/oj.)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2024 22, e8854.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem var framkvæmt að því er varðar greiningaraðferð fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, og pólýgalaktúrónasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfið, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við a- og c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu fyrir fráfærugrísi og leyfa ætti notkun blöndunnar fyrir mjólkurgrísi. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) 527/2011 úr gildi.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 fyrir fráfærugrísi þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað fyrir fráfærugrísi með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður fyrir mjólkurgrísi með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

3. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011 er felld úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið endó-1,4-β-xýlanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), endó-1,3(4)-β-glúkanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), og pólýgalaktúrónasi, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94), eins og það var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru ætluð fyrir fráfærugrísi og eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir fráfærugrísi og eru framleidd og merkt fyrir 5. mars 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a14	AVEVE BV	Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) Endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6) Pólýgalaktúrónasi (EC 3.2.1.15)	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754, og pólýgalaktúrónasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, með virkni að lágmarki: fast form: Endó-1,4-betaxýlanasi: 21 400 XU (1)/g Endó-1,3(4)-betaglúkanasi: 12 300 BGU (2)/g Pólýgalaktúrónasi: 460 PGLU (3)/g. vökvaform: Endó-1,4-betaxýlanasi: 10 700 XU/g Endó-1,3(4)-betaglúkanasi: 6 150 BGU/g Pólýgalaktúrónasi: 230 PGLU/g. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasi sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 *Greiningaraðferð* (4) Til að ákvarða endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu og forblöndum: — litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi xýlanhvarfefnis úr hafrahismi	Fráfærugrísir og mjólkurgrísir	-	Endó-1,4-betaxýlanasi: 2 140 XU Endó-1,3(4)-betaglúkanasi: 1 230 BGU Pólýgalaktúrónasi: 46 PGLU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. mars 2035

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
			Til að ákvarða endó-1,4-betaxýlanasa í fóðurblöndum: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni hveitis, arabínoxýlan, sem er víxltengt asúríni Til að ákvarða endó-1,3(4)-betaglúkanasa í fóðuraukefninu og forblöndum: — litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi betaglúkanhvarfefnis úr byggi Til að ákvarða endó-1,3(4)-betaglúkanasa í fóðurblöndum: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi endó-1,3(4)-betaglúkanasa á asóglúkanhvarfefni úr byggi Til að ákvarða pólýgalaktúrónasa í fóðuraukefninu og forblöndum: — litmæling byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi pektínhvarfefnis Til að ákvarða pólýgalaktúrónasa í fóðurblöndum: — seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun pólýgalaktúrónasa á pektínhvarfefnið						

([1]) 1 XU er það magn ensíms sem leysir 1 µmól afoxandi sykra á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH-gildið 4,8 og 50 °C.
([2]) 1 BGU er það magn ensíms sem leysir 1 µmól afoxandi sykra á mínútu úr β-glúkani úr byggi við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) 1 PGLU er það magn ensíms sem leysir 1 µmól afoxandi sykra á mínútu úr pólýmetýlgalaktúrónsýru (lágt metýlunarstig) við pH-gildið 4,8 og 35 °C.
([4]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/313 **2025/EES/59/16**

frá 17. febrúar 2025

um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Porus GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir hunda og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. mars 2024 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé lantankarbónatoktahýdrat öruggt fyrir fullorðna hunda við tillagt hámarksgildi sem nemur 7 500 mg/kg heilfóðurs Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að lantankarbónatoktahýdrat sé ekki ertandi fyrir húð eða augu, sé ekki húðnæmir og að váhrif við innöndun teljist ólíkleg. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að lantankarbónatoktahýdrat sé áhrifaríkt við að draga úr lífaðgengi fosfórs hjá fullorðnum hundum við lágmarksviðbótarmagn sem nemur 1 500 mg/kg heilfóðurs. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati á sama efninu vegna notkunar þess fyrir ketti, sem varðaði aðferðir sem notaðar eru við eftirlit með lantankarbónatoktahýdrati í fóðri, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([3]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að lantankarbónatoktahýdrat uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/313, 18.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2024, 22:8729.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni útskilnaður fosfórs með þvagi)									
4d23	Porus GmbH	Lantankar-bónatokta-hýdrat	*Samsetning aukefnis* Lantankarbónatoktahýdrat með a.m.k. 85% lantankarbónatoktahýdrat sem virkt efni. Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lantankarbónatoktahýdrat $La_2(CO_3)_3{*}8H_2O$ CAS-númer 6487-39-4 *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða karbónat í fóðurau-kefninu: ESB-aðferð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2). Til að magnákvarða lantan í fóðurau-kefninu og fóðurblöndum: Rafgasgeisl-unargreining (ICP-AES)	Hundar	-	1 500	7 500	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Einungis skal gefa fullorðnum hundum aukefnið. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina eftirfarandi: „Fyrir fullorðna hunda. Óráðlegt að nota samtímis fóðri með miklu fosfórinnihaldi.“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	10. mars 2035

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/316 **2025/EES/59/17**

frá 17. febrúar 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 og (ESB) 2023/1332 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir fóðuraukefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 122001, og blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 114044, voru leyfðar sem fóðuraukefni (hér á eftir nefnd fóðuraukefni sem um er að ræða) með framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 ([2]) og (ESB) 2023/1332 ([3]), eftir því sem við á.

2) Leyfishafinn fyrir fóðuraukefni sem um er að ræða, Roal Oy, hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni leyfishafans fyrir fóðuraukefnum sem um er að ræða í AB Enzymes Finland Oy.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fóðuraukefnum sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera AB Enzymes Finland Oy kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfa.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/982 og (ESB) 2023/1332 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/316, 18.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/982 frá 17. júní 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 122001, sem fóðuraukefni fyrir svín og alifugla (leyfishafi: Roal Oy) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 277/2010, (ESB) nr. 891/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 886/2011 (Stjtíð. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 139, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/982/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1332 frá 29. júní 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 114044, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis og fráfærugrísi (leyfishafi er Roal Oy) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 902/2009 (Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 102, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1332/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/982

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/982 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

2) I öðrum dálki viðaukans kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1332

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1332 er breytt sem hér segir:

1) Í titlinum kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

2) I öðrum dálki viðaukans kemur heitið „AB Enzymes Finland Oy“ í stað „Roal Oy“.

3. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fóðuraukefni sem um er að ræða, sem voru framleidd og merkt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/353 **2025/EES/59/18**

frá 21. febrúar 2025

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 ([2]) var blanda með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 (áður tilgreint sem *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680) leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. júlí 2024 ([3]) að blandan með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast augnertandi og hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir og öll váhrif teljast vera áhætta. Hún tók enn fremur fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/353, 24.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 frá 22. apríl 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/399/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 8, e8934.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 fellur færsla 1k20745 um *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680 brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur hana, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. mars 2026 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. mars 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k20745	Levilactobacillus brevis DSM 16680	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 sem inniheldur að lágmarki $2,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Fast form - - - - - - - - - - - - - - - - - - - *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur Levilactobacillus brevis DSM 16680 - - - - - - - - - - - - - - - - - - - *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Levilactobacillus brevis* DSM 16680 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar – EN 15787 Sanngreining á *Levilactobacillus brevis* DSM 16680: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrateg-undir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	16. mars 2035

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/359 **2025/EES/59/19**

frá 21. febrúar 2025

um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* DSM 34262 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* DSM 34262. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactococcus lactis* DSM 34262 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst í áliti sínu frá 26. júní 2024 ([2]) að þeirri niðurstöðu að *Lactococcus lactis* DSM 34262 og samsetta aukefnið séu örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda ætti aukefnið að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir og öll váhrif um húð og öndunarveg teljast vera áhætta. Sýnt var fram á að ein blanda sé hvorki húð- né augnertandi. Viðbót *Lactococcus lactis* DSM 34262 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis getur bætt framleiðslu votfóðurs úr fersku efni með þurrefnisinnihald á bilinu 30–35%. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lactococcus lactis* DSM 34262 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/359, 24.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8902.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k2084	*Lactococcus lactis* DSM 34262	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactococcus lactis* DSM 34262 sem inniheldur að lágmarki 3×10^{11} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactococcus lactis* DSM 34262 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Lactococcus lactis* DSM 34262 í fóðuraukefninu: — Áhellingaraðferð með MRS-agar (ISO 15214) Sanngreining á *Lactococcus lactis* DSM 34262: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Nota skal aukefnið eingöngu með fersku plöntuefni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 4. Pólýetýlenglýkól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs.	16. mars 2035

Kenninúmer fóðurau-kefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
							5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöf-unum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni, meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5-3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/115 **2025/EES/59/20**

frá 21. janúar 2025

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúxapýroxað, lambda-sýhalótrín, metalaxýl og nikótín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin flúxapýroxað, lambda-sýhalótrín og metalaxýl. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virka efnið nikótín.

2) Að því er varðar flúxapýroxað var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir gallaldin.

3) Að því er varðar lambda-sýhalótrín í lárperum var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk skv. 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 fyrir þetta efni, byggt á notkun efnisins í Mexíkó. Umsækjandinn lagði fram sönnunargögn um að viðurkennd notkun á lambda-sýhalótríni á lárperur í Mexíkó leiði til þess að styrkur leifa verði meiri en hámarksgildi leifa sem fastsett eru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og að þörf sé á hærri hámarksgildum leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum þegar þessar nytjaplöntur eru fluttar inn. Að því er varðar lambda-sýhalótrín í alifuglaafurðum (vöðva, fitu, lifur, nýrum, ætum sláturmat) og fuglseggjum voru bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett við 0,01 mg/kg með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/960 ([2]) meðan beðið var eftir framlagningu og mati á gögnum til staðfestingar að því er varðar umbrotsefni sem myndast við sótthreinsun. Framkvæmdastjórninni bárust upplýsingar úr vöktunaráætlun Sambandsins þar sem sýnt var fram á tilvist lambda-sýhalótríns í vörum úr alifuglum og fuglseggjum sem leiðir til þess að styrkur leifa verður meiri en staðlað hámarksgildi leifa sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 396/2005, vegna leyfðrar notkunar á sæfivörum.

4) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sendi umsóknirnar, matsskýrslurnar og málsskjöl til stuðnings til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Að auki veitti framkvæmdastjórnin Matvælaöryggisstofnuninni umboð, að því er varðar lambda-sýhalótrín í alifuglaafurðum og fuglseggjum, til að framkvæma markvisst áhættumat að því er varðar leifar af lambda-sýhalótríni í alifuglaafurðum og fuglseggjum til að taka til leifa vegna notkunar á sæfivörum. Framkvæmdastjórnin leiddi út tillögð bráðabirgða-hámarksgildi leifa á grundvelli vöktunargagna og fastsetti þessi hámarksgildi leifa við 0,03 mg/kg og 0,02 mg/kg fyrir alifuglaafurðir og fuglsegg, eftir því sem við á, sem samsvarar 95. hundraðshlutamarki af öllum niðurstöðum úr sýnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/115, 22.1.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/960 frá 5. júlí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð ESB L 169, 6.7.2018, bls. 27, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/960/oj).

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi rökstuddu álitin sín til umsækjendanna, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi. Að auki framkvæmdi Matvælaöryggisstofnunin fæðutengt áhættumat ([4]), einkum að því er varðar lambda-sýhalótrín í alifugla-afurðum og fuglseggjum, á grundvelli umboðsins frá framkvæmdastjórninni með tilliti til váhrifa af völdum leifa af lambda-sýhalótríni í matvörum úr alifuglum og fuglseggjum.

6) Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúxapýroxað í gallaldinum og ræktuðum sveppum komst Matvæla öryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin, sem voru lögð fram til stuðnings beiðninni, væru fullnægjandi til að leiða út tillögur að hámarksgildi leifa fyrir vörurnar sem verið var að meta og að skammvinn og langvinn inntaka á leifum, sem stafa af notkun flúxapýroxaðs samkvæmt tilgreindum venjum í landbúnaði og meðan beðið er eftir framlagningu á gögnum til staðfestingar sem óskað er eftir í endurskoðuninni á hámarksgildi leifa, væri ólíkleg til að skapa áhættu fyrir heilbrigði neytenda.

7) Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín í lárperum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin sem voru lögð fram til stuðnings beiðninni teldust fullnægjandi til að leiða út tillögur að hámarksgildi leifa fyrir viðkomandi vöru og benti á að almenn eyða í gögnum, að því er varðar eiturefnafræðileg gögn fyrir niðurbrotsefni í stöðluðum vatnsrofsrannsóknum sem eru dæmigerðar fyrir sótthreinsun, hefði verið innleidd í löggjöf Sambandsins fyrir allar matvörur. Þar eð lárperur eru yfirleitt óunnar þegar þeirra er neytt komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þessi eyða í gögnum skipti minna máli fyrir lárperur en fyrir aðrar afurðir. Því er viðeigandi að fastsetja hámarksgildi leifa við 0,15 mg/kg fyrir lambda-sýhalótrín í lárperum. Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín í alifuglaafurðum (vöðva, fitu, lifur, nýrum, ætum sláturmat) og fuglseggjum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að hámarksgildi leifa sem byggjast á vöktunargögnum við tillagða magnið 0,03 mg/kg og 0,02 mg/kg, eftir því sem við á, væru ólíkleg til að skapa áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að mat á váhrifum á neytendur verði fyrir áhrifum af óvissuþáttum sem tengjast eyðu í gögnum um myndun umbrotsefna við sótthreinsun og um eiturefnafræðilega eiginleika sumra umbrotsefnanna (efnasambönd Ia og XI) sem greindust í endurskoðuninni á hámarksgildi leifa skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Því ættu tillögð hámarksgildi leifa að halda áfram að vera til bráðabirgða meðan beðið er eftir framlagningu á viðeigandi gögnum til staðfestingar til að bregðast við þessari eyðu í gögnum.

8) Á grundvelli álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa séu viðunandi.

9) Að því er varðar metalaxýl samþykkti Alþjóðamatvælaskrárráðið ný CXL-hámarksgildi fyrir þetta virka efni ([5]) 2. desember 2023.

10) Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([6]) skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum Sambandsins um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitið er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga Sambandsins um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri víðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2024. „Modification of the existing maximum residue level for fluxapyroxad in kaki/Japanese persimmons and cultivated mushrooms“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 (4), e8696, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8696. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Setting of an import tolerance for lambda-cyhalothrin in avocados“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21 (12), e8464, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8464.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2024. „Targeted risk assessment of maximum residue levels for lambda-cyhalothrin in commodities from poultry and birds' eggs.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 22 (6), e8816, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8816.

([5]) Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið. 46. fundur. Höfuðstöðvar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Róm, Ítalía. 27. nóvember til 2. desember 2023. fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-46%252F%25E2%2598%2585Final%252520Report%252FREP23_CACe.pdf.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

11) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á áhættur sem stafa af þessum CXL-hámarksgildum fyrir neytendur og birti vísindaskýrslu ([7]). Sambandið lagði fram fyrirvara ([8]) ([9]) hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar um CXL-hámarksgildi sem lögð voru til fyrir nokkrar samsetningar af varnarefnum og vörum þar sem Matvælaöryggisstofnunin hafði greint hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir neytendur í vísindaskýrslu sinni.

12) CXL-hámarksgildin þar sem Matvælaöryggisstofnunin greindi enga áhættu fyrir neytendur í Sambandinu og þar sem Sambandið lagði því ekki fram fyrirvara hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar eða Alþjóðamatvælaskrárráðinu geta talist örugg. Þetta á við um CXL-hámarksgildi fyrir metalaxýl í ananas og þurrkuðu ginseng. Því ætti að skrá þessi CXL-hámarksgildi í reglugerð (EB) nr. 396/2005 nema þegar þau eiga við um vörur sem eru ekki skráðar í I. viðauka við þá reglugerð eða þegar gildi þeirra er lægra en gildandi hámarksgildi leifa.

13) Á grundvelli vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa séu viðunandi.

14) Að því er varðar nikótín í kaffibaunum gildir staðlað hámarksgildi leifa sem nemur 0,01 mg/kg skv. b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þar eð ekkert sértækt hámarksgildi leifa er sett fram í viðaukunum við þá reglugerð. Á grundvelli vöktunargagna sem komu úr vöktunaráætlun Sambandsins og að höfðu samráði við tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins, sem mælti með notkun á dæmigerðu framreiknuðu hámarksgildi leifa fyrir erfiðar vörur (0,05 mg/kg), þykir rétt að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa við 0,05 mg/kg fyrir nikótín í kaffibaunum til að taka tillit til leifa frá hugsanlegum öðrum upptökum en notkun varnarefna.

15) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Scientific support for preparing an EU position in the 54th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21 8, 1-303, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8111.

([8]) Athugasemdir Evrópusambandsins varðandi Codex CX/PR 23/54/5-Add.1: https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-54%252FWDs%252Fpr54_05_Add1x.pdf.

([9]) Skýrsla frá 54. fundi nefndar Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar REP23/PR54: https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-54%252FREPORT%252FFINAL%252520REPORT%252520CORRIGENDUM%252FREP23_PR54e_CORR.pdf.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir flúxapýroxað, lambda-sýhalótrín og metalaxýl í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúxapýroxað (F)	Lambda-sýhalótrín (þ.m.t. gamma-sýhalótrín) (summa R,S- og S,R-hverfna) (F)	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna)) (R)
1)	2)	3)	4)	5)
0100000	**NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**			
0110000	**Sítrusávextir**		0,2(+)	
0110010	Greipaldin	0,6	(+)	0,7
0110020	Appelsínur	1,5	(+)	0,7
0110030	Sítrónur	1	(+)	0,01 (*)
0110040	Súraldin	1	(+)	0,4
0110050	Mandarínur	1	(+)	0,4
0110990	Annað (2)	0,01 (*)	(+)	0,01 (*)
0120000	**Trjáhnetur**	0,04	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0120010	Möndlur		(+)	
0120020	Parahnetur		(+)	
0120030	Kasúhnetur		(+)	
0120040	Kastaníuhnetur		(+)	
0120050	Kókoshnetur		(+)	
0120060	Heslihnetur		(+)	
0120070	Goðahnetur		(+)	

1)	2)	3)	4)	5)
0120080	Pekanhnetur		(+)	
0120090	Furuhnetukjarnar		(+)	
0120100	Pistasíuhnetur		(+)	
0120110	Valhnetur		(+)	
0120990	Annað (2)		(+)	
0130000	**Kjarnaávextir**	0,9	(+)	0,01 (*)
0130010	Epli		0,08(+)	
0130020	Perur		0,08(+)	
0130030	Kveði		0,2(+)	
0130040	Trjámispilsaldin		0,2(+)	
0130050	Dúnepli/japansplómur		0,2(+)	
0130990	Annað (2)		0,01 (*) (+)	
0140000	**Steinaldin**			0,01 (*)
0140010	Apríkósur	1,5	0,15(+)	
0140020	Kirsuber (sæt)	3	0,3(+)	
0140030	Ferskjur	1,5	0,15(+)	
0140040	Plómur	1,5	0,2(+)	
0140990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0150000	**Ber og smá aldin**		(+)	
0151000	a) **Þrúgur**	3	(+)	1,5
0151010	Vínber til neyslu		0,08(+)	
0151020	Vínþrúgur		0,2(+)	
0152000	b) **Jarðarber**	4	0,2(+)	0,6
0153000	c) **Klungurber**	0,01 (*)	0,2(+)	0,02 (*)
0153010	Brómber		(+)	
0153020	Daggarber		(+)	
0153030	Hindber (rauð og gul)		(+)	

1)	2)	3)	4)	5)
0153990	Annað (2)		(+)	
0154000	d) **Önnur smá aldin og ber**		(+)	
0154010	Aðalbláber	7	0,2(+)	0,01 (*)
0154020	Trönuber	0,01 (*)	0,2(+)	0,01 (*)
0154030	Sólber og rifsber (rauð og hvít)	0,01 (*)	0,2(+)	0,4
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	0,01 (*)	0,2(+)	0,3
0154050	Rósaldin	0,01 (*)	0,2(+)	0,01 (*)
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,01 (*)	0,2(+)	0,01 (*)
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	0,01 (*)	0,2(+)	0,01 (*)
0154080	Ylliber	0,01 (*)	0,2(+)	0,01 (*)
0154990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0160000	**Ýmis aldin með**			
0161000	a) ***Ætu hýði***		(+)	0,05 (*)
0161010	Döðlur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0161020	Fíkjur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0161030	Ólífur til átu	0,01 (*)	1(+)	
0161040	Gullappelsínur	1	0,01 (*) (+)	
0161050	Stjörnualdin	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0161060	Gallaldin	**0,2**	0,09(+)	
0161070	Jövuplómur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0161990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	
0162000	b) **Óætu hýði, lítil**	0,01 (*)	(+)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		0,05(+)	0,02 (*)
0162020	Litkaber		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0162030	Píslaraldin		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0162040	Kaktusfíkjur		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0162050	Stjörnuepli		0,01 (*) (+)	0,01 (*)

1)	2)	3)	4)	5)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0162990	Annað (2)		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163000	c) **Óætu hýði, stór**		(+)	
0163010	Lárperur	0,01 (*)	**0,15**(+)	0,01 (*)
0163020	Bananar	3	0,15(+)	0,01 (*)
0163030	Mangó	0,7	0,2(+)	0,01 (*)
0163040	Papæjualdin	1	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163050	Granatepli	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163070	Gvövur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163080	Ananas	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	**0,1**
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0163990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0200000	**NÝTT eða FRYST GRÆNMETI**		(+)	
0210000	**Rótar- og hnýðisgrænmeti**		(+)	
0211000	a) **Kartöflur**	0,3(+)	0,01 (*) (+)	0,02
0212000	b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti**	0,2(+)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0212010	Kassavarætur	(+)	(+)	
0212020	Sætar kartöflur	(+)	(+)	
0212030	Mjölrótarhnýði	(+)	(+)	
0212040	Örvarrætur	(+)	(+)	
0212990	Annað (2)	(+)	(+)	
0213000	c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum**	0,9(+)	(+)	
0213010	Rauðrófur	(+)	0,04(+)	0,02 (*)
0213020	Gulrætur	(+)	0,04(+)	0,1
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	(+)	0,07(+)	0,01 (*)

1)	2)	3)	4)	5)
0213040	Piparrót	(+)	0,04(+)	0,1
0213050	Ætihnúðar	(+)	0,04(+)	0,01 (*)
0213060	Nípur	(+)	0,04(+)	0,1
0213070	Steinseljurætur	(+)	0,04(+)	0,01 (*)
0213080	Hreðkur	(+)	0,15(+)	0,06
0213090	Hafursrætur	(+)	0,04(+)	0,02 (*)
0213100	Gulrófur	(+)	0,04(+)	0,01 (*)
0213110	Næpur	(+)	0,04(+)	0,01 (*)
0213990	Annað (2)	(+)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0220000	**Laukar**	(+)	0,2(+)	
0220010	Hvítlaukur	0,2(+)	(+)	0,02 (*)
0220020	Laukar	0,2(+)	(+)	0,03
0220030	Skalottlaukar	0,2(+)	(+)	0,02 (*)
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	0,7(+)	(+)	0,3
0220990	Annað (2)	0,01 (*) (+)	(+)	0,01 (*)
0230000	**Aldingrænmeti**		(+)	
0231000	a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt**	0,6	(+)	
0231010	Tómatar		0,07(+)	0,3
0231020	Paprikur		0,1(+)	0,4
0231030	Eggaldin		0,3(+)	0,01 (*)
0231040	Okrur		0,3(+)	0,01 (*)
0231990	Annað (2)		0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0232000	b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði**	0,2	(+)	
0232010	Gúrkur		0,05(+)	0,5
0232020	Smágúrkur		0,15(+)	0,01 (*)
0232030	Dvergbítar		0,15(+)	0,01 (*)
0232990	Annað (2)		0,01 (*) (+)	0,01 (*)

1)	2)	3)	4)	5)
0233000	c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði**	0,15	0,06(+)	
0233010	Melónur		(+)	0,15
0233020	Risagrasker		(+)	0,01 (*)
0233030	Vatnsmelónur		(+)	0,15
0233990	Annað (2)		(+)	0,01 (*)
0234000	d) **Sykurmaís**	0,15	0,05(+)	0,05 (*)
0239000	e) **Annað aldingrænmeti**	0,01 (*)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)**	(+)	(+)	
0241000	a) **Blómstrandi kál**	(+)	0,1(+)	0,2
0241010	Spergilkál	2(+)	(+)	
0241020	Blómkál	0,2(+)	(+)	
0241990	Annað (2)	0,01 (*) (+)	(+)	
0242000	b) **Kálhöfuð**	(+)	(+)	
0242010	Rósakál	0,4(+)	0,04(+)	0,15
0242020	Höfuðkál	0,5(+)	0,15(+)	0,06
0242990	Annað (2)	0,01 (*) (+)	0,01 (*) (+)	0,01 (*)
19) Í samræmi við skilyrðin fyrir notkun fæðubótarefna sem innihalda ísómaltófásykru er nauðsynlegt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að einungis almenningur eldri en 10 ára skuli neyta fæðubótarefna sem innihalda ísómaltófásykru. Einnig þykir rétt að upplýsa neytendur um það að nýfæðið sé glúkósagjafi. Auk þess var komist að þeirri niðurstöðu í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar að heildarinntaka á ísómaltófásykru sem leiðir af þegar leyfðri notkun og tillagðri rýmkaðri notkun, þ.m.t. fæðubótarefni, skapi ekki öryggisvanda. Að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar telur framkvæmdastjórnin að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um merkimiða sem upplýsi neytendur um að ekki ætti að nota fæðubótarefni sem innihalda ísómaltófásykru ef annarra matvæla með viðbættri ísómaltófásykru er neytt sama dag, eins og umsækjandinn lagði til.

20) Umsækjandinn lagði til að ísómaltófásykra yrði notuð í sultur og hlaup. Í tilskipun ráðsins 2001/113/EB ([17]) eru skilgreindar vörur sem tengjast aldinsultu, ávaxtahlaupi og -mauki og sykruðu kastaníuhnetumauki sem eru ætlaðar til manneldis. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um sértæk ákvæði að því er varðar heiti og kröfur varðandi samsetningu varanna innan gildissviðs hennar. Einungis má nota tiltekin heiti sem tengjast aldinsultu, ávaxtahlaupi og -mauki og sykruðu kastaníuhnetumauki og einungis tiltekin innihaldsefni og efni sem eru leyfð með þeirri tilskipun. Þótt skrá Sambandsins yfir nýfæði gildi með fyrirvara um önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í geiratengdri löggjöf þykir rétt, til að tryggja skýrleika og samræmi á sviði reglusetningar, að skilyrðin fyrir notkun nýfæðisins ættu að endurspegla takmarkanirnar sem ákvæði tilskipunar 2001/113/EB fela í sér.

21) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Einungis fyrirtækinu BioNeutra North America Inc. ([18]) er leyfilegt að setja ísómaltófásykru á markað í Sambandinu, eins og tilgreint er í viðaukanum, í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, 11. febrúar 2025, nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í vísindagögnin sem eru vernduð skv. 3. gr. eða með samþykki BioNeutra North America Inc.

3. gr.

Ekki skal nota vísindagögnin sem eru í umsóknarskránni og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 í þágu síðari umsækjanda í 5 ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema með samþykki BioNeutra North America Inc.

([17]) Tilskipun ráðsins 2001/113/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -mauk og kastaníuhnetumauk með sætuefni til manneldis (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 67, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2001/113/oj).

([18]) Heimilisfang: 9608 25 Avenue NW, Edmonton, Alberta T6N 1J4, Kanada.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Ísómaltófásykra**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „ísómaltófásykra“. 2. Heiti nýfæðisins á merkimiðanum skal fylgja ábending um að ísómaltófásykra sé glúkósagjafi. 3. Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda ísómaltófásykru skal vera yfirlýsing þess efnis að börn yngri en 10 ára skuli ekki neyta þeirra.		Leyft 11. febrúar 2025. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: BioNeutra North America Inc., 9608 25 Avenue NW, Edmonton, Alberta T6N 1J4, Kanada. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis BioNeutra North America Inc. leyfilegt að setja nýfæðið ísómaltófásykru á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki BioNeutra North America Inc. Lokadagur gagnaverndar: 11. febrúar 2030.”
	Rjómaís, eftirréttir úr mjólk	8%			
	Skyndikaffi og -te	10%			
	Borðsætuefni	100%			
	Kökur, bollakökur og bökur	20%			
	Sætabrauð	15%			
	Morgunverðarkorn	10%			
	Kryddsósur, soðsósur og bragðbætar	10%			
	Gelatín og búðingar	15%			
	Fyllingar í ávaxtabökur	15%			
	Smurálegg úr aldinum (að undanskildum afurðum sem eru skilgreindar í I. hluta I. viðauka við tilskipun 2001/113/EB).	50%			
	Jógúrt	2,5%			
	Drykkir, að stofni til úr mjólk	5%			
	Nasl, að stofni til úr korni, aldinum eða grænmeti	5%			
	Sætar sósur, ofanálag og síróp	50%			
	Fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2002/46/EB, fyrir almenning að undanskildum börnum yngri en 10 ára	10 g/dag			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Ísómaltófásykra**	**Duft** Leysni (vatn) (%): > 99,0 Glúkósi (% miðað við þurrt ástand): ≤ 5,0 Ísómaltósi + DP3 til DP9 (% miðað við þurrt ástand): ≥ 90,0 Raki (%): ≤ 4,0 Súlfataska (g/100 g): ≤ 0,3 **Þungmálmar:** Blý (mg/kg): ≤ 0,5 Arsen (mg/kg): ≤ 0,5 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: Finnst ekki í 10 g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g **Síróp** Þurrkuð föst efni (g/100 g): > 75 Glúkósi (% miðað við þurrt ástand): ≤ 5,0 Ísómaltósi + DP3 til DP9 (% miðað við þurrt ástand): ≥ 90 pH-gildi: 4–6 Súlfataska (g/100 g): ≤ 0,3 **Þungmálmar:** Blý (mg/kg): ≤ 0,5 Arsen (mg/kg): ≤ 0,5 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: Finnst ekki í 10 g *Salmonella* spp.: Finnst ekki í 25 g CFU: þyrpingamyndandi einingar“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/2480 **2025/EES/59/23**

frá 14. desember 2022

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 að því er varðar ákvarðanir evrópskra staðlastofnana varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([3]) eru settar reglur um gerð Evrópustaðla og evrópskra stöðlunarskjala fyrir vörur og þjónustu til stuðnings löggjöf og stefnumiðum Sambandsins.

2) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit við eina eða fleiri evrópskar staðlastofnanir að þær semji frumvarp að Evrópustaðli eða evrópsku stöðlunarskjali.

3) Evrópustaðlar og evrópsk stöðlunarskjöl gegna mikilvægu hlutverki á innri markaðnum og á sviði neytendaverndar. Með stöðlum eru ekki einungis ákvörðuð tæknileg atriði vara og þjónustu heldur gegna þeir einnig mikilvægu hlutverki fyrir launafólk, neytendur og umhverfið. Til að mynda er hægt að nota samhæfða staðla til að ganga út frá því að vörur, sem til stendur að bjóða fram á markaði, séu í samræmi við grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins fyrir þær vörur, og á sama tíma tryggja gæði og öryggi vara og þjónustu fyrir neytendur ásamt því að vernda umhverfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 323, 26.8.2022, bls. 43.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. nóvember 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. desember 2022.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

4) Starfsvenjur evrópskra staðlastofnana hafa áður tekið breytingum að því er varðar innri stjórnunarhætti þeirra og tilhögun ákvarðanatöku. Sökum þeirra breytinga hafa evrópskar staðlastofnanir aukið samstarf sitt við alþjóðlega og evrópska hagsmunaaðila. Slíku samstarfi er tekið fagnandi þar sem það stuðlar að gagnsæju, opnu og óhlutdrægu stöðlunarferli sem byggist á sammæli. Þegar evrópskar staðlastofnanir framfylgja stöðlunarbeiðnum til stuðnings löggjöf og stefnumiðum Sambandsins er samt sem áður mikilvægt að þær taki, við innri ákvarðanir sínar, tillit til hagsmuna, stefnumarkmiða og gilda Sambandsins sem og almannahagsmuna almennt.

5) Í samræmi við 5. og 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 skipta áreiðanlegar málsmeðferðarreglur og jafnt vægi hagsmuna meðal viðeigandi hagsmunaaðila sköpum og ætti því að tryggja þau, þ.m.t. meðal þeirra hagsmunaaðila sem eru m.a. fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem og jafnt vægi hagsmuna á sviði umhverfis-, samfélags- og neytendamála. Evrópskar staðlastofnanir ættu að taka tillit til sjónarmiða og framlags allra viðeigandi hagsmunaaðila. Enn fremur ætti að taka tillit til sjónarmiða landsbundinna staðlastofnana, sem fram koma við landsbundið samráð, þegar teknar eru ákvarðanir um Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl sem óskað er eftir skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

6) Landsbundnar staðlastofnanir gegna mikilvægu hlutverki í stöðlunarkerfinu, bæði á vettvangi Sambandsins, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1025/2012, og á vettvangi aðildarríkja. Landsbundnar staðlastofnanir eru því best til þess fallnar að sjá til þess að evrópskar staðlastofnanir taki tilhlýðilegt tillit til hagsmuna, stefnumarkmiða og gilda Sambandsins sem og almannahagsmuna almennt. Því er nauðsynlegt að styrkja hlutverk þeirra meðal aðila innan evrópskra staðlastofnana sem fara með ákvarðanatöku þegar þeir aðilar taka ákvarðanir varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl, sem framkvæmdastjórnin óskar eftir skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, án þess að það hafi áhrif á hið mikilvæga hlutverk sem fjölmargir hagsmunaaðilar gegna við undirbúning skilvirkra staðla sem uppfylla almannahagsmuni og mæta þörfum markaðarins.

7) Aðilarnir innan evrópskra staðlastofnana, sem fara með ákvarðanatöku, eru ekki einungis opnir fyrir þátttöku landsbundinna staðlastofnana heldur einnig m.a. landsbundinna staðlastofnana inngöngulanda, umsóknarlanda og annarra landa sem eru formlega orðnir aðilar að evrópsku staðlastofnunum sem um er að ræða og hafa gert samning við Sambandið til að tryggja samleitni reglusetningar. Til að koma í veg fyrir að þessar stofnanir verði undanskildar því að taka þátt í vinnu hlutaðeigandi aðila sem fara með ákvarðanatöku er einungis nauðsynlegt að kveða á um að ákvarðanir þessara aðila varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl, sem óskað er eftir skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, séu eingöngu teknar af fulltrúum landsbundinna staðlastofnana, án þess að gera aðrar kröfur til vinnu aðilanna innan evrópsku staðlastofnanna sem fara með ákvarðanatöku. Þátttaka landsbundinna staðlastofnana þriðju landa í vinnu evrópsku staðlastofnananna ætti ekki að koma í veg fyrir samþykkt ákvarðana varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl, sem framkvæmdastjórnin óskar eftir, þegar slík ákvörðun nýtur einungis stuðnings landsbundinna staðlastofnana aðildarríkja og EES-landa.

8) Til að tryggja að krafan um að ákvarðanir, sem teknar eru af aðilum innan evrópskra staðlastofnana sem fara með ákvarðanatöku varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012, verði eingöngu teknar af fulltrúum landsbundinna staðlastofnana er nauðsynlegt að kveða á um að framkvæmdastjórnin leggi einungis slíka beiðni fyrir evrópska staðlastofnun sem uppfyllir þá kröfu.

9) Staðlasetningar taka til ákvarðana sem krefjast sértæks vinnuferlis og ættu að teljast til aðgreindra staðlaverkefna. Slík staðlaverkefni eru annaðhvort sett af stað til að þróa nýjan Evrópustaðal eða evrópskt stöðlunarskjal eða til að endurskoða, sameina, breyta eða leiðrétta fyrirliggjandi Evrópustaðal eða evrópskt stöðlunarskjal.

10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 til samræmis við það.

11) Til að gera evrópskum staðlastofnunum kleift að aðlaga, ef nauðsyn krefur, innri starfsreglur sínar til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar ætti að fresta framkvæmd hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin getur, innan marka þeirra valdheimilda sem mælt er fyrir um í sáttmálunum, farið þess á leit við eina eða fleiri evrópskar staðlastofnanir að þær semji frumvarp að Evrópustaðli eða evrópsku stöðlunarskjali innan tiltekins frests, að því tilskildu að hlutaðeigandi evrópsk staðlastofnun uppfylli kröfurnar í 2. mgr. a. Evrópustaðlar og evrópsk stöðlunarskjöl skulu vera markaðsdrifin (e. *market-driven*), taka tillit til almannahagsmuna og stefnumarkmiða, sem sett eru skýrt fram í beiðni framkvæmdastjórnarinnar, og byggð á sammæli. Framkvæmdastjórnin skal setja kröfur um innihald umbeðna skjalsins, sem þarf að uppfylla, og ákvarða frest um samþykkt þess.“

2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a Með fyrirvara um annað ráðgefandi álit skal hver evrópsk staðlastofnun sjá til þess að eftirfarandi ákvarðanir varðandi Evrópustaðla og evrópsk stöðlunarskjöl, sem um getur í 1. mgr., séu eingöngu teknar af fulltrúum landsbundinna staðlastofnana úr hópi lögbærra aðila þeirrar stofnunar sem fer með ákvarðanatöku:

a) ákvarðanir um samþykkt og synjun stöðlunarbeiðna,

b) ákvarðanir um samþykkt nýrra staðlaverkefna sem eru nauðsynleg til að uppfylla stöðlunarbeiðnina og

c) ákvarðanir um samþykkt, endurskoðun og afturköllun Evrópustaðla eða evrópskra stöðlunarskjala.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. desember 2022.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	M. BEK
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1860 **2025/EES/59/24**

frá 13. júní 2024

um breytingu á reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 að því er varðar að innleiða Evrópska gagnabankann um lækningatæki (Eudamed) smám saman, skylduna til að tilkynna um það ef truflanir verða á afhendingu eða ef afhendingu er hætt og um umbreytingarákvæði vegna tiltekinna lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([3]) og (ESB) 2017/746 ([4]) er komið á regluramma til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi þar sem tekið er mið af öflugri heilsuvernd sjúklinga og notenda. Um leið eru í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 settar fram strangar kröfur um gæði og öryggi lækningatækja og lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi til að takast á við sameiginleg viðfangsefni á sviði öryggismála að því er varðar slík tæki. Enn fremur eru lykilþættir fyrri reglurammans sem settur er fram í tilskipunum ráðsins 90/385/EBE ([5]) og 93/42/EBE ([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([7]), s.s. eftirlit með tilkynntum aðilum, áhættuflokkun, samræmismatsferli, kröfur varðandi klínískar vísbendingar, gát og markaðseftirlit, styrktir umtalsvert með báðum reglugerðunum og í þeim er þess krafist að Evrópska gagnabankanum um lækningatæki (Eudamed) sé komið á fót til að tryggja gagnsæi og rekjanleika að því er varðar lækningatæki og lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

2) Samkvæmt reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót, viðhaldi og stjórni Evrópska gagnabankanum um lækningatæki sem nær yfir sjö samtengd rafræn kerfi. Þróun á fjórum rafrænum kerfum er lokið og búist er við að tvö rafræn kerfi í viðbót verði tilbúin árið 2024. Þó hefur þróun rafræns kerfis um klínískar rannsóknir og virknirannsóknir tafist talsvert vegna þess hversu tæknilega flókin kröfurnar og verkflæðið eru sem koma þarf í framkvæmd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1860, 9.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Álit frá 20. mars 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2024.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/745/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/746/oj).

([5]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1990/385/oj).

([6]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1993/42/oj).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1998/79/oj).

3) Samkvæmt reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 skulu skyldur og kröfur sem tengjast Evrópska gagnabankanum um lækningatæki koma til framkvæmda frá tilteknum degi um leið og framkvæmdastjórnin hefur sannprófað fulla virkni Evrópska gagnabankans um lækningatæki og birt tilkynningu þess efnis. Tafir á þróun síðasta rafræna kerfisins halda því aftur af skyldubundinni notkun einstakra rafrænna kerfa sem eru tiltæk.

4) Notkun rafrænu kerfanna sem eru tilbúin eða sem eru að verða tilbúin myndi að mörgu leyti stuðla að áhrifaríkri og skilvirkri framkvæmd reglugerða (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 sem dregur úr stjórnsýslubyrði fyrir rekstraraðila. Því ætti að leyfa að innleiða smám saman einstök rafræn kerfi Evrópska gagnabankans um lækningatæki um leið og virkni þeirra hefur verið sannprófuð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/745.

5) Með hliðsjón af innleiðingu rafrænna kerfa Evrópska gagnabankans um lækningatæki smám saman og til að koma í veg fyrir skörun skráningartímabila í landsbundnum gagnabönkum og í Evrópska gagnabankanum um lækningatæki ætti að samræma dagana sem skyldur og kröfur sem tengjast Evrópska gagnabankanum um lækningatæki koma til framkvæmda við dagana sem samsvarandi landsbundnar kröfur um skráningu á grundvelli tilskipana 90/385/EBE, 93/42/EBE og 98/79/EB koma til framkvæmda.

6) Vegna tafa á þróun rafræns kerfis um klínískar rannsóknir og virknirannsóknir ætti einnig að aðlaga tímalínuna fyrir framkvæmd á samræmdu mati á klínískum rannsóknum og virknirannsóknum og viðhalda þeirri nálgun að samræmt mat sé fyrst valfrjálst fyrir aðildarríkin áður en þátttaka í því verður skyldubundin fyrir öll aðildarríki.

7) Þrátt fyrir aukningu á fjölda tilkynntra aðila sem eru tilnefndir í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/746 er heildargeta tilkynntra aðila enn ekki nægileg til að tryggja vottun á þeim mikla fjölda lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi sem á að setja í samræmismat sem tilkynntur aðili tekur þátt í samkvæmt þeirri reglugerð.

8) Fjöldi umsókna um samræmismat á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem framleiðendur hafa lagt fram og fjöldi vottorða sem tilkynntir aðilar hafa gefið út til þessa gefa til kynna að umbreyting í átt að reglurammanum sem komið var á með reglugerð (ESB) 2017/746 hafi ekki verið þannig að það muni tryggja snurðulaus umskipti yfir í nýju reglurnar samkvæmt þeim ramma.

9) Mjög líklegt er að mörg örugg og mikilvæg lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem eru nauðsynleg fyrir sjúkdómsgreiningu og meðhöndlun sjúklinga, verði ekki vottuð í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/746 fyrir lok umbreytingartímabilanna. Þetta hefur í för með sér áhættu á skorti, einkum á tækjum í D-flokki sem teljast til hæsta áhættuflokks, í lok núverandi umbreytingartímabils 26. maí 2025. Því er nauðsynlegt að tryggja órofið framboð lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi á markaði í Sambandinu.

10) Til að tryggja öfluga lýðheilsuvernd og öryggi sjúklinga og jafnframt tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins sem og til að veita réttarvissu og koma í veg fyrir hugsanlega röskun á markaði er nauðsynlegt að framlengja enn frekar umbreytingartímabilin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/746 fyrir tæki sem falla undir vottorð sem gefin eru út af tilkynntum aðilum í samræmi við tilskipun 98/79/EB og fyrir tæki sem á að setja í samræmismat sem tilkynntur aðili tekur þátt í í fyrsta skipti samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/746. Til að ná þeim markmiðum ætti framlengt umbreytingartímabil að varða alla tækjaflokka til þess að tryggja viðráðanlega dreifingu vinnuálags á tilkynnta aðila á réttum tíma og til að koma í veg fyrir annmarka við útgáfu vottorða.

11) Framlengingin ætti að vera nægilega löng til að veita framleiðendum og tilkynntum aðilum þann tíma sem þeir þurfa til að inna af hendi samræmismötin sem krafist er. Með framlengingunni ætti að miða að því að tryggja öfluga lýðheilsuvernd, þ.m.t. öryggi sjúklinga, og koma í veg fyrir skort á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru nauðsynleg fyrir snurðulausa starfsemi heilbrigðisþjónustu án þess að dregið sé úr núgildandi gæða- eða öryggiskröfum.

12) Framlengingin ætti að vera með fyrirvara um tiltekin skilyrði til að tryggja að einungis lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem eru örugg og þar sem framleiðendurnir hafa gert tilteknar ráðstafanir til umbreytingar yfir í fylgni við reglugerð (ESB) 2017/746 njóti góðs af viðbótarumbreytingartímabilinu.

13) Til að tryggja stigvaxandi umbreytingu yfir í reglugerð (ESB) 2017/746 ætti viðeigandi eftirlit, að því er varðar lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi sem njóta góðs af umbreytingartímabilinu, að færast frá tilkynnta aðilanum sem gaf út vottorðið í samræmi við tilskipun 98/79/EB til tilkynnts aðila sem er tilnefndur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/746. Með skírskotun til réttarvissu ætti tilkynnti aðilinn, sem er tilnefndur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/746, ekki að bera ábyrgð á samræmismati og eftirliti sem tilkynnti aðilinn, sem gaf út vottorðið, innir af hendi.

14) Að því er varðar tímann sem þarf til að gera framleiðendum og tilkynntum aðilum kleift að inna af hendi samræmismat, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/746, á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi sem falla undir vottorð eða samræmisyfirlýsingu sem var gefin út í samræmi við tilskipun 98/79/EB ætti að skapa jafnvægi milli takmarkaðrar fyrirliggjandi getu tilkynntra aðila og þess að tryggja öfluga vernd fyrir öryggi sjúklinga og lýðheilsu. Lengd umbreytingartímabilsins ætti því að miðast við áhættuflokk hlutaðeigandi lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi þannig að tímabilið sé styttra fyrir slík tæki sem tilheyra hærri áhættuflokki og lengra fyrir tæki sem tilheyra lægri áhættuflokki.

15) Með hliðsjón af áhrifum sem skortur á tilteknum lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi getur haft á öryggi sjúklinga og lýðheilsu ætti að innleiða fyrirframtilkynningarkerfi til að gera lögbærum yfirvöldum og einkum heilbrigðisstofnunum kleift að grípa til ráðstafana til að draga úr áhættu, ef nauðsyn krefur, til að tryggja heilbrigði og öryggi sjúklinga. Ef framleiðendur sjá fram á, af einhverjum ástæðum, að truflanir verði á afhendingu lækningatækja eða lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi eða að afhendingu þeirra sé hætt og raunhæft er að ætla að sjá megi fyrir að slík truflun eða stöðvun geti leitt til alvarlegs skaða eða áhættu á alvarlegum skaða fyrir sjúklinga eða lýðheilsu í einu eða fleiri aðildarríkjum ættu því framleiðendur að upplýsa viðkomandi lögbær yfirvöld sem og rekstraraðila sem þeir afhenda slík tæki beint og, eftir atvikum, heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsfólk sem þeir afhenda slík tæki beint, um það. Áhættan á alvarlegum skaða fyrir sjúklinga eða lýðheilsu getur til að mynda stafað af mikilvægi þessara tækja til að tryggja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu í einu eða fleiri aðildarríkjum, af því að heilbrigði og öryggi sjúklinga er háð samfelldum tiltækileika slíkra tækja í einu eða fleiri aðildarríkjum eða af því að hentugir staðgöngukostir eru ekki fyrir hendi, einnig í ljósi þess hversu lengi búist er við að truflunin vari, fjölda tækja sem er þegar boðinn fram á markaði og fyrirliggjandi birgða eða tímalína fyrir öflun staðgöngukosta fyrir slík tæki. Framleiðendur og aðrir rekstraraðilar neðar í aðfangakeðjunni ættu að veita þessar upplýsingar þangað til þær berast til viðeigandi heilbrigðisstofnana eða heilbrigðisstarfsfólks. Þar eð áhætta á skorti á slíkum tækjum skiptir einkum máli við umbreytingu frá tilskipunum 90/385/EBE, 93/42/EBE og 98/79/EB yfir í reglugerðir (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 ætti fyrirframtilkynningarkerfið einnig að gilda um tæki sem sett eru á markað í samræmi við umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746.

16) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 til samræmis við það.

17) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að takast á við áhættu á skorti á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í Sambandinu og til að greiða fyrir tímanlegri innleiðingu Evrópska gagnabankans um lækningatæki smám saman, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

18) Þessi reglugerð er samþykkt í ljósi sérstakra aðstæðna sem stafa af yfirvofandi áhættu á skorti á lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og tengdri áhættu á hættuástandi á sviði lýðheilsu sem og talsverðri töf á þróun rafræns kerfis fyrir klínískar rannsóknir og virknirannsóknir fyrir Evrópska gagnabankann um lækningatæki. Til að ná ætluðum áhrifum af því að breyta reglugerðum (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 og til að tryggja tiltækileika slíkra tækja með vottorð sem eru þegar fallin úr gildi eða eiga að falla úr gildi fyrir 26. maí 2025, til að skapa réttarvissu fyrir rekstraraðila og veitendur heilbrigðisþjónustu og í þágu samræmis að því er varðar breytingar á báðum reglugerðunum er áríðandi að þessi reglugerð öðlist gildi sama dag og hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19) Til að gefa framleiðendum og öðrum rekstraraðilum tíma til að laga sig að skyldunni til að tilkynna fyrirsjáanlega truflun á afhendingu tiltekinna tækja eða að fyrirsjáanlegt sé að afhendingu þeirra sé hætt þykir rétt að fresta framkvæmd ákvæða sem tengjast þeirri skyldu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/745

Reglugerð (ESB) 2017/745 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein er bætt við:

„10. gr. a

Skyldur ef truflun verður á afhendingu tiltekinna tækja eða afhendingu er hætt

1. Ef framleiðandi sér fram á truflanir á afhendingu tækis, annars en sérsmíðaðs tækis, eða að afhendingu þess verði hætt, og ef raunhæft er að ætla að sjá megi fyrir að slík truflun eða stöðvun gæti leitt til alvarlegs skaða eða áhættu á alvarlegum skaða fyrir sjúklinga eða lýðheilsu í einu eða fleiri aðildarríkjum skal framleiðandinn upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem hann eða viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu, sem og rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk sem hann afhendir tækið beint, um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu lagðar fram minnst 6 mánuðum fyrir fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina, nema í undantekningatilvikum. Framleiðandinn skal tilgreina ástæður fyrir trufluninni eða stöðvuninni í upplýsingunum sem lagðar eru fyrir lögbært yfirvald.

2. Lögbært yfirvald sem hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal án ástæðulausrar tafar upplýsa lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórnina um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.

3. Rekstraraðilar, sem hafa fengið upplýsingarnar frá framleiðandanum í samræmi við 1. mgr. eða frá öðrum rekstraraðila í aðfangakeðjunni, skulu án ástæðulausrar tafar upplýsa aðra rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk, sem þeir afhenda tækið beint, um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.“

2) Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við samræmingarhópinn um lækningatæki, semja virkniforskriftir fyrir Evrópska gagnabankann um lækningatæki. Framkvæmdastjórnin skal semja áætlun um framkvæmd þessara forskrifta eigi síðar en 26. maí 2018.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa samræmingarhópinn um lækningatæki um það þegar hún hefur, á grundvelli óháðra endurskoðunarskýrslna, staðfest að eitt eða fleiri af rafrænu kerfunum sem um getur í 2. mgr. 33. gr. séu starfhæf og uppfylli virkniforskriftirnar sem eru samdar skv. 1. mgr. þessarar greinar.“

3) Í stað 14. mgr. 78. gr. kemur eftirfarandi:

„14. Þess er krafist að öll aðildarríki beiti málsmeðferðinni sem sett er fram í þessari grein frá þeim degi sem er 5 árum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) um að rafræna kerfið sem um getur í 33. gr. (e-lið 2. mgr.) sé starfhæft og uppfylli virkniforskriftirnar sem samdar eru skv. 34. gr. (1. mgr.).

Fyrir dagsetninguna sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og í fyrsta lagi 6 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í þeirri undirgrein skulu eingöngu þau aðildarríki beita málsmeðferðinni, sem sett er fram í þessari grein, þar sem klíníska rannsóknin skal fara fram og sem hafa samþykkt að beita henni.“

4) Ákvæðum 120. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 8. mgr. falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„13. Ákvæði 10. gr. a skulu einnig gilda um tæki sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein.“

5) Í stað fyrsta til fjórða undirliðar fyrstu málsgreinar 122. gr. kemur eftirfarandi:

„— ákvæðum 8. og 10. gr., 10. gr. b (b- og c-lið 1. mgr.) og 10. gr. b (2. og 3. mgr.) tilskipunar 90/385/EBE, 10. gr., 14. gr. a (c- og d-lið 1. mgr.), 14. gr. a (2. og 3. mgr.) og 15 gr. tilskipunar 93/42/EBE og skyldum sem varða gát og klíníska rannsóknir sem kveðið er á um í samsvarandi viðaukum við þær tilskipanir, sem eru felld úr gildi, eftir því sem við á, frá og með dagsetningunni sem um getur í 123. gr. (d-lið 3. mgr.) þessarar reglugerðar að því er varðar beitingu skyldna og krafna sem varða rafrænu kerfin sem um getur í 33. gr. (e- og f-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, eftir því sem við á,

— ákvæðum 10. gr. a, 10. gr. b (a-lið 1. mgr.) og 11. gr. (5. mgr.) tilskipunar 90/385/EBE, 14. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr. a (a- og b-lið 1. mgr.) og 16. gr. (5 mgr.) tilskipunar 93/42/EBE og skyldum sem varða skráningu tækja og rekstraraðila og um tilkynningar um vottorð sem kveðið er á um í samsvarandi viðaukum við þær tilskipanir, sem eru felld úr gildi, eftir því sem við á, frá og með dagsetningunni sem um getur í 123. gr. (d-lið 3. mgr.) þessarar reglugerðar að því er varðar beitingu skyldna og krafna sem varða rafrænu kerfin sem um getur í 33. gr. (a- til d-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.“

6) Ákvæðum 3. mgr. 123. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum d-liðar er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„með fyrirvara um skyldur framkvæmdastjórnarinnar skv. 34. gr. skulu skyldur og kröfur sem varða öll rafræn kerfi sem um getur í 33. gr. (2. mgr.) koma til framkvæmda frá og með dagsetningu sem er sex mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) um að viðkomandi rafrænt kerfi sé starfhæft og uppfylli virkniforskriftir sem samdar eru skv. 34. gr. (1. mgr.). Ákvæðin sem um getur í málsliðnum hér að framan eru:“

2) Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir tólfta undirlið:

„— 5. mgr. 56. gr.“

3) Í stað fjórtánda undirliðar kemur eftirfarandi:

„— 1.–13. mgr. 78. gr., með fyrirvara um 14. mgr. 78. gr.“

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Þangað til ákvæðin sem um getur í fyrstu undirgrein þessa liðar koma til framkvæmda skulu samsvarandi ákvæði tilskipana 90/385/EBE og 93/42/EBE sem varða upplýsingar um skýrslugjöf um gát, klíníska rannsóknir, skráningu tækja og rekstraraðila og tilkynningar um vottorð gilda áfram.“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) eigi síðar en 12 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) að því er varðar rafrænt kerfi sem um getur í 33. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) skulu framleiðendur tryggja að upplýsingarnar sem færa á í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 29. gr. séu færðar í rafræna kerfið, þ.m.t. varðandi eftirfarandi tæki, að því tilskildu að tækin séu einnig sett á markað frá og með sex mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar:

i. tæki, önnur en sérsmíðuð tæki, sem framleiðandinn hefur sett í samræmismat skv. 52. gr.,

ii. tæki, önnur en sérsmíðuð tæki, sem sett eru á markað skv. 3. mgr., 3. mgr. a eða 3. mgr. b í 120. gr., nema tækið, sem framleiðandi hefur sett í samræmismat í samræmi við 52. gr., sé þegar skráð í Evrópska gagnabankann um lækningatæki“.

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ea) eigi síðar en 18 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) að því er varðar rafrænt kerfi sem um getur í 33. gr. (d-lið 2. mgr.) skulu tilkynntir aðilar tryggja að upplýsingarnar sem færa á í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 56. gr. (5. mgr.) séu færðar í rafræna kerfið, þ.m.t. varðandi tæki sem um getur í i. lið e-liðar þessarar málsgreinar; að því er varðar þessi tæki skal færa inn eingöngu nýjasta viðeigandi vottorðið og, eftir atvikum, allar síðari ákvarðanir sem teknar eru af tilkynnta aðilanum varðandi slíkt vottorð,

eb) þrátt fyrir fyrstu undirgrein d-liðar þessarar málsgreinar skulu skyldur um upphal á samantekt á öryggi og klínískri virkni í samræmi við 32. gr. (1. mgr.) og um að tilkynna lögbærum yfirvöldum í samræmi við 55. gr. (1. mgr.) í gegnum rafræna kerfið sem um getur í 33. gr. (d-lið 2. mgr.) gilda um tæki sem um getur í e-lið þessarar málsgreinar ef vottorðið er fært í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við ea-lið þessarar málsgreinar,

ec) þrátt fyrir fyrstu undirgrein d-liðar þessarar málsgreinar skal framleiðandi, ef hann á að leggja fram reglulega uppfærða öryggisskýrslu í samræmi við 86. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar, gefa skýrslu um alvarlegt atvik eða aðgerð til úrbóta vegna öryggis á vettvangi í samræmi við 87. gr. þessarar reglugerðar eða leggja fram skýrslu um leitni í samræmi við 88. gr. þessarar reglugerðar í gegnum rafræna kerfið sem um getur í 33. gr. (f-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, einnig skrá tækið, sem er viðfangsefni uppfærðu öryggisskýrslunnar eða skýrslugjafar um gát, í rafræna kerfið sem um getur í 33. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, nema ef tækið var sett á markað í samræmi við tilskipun 90/385/EBE eða 93/42/EBE,“

d) Ákvæði h-liðar falla brott.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/746

Reglugerð (ESB) 2017/746 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein er bætt við:

„10. gr. a

Skyldur ef truflun verður á afhendingu tiltekinna tækja eða afhendingu er hætt

1. Ef framleiðandi sér fram truflanir á afhendingu tækis eða að afhendingu þess verði hætt og ef raunhæft er að ætla að sjá megi fyrir að slík truflun eða stöðvun gæti leitt til alvarlegs skaða eða áhættu á alvarlegum skaða fyrir sjúklinga eða lýðheilsu í einu eða fleiri aðildarríkjum skal framleiðandinn upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem hann eða viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu, sem og rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk sem hann afhendir tækið beint, um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu lagðar fram minnst 6 mánuðum fyrir fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina, nema í undantekningatilvikum. Framleiðandinn skal tilgreina ástæður fyrir truflueninni eða stöðvuninni í upplýsingunum sem lagðar eru fyrir lögbært yfirvald.

2. Lögbært yfirvald sem hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal án ástæðulausrar tafar upplýsa lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórnina um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.

3. Rekstraraðilar sem hafa fengið upplýsingarnar frá framleiðandanum í samræmi við 1. mgr. eða frá öðrum rekstraraðila í aðfangakeðjunni skulu án ástæðulausrar tafar upplýsa aðra rekstraraðila, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk, sem þeir afhenda tækið beint, um fyrirsjáanlegu truflunina eða stöðvunina.“

2) Í stað 14. mgr. 74. gr. kemur eftirfarandi:

„14. Þess er krafist að öll aðildarríki beiti málsmeðferðinni sem sett er fram í þessari grein frá þeim degi sem er 5 árum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/745 um að rafræna kerfið sem um getur í 30. gr. (e-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar sé starfhæft og uppfylli virkniforskriftirnar sem samdar eru skv. 34. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/745.

Fyrir dagsetninguna sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og í fyrsta lagi 6 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í þeirri undirgrein skulu eingöngu þau aðildarríki beita málsmeðferðinni, sem sett er fram í þessari grein, þar sem virknirannsóknin skal fara fram og sem hafa samþykkt að beita henni.“

3) Ákvæðum 110. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Vottorð sem tilkynntir aðilar gefa út í samræmi við tilskipun 98/79/EB eftir 25. maí 2017, sem voru enn í gildi 26. maí 2022 og hafa ekki verið dregin til baka eftir það, skulu gilda áfram eftir þann tíma sem er tilgreindur á vottorðinu til og með 31. desember 2027. Vottorð sem tilkynntir aðilar gefa út í samræmi við þá tilskipun eftir 25. maí 2017, sem voru enn í gildi 26. maí 2022 og sem féllu úr gildi fyrir 9. júlí 2024, skulu því aðeins teljast gild til 31. desember 2027 ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) fyrir síðasta gildisdag vottorðsins undirrituðu framleiðandinn og tilkynntur aðili skriflegan samning, í samræmi við annan undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka við þessa reglugerð, um samræmismat að því er varðar tækið sem fellur undir útrunna vottorðið eða að því er varðar tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir það tæki,

b) lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt undanþágu frá gildandi samræmismatsferli í samræmi við 1. mgr. 54. gr. þessarar reglugerðar eða hefur krafist þess að framleiðandinn, í samræmi við 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, inni af hendi viðeigandi samræmismatsferli.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 5. gr. og að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. c í þessari grein séu uppfyllt er heimilt að setja tækin, sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein, á markað eða taka þau í notkun fram að dagsetningunum sem eru tilgreindar í þessum málsgreinum.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3a. Einungis má setja tæki með vottorð, sem var gefið út í samræmi við tilskipun 98/79/EB og sem er gilt skv. 2. mgr. þessarar greinar, á markað eða taka þau í notkun fram til 31. desember 2027.

3b. Setja má tæki sem samræmismatsferli fyrir samkvæmt tilskipun 98/79/EB útheimti ekki þátttöku tilkynnts aðila, sem samræmisyfirlýsing var útbúin fyrir fyrir 26. maí 2022 í samræmi við þá tilskipun, og sem samræmismatsferli fyrir samkvæmt þessari reglugerð útheimtir þátttöku tilkynnts aðila á markað eða taka þau í notkun fram að eftirtöldum dagsetningum:

a) að því er varðar tæki í flokki D: 31. desember 2027,

b) að því er varðar tæki í flokki C: 31. desember 2028,

c) að því er varðar tæki í flokki B og tæki í flokki A sem er sett á markað í dauðhreinsuðu ástandi: 31. desember 2029.

3c. Tæki sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein má því aðeins setja á markað eða taka í notkun fram að dagsetningunum sem um getur í þeim málsgreinum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þessi tæki eru áfram í samræmi við tilskipun 98/79/EB,

b) engar verulegar breytingar hafa orðið á hönnun og ætluðum tilgangi,

c) tækin skapa ekki óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi sjúklinga, notenda eða annarra einstaklinga eða fyrir aðra þætti lýðheilsuverndar,

d) framleiðandinn hefur komið á, eigi síðar en 26. maí 2025, gæðastjórnunarkerfi í samræmi við 8. mgr. 10. gr.,

e) framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans hefur lagt fram formlega umsókn hjá tilkynntum aðila, í samræmi við fyrsta undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka, um samræmismat að því er varðar tæki sem um getur í 3. mgr. a eða 3. mgr. b í þessari grein eða tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir það tæki eigi síðar en:

i. að því er varðar tæki sem um getur í 3. mgr. a og a-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. maí 2025,

ii. að því er varðar tæki sem um getur í b-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. maí 2026,

iii. að því er varðar tæki sem um getur í c-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. maí 2027,

f) tilkynntur aðili og framleiðandinn hafa undirritað skriflegt samkomulag í samræmi við annan undirlið í lið 4.3 í VII. viðauka eigi síðar en:

i. að því er varðar tæki sem um getur í 3. mgr. a og a-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. september 2025,

ii. að því er varðar tæki sem um getur í b-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. september 2026,

iii. að því er varðar tæki sem um getur í c-lið 3. mgr. b í þessari grein: 26. september 2027.

3d. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skulu kröfurnar í þessari reglugerð sem varða eftirlit eftir markaðssetningu, markaðseftirlit, gát og skráningu rekstraraðila og tækja gilda um tækin sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein í stað samsvarandi krafna í tilskipun 98/79/EB.

3e. Með fyrirvara um IV. kafla og 1. mgr. þessarar greinar skal tilkynnti aðilinn, sem gaf út vottorðið sem um getur í 3. mgr. a í þessari grein, áfram bera ábyrgð á viðeigandi eftirliti að því er varðar gildandi kröfur varðandi tækin sem hann hefur vottað nema framleiðandinn hafi samið um það við tilkynntan aðila, sem er tilnefndur í samræmi við 38. gr., að sá síðarnefndi inni af hendi slíkt eftirlit.

Eigi síðar en 26. september 2025 skal tilkynnti aðilinn sem hefur undirritað skriflega samninginn sem um getur í f-lið 3. mgr. c í þessari grein bera ábyrgð á eftirliti að því er varðar tækin sem falla undir skriflega samninginn. Ef skriflegi samningurinn nær yfir tæki sem ætlað er að koma í staðinn fyrir tæki sem er með vottorð sem var gefið út í samræmi við tilskipun 98/79/EB skal eftirlitið innt af hendi að því er varðar tækið sem skipt er út.

Fyrirkomulag við yfirfærslu eftirlits frá tilkynnta aðilanum sem gaf út vottorðið til tilkynnta aðilans sem er tilnefndur í samræmi við 38. gr. skal skilgreint með skýrum hætti í samningi milli framleiðandans og tilkynnta aðilans sem er tilnefndur í samræmi við 38. gr. og, þar sem því verður við komið, tilkynnta aðilans sem gaf út vottorðið. Tilkynnti aðilinn sem er tilnefndur í samræmi við 38. gr. skal ekki bera ábyrgð á starfsemi á sviði samræmismats sem tilkynnti aðilinn, sem gaf vottorðið út, innir af hendi.“

d) Ákvæði 8. mgr. falla brott.

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„11. Ákvæði 10. gr. a skulu einnig gilda um tæki sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í þessari grein.“

4) Ákvæðum 112. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 3. til 4. mgr. 110. gr. þessarar reglugerðar og með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna og framleiðenda að því er varðar gát og skyldur framleiðenda að því er varðar að gera gögn aðgengileg samkvæmt tilskipun 98/79/EB fellur sú tilskipun úr gildi frá og með 26. maí 2022 að undanskildum:

a) ákvæðum 11. gr., 12. gr. (c-lið 1. mgr.) og 12. gr. (2. og 3. mgr.) tilskipunar 98/79/EB og skyldum sem varða gát og virknirannsóknir sem kveðið er á um í samsvarandi viðaukum við þá tilskipun, sem eru felld úr gildi, eftir því sem við á, frá og með dagsetningunni sem um getur í 113. gr. (f-lið 3. mgr.) þessarar reglugerðar að því er varðar beitingu skyldna og krafna sem varða rafrænu kerfin sem um getur í 30. gr. (e- og f-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, eftir því sem við á,

b) ákvæðum 10. gr., 12. gr. (a- og b-lið 1. mgr.) og 15. gr. (5. mgr.) tilskipunar 98/79/EB og skyldum sem varða skráningu tækja og rekstraraðila og tilkynningum um vottorð sem kveðið er á um í samsvarandi viðaukum við þá tilskipun, sem eru felld úr gildi, eftir því sem við á, frá og með dagsetningunni sem um getur í 113. gr. (f-lið 3. mgr.) þessarar reglugerðar að því er varðar beitingu skyldna og krafna sem varða rafrænu kerfin sem um getur í 30. gr. (a- til d-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.“

b) Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

"Að því er varðar tækin sem um getur í 3. til 4. mgr. 110. gr. þessarar reglugerðar skal tilskipun 98/79/EB gilda áfram að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessara málsgreina.“

5) Ákvæðum 3. mgr. 113. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði a-liðar falla brott.

b) Ákvæðum f-liðar er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„með fyrirvara um skyldur framkvæmdastjórnarinnar skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 skulu skyldur og kröfur sem varða öll rafræn kerfi sem um getur í 30. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar koma til framkvæmda frá og með dagsetningu sem er sex mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 34. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/745 um að viðkomandi rafrænt kerfi sé starfhæft og uppfylli virkniforskriftir sem eru samdar skv. 34. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar. Ákvæðin sem um getur í málsliðnum hér að framan eru:“

2) Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir tíunda undirlið:

„— 5. mgr. 51. gr.“

3) Í stað tólfta undirliðar kemur eftirfarandi:

„— 1.–13. mgr. 74. gr., með fyrirvara um 14. mgr. 74. gr.“

4) Í stað síðasta undirliðar kemur eftirfarandi:

„— 3. mgr. d í 110. gr.“

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Þangað til ákvæðin sem um getur í fyrstu undirgrein þessa liðar koma til framkvæmda skulu samsvarandi ákvæði tilskipunar 98/79/EB sem varða upplýsingar um skýrslugjöf um gát, virknirannsóknir, skráningu tækja og rekstraraðila og tilkynningar um vottorð gilda áfram.“

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„fa) eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetninguna sem sett er fram í fyrstu undirgrein f-liðar þessarar málsgreinar skulu framleiðendur tryggja að upplýsingarnar sem færa á í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 26. gr. séu færðar í rafræna kerfið sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 30. gr., þ.m.t. varðandi eftirfarandi tæki, að því tilskildu að tækin séu einnig sett á markað frá þeirri dagsetningu sem sett er fram í fyrstu undirgrein f-liðar þessarar málsgreinar:

i. tæki sem framleiðandinn hefur sett í samræmismat í samræmi við 48. gr.,

ii. tæki sem sett eru á markað skv. 3. mgr., 3. mgr. a eða 3. mgr. b í 110. gr., nema tækið, sem framleiðandi hefur sett í samræmismat í samræmi við 48. gr., sé þegar skráð í Evrópska gagnabankann um lækningatæki,

fb) eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetninguna sem sett er fram fyrstu undirgrein f-liðar þessarar málsgreinar skulu tilkynntir aðilar tryggja að upplýsingarnar sem færa á í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við 5. mgr. 51. gr. séu færðar í rafræna kerfið sem um getur í d-lið 2. mgr. 30. gr., þ.m.t. varðandi tæki sem um getur í i. lið fa-liðar þessarar málsgreinar; að því er varðar þessi tæki skal færa inn eingöngu nýjasta viðeigandi vottorðið og, eftir atvikum, allar síðari ákvarðanir sem teknar eru af tilkynnta aðilanum varðandi slíkt vottorð,

fc) þrátt fyrir f-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu skyldur um upphal á samantekt á öryggi og virkni í samræmi við 29. gr. (1. mgr.) og um að tilkynna lögbærum yfirvöldum í samræmi við 50. gr. (1. mgr.) í gegnum rafræna kerfið sem um getur í 30. gr. (d-lið 2. mgr.) gilda um tæki sem um getur í fa-lið þessarar málsgreinar ef vottorðið er fært í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við lið fb-lið þessarar málsgreinar,

fd) þrátt fyrir fyrstu undirgrein f-liðar þessarar málsgreinar skal framleiðandi, ef hann á að leggja fram reglulega uppfærða öryggisskýrslu í samræmi við 81. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar, gefa skýrslu um alvarlegt atvik eða aðgerð til úrbóta vegna öryggis á vettvangi í samræmi við 82. gr. þessarar reglugerðar eða leggja fram skýrslu um leitni í samræmi við 83. gr. þessarar reglugerðar í gegnum rafræna kerfið sem um getur í 30. gr. (f-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, einnig skrá tækið, sem er viðfangsefni reglulega uppfærðu öryggisskýrslunnar eða skýrslugjafar um gát, í rafræna kerfið sem um getur í 30. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, nema ef tækið var sett á markað í samræmi við tilskipun 98/79/EB“.

d) Ákvæði g-liðar falla brott.

e) Í stað dagsetningarinnar „26. maí 2028“ í j-lið kemur „31. desember 2030“.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar 1. gr. og 1. liðar 2. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 10. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	H. LAHBIB
forseti.	*forseti.*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/27/ESB 2025/EES/59/25

frá 25. október 2012

um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið stendur frammi fyrir fordæmalausum áskorunum þar sem það er í auknum mæli háð innflutningi á orku og þverrandi orkulindum og vegna þess að nauðsynlegt er að takmarka loftslagsbreytingar og sigrast á efnahagskreppunni. Orkunýtni er mikilvæg leið til að takast á við þessar áskoranir. Hún bætir afhendingaröryggi í Sambandinu með því að draga úr frumorkunotkun og minnka innflutning á orku. Hún stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda með kostnaðarhagkvæmum hætti og dregur þar með úr loftslagsbreytingum. Skipti yfir í orkunýtnara hagkerfi ættu einnig að hraða útbreiðslu framsækinna tæknilausna og bæta samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu, örva hagvöxt og skapa hágæða störf í fjölda geira sem tengjast orkunýtni.

2) Í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 8. og 9. mars 2007 var lögð áhersla á nauðsyn þess að auka orkunýtni í Sambandinu til að ná fram því markmiði að draga úr frumorkunotkun Sambandsins um 20% eigi síðar en á árinu 2020 samanborið við spár. Í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 4. febrúar 2011 var lögð áhersla á að markmiðið um 20% betri orkunýtni árið 2020 sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins í júní 2010, og sem ekki er á áætlun, verði að nást. Spár sem gerðar voru árið 2007 sýndu að frumorkunotkun árið 2020 yrði 1842 milljón tonn olíuígilda. Lækkun um 20% þýðir 1474 milljón tonn olíuígilda árið 2020, þ.e. lækkun um 368 milljón tonn olíuígilda samanborið við spár.

3) Í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 17. júní 2010 var staðfest að markmiðið um orkunýtni er eitt af höfuðmarkmiðunum í nýrri stefnumörkun Sambandsins um störf og hugvitssaman og sjálfbæran hagvöxt fyrir alla („stefnumörkun fyrir Evrópu 2020“). Samkvæmt þessu ferli og í því skyni að hrinda þessu markmiði í framkvæmd á landsvísu, þurfa aðildarríkin að setja landsbundin markmið í nánu samráði við framkvæmdastjórnina og tilgreina, í umbótaáætlun aðildarríkisins, hvernig þau hyggjast ná þeim fram.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. nóvember 2010 um orkumál 2020 er orkunýtni einn af grundvallarþáttum stefnumörkunar Sambandsins í orkumálum 2020 og þar er lýst þörfinni á nýrri stefnumörkun um orkunýtni sem muni gera öllum aðildarríkjum kleift að aftengja orkunotkun frá hagvexti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 24, 28.1.2012, bls. 134.

([2]) Stjtíð. ESB C 54, 23.2.2012, bls. 49.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 4. október 2012.

5) Í ályktun sinni frá 15. desember 2010 um endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar um orkunýtni hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að taka með í endurskoðaðri aðgerðaáætlun um orkunýtni ráðstafanir til að loka bilinu svo að heildarmarkmið Sambandsins um orkunýtni 2020 náist.

6) Eitt af framtaksverkefnunum í stefnumörkun fyrir Evrópu 2020 er forystuverkefnið um auðlindanýtni í Evrópu sem framkvæmdastjórnin samþykkti hinn 26. janúar 2011. Þar er bent á orkunýtni sem mikilvægan þátt í því að tryggja sjálfbærni í notkun orkuauðlinda.

7) Í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 4. febrúar 2011 var viðurkennt að markmið Sambandsins um orkunýtni væri ekki á áætlun og að ákveðinna aðgerða væri þörf til að nýta hina umtalsverðu möguleika á auknum orkusparnaði í byggingum, flutningastarfsemi, vörum og ferlum. Í þessum niðurstöðum er einnig kveðið á um að framkvæmd markmiða Sambandsins um orkunýtni verði endurskoðuð eigi síðar en árið 2013 og frekari ráðstafanir teknar til athugunar ef nauðsyn krefur.

8) Hinn 8. mars 2011 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu um áætlun um orkunýtni 2011. Í orðsendingunni var staðfest að Sambandið er ekki á áætlun með að ná orkunýtnimarkmiði sínu. Þetta er þrátt fyrir framþróun landsbundinna áætlana um orkunýtni sem lýst er í fyrstu landsbundnu aðgerðaáætlununum um orkunýtni sem aðildarríkin lögðu fram til uppfyllingar á kröfum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála ([1]). Frumgreining á annarri aðgerðaáætluninni staðfestir að Sambandið er ekki á áætlun. Til að bæta fyrir það er í áætlun um orkunýtni 2011 lögð fram röð áætlana og ráðstafana um orkunýtni sem ná yfir alla orkukeðjuna, þ.m.t. orkuframleiðslu, -flutning og -dreifingu, forystuhlutverk hins opinbera í orkunýtni, byggingar og búnað, iðnað og nauðsyn þess að gera kaupendum kleift að stjórna orkunotkun sinni. Orkunýtni í flutningageiranum var tekin til athugunar samhliða hvítbók um flutningastarfsemi sem var samþykkt 28. mars 2011. Einkum er í framtaksverkefni 26 í hvítbókinni kallað eftir viðeigandi stöðlum fyrir koltvísýringslosun ökutækja í sérhverjum ham, sem við bætast, ef nauðsyn krefur, kröfur um orkunýtni til að ná yfir allar gerðir knúningskerfa.

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

9) Hinn 8. mars 2011 samþykkti framkvæmdastjórnin einnig áætlun um að færast yfir í samkeppnishæft hagkerfi með lítilli kolefnislosun árið 2050 þar sem þörfin fyrir aukna áherslu á orkunýtni er skilgreind í þessu samhengi.

10) Í þessu samhengi er nauðsynlegt að uppfæra lagaramma Sambandsins um orkunýtni með tilskipun sem fylgir heildarmarkmiðinu um að ná orkunýtnimarkmiðinu um að draga úr frumorkunotkun Sambandsins um 20% eigi síðar en árið 2020 og að gera frekari umbætur í orkunýtni eftir 2020. Í þessu skyni skal tilskipunin koma á sameiginlegum ramma til að stuðla að orkunýtni innan Sambandsins og mæla fyrir um sértækar aðgerðir til að framkvæma sumar af þeim tillögum sem felast í áætlun um orkunýtni 2011 og ná fram þeim umtalsverðu vannýttu orkusparnaðarmöguleikum sem bent er á í henni.

11) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 ([2]) er þess krafist að framkvæmdastjórnin meti og geri skýrslu eigi síðar en árið 2012 um hvernig Sambandinu og aðildarríkjunum gangi að ná markmiðinu um að draga úr orkunotkun um 20% eigi síðar en árið 2020 samanborið við spár. Þar kemur einnig fram að til að hjálpa aðildarríkjum að uppfylla skuldbindingar Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda skuli framkvæmdastjórnin leggja til, eigi síðar en 31. desember 2012, hertar eða nýjar ráðstafanir til að hraða umbótum í orkunýtni. Þessi tilskipun bregst við þeirri kröfu. Hún stuðlar einnig að því að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í áætluninni um flutning í samkeppnishæft hagkerfi með lítilli kolefnislosun 2050, einkum með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá orkugeiranum og að ná raforkuframleiðslu án losunar eigi síðar en árið 2050.

12) Taka þarf upp samþætta stefnu til að nýta alla fyrirliggjandi möguleika til orkusparnaðar, sem nær til sparnaðar við afhendingu orku og í endanlegum notkunargeirum. Um leið skal efla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum ([3]) og tilskipunar 2006/32/EB.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136.
([3]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

13) Æskilegt er að markmiðið um 20% orkunýtni náist í kjölfar framkvæmdar í þrepum á sértækum landsbundnum og evrópskum ráðstöfunum sem stuðla að orkunýtni á mismunandi sviðum. Krefja skal aðildarríki um að koma á leiðbeinandi landsbundnum markmiðum, kerfum og áætlunum um orkunýtni. Framkvæmdastjórnin skal meta þessi markmið og framtak hvers aðildarríkis fyrir sig, ásamt gögnum um framvindu, til að meta líkurnar á að heildarmarkmið Sambandsins náist og að hve miklu marki hvert framtak er nægilegt til að ná hinu sameiginlega markmiði. Framkvæmdastjórnin skal því fylgjast náið með framkvæmd landsbundinna áætlana um orkunýtni í gegnum endurskoðaða lagarammann og innan ferlisins Evrópa 2020. Þegar leiðbeinandi landsbundin markmið um orkunýtni eru sett, skulu aðildarríki geta tekið tillit til landsbundinna aðstæðna sem hafa áhrif á frumorkunotkun eins og kostnaðarhagkvæmra möguleika á orkusparnaði sem eftir eru, breytinga á inn- og útflutningi á orku, þróunar á öllum gerðum endurnýjanlegrar orku, kjarnorku, föngunar og geymslu kolefnis og aðgerða sem gripið er til tímanlega. Við framkvæmd líkangerða skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríki um forsendur líkananna og drög að niðurstöðum líkana með tímanlegum og gagnsæjum hætti. Nauðsynlegt er að gera betri líkön fyrir orkunýtniráðstafanir og um birgðir og afköst tækni.

14) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([1]) kemur fram að sökum þess að Kýpur og Malta eru einangraðar eyjur á jaðarsvæðum treysta þær á flug sem flutningsmáta sem er bráðnauðsynlegur ríkisborgurum þeirra og atvinnulífi. Sökum þessa er heildarorkunotkun Kýpur og Möltu í flutningum í lofti óhóflega mikil, þ.e. meira en þrisvar sinnum meiri en meðaltal Bandalagsins árið 2005 og verða þau því fyrir óhóflega miklum áhrifum af núverandi tækni- og reglutakmörkunum.

15) Heildarumfang opinberrar fjárnotkunar jafngildir 19% af vergri landsframleiðslu Sambandsins. Af þessum sökum telst hið opinbera vera öflugur aðili þegar kemur að því að örva breytingar á markaði í átt að skilvirkari vörum, byggingum og þjónustu auk þess að koma af stað breytingum á atferli borgara og fyrirtækja að því er varðar orkunotkun. Enn fremur geta ráðstafanir til umbóta í orkunýtni sem draga úr orkunotkun losað um opinbert fjármagn til annarra nota. Opinberir aðilar á lands-, svæðis- og staðarvísu skulu vera til fyrirmyndar að því er varðar orkunýtni.

16) Með það í huga að lögð var áhersla á það í niðurstöðum ráðsins frá 10. júní 2011 um áætlun um orkunýtni 2011 að 40% af endanlegri orkunotkun í Sambandinu megi rekja til bygginga og að til þess að grípa vaxtar- og atvinnutækifæri í iðngreinum og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, sem og í framleiðslu á byggingarvörum og í starfsemi fagmanna á sviðum byggingarlistar, ráðgjafar og verkfræði, skuli aðildarríkin koma á langtímaáætlun fram yfir 2020 um að virkja fjárfestingu í endurnýjun íbúðar- og viðskiptahúsnæðis með það fyrir augum að bæta orkunýtingu byggingamassans (e. *building stock*). Í þeirri áætlun skal fjalla um kostnaðarhagkvæma heildarendurnýjun sem leiðir til endurnýjunar sem dregur bæði úr afhentri og endanlegri orkunotkun byggingar um umtalsverðan hundraðshluta samanborið við gildin fyrir endurnýjun, sem leiðir til mikillar orkunýtingar. Þessa heildarendurnýjun væri einnig hægt að framkvæma í áföngum.

17) Auka þarf tíðni endurnýjunar á byggingum þar sem fyrirliggjandi byggingamassi er stærsta einstaka mögulega sviðið fyrir orkusparnað. Enn fremur skipta byggingar sköpum við að ná markmiðum Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80-95% eigi síðar en árið 2050 samanborið við árið 1990. Byggingar í eigu opinberra aðila eru umtalsverður hluti byggingamassans og mjög sýnilegar á opinberum vettvangi. Því er rétt að ákveða árlegt hlutfall endurnýjunar á byggingum í eigu og í notkun ríkisstjórna á yfirráðasvæði aðildarríkis til að uppfæra orkunýtingu þeirra. Þetta hlutfall endurnýjunar skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga ([2]) að því er varðar byggingar sem eru nánast núllorkubyggingar. Skuldbindingin um að endurnýja ríkisstjórnarbyggingar í þessari tilskipun er til viðbótar þeirri tilskipun sem krefst þess að aðildarríki tryggi að þegar meiriháttar endurnýjun er gerð á byggingum sé orkunýting þeirra uppfærð þannig að þær uppfylli lágmarkskröfur um orkunýtingu. Það ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að gera aðrar kostnaðarhagkvæmar ráðstafanir til að ná fram jafngildum úrbótum á orkunýtingu bygginga í eigu ríkisstjórna þeirra. Skuldbindingin um að endurnýja gólfflöt ríkisstjórnabygginga skal gilda um stjórnsýsludeildir sem hafa valdsvið sem nær yfir allt yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Ef engin slík stjórnsýsludeild sem nær yfir allt yfirráðasvæðið er til staðar í tilteknu aðildarríki og á tilteknu valdsviði, skal skuldbindingin gilda um þær stjórnsýsludeildir sem hafa valdsvið sem ná sameiginlega yfir allt yfirráðasvæðið.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13.

18) Fjöldi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila í aðildarríkjunum hefur þegar tekið upp samþætta stefnu um orkusparnað og orkuafhendingu, til dæmis með aðgerðaáætlunum um sjálfbæra orku, eins og þá sem þróuð var samkvæmt framtaksverkefninu í samningi borgarstjóra, og samþætta þéttbýlisstefnu sem gengur lengra en einstaka inngrip í byggingar eða flutningsmáta. Aðildarríki skulu hvetja sveitarfélög og aðra opinbera aðila til að samþykkja samþættar og sjálfbærar áætlanir um orkunýtni með skýrum markmiðum, til að virkja borgara í þróun og framkvæmd þeirra og veita þeim fullnægjandi upplýsingar um innihald þeirra og framvindu við að ná markmiðum. Slíkar áætlanir geta skilað umtalsverðum orkusparnaði, sérstaklega ef þær eru framkvæmdar með orkustjórnunarkerfum sem gera viðkomandi opinberum aðilum kleift að stjórna orkunotkun sinni betur. Hvetja skal til miðlunar reynslu á milli borga, bæja og annarra opinberra aðila að því er varðar reynslu af nýjungum.

19) Að því er varðar kaup á tilteknum vörum og þjónustu og kaup og leigu á byggingum, skulu ríkisstjórnir sem gera opinbera verk-, vöru- eða þjónustusamninga ganga á undan með góðu fordæmi og taka ákvarðanir um orkunýtin kaup. Þetta skal gilda um stjórnsýsludeildir með valdsvið sem nær yfir allt yfirráðasvæði aðildarríkis. Ef engin slík stjórnsýsludeild sem nær yfir allt yfirráðasvæðið er til staðar í tilteknu aðildarríki og á tilteknu valdsviði, skal skuldbindingin gilda um þær stjórnsýsludeildir sem hafa valdsvið sem ná sameiginlega yfir allt yfirráðasvæðið. Hins vegar skal þetta ekki hafa áhrif á ákvæði í tilskipunum Sambandsins um opinber innkaup. Að því er varðar aðrar vörur en þær sem falla undir kröfur um orkunýtni við innkaup í þessari tilskipun skulu aðildarríki hvetja opinbera aðila til að taka tillit til orkunýtni við innkaup.

20) Mat á möguleikanum á því að koma á áætlun um „hvítvottorð“ á vettvangi Sambandsins hefur sýnt að, við núverandi aðstæður, myndi slíkt kerfi skapa óhóflegan stjórnsýslukostnað og að hætta er á því að orkusparnaður myndi einskorðast við nokkur aðildarríki en yrði ekki innleiddur um allt Sambandið. Markmiðum slíkrar áætlunar á vettvangi Sambandsins gæti verið betur náð, í það minnsta á þessu stigi, með landsbundnum áætlunum um skuldbindingar um orkunýtni fyrir orkuveitur eða önnur stefnuúrræði sem ná fram sama orkusparnaði. Rétt þykir að markmið slíkra áætlana séu ákveðin í sameiginlegum ramma á vettvangi Sambandsins samhliða því að veita aðildarríkjum umtalsverðan sveigjanleika til að taka fullt tillit til landsbundinnar skipulagningar markaðsaðila, sérstakra aðstæðna orkugeirans og hegðunar kaupenda. Sameiginlegi ramminn skal gefa orkuveitum kost á því að bjóða öllum kaupendum orkuþjónustu, ekki bara þeim sem þeir selja orku. Þetta eykur samkeppni á orkumarkaði þar sem orkuveitur geta aðgreint vörur sínar með því að veita viðbótarorkuþjónustu. Sameiginlegi ramminn ætti að gera aðildarríkjum kleift að hafa með í landsbundnum áætlunum kröfur sem stefna að félagslegum markmiðum, einkum í því skyni að tryggja að viðkvæmir viðskiptavinir geti nýtt sér ávinning af aukinni orkunýtni. Aðildarríkin skulu ákvarða á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru án mismununar hvaða orkudreifingaraðilum eða -smásölufyrirtækjum skuli skylt að ná fram þeim markmiðum um orkusparnað við endanlega notkun sem sett eru fram í þessari tilskipun.

Aðildarríkjum skal einkum heimilað að leggja þessa skyldu ekki á litla orkudreifingaraðila, lítil orkusmásölufyrirtæki og litla orkugeira til að forðast óhóflega stjórnsýslubyrði. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2008 eru settar fram meginreglur sem aðildarríki skulu taka tillit til ef þau ákveða að sleppa því að nýta þennan möguleika. Til þess að styðja við landsbundin framtaksverkefni um orkunýtni geta aðilar sem eru skuldbundnir samkvæmt landsbundnum áætlunum um orkunýtniskyldur uppfyllt skyldur sínar með árlegu framlagi í landsbundinn sjóð um orkunýtni sem er jafnt fjárfestingunni sem krafist er í áætluninni.

21) Í ljósi þess hversu brýnt er að koma aftur á sjálfbærni og fjárhagslegu aðhaldi í fjármálum hins opinbera, skal við framkvæmd á tilteknum ráðstöfunum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni á vettvangi aðildarríkjanna við framkvæmd ráðstafana um orkunýtni á grundvelli viðeigandi greiningar og mats.

22) Krafan um að ná fram sparnaði í árlegri orkusölu til kaupenda í hlutfalli við þá orkusölu sem hefði orðið telst ekki setja þak á sölu eða notkun á orku. Aðildarríki skulu einnig geta undanskilið sölu á orku, eftir magni, að hluta eða í heild, sem notuð er í iðnrekstri sem skráður er í I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins [1] við útreikning á orkusölu til kaupenda, þar sem það er viðurkennt að umtalsverð hætta geti verið í tilteknum geirum eða undirgeirum innar þessa rekstrar á kolefnisleka. Rétt þykir að aðildarríki séu meðvituð um kostnað við áætlanir til þess að þau geti metið nákvæmlega kostnað við ráðstafanir.

[1] Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

23) Með fyrirvara um kröfurnar í 7. gr. og í því skyni að takmarka stjórnsýsluálag, geta einstök aðildarríki flokkað öll einstök stefnuúrræði til framkvæmdar á 7. gr. saman í landsbundna alhliða áætlun um orkunýtni.

24) Til að nýta möguleika á orkusparnaði á tilteknum afmörkuðum markaðssviðum þar sem orkuúttektir eru almennt ekki í boði (eins og fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki), skulu aðildarríki þróa áætlanir til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að gangast undir orkuúttektir. Orkuúttektir skulu skyldubundnar og reglulegar fyrir stór fyrirtæki þar sem orkusparnaður getur verið umtalsverður. Orkuúttektir skulu taka tillit til viðkomandi Evrópustaðla eða alþjóðlegra staðla eins og EN ISO 50001 (orkustjórnunarkerfi) eða EN 16247-1 (orkuúttektir) eða, ef orkuúttekt er innifalin, EN ISO 14000 (umhverfisstjórnunarkerfi) og vera þannig í samræmi við ákvæði VI. viðauka þessarar tilskipunar þar sem slík ákvæði ganga ekki framar kröfunum í þessum viðkomandi stöðlum. Sértækur Evrópustaðall um orkuúttektir er nú í þróun.

25) Ef orkuúttektir eru framkvæmdar af sérfræðingum innan fyrirtækisins þyrfti að krefjast þess í þágu nauðsynlegs óhæðis að sérfræðingarnir starfi ekki beint við starfsemina sem tekin er út.

26) Þegar ráðstafanir til umbóta í orkunýtni eru hannaðar skal taka tillit til þeirrar auknu skilvirkni og sparnaðar sem fæst með útbreiddri notkun á kostnaðarhagkvæmum tækninýjungum, t.d. skynvæddum mælum. Ef skynvæddir mælar hafa verið settir upp skulu fyrirtæki ekki nota þá til að gera óréttmæta bakreikninga.

27) Í tengslum við rafmagn og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku [1] skulu minnst 80% neytenda vera með snjallmæla eigi síðar en árið 2020 ef mat á innleiðingu skynvæddra mæla er jákvætt. Í tengslum við gas og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas [2] skulu aðildarríki eða lögbært yfirvald sem þau tilgreina útbúa tímaáætlun um að taka í notkun skynvædd mælikerfi ef mat á innleiðingu skynvæddra mælikerfa er jákvætt.

28) Notkun sérmæla eða hitunarkostnaðarmæla til að mæla notkun einstaklinga á hitun í fjölbýlishúsum sem fengin er með fjarhitun eða sameiginlegri miðstöðvarhitun er hagstæð þegar kaupendur hafa leið til að stýra sinni eigin notkun. Þess vegna er notkun þeirra aðeins skynsamleg í byggingum þar sem ofnar eru búnir hitastillilokum.

29) Í sumum fjölbýlishúsum sem fá fjarhitun eða eru með sameiginlegri miðstöðvarhitun, væri notkun nákvæmra sérhitamæla tæknilega flókin og kostnaðarsöm vegna þess að heita vatnið sem notað er til hitunar kemur inn og fer út úr íbúðunum á nokkrum stöðum. Líta má svo á að sérmælingar á hitanotkun í fjölbýlishúsum séu, þrátt fyrir allt, tæknilega mögulegar þegar uppsetning á sértækum mælum útheimtir ekki breytingar á lögnum sem fyrir eru í byggingunni fyrir hitun með heitu vatni. Í slíkum byggingum geta mælingar á hitanotkun einstaklinga þá farið fram með sérhitunarkostnaðarmælum sem settir eru upp á hverjum ofni fyrir sig.

30) Í tilskipun 2006/32/EB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að kaupendur fái sérmæla á samkeppnishæfu verði sem sýna nákvæmlega raunorkunotkun þeirra og veita upplýsingar um raunnotkunartíma. Í flestum tilvikum er þessi krafa með fyrirvara um þau skilyrði að hún sé tæknilega möguleg, fjárhagslega sanngjörn og í réttu hlutfalli við mögulegan orkusparnað. Þegar tenging er sett upp í nýrri byggingu eða þegar miklar endurnýjanir eru gerðar á byggingu, eins og skilgreint er í tilskipun 2010/31/ESB, skal þó ávallt útvega slíka sérmæla. Í tilskipun 2006/32/EB er þess einnig krafist að skýr reikningsútskrift sem byggð er á raunnotkun sé afhent nógu oft til þess að notendur getir stýrt eigin orkunotkun.

31) Í tilskipunum 2009/72/EB og 2009/73/EB er þess krafist að aðildarríkin tryggi upptöku skynvæddra mælikerfa til að auðvelda virka þátttöku neytenda á mörkuðum fyrir rafmagn og gas. Að því er varðar rafmagn skulu a.m.k. 80% neytenda vera komnir með skynvædd mælikerfi eigi síðar en árið 2020 ef innleiðing snjallmæla er talin kostnaðarhagkvæm. Að því er varðar jarðgas er enginn frestur gefinn en gerð tímaáætlunar er áskilin. Í þessum tilskipunum kemur einnig fram að kaupendur skuli upplýstir á tilhlýðilegan hátt um raunnotkun og kostnað rafmagns/gass nógu oft til að gera þeim kleift að stýra eigin notkun.

[1] Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55.
[2] Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94.

32) Áhrif ákvæða um mælingar og reikningagerð í tilskipunum 2006/32/EB, 2009/72/EB og 2009/73/EB um orkusparnað hafa verið takmörkuð. Í mörgum hlutum Sambandsins hafa þessi ákvæði ekki leitt til þess að viðskiptavinir fái uppfærðar upplýsingar um orkunotkun sína eða reikningagerð sem byggir á raunnotkun með millibili sem rannsóknir sýna að er nægilegt til að gera viðskiptavinum kleift að stýra orkunotkun sinni. Á sviði hitunar og heits vatns í fjölbýlishúsum hefur ófullnægjandi skýrleiki þessara ákvæða einnig leitt til fjölda kvartana frá borgurum.

33) Í því skyni að auka valdeflingu kaupenda að því er varðar aðgang að upplýsingum um mælingar og reikningagerð vegna orkunotkunar einstaklinga, með tækifærin sem tengjast innleiðingarferli skynvæddra mælikerfa og útbreiðslu snjallmæla í aðildarríkjunum í huga, er mikilvægt að kröfur í lögum Sambandsins á þessu sviði séu gerðar skýrari. Þetta ætti að auðvelda lækkun kostnaðar við innleiðingu skynvæddra mælikerfa sem hafa virkni sem eykur orkusparnað og styðja við þróun markaða fyrir orkuþjónustu og stjórnun eftirspurnar. Innleiðing skynvæddra mælikerfa gerir kleift að gefa oftar út reikninga sem byggja á raunnotkun. Hins vegar er einnig þörf á að skýra kröfur um aðgang að upplýsingum og sanngjarna og nákvæma reikningagerð sem byggð er á raunnotkun í tilvikum þar sem skynvæddir mælar verða ekki tiltækir fyrir árið 2020, þ.m.t. í tengslum við mælingu og reikningagerð vegna notkunar einstaklinga á hitun, kælingu og heitu vatni í fjölbýlishúsum sem veitt er með fjarhitun/-kælingu eða með sameiginlegum hitunarkerfum sem komið er fyrir í slíkum byggingum.

34) Við hönnun ráðstafana fyrir umbætur í orkunýtni, skulu aðildarríki taka tilhlýðilegt tillit til þarfarinnar á því að tryggja rétta starfsemi innri markaðarins og samræmda framkvæmd réttarreglnanna í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

35) Samvinnsla með góða orkunýtni og fjarhitun og -kæling hafa umtalsverða möguleika á því að spara frumorku sem eru að mestu vannýttir í Sambandinu. Aðildarríkin skulu láta gera heildstætt mat á möguleikunum að því er varðar samvinnslu með góða orkunýtni og fjarhitun og -kælingu. Þetta mat skal uppfæra, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, til að veita fjárfestum upplýsingar varðandi landsbundnar þróunaráætlanir og stuðla að stöðugu og hagstæðu fjárfestingarumhverfi. Ný mannvirki fyrir raforkuframleiðslu og orkuver í rekstri sem eru umtalsvert endurnýjuð eða sem fá uppfærslu á leyfi eða skírteini skulu, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu sem sýnir fram á ábata umfram kostnað, búin einingum fyrir samvinnslu með góða orkunýtni til að endurheimta frávarma sem stafar af raforkuframleiðslu. Þennan frávarma er síðan hægt að flytja þangað sem hans er þörf með fjarhitunardreifikerfum. Þeir atburðir sem leiða til þess að kröfu um leyfisviðmiðun sé beitt eru almennt einnig atburðir sem leiða til þess að krafist sé leyfa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði ([1]) og um leyfi samkvæmt tilskipun 2009/72/EB.

36) Það kann að hæfa að kjarnorkuver, eða raforkuver sem fyrirhugað er að nýti heimild til geymslu í jörðu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu ([2]), séu staðsett þannig að endurheimt frávarma með samvinnslu með góða orkunýtni eða veiting hans til dreifikerfis fyrir fjarhitun eða -kælingu sé ekki kostnaðarhagkvæm. Aðildarríki skulu því geta undanþegið þessi orkuver frá skyldum um að gera kostnaðar- og ábatagreiningu á því að láta orkuverið fá búnað sem gerir kleift að endurheimta frávarma með einingu fyrir samvinnslu með góða orkunýtni. Það skal einnig vera mögulegt að undanþiggja toppaflstöðvar og varafstöðvar, sem áætlað er að starfi skemur en 1500 vinnustundir á ári samkvæmt hlaupandi meðaltali á fimm ára tímabili, frá kröfum um að veita einnig varma.

37) Rétt þykir að aðildarríki hvetji til innleiðingar á ráðstöfunum og verklagsreglum til að stuðla að samvinnslu raf- og varmaorku í orkuverum með samanlagt nafnvarmaafl undir 20 MW í því skyni að hvetja til dreifðrar orkuvinnslu.

38) Samvinnsla með góða orkunýtni skal skilgreind út frá þeim orkusparnaði sem næst með fjölnotaframleiðslu í stað aðskildrar framleiðslu varma og raforku. Sú skilgreining á samvinnslu raf- og varmaorku og samvinnslu með góða orkunýtni, sem er notuð í löggjöf Sambandsins, útilokar ekki aðrar skilgreiningar í landslöggjöf í öðrum tilgangi en fram kemur í viðkomandi löggjöf Sambandsins. Með tilliti til þess að orkusparnaður sé eins mikill og kostur er og komast hjá því að orkusparnaðartækifæri fari forgörðum skal gefa mikinn gaum að rekstrarskilyrðum eininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.
([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

39) Til að auka gagnsæi fyrir kaupanda svo hann geti valið á milli raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku og raforku sem unnin er með öðrum aðferðum skal ábyrgjast uppruna samvinnslu með góða orkunýtni á grundvelli samræmdra nýtniviðmiðana. Áætlanir um upprunaábyrgðir fela ekki í sér sjálfkrafa rétt til þess að njóta góðs af landsbundnum stuðningskerfum. Miklu skiptir að öll raforka frá samvinnslu með góða orkunýtni geti fallið undir slíka upprunaábyrgð. Upprunaábyrgðir skulu aðgreindar frá skiptanlegum vottorðum.

40) Skipulag á sviði samvinnslu raf- og varmaorku og fjarhitunar og -kælingar, með mörgum litlum og meðalstórum framleiðendum, er af sérstökum toga sem taka ber tillit til, einkum við endurskoðun á stjórnsýslureglum um leyfi til byggingar iðjuvera fyrir samvinnslu raf- og varmaorku eða tengdra dreifikerfa við beitingu meginreglunnar „hugsið smátt í fyrstu“.

41) Flest fyrirtæki í Sambandinu eru lítil og meðalstór fyrirtæki. Þau standa fyrir gríðarmikla möguleika á orkusparnaði í Sambandinu. Til að auðvelda þeim að samþykkja ráðstafanir um orkunýtni skulu aðildarríki koma á hagstæðum ramma sem miðar að því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum tækniaðstoð og markvissar upplýsingar.

42) Í tilskipun 2010/75/ESB er orkunýtni á meðal viðmiðananna fyrir ákvörðun bestu fáanlegu tækni sem skuli vera viðmiðun við ákvörðun leyfisskilyrða fyrir orkuver á gildissviði hennar, þ.m.t. brennslustöðvar með samanlagt nafnvarmaafl sem er 50 MW eða meira. Hins vegar gefur sú tilskipun aðildarríkjum færi á því að leggja ekki kröfur sem varða orkunýtni á brennslueiningar eða aðrar einingar sem losa koltvísýring á staðnum, vegna þeirrar starfsemi sem talin er upp í I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB. Aðildarríki skulu taka upplýsingar um stig orkunýtni með í skýrslugjöf sinni samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB.

43) Aðildarríki skulu koma á, á grundvelli hlutlægra og gagnsærra viðmiðana sem eru án mismununar, reglum sem gilda um skiptingu kostnaðar við tengingar við dreifikerfi og styrkingu dreifikerfa og vegna tæknilegrar aðlögunar sem nauðsynleg er til að tengja nýja framleiðendur raforku sem unnin er með samvinnslu með góða orkunýtni, með tilliti til leiðbeininga og reglna sem þróaðar eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri [1] og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas [2]. Framleiðendum raforku sem framleidd er með samvinnslu með góða orkunýtni skal heimilt að bjóða út vinnu við tengingar. Aðgangur að dreifikerfinu fyrir rafmagn sem framleitt er með samvinnslu með góða orkunýtni, einkum í litlum einingum og öreiningum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, skal auðveldaður. Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/72/EB og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/73/EB, mega aðildarríkin leggja á skyldur til að veita opinbera þjónustu, þ.m.t. að því er varðar orkunýtni, á fyrirtæki sem starfa í raforkugeiranum annars vegar og gasgeiranum hins vegar.

44) Eftirspurnarviðbragð er mikilvægt stjórntæki til að auka orkunýtni þar sem það eykur umtalsvert tækifæri neytenda eða þriðju aðila sem þeir tilnefna til að grípa til aðgerða sem byggja á upplýsingum um notkun og úr reikningsútskrift og kemur þannig á fyrirkomulagi sem minnkar eða hliðrar notkun sem leiðir til orkusparnaðar bæði við endanlega notkun og, með bættri notkun dreifikerfa og framleiðslueigna, við framleiðslu, flutning og dreifingu á orku.

45) Hægt er að byggja eftirspurnarviðbragð á viðbrögðum kaupenda við verðteiknum eða á sjálfvirkni í byggingum. Bæta skal skilyrði fyrir og aðgang að eftirspurnarviðbragði, þ.m.t. fyrir litla kaupendur. Með tilliti til áframhaldandi útbreiðslu skynvæddra dreifikerfa, skulu aðildarríki því tryggja að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld geti tryggt að gjaldskrár dreifikerfa og reglugerðir hvetji til umbóta á orkunýtni og stuðli að kvikri verðlagningu á ráðstöfunum kaupenda vegna eftirspurnarviðbragðs. Vinna skal að markaðssamþættingu og jöfnum tækifærum til markaðsaðgangs fyrir tilföng á eftirspurnarhliðinni (afhending og neytendaálag) samhliða framleiðslu. Að auki skulu aðildarríki tryggja að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld beiti samþættri stefnu sem nær bæði til mögulegs sparnaðar í afhendingu orku og endanlegum notkunargeirum.

46) Nægilegur fjöldi áreiðanlegra fagmanna sem eru hæfir á sviði orkunýtni skal vera til staðar til að tryggja skilvirka og tímanlega framkvæmd þessarar tilskipunar, t.d. að því er varðar það að farið sé að kröfum um orkuúttektir og framkvæmd áætlana um skuldbindingar um orkunýtni. Aðildarríki skulu því koma á fót vottunarkerfum fyrir þá sem veita orkuþjónustu, orkuúttektir og aðrar ráðstafanir til umbóta í orkunýtni.

[1] Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15.

[2] Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36.

47) Nauðsynlegt er að halda áfram að þróa markaðinn fyrir orkuþjónustu til að tryggja að bæði eftirspurn eftir og framboð orkuþjónustu sé til staðar. Gagnsæi, t.d. með skrá yfir veitendur orkuþjónustu, getur stuðlað að því. Fyrirmyndir að samningum, miðlun bestu starfsvenja og viðmiðunarreglur, einkum að því er varðar samninga um orkunýtingu, geta einnig örvað eftirspurn. Eins og með aðrar gerðir fjármögnunarfyrirkomulags þriðju aðila, kemst orkuþjónustuþegi í samningi um orkunýtingu hjá fjárfestingarkostnaði með því að nota hluta fjárhagslegs virðis orkusparnaðar til að endurgreiða fjárfestingu, sem þriðji aðili ræðst í, að fullu eða hluta.

48) Nauðsynlegt er að greina og fjarlægja hindranir í lögum og aðrar hindranir fyrir notkun samninga um orkunýtingu og annars konar fjármögnunarfyrirkomulags þriðju aðila um orkusparnað. Þessar hindranir geta verið reikningsskilareglur og -venjur sem koma í veg fyrir að fjárfestingar og árlegur fjárhagslegur sparnaður sem leiðir af ráðstöfunum um umbætur í orkunýtni séu endurspeglaðar með fullnægjandi hætti í reikningsskilum á öllum líftíma fjárfestingarinnar. Einnig skal á landsvísu ráðast á móti hindrunum gegn endurnýjun á byggingamassanum á grundvelli skiptingar hvata á milli viðkomandi aðila.

49) Einnig skal hvetja aðildarríki og svæði til að nýta að fullu uppbyggingarsjóði og Samheldnisjóðinn til að koma af stað fjárfestingum í ráðstöfunum fyrir umbætur í orkunýtni. Fjárfestingar í orkunýtni geta mögulega stuðlað að hagvexti, atvinnu, nýsköpun og dregið úr orkufátækt heimila og eru því jákvætt framlag til efnahags- og félagslegrar samheldni og samheldni milli svæða. Möguleg fjármögnunarsvið eru orkunýtniráðstafanir í opinberum byggingum og húsnæði og þróun nýrrar starfsfærni til að stuðla að bættu atvinnuástandi í orkunýtnigeiranum.

50) Aðildarríki skulu hvetja til notkunar fjármögnunarskipulags til að ná fram markmiðum þessarar tilskipunar. Þetta fjármögnunarskipulag getur falið í sér fjárframlög og fjársektir vegna þess að tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar eru ekki uppfyllt, úthlutun fjármagns til orkunýtni skv. 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, úthlutun fjármagns til orkunýtni innan fjárhagsramma til margra ára, einkum sjóða fyrir samheldni, uppbyggingu og dreifbýlisþróun, og sérhæfðar evrópskar fjármögnunarleiðir eins og evrópska orkunýtnisjóðinn.

51) Byggja má fjármögnunarskipulag, eftir atvikum, á fjármagni sem úthlutað er til orkunýtni úr verkefnisskuldabréfum Sambandsins, fjármagni sem úthlutað er til orkunýtni frá Fjárfestingarbanka Evrópu og öðrum fjármálastofnunum í Evrópu, einkum Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og Þróunarbanka Evrópuráðsins, fjármagnsvogun í fjármálastofnunum, landsbundnu fjármagni, þ.m.t. með því að koma á reglurömmum og fjárhagslegum römmum sem hvetja til framkvæmdar framtaksverkefna og áætlana um orkunýtni, tekjum af árlegum losunarúthlutunum samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB.

52) Fjármögnunarskipulagið gæti einkum notað þessi framlög, fjármagn og tekjur til að stuðla að og hvetja til fjárfestinga einkaaðila, einkum á vegum stofnana-fjárfesta, samhliða því að nota viðmiðanir sem tryggja að bæði umhverfislegum og félagslegum markmiðum með úthlutunum úr sjóðum sé náð, nýta sér nýsköpun í fyrirkomulagi fjármögnunar (t.d. lánatryggingar fyrir einkafjármögnun, lánatryggingar til að stuðla að orkunýtnisamningum, styrki, niðurgreidd lán og sérstakar lánalínur, fjármögnunarkerfi þriðja aðili) sem dregur úr áhættu verkefna um orkunýtni og gerir kostnaðarhagkvæma endurnýjun mögulega, jafnvel á heimilum með lágar og miðlungstekjur, tengjast áætlunum eða stofnunum sem safna saman og meta gæði orkusparnaðarverkefna, veita tækniaðstoð, styðja orkuþjónustumarkaðinn og hjálpa til við að mynda eftirspurn meðal neytenda eftir orkuþjónustu.

53) Fjármögnunarskipulagið getur einnig veitt viðeigandi fjármagn til að styðja þjálfunar- og vottunaráætlanir sem bæta og faggilda starfsfærni tengda orkunýtni, veitt fjármagn til rannsókna og kynningar á, og til að flýta fyrir, upptöku smágerðrar tækni og örtækni til að framleiða orku og bestunar á tengingum þessara rafala við dreifikerfið, tengst áætlunum um aðgerðir til að stuðla að orkunýtni í öllu húsnæði til að koma í veg fyrir orkufátækt og hvetja leigusala sem leigja út húsnæði til að gera eignir sínar eins orkunýtnar og mögulegt er, veitt viðeigandi fjármagn til að hvetja til skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins og staðlasetningar sem miðar að því að bæta orkunýtni og tryggja góð vinnuskilyrði og heilsufar og öryggi á vinnustöðum.

54) Nota skal tiltækar fjármögnunarleiðir Sambandsins og nýsköpun í fyrirkomulagi fjármögnunar til að koma markmiðunum um að bæta orkunýtingu í byggingum opinberra aðila í framkvæmd. Hvað það varðar mega aðildarríki nota tekjur af árlegri losunarúthlutun samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB við þróun á slíku fyrirkomulagi að eigin ákvörðun og með tilliti til landsbundinna reglna um fjárlög.

55) Við framkvæmd markmiðsins um 20% orkunýtni þarf framkvæmdastjórnin að fylgjast með áhrifum nýrra ráðstafna á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins í því skyni að viðhalda hvatningunni í viðskiptakerfinu fyrir losunarheimildir sem verðlaunar fjárfestingar sem fela í sér litla kolefnislosun og búa losunarviðskiptageirann undir nauðsynlega nýsköpun í framtíðinni. Hún þarf að fylgjast með áhrifum á þær atvinnugreinar sem eru í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eins og ákvarðað er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB frá 24. desember 2009 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ([1]) í því skyni að tryggja að þessi tilskipun stuðli að og hindri ekki þróun þessara greina.

56) Í tilskipun 2006/32/EB er þess krafist að aðildarríki samþykki, og stefni að því að ná, landsbundnu leiðbeinandi heildarmarkmiði um 9% orkusparnað eigi síðar en árið 2016, sem skal nást með því að koma á fót orkuþjónustu og öðrum ráðstöfunum til umbóta í orkunýtni. Í þeirri tilskipun kemur fram að fylgja skuli annarri áætlun um orkunýtni sem aðildarríkin hafa samþykkt, eins og við á og ef nauðsyn krefur, með tillögum framkvæmdastjórnarinnar um viðbótarráðstafanir, þ.m.t. að framlengja þann tíma sem markmiðunum er beitt. Ef ályktað er í skýrslu að ekki hafi orðið nægileg framþróun í átt til þess að ná landsbundnu, leiðbeinandi markmiðunum sem sett eru fram í þeirri tilskipun, skulu þessar tillögur fjalla um umfang og eðli markmiðanna. Í áhrifamatinu sem fylgir þessari tilskipun er komist að þeirri niðurstöðu að aðildarríkin séu á áætlun með það að ná 9% markmiðinu, sem ekki er jafn metnaðarfullt og markmiðið um 20% orkusparnað fyrir árið 2020 sem síðar var samþykkt, og því sé ekki þörf á að fjalla um umfang markmiðanna.

57) Áætlunin um skynsamlega stýringu orkunotkunar í Evrópu sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007-2013) ([2]) hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa og gera mögulegt umhverfi fyrir rétta framkvæmd á stefnu Sambandsins um sjálfbæra orku með því að fjarlægja markaðshindranir eins og ónóga þekkingu og getu markaðsaðila og stofnana, landsbundnar tæknilegar eða stjórnsýslulegar hindranir fyrir réttri virkni sameiginlega orkumarkaðarins eða vanþróaðan vinnumarkað til að standast áskorunina um hagkerfi með lítilli kolefnislosun. Margar þessara hindrana eiga enn við.

58) Til að nýta hina umtalsverðu möguleika á orkusparnaði í orkutengdum vörum, skal flýta og útvíkka framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([3]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum ([4]). Vörur sem bjóða mestu möguleikana á orkusparnaði eins og þeir eru auðkenndir í vinnuáætlun um visthönnun og endurskoðun gildandi ráðstafana, eftir því sem við á, skulu vera í forgangi.

59) Í því skyni að skýra skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti sett kröfur um orkunýtingu samkvæmt tilskipun 2010/31/ESB samhliða því að fylgja tilskipun 2009/125/EB og framkvæmdarráðstöfunum hennar, skal breyta tilskipun 2009/125/EB til samræmis við það.

60) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að ná markmiðum Sambandsins um 20% orkunýtni eigi síðar en árið 2020 og greiða götu frekari umbóta í orkunýtni eftir árið 2020, án þess að grípa til viðbótarráðstafana um orkunýtni, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

61) Í því skyni að heimila aðlögun að tækniframförum og breytingum á dreifingu orkugjafa, skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar endurskoðun samræmdu nýtniviðmiðananna sem settar eru fram á grundvelli tilskipunar 2004/8/EB og að því er varðar gildin, reikniaðferðirnar, staðalgildi frumorkureiknistuðuls og kröfurnar í viðaukunum við þessa tilskipun. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja að samtímis séu viðkomandi skjöl send tímanlega og á viðeigandi hátt til Evrópuþingsins og ráðsins.

62) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([5]).

([1]) Stjtíð. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.
([2]) Stjtíð. ESB L 310, 9.11.2006, bls. 15.
([3]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.
([4]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

63) Öll efnisákvæði tilskipana 2004/8/EB og 2006/32/EB skulu felld niður, að undanþeginni 1.-4. mgr. 4. gr. og I., III. og IV. viðauka tilskipunar 2006/32/EB. Síðarnefndu ákvæðin skulu gilda áfram þar til fresturinn til að ná 9% markmiðinu er liðinn. Fella skal brott 1. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2010/30/ESB sem kveða á um að aðildarríkjum sé aðeins skylt að leitast við að kaupa vörur í hæsta orkunýtniflokki.

64) Skyldan til að lögleiða þessa tilskipun í aðildarríkjunum skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við tilskipanir 2004/8/EB og 2006/32/EB. Skyldan til að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í þeim tilskipunum.

65) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum og beitingu tilskipana 2004/8/EB og 2006/32/EB.

66) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ORKUNÝTNIMARKMIÐ

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er komið á sameiginlegum ramma um ráðstafanir um orkunýtni í Sambandinu í því skyni að tryggja að 20% höfuðmarkmið Sambandsins um orkunýtni árið 2020 náist og greiða götu frekari umbóta í orkunýtni eftir þá dagsetningu.

Í henni er mælt fyrir um reglur sem ætlað er að fjarlægja hindranir á orkumarkaðinum og sigrast á markaðsbrestum sem koma í veg fyrir skilvirkni í afhendingu og notkun orku og kveðið á um að komið sé á leiðbeinandi landsbundnum markmiðum um orkunýtni fyrir árið 2020.

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru lágmarkskröfur og þær skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu vera samrýmanlegar lögum Sambandsins. Ef kveðið er á um strangari ráðstafanir í landslöggjöf skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka löggjöf.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „orka“: allar gerðir af orkuvörum, eldsneyti, hiti, endurnýjanleg orka, rafmagn eða aðrar gerðir orku eins og þær eru skilgreindar í d-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál ([1]),

2) „frumorkunotkun“; verg notkun innanlands, að undanskildri notkun sem ekki er vegna orkunotkunar,

3) „endanleg orkunotkun“: öll orka sem afhent er iðnaði, flutningastarfsemi, heimilum, þjónustu og landbúnaði. Undanskilin er afhending til orkuumbreytingargeirans og orkuiðnaðarins sjálfs,

4) „orkunýtni“: hlutfallið á milli afkasta-, þjónustu-, vöru- eða orkuframleiðslu og orkuílags sem til þarf,

5) „orkusparnaður“: það magn orkusparnaðar, sem ákvarða má með mælingum á og/eða áætlunum á notkun fyrir og eftir innleiðingu ráðstöfunar til umbóta í orkunýtni, við aðstæður þar sem tryggt er að þær ytri kringumstæður sem geta haft áhrif á orkunotkun séu sem stöðugastar,

6) „umbætur í orkunýtni“: aukning á orkunýtni í kjölfar breytinga á tækni, atferli og/eða efnahagsaðstæðum,

7) „orkuþjónusta“: efnislegur ávinningur, not eða vara sem fæst með samþættingu orku við tækni á sviði orkunýtni eða aðgerðir, sem getur m.a. falið í sér starfrækslu, viðhald og stjórnun sem nauðsynleg er til að afhenda slíka þjónustu, sem er veitt á grundvelli samninga og hefur við eðlilegar aðstæður reynst leiða til sannreynanlegra og mælanlegra umbóta í orkunýtni, eða umbóta sem hægt er að áætla, eða frumorkusparnaðar,

8) „opinberir aðilar“: „samningsyfirvöld“ eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([2]),

9) „ríkisstjórn“: allar stjórnsýsludeildir með valdsvið sem nær yfir allt yfirráðasvæði aðildarríkis,

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

10) „nothæft gólfrými“: gólfrými byggingar eða hluta byggingar þar sem orka er notuð til að hafa áhrif á loftskilyrði innandyra,

11) „orkustjórnunarkerfi“: safn tengdra eða samverkandi þátta í áætlun sem setur fram markmið um orkunýtni og aðferð til að ná því markmiði,

12) „Evrópustaðall“: staðall sem samþykktur er af Staðlasamtökum Evrópu, Rafstaðlasamtökum Evrópu eða Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu og gerður aðgengilegur almenningi,

13) „alþjóðlegur staðall“: staðall sem er samþykktur af Alþjóðlegu staðlasamtökunum og gerður aðgengilegur almenningi,

14) „skuldbundinn aðili“: dreifingaraðili orku eða orkusmásölufyrirtæki sem er bundið af landsbundnum áætlunum um orkunýtni sem um getur í 7. gr.,

15) „umsjónaraðili“: lögaðili sem ríkisstjórn eða annar opinber aðili felur umboð til að þróa, stjórna eða reka fjármögnunarkerfi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eða annars opinbers aðila,

16) „þátttökuaðili“: fyrirtæki eða opinber aðili sem hefur skuldbundið sig til að ná tilteknum markmiðum samkvæmt frjálsum samningum eða sem fellur undir landsbundin reglugerðarstjórntæki,

17) „opinbert framkvæmdaryfirvald“: opinber aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd eða eftirliti með skattlagningu á orku eða kolefni, fjármögnunaráætlunum og -leiðum, skattaívilnunum, stöðlum og reglum, orkumerkingarkerfum, þjálfun eða menntun,

18) „stefnuúrræði“: lagasetning, fjármögnunarleið, skattaleg aðgerð, valfrjáls gerningur eða upplýsingamiðlunargerningur sem komið er formlega á fót og til framkvæmdar í aðildarríki til að skapa stuðningsramma, kröfu eða hvata fyrir markaðsaðila til að veita og kaupa orkuþjónustu og gera aðrar ráðstafanir fyrir umbætur í orkunýtni,

19) „stök aðgerð“: aðgerð sem leiðir til sannprófanlegra og mælanlegra eða metanlegra umbóta í orkunýtni og sem gripið er til vegna stefnuúrræðis,

20) „orkudreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. dreifikerfisstjóri, sem er ábyrgur fyrir flutningi orku til afhendingar endanlegum notendum eða til dreifingarstöðva sem selja orku til endanlegra notenda,

21) „dreifikerfisstjóri“: „dreifikerfisstjóri“ eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2009/72/EB annars vegar og tilskipun 2009/73/EB hins vegar,

22) „orkusmásölufyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem selur orku til endanlegra notenda,

23) „kaupandi“: einstaklingur eða lögaðili sem kaupir orku til eigin, endanlegrar notkunar,

24) „orkuþjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem afhendir orkuþjónustu eða aðrar ráðstafanir fyrir umbætur í orkunýtni í starfsstöð eða húsnæði kaupanda,

25) „orkuúttekt“: kerfisbundin aðferð sem hefur þann tilgang að afla fullnægjandi upplýsinga um fyrirliggjandi orkunotkunarsnið byggingar eða hóps bygginga, iðnaðar- eða verslunarrekstrar eða -mannvirkis eða einkarekinnar eða opinberrar þjónustu, auðkenna og magngreina kostnaðarhagkvæm tækifæri til orkusparnaðar og gera grein fyrir niðurstöðunum í skýrslu,

26) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem skilgreind eru í I. bálki viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]), flokkur örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja nær til fyrirtækja sem hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra,

27) „samningur um orkunýtingu“: samningsbundið fyrirkomulag á milli þiggjanda og veitanda ráðstöfunar fyrir umbætur í orkunýtni, staðfest og undir eftirliti á öllum gildistíma samningsins þar sem fjárfesting (vinna, vörur eða þjónusta) í þeirri ráðstöfun er greidd í tengslum við umsamið magn umbóta í orkunýtni eða aðrar umsamdar frammistöðuviðmiðanir eins og fjárhagslegan sparnað,

28) „snjallmælikerfi“ eða „skynvætt mælikerfi“: rafrænt kerfi sem getur mælt orkunotkun, veitir meiri upplýsingar en hefðbundinn mælir og getur sent og tekið við gögnum með rafrænum fjarskiptum,

29) „flutningskerfisstjóri“: „flutningskerfisstjóri“ eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2009/72/EB annars vegar og tilskipun 2009/73/EB hins vegar,

30) „samvinnsla raf- og varmaorku“: samhliða framleiðsla varmaorku, raforku eða vélrænnar orku í einu og sama vinnsluferlinu,

31) „efnahagstengd eftirspurn“: eftirspurn sem fer ekki fram úr þörfinni fyrir hitun eða kælingu og sem annars væri hægt, samkvæmt markaðsskilyrðum, að koma til móts við með öðrum orkuvinnsluferlum en samvinnslu raf- og varmaorku,

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

32) „notvarmi“: varmi, sem verður til í samvinnsluferli raf- og varmaorku, til þess að mæta efnahagstengdri eftirspurn eftir hitun og kælingu,

33) „raforka frá samvinnslu raf- og varmaorku“: raforka sem verður til í vinnsluferli sem tengist framleiðslu notvarma og er reiknuð út í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

34) „samvinnsla með góða orkunýtni“: samvinnsla raf- og varmaorku sem uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka,

35) „heildarnýtni“: árleg summa af framleiðslu raforku og vélrænnar orku og notvarma, deilt með eldsneytisneyslu til varmaframleiðslu í samvinnsluferli raf- og varmaorku og til heildarframleiðslu raforku og vélrænnar orku,

36) „hlutfallið milli orku og varma“: hlutfallið milli raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku og notvarma þegar full samvinnsla raf- og varmaorku á sér stað á grundvelli rekstrarlegra upplýsinga um hina tilteknu einingu,

37) „eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining sem hægt er að starfrækja með samvinnslu raf- og varmaorku,

38) „lítil eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með afkastagetu sem er undir 1 MW_e,

39) „öreining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með hámarksgetu sem er undir 50 kWe,

40) „lóðarhlutfall“: hlutfallið á milli gólfrýmis byggingar og landsvæðis á tilteknu yfirráðasvæði,

41) „skilvirk fjarhitun og -kæling“: fjarhitunar eða -kælikerfi sem notar minnst 50% endurnýjanlega orku, 50% frávarma, 75% varma sem myndaður er með samvinnslu raf- og varmaorku eða 50% blöndu slíkrar orku og varma,

42) „skilvirk hitun og kæling“: hitun og kæling sem, samanborið við grunnsviðsmynd sem endurspeglar óbreytt ástand, dregur mælanlega úr frumorkuílagi sem nauðsynlegt er til að afhenda eina einingu af afhentri orku innan viðkomandi kerfismarka með kostnaðarhagkvæmum hætti, samkvæmt mati í kostnaðar- og ábatagreiningunni sem um getur í þessari tilskipun, með tilliti til orkunnar sem nauðsynleg er fyrir vinnslu, umbreytingu, flutning og dreifingu,

43) „skilvirk sértæk hitun og kæling“: sértæk hitun og kæling sem, samanborið við skilvirka fjarhitun og -kælingu, dregur mælanlega úr ílagi óendurnýjanlegrar frumorku sem nauðsynleg er til að afhenda eina einingu af afhentri orku innan viðkomandi kerfismarka eða krefst sama ílags óendurnýjanlegrar frumorku með lægri tilkostnaði, að teknu tilliti til orkunnar sem nauðsynleg er fyrir vinnslu, umbreytingu, flutning og dreifingu,

44) „umtalsverð endurnýjun“: endurnýjun þar sem kostnaður er meira en 50% af fjárfestingu í nýrri sambærilegri einingu,

45) „safnari“: eftirspurnarþjónustuveitandi sem sameinar skammtímaneytendaálag úr ýmsum áttum til sölu eða uppboðs á skipulögðum orkumarkaði.

3. gr.

Orkunýtnimarkmið

1. Öll aðildarríki skulu setja sér leiðbeinandi landsbundið markmið um orkunýtni, sem byggt er annað hvort á frumorkunotkun eða endanlegri orkunotkun, sparnaði á frumorku eða endanlegri orku eða orkukræfni. Aðildarríki skulu tilkynna þessi markmið til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 24. gr. og 1. hluta XIV. viðauka. Þegar þau gera það skulu þau einnig gefa markmiðin upp miðað við altæk gildi yfir frumorkunotkun og endanlega orkunotkun árið 2020 og útskýra hvernig, og á grundvelli hvaða gagna, þau hafi verið reiknuð.

Þegar markmiðin eru sett skulu aðildarríkin taka tillit til:

a) þess að orkunotkun Sambandsins árið 2020 má ekki vera meiri en 1474 milljón tonn olíuígilda af frumorku eða ekki meiri en 1078 milljón tonn olíuígilda af endanlegri orku,

b) ráðstafananna sem kveðið er á um í þessari tilskipun,

c) ráðstafananna sem samþykktar voru til að ná landsbundnu markmiðunum um orkusparnað sem samþykkt voru skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/32/EB og

d) annarra ráðstafana til að stuðla að orkunýtni í aðildarríkjunum og á vettvangi Sambandsins.

Þegar þessi markmið eru sett mega aðildarríki einnig taka tillit til landsbundinna aðstæðna sem hafa áhrif á frumorkunotkun, eins og:

a) þeirra möguleika á kostnaðarhagkvæmum orkusparnaði sem eftir eru,

b) þróunar og spáa um verga landsframleiðslu,

c) breytinga á inn- og útflutningi orku,

d) þróunar allra gerða endurnýjanlegrar orku, kjarnorku, kolefnisföngunar og -geymslu og

e) aðgerða sem gripið er til tímanlega.

2. Eigi síðar en 30. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin meta árangurinn sem náðst hefur og hvort líklegt sé að Sambandið muni ná orkunotkun sem er ekki meiri en 1474 milljón tonn olíuígilda af frumorku og/eða ekki meiri en 1078 milljón tonn olíuígilda af endanlegri orku árið 2020.

3. Þegar endurskoðunin sem um getur í 2. mgr. fer fram skal framkvæmdastjórnin:

a) leggja saman landsbundnu leiðbeinandi markmiðin um orkunýtni sem aðildarríkin hafa tilkynnt,

b) meta hvort samtala þessara markmiða geti talist áreiðanleg vísbending um hvort Sambandið í heild sé á áætlun, með tilliti til mats á fyrstu árlegu skýrslunni í samræmi við 1. mgr. 24. gr. og mats á landsbundnum aðgerðaáætlunum um orkunýtni í samræmi við 2. mgr. 24. gr.,

c) taka tillit til viðbótargreiningar vegna:

   i. mats á þróun orkunotkunar og orkunotkunar í tengslum við efnahagslega starfsemi á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. þróunar á skilvirkni orkuafhendingar í aðildarríkjum sem hafa byggt landsbundnu leiðbeinandi markmiðin á endanlegri orkunotkun eða endanlegum orkusparnaði, þ.m.t. þróun sem verður vegna þess að þessi aðildarríki fara að ákvæðum III. kafla þessarar tilskipunar,

   ii. niðurstaðna líkangerða í tengslum við framtíðarhorfur í orkunotkun á vettvangi Sambandsins,

d) bera niðurstöður samkvæmt a- til c-lið saman við það magn orkunotkunar sem nauðsynlegt er til að ná fram orkunotkun sem er ekki meiri en 1474 milljón tonn olíuígilda af frumorku og/eða ekki meiri en 1078 milljón tonn olíuígilda af endanlegri orku árið 2020.

II. KAFLI

SKILVIRKNI Í ORKUNOTKUN

4. gr.

Endurnýjun bygginga

Aðildarríkin skulu koma á langtímaáætlun um að virkja fjárfestingu í endurnýjun byggingamassa íbúðar- og viðskiptahúsnæðis í hverju aðildarríki, bæði í opinberri eigu og í einkaeign. Þessi áætlun skal fela í sér:

a) yfirlit yfir byggingamassann í hverju aðildarríki, sem byggist, eins og við á, á tölfræðilegu úrtaki,

b) greiningu á kostnaðarhagkvæmum nálgunum á endurnýjun sem á við gerð byggingar og loftslagssvæði,

c) stefnur og ráðstafanir til að örva kostnaðarhagkvæma heildarendurnýjun bygginga, þ.m.t. heildarendurnýjun í þrepum,

d) framtíðarsýn til leiðbeiningar við fjárfestingarákvarðanir einstaklinga, byggingariðnaðarins og fjármálastofnana,

e) gagnreynt mat á væntum orkusparnaði og frekari ábata.

Birta skal fyrstu útgáfu áætlunarinnar eigi síðar en 30. apríl 2014 og uppfæra hana á þriggja ára fresti eftir það og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina sem hluta af landsbundnum aðgerðaáætlunum um orkunýtni.

5. gr.

Hlutverk bygginga opinberra aðila sem fyrirmynda

1. Með fyrirvara um ákvæði 7. gr. tilskipunar 2010/31/ESB skal hvert aðildarríki tryggja að frá og með 1. janúar 2014, séu 3% af gólfrými hitaðra og/eða kældra bygginga í eigu og notkun ríkisstjórnar þess endurnýjuð á hverju ári til að uppfylla í það minnsta lágmarkskröfur um orkunýtingu sem það hefur sett við beitingu 4. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

Reikna skal 3% hlutfallið af heildargólfrými bygginga með nothæft gólfrými yfir 500 m^2 í eigu og notkun ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis sem, hinn 1. janúar ár hvert, uppfylla ekki landsbundnar lágmarkskröfur um orkunýtingu sem settar eru við beitingu 4. gr. tilskipunar 2010/31/ESB. Lækka skal þessi viðmiðunarmörk í 250 m^2 frá og með 9. júlí 2015.

Ef aðildarríki krefst þess að skuldbindingin um árlega endurnýjun á 3% af heildargólfrými nái til gólfrýmis, sem er í eigu og notkun stjórnsýsludeilda á stigi neðar en ríkisstjórn, skal reikna 3% hlutfallið af heildargólfrými bygginga með nothæft gólfrými yfir 500 m^2 og, frá og með 9. júlí 2015, yfir 250 m^2, í eigu og notkun ríkisstjórnar og þessara stjórnsýsludeilda hlutaðeigandi aðildarríkis sem, hinn 1. janúar ár hvert, uppfylla ekki landbundnar lágmarkskröfur um orkunýtingu sem settar eru við beitingu 4. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

Við framkvæmd ráðstafana fyrir ítarlega endurnýjun ríkisstjórnarbygginga í samræmi við fyrstu undirgrein, geta aðildarríki valið að líta á bygginguna í heild, þ.m.t. byggingarhjúp, búnað, rekstur og viðhald.

Aðildarríki skulu krefjast þess að ríkisstjórnarbyggingar með verstu orkunýtinguna njóti forgangs í ráðstöfunum fyrir orkunýtni, þar sem það er kostnaðarhagkvæmt og tæknilega mögulegt.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að setja ekki eða beita ekki kröfunum sem um getur í 1. mgr. að því er varðar eftirfarandi flokka bygginga:

a) byggingar sem njóta opinberrar verndar sem hluti af tilgreindu umhverfi eða vegna sérstaks byggingarlistarlegs eða sögulegs gildis þar sem eiginleikar þeirra eða útlit myndi breytast á óásættanlegan hátt ef farið væri að tilteknum lágmarkskröfum um orkunýtingu,

b) byggingar í eigu herafla eða ríkisstjórna sem þjóna landvörnum, að frátöldum vistarverum fyrir einstaklinga eða skrifstofubyggingum fyrir herafla og annað starfsfólk sem vinnur fyrir yfirvöld landvarna,

c) byggingar sem eru notaðar sem staðir til tilbeiðslu eða til trúarathafna.

3. Ef aðildarríki endurnýjar meira en 3% af heildargólfrými ríkisstjórnarbygginga á tilteknu ári, getur það talið umframmagnið með í árlegu endurnýjunarmagni einhvers af þremur næstliðnu eða eftirfarandi árum.

4. Aðildarríki geta talið til árlegs endurnýjunarmagns ríkisstjórnarbygginga nýjar byggingar í notkun og eigu sinni sem koma í stað tiltekinna ríkisstjórnarbygginga sem hafa verið rifnar á einhverju af tveimur næstliðnum árum eða byggingar sem hafa verið seldar, rifnar eða teknar úr notkun á einhverju af tveimur næstliðnum árum vegna aukinnar notkunar annarra bygginga.

5. Að því er varðar ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríki, eigi síðar en 31. desember 2013, taka saman og gera aðgengilega öllum skrá yfir hitaðar og/eða kældar ríkisstjórnarbyggingar með nothæft gólfrými yfir 500 m^2 og, frá og með 9. júlí 2015, yfir 250 m^2, að undanskildum byggingum sem undanþegnar eru á grundvelli 2. mgr. Skráin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) gólfrými í m2 og

b) orkunýtingu einstakra bygginga eða viðkomandi orkugögn.

6. Með fyrirvara um ákvæði 7. gr. tilskipunar 2010/31/ESB, geta aðildarríki valið um aðra nálgun á 1.-5. mgr. þessarar greinar, þar sem þau gera aðrar kostnaðarhagkvæmar ráðstafanir, þ.m.t. heildarendurnýjun og ráðstafanir til breytinga á atferli íbúa til að ná fram, eigi síðar en árið 2020, orkusparnaði í byggingum í eigu og notkun ríkisstjórnar þeirra sem er í það minnsta jafngildur þeim sem krafist er í 1. mgr., sem tilkynntar eru árlega.

Að því er varðar aðra nálgun, geta aðildarríki metið orkusparnaðinn sem myndi nást með ákvæðum 1.-4. mgr. með því að nota viðeigandi staðalgildi fyrir orkunotkun viðmiðunarbygginga ríkisstjórnar fyrir og eftir endurnýjun og samkvæmt mati á yfirborði byggingamassans. Flokkar viðmiðunarbygginga ríkisstjórnar skulu vera dæmigerðir fyrir byggingamassa fyrir slíkar byggingar.

Aðildarríki sem velja aðra nálgun skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 31. desember 2013, um aðrar ráðstafanir sem þau hyggjast samþykkja, og sýna fram á hvernig þau hyggist ná jafngildum úrbótum á orkunýtingu bygginga í eigu ríkisstjórnarinnar.

7. Aðildarríki skulu hvetja opinbera aðila, þ.m.t. á svæðis- og staðarvísu, og félagsbústaðastofnanir sem heyra undir opinberan rétt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til valdsviða þeirra annars vegar og stjórnsýsluskipulags þeirra hins vegar, til að:

a) samþykkja áætlun um orkunýtni, sjálfstæða eða sem hluta af stærri áætlun í loftslags- eða umhverfismálum, sem felur í sér sértæk markmið og aðgerðir um orkusparnað og -nýtingu, í því skyni að fylgja fyrirmynd ríkisstjórnarbygginga sem mælt er fyrir um í 1., 5. og 6. mgr.,

b) koma á orkustjórnunarkerfi, þ.m.t. orkuúttektum, sem hluta af framkvæmd áætlunarinnar,

c) nota, eftir því sem við á, orkuþjónustufyrirtæki og samninga um orkunýtingu til að fjármagna endurnýjun og framkvæma áætlanir til að viðhalda eða bæta orkunýtni til lengri tíma.

6. gr.

Innkaup opinberra aðila

1. Aðildarríki skulu tryggja að ríkisstjórnir kaupi aðeins vörur, þjónustu og byggingar með mikla orkunýtni, svo fremi að það samræmist kostnaðarhagkvæmni, efnahagslegri hagkvæmni, víðtækari sjálfbærni, tæknilegu hæfi og fullnægjandi samkeppni eins og um getur í III. viðauka.

Skuldbindingin sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal gilda um samninga um innkaup á vörum, þjónustu og byggingum fyrir opinbera aðila svo fremi að verðmæti slíkra samninga sé jafnt eða meira en þær viðmiðunarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

2. Skuldbindingin sem um getur í 1. mgr. gildir um samninga herafla, þó aðeins að því marki sem beiting þeirra fer ekki í bága við eðli og meginmarkmið starfsemi herafla. Skuldbindingin gildir ekki um samninga um afhendingu hergagna eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála ([1]).

3. Aðildarríki skulu hvetja opinbera aðila, þ.m.t. á svæðis- og staðarvísu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til valdsviða þeirra annars vegar og stjórnsýsluskipulags þeirra hins vegar, til að fylgja fyrirmynd ríkisstjórna um að kaupa aðeins vörur, þjónustu og byggingar með mikla orkunýtni. Aðildarríki skulu hvetja opinbera aðila til þess, við útboð á þjónustusamningum með umtalsvert orkumagn, að meta möguleika á gerð langtímasamninga um orkunýtingu sem veita langtíma orkusparnað.

4. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. geta aðildarríki, þegar vörupakki sem fellur í heild sinni undir framselda gerð sem samþykkt er samkvæmt tilskipun 2010/30/ESB er keyptur, krafist þess að samtala orkunýtni hafi forgang yfir orkunýtni einstakra vara í pakkanum, með því að kaupa vörupakka sem samræmist viðmiðununum um að tilheyra hæsta orkunýtniflokki.

7. gr.

Áætlanir um skuldbindingar um orkunýtni

1. Öll aðildarríki skulu koma á áætlun um skuldbindingar um orkunýtni. Þessi áætlun skal tryggja að dreifingaraðilar orku og/eða orkusmásölufyrirtæki, sem eru tilnefnd sem skuldbundnir aðilar skv. 4. mgr., starfandi á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis fyrir sig nái uppsöfnuðu markmiði um orkusparnað við endanlega notkun eigi síðar en 31. desember 2020 með fyrirvara um ákvæði 2. mgr.

Það markmið skal hið minnsta vera jafngilt því að ná fram nýjum sparnaði á hverju ári frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020 sem nemur 1,5% af árlegri orkusölu allra dreifingaraðila orku eða allra orkusmásölufyrirtækja miðað við magn til kaupenda, að meðaltali á næstliðnu þriggja ára tímabili fyrir 1. janúar 2013. Sölu á orku, miðað við magn, sem notuð er í flutningastarfsemi má undanskilja að hluta eða í heild frá þessum útreikningum.

Aðildarríki skulu ákveða hvernig skipta eigi útreiknuðu magni nýs sparnaðar sem um getur í annarri undirgrein á tímabilið.

2. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. getur hvert aðildarríki:

a) framkvæmt útreikningana sem krafist er í annari undirgrein 1. mgr. með því að nota gildið 1% fyrir árin 2014 og 2015, 1,25% fyrir árin 2016 og 2017 og 1,5% fyrir árin 2018, 2019 og 2020,

b) undanskilið úr útreikningum alla eða hluta sölu, miðað við magn, á orku sem notuð er í iðnrekstri sem talinn er upp í I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB,

c) heimilað að orkusparnaður sem næst í orkuumbreytingar-, orkuflutninga- og orkuafhendingargeirunum, þ.m.t. grunnvirki fyrir skilvirka fjarhitun og -kælingu, vegna framkvæmdar á kröfunum sem settar eru fram í 14. gr. (4. mgr.), 14. gr. (b-lið 5. mgr.) og 15. gr. (1.-6. mgr. og 9. mgr.) sé talinn sem hluti af orkusparnaðinum sem krafist er í 1. mgr. og

d) talið orkusparnað sem leiðir af nýlegum stökum aðgerðum sem framkvæmdar eru eftir 31. desember 2008 en halda áfram að hafa áhrif 2020 og sem hægt er að mæla og sannprófa, sem hluta af orkusparnaðinum sem um getur í 1. mgr.

3. Beiting 2. mgr. skal ekki valda meiri minnkun en 25% á orkusparnaði sem um getur í 1. mgr. Aðildarríki sem nota sér 2. mgr. skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 5. júní 2014, þ.m.t. þá þætti sem skráðir eru í 2. mgr. og fyrirhugað er að beita og útreikninga sem sýna áhrif þeirra á magn orkusparnaðar sem um getur í 1. mgr.

4. Með fyrirvara um útreikninga á orkusparnaði fyrir markmiðin í samræmi við ákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr., skal hvert aðildarríki, að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr., tilnefna, á grundvelli viðmiða sem eru hlutlæg og án mismununar, skuldbundna aðila á meðal dreifingaraðila orku og/eða orkusmásölufyrirtækja sem starfrækt eru á yfirráðasvæði þess, sem getur tekið til dreifingaraðila eldsneytis fyrir flutningastarfsemi eða smásöluaðila eldsneytis fyrir flutningastarfsemi á yfirráðasvæði þess. Magn orkusparnaðar til að uppfylla skuldbindingarnar skal nást af skuldbundnu aðilunum meðal kaupenda, sem tilnefndir eru, eins og við á, af aðildarríkinu, óháð útreikningunum sem gerðir eru skv. 1. mgr., eða, ef aðildarríki ákveður svo, með vottuðum sparnaði hjá öðrum aðilum eins og lýst er í b-lið 7. mgr.

5. Aðildarríki skulu gefa magn orkusparnaðar sem krafist er af hverjum skuldbundnum aðila upp sem endanlega orkunotkun eða frumorkunotkun. Aðferðin sem valin er við framsetningu á tilskildu magni orkusparnaðar skal einnig notuð við útreikninga á þeim sparnaði sem skuldbundnir aðilar gefa upp. Breytistuðlarnir sem settir eru fram í IV. viðauka skulu gilda.

([1]) Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

6. Aðildarríki skulu tryggja að sparnaður, sem leiðir af 1., 2. og 9. mgr. þessarar greinar og 6. mgr. 20. gr., sé reiknaður út í samræmi við 1. og 2. lið V. viðauka. Þau skulu koma á fót kerfum fyrir mælingar, eftirlit og sannprófun þar sem sannprófun fer a.m.k. fram á tölfræðilega marktækum hluta og dæmigerðu úrtaki af ráðstöfunum um umbætur í orkunýtni sem skuldbundnir aðilar hafa gripið til. Þessar mælingar, eftirlit og sannprófun skulu fara fram óháð skuldbundnu aðilunum.

7. Innan áætlunar um skuldbindingar um orkunýtni geta aðildarríki:

a) tekið með kröfur með félagsleg markmið í skuldbindingunum um sparnað sem þau leggja á, þ.m.t. að krefjast þess að framkvæmd hluta af ráðstöfununum um orkunýtni hafi forgang á heimilum sem hafa orðið fyrir orkufátækt eða í félagsbústöðum,

b) heimilað skuldbundnum aðilum að telja sem hluta af skuldbindingum sínum vottaðan orkusparnað sem orkuþjónustuveitendur eða aðrir þriðju aðilar hafa náð, þ.m.t. þegar skuldbundnir aðilar stuðla að ráðstöfunum í gegnum aðra aðila sem samþykktir eru af ríkinu eða í gegnum opinber yfirvöld sem geta falið í sér formlega samvinnu eða ekki og geta verið samþættar við aðrar fjármögnunarleiðir. Ef aðildarríkin heimila slíkt skulu þau tryggja að samþykktarferli sé til staðar sem er skýrt, gagnsætt og opið öllum aðilum á markaði og sem miðar að því að lágmarka kostnað við vottun,

c) heimilað skuldbundnum aðilum að telja sparnað sem næst á tilteknu ári fram eins og hann hafi náðst á einhverju af fjórum næstliðnu eða þremur næstkomandi árum.

8. Einu sinni á ári skulu aðildarríki birta orkusparnað sem hver skuldbundinn aðili hefur náð, eða hver undirflokkur skuldbundinna aðila, og samtals innan áætlunarinnar.

Aðildarríki skulu tryggja að skuldbundnir aðilar leggi fram samkvæmt beiðni:

a) samanteknar tölfræðiupplýsingar um kaupendur þeirra (þar sem umtalsverðar breytingar á áður innsendum upplýsingum eru auðkenndar) og

b) gildandi upplýsingar um notkun kaupenda, þ.m.t., eftir atvikum, álagslýsingu, skiptingu viðskiptavina og landfræðilega staðsetningu þeirra, og um leið að tryggja heildstæði og upplýsingaleynd þegar um er að ræða annaðhvort persónulegar eða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, í samræmi við gildandi lög innan Sambandsins.

Ekki skal leggja fram slíka beiðni oftar en einu sinni á ári.

9. Í stað þess að koma á áætlun um skuldbindingar um orkunýtni skv. 1. mgr., geta aðildarríki valið að grípa til annarra stefnuúrræða til að ná fram orkusparnaði hjá kaupendum, að því tilskildu að þessi stefnuúrræði uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 10. og 11. mgr. Árlegur nýr orkusparnaður sem næst með þessari aðferð skal vera jafngildur nýjum orkusparnaði sem krafist er í 1., 2. og 3. mgr. Að því tilskildu að jafngildi sé náð mega aðildarríkin sameina áætlanir um skuldbindingar við önnur stefnuúrræði, þ.m.t. landsbundnar áætlanir um orkunýtni.

Stefnuúrræðin sem um getur í fyrstu undirgrein geta verið meðal annars, en takmarkast ekki við, eftirtalin stefnuúrræði eða samsetningar þeirra:

a) orku- eða koltvísýringsskattar sem hafa þau áhrif að draga úr endanlegri orkunotkun,

b) fjármögnunarkerfi og -leiðir eða skattaívilnanir sem leiða til beitingar orkunýtinnar tækni og hafa þau áhrif að draga úr endanlegri orkunotkun,

c) reglugerðir eða frjálsir samningar sem leiða til beitingar orkunýtinnar tækni og hafa þau áhrif að draga úr endanlegri orkunotkun,

d) staðlar og reglur sem miða að því að auka orkunýtni vara og þjónustu, þ.m.t. bygginga og ökutækja, nema þar sem þau eru skyldubundin og gilda í aðildarríkjum samkvæmt lögum Sambandsins,

e) áætlanir um orkumerkingar, að undanþegnum þeim sem eru skyldubundnar og gilda í aðildarríkjunum samkvæmt lögum Sambandsins,

f) starfsþjálfun og menntun, þ.m.t. áætlanir um orkuráðgjöf, sem leiða til beitingar orkunýtinnar tækni og hafa þau áhrif að draga úr endanlegri orkunotkun,

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 5. desember 2013, um stefnuúrræðin sem þau hyggjast samþykkja að því er varðar fyrstu undirgrein og 6. mgr. 20. gr. innan rammans sem kveðið er á um í 4. lið V. viðauka og sýna fram á hvernig þau hyggist ná tilskildum sparnaði. Ef um er að ræða stefnuúrræði sem um getur í annarri undirgrein og í 6. mgr. 20. gr., skal þessi tilkynning sýna fram á hvernig viðmiðununum í 10. mgr. er fylgt. Ef um er að ræða önnur stefnuúrræði en þau sem um getur í annarri undirgrein eða í 6. mgr. 20. gr., skulu aðildarríki útskýra hvernig jafngildur sparnaður, eftirlit og sannprófun næst fram. Framkvæmdastjórnin getur gert tillögur um breytingar á næstu þrem mánuðum eftir tilkynninguna.

10. Með fyrirvara um ákvæði 11. mgr., skulu viðmiðin fyrir stefnuúrræðin sem gripið er til samkvæmt annarri undirgrein 9. gr. og 6. mgr. 20. gr. vera sem hér segir:

a) stefnuúrræðin kveði á um minnst tvö millitímabil eigi síðar en 31. desember 2020 og leiði til þess að markmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. náist,

b) ábyrgð allra umsjónaraðila, þátttökuaðila eða opinbers framkvæmdaryfirvalds, eftir því sem við á, sé skilgreind,

c) orkusparnaðurinn sem á að nást sé skilgreindur með gagnsæjum hætti,

d) orkusparnaðurinn sem krafist er eða sem á að nást með stefnuúrræðinu sé settur fram sem endanleg orkunotkun eða frumorkunotkun, samkvæmt breytistuðlunum sem settir eru fram í IV. viðauka,

e) orkusparnaður sé reiknaður með aðferðunum og meginreglunum sem kveðið er á um í 1. og 2. lið V. viðauka,

f) orkusparnaður sé reiknaður með aðferðunum og meginreglunum sem kveðið er á um í 3. lið V. viðauka,

g) þátttökuaðilar leggi fram ársskýrslu um orkusparnað sem náðst hefur nema það sé ekki gerlegt og hún gerð aðgengileg öllum,

h) eftirlit með niðurstöðum sé tryggt og gert sé ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum ef árangurinn er ekki fullnægjandi,

i) eftirlitskerfi sé komið á sem felur einnig í sér óháða sannprófun á tölfræðilega marktækum hluta af ráðstöfununum fyrir umbætur í orkunýtni og

j) gögn um árlega þróun orkusparnaðar séu birt árlega.

11. Aðildarríki skulu tryggja að skattarnir sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 9. mgr. séu í samræmi við viðmiðanirnar sem taldar eru upp í a-, b-, c-, d-, f-, h- og j-lið 10. mgr.

Aðildarríki skulu tryggja að reglurnar og frjálsu samningarnir sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 9. mgr. séu í samræmi við viðmiðanirnar sem taldar eru upp í a-, b-, c-, d-, e-, g-, h-, i- og j-lið 10. mgr.

Aðildarríki skulu tryggja að önnur stefnuúrræði sem um getur í annarri undirgrein 9. mgr. og landsbundnir orkunýtnisjóðir sem um getur í 6. mgr. 20. gr. séu í samræmi við viðmiðanirnar sem taldar eru upp í a-, b-, c-, d-, e-, h-, i- og j-lið 10. mgr.

12. Aðildarríki skulu tryggja að þegar áhrif stefnuúrræða og einstakra aðgerða skarast sé orkusparnaður ekki tvítalinn.

8. gr.

Orkuúttektir og orkustjórnunarkerfi

1. Aðildarríki skulu stuðla að því að vandaðar, kostnaðarhagkvæmar orkuúttektir standi öllum kaupendum til boða og:

a) séu framkvæmdar með sjálfstæðum hætti af hæfum og/eða faggiltum sérfræðingum samkvæmt hæfisviðmiðunum eða

b) séu framkvæmdar af og undir umsjón sjálfstæðs yfirvalds samkvæmt landslöggjöf.

Sérfræðingar innanhúss eða orkuúttektarmenn mega framkvæma orkuúttektirnar sem um getur í fyrstu undirgrein að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi komið á kerfi til að tryggja og kanna gæði þeirra, þ.m.t., ef við á, árlegu slembiúrtaki sem tekur til a.m.k. tölfræðilega marktæks hlutfalls allra orkuúttekta sem þeir framkvæma.

Í þeim tilgangi að ábyrgjast mikil gæði orkuúttekta og orkustjórnunarkerfa skulu aðildarríki koma á gagnsæjum lágmarksviðmiðunum án mismununar fyrir orkuúttektir sem byggðar eru á VI. viðauka.

Orkuúttektir skulu ekki fela í sér ákvæði sem koma í veg fyrir að niðurstöður úttektarinnar séu sendar orkuþjónustuveitanda sem er viðurkenndur/faggildur, með því skilyrði að viðskiptavinur andmæli því ekki.

2. Aðildarríki skulu þróa áætlanir sem hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að gangast undir orkuúttektir og hrinda svo tilmælum úr þessum úttektum í framkvæmd.

Á grundvelli gagnsærra viðmiðana sem eru án mismununar og með fyrirvara um lög Sambandsins um ríkisaðstoð, geta aðildarríki gert stuðningsáætlanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þ.m.t. ef þau hafa gert frjálsa samninga, til að mæta kostnaði við orkuúttekt og framkvæmd mjög kostnaðarhagkvæmra tilmæla úr orkuúttektum, ef fyrirhugaðar ráðstafanir eru framkvæmdar.

Aðildarríki skulu vekja athygli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. í gegnum viðkomandi stofnanir sem eru milliliðir þeirra, á raunverulegum dæmum um hvernig orkustjórnunarkerfi geti hjálpað fyrirtækjum þeirra. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin með því að styðja miðlun bestu starfsvenja á þessu sviði.

3. Aðildarríki skulu einnig þróa áætlanir til að auka vitund heimila um kosti slíkra úttekta í gegnum viðeigandi ráðgjafarþjónustu.

Aðildarríki skulu hvetja til þjálfunaráætlana fyrir menntun og hæfi úttektarmanna í því skyni að stuðla að nægilegu framboði á sérfræðingum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að fyrirtæki sem ekki eru lítil og meðalstór fyrirtæki gangist undir orkuúttekt sem framkvæmd er á óháðan og kostnaðarhagkvæman hátt af sérfræðingum sem eru viðurkenndir/faggiltir eða framkvæmd af og undir umsjón sjálfstæðs yfirvalds samkvæmt landslöggjöf eigi síðar en 5. desember 2015 og a.m.k. á fjögurra ára fresti frá dagsetningu síðustu orkuúttektar.

5. Orkuúttektir skulu teljast uppfylla kröfurnar í 4. mgr. ef þær eru framkvæmdar með óháðum hætti, á grundvelli lágmarksviðmiðana sem byggjast á VI. viðauka og framkvæmdar samkvæmt frjálsum samningum sem gerðir eru á milli samtaka hagsmunaaðila og tilnefnds aðila og undir umsjón hlutaðeigandi aðildarríkis, eða annarra aðila sem lögbært yfirvald hefur falið viðkomandi ábyrgð, eða framkvæmdastjórnarinnar.

Aðgangur markaðsaðila sem bjóða orkuþjónustu skal byggður á gagnsæjum viðmiðunum sem eru án mismununar.

6. Fyrirtæki sem eru ekki lítil og meðalstór fyrirtæki og sem eru að innleiða orku- eða umhverfisstjórnunarkerfi - vottuð af óháðum aðila samkvæmt viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum - skulu undanþegin kröfunum í 4. mgr., að því tilskildu að aðildarríkin tryggi að stjórnunarkerfið sem um er að ræða feli í sér orkuúttekt á grundvelli lágmarksviðmiðananna sem byggja á VI. viðauka.

7. Orkuúttektir geta verið sjálfstæðar eða hluti af stærri umhverfisúttekt. Aðildarríki geta krafist þess að mat á því að tenging við fyrirliggjandi eða áætlað dreifikerfi fyrir fjarhitun eða -kælingu sé framkvæmanleg í tæknilegu eða efnahagslegu tilliti sé hluti af orkuúttektinni.

Með fyrirvara um lög Sambandsins um ríkisaðstoð geta aðildarríki innleitt hvata- og stuðningsáætlanir til að koma í framkvæmd tilmælum úr orkuúttektum og svipuðum ráðstöfunum.

9. gr.

Mælingar

1. Aðildarríkin skulu tryggja, svo fremi að það sé tæknilega mögulegt, fjárhagslega hagkvæmt og í réttu hlutfalli við mögulegan orkusparnað, að kaupendur raforku, jarðgass, fjarhitunar, fjarkælingar og heits vatns til heimilisnota fái sérmæla á samkeppnishæfu verði sem endurspegla nákvæmlega raunorkunotkun kaupandans og veita upplýsingar um notkunartíma.

Ávallt skal útvega slíka sérmæla á samkeppnishæfu verði þegar:

a) skipt er um mæli sem fyrir er nema það sé tæknilega ómögulegt eða ekki kostnaðarhagkvæmt með tilliti til áætlaðs mögulegs sparnaðar til langs tíma,

b) Þegar ný tenging er sett upp í nýrri byggingu eða þegar miklar endurnýjanir eru gerðar á byggingu, eins og sett er fram í tilskipun 2010/31/ESB,

2. Ef og að því marki sem aðildarríki innleiða skynvædd mælikerfi og taka snjallmæla í notkun fyrir jarðgas og/eða raforku í samræmi við tilskipanir 2009/72/EB og 2009/73/EB, skulu þau:

a) tryggja að mælikerfin veiti kaupendum upplýsingar um raunverulegan notkunartíma og að tekið sé fullt tillit til markmiða um orkunýtni og ávinnings kaupenda þegar lágmarksvirkni mælanna er ákvörðuð og skyldur lagðar á markaðsaðila,

b) tryggja öryggi skynvæddra mæla og gagnaflutninga og friðhelgi einkalífs kaupenda, í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins um gagnavernd og friðhelgi einkalífs,

c) ef um er að ræða rafmagn og að beiðni kaupanda, fara fram á það við rekstraraðila mæla að þeir tryggi að mælir eða mælar geti gert grein fyrir þeirri raforku sem flutt er á dreifikerfið frá húsnæði kaupandans,

d) tryggja að ef kaupendur fara fram á slíkt, séu mæligögn um innmötun og úttekt raforku aðgengileg fyrir þá eða þriðja aðila sem vinnur í þágu kaupanda á auðskiljanlegu sniði sem hægt er að nota til samanburðar á kjörum,

e) fara fram á að viðskiptavinir fái viðeigandi ráðgjöf og upplýsingar þegar skynvæddir mælar eru settir upp, einkum um fulla möguleika þeirra að því er varðar stjórnun á mælaaflestri og vöktun orkunotkunar.

3. Ef hitun og kælingu eða heitu vatni er veitt til byggingar frá fjarhitunardreifikerfi eða frá miðlægum upprunastað sem þjónustar margar byggingar, skal setja upp mæli fyrir varma eða heitt vatn við varmaskipti eða afhendingarstað.

Í fjölbýlis- og fjölnotabyggingum með miðstöðvarhitun/-kælingu eða tengingu við fjarhitunardreifikerfi eða miðlægan upprunastað sem þjónustar margar byggingar, skal setja upp sérnotkunarmæla eigi síðar en 31. desember 2016 til að mæla notkun á hita eða kælingu eða heitu vatni fyrir hverja einingu þar sem það er tæknilega mögulegt og kostnaðarhagkvæmt. Þar sem notkun sérmæla er ekki tæknilega möguleg eða ekki kostnaðarhagkvæm við mælingu á hitun, skal nota sérhitunarkostnaðarmæla til að mæla hitanotkun við hvern ofn, nema viðkomandi aðildarríki sýni fram á að uppsetning slíkra hitunarkostnaðarmæla sé ekki kostnaðarhagkvæm. Í þeim tilvikum má íhuga aðrar kostnaðarhagkvæmar aðferðir við mælingu á hitanotkun.

Ef fjölbýlishús eru tengd við fjarhitun eða kælingu, eða ef eigin sameiginleg hitunar- eða kælikerfi fyrir slíkar byggingar eru algeng, geta aðildarríki tekið upp gegnsæjar reglur um skiptingu kostnaðar við notkun á varma eða heitu vatni í slíkum byggingum til að tryggja gagnsæi og nákvæmni í reikningshaldi yfir einkaneyslu. Eftir því sem við á skulu slíkar reglur innihalda leiðbeiningar um hvernig skipta skuli kostnaði við hitun og/eða heitt vatn sem notað er sem hér segir:

a) heitt vatn til heimilisnota,

b) hiti sem geislað er frá lögnum í byggingum og í þeim tilgangi að hita upp sameiginleg svæði (þar sem ofnar eru í stigum og göngum),

c) í þeim tilgangi að hita upp íbúðir.

10. gr.

Upplýsingar um gerð reikninga

1. Ef kaupendur eru ekki með skynvædda mæla eins og um getur í tilskipunum 2009/72/EB og 2009/73/EB, skulu aðildarríki tryggja, eigi síðar en 31. desember 2014, að upplýsingar um gerð reikninga séu réttar og byggðar á raunverulegri notkun, í samræmi við lið 1.1 í VII. viðauka, fyrir alla geira sem falla undir þessa tilskipun, þ.m.t. dreifingaraðila orku, dreifikerfisstjóra og orkusmásölufyrirtæki, ef það er tæknilega mögulegt og efnahagslega réttlætanlegt.

Uppfylla má þessa skuldbindingu með kerfi sem byggir á því að kaupendur framkvæmi reglulega sjálfir álestur og sendi upplýsingar af mælinum til orkuveitunnar. Aðeins ef kaupandi leggur ekki fram álestur af mæli fyrir tiltekið reikningstímabil skal reikningagerð vera byggð á áætlaðri notkun eða fastagjaldi.

2. Mælar sem settir eru upp í samræmi við tilskipanir 2009/72/EB og 2009/73/EB skulu gera nákvæmar upplýsingar um gerð reikninga sem byggðar eru á raunverulegri notkun mögulegar. Aðildarríki skulu tryggja að kaupendur hafi möguleika á auðveldum aðgangi að viðbótarupplýsingum um fyrri notkun sem gerir ítarlega sjálfskoðun mögulega.

Viðbótarupplýsingar um fyrri notkun skulu innihalda:

a) uppsöfnuð gögn fyrir minnst þrjú næstliðnu ár eða tímabilið frá upphafi vörusamningsins ef það er styttra. Gögnin skulu samsvara tímabilum sem tíðar upplýsingar um gerð reikninga hafa verið gerðar fyrir og

b) vera sundurliðuð eftir notkunartíma á hverjum degi, viku, mánuði og ári. Þessi gögn skulu gerð aðgengileg kaupandanum á Netinu eða í viðmóti mælisins fyrir tímabil sem nær hið minnsta yfir næstliðna 24 mánuði eða frá upphafi vörusamningsins ef það er styttra.

3. Óháð því hvort skynvæddir mælar hafi verið settir upp skulu aðildarríki:

a) krefjast þess að upplýsingar um orkureikninga og fyrri notkun kaupanda séu gerðar tiltækar, að beiðni kaupanda, orkuþjónustuveitanda sem kaupandi tiltekur, að því marki sem þessar upplýsingar eru tiltækar,

b) tryggja að kaupendum sé gefinn kostur á rafrænum upplýsingum um gerð reikninga og reikninga, og að þeir fái, samkvæmt beiðni, skýrar og skiljanlegar útskýringar á því hvernig reikningurinn var gerður, sérstaklega ef reikningar eru ekki byggðir á raunverulegri notkun,

c) tryggja að viðeigandi upplýsingar séu gerðar tiltækar með reikningum til að veita kaupendum nákvæmar upplýsingar um núverandi orkukostnað, í samræmi við VII. viðauka,

d) hafa heimild til að mæla fyrir um, að beiðni kaupanda, að upplýsingarnar á þessum reikningum teljist ekki vera beiðni um greiðslu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki tryggja að afhendingaraðilar orkugjafa bjóði sveigjanlegt fyrirkomulag á raunverulegum greiðslum,

e) krefjast þess að upplýsingar um og mat á orkukostnaði séu veittar neytendum samkvæmt beiðni á tímanlegan hátt og á auðskiljanlegu sniði sem gerir neytendum kleift að gera samanburð á kjörum.

11. gr.

Kostnaður við aðgang að upplýsingum um mælingar og um gerð reikninga

1. Aðildarríki skulu tryggja að kaupendur fái alla reikninga og upplýsingar um gerð reikninga yfir orkunotkun án endurgjalds og að kaupendur hafi einnig aðgang að notkunargögnum sínum á viðeigandi hátt og án endurgjalds.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal skipting kostnaðar við upplýsingar um gerð reikninga fyrir notkun einstaklinga á hitun og kælingu í fjölbýlis- og fjölnotahúsum skv. 3. mgr. 9. gr. ekki fara fram í ábataskyni. Leggja má kostnað sem hlýst af því að úthluta þessu verkefni til þriðja aðila, eins og þjónustuveitanda eða staðbundinni orkuveitu, sem nær yfir mælingar, skiptingu og reikningshald yfir raunverulega einkaneyslu í slíkum byggingum, á kaupendur að því marki sem slíkur kostnaður er sanngjarn.

12. gr.

Neytendaupplýsingar og valdeflingaráætlun

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að og auðvelda skilvirka notkun orku hjá litlum orkunotendum, þ.m.t. heimilum. Þessar ráðstafanir geta verið hluti af landsbundinni áætlun.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu þessar ráðstafanir innihalda eitt eða fleiri af atriðunum í a- eða b-lið:

a) fjármögnunarleiðir og stefnur til að stuðla að breytingum á atferli sem geta falið í sér:

   i. skattaívilnanir,

   ii. aðgang að fjármagni, fjárstyrkjum eða niðurgreiðslum,

   iii. veitingu upplýsinga,

   iv. fyrirmyndarverkefni,

   v. aðgerðir á vinnustöðum,

b) aðferðir og leiðir til þess að virkja neytendur og neytendasamtök í hugsanlegri innleiðingu skynvæddra mæla með miðlun:

   i. kostnaðarhagkvæmra og auðframkvæmanlegra breytinga á orkunotkun,

   ii. upplýsinga um ráðstafanir fyrir orkunýtni.

13. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög ef ekki er farið að landsákvæðum sem samþykkt eru skv. 7.-11. gr. og 3. mgr. 18. gr., og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 5. júní 2014 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

III. KAFLI

SKILVIRKNI Í AFHENDINGU ORKU

14. gr.

Stuðlað að skilvirkni í hitun og kælingu

1. Eigi síðar en 31. desember 2015 skulu aðildarríki framkvæma og tilkynna framkvæmdastjórninni um heildstætt mat á möguleikum á beitingu samvinnslu með góða orkunýtni og skilvirkrar fjarhitunar og -kælingar, að meðtöldum upplýsingunum sem settar eru fram í VIII. viðauka. Hafi þau þegar framkvæmt sambærilegt mat skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Heildstæða matið skal taka fullt tillit til greiningar á landsbundnum möguleikum á samvinnslu með góða orkunýtni sem gerð er samkvæmt tilskipun 2004/8/EB.

Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal uppfæra matið og tilkynna það framkvæmdastjórninni á fimm ára fresti. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram slíkar beiðnir minnst einu ári fyrir skiladaginn.

2. Aðildarríki skulu samþykkja stefnur sem hvetja til þess að tekið sé tilhlýðilegt tillit til staðbundinna og svæðisbundinna möguleika á notkun skilvirkra hitunar- og kælikerfa, einkum þeirra sem nota samvinnslu með góða orkunýtni. Taka skal tillit til möguleikanna á að þróa staðbundna og svæðisbundna markaði fyrir varma.

3. Að því er varðar matið sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríki framkvæma kostnaðar- og ábatagreiningu sem nær yfir yfirráðasvæði þeirra byggt á loftslagsskilyrðum, efnahagslegri hagkvæmni og tæknilegu hæfi í samræmi við 1. hluta IX. viðauka. Kostnaðar- og ábatagreining skal geta auðveldað greiningu á auðlinda- og kostnaðarhagkvæmustu lausnunum til að uppfylla þarfir um hitun og kælingu. Kostnaðar- og ábatagreiningin getur verið hluti af umhverfismati samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið ([1]).

4. Ef matið sem um getur í 1. mgr. og greiningin sem um getur í 3. mgr. greina möguleika á beitingu samvinnslu með góða orkunýtni og/eða skilvirkrar fjarhitunar og -kælingar sem hafa hærri ávinning en kostnað, skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir fyrir þróun á grunnvirki fyrir skilvirka fjarhitun og -kælingu og/eða koma til móts við samvinnslu með góða orkunýtni og notkun hitunar og kælingar með frávarma og endurnýjanlegum orkugjöfum í samræmi við 1., 5. og 7. mgr.

Ef matið sem um getur í 1. mgr. og greiningin sem um getur í 3. mgr. greina ekki möguleika sem hafa meiri ávinning en kostnað, þ.m.t. stjórnsýslukostnað við að framkvæma kostnaðar- og ábatagreininguna sem um getur í 5. mgr., getur hlutaðeigandi aðildarríki undanþegið orkuver frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein.

5. Aðildarríki skulu tryggja að kostnaðar- og ábatagreining í samræmi við 2. hluta IX. viðauka fari fram eftir 5. júní 2014 þegar:

a) ný varmaraforkuvinnslustöð með samanlagt varmaafl yfir 20 MW er fyrirhuguð, í því skyni að meta kostnað og ávinning af að kveða á um að orkuverið sé rekið sem orkuver fyrir samvinnslu með góða orkunýtni,

([1]) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

b) umtalsverð endurnýjun er gerð á varmaraforkuvinnslustöð með samanlagt varmaafl yfir 20 MW sem fyrir er, í því skyni að meta kostnað og ávinning við að breyta henni fyrir samvinnslu með góða orkunýtni,

c) iðjuver með samanlagt varmaafl yfir 20 MW sem myndar frávarma við nýtanlegt hitastig er fyrirhugað eða endurnýjað umtalsvert, í því skyni að meta kostnað og ávinning við að nýta frávarma til að uppfylla efnahagslega rökstudda eftirspurn, þ.m.t. með samvinnslu raf- og varmaorku, og við að tengja orkuverið við dreifikerfi fyrir fjarhitun og -kælingu.

d) nýtt dreifikerfi fyrir fjarhitun og -kælingu er fyrirhugað eða ef ný orkuvinnslustöð með samanlagt varmaafl yfir 20 MW er fyrirhuguð í dreifikerfi fyrir fjarhitun og -kælingu sem fyrir er eða ef umtalsverð endurnýjun er gerð á slíkri stöð sem fyrir er, í því skyni að meta kostnað og ávinning við að nýta frávarma frá nærliggjandi iðjuverum.

Uppsetning búnaðar til að fanga koltvísýring sem verður til í brennslustöð í því skyni að geyma hann í jörðu eins og kveðið er á um í tilskipun 2009/31/EB skal ekki teljast endurnýjun að því er varðar b-, c- og d-lið þessarar málsgreinar.

Aðildarríki geta krafist þess að kostnaðar- og ábatagreining sem um getur í c- og d-lið fari fram í samvinnu við fyrirtækin sem eru ábyrg fyrir starfrækslu dreifikerfa fyrir fjarhitun og -kælingu.

6. Aðildarríkin geta veitt eftirfarandi undanþágu frá ákvæðum 5. mgr.:

a) toppaflstöðvum og vararafstöðvum sem áætlað er að starfi skemur en 1500 vinnustundir á ári samkvæmt hlaupandi meðaltali á fimm ára tímabili, á grundvelli sannprófunarferlis sem aðildarríkin koma á og sem tryggir að þessi undanþáguviðmiðun sé uppfyllt,

b) kjarnorkuverum,

c) orkuverum sem þurfa að vera staðsett nálægt stað fyrir geymslu í jörðu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

Aðildarríki geta einnig mælt fyrir um viðmiðunarmörk, sem sett eru fram sem magn tiltæks nothæfs frávarma, eftirspurn eftir varma eða fjarlægð á milli iðjuvera og dreifikerfa fyrir fjarhitun, til að veita einstökum orkuverum undanþágu frá ákvæðum c- og d-liðar 5. mgr.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um undanþágur samkvæmt þessari málsgrein eigi síðar en 31. desember 2013 og um allar síðari breytingar á þeim.

7. Aðildarríki skulu samþykkja viðmiðanir fyrir leyfisveitingar eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 2009/72/EB eða jafngildar leyfisviðmiðanir sem:

a) taka tillit til niðurstöðu heildstæða matsins sem um getur í 1. mgr.,

b) tryggja að kröfur 5. mgr. séu uppfylltar og

c) taka tillit til niðurstöðu kostnaðar- og ábatagreiningarinnar sem um getur í 5. mgr.

8. Aðildarríki geta veitt einstökum orkuverum undanþágu, með viðmiðununum um leyfisveitingar sem um getur í 7. mgr., frá því að vera krafin um að framkvæma valkosti með ávinning sem er meiri en kostnaður ef það eru brýnar ástæður fyrir því vegna laga, eignarhalds eða fjármögnunar. Í þessum tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki leggja rökstudda tilkynningu um ákvörðun sína fyrir framkvæmdastjórnina innan þriggja mánaða frá því að hún er tekin.

9. Ákvæði 5., 6., 7. og 8. mgr. þessarar greinar skulu gilda um orkuver sem falla undir tilskipun 2010/75/ESB með fyrirvara um ákvæði þeirrar tilskipunar.

10. Á grundvelli samræmdu viðmiðunargildanna fyrir nýtni, sem um getur í f-lið II. viðauka, skulu aðildarríkin sjá til þess að hægt sé að ábyrgjast uppruna raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni, samkvæmt viðmiðunum, sem hvert aðildarríki mælir fyrir um, og sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Þau skulu sjá til þess að þessi ábyrgð á uppruna uppfylli kröfur og innihaldi að lágmarki upplýsingarnar sem tilgreindar eru í X. viðauka. Aðildarríkin skulu viðurkenna gagnkvæmt upprunaábyrgðir hvers annars sem sönnun á þeim upplýsingum eingöngu sem um getur í þessari málsgrein. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum sem tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka synjun og rökin fyrir henni. Ef viðurkenningar á upprunaábyrgð er synjað er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja ákvörðun sem skyldar viðkomandi aðila til að viðurkenna ábyrgðina, einkum að því er varðar viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og sem viðurkenningin byggist á.

Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að endurskoða, með framseldum gerðum í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar, samræmdu nýtniviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/877/ESB [1] á grundvelli tilskipunar 2004/8/EB eigi síðar en 31. desember 2014.

[1] Stjtíð. ESB L 343, 23.12.2011, bls. 91.

11. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allur stuðningur sem tiltækur er samvinnslu raf- og varmaorku sé með fyrirvara um að raforkan sem framleidd er eigi uppruna sinn í samvinnslu með góða orkunýtni og að frávarminn sé notaður á skilvirkan hátt til að ná fram frumorkusparnaði. Opinber stuðningur við samvinnslu raf- og varmaorku og vinnslu fjarhitunar og dreifikerfi skal falla undir reglur um ríkisaðstoð, eftir atvikum.

15. gr.

Umbreyting, flutningur og dreifing orku

1. Aðildarríki skulu tryggja að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld taki tilhlýðilegt tillit til orkunýtni við framkvæmd eftirlitsverkefna sem tilgreind eru í tilskipunum 2009/72/EB og 2009/73/EB að því er varðar ákvarðanir þeirra um starfrækslu grunnvirkja fyrir gas og raforku.

Aðildarríki skulu einkum tryggja að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld, með þróun gjaldskráa og reglugerða um dreifikerfi, innan ramma tilskipunar 2009/72/EB og að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings hverrar ráðstöfunar, veiti rekstraraðilum dreifikerfa hvata til að gera kerfisþjónustu tiltæka notendum dreifikerfa sem gerir þeim kleift að framkvæma ráðstafanir til umbóta í orkunýtni í tengslum við áframhaldandi útbreiðslu skynvæddra dreifikerfa.

Kerfisstjóra er heimilt að ákvarða slíka kerfisþjónustu og hún skal ekki hafa neikvæð áhrif á öryggi kerfisins.

Að því er varðar raforku skulu aðildarríki tryggja að reglugerðir og gjaldskrár fyrir dreifikerfi uppfylli viðmiðanirnar í XI. viðauka, að teknu tilliti til leiðbeininga og reglna sem þróaðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 714/2009.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 30. júní 2015:

a) fari fram mat á möguleikum til orkunýtni í grunnvirki fyrir gas og raforku, einkum að því er varðar flutning, dreifingu, álagsstýringu og rekstrarsamhæfi, og tenginga við orkuframleiðslubúnað, þ.m.t. aðgangsmöguleikar örframleiðenda,

b) séu raunhæfar ráðstafanir og fjárfestingar fundnar fyrir innleiðingu á kostnaðarhagkvæmum umbótum í orkunýtni í grunnvirki dreifikerfisins, með tímaáætlun um innleiðingu þeirra.

3. Aðildarríkin geta heimilað að hlutar áætlana og uppbyggingar gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu á orku á leið í kerfið hafi félagsleg markmið, svo fremi sem öllum heftandi áhrifum á flutnings- og dreifikerfi sé haldið í lágmarki og þau séu ekki óhófleg miðað við félagslega markmiðið.

4. Aðildarríki skulu tryggja að þeir hvatar í flutnings- og dreifingargjaldskrám séu fjarlægðir sem eru skaðlegir fyrir heildarnýtni (þ.m.t. orkunýtni) í vinnslu, flutningi, dreifingu og afhendingu raforku eða þeir sem gætu hamlað þátttöku í eftirspurnarviðbragði, í jöfnunarmörkuðum og öflun stoðþjónustu. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar dreifikerfa hafi hvata til að auka orkunýtni í hönnun og starfrækslu grunnvirkja og, innan ramma tilskipunar 2009/72/EB, að gjaldskrár geri afhendingaraðilum kleift að auka þátttöku neytenda í orkunýtni kerfisins, þ.m.t. eftirspurnarviðbragð, með hliðsjón af landsbundnum aðstæðum.

5. Með fyrirvara um 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/28/EB og með tilliti til 15. gr. tilskipunar 2009/72/EB og nauðsynjar þess að tryggja samfelldni í hitaveitu, skulu aðildarríki tryggja, með fyrirvara um kröfur í tengslum við viðhald áreiðanleika og öryggis dreifikerfisins, að flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar skuli, á grundvelli gagnsærra viðmiðana sem eru án mismununar og lögbær landsyfirvöld setja, þegar þeir sjá um álagsdreifingu framleiðslubúnaðar á yfirráðasvæði sínu:

a) tryggja flutning og dreifingu raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni,

b) veita raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni forgang eða tryggðan aðgang að dreifikerfinu,

c) veita raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni forgang við álagsdreifingu á raforkuver, að svo miklu leyti sem örugg starfræksla landsbundna raforkukerfisins leyfir.

Aðildarríki skulu tryggja að reglur sem varða mismunandi aðgangs- og álagsdreifingarforgang sem veittur er í raforkukerfum þeirra séu útskýrðar með skýrum hætti í smáatriðum og birtar. Þegar aðgangs- eða álagsdreifingarforgangur er veittur samvinnslu með góða orkunýtni, geta aðildarríki raðað eftir og innan mismunandi gerða endurnýjanlegrar orku og samvinnslu með góða orkunýtni og skulu í hverju tilviki tryggja að aðgangs- eða álagsdreifingarforgangur fyrir orku frá breytilegum endurnýjanlegum orkugjafa sé ekki hindraður.

Til viðbótar skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skulu flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar fara að kröfunum sem settar eru fram í XII. viðauka.

Aðildarríkin mega einkum auðvelda tengingu við raforkudreifikerfið þegar um er að ræða raforku úr samvinnslu með góða orkunýtni frá litlum einingum eða öreiningum. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til að hvetja rekstraraðila dreifikerfa til að samþykkja einfalt tilkynningaferli sem felur í sér „uppsetningu og tilkynningu“ fyrir uppsetningu öreininga fyrir samvinnslu raf- og varmaorku til að einfalda og stytta málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir einstaka borgara og uppsetningaraðila.

6. Með fyrirvara um kröfur varðandi viðhald áreiðanleika og öryggis dreifikerfisins, skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, ef það er tæknilega og efnahagslega mögulegt í vinnumáta orkuvers fyrir samvinnslu með góða orkunýtni, að rekstraraðilar samvinnslu með góða orkunýtni geti boðið jöfnunarþjónustu og aðra rekstrarþjónustu fyrir flutningskerfisstjóra eða dreifikerfisstjóra. Flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar skulu tryggja að slík þjónusta sé hluti af uppboðsferli fyrir þjónustu sem er gagnsætt, án mismununar og aðgengilegt til athugunar.

Eftir því sem við á, geta aðildarríki farið fram á að flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar hvetji til þess að samvinnsla með góða orkunýtni sé staðsett nálægt eftirspurnarsvæðum með því að lækka gjöld fyrir tengingar og notkun kerfis.

7. Aðildarríkin geta leyft þeim framleiðendum raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni, sem óska eftir að tengjast dreifikerfinu, að bjóða út vinnu við tenginguna.

8. Aðildarríki skulu tryggja að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld hvetji til þess að tilföng á eftirspurnarhlið, eins og eftirspurnarviðbragð, taki þátt ásamt afhendingaraðilum á heildsölu- og smásölumörkuðum.

Með fyrirvara um tæknilegar takmarkanir sem fylgja stjórnun dreifikerfa, skulu aðildarríki tryggja að flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar, þegar þeir uppfylla kröfur um jöfnunar- og stoðþjónustu, afgreiði eftirspurnarviðbragðsveitendur, þ.m.t. safnara, á jafnréttisgrundvelli og á grundvelli tæknilegrar getu þeirra.

Með fyrirvara um tæknilegar takmarkanir sem fylgja stjórnun dreifikerfa, skulu aðildarríki stuðla að aðgangi að og þátttöku eftirspurnarviðbragðs á mörkuðum fyrir jöfnun, varaafl og aðra kerfisþjónustu, m.a. með því að krefjast þess að landsbundin orkueftirlitsyfirvöld eða, ef landsbundnar reglur krefjast þess, flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar í náinni samvinnu við eftirspurnarþjónustuveitendur og -neytendur, skilgreini tæknilegt fyrirkomulag við þátttöku í þessum mörkuðum á grundvelli tæknilegra krafa þessara markaða og eftirspurnarviðbragðsgetu. Slíkar forskriftir skulu taka til þátttöku safnara.

9. Við skýrslugjöf samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB, og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar, skulu aðildarríki taka til athugunar að taka með upplýsingar um orkunýtnistig í orkuverum sem brenna eldsneyti með samanlagt nafnvarmaafl sem er 50 MW eða meira í ljósi viðkomandi bestu, fáanlegu tækni sem þróuð er í samræmi við tilskipun 2010/75/ESB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([1]).

Aðildarríki geta hvatt stjórnendur orkuvera sem um getur í fyrstu undirgrein til að bæta árlegt meðaltal nettórekstrarhlutfalls.

IV. KAFLI

ÞVERLÆG ÁKVÆÐI

16. gr.

Aðgengi að hæfis-, faggildingar- og vottunaráætlunum

1. Ef aðildarríki telur að landsstig tæknilegrar færni, hlutlægni og áreiðanleika sé ófullnægjandi, skal það tryggja, eigi síðar en 31. desember 2014, að vottunar- eða faggildingaráætlanir og/eða jafngild hæfismatskerfi, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, viðeigandi þjálfunaráætlanir, verði eða séu tiltæk fyrir veitendur orkuþjónustu, orkuúttekta, orkustjórnendur og uppsetningaraðila orkutengdra byggingarhluta [áður byggingarþáttur] eins og þeir eru skilgreindir í 9. lið 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. veiti gagnsæi fyrir neytendur, séu áreiðanlegar og stuðli að landsbundnum markmiðum um orkunýtni.

3. Aðildarríki skulu gera vottunar- og/eða faggildingaráætlanir eða jafngild hæfismatskerfi sem um getur í 1. mgr. aðgengileg öllum og skulu starfa með hvert öðru og framkvæmdastjórninni við samanburð, og viðurkenningu, á áætlununum.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að gera neytendur meðvitaða um tiltækileika hæfis- og/eða vottunaráætlana í samræmi við 1. mgr. 18. gr.

17. gr.

Upplýsingar og þjálfun

1. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar um tiltækt orkunýtnifyrirkomulag og fjárhags- og lagarammar séu gagnsæir og sé dreift með víðtækum hætti til allra viðkomandi markaðsaðila, eins og neytenda, byggingaraðila, arkitekta, verkfræðinga, umhverfis- og orkuúttektaraðila og uppsetningaraðila byggingarhluta eins og skilgreint er í tilskipun 2010/31/ESB.

Aðildarríki skulu hvetja til þess að upplýsingum um möguleika á þátttöku í fjármögnun ráðstafana fyrir umbætur í orkunýtni, þ.m.t. með því að stofna samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila, sé miðlað til banka og annarra fjármálastofnana.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

2. Aðildarríki skulu koma á viðeigandi skilyrðum fyrir markaðsaðila til að veita fullnægjandi og markvissar upplýsingar og ráðgjöf til orkuneytenda um orkunýtni.

3. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða áhrif ráðstafa sinna til að styðja við þróun vettvanga, sem gera m.a. evrópska aðila að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins virka í því að stuðla að þjálfunaráætlunum um orkunýtni, og skal setja fram frekari ráðstafanir ef við á. Framkvæmdastjórnin skal styðja aðila vinnumarkaðarins í Evrópu í viðræðum þeirra um orkunýtni.

4. Aðildarríki skulu, með þátttöku hagsmunaaðila, þ.m.t. staðar- og svæðisyfirvalda, styðja við viðkomandi framtaksverkefni á sviði upplýsinga, vitundarvakningar og þjálfunar til að upplýsa borgara um ávinning og hagnýt atriði þess að gera ráðstafanir til umbóta í orkunýtni.

5. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til skipta og víðtækrar miðlunar á upplýsingum um bestu starfsvenjur í orkunýtni í aðildarríkjunum.

18. gr.

Orkuþjónusta

1. Aðildarríki skulu styðja orkuþjónustumarkaðinn og aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að þeim markaði með því að:

a) miðla skýrum og aðgengilegum upplýsingum um:

   i. tiltæka orkuþjónustusamninga og skilmála sem skulu vera innifaldir í slíkum samningum til að tryggja orkusparnað og réttindi kaupenda,

   ii. fjármögnunarleiðir, hvata, styrki og lán til að styðja verkefni um orkunýtniþjónustu,

b) hvetja til þróunar gæðamerkinga, m.a. á vegum atvinnugreinasamtaka,

c) gera skrá aðgengilega öllum yfir tiltæka orkuþjónustuveitendur sem eru hæfir og/eða vottaðir og hæfi og/eða vottanir þeirra í samræmi við 16. gr., og uppfæra hana reglulega eða útvega tengingu þar sem orkuþjónustuveitendur geta veitt upplýsingar,

d) styðja hið opinbera við að taka tilboðum um orkuþjónustu, einkum vegna endurnýjunar bygginga, með því að:

   i. kveða á um fyrirmyndir að samningum um orkunýtingu sem innihalda hið minnsta atriðin sem skráð eru í XIII. viðauka,

   ii. veita upplýsingar um bestu starfsvenjur við samninga um orkunýtingu, sem innihalda, ef hún er tiltæk, kostnaðar- og ábatagreiningu sem styðst við vistferilsnálgun,

e) sjá til þess að eigindleg rýni fari fram innan ramma landsbundinnar aðgerðaáætlunar um orkunýtni að því er varðar núverandi og seinni tíma þróun orkuþjónustumarkaðarins.

2. Aðildarríki skulu styðja eðlilega starfsemi orkuþjónustumarkaðarins, eftir því sem við á, með því að:

a) auðkenna og birta tengiliði þar sem kaupendur geta fengið upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.,

b) gera, ef nauðsyn krefur, ráðstafanir til að fjarlægja hindranir í lögum og öðrum hindrunum sem koma í veg fyrir upptöku á samningum um orkunýtingu og öðrum þjónustulíkönum fyrir orkunýtni til að auðkenna og/eða innleiða ráðstafanir fyrir orkusparnað,

c) íhuga að koma á óháðu fyrirkomulagi, eins og umboðsmanni, eða fela því það hlutverk að tryggja skilvirka afgreiðslu kvartana og lausn deilumála utan dómstóla sem rísa vegna orkuþjónustusamninga,

d) gera óháðum milliliðum á markaði kleift að gegna hlutverki í örvun markaðsþróunar á eftirspurnar- og framboðshliðinni.

3. Aðildarríki skulu tryggja að dreifingaraðilar orku, dreifikerfisstjórar og orkusmásölufyrirtæki forðist aðgerðir sem geti dregið úr eftirspurn eftir og afhendingu á orkuþjónustu eða öðrum ráðstöfunum fyrir umbætur í orkunýtni, eða staðið í vegi þróunar markaða fyrir slíka þjónustu eða ráðstafanir, þ.m.t. lokun markaða fyrir samkeppnisaðilum eða misnotkun markaðsráðandi stöðu.

19. gr.

Aðrar ráðstafanir til að stuðla að orkunýtni

1. Aðildarríki skulu meta og ef nauðsyn krefur gera viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja hindranir í lögum og aðrar hindranir í vegi orkunýtni, með fyrirvara um grundvallarreglur í lögum aðildarríkja um fasteignir og húsaleigu, einkum að því er varðar:

a) skiptingu hvata á milli eiganda og leigutaka byggingar eða á milli eigenda, í því skyni að tryggja að þessir aðilar séu ekki lattir frá því að gera fjárfestingar sem auka orkunýtni sem þeir hefðu annars gert þar sem þeir njóti ekki fulls ávinnings sem einstaklingar eða vegna skorts á reglum um skiptingu kostnaðar og ávinnings á milli þeirra, þ.m.t. landsreglur og ráðstafanir sem stjórna ákvarðanatökuferlum í fjöleignarhúsum,

b) ákvæði í lögum og reglum og stjórnsýsluvenjur varðandi opinber innkaup og árlega fjárlagagerð og reikningsskil, í því skyni að tryggja að einstakir opinberir aðilar séu ekki lattir til að fjárfesta í endurbótum á orkunýtni og lágmörkun vænts vistferilskostnaðar og til að nota samninga um orkunýtingu og annað fyrirkomulag fjármögnunar þriðja aðila á grundvelli langtímasamninga.

Slíkar ráðstafanir til að fjarlægja hindranir geta falið í sér hvata, niðurfellingu eða breytingar á ákvæðum laga eða reglna eða samþykkt leiðbeininga og túlkunarorðsendinga, eða einföldun stjórnsýslumeðferðar. Þessar ráðstafanir má sameina veitingu menntunar, þjálfunar og sérhæfðra upplýsinga og tækniaðstoðar varðandi orkunýtni.

2. Mat á hindrunum og ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skal tilkynna framkvæmdastjórninni í fyrstu landsbundnu aðgerðaáætluninni um orkunýtni sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til miðlunar á bestu venjum í hverju ríki að því er þetta varðar.

20. gr.

Landsbundinn orkunýtnisjóður, fjármögnun og tæknilegur stuðningur

1. Með fyrirvara um ákvæði 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu aðildarríki liðka fyrir því að komið sé á fjármögnunarskipulagi, eða notkun skipulags sem fyrir er, fyrir ráðstafanir til umbóta í orkunýtni til að hámarka ávinning af margskonar fjármögnun.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, beint eða fyrir milligöngu evrópskra fjármálastofnana, aðstoða aðildarríki við að setja upp fjármögnunarskipulag og tæknilegar stuðningsáætlanir í því skyni að auka orkunýtni í mismunandi geirum.

3. Framkvæmdastjórnin skal liðka fyrir miðlun bestu starfsvenja á milli lögbærra landsyfirvalda eða svæðisbundinna yfirvalda eða aðila, t.d. með árlegum fundum eftirlitsaðila, opinberum gagnasöfnum með upplýsingum um framkvæmd ráðstafana hjá aðildarríkjum og samanburði á milli landa.

4. Aðildarríki mega koma á fót landsbundnum orkunýtnisjóði. Tilgangurinn með þessum sjóði skal vera að styðja landsbundin framtaksverkefni á sviði orkunýtni.

5. Aðildarríki geta heimilað að skuldbindingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 5. gr. séu uppfylltar með árlegum framlögum í landsbundinn orkunýtnisjóð sem nema upphæð sem er jöfn fjárfestingunni sem krafist er til að ná fram þessum skuldbindingum.

6. Aðildarríki geta kveðið á um að skuldbundnir aðilar geti uppfyllt skuldbindingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 7. gr. með árlegum framlögum í landsbundinn orkunýtnisjóð sem nema upphæð sem er jöfn fjárfestingunni sem krafist er til að ná fram þessum skuldbindingum.

7. Aðildarríki mega nota tekjur af árlegum losunarúthlutunum samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB til að þróa nýsköpun í fyrirkomulagi fjármögnunar til að koma markmiðinu í 5. gr. um að bæta orkunýtingu bygginga í framkvæmd.

21. gr.

Breytistuðlar

Í því skyni að bera saman orkusparnaðartölur og umbreyta þeim í sambærilegar einingar skulu breytistuðlarnir sem settir eru fram í IV. viðauka gilda, nema hægt sé að réttlæta notkun annarra breytistuðla.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. til að endurskoða samræmdar nýtniviðmiðanir sem um getur í annarri undirgrein 10. mgr. 14. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. til að laga að tækniframförum gildin, reikniaðferðirnar, sjálfgefna frumorkustuðulinn og kröfurnar í I., II., III., IV., V., VII., VIII., IX., X. og XII. viðauka.

23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 22. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 4. desember 2012.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 22. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 22. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

24. gr.

Endurskoðun og eftirlit með framkvæmd

1. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert frá og með 2013, skulu aðildarríki gefa skýrslu um árangur sem náðst hefur í átt að landsbundnum markmiðum um orkunýtni, í samræmi við 1. hluta XIV. viðauka. Skýrslan getur verið hluti af umbótaáætlun aðildarríkis sem um getur í tilmælum ráðsins 2010/410/ESB frá 13. júlí 2010 um almennar viðmiðunarreglur varðandi efnahagsstefnur aðildarríkjanna og Sambandsins ([1]).

2. Eigi síðar en 30. apríl 2014 og á þriggja ára fresti þaðan í frá, skulu aðildarríki leggja fram landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni. Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu ná yfir ráðstafanir um umtalsverðar umbætur í orkunýtni og væntanlegan og/eða framkominn orkusparnað, þ.m.t. í afhendingu, flutningi og dreifingu á orku auk endanlegrar notkunar á orku, með hliðsjón af því að ná landsbundnu markmiðunum um orkunýtni, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. Landsbundnum aðgerðaáætlunum um orkunýtni skal fylgja uppfært mat á áætlaðri heildarfrumorkunotkun árið 2020, ásamt áætlaðri frumorkunotkun í geirunum sem vísað er til í 1. hluta XIV. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012, veita sniðmát til viðmiðunar fyrir landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni. Þetta sniðmát skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 26. gr. Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu í öllum tilvikum innihalda upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XIV. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal meta ársskýrslurnar og landsbundnu aðgerðaáætlanirnar um orkunýtni og meta að hve miklu leyti aðildarríki hafa náð árangri í að standa við landsbundnu markmiðin um orkunýtni sem krafist er í 1. mgr. 3. gr. og í framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu sína til Evrópuþingsins og ráðsins. Á grundvelli mats hennar á skýrslunum og landsbundnu aðgerðaáætlunum um orkunýtni má framkvæmdastjórnin gefa út tilmæli til aðildarríkjanna.

([1]) Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2010, bls. 28.

4. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með áhrifum af framkvæmd þessarar tilskipunar á tilskipanir 2003/87/EB, 2009/28/EB og 2010/31/ESB og á ákvörðun nr. 406/2009/EB og á atvinnugreinar, einkum þær þar sem umtalsverð hætta er á kolefnisleka eins og hún er ákvörðuð í ákvörðun 2010/2/ESB.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða áframhaldandi þörf á möguleikanum á undanþágum sem settur er fram í 6. mgr. 14. gr. í fyrsta sinn við mat á fyrstu landsbundnu aðgerðaáætluninni um orkunýtni og á þriggja ára fresti þaðan í frá. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að ekki sé lengur hægt að rökstyðja einhverja viðmiðun fyrir þessum undanþágum að teknu tilliti til tiltækileika varmaálags og raunverulegra rekstrarskilyrða undanþeginna orkuvera, skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi ráðstafanir.

6. Aðildarríki skulu, fyrir 30. apríl ár hvert, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tölfræðilegar upplýsingar um landsbundna raforku- og hitaframleiðslu frá samvinnslu raf- og varmaorku með góða og slæma orkunýtni, í samræmi við aðferðafræðina í I. viðauka, í tengslum við heildarframleiðslu á raforku og hita. Þau skulu einnig leggja fram árlega tölfræðilegar upplýsingar um afkastagetu og eldsneyti fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, og um framleiðslu og afkastagetu fjarhitunar og -kælingar, í tengslum við heildarframleiðslu og afkastagetu á raforku og hita. Aðildarríkin skulu leggja fram tölfræðilegar upplýsingar um sparnað frumorku sem næst með samvinnslu raf- og varmaorku, í samræmi við aðferðirnar í II. viðauka.

7. Eigi síðar en 30. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja matið sem um getur í 2. mgr. 3. gr. fyrir Evrópuþingið og ráðið og, ef þörf er á, tillögur um frekari ráðstafanir.

8. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða skilvirkni framkvæmdar 6. gr. eigi síðar en 5. desember 2015, með tilliti til krafnanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/18/EB og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Þessari skýrslu skulu fylgja tillögur um frekari ráðstafanir ef við á.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2016, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd 7. gr. Þessari skýrslu skal fylgja, ef við á, tillaga að nýrri löggjöf um eitt eða fleiri eftirfarandi markmiða:

a) að breyta lokadagsetningunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr.,

b) að endurskoða kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 7. gr.,

c) að koma á sameiginlegum viðbótarkröfum, einkum að því er varðar málefni sem um getur í 7. mgr. 7. gr.

10. Eigi síðar en 30. júní 2018 skal framkvæmdastjórnin meta árangur aðildarríkjanna í að fjarlægja hindranir í lögum og aðrar hindranir sem um getur í 1. mgr. 19. gr. Þessu mati skulu fylgja tillögur um frekari ráðstafanir ef við á.

11. Framkvæmdastjórnin skal gera skýrslurnar sem um getur í 1. og 2. mgr. aðgengilegar öllum.

25. gr.

Netvettvangur

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót netvettvangi til að styðja við framkvæmd þessarar tilskipunar í reynd á landsbundnum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi. Þessi vettvangur skal styðja við miðlun reynslu af venjum, setningu viðmiðana, tengslamyndun og nýsköpun.

26. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

27. gr.

Breytingar og niðurfelling

1. Tilskipun 2006/32/EB er felld úr gildi frá 5. júní 2014, að undanskilinni 1. til 4. mgr. 4. gr. hennar og I., III. og IV. viðauka við hana, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar. Ákvæði 1. til 4. mgr. 4. gr. og I., III. og IV. viðauka tilskipunar 2006/32/EB skulu felld niður frá og með 1. janúar 2017.

Tilskipun 2004/8/EB er felld úr gildi frá 5. júní 2014, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar.

Líta ber á tilvísanir í tilskipanir 2006/32/EB og 2004/8/EB sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XV. viðauka.

2. Ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2010/30/ESB falli brott frá 5. júní 2014.

3. Tilskipun 2009/125/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„35a) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (*) er þess krafist að aðildarríkin setji fram kröfur um orkunýtingu byggingarhluta sem mynda hluta af byggingarhjúpnum og kerfiskröfur að því er varðar heildarorkunýtingu, rétta uppsetningu og viðeigandi málsetningu, stillingar og stýringar á tæknilegum kerfum fyrir byggingar sem eru sett upp í byggingum sem fyrir eru. Það er í samræmi við markmið þessarar tilskipunar að þessar kröfur megi við tilteknar aðstæður takmarka uppsetningu á orkutengdum vörum sem eru í samræmi við þessa tilskipun og framkvæmdarráðstafanir hennar, að því tilskildu að slíkar kröfur skapi ekki ósanngjarnar markaðshindranir.

(*) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13.“

2) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok 1. mgr. 6. gr.:

„Þetta skal ekki hafa áhrif á kröfur um orkunýtingu og kerfiskröfur sem settar eru af aðildarríkjum í samræmi við 1. mgr. 4. gr. og 8. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.“

28. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júní 2014.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 4. gr., 5. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr., 5. og 6. mgr.), 7. gr. (síðustu undirgrein 9. mgr.), 14. gr. (6. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 24. gr. (1. og 2. mgr.) og V. viðauka (4. lið) eigi síðar en á þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

29. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

30. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. október 2012.

Fyrir Evrópuþingið	*Fyrir hönd ráðsins*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS
Forseti	*Forseti*

I. VIÐAUKI

ALMENNAR MEGINREGLUR FYRIR ÚTREIKNINGA Á RAFORKU FRÁ SAMVINNSLU RAF- OG VARMAORKU

I. hluti

Almennar meginreglur

Gildi, sem eru notuð til útreiknings á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, skulu ákvörðuð á grundvelli væntanlegs eða raunverulegs rekstrar á einingunni við eðlileg notkunarskilyrði. Að því er varðar öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku getur útreikningur byggst á staðfestum gildum.

a) Líta skal svo á að raforkuframleiðsla frá samvinnslu raf- og varmaorku sé jöfn árlegri heildarraforkuframleiðslu einingarinnar sem mæld er við úttak aðalrafala,

   i. í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð b, d, e, f, g og h, sem um getur í II. hluta, með árlega heildarnýtni sem aðildarríkin hafa fastsett við a.m.k. 75% og

   ii. í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð a og c, sem um getur í II. hluta, með árlega heildarnýtni sem aðildarríkin hafa fastsett við a.m.k. 80%.

b) Í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með árlega heildarnýtni undir gildunum sem um getur í i. lið a-liðar (einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð b, d, e, f, g og h sem um getur í II. hluta) eða með árlega heildarnýtni undir gildunum sem um getur í ii. lið a-liðar (einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku af gerð a og c sem um getur í II. hluta) er samvinnsla raf- og varmaorku reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

   $E_{CHP}=H_{CHP}*C$

   þar sem:

   E_{CHP} er magn raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku,

   C er hlutfallið milli orku og varma,

   H_{CHP} er magn notvarma frá samvinnslu raf- og varmaorku (reiknað út í þessu skyni sem samanlögð varmaframleiðsla, að frádregnum varma, sem er framleiddur í aðskildum kötlum, eða nýting gufu beint frá gufukatli).

   Útreikningur á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku skal byggjast á raunverulegu hlutfalli milli orku og varma. Ef raunverulegt hlutfall milli orku og varma í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er ekki þekkt má nota eftirfarandi sjálfgildi, einkum vegna hagskýrslugerðar, fyrir einingar af gerð a, b, c, d og e, sem um getur í II. hluta, að því tilskildu að reiknuð raforka frá samvinnslu sé minni eða jöfn og samanlögð raforkuframleiðsla einingarinnar:

Gerð einingar	Sjálfgefið hlutfall milli orku og varma, C
Samvinnsla með gashverfli og varmaendurheimt	0,95
Mótþrýstigufuhverfill	0,45
Eimsvalagufuhverfill með gufuúttaki	0,45
Gashverfill með varmaendurheimt	0,55
Brunahreyfill	0,75

   Ef aðildarríkin taka upp sjálfgildi fyrir hlutfall milli orku og varma í einingum af gerð f, g, h, i, j og k, sem um getur í II. hluta, skulu þau sjálfgildi gerð opinber og tilkynnt framkvæmdastjórninni.

c) Ef hluti orkuinnihalds eldsneytismagnsins, sem er notað í samvinnsluferli raf- og varmaorku, er endurheimt í íðefnum og endurunnið má draga þann hluta frá eldsneytismagninu áður en heildarnýtnin í a- og b-lið er reiknuð út.

d) Aðildarríkin geta ákvarðað hlutfall milli orku og varma sem hlutfall milli raforku og notvarma, þegar fram fer samvinnsla raf- og varmaorku með minni getu, á grundvelli rekstrarlegra upplýsinga um hina tilteknu einingu,

e) Aðildarríkin geta miðað við önnur reikningsskilatímabil en eitt ár að því er varðar útreikninga samkvæmt a- og b-lið.

II. hluti:

Samvinnslutækni sem þessi tilskipun tekur til

a) Samvinnsla með gashverfli og varmaendurheimt

b) Mótþrýstigufuhverfill

c) Eimsvalagufuhverfill með gufuúttaki

d) Gashverfill með varmaendurheimt

e) Brunahreyfill

f) Örhverflar

g) Stirling-vélar

h) Efnarafalar

i) Gufuvélar

j) Rankine-hringrás (fyrir lífrænan drifmiðil)

k) Aðrar tæknilausnir, stakar eða samtvinnaðar öðrum, sem falla undir skilgreininguna í 30. mgr. 2. gr.

Við framkvæmd og beitingu almennu meginreglnanna um útreikninga á raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, skulu aðildarríki nota ítarlegar viðmiðunarreglur sem komið er á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/952/EB frá 19. nóvember 2008 um ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ([1]).

———

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 55.

II. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ AÐ ÁKVARÐA NÝTNI Í SAMVINNSLUFERLI RAF- OG VARMAORKU

Gildi, sem eru notuð til útreiknings á nýtni í samvinnslu raf- og varmaorku og orkusparnaði, skulu ákvörðuð á grundvelli væntanlegs eða raunverulegs rekstrar á einingunni við eðlileg notkunarskilyrði.

a) Samvinnsla með góða orkunýtni

Í þessari tilskipun skal samvinnsla með góða orkunýtni uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

– heildarsamvinnsla raf- og varmaorku frá einingum fyrir samvinnslu skal fela í sér sparnað frumorku, reiknuðum samkvæmt b-lið, sem er minnst 10% í samanburði við viðmiðanirnar fyrir aðskilda framleiðslu raforku og varma,

– framleiðsla í litlum einingum og öreiningum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem leiðir til sparnaðar frumorku, getur talist samvinnsla með góða orkunýtni.

b) Útreikningur á sparnaði frumorku

Þann sparnað frumorku, sem leiðir af heildarsamvinnslu raf- og varmaorku í samræmi við skilgreiningu I. viðauka, skal reikna út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PES = \left(1 - \frac{1}{\frac{CHP\ H\eta}{CHP\ E\eta} + \frac{}{Ref\ H\eta}} \right) x\ 100\ \%$$

þar sem:

PES er sparnaður frumorku.

CHP Hη er varmanýtni í heildarsamvinnslu raf- og varmaorku, skilgreind sem árleg framleiðsla notvarma, deilt með árlegri eldsneytisneyslu sem fer til framleiðslu summunnar af notvarmaframleiðslu og raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku.

Ref Hη er nýtniviðmiðun við aðskilda varmaframleiðslu.

CHP Eη er rafmagnsnýtni í heildarsamvinnslu raf- og varmaorku, skilgreind sem árlegt raforkumagn frá samvinnslu raf- og varmaorku, deilt með árlegri eldsneytisneyslu sem fer til framleiðslu summunnar af notvarmaframleiðslu og raforku frá samvinnslu. Ef eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku framkallar vélræna orku má auka árlega raforku frá samvinnslunni með viðbótarþætti sem stendur fyrir það magn raforku sem svarar til magns vélrænnar orku. Slíkur viðbótarþáttur veitir ekki rétt til að gefa út viðbótarábyrgðir í samræmi við 10. mgr. 14. gr.

Ref Hη er nýtniviðmiðun við aðskilda raforkuframleiðslu.

c) Útreikningur á orkusparnaði með öðrum útreikningi

Aðildarríkin geta reiknað út sparnað frumorku við framleiðslu varma og raforku og vélrænnar orku eins og tilgreint er hér á eftir, án þess að beita I. viðauka til að útiloka aðskilda framleiðslu varma og raforku innan sama vinnsluferlis. Slíka framleiðslu er hægt að líta á sem samvinnslu með góða orkunýtni, að því tilskildu að hún uppfylli nýtniviðmiðanir, sbr. a-lið þessa viðauka, og að heildarnýtni sé yfir 70% þegar um er að ræða einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með meiri getu en 25 MW. Vegna útgáfu upprunaábyrgðar og hagskýrslugerðar skal þó magn raforku frá slíkri samvinnslu raf- og varmaorku ákvarðað í samræmi við I. viðauka.

Ef sparnaður frumorku í tilteknu vinnsluferli er reiknaður út með annarri reikniregluaðferð eins og tilgreint er hér á undan skal reikna sparnaðinn með því að nota formúluna í b-lið þessa viðauka þar sem: „Hη“ komi í stað „CHP Hη“ og „Eη“ komi í stað „CHP Eη“, þar sem:

Hη er varmanýtni vinnsluferlis, skilgreind sem árleg varmaframleiðsla, deilt með þeirri eldsneytisneyslu sem þarf til að framleiða summuna af varmaframleiðslu og raforkuframleiðslu.

Hη er raforkunýtni vinnsluferlis, skilgreind sem árleg raforkuframleiðsla, deilt með þeirri eldsneytisneyslu sem þarf til að framleiða summuna af varmaframleiðslu og raforkuframleiðslu. Ef eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku framkallar vélræna orku má auka árlega raforku frá samvinnslunni með viðbótarþætti sem stendur fyrir það magn raforku sem svarar til magns vélrænnar orku. Slíkur viðbótarþáttur veitir ekki rétt til að gefa út viðbótarábyrgðir í samræmi við 10. mgr. 14. gr.

d) Aðildarríkin geta miðað við önnur reikningsskilatímabil en eitt ár að því er varðar útreikninga samkvæmt b- og c-lið þessa viðauka.

e) Að því er varðar öreiningar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku getur útreikningur á sparnaði frumorku byggst á staðfestum gögnum.

f) Nýtniviðmiðun við aðskilda varma- og raforkuframleiðslu

Samræmdar nýtniviðmiðanir skulu samanstanda af uppistöðugildum, sem eru aðgreind af viðkomandi þáttum, þ.m.t. byggingarár og tegund eldsneytis, og grundvallast á vel skjalfestri greiningu þar sem m.a. er tekið tillit til upplýsinga um rekstur við raunhæfar aðstæður, eldsneytissamsetningar og veðurfarsþátta auk hagnýtrar samvinnslutækni raf- og varmaorku.

Í nýtniviðmiðunum við aðskilda framleiðslu varma og raforku í samræmi við formúlu b-liðar, skal fastsetja rekstrarhagkvæmni aðskilinnar varma- og raforkuframleiðslu sem samvinnslu raf- og varmaorku er ætlað að leysa af hólmi.

Reikna skal nýtniviðmiðanir samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

1. Að því er varðar einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, skal samanburður við aðskilda raforkuframleiðslu byggjast á þeirri meginreglu að sömu flokkar eldsneytis séu bornir saman.

2. Hver eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal borin saman við bestu tiltæku og fjárhagslega hagkvæmu tækni við aðskilda framleiðslu varma og raforku á markaðnum á byggingarári einingarinnar fyrir samvinnsluna.

3. Nýtniviðmiðanir fyrir einingar fyrir samvinnslu sem eru eldri en tíu ára skulu tilteknar sem viðmiðanir fyrir einingar sem eru tíu ára gamlar.

4. Nýtniviðmiðarnir fyrir aðskilda raforku- og varmaframleiðslu skulu endurspegla mismunandi loftslag í aðildarríkjunum.

———

III. VIÐAUKI

KRÖFUR UM ORKUNÝTNI VIÐ KAUP RÍKISSTJÓRNAR Á VÖRUM, ÞJÓNUSTU OG BYGGINGUM

Ríkisstjórnir sem kaupa vörur, þjónustu eða byggingar, að svo miklu leyti sem það samræmist kostnaðarhagkvæmni, efnahagslegri hagkvæmni, almennri sjálfbærni, tæknilegu hæfi og viðunandi samkeppni, skulu:

a) ef vara fellur undir framselda gerð sem samþykkt er samkvæmt tilskipun 2010/30/ESB eða tengdri framkvæmdar-tilskipun framkvæmdastjórnarinnar, aðeins kaupa vörur sem eru í samræmi við viðmiðanirnar um að tilheyra hæsta mögulega orkunýtniflokki í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja nægilega samkeppni,

b) ef vara sem fellur ekki undir a-lið fellur undir framkvæmdarráðstöfun samkvæmt tilskipun 2009/125/EB sem samþykkt er eftir gildistöku þessarar tilskipunar, aðeins kaupa vörur sem eru í samræmi við viðmiðanir um orkunýtni sem tilgreindar eru í þeirri framkvæmdarráðstöfun,

c) kaupa skrifstofubúnað sem fellur undir ákvörðun ráðsins 2006/1005/EB frá 18. desember 2006 um gerð samnings milli ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku og Evrópubandalagsins um samhæfingu áætlana um orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði [1] sem er í samræmi við kröfur um orkunýtni sem eru ekki síður krefjandi en þær sem eru taldar upp í viðauka C við samkomulagið sem fylgir þeirri ákvörðun,

d) aðeins kaupa hjólbarða sem eru í samræmi við viðmiðanirnar um að vera í hæsta orkunýtniflokki eldsneytis, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir [2]. Þessi krafa skal ekki koma í veg fyrir að opinberir aðilar kaupi hjólbarða í hæsta flokki veggrips á blautum vegi eða flokki ytri snúningshávaða ef það er rökstutt með öryggis- eða lýðheilsuástæðum,

e) krefjast þess í útboðum fyrir þjónustusamninga að þjónustuveitandi noti, í þeim tilgangi að veita viðkomandi þjónustu, aðeins vörur sem eru í samræmi við kröfurnar sem um er að ræða í a- til d-lið, þegar viðkomandi þjónusta er veitt. Þessi krafa skal aðeins gilda um nýjar vörur sem þjónustuveitandi kaupir að hluta til eða eingöngu í þeim tilgangi að veita viðkomandi þjónustu,

f) aðeins kaupa, eða gera nýja leigusamninga um, byggingar sem eru í það minnsta í samræmi við lágmarkskröfur um orkunýtingu sem um getur í 1. mgr. 5. gr., nema tilgangur kaupanna sé:

   i. að ráðast í heildarendurnýjun eða niðurrif,

   ii. ef um er að ræða opinbera aðila, að endurselja bygginguna án þess að nota hana í þágu opinbera aðilans sjálfs eða

   iii. að varðveita hana sem byggingu sem nýtur opinberrar verndar sem hluti af tilgreindu umhverfi eða vegna sérstaks byggingarlistarlegs eða sögulegs gildis.

Staðfesta skal að farið sé að þessum kröfum með orkunýtingarvottorði sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

———

[1] Stjtíð. ESB L 381, 28.12.2006, bls. 24.

[2] Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46.

IV. VIÐAUKI

ORKUINNIHALD VALINS ELDSNEYTIS TIL ENDANLEGRAR NOTKUNAR— UMREIKNINGSTAFLA (1)

Orkuvara	kílójúl (nettóvarmagildi)	kíló olíuígilda (nettóvarmagildi)	kílóvattstund (nettóvarmagildi)
1 kg koks	28500	0,676	7,917
1 kg harðkol	17200 – 30700	0,411 — 0,733	4,778 — 8,528
1 kg brún, köggluð kol	20000	0,478	5,556
1 kg svört brúnkol	10500 — 21000	0,251 — 0,502	2,917 — 5,833
1 kg brúnkol	5600 — 10500	0,134 — 0,251	1,556 — 2,917
1 kg olíuleirsteinn	8000 — 9000	0,191 — 0,215	2,222 — 2,500
1 kg mór	7800 — 13800	0,186 — 0,330	2,167 — 3,833
1 kg mókögglar	16000 — 16800	0,382 — 0,401	4,444 — 4,667
1 kg eldsneytisolíuleif (svartolía)	40000	0,955	11,111
1 kg létt brennsluolía	42300	1,010	11,750
1 kg bensín	44000	1,051	12,222
1 kg paraffín	40000	0,955	11,111
1 kg fljótandi jarðolíugas	46000	1,099	12,778
1 kg jarðgas (1)	47200	1,126	13,10
1 kg fljótandi jarðgas	45190	1,079	12,553
1 kg viður (25% raki) (2)	13800	0,330	3,833
1 kg kögglar/viðarkubbar	16800	0,401	4,667
1 kg úrgangur	7400 — 10700	0,177 — 0,256	2,056 — 2,972
1 MJ afleiddur hiti	1000	0,024	0,278
1 kílóvattstund raforka	3600	0,086	1 (3)

Heimild: Hagstofa Evrópubandalaganna.

(1) 93% metan.

(2) Aðildarríki geta notað önnur gildi, eftir því hvaða viðartegund er mest notuð í aðildarríkinu sem um ræðir.

(3) Á við þegar orkusparnaður er reiknaður út frá frumorku með grasrótaraðferð sem byggð er á endanlegri orkunotkun. Fyrir sparnað í kílóvattstundum af raforku mega aðildarríki nota sjálfgefinn stuðul sem er 2,5. Aðildarríki geta notað annan stuðul ef þau geta fært rök fyrir honum.

(1) Aðildarríki geta notað aðra breytistuðla ef þeir eru réttlætanlegir.

V. VIÐAUKI

Almennar aðferðir og meginreglur fyrir útreikninga á áhrifum áætlana um skuldbindingar um orkunýtni eða annarra stefnuúrræða skv. 1., 2. og 9. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 20. gr.

1. Aðferðir við útreikninga á orkusparnaði að því er varðar 1. og 2. mgr. 7. gr. og b-, c-, d-, e- og f-lið annarrar undirgreinar 9. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 20. gr.

Skuldbundnir aðilar, þátttökuaðilar eða umsjónaraðilar, eða opinber framkvæmdaryfirvöld geta notað eina eða fleiri af eftirtöldum aðferðum við útreikninga á orkusparnaði:

a) áætlaður sparnaður, með vísun til niðurstaðna fyrri óháðs eftirlits með orkuúrbótum í svipuðum orkuverum. Heiti almennu nálgunarinnar er „fyrirfram“,

b) mældur sparnaður, þar sem sparnaður af uppsetningu ráðstöfunar eða pakka ráðstafana er ákvarðaður með því að skrá raunverulega lækkun á orkunotkun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þátta eins og viðbótargilda, íbúafjölda, framleiðslustigs og veðurs sem geta haft áhrif á notkun. Heiti almennu nálgunarinnar er „eftirá“,

c) kvarðaður sparnaður, þar sem verkfræðilegt mat á sparnaði er notað. Þessa nálgun má aðeins nota ef það er erfitt eða óhóflega dýrt að fastsetja traust mæld gögn um tiltekna uppsetningu, t.d. þegar skipt er um þjöppu eða rafmagnshreyfil með önnur málgildi í kílóvattstundum en þau sem óháðar upplýsingar um sparnað hafa verið mældar fyrir, eða ef þær hafa verið gerðar á grundvelli landsbundinna aðferða og viðmiðana af sérfræðingum sem eru óháðir viðkomandi skuldbundnum aðilum, þátttökuaðilum eða umsjónaraðilum,

d) kannaður sparnaður, þar sem komist er að viðbrögðum neytenda við ráðleggingum, upplýsingaherferðum, merkingum eða vottunarkerfum, eða skynvæddum mælikerfum. Þessa nálgun má aðeins nota fyrir sparnað sem leiðir af breytingum á hegðun neytenda. Það má ekki nota hana fyrir sparnað sem leiðir af uppsetningu efnislegra ráðstafana.

2. Við ákvörðun orkusparnaðar vegna orkunýtniráðstöfunar að því er varðar 1. og 2. mgr. 7. gr. og b-, c-, d-, e- og f-lið annarrar undirgreinar 9. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 20. gr., skulu eftirtaldar meginreglur gilda:

a) aðeins má færa til sparnaðar það sem fer yfir eftirfarandi mörk:

i. staðla Sambandsins um mengunarvarnagetu nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja í kjölfar framkvæmdar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]) annars vegar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([2]) hins vegar,

ii. kröfur Sambandsins að því er varðar að taka af markaði tilteknar orkutengdar vörur í kjölfar framkvæmdar á framkvæmdarráðstöfunum samkvæmt tilskipun 2009/125/EB og

b) til að taka tillit til breytileika í loftslagi á milli svæða, geta aðildarríki valið að jafna sparnaðinn við staðlað gildi eða veita mismunandi orkusparnað í samræmi við breytileika hitastigs á milli svæða,

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

c) hægt skal vera að sýna fram á mikilvægi starfsemi skuldbundinna aðila, þátttökuaðila eða umsjónaraðila til að ná fram sparnaðinum sem lýst er yfir,

d) fleiri en einn aðili geta ekki lýst yfir sparnaði af einstakri aðgerð,

e) útreikningar á orkusparnaði skulu taka tillit til hversu lengi sparnaðurinn varir. Þetta má gera með því að telja sparnaðinn sem næst með hverri einstakri aðgerð frá framkvæmdardagsetningu hennar til 31. desember 2020. Að öðrum kosti geta aðildarríki samþykkt aðra aðferð sem talið er að nái í það minnsta sama heildarmagni sparnaðar. Þegar aðrar aðferðir eru notaðar skulu aðildarríki tryggja að heildarmagn orkusparnaðar sem reiknaður er með öðrum aðferðum sé ekki meira en það magn orkusparnaðar sem hefði verið niðurstaða útreikninganna þegar talinn er sparnaður sem næst af hverri einstakri aðgerð frá framkvæmdardagsetningu hennar til 31. desember 2020. Aðildarríki skulu lýsa í smáatriðum í fyrstu landsbundnu aðgerðaáætluninni um orkunýtni skv. XIV. viðauka þessarar tilskipunar, hvaða aðrar aðferðir þau hafa notað og hvaða ákvæði hafa verið sett til að tryggja þessar bindandi kröfur um útreikninga og

f) aðgerðir skuldbundinna aðila, þátttökuaðila eða umsjónaraðila, annaðhvort hvers fyrir sig eða saman, sem miða að því að leiða af sér varanlega umbreytingu á vörum, búnaði eða mörkuðum í átt að aukinni orkunýtni eru leyfðar og

g) þegar aðildarríki stuðla að upptöku ráðstafana um orkunýtni skulu þau tryggja að gæðastöðlum fyrir vörur, þjónustu og uppsetningu ráðstafana sé viðhaldið. Ef slíkir staðlar eru ekki til staðar skulu aðildarríki vinna með skuldbundnum aðilum, þátttökuaðilum eða umsjónaraðilum að því að innleiða þá.

3. Við ákvörðun orkusparnaðar vegna stefnuúrræða sem beitt er samkvæmt a-lið annarar undirgreinar 9. mgr. 7. gr., skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a) aðeins skal telja orkusparnað af skattaráðstöfunum sem ganga lengra en lægsta skattlagning sem á við um eldsneyti eins og krafist er í tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku ([3]) eða í tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið ([4]),

b) nýleg og lýsandi gögn um verðteygni skulu notuð við útreikninga á áhrifunum og

c) orkusparnaður vegna meðfylgjandi skattalegra stjórntækja, þ.m.t. skattaívilnana eða greiðsla í sjóð, skal talinn sérstaklega.

4. Tilkynningar um aðferðafræði

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 5. desember 2013, um ítarlega aðferðafræði fyrir starfrækslu áætlana um skuldbindingar um orkunýtni og að því er varðar 9. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 20. gr. Nema um sé að ræða skatta skulu slíkar tilkynningar innihalda upplýsingar um:

a) skuldbundna aðila, þátttökuaðila eða umsjónaraðila, eða opinber framkvæmdaryfirvöld,

b) markgeira,

c) markmið orkusparnaðar eða væntanlegan sparnað sem á að nást á öllu tímabilinu og millitímabilum,

d) lengd skuldbindingartímabilsins og millitímabilanna,

([3]) Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51.

([4]) Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1.

e) ráðstafanaflokka sem uppfylla viðeigandi skilyrði,

f) reikniaðferðir, þ.m.t. hvernig ákvarða skuli viðbótargildi og mikilvægi og hvaða aðferðafræði og viðmiðanir skuli nota fyrir verkfræðilegt mat,

g) endingartíma ráðstafana,

h) aðferðir við að fást við breytileika í loftslagi innan aðildarríkisins,

i) gæðastaðla,

j) aðferðarlýsingar fyrir eftirlit og sannprófun og hvernig sjálfstæði þeirra frá skuldbundnum aðilum, þátttöku-aðilum eða umsjónaraðilum er tryggt,

k) aðferðarlýsingu fyrir úttektir og

l) hvernig tekið er tillit til þarfarinnar fyrir að uppfylla kröfurnar í annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr.

Ef um er að ræða skatta skal tilkynningin innihalda upplýsingar um:

a) markgeira og hóp skattgreiðenda,

b) opinbert framkvæmdaryfirvald,

c) væntanlegan sparnað sem skal ná,

d) tímalengd skattlagningarráðstafana og millitímabila og

e) reikniaðferðir, þ.m.t. hvaða verðteygni er notuð.

———

VI. VIÐAUKI

Lágmarksviðmiðanir fyrir orkuúttektir, þ.m.t. þær sem gerðar eru sem hluti af orkustjórnunarkerfum

Orkuúttektir, sem um getur í 8. grein, skulu byggjast á eftirfarandi viðmiðunarreglum:

a) vera byggðar á nýjum, mældum, rekjanlegum rekstrargögnum um orkunotkun og (fyrir raforku) álagslýsingum,

b) fela í sér ítarlega endurskoðun á orkunotkunarlýsingu bygginga eða hóps bygginga, iðnaðarstarfsemi eða iðjuvera, þ.m.t. flutninga,

c) byggja, hvenær sem það er mögulegt, á greiningu kostnaðar á öllum vistferlinum í stað einfaldra endurgreiðslutímabila í því skyni að hafa hliðsjón af langtímasparnaði, hrakvirði langtímafjárfestinga og afvöxtunarstuðlum,

d) vera hóflegar og nægilega lýsandi til að unnt sé að fá fram áreiðanlega mynd af heildarorkunýtingu og áreiðanlega greiningu á stærstu tækifærunum fyrir endurbætur.

Orkuúttektir skulu gera ítarlega og fullgilta útreikninga á fyrirhuguðum ráðstöfunum mögulega til þess að veita skýrar upplýsingar um mögulegan sparnað.

Unnt skal vera að geyma gögn sem notuð eru í orkuúttektum til samanburðargreiningar og til að rekja árangur.

———

VII. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur fyrir reikningagerð og upplýsingar um reikningagerð sem byggjast á raunverulegri notkun

1. Lágmarkskröfur fyrir reikningagerð:

1.1. Reikningagerð sem byggð er á raunverulegri notkun

Í því skyni að gera kaupendum kleift að stjórna eigin orkunotkun skal reikningagerð fara fram á grundvelli raunverulegrar notkunar minnst einu sinni á ári og upplýsingar um gerð reikninga skulu gerðar tiltækar minnst ársfjórðungslega, samkvæmt beiðni eða ef neytendur hafa valið að fá rafræna reikningsútskrift, annars tvisvar á ári. Veita má undanþágu fyrir gas sem eingöngu er notað við eldun frá þessari kröfu.

1.2. Lágmarksupplýsingar sem koma fram á reikningnum

Aðildarríkin skulu tryggja að kaupendur fái eftirfarandi upplýsingar á skýran og skiljanlegan hátt á eða meðfylgjandi reikningum sínum, samningum, færslum og kvittunum á dreifingarstöðvum:

a) núverandi raunverð og raunorkunotkun,

b) samanburð á núverandi orkunotkun kaupandans og notkun á sama tímabili á undangengnu ári, helst í myndrænni framsetningu,

c) upplýsingar um hvernig hafa má samband við neytendasamtök, orkumálastofnanir eða svipaða aðila, þ.m.t. vefföng, þar sem nálgast má upplýsingar um tiltækar ráðstafanir til umbóta í orkunýtni, samanburðarlýsingar á endanlegum notendum og hlutlægar tækniforskriftir fyrir búnað sem notar orku.

Að auki, hvenær sem það er mögulegt og gagnlegt, skulu aðildarríki tryggja að kaupendur fái samanburð við staðlaðan meðalorkukaupanda eða viðmiðunarkaupanda í sama notendaflokki, með skýrum og skiljanlegum hætti, á, meðfylgjandi, eða með tilvísun á reikningum sínum, samningum, færslum og kvittunum á dreifingarstöðvum.

1.3. Ráðgjöf um orkunýtni sem fylgir með reikningum og önnur endurgjöf til kaupenda

Þegar samningar og breytingar á samningum eru sendar, og á reikningum sem viðskiptavinir fá eða á vefsetrum sem beint er til einstakra viðskiptavina, skulu orkudreifingaraðilar, dreifikerfisstjórar og/eða orkusmásölufyrirtæki upplýsa viðskiptavini sína með skýrum og skiljanlegum hætti um tengiliðaupplýsingar óháðra ráðgjafarstofa fyrir neytendur, orkumálastofnana eða svipaðra stofnana, þ.m.t. vefföng þeirra, þar sem þeir geta fengið ráðgjöf um tiltækar ráðstafanir um orkunýtni, viðmiðunarsnið fyrir orkunotkun þeirra og tækniforskriftir fyrir tæki sem nota orku sem geta orðið til þess að draga úr orkunotkun þessara tækja.

———

VIII. VIÐAUKI

Möguleikar á orkunýtni í hitun og kælingu

1. Heildstæða matið á landsbundnum möguleikum fyrir hitun og kælingu sem um getur í 1. mgr. 14. gr. skal innihalda:

a) lýsingu á eftirspurn eftir hitun og kælingu,

b) spá um hvernig þessi eftirspurn muni breytast á næstu 10 árum, einkum með tilliti til þróunar eftirspurnar í byggingum og í mismunandi iðnaðargeirum,

c) kort yfir landsbundið yfirráðasvæði, sem auðkennir, en verndar um leið jafnframt viðkvæmar viðskipta-upplýsingar:

i. eftirspurnarstaði fyrir hitun og kælingu, þ.m.t.:

– sveitarfélög og þéttbýlissvæði með lóðarhlutfall sem er minnst 0,3 og

– iðnaðarsvæði með árlega heildarnotkun hitunar og kælingar sem er meiri en 20 GWh,

ii. fyrirliggjandi og áætluð grunnvirki fyrir fjarhitun- og kælingu,

iii. mögulega afhendingarstaði fyrir hitun og kælingu, þ.m.t.:

– raforkuver með árlega heildarframleiðslu á raforku sem er meiri en 20 GWh og

– sorpbrennslustöðvar,

– fyrirliggjandi og áætluð orkuver fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem nota tækni sem um getur í II. hluta I. viðauka og orkuver fyrir fjarhitun,

d) greiningu á eftirspurn eftir hitun og kælingu sem unnt væri að fullnægja með samvinnslu með góða orkunýtni, þ.m.t. með öreiningum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku á heimilum og með fjarhitun og -kælingu,

e) greiningu á möguleikum á viðbótarsamvinnslu með góða orkunýtni, þ.m.t. með endurnýjun á fyrirliggjandi, og byggingu nýrra, framleiðslustöðva og iðjuvera eða annarra virkjana sem mynda frávarma,

f) greiningu á möguleikum á orkunýtni í grunnvirkjum fyrir fjarhitun og kælingu,

g) áætlanir, stefnur og ráðstafanir sem hægt er að samþykkja til ársins 2020 og allt til 2030 til að gera möguleikana í e-lið að veruleika í því skyni að uppfylla eftirspurnina í d-lið, þ.m.t., eftir því sem við á, tillögur um að:

i. auka hlutdeild samvinnslu raf- og varmaorku við framleiðslu á hitun og kælingu og í raforkuframleiðslu,

ii. þróa skilvirk grunnvirki fyrir fjarhitun og -kælingu til að mæta þróun samvinnslu með góða orkunýtni og notkun hitunar og kælingar frá frávarma og endurnýjanlegum orkugjöfum,

iii. hvetja til þess að nýjar varmaraforkuvinnslustöðvar og iðjuver sem framleiða frávarma séu staðsett á stöðum þar sem hámarksmagn tiltæks frávarma verði endurheimt til að uppfylla fyrirliggjandi eftirspurn eða eftirspurn sem spáð er eftir hitun og kælingu,

iv. hvetja til þess að ný íbúðarsvæði eða ný iðjuver sem nota varma í framleiðsluferli sínu séu staðsett þar sem tiltækur frávarmi, eins og hann er auðkenndur í heildstæða matinu, geti nýst við að uppfylla eftirspurn þeirra eftir hitun og kælingu. Þetta getur falið í sér tillögur sem styðja við myndun klasa nokkurra einstakra orkuvera á sama stað í því skyni að tryggja bestu mögulegu samsvörun eftirspurnar og framboðs á hitun og kælingu,

v. hvetja til þess að varmaraforkuvinnslustöðvar, iðjuver sem framleiða frávarma, sorpbrennslustöðvar og önnur sorporkuver séu tengd við staðbundin fjarhitunar- og -kælingarkerfi,

vi. hvetja til þess að íbúðarsvæði og iðjuver sem nota hita í framleiðsluferli sínu séu tengd við staðbundin fjarhitunar- eða -kælingarkerfi,

h) hlutdeild samvinnslu með góða orkunýtni og möguleika sem skapaðir hafa verið og árangur sem náðst hefur samkvæmt tilskipun 2004/8/EB,

i) mat á væntanlegum frumorkusparnaði,

j) mat á opinberum stuðningsráðstöfunum fyrir hitun og kælingu, ef einhverjar eru, með árlegri fjárhagsáætlun og greiningu á hugsanlegum aðstoðarþáttum. Þetta hefur ekki áhrif á aðskildar tilkynningar um opinber stuðningskerfi fyrir mat á ríkisaðstoð.

2. Að því marki sem það á við, getur heildstæða matið verið búið til með samsetningu svæðisbundins eða staðbundins skipulags og áætlana.

———

IX. VIÐAUKI

KOSTNAÐAR- OG ÁBATAGREINING

1. hluti

Almennar meginreglur um kostnaðar- og ábatagreiningu

Tilgangur þess að gera kostnaðar- og ábatagreiningu í tengslum við ráðstafanir til að stuðla að orkunýtni við hitun og kælingu eins og um getur í 3. mgr. 14. gr. er að skapa ákvarðanagrundvöll fyrir viðurkennda forgangsröðun takmarkaðra tilfanga í samfélaginu.

Kostnaðar- og ábatagreiningin getur annað hvort náð yfir mat á verkefni eða flokki verkefna fyrir víðtækara staðbundið, svæðisbundið eða landsbundið mat í því skyni að komast að kostnaðarhagkvæmasta og hagstæðasta valkostinum fyrir hitun eða kælingu á tilteknu landsvæði að því er varðar áætlanagerð fyrir hitun.

Kostnaðar- og ábatagreining að því er varðar 3. mgr. 14. gr. skal innihalda efnahagslega greiningu sem nær yfir félagslega og hagræna og umhverfislega þætti.

Kostnaðar- og ábatagreiningin skal innihalda eftirtalin þrep og atriði:

a) Koma á kerfismörkum og landfræðilegum mörkum

Umfang kostnaðar- og ábatagreiningarinnar sem um er að ræða ákvarðar viðkomandi orkukerfi. Landfræðileg mörk skulu ná yfir nægjanlega vel skilgreind landsvæði, t.d. tiltekið svæði eða stórborgarsvæði, til að forðast að velja lausnir sem eru lakari en ákjósanlegt væri hvað varðar hvert verkefni fyrir sig.

b) Samþætt stefna um eftirspurnar- og framboðsvalkosti

Kostnaðar- og ábatagreining skal taka tillit til allra viðkomandi framboðstilfanga sem tiltæk eru innan kerfismarka og landfræðilegra marka með því að nota tiltæk gögn, þ.m.t. frávarma frá raforkuframleiðslu og iðjuverum og endurnýjanlegrar orku, og einkenna og horfa í eftirspurn eftir hitun og kælingu.

c) Ákvörðun grunnviðmiðunar

Tilgangur grunnviðmiðunar er að vera viðmiðunarpunktur sem aðrar sviðsmyndir eru metnar út frá.

d) Auðkenning annarra sviðsmynda

Allir viðkomandi valkostir við grunnviðmiðun skulu teknir til athugunar. Útiloka má sviðsmyndir sem ekki eru mögulegar vegna tæknilegra orsaka, fjárhagslegra orsaka, landsbundinna reglna eða tímatakmarkana snemma í kostnaðar- og ábatagreiningunni ef það er rökstutt á grundvelli grundaðra, skýrra og vel skjalfestra sjónarmiða.

Aðeins skal taka tillit til samvinnslu með góða orkunýtni, skilvirkrar fjarhitunar og -kælingar eða skilvirkra framboðskosta fyrir sértæka hitun og kælingu í kostnaðar- og ábatagreiningunni sem mögulegra annarra sviðsmynda í samanburði við grunnviðmiðunina.

e) Aðferð við útreikninga á ábata umfram kostnað

i. Langtímaheildarkostnað og -ábata af valkostum fyrir afhendingu hitunar og kælingar skal meta og bera saman.

ii. Viðmiðun fyrir matið skal vera hreint núvirði.

iii. Tímaramminn skal valinn þannig að allur viðkomandi kostnaður og ábati sviðsmyndanna sé með talinn. Þannig gæti viðeigandi tímarammi fyrir gaskynt orkuver verið 25 ár, fyrir fjarhitunarkerfi 30 ár eða fyrir hitunarbúnað eins og katla 20 ár.

f) Útreikningar og spár um verð og aðrar forsendur efnahagslegrar greiningar

i. Aðildarríki skulu kveða á um forsendur að því er varðar kostnaðar- og ábatagreiningu, um verð á helstu ílags- og úttaksþáttum og afvöxtunarstuðulinn.

ii. Afvöxtunarstuðullinn sem notaður er í efnahagslegri greiningu við útreikninga á hreinu núvirði skal valinn samkvæmt evrópskum eða landsbundnum viðmiðunarreglum ([1]).

iii. Aðildarríki skulu nota landsbundnar, evrópskar eða alþjóðlegar spár um þróun orkuverðs ef við á í landsbundnu og/eða svæðisbundnu/staðbundnu samhengi.

iv. Verðlag sem notað er í efnahagslegri greiningu skal endurspegla raunverulegan félagslegan og hagrænan kostnað og ábata og skal innihalda ytri kostnað, eins og áhrif á umhverfi og heilbrigði, að því marki sem það er mögulegt, þ.e. þegar markaðsverð er til staðar eða þegar það er þegar innifalið í evrópskum eða landsbundnum reglugerðum.

g) Efnahagsleg greining: Skrá áhrifa

Efnahagslega greiningin skal taka tillit til allra viðkomandi efnahagslegra áhrifa.

Aðildarríki mega við ákvarðanatöku meta og taka tillit til kostnaðar og orkusparnaðar vegna aukins sveigjanleika í afhendingu orku og bættrar starfrækslu raforkuneta, þ.m.t. kostnaðar sem komist er hjá og sparnaðar af minnkuðum fjárfestingum í grunnvirkjum, í sviðsmyndum greiningarinnar.

Kostnaður og ábati sem tekið er tillit til skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

i. Ábati

– Virði framleiðslunnar fyrir neytandann (hiti og rafmagn)

– Ytri ábati eins og umhverfislegur og heilsufarslegur ábati, að því marki sem það er mögulegt

ii. Kostnaður

– Fjármagnskostnaður vera og búnaðar

– Fjármagnskostnaður tengdra orkuneta

– Breytilegur og fastur rekstrarkostnaður

– Orkukostnaður

– Umhverfislegur og heilsufarslegur kostnaður, að því marki sem það er mögulegt

h) Næmisgreining:

Næmisgreining skal innifalin til að meta kostnað og ábata verkefnis eða flokks verkefna á grundvelli mismunandi orkuverðs, afvöxtunarstuðla og annarra breytilegra þátta sem hafa umtalsverð áhrif á niðurstöðu útreikninganna.

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd kostnaðar- og ábatagreiningar skv. 14. gr. Aðildarríki geta krafið lögbær staðbundin, svæðisbundin og landsbundin yfirvöld eða rekstraraðila einstakra orkuvera um að framkvæma efnahagslega og fjárhagslega greiningu. Þau skulu kveða á um ítarlega aðferðafræði og forsendur í samræmi við þennan viðauka og koma á og birta málsmeðferðarreglur fyrir efnahagslega greiningu opinberlega.

2. hluti

Meginreglur að því er varðar 5. og 7. mgr. 14. gr.

Kostnaðar- og ábatagreiningin skal veita upplýsingar að því er varðar ráðstafanirnar í 5. og 7. mgr. 14. gr.:

Ef orkuver sem framleiðir aðeins rafmagn eða orkuver án varmaendurheimtar er fyrirhugað, skal gera samanburð á milli fyrirhuguðu orkuveranna eða fyrirhugaðrar endurnýjunar og sambærilegs orkuvers sem framleiðir sama magn raforku eða vinnsluvarma en sem endurheimtir frávarmann og veitir hita með samvinnslu með góða orkunýtni og/eða fjarhitunar- og kælingarkerfum.

Innan tiltekinna landfræðilegra marka skal matið taka tillit til fyrirhugaðs orkuvers og viðeigandi fyrirliggjandi eða hugsanlegra eftirspurnarstaða fyrir hitun sem það gæti þjónustað, með tilliti til skynsamlegra möguleika (t.d. hvort það er tæknilega framkvæmanlegt og fjarlægðar).

([1]) Landsbundni afvöxtunarstuðullinn sem valinn er að því er varðar efnahagslega greiningu skal taka tillit til gagna sem veitt eru af Seðlabanka Evrópu.

Kerfismörkin skulu valin þannig að þau innihaldi fyrirhugað orkuver og hitunarálag, eins og byggingar og iðnaðarferli. Innan þessara kerfismarka skal ákvarða og bera saman kostnað við að veita hita og orku í báðum tilvikum.

Hitunarálag skal innihalda fyrirliggjandi hitunarálag, eins og iðjuver eða fyrirliggjandi fjarhitunarkerfi, og einnig, á þéttbýlissvæðum, hitunarálagið og kostnaðinn sem væri til staðar ef hópur bygginga eða borgarhluti fengi og/eða væri tengdur við nýtt fjarhitunarkerfi.

Kostnaðar- og ábatagreiningin skal byggð á lýsingu á fyrirhuguðu orkuveri og samanburðarorkuverinu, ná yfir rafmagns- og varmaafköst, eftir því sem við á, tegund eldsneytis, fyrirhugaða notkun og fjölda fyrirhugaðra starfrækslustunda á ári, staðsetningu og eftirspurn eftir raforku og varma.

Að því er varðar samanburðinn skal taka tillit til eftirspurnar eftir varmaorku og tegunda hitunar og kælingar sem notaðar eru á nálægum stöðum þar sem eftirspurn er eftir hitun. Samanburðurinn skal ná yfir kostnað í tengslum við grunnvirki vegna fyrirhugaðs orkuvers og samanburðarorkuvers.

Kostnaðar- og ábatagreining að því er varðar 5. mgr. 14. gr. skal innihalda efnahagslega greiningu sem nær yfir fjárhagslega greiningu sem endurspeglar raunverulegar sjóðstreymisfærslur vegna fjárfestingar í, og reksturs á, einstökum orkuverum.

Verkefni með jákvæða kostnaðar- og ábataniðurstöðu eru þau þar sem samtala afvaxtaðs ábata í efnahagslegri og fjárhagslegri greiningu er hærri en samtala afvaxtaðs kostnaðar (ábati umfram kostnað).

Aðildarríki skulu setja leiðbeinandi meginreglur um aðferðafræði, forsendur og tímaramma efnahagslegrar greiningar.

Aðildarríki geta krafist þess að fyrirtæki sem bera ábyrgð á starfrækslu varmaraforkuvinnslustöðva, iðnaðarfyrirtækja, fjarhitunar og -kælingarkerfa eða aðrir aðilar sem verða fyrir áhrifum af skilgreindum kerfismörkum og landfræðilegum mörkum leggi fram gögn til notkunar við mat á kostnaði og ábata af einstöku orkuveri.

———

X. VIÐAUKI

Upprunaábyrgð á raforku sem unnin er með samvinnslu með góða orkunýtni

a) Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að:

i. upprunaábyrgð á raforku sem unnin er með samvinnslu með góða orkunýtni:

– geri framleiðendum kleift að sýna fram á að raforkan, sem þeir selja, sé framleidd með samvinnslu með góða orkunýtni og að hún sé gefin út í því skyni að beiðni framleiðanda,

– sé nákvæm, áreiðanleg og varin gegn svikum,

– sé gefin út, framseld og afturkölluð með rafrænum hætti,

ii. hver orkueining frá samvinnslu með góða orkunýtni sé aðeins tekin einu sinni með í útreikningum.

b) Í upprunaábyrgð, sem um getur í 10. mgr. 14. gr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

i. nafn, staðsetning, gerð og framleiðslugeta (varma og raforku) orkuversins þar sem orkan var framleidd,

ii. framleiðsludagsetningar og -staðir,

iii. lægra varmagildi eldsneytisgjafans sem raforkan er framleidd með,

iv. magn og notkun varmans sem verður til um leið og raforkan,

v. magn raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni í samræmi við II. viðauka sem ábyrgðin tekur til,

vi. tilgreindur frumorkusparnaður, sem er reiknaður út í samræmi við II. viðauka á grundvelli samræmdu nýtniviðmiðunarinnar sem tilgreind er í f-lið II. viðauka,

vii. nafngildi raf- og varmanýtni versins,

viii. hvort og að hversu miklu leyti orkuverið hefur notið góðs af stuðningi til fjárfestinga,

ix. hvort og að hversu miklu leyti orkueiningin hefur notið góðs af stuðningi frá landsbundnu stuðningskerfi, sem og tegund stuðningskerfisins,

x. dagsetningin sem orkuverið hóf starfrækslu og

xi. útgáfuland og dagsetning og sérstakt kenninúmer.

Staðalstærð upprunaábyrgðar skal vera 1 MWh. Hún skal miðuð við nettóraforkuframleiðslu sem mæld er við mörk orkuversins og flutt er út í dreifikerfið.

XI. VIÐAUKI

Orkunýtniviðmiðanir fyrir stjórnun og gjaldskrár raforkuneta

1. Gjaldskrár raforkuneta skulu vera kostnaðartengdar kostnaðarsparnaði í netkerfum sem næst með eftir spurnarhliðar- og eftirspurnarsvörunarráðstöfunum og með dreifðri framleiðslu, þ.m.t. sparnaður vegna minni kostnaðar við afhendingu eða fjárfestingu í netkerfum og betri starfrækslu netkerfis.

2. Stjórnun og gjaldskrár raforkuneta skulu ekki hindra rekstraraðila netkerfis eða orkusmásala í því að gera kerfisþjónustu tiltæka fyrir eftirspurnarviðbragðsráðstafanir, eftirspurnarstjórnun og dreifða framleiðslu á skipulögðum raforkumörkuðum, einkum:

   a) tilfærslu álags frá álagstímum til tíma með litlu álagi með því að kaupendur taki tillit til tiltækileika endurnýjanlegrar orku, orku frá samvinnslu raf- og varmaorku og dreifðrar framleiðslu,

   b) orkusparnað vegna eftirspurnarviðbragðs dreifðra neytenda hjá orkusafnara,

   c) minnkun eftirspurnar vegna ráðstafana um orkunýtni sem orkuþjónustuveitendur ráðast í, þ.m.t. orkuþjónustu fyrirtæki,

   d) tengingu og álagsdreifingu framleiðsluaðila við lægri spennu,

   e) tengingu framleiðsluaðila frá stöðum sem eru nálægt notkuninni og

   f) geymslu á orku.

   Að því er varðar þetta ákvæði skal hugtakið „skipulagður raforkumarkaður“ ná yfir óskráða markaði og raforkukauphallir fyrir viðskipti með orku, framleiðslugetu, jöfnunar- og stoðþjónustu innan allra tímamarka, þ.m.t. markaði fram í tímann, einn dag fram í tímann og innan dags.

3. Netkerfis- eða smásölugjaldskrár geta stutt við kvika verðlagningu fyrir eftirspurnarviðbragðsráðstafanir hjá kaupendum, eins og:

   a) gjaldskrár byggðar á notkunartíma,

   b) álagstoppaverðlagningu,

   c) rauntímaverðlagningu og

   d) afslátt á álagstímum.

———

XII. VIÐAUKI

KRÖFUR UM ORKUNÝTNI FYRIR FLUTNINGSKERFISSTJÓRA OG DREIFIKERFISSTJÓRA

Flutningskerfisstjórar og dreifikerfisstjórar skulu:

a) semja og birta staðlaðar reglur um það hver skuli standa undir kostnaði af tæknilegum aðlögunum á borð við tengingar við dreifikerfið og styrkingu dreifikerfisins, umbætur á rekstri kerfisins og reglur um tengingu við kerfið án mismununar, sem eru nauðsynlegar til að tengja nýja framleiðendur sem mata rafmagn, framleitt með samvinnslu með góða orkunýtni, inn á samtengda dreifikerfið.

b) sjá nýjum framleiðenda raforku með samvinnslu með góða orkunýtni, sem óskar eftir tengingu við dreifikerfið, fyrir ítarlegum og nauðsynlegum upplýsingum, þ.m.t.:

   i. tæmandi og sundurliðað mat á því hvað tengingin mun kosta,

   ii. raunhæf og nákvæm tímaáætlun um móttöku og meðferð beiðninnar um tengingu við dreifikerfin,

   iii. raunhæf, leiðbeinandi áætlun um tillagðar tengingar við dreifikerfin. Allt ferlið við að tengjast dreifikerfinu skal ekki vera lengra en 24 mánuðir, með það í huga hvað er almennt framkvæmanlegt, og án mismununar.

c) kveða á um staðlaða og einfaldaða málsmeðferð fyrir tengingu dreifðra framleiðenda samvinnslu með góða orkunýtni til að auðvelda tengingu þeirra við dreifikerfið.

Stöðluðu reglurnar sem um getur í a-lið skulu byggjast á viðmiðunum, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, og taka skal sérstakt tillit til alls kostnaðar og ábata af því að tengja framleiðendur við netið. Með þeim geta opnast möguleikar á mismunandi tegundum tenginga.

———

XIII. VIÐAUKI

Liðir sem að lágmarki skulu vera í samningum um orkunýtingu við hið opinbera eða í tengdum útboðslýsingum

– Skýr og gagnsæ skrá yfir ráðstafanir fyrir orkunýtni sem á að framkvæma eða orkunýtniniðurstöður sem eiga að nást.

– Tryggður sparnaður sem á að nást með því að framkvæma ráðstafanirnar í samningnum.

– Tímalengd og áfangar samningsins, skilmálar og uppsagnarfrestur.

– Skýr og gagnsæ skrá yfir skuldbindingar allra samningsaðila.

– Viðmiðunardagsetningar til að ákvarða sparnað sem náðst hefur.

– Skýr og gagnsæ skrá yfir nauðsynleg þrep til að framkvæma ráðstöfun eða pakka af ráðstöfunum og, ef við á, tengdan kostnað.

– Skuldbinding um að framkvæma ráðstafanirnar í samningnum að fullu og skjalfesting á öllum breytingum sem gerðar eru meðan á verkefninu stendur.

– Reglur sem tilgreina að jafngildar kröfur séu innifaldar í undirverktakastarfsemi þriðju aðila.

– Skýr og gagnsæ birting kostnaðarins við verkefnið og skipting hlutdeildar beggja aðila í peningalegum sparnaði sem næst (þ.e. þóknun þjónustuveitandans).

– Skýr og gagnsæ ákvæði um mælingar og sannprófun á tryggðum sparnaði sem náðst hefur, gæðaeftirlit og ábyrgðir.

– Ákvæði til skýringar á málsmeðferð til að fást við breytt rammaskilyrði sem hafa áhrif á efni og niðurstöðu samningsins (þ.e. breytingar á orkuverði, notkunarálag orkuvers).

– Nákvæmar upplýsingar um skuldbindingar allra samningsaðila og viðurlög við brotum á þeim.

———

XIV. VIÐAUKI

ALMENNUR RAMMI UM SKÝRSLUGJÖF

1. hluti

Almennur rammi um árlega skýrslugjöf

Árlegu skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. 24. gr. kveða á um grundvöll fyrir eftirlit með framvindu í átt að landsbundnum markmiðum fyrir árið 2020. Aðildarríki skulu sjá til þess að skýrslurnar innihaldi eftirfarandi lágmarksupplýsingar:

a) mat á eftirtöldum vísum á árinu á undan því næstliðna (ár X ([1]) - 2):

i. frumorkunotkun,

ii. samtölu endanlegrar orkunotkunar,

iii. endanlegri orkunotkun eftir geirum

– iðnaður

– flutningar (skipt á milli farþega- og vöruflutninga ef hægt er)

– heimili

– þjónusta,

iv. vergu vinnsluvirði eftir geirum

– iðnaður

– þjónusta,

v. ráðstöfunartekjum heimila,

vi. vergri landsframleiðslu,

vii. raforkuframleiðslu með varmaorkuframleiðslu,

viii. raforkuframleiðslu með samþættri varma- og raforkuvinnslu,

ix. varmaframleiðslu með varmaorkuframleiðslu,

x. varmaframleiðslu með samþættri varma- og raforkuvinnslu, þ.m.t. frávarma frá iðnaði,

xi. eldsneytisílagi fyrir varmaorkuframleiðslu,

xii. farþegakílómetrum, ef þeir eru tiltækir,

xiii. tonnkílómetrum, ef þeir eru tiltækir,

xiv. samsettum flutningakílómetrum (farþegakílómetrar + tonnkílómetrar) ef xii og xiii eru ekki tiltækir,

xv. íbúafjölda.

Í geirum þar sem orkunotkun helst stöðug eða er vaxandi skulu aðildarríki greina ástæður þess og láta greininguna fylgja matinu.

Önnur skýrslan og síðari skýrslur skulu einnig innihalda b- til e-lið:

b) upplýsingar um meiriháttar löggjafarráðstafanir og aðrar ráðstafanir sem framkvæmdar voru á næstliðnu ári sem stuðla að því að ná landsbundnum heildarmarkmiðum um orkunýtni árið 2020,

c) heildargólfrými bygginga í eigu og notkun ríkisstjórna aðildarríkja sem hafa nothæft gólfrými yfir 500 m^2 og yfir 250 m^2 frá og með 9. júlí 2015, og sem, hinn 1. janúar þess árs þegar skila á skýrslunni, uppfylltu ekki kröfurnar um orkunýtingu sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

([1]) X = yfirstandandi ár.

d) heildargólfrými hitaðra og/eða kældra bygginga í eigu og notkun ríkisstjórna aðildarríkja sem voru endurnýjaðar á næstliðnu ári sem um getur í 1. mgr. 5. gr. eða magn orkusparnaðar í byggingum sem uppfylla viðeigandi skilyrði í eigu og notkun ríkisstjórna sem um getur í 6. mgr. 5. gr.,

e) orkusparnað sem næst með landsbundnum áætlunum um skuldbindingar um orkunýtni sem um getur í 1. mgr. 7. gr. eða öðrum ráðstöfunum sem samþykktar eru við beitingu 9. mgr. 7. gr.

Fyrsta skýrslan skal einnig innihalda landsbundnu markmiðin sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

Aðildarríkin geta einnig greint frá landsbundnum viðbótarmarkmiðum í árlegu skýrslunum sem um getur í 1. mgr. 24. gr. Þau geta einkum tengst hagvísum sem tilgreindir eru í a-lið þessa hluta eða samsetningum þeirra, eins og frumorkukræfni eða endanlegri orkukræfni eða orkukræfni eftir geirum.

2. hluti

Almennur rammi fyrir landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni sem um getur í 2. mgr. 24. gr. skulu kveða á um ramma fyrir þróun landsbundinna aðferða fyrir orkunýtni.

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu ná yfir ráðstafanir um umtalsverðar umbætur í orkunýtni og væntanlegan/framkominn orkusparnað, þ.m.t. í afhendingu, flutningi og dreifingu á orku auk endanlegrar notkunar á orku. Aðildarríki skulu sjá til þess að landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni innihaldi eftirfarandi lágmarks-upplýsingar:

1. Markmið og aðferðir

– leiðbeinandi landsbundin markmið um orkunýtni fyrir árið 2020 eins og krafist er í 1. mgr. 3. gr.,

– landsbundin leiðbeinandi markmið um orkusparnað sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2006/32/EB,

– önnur markmið um orkunýtni sem fyrir eru og taka til alls hagkerfisins eða tiltekinna geira.

2. Ráðstafanir og orkusparnaður

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda upplýsingar um ráðstafanir sem samþykktar eru eða sem fyrirhugað er að samþykkja í því skyni að framkvæma helstu þætti þessarar tilskipunar og sparnað sem þeim tengist.

a) Frumorkusparnaður

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda skrá yfir umtalsverðar ráðstafanir og aðgerðir sem gripið er til vegna frumorkusparnaðar á öllum sviðum atvinnulífsins. Fyrir allar ráðstafanir eða pakka af ráðstöfunum/aðgerðum skal leggja fram mat á væntanlegum sparnaði fyrir árið 2020 og sparnaði sem náðst hefur þegar skýrslugjöfin fer fram.

Þegar það er unnt skal veita upplýsingar um önnur áhrif/ábata af ráðstöfununum (minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, aukin loftgæði, atvinnusköpun o.s.frv.) og fjárhagsáætlun fyrir framkvæmdina.

b) Endanlegur orkusparnaður

Fyrsta og önnur landsbundin aðgerðaáætlun um orkunýtni skulu innihalda niðurstöður varðandi það að uppfylla markmið um sparnað endanlegrar orku sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/32/EB. Ef útreikningar/mat á sparnaði fyrir hverja ráðstöfun eru ekki tiltækir, skal sýna minnkaða orkunotkun í geiranum vegna (samsetningar) ráðstafana.

Fyrsta og önnur landsbundin aðgerðaáætlun um orkunýtni skulu einnig innihalda mæli- og/eða reikniaðferðir sem nota skal við útreikninga á orkusparnaði. Ef „ráðlögð aðferðafræði“ (2) er notuð skal vera tilvísun í hana í landsbundinni aðgerðaáætlun um orkunýtni.

(2) Ráðleggingar um mælingar og sannprófunaraðferðir innan ramma tilskipunar 2006/32/EB um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála.

3. Sértækar upplýsingar að því er varðar þessa tilskipun

3.1. Opinberir aðilar (5. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda skrá yfir opinbera aðila sem hafa þróað áætlun um orkunýtni í samræmi við 7. mgr. 5. gr.

3.2. Skuldbindingar um orkunýtni (7. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda landsbundna stuðla sem valdir eru í samræmi við IV. viðauka.

Fyrsta landsbundna aðgerðaáætlunin um orkunýtni skal innihalda stutta lýsingu á landsbundnu áætluninni sem um getur í 1. mgr. 7. gr. eða öðrum ráðstöfunum sem samþykktar eru við beitingu 9. mgr. 7. gr.

3.3. Orkuúttektir og stjórnunarkerfi (8. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda:

a) fjölda orkuúttekta sem gerðar voru á fyrra tímabili,

b) fjölda orkuúttekta sem gerðar voru í stórum fyrirtækjum á fyrra tímabili,

c) fjölda stórra fyrirtækja á yfirráðasvæði þeirra, með upplýsingum um þann fjölda þeirra sem 5. mgr. 8. gr. gildir um.

3.4. Stuðlað að skilvirkri hitun og kælingu (14. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda mat á árangrinum sem næst með framkvæmd á heildstæða matinu sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

3.5. Flutningur og dreifing orku (15. gr.)

Fyrsta landsbundna aðgerðaáætlunin um orkunýtni og síðari skýrslur sem skila skal á 10 ára fresti eftir það skulu innihalda matið sem gert er og ráðstafanirnar og fjárfestingarnar sem auðkenndar eru til að nýta möguleika á orkunýtni í grunnvirkjum fyrir gas og rafmagn sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

3.6. Aðildarríki skulu, sem hluta af landsbundnum aðgerðaáætlunum um orkunýtni, gera skýrslur um ráðstafanir sem gerðar eru til að gera eftirspurnarviðbragð, eins og um getur í 15. gr., mögulegt og þróa það.

3.7. Aðgengi að hæfis-, faggildingar- og vottunaráætlunum (16. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda upplýsingar um tiltækar hæfis-, faggildingar- og vottunaráætlanir eða jafngild hæfismatskerfi fyrir veitendur orkuþjónustu, orkuúttekta og ráðstafana fyrir umbætur í orkunýtni.

3.8. Orkuþjónusta (18. gr.)

Landsbundnar aðgerðaáætlanir um orkunýtni skulu innihalda Nettengil í vefsetur þar sem skrá yfir eða skilflötur fyrir veitendur orkuþjónustu sem um getur í c-lið 1. mgr. 18. gr. er aðgengilegur.

3.9. Aðrar ráðstafanir til að stuðla að orkunýtni (19. gr.)

Fyrsta landsbundna aðgerðaáætlunin um orkunýtni skal innihalda skrá yfir ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. 19. gr.

———

XV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2004/8/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. gr.	1. mgr. 1. gr.
a-liður 3. gr.	30. liður 2. gr.
b-liður 3. gr.	32. liður 2. gr.
c-liður 3. gr.	31. liður 2. gr.
d-liður 3. gr.	33. liður 2. gr.
e- og f-liður 3. gr.	—
g-liður 3. gr.	35. liður 2. gr.
h-liður 3. gr.	—
i-liður 3. gr.	34. liður 2. gr.
j-liður 3. gr.	—
k-liður 3. gr.	36. liður 2. gr.
l-liður 3. gr.	37. liður 2. gr.
m-liður 3. gr.	39. liður 2. gr.
n-liður 3. gr.	38. liður 2. gr.
o-liður 3. gr.	—
—	40., 41., 42., 43. og 44. liður 2. gr.
1. mgr. 4. gr.	Fyrsti undirliður f-liðar í II. viðauka
2. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 10. mgr. 14. gr.
3. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 14. gr. og X. viðauki
6. gr.	1. og 3. mgr. 14. gr., VIII. og IX. viðauki
1. mgr. 7. gr.	11. mgr. 14. gr.
2. og 3. mgr. 7. gr.	—
8. gr.	5. mgr. 15. gr.
—	6., 7., 8. og 9. mgr. 15. gr.
9. gr.	—
1. og 2. mgr. 10. gr.	1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 24. gr., 2. hluti XIV. viðauka

Tilskipun 2004/8/EB	Þessi tilskipun
3. mgr. 10. gr.	6. mgr. 24. gr.
11. gr.	3. mgr. 24. gr.
—	5. mgr. 24. gr.
1. og 3. mgr. 12. gr.	—
2. mgr. 12. gr.	c-liður II. viðauka
13. gr.	2. mgr. 22. gr.
14. gr.	—
15. gr.	28. gr.
16. gr.	—
17. gr.	29. gr.
18. gr.	30. gr.
I. viðauki	II. hluti I. viðauka
II. viðauki	I. hluti og síðasti undirliður II. hluta I. viðauka
III. viðauki	II. viðauki
IV. viðauki	VIII. viðauki
—	IX. viðauki

Tilskipun 2006/32/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. gr.	1. mgr. 1. gr.
a-liður 3. gr.	1. liður 2. gr.
b-liður 3. gr.	4. liður 2. gr.
c-liður 3. gr.	6. liður 2. gr.
d-liður 3. gr.	5. liður 2. gr.
—	2. og 3. liður 2. gr.
e-liður 3. gr.	7. liður 2. gr.
f-, g-, h- og i-liður 3. gr.	—
—	8.–19. liður 2. gr.
j-liður 3. gr.	27. liður 2. gr.
—	28. liður 2. gr.
k-liður 3. gr.	—
l-liður 3. gr.	25. liður 2. gr.

Tilskipun 2006/32/EB	Þessi tilskipun
—	26. liður 2. gr.
m-liður 3. gr.	—
n-liður 3. gr.	23. liður 2. gr.
o-liður 3. gr.	20. liður 2. gr.
p-liður 3. gr.	21. liður 2. gr.
q-liður 3. gr.	22. liður 2. gr.
r- og s-liður 3. gr.	—
—	24., 29., 44. og 45. liður 2. gr.
—	3. gr.
—	4. gr.
4. gr.	—
5. gr.	5. og 6. gr.
a-liður 1. mgr. 6. gr.	a- og b-liður 8. mgr. 7. gr.
b-liður 1. mgr. 6. gr.	3. mgr. 18. gr.
2. mgr. 6. gr.	1., 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. mgr. 7. gr.
—	2. og 3. mgr. 7. gr.
3. mgr. 6. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 18. gr.
5. mgr. 6. gr.	—
7. gr.	17. gr.
8. gr.	1. mgr. 16. gr.
—	2. og 3. mgr. 16. gr.
1. mgr. 9. gr.	19. gr.
2. mgr. 9. gr.	i. undirliður d-liðar 1. mgr. 18. gr.
—	a-, b- og c-liður, ii. undirliður d-liðar og e-liður 1. mgr. 18. gr.
1. mgr. 10. gr.	4. mgr. 15. gr.
2. mgr. 10. gr.	3. mgr. 15. gr.
—	7., 8. og 9. mgr. 15. gr.
11. gr.	20. gr.
1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 12. gr.	—
—	2., 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. 8. gr.

Tilskipun 2006/32/EB	Þessi tilskipun
3. mgr. 12. gr.	—
1. mgr. 13. gr.	9. gr.
2. mgr. 13. gr.	10. gr. og liður 1.1 í VII. viðauka
3. mgr. 13. gr.	liðir 1.2 og 1.3 í VII. viðauka
—	11. gr.
—	12. gr.
—	13. gr.
—	1. og 2. mgr. 15. gr.
—	a- og d-liður 2. mgr. 18. gr.
—	21. gr.
1. og 2. mgr. 14. gr.	1. og 2. mgr. 24. gr.
3. mgr. 14. gr.	—
4. og 5. mgr. 14. gr.	3. mgr. 24. gr.
—	4. mgr. og 7.-11. mgr. 24. gr.
—	1. mgr. 22. gr.
1. mgr. 15. gr.	2. mgr. 22. gr.
2., 3. og 4. mgr. 15. gr.	—
—	23. gr.
—	25. gr.
16. gr.	26. gr.
17. gr.	27. gr.
18. gr.	28. gr.
19. gr.	29. gr.
20. gr.	30. gr.
I. viðauki	—
II. viðauki	IV. viðauki
III. viðauki	—
IV. viðauki	—
V. viðauki	—

Tilskipun 2006/32/EB	Þessi tilskipun
VI. viðauki	III. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki
—	XI. viðauki
—	XII. viðauki
—	XIII. viðauki
—	XIV. viðauki
—	XV. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/2002 **2025/EES/59/26**

frá 11. desember 2018

um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Takmörkun á orkuþörf er einn af fimm þáttum stefnuáætlunarinnar um orkusamband sem stofnað var til með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 2015 undir yfirskriftinni „Rammaskipulag fyrir öflugt orkusamband með framsýna stefnu varðandi loftslagsbreytingar“ (e. *A Framework Strategy for a Resilient Energy Union with a Forward-Looking Climate Change Policy*). Aukin orkunýtni í allri orkukeðjunni, þ.m.t. í orkuframleiðslu, -flutningi, -dreifingu og endanlegri notkun, er umhverfinu til hagsbóta, bætir loftgæði og lýðheilsu, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, bætir orkuöryggi með því að draga úr þörfinni á innfluttri orku frá löndum utan Sambandsins, lækkar orkukostnað fyrir heimili og fyrirtæki, hjálpar til við að draga úr orkufátækt og leiðir til aukinnar samkeppni, fleiri starfa og meiri efnahagslegrar starfsemi í öllu hagkerfinu og eykur þar með lífsgæði borgaranna. Þetta er í samræmi við skuldbindingar Sambandsins sem gerðar voru innan ramma orkusambandsins og áætlunar um loftslag í heiminum og ákvarðaðar með Parísarsamningnum frá 2015 um loftslagsbreytingar í kjölfar tuttugustu og fyrstu ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ([4]) (Parísarsamningnum), með þann ásetning að halda hækkun meðalhita á heimsvísu vel undir 2° C miðað við gildi fyrir iðnvæðingu og að halda áfram þeirri viðleitni að takmarka hækkun hita við 1,5° C miðað við gildi fyrir iðnvæðingu.

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([5]) er liður í þeirri þróun að stofna orkusamband en samkvæmt henni á að meðhöndla orkunýtni sem sjálfstæðan orkugjafa. Taka ætti mið af fyrstu meginreglunni um orkunýtni þegar nýjar reglur eru settar sem varða framboð og aðra málaflokka. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að orkunýtni og eftirspurnardrifin svörun geti keppt á sömu forsendum við framleiðslugetu. Nauðsynlegt er að huga að orkunýtni þegar ákvarðanir eru teknar í tengslum við áætlanagerð fyrir orkukerfið eða í tengslum við fjármögnun. Þörf er á að framkvæma umbætur í orkunýtni ef þær eru kostnaðarhagkvæmari en jafngildar lausnir að því er varðar framboð. Þetta ætti að stuðla að því að Sambandið geti nýtt margskonar ávinning af orkunýtni, einkum þeim sem snýr að borgurum og fyrirtækjum.

3) Orkunýtni ætti að teljast mikilvægur þáttur og forgangsatriði að því er varðar framtíðarfjárfestingarákvarðanir um orkugrunnvirki í Sambandinu.

4) Til þess að ná metnaðarfullum orkunýtnimarkmiðum er þörf á að fjarlægja hindranir í því skyni að greiða fyrir fjárfestingum í ráðstöfunum á sviði orkunýtni. Eitt skref í þá átt er útskýring Hagstofu Evrópusambandsins frá 19. september 2017 um hvernig eigi að skrá samninga um orkunýtingu í þjóðhagsreikninga sem eyðir óvissu og greiðir fyrir notkun slíkra samninga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 210. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 246, 28.7.2017, bls. 42.

([2]) Stjtíð. ESB C 342, 12.10.2017, bls. 119.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 4. desember 2018.

([4]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10. 2016, bls. 4.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

5) Á fundi sínum 23. og 24. október 2014 studdi leiðtogaráðið markmið um 27% orkunýtni fyrir árið 2030 á vettvangi Sambandsins sem á að endurskoða eigi síðar en 2020 með hliðsjón af 30% markmiði á vettvangi Sambandsins. Í ályktun sinni frá 15. desember 2015 undir yfirskriftinni „Í átt að evrópsku orkusambandi“ hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina þar að auki til að meta hvort markmið um 40% orkunýtni væri framkvæmanlegt innan sama tímaramma. Því er viðeigandi að breyta tilskipun 2012/27/ESB í því skyni að aðlaga hana að sjónarhorni ársins 2030.

6) Þörf Sambandsins til að ná orkunýtnimarkmiðum sínum á vettvangi Sambandsins, sem eru gefin upp sem frumorkunotkun og/eða endanleg orkunotkun, ætti að vera sett fram á skýran hátt sem markmið sem felur a.m.k. í sér 32,5% fyrir árið 2030. Spár, sem gerðar voru 2007, sýndu að frumorkunotkun 2030 yrði 1 887 milljónir tonna olíuígilda (Mtoe) og að endanleg orkunotkun yrði 1 416 milljónir tonna olíuígilda. Lækkun um 32,5% þýðir annars vegar 1 273 milljónir tonna olíuígilda og hins vegar 956 milljónir tonna olíuígilda 2030. Framkvæmdastjórnin ætti að meta þetta markmið, sem er af sama toga og markmið Sambandsins fyrir 2020, í því skyni að endurskoða það eigi síðar en 2023 ef um er að ræða verulega kostnaðarlækkun eða, ef nauðsyn krefur, til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins til að minnka kolefnislosun. Ekki eru til staðar bindandi markmið á vettvangi aðildarríkis fyrir árin 2020 og 2030 og frelsi aðildarríkja til að ákvarða framlög sín, sem byggjast annaðhvort á frumorkunotkun eða endanlegri orkunotkun eða orkukræfni, ætti áfram að vera án takmarkana. Aðildarríki ættu að ákvarða leiðbeinandi framlög sín til orkunýtni með tilliti til þess að orkunotkun í Sambandinu 2030 skal vera að hámarki 1 273 milljónir tonna olíuígilda af frumorku og/eða að hámarki 956 milljónir tonna olíuígilda af endanlegri orku. Þetta þýðir að draga ætti úr frumorkunotkun í Sambandinu um 26% og úr endanlegri orkunotkun um 20% miðað við magnið fyrir árið 2005. Nauðsynlegt er að meta reglulega framvindu í átt að markmiðum Sambandsins fyrir árið 2030 og kveðið er á um slíkt mat í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ([1]).

7) Skilvirk starfræksla orkukerfa á hverjum tíma er háð getunni til að veita orku inn á dreifikerfið frá mismunandi orkugjöfum, með mismunandi tregðustig og gangsetningartíma, á snurðulausan og sveigjanlegan hátt. Umbætur í skilvirkni munu stuðla að betri nýtingu á endurnýjanlegri orku.

8) Umbætur í orkunýtni getur stuðlað að meiri fjárhagslegum afrakstri. Aðildarríki og Sambandið ættu að stefna að því að draga úr orkunotkun óháð því hvert hagvaxtarstigið er.

9) Skuldbinding aðildarríkja um að koma á langtímaáætlunum um að virkja fjárfestingar og greiða fyrir endurnýjun innlendra bygginga auk þess að tilkynna framkvæmdastjórninni þar að lútandi er felld brott úr tilskipun 2012/27/ESB og bætt við í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB ([2]), ef sú skuldbinding samrýmist langtímaáætlunum um nánast núllorkubyggingar og minnkun kolefnislosunar bygginga.

10) Í ljósi loftslags- og orkurammans 2030 ætti að framlengja skuldbindinguna um orkusparnað, sem var sett með tilskipun 2012/27/ESB, fram yfir 2020. Framlengingin myndi skapa meiri stöðugleika fyrir fjárfesta og þannig hvetja til langtímafjárfestinga og langtímaráðstafana um orkunýtni, t.d. heildarendurnýjun bygginga, með það langtímamarkmið að greiða fyrir kostnaðarhagkvæmri umbreytingu bygginga, sem fyrir eru, í nánast núllorkubyggingar. Skuldbindingin um orkusparnað gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa staðbundinn hagvöxt og atvinnutækifæri og viðhalda ætti henni til að tryggja að Sambandið get náð markmiðum sínum á sviði orku- og loftslagsmála með því að skapa fleiri tækifæri og rjúfa tenginguna á milli orkunotkunar og hagvaxtar. Mikilvægt er að stofna til samstarfs við einkageirann til að meta við hvaða skilyrði unnt sé að opna fyrir fjárfestingar einkaaðila í orkunýtniverkefnum og til að þróa ný tekjulíkön fyrir nýsköpun á sviði orkunýtni.

11) Ráðstafanir til umbóta í orkunýtni hafa einnig jákvæð áhrif á loftgæði, þar sem orkunýtnar byggingar stuðla að því að draga úr þörfinni fyrir hitagjafa, þ.m.t. hitagjafa í föstu formi. Ráðstafanir um orkunýtni stuðla þar af leiðandi að betri loftgæðum innan- og utandyra og leggja sitt af mörkum, á kostnaðarhagkvæman hátt, til að uppfylla stefnumið Sambandsins á sviði loftgæða, einkum eins og ákvarðað er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ([3]).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtíð ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

12) Aðildarríki eru skuldbundin til að ná uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun fyrir allt skuldbindingartímabilið 2021–2030 sem jafngildir a.m.k. 0,8% af nýjum árlegum sparnaði miðað við endanlega orkunotkun. Unnt er að uppfylla þessa kröfu með nýjum stefnuúrræðum, sem eru samþykkt á nýja skuldbindingartímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030, eða með nýjum einstökum aðgerðum sem leiðir af stefnuúrræðum, sem samþykkt voru á fyrra tímabilinu eða þar á undan, að því tilskildu að einstakar aðgerðir sem hafa í för með sér orkusparnað séu innleiddar á nýja tímabilinu. Í því skyni ættu aðildarríki að geta notað áætlun um skuldbindingar um orkunýtni, önnur stefnuúrræði, eða hvort tveggja. Þar að auki ætti að innleiða mismunandi möguleika, þ.m.t. hvort orkan sem notuð er í flutningastarfsemi sé innifalin í reiknigrunninum, í heild eða að hluta, í því skyni að gefa aðildarríkjum kost á sveigjanleika við útreikning á orkusparnaði sínum, samtímis að tryggt sé að nauðsynlegum uppsöfnuðum orkusparnaði, sem jafngildir a.m.k. 0,8% af árlegum nýjum sparnaði, miðað við endanlega orkunotkun, sé náð.

13) Það væri hins vegar ósanngjarnt að láta Kýpur eða Möltu sæta slíkri kröfu. Orkumarkaður þessara litlu aðildarríkja, sem eru eyjar, einkennist af sértækum eiginleikum sem takmarka umtalsvert ýmsar aðgengilegar ráðstafanir til að uppfylla skuldbindinguna um orkusparnað, t.d. þegar um er að ræða einn dreifingaraðila raforku, skort á jarðgasneti auk fjarhitunar- og fjarkælikerfa, sem og smæð dreifingarfyrirtækja jarðolíu. Auk þessara sértæku eiginleika bætist við að orkumarkaður þessara aðildarríkja er lítill. Kýpur og Malta ættu því eingöngu að þurfa að ná uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun sem jafngildir 0,24% af nýjum sparnaði á tímabilinu 2021–2030.

14) Ef aðildarríki nota áætlun um skuldbindingu um orkusparnað ættu þau, á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, að tilnefna skuldbundna aðila meðal dreifingaraðila orku, orkusmásölufyrirtækja og dreifingaraðila eða smásöluaðila eldsneytis fyrir flutningastarfsemi. Tilnefning eða undanþága frá tilnefningu tiltekinna flokka slíkra dreifingaraðila eða smásala ætti ekki að skiljast sem ósamrýmanleg meginreglunni um bann við mismunun. Aðildarríki geta því valið hvort slíkir dreifingaraðilar eða smásalar eða einungis tilteknir flokkar þeirra séu tilnefndir sem skyldubundnir aðilar.

15) Æskilegt er að taka tillit til ráðstafana aðildarríkja um umbætur í orkunýtni á sviði flutninga í viðleitni þeirra til að uppfylla skuldbindinguna um orkusparnað við endanlega notkun. Slíkar ráðstafanir fela í sér stefnumál sem er m.a. ætlað að stuðla að notkun orkunýtnari ökutækja, umskiptum yfir í hjólreiðar, göngur og notkun hópsamgöngutækja eða stuðla að hreyfanleika og þéttbýlisskipulagi sem dregur úr þörf fyrir flutninga. Einnig er mögulegt að taka til greina áætlanir sem flýta fyrir því að ný orkunýtnari ökutæki verði tekin í notkun eða innleiddar áætlanir sem stuðla að umskiptum yfir í eldsneyti með betri nýtingu sem dregur úr orkunotkun á hvern kílómetra, með fyrirvara um samræmi við reglur um mikilvægi og viðbótargildi, sem eru sett fram í V. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun. Slíkar ráðstafanir ættu, ef við á, að samrýmast stefnurömmum aðildarríkja sem ákvarðaðir voru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB ([1]).

16) Ráðstafanir sem aðildarríki grípa til samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 ([2]), sem hafa í för með sér sannprófanlegar umbætur í orkunýtni sem unnt er að mæla eða meta, geta talist kostnaðarhagkvæm leið aðildarríkja til að uppfylla skuldbindingar sínar um orkusparnað samkvæmt tilskipun 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

17) Í stað þess að krefja skuldbundna aðila um að ná uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun, sem krafist er skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki í áætlunum sínum um skuldbindingar að heimila eða fara fram á það við skuldbundna aðila að þeir leggi sitt af mörkum í landsbundinn orkunýtnisjóð.

18) Með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. mgr. 7. gr., eins og þau voru innleidd með þessari tilskipun, ættu aðildarríki og skuldbundnir aðilar að beita öllum tiltækum aðferðum og tækni til að ná nauðsynlegum uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun, þ.m.t. með því að stuðla að sjálfbærri tækni í skilvirkum fjarhitunar- og kælikerfum, grunnvirki fyrir skilvirka hitun og kælingu og orkuúttektum eða sambærilegum stýrikerfum, að því tilskildu að uppgefinn orkusparnaður

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjtíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. og V. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun. Aðildarríki ættu að kappkosta við að hafa mikinn sveigjanleika í tengslum við hönnun og framkvæmd annarra stefnuúrræða.

19) Langtímaráðstafanir varðandi orkunýtni munu halda áfram að skila orkusparnaði eftir 2020 en í því skyni að stuðla að því að markmið Sambandsins um orkunýtni fyrir árið 2030 náist ættu þessar ráðstafanir að skila nýjum sparnaði eftir 2020. Orkusparnaður sem næst eftir 31. desember 2020 ætti þó ekki að teljast hluti af uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun sem krafist er fyrir tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

20) Nýr sparnaður ætti að vera til viðbótar við óbreytta stöðu þannig að sparnaður sem hefði skilað sér, hvað sem öðru líður, ætti ekki að teljast hluti af því að uppfylla kröfur um orkusparnað. Í því skyni að reikna út áhrifin af ráðstöfununum, sem gripið hefur verið til, ætti eingöngu að taka hreinan sparnað, mældur sem breyting á orkunotkun sem er rakin beint til viðkomandi ráðstöfunar um orkunýtni, með í reikninginn. Við útreikning á hreinum sparnaði ættu aðildarríki að ákvarða grunnsviðsmynd sem sýnir hvernig staðan myndi þróast án umræddrar ráðstöfunar. Meta ætti umrædd stefnuúrræði með hliðsjón af þessari grunnsviðsmynd. Aðildarríki ættu að taka tillit til þess að unnt er að hrinda öðrum stefnuúrræðum í framkvæmd innan sama tímaramma sem kunna einnig að hafa áhrif á hversu mikill orkusparnaðurinn verður, þannig að ekki er unnt að rekja allar breytingar, sem hafa orðið frá innleiðingu tiltekins stefnuúrræðis sem verið að meta, eingöngu til þess stefnuúrræðis. Aðgerðir skuldbundinna aðila, þátttökuaðila eða umsjónaraðila ættu í raun að stuðla að því að uppgefnum orkusparnaði verði náð í því skyni að tryggja að farið sé að kröfum um mikilvægi.

21) Mikilvægt er að hafa í huga öll þrep orkukeðjunnar, ef við á, þegar orkusparnaður er reiknaður út í því skyni að auka möguleikann á orkusparnaði við flutning og dreifingu raforku.

22) Skilvirk vatnsstjórnun getur lagt umtalsvert af mörkum til orkusparnaðar. Í Sambandinu má rekja 3,5% raforkunotkunar til vatnsveitu og skólphreinsunar og búist er við að það hlutfall muni hækka. Á sama tíma nemur vatnsleki 24% af heildarvatnsnotkun í Sambandinu og orkugeirinn er stærsti vatnsnotandinn með 44% af notkuninni. Kanna ætti til hlítar hvort möguleiki sé á að spara orku með aðstoð snjalltækni og -ferla.

23) Í samræmi við 9. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ættu stefnuúrræði Sambandsins um orkunýtni að vera meðtalin og ættu því að tryggja að neytendur, sem búa við orkufátækt, hafi aðgang að orkunýtniráðstöfunum. Umbætur á orkunýtni bygginga ætti einkum að koma viðkvæmum heimilum að gagni, þ.m.t. heimilum sem búa við orkufátækt og, eftir því sem við á, þeim sem búa í félagsbústöðum. Aðildarríki geta nú þegar krafist þess að skuldbundnir aðilar felli félagsleg markmið inn í orkusparandi ráðstafanir sínar í tengslum við orkufátækt og rýmka ætti þennan möguleika svo hann taki til annarra stefnuúrræða og landsbundinna orkunýtnisjóða og auk þess ætti að breyta honum í skuldbindingu, samhliða því að gera aðildarríkjum kleift að viðhafa fullan sveigjanleika með hliðsjón af stærð þeirra, umfangi og inntaki. Ef áætlun um skuldbindingar um orkunýtni heimilar ekki ráðstafanir, sem lúta að einstökum orkuneytendum, geta aðildarríki gert ráðstafanir til að draga úr orkufátækt með því að beita eingöngu öðrum stefnuúrræðum.

24) Um 50 milljónir heimila í Sambandinu búa við orkufátækt. Ráðstafanir um orkunýtni verða því að vera afgerandi þáttur í sérhverju kostnaðarhagkvæmu átaki til að berjast gegn orkufátækt og varnarleysi neytenda ásamt því að vera viðbót við ráðstafanir um félagslegt öryggi á vettvangi aðildarríkis. Til að tryggja að ráðstafanir um orkunýtni dragi úr orkufátækt leigjenda á sjálfbæran hátt ætti að taka tillit til kostnaðarhagkvæmni slíkra ráðstafana sem og að eigendur og leigjendur fasteigna ráði við þær fjárhagslega og þar að auki ætti að tryggja fullnægjandi fjárstuðning við slíkar ráðstafanir á vettvangi aðildarríkis. Í samræmi við markmið Parísarsamkomulagsins er nauðsynlegt, þegar til lengri tíma er litið, að breyta byggingarkosti Sambandsins í nánast núllorkubyggingar. Endurnýjun bygginga í dag gengur of hægt fyrir sig og erfiðast reynist að ná til bygginga þar sem tekjulágir borgarar búa sem búa auk þess við orkufátækt. Þess vegna eru ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að því er varðar skuldbindingar um orkunýtni, áætlanir um skuldbindingar um orkunýtni og önnur stefnuúrræði, sérstakalega mikilvægar.

25) Unnt ætti að vera að minnka orkukostnað neytenda með því að aðstoða þá við að draga úr orkunotkun sinni, þ.e. að draga úr orkuþörf bygginga og bæta orkunýtni búnaðar ásamt því að bjóða upp á flutningsmáta sem notar litla orku og er samþættur almenningssamgöngum og hjólreiðum.

26) Brýnt er að auka vitund allra borgara Sambandsins um ávinninginn af aukinni orkunýtni og veita þeim nákvæmar upplýsingar um hvernig unnt er að ná þeirri nýtni. Aukin orkunýtni er einnig afar mikilvæg fyrir öryggi í orkuafhendingu í Sambandinu því hún dregur úr þörf Sambandsins að flytja inn eldsneyti frá þriðju löndum.

27) Upplýsingar um kostnað og ávinning af öllum ráðstöfunum um orkunýtni, sem gripið hefur verið til, þ.m.t. endurgreiðslutímabil, ættu að vera algerlega gagnsæjar fyrir neytendur.

28) Við framkvæmd tilskipunar 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, og þegar gripið er til annarra ráðstafana á sviði orkunýtni ættu aðildarríki að gefa samlegðaráhrifum milli ráðstafana um orkunýtni sérstakan gaum sem og skilvirkri nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginreglur hringrásarhagkerfisins.

29) Aðildarríkin ættu, þegar þau nýta sér ný viðskiptalíkön og nýja tækni, að leitast við að stuðla að og greiða fyrir því að gerðar séu ráðstafanir um orkunýtni, þ.m.t. með því að nota nýstárlega orkuþjónustu fyrir stóra og smáa viðskiptavini.

30) Sem hluti af ráðstöfunum, sem settar eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. júlí 2015 undir yfirskriftinni „Nýr samningur fyrir orkuneytendur“, innan ramma orkusambandsins og stefnuáætlunarinnar um hitun og kælingu, er þörf á að efla lágmarksréttindi neytenda til að þeir fái nákvæmar, áreiðanlegar, skýrar og tímalegar upplýsingar um orkunotkun sína. Breyta ætti ákvæðum 9.–11. gr. og VII. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB í því skyni að veita tíðari og meiri endurgjöf um orkunotkun en áður ef það er tæknilega gerlegt og kostnaðarhagkvæmt með hliðsjón af uppsettum mælibúnaði. Í þessari tilskipun er skýrt frá því að ástæðan fyrir því hvort notkunarmælingar séu kostnaðarhagkvæmar eða ekki sé háð því hvort tilheyrandi kostnaður sé í réttu hlutfalli við mögulegan orkusparnað. Við mat á kostnaðarhagkvæmni notkunarmælinga er heimilt að taka tillit til áhrifa annarra áþreifanlegra, skipulagðra ráðstafana sem gerðar eru vegna tiltekinnar byggingar, t.d. hvers konar endurnýjunar í framtíðinni.

31) Í þessari tilskipun er þar að auki greint nánar frá því að réttindi sem tengjast reikningagerð eða upplýsingar um gerð reikninga eða notkun ættu að gilda um neytendur hitunar, kælingar eða heits vatns til heimilisnota frá miðlægum upprunastað jafnvel þótt þeir hafi ekki bein, einstök og samningsbundin tengsl við orkuveitanda. Skilgreininguna á hugtakinu „kaupandi“ má skilja þannig að hún vísi einungis til einstaklinga eða lögaðila sem kaupa orku sem byggist á beinum og einstökum samningi við orkuveitanda. Að því er varðar viðeigandi ákvæði ætti því að innleiða hugtakið „endanlegur notandi“ til að vísa til breiðari neytendahóps og ætti hugtakið einnig að vísa til íbúa einstakra bygginga eða einstakra eininga fjölbýlishúsa eða fjölnotabygginga, auk kaupenda sem kaupa hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota til eigin endanlegrar notkunar, ef slíkar einingar fá orku frá miðlægum upprunastað og ef íbúar hafa ekki gert beinan eða einstakan samning við orkuveitanda. Hugtakið „notkunarmæling“ ætti að vísa til mælingar á notkun í einstökum einingum slíkra bygginga.

32) Í því skyni að tryggja gagnsæi í reikningshaldi varðandi einstaklingsbundna notkun varmaorku og þar með að greiða fyrir framkvæmd notkunarmælinga ættu aðildarríki að tryggja að þau hafi sett sér gagnsæjar reglur, sem eru aðgengilegar öllum, um skiptingu kostnaðar við hitun, kælingu og notkun heits vatns til heimilisnota í fjölbýlishúsum og fjölnota byggingum. Til viðbótar við gagnsæi gætu aðildarríki íhugað að grípa til ráðstafana til að efla samkeppni um veitingu notkunarmælinga og stuðla þar með að því að tryggja að hvers konar kostnaður, sem fellur á endanlega notendur, sé sanngjarn.

33) Eigi síðar en 25. október 2020 ætti að vera mögulegt að fjarlesa af nýuppsettum hitamælum og hitunarkostnaðarmælum til að tryggja kostnaðarhagkvæma og tíða veitingu upplýsinga um notkun. Breytingar á tilskipun 2012/27/ESB, sem eru innleiddar með þessari tilskipun í tengslum við mælingar á hitun, kælingu og heitu vatni til heimilisnota, notkunarmælingu og skiptingu kostnaðar fyrir hitun, kælingu og heitt til heimilisnota, kröfu um fjarálestur, reikningagerð og notkunarupplýsingar um hitun og kælingu og heitt vatn til heimilisnota, kostnað við aðgang að upplýsingum um mælingar og um gerð reikninga og upplýsingar um notkun við hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota sem og lágmarkskröfur um reikningagerð og notkunarupplýsingar um hitun, kælingu og vatn til heimilisnota, eiga aðeins að gilda um hitun, kælingu og vatn til heimilisnota sem kemur frá miðlægum upprunastað. Aðildarríkjum er frjálst að ákveða hvort þau eigi að telja tækni þar sem aflestur fer fram þegar gengið er eða ekið framhjá mæli (e. *walk-by or drive-by technologies*) til fjarlestrar eða ekki. Mælitæki sem unnt er að fjarlesa af hefur í för með sér að ekki þarf að fara inn í einstakar íbúðir eða einingar til að lesa af mælum.

34) Aðildarríki ættu að taka tillit til þess að árangursrík innleiðing nýrrar tækni við mælingu á orkunotkun krefst aukinnar fjárfestingar í menntun og færni, bæði fyrir notendur og orkuveitendur.

35) Upplýsingar um gerð reikninga og ársuppgjör eru þýðingarmikil leið til að upplýsa viðskiptavini um orkunotkun sína. Í gögnum um notkun og kostnað er einnig unnt að veita ýmsar aðrar upplýsingar sem auðvelda neytendum að bera núverandi samning sinn saman við önnur tilboð og nýta sér kerfi um meðhöndlun kvartana og kerfi um lausn deilumála utan dómstóla. Í ljósi þess að ágreiningur vegna reikninga er sameiginleg uppspretta kvartana frá neytendum og þáttur sem stuðlar að viðvarandi óánægju og lítilla samskipta neytenda við orkuveitendur sína er þó nauðsynlegt að gera reikninga einfaldari, skýrari og auðskiljanlegri jafnframt því að tryggja að aðskildir gerningar, t.d. upplýsingar um gerð reikninga, upplýsingatæki og ársuppgjör, veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera neytendum kleift að stýra orkunotkun sinni, bera saman tilboð og skipta um orkuveitanda.

36) Styðja ætti ráðstafanir aðildarríkja með vel hönnuðum og skilvirkum fjármögnunarleiðum Sambandsins, t.d. á vegum uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðs Evrópu, Evrópusjóðs fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, og með fjármögnun frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) sem ættu að styðja við fjárfestingar í orkunýtni á öllum stigum orkukeðjunnar og nota umfangsmikla kostnaðar- og ábatagreiningu með því að beita líkani sundurliðaðra afvöxtunarstuðla. Við fjárstuðninginn ætti að leggja áherslu á kostnaðarhagkvæmar aðferðir til að auka orkunýtni sem mun draga úr orkunotkun. Fjárfestingarbanki Evrópu og Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, ásamt landsbundnum stuðningsbönkum, skipuleggja, hanna og fjármagna áætlanir og verkefni sem eru sérsniðin að orkugeiranum, þ.m.t. að orkufátækum heimilum.

37) Til að unnt sé að uppfæra viðaukana við tilskipun 2012/27/ESB og samræmdu nýtniviðmiðanirnar er nauðsynlegt að framlengja valdaframsal framkvæmdastjórnarinnar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([1]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið einkum í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

38) Í því skyni að geta metið skilvirkni tilskipunar 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, ætti að innleiða kröfu um að fram fari almenn endurskoðun á þeirri tilskipun og að lögð verði skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 28. febrúar 2024. Sú endurskoðun ætti að fara fram að lokinni hnattrænni athugun, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar árið 2023, í því skyni að greiða fyrir nauðsynlegri samræmingu þeirra ferla sem á að innleiða, einnig að teknu tilliti til efnahagsþróunar og nýsköpunar.

39) Staðar- og svæðisyfirvöld ættu að hafa forystu um þróun og hönnun, framkvæmd og mat á ráðstöfununum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2012/27/ESB, til að þau geti tekið tilhlýðilegt tillit til sértækra þátta sem einkenna loftslag þeirra, menningu og samfélag.

40) Í ljósi tækniframfara og stigvaxandi hluta endurnýjanlegra orkugjafa innan raforkuframleiðslugeirans ætti að endurskoða sjálfgefinn stuðul fyrir sparnað í kílóvattstundum af raforku í því skyni að endurspegla breytingar á frumorkuþætti raforku. Útreikningar, sem endurspegla orkusamsetningu frumorkuþáttar raforku, byggjast á ársmeðalgildum. Reiknaðferðinni „efnislegt orkuinnihald“ (e. *physical energy content*) er beitt við raforku- og varmaframleiðslu með kjarnorku og aðferðin „tæknileg umbreytinýtni“ (e. *technical conversion efficiency*) er notuð við raforku- og varmaframleiðslu úr jarðefnaeldsneyti og lífmassa. Að því er varðar eldtraustan endurnýjanlegan orkugjafa er beitt aðferðinni um beint jafngildi sem byggist á nálguninni um „heildarfrumorku“. Við útreikning á hluta frumorku fyrir raforku í samvinnslu raf- og varmaorku er beitt aðferðinni sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2012/27/ESB. Notuð er meðalsterk markaðsstaða frekar en jaðarstaða á markaði. Umbreytinýtni er talin vera 100% fyrir eldtrausta endurnýjanlega orkugjafa, 10% fyrir jarðvarmaorkuver og 33% fyrir kjarnorkuver. Útreikningur á heildarnýtni fyrir samvinnslu raf- og varmaorku byggist á nýjustu gögnum frá Hagstofu Evrópusambandsins. Að því er varðar kerfismörk hefur frumorkuþátturinn gildið 1 fyrir alla orkugjafa. Gildi frumorkuþáttarins vísar til 2018 og byggist á gögnum sem eru innreiknuð út frá nýjustu útgáfu PRIMES-viðmiðunarsviðsmyndarinnar fyrir 2015 og 2020 og aðlagað að gögnum Hagstofu Evrópusambandsins til og með 2016. Greiningin nær til aðildarríkjanna og Noregs. Gagnasafnið fyrir Noreg byggist á gögnum Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra.

41) Ekki ætti að reikna með þann orkusparnað sem stafar af innleiðingu laga Sambandsins, nema hann sé afleiðing ráðstöfunar sem gengur lengra en sem krafist er að lágmarki í viðkomandi réttargerð Sambandsins, annaðhvort með því að setja metnaðarfyllri kröfur um orkunýtni á vettvangi aðildarríkis eða með því að stuðla að því að ráðstöfunin nái sem mestri útbreiðslu. Umtalsverðir möguleikar felast í að auka orkunýtni bygginga og endurnýjun þeirra er nauðsynlegur þáttur til orkusparnaðar þegar til lengri tíma er litið með hliðsjón af stærðarhagkvæmni. Því er nauðsynlegt að greina frá því að mögulegt er að reikna með allan þann orkusparnað sem hlýst af ráðstöfunum sem stuðla að endurnýjun bygginga

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

sem fyrir eru, að því tilskildu að sparnaðurinn verði meiri en ef stefnuúrræðin hefðu ekki verið fyrir hendi og að því tilskildu að aðildarríkið sýni fram á að skuldbundinn aðili, þátttökuaðili eða umsjónaraðili hafi í raun stuðlað að því að ná tilgreindum orkusparnaði.

42) Í samræmi við stefnuáætlun um orkusamband og meginreglurnar um betri reglusetningu ætti að leggja ríkari áherslu á reglur um vöktun og sannprófun við framkvæmd áætlana um skuldbindingar um orkunýtni og önnur stefnuúrræði, þ.m.t. kröfuna um að hafa eftirlit með tölfræðilega dæmigerðu úrtaki mælinga. Í tilskipun 2012/27/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, ætti að líta svo á að tölfræðilega marktækur hluti og dæmigert úrtak ráðstafana til umbóta í orkunýtni skiljist sem krafa um að velja hlutmengi úr tölfræðilegu þýði viðkomandi orkusparandi ráðstafana á þann hátt að það endurspegli á nákvæman hátt heildarþýði allra orkusparandi ráðstafana og geri þannig kleift að komast að nokkuð áreiðanlegum niðurstöðum að því er varðar tiltrú á ráðstafanirnar í heild sinni.

43) Orka sem er framleidd á eða í byggingum með tækni á sviði endurnýjanlegrar orku dregur úr magni jarðefnaeldsneytis til orkuframleiðslu. Minni orkunotkun og notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í byggingargeiranum felur í sér veigamiklar ráðstafanir til að draga úr orkuhæði Sambandsins og úr losun gróðurhúsalofttegunda, einkum í ljósi metnaðarfullra markmiða í loftslags- og orkumálum fyrir árið 2030 auk samanlagðra skuldbindinga í tengslum við Parísarsamninginn. Að því er varðar uppsafnaðar skuldbindingar sínar um orkusparnað er aðildarríkjunum heimilt að reikna með, eftir atvikum, orkusparnað vegna endurnýjanlegrar orku sem er framleidd á eða í byggingum til eigin nota í því skyni að uppfylla kröfur sínar um orkusparnað.

44) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([1]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

45) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ná markmiðum Sambandsins um 20% orkunýtni eigi síðar en 2020 og a.m.k. 32,5% eigi síðar en 2030 og greiða götu frekari umbóta í orkunýtni eftir það, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

46) Því ætti að breyta tilskipun 2012/27/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2012/27/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Með þessari tilskipun er settur sameiginlegur rammi um ráðstafanir til að stuðla að orkunýtni í Sambandinu í því skyni að tryggja að 20% höfuðmarkmið Sambandsins um orkunýtni fyrir árið 2020 og a.m.k. 32,5% höfuðmarkmið þess um orkunýtni fyrir árið 2030 náist og greiði götu frekari umbóta í orkunýtni eftir það.

Með þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem ætlað er að fjarlægja hindranir á orkumarkaðinum og sigrast á markaðsbrestum sem koma í veg fyrir skilvirkni í afhendingu og notkun orku og í henni er kveðið á um að sett séu leiðbeinandi landsbundin markmið um orkunýtni fyrir árin 2020 og 2030.

Með þessari tilskipun er stuðlað að framkvæmd fyrstu meginreglunnar um orkunýtni .“

2) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 3. gr.:

„4. Eigi síðar en 31. október 2022 skal framkvæmdastjórnin meta hvort Sambandið hafi náð höfuðmarkmiðum sínum um orkunýtni fyrir árið 2020.

([1]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

5. Öll aðildarríki skulu setja sér markmið um leiðbeinandi framlag til orkunýtni í átt að markmiðum Sambandsins fyrir árið 2030 sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar í samræmi við 4. og 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 (*). Þegar þessi framlög eru ákvörðuð skulu aðildarríki taka tillit til þess að orkunotkun í Sambandinu fyrir árið 2030 má að hámarki vera 1273 milljónir tonna olíuígilda af frumorku og/eða að hámarki 956 milljónir tonna olíuígilda af endanlegri orku. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi framlög sem hluta af samþættum orku- og loftslagsáætlunum sínum, eins og um getur í og í samræmi við 3. gr. og 7.–12. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

6. Framkvæmdastjórnin skal meta höfuðmarkmið Sambandsins um orkunýtni fyrir árið 2030, sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr., með það fyrir augum að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf eigi síðar en 2023 til endurskoðunar þeirra markmiða til hækkunar, verði veruleg kostnaðarlækkun í kjölfar efnahags- eða tækniþróunar eða, ef þess gerist þörf, til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins til að minnka kolefnislosun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).“

3) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Skuldbinding um orkusparnað

1. Aðildarríki skulu ná uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun sem jafngildir a.m.k.:

a) nýjum sparnaði á hverju ári frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020 sem nemur 1,5% af árlegri orkusölu til kaupenda miðað við magn, reiknað sem meðaltal síðustu þriggja ára fyrir 1. janúar 2013; sölu á orku, miðað við magn, sem notuð er í flutningastarfsemi, má undanskilja að öllu leyti eða að hluta frá þeim útreikningum,

b) nýjum sparnaði á hverju ári frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030 sem nemur 0,8% af árlegri orkunotkun, reiknað sem meðaltal síðustu þriggja ára fyrir 1. janúar 2019. Þrátt fyrir undanþágu frá þeirri kröfu skulu Kýpur og Malta ná fram nýjum sparnaði á hverju ári frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030 sem nemur 0,24% af árlegri, endanlegri orkunotkun, reiknað sem meðaltal síðustu þriggja ára fyrir 1. janúar 2019.

Aðildarríki geta reiknað með orkusparnað, sem er tilkominn vegna stefnuúrræða, hvort sem þau eru innleidd eigi síðar en 31. desember 2020 eða seinna, að því tilskildu að þessi úrræði leiði til nýrra einstakra aðgerða sem er hrint í framkvæmd eftir 31. desember 2020.

Aðildarríki skulu halda áfram að ná fram nýjum árlegum sparnaði, í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar, á tíu ára tímabili eftir 2030, nema í ljós komi við endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar, sem fer fram eigið síðar en 2027 og á tíu ára fresti eftir það, að ekki reynist nauðsynlegt að ná langtímamarkmiðum Sambandsins fyrir 2050.

Aðildarríki skulu ákveða hvernig skipta eigi útreiknuðu magni nýs sparnaðar á hvert tímabil, sem um getur í fyrstu undirgrein a- og b-liðar, að því tilskildu að nauðsynlegum uppsöfnuðum heildarorkusparnaði við endanlega notkun hafi verið náð fyrir lok hvers skuldbindingartímabils.

2. Aðildarríkin geta reiknað út tilskilinn orkusparnað með einni eða fleiri eftirfarandi aðferða, að því tilskildu að þau nái a.m.k. að uppfylla uppsafnaðar skuldbindingar sínar um orkusparnað við endanlega notkun sem um getur í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr.:

a) með því að beita árlegu sparnaðarhlutfalli á orkusölu til kaupenda eða á endanlega orkunotkun, reiknað sem meðaltal síðustu þriggja ára fyrir 1. janúar 2019,

b) með því að undanskilja úr reiknigrunninum, að öllu leyti eða að hluta, orkuna sem er notuð í flutningastarfsemi,

c) með því að nýta einn af möguleikunum í 4. mgr.

3. Ef aðildarríki nýta möguleikana, sem kveðið er á um í a-, b- eða c-lið 2. mgr., skulu þau ákvarða:

a) eigið árlegt sparnaðarhlutfall, sem mun verða notað við útreikning á uppsöfnuðum orkusparnaði við endanlega notkun, sem skal tryggja að endanlegt magn heildarorkusparnaðar sé ekki minna en það sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr. og

b) eigin reiknigrunn, þar sem heimilt er undanskilja, að öllu leyti eða að hluta, orkunotkun í flutningastarfsemi.

4. Með fyrirvara um 5. mgr. getur hvert aðildarríki:

a) framkvæmt útreikningana, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr., með því að nota gildið 1% fyrir 2014 og 2015, 1,25% fyrir 2016 og 2017 og 1,5% fyrir 2018, 2019 og 2020,

b) undanskilið úr útreikningunum alla eða hluta af orkusölunni, miðað við magn, að því er varðar skuldbindingartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr., eða á endanlegri orkunotkun, að því er varðar skuldbindingartímabilið sem um getur í undirgrein þess b-liðar, í þeim iðnrekstri sem er talinn upp í I. viðauka tilskipunar 2003/87/EB,

c) talið til þess orkusparnaðar sem krafist er þann orkusparnað sem næst í orkuumbreytingar-, orkudreifingar- og orkuflutningageirunum, þ.m.t. grunnvirki fyrir skilvirka fjarhitun og -kælingu, vegna framkvæmdar á kröfunum sem settar eru fram í 14. gr. (4. mgr.), 14. gr. (b-lið 5. mgr.) og 15. gr. (1.–6. mgr. og 9. mgr.) ; aðildarríki skulu, sem hluta af orku- og loftslagsáætlunum sínum, tilkynna framkvæmdastjórninni um áætluð stefnuúrræði sín samkvæmt þessum lið fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030; áhrif þessara ráðstafana skulu reiknuð út í samræmi við V. viðauka og sett fram í þessum áætlunum,

d) talið til þess orkusparnaðar sem krafist er þann orkusparnað sem leiðir af nýlegum einstökum aðgerðum sem framkvæmdar eru eftir 31. desember 2008 en sem halda áfram að hafa áhrif árið 2020, að því er varðar skuldbindingartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr., og fram yfir 2020, að því er varðar tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr., og sem hægt er að mæla og sannprófa,

e) talið til þess orkusparnaðar sem krafist er þann orkusparnað sem er tilkominn vegna stefnuúrræða, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að þessi úrræði leiði til einstakra aðgerða sem eru framkvæmdar frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 og sem skila sparnaði eftir 31. desember 2020,

f) undanskilið úr útreikningum á orkusparnaðinum sem krafist er, 30% af sannprófanlegu orkumagni sem framleitt er á eða í byggingum til eigin nota vegna stefnuúrræða sem stuðla að nýrri uppsetningu tækni á sviði endurnýjanlegrar orku,

g) talið til þess orkusparnaðar sem krafist er þann orkusparnað sem er meiri en sá orkusparnaður sem krafist er fyrir skuldbindingartímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, að því tilskildu að þessi sparnaður sé tilkominn vegna einstakra aðgerða sem eru framkvæmdar samkvæmt stefnuúrræðunum, sem um getur í 7. gr. a og 7. gr. b, sem aðildarríkin hafa tilkynnt í aðgerðaáætlunum sínum um orkunýtni og greint frá í framvinduskýrslum sínum í samræmi við 24. gr.

5. Aðildarríki skulu beita og reikna úr áhrif möguleikanna sem valdir eru skv. 4. mgr. fyrir tímabilin sem um getur í fyrstu undirgrein a- og b-liðar 1. mgr., hvert í sínu lagi:

a) við útreikning á orkusparnaðinum, sem krafist er fyrir skuldbindingartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr., geta aðildarríki notað a- til d-lið 4. mgr.; allir möguleikarnir, sem eru valdir skv. 4. mgr., skulu samanlagt ekki nema meira en 25% af orkusparnaðinum sem um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr.,

b) við útreikning á orkusparnaðinum, sem krafist er fyrir skuldbindingartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr., geta aðildarríki notað b- til g-lið 4. mgr., að því tilskildu að einstakar aðgerðir, sem um getur í d-lið 4. mgr., haldi áfram að hafa sannprófanleg og mælanleg áhrif eftir 31. desember 2020. Allir möguleikarnir, sem eru valdir skv. 4. mgr., skulu samanlagt ekki draga meira en 35% úr orkusparnaði sem er reiknaður út í samræmi við 2 og 3. mgr.;

hvort sem aðildarríki undanskilji, að fullu eða að hluta, orkunotkun í flutningastarfsemi úr reikningsgrunni sínum eða noti einhverja þá möguleika sem tilgreindir eru í 4. mgr. skulu þau tryggja að reiknaður hreinn, nýr sparnaður, sem á að ná við endanlega orkunotkun á skuldbindingartímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030, sé ekki minni en sá sparnaður sem fæst með því að beita árlega sparnaðarhlutfallinu sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar 1. mgr.

6. Aðildarríki skulu lýsa í samþættum, orku- og loftslagsáætlunum sínum, í samræmi við III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, útreikningi á orkusparnaðinum sem á að ná á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030, sem um getur í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og skulu, ef við á, útskýra hvernig árlega sparnaðarhlutfallið og reiknigrunnurinn var ákvarðaður og hvernig og að hvaða marki möguleikunum, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, var beitt.

7. Orkusparnaður sem næst eftir 31. desember 2020 skal ekki teljast til orkusparnaðarins sem krafist er fyrir tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

8. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríki sem heimila skuldbundnum aðilum að nota möguleikann, sem um getur í b-lið 6. mgr. 7. gr. a, að því er varðar fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, telja fram sparnað sem næst á hverju tilteknu ári eftir 2010 og á undan skuldbindingartímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, eins og þessi orkusparnaður hafi náðst eftir 31. desember 2013 og fyrir 1. janúar 2021, að því tilskildu að allar eftirfarandi aðstæður séu fyrir hendi:

a) áætlunin um skuldbindingar um orkunýtni var í gildi einhvern tímann á tímabilinu frá 31. desember 2009 til 31. desember 2014 og var innleidd í fyrstu aðgerðaáætlun aðildarríkisins um orkunýtni sem var lögð fram skv. 2. mgr. 24. gr.,

b) sparnaðurinn var tilkominn vegna áætlunarinnar um skuldbindingu,

c) sparnaðurinn var reiknaður út í samræmi við V. viðauka,

d) árin þar sem sparnaðurinn telst hafa náðst hafa verið skráð í landsbundnu aðgerðaáætlunina um orkunýtni í samræmi við 2. mgr. 24. gr.

9. Aðildarríki skulu tryggja að sparnaður, sem er tilkominn vegna stefnuúrræðanna sem um getur í 7. gr. a og 7. gr. b og 20. gr. (6. mgr.), sé reiknaður út í samræmi við V. viðauka.

10. Aðildarríki skulu ná orkusparnaðinum, sem krafist er skv. 1. mgr. þessarar greinar, annaðhvort með því að innleiða áætlun um skuldbindingar um orkunýtni, sem um getur í 7. gr. a, eða með því að samþykkja önnur stefnuúrræði sem um getur í 7. gr. b. Aðildarríkjum er heimilt að sameina áætlun um skuldbindingar um orkunýtni öðrum stefnuúrræðum.

11. Við mótun stefnuúrræða við uppfyllingu skuldbindinga sinna til að ná orkunýtni skulu aðildarríki hafa í huga nauðsyn þess að draga úr orkufátækt í samræmi við viðmiðanirnar sem þau setja, að teknu tilliti til tiltækra stafsvenja á sviðinu, með því að krefjast þess, að því marki sem við á, að framkvæmd hluta af ráðstöfununum um orkunýtni, samkvæmt áætlunum þeirra um skuldbindingar um orkunýtni, annarra stefnuúrræða eða áætlana eða ráðstafana, sem landsbundnir orkunýtnisjóðir fjármagna, verði forgangsverkefni í tengslum við viðkvæm heimili, þ.m.t. þau sem búa við orkufátækt og, eftir því sem við á, félagsbústaði.

Aðildarríki skulu fella upplýsingar um niðurstöður ráðstafana til draga úr orkufátækt í tengslum við þessa tilskipun inn í samþættar framvinduskýrslur sínar um orku- og loftslagsmál í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1999.

12. Aðildarríki skulu sýna fram á að þegar áhrif stefnuúrræða eða einstakra aðgerða skarast sé orkusparnaður ekki tvítalinn.“

4) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„7. gr. a

Áætlanir um skuldbindingar um orkunýtni

1. Ef aðildarríki ákveða að uppfylla skuldbindingar sínar um að ná orkusparnaðinum, sem krafist er skv. 1. mgr. 7. gr., með áætlun um skuldbindingar um orkunýtni, skulu þau tryggja að skuldbundnu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem eru starfandi á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis fyrir sig, nái, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. 7. gr., að uppfylla uppsafnaðar skuldbindingar sínar um orkusparnað fyrir endanlega notkun, eins og sett er fram í 1. mgr. 7. gr.

Eftir atvikum er aðildarríkjum heimilt að ákveða að skuldbundnir aðilar uppfylli þennan sparnað, að öllu leyti eða að hluta, sem framlag í landsbundna orkunýtnisjóðinn í samræmi við 6. mgr. 20. gr.

2. Aðildarríki skulu tilgreina, á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, skuldbundna aðila meðal dreifingaraðila orku, orkusmásölufyrirtækja og dreifingaraðila eða smásöluaðila eldsneytis sem starfa á yfirráðasvæði þeirra. Skuldbundnu aðilarnir skulu ná nauðsynlegum orkusparnaði til að uppfylla skuldbindinguna meðal kaupenda, sem aðildarríki tilnefnir, óháð útreikningunum, sem gerðir eru skv. 1. mgr. 7. gr., eða, ef aðildarríki ákveður svo, með vottuðum sparnaði frá öðrum aðilum, eins og lýst er í a-lið 6. mgr. þessarar greinar.

3. Ef orkusmásölufyrirtæki eru tilnefnd sem skyldubundnir aðilar, skv. 2. mgr., skulu aðildarríki tryggja við uppfyllingu skuldbindinga sinna að orkusmásölufyrirtæki skapi ekki hindranir sem torveldi neytendum að færa sig frá einum orkuveitanda til annars.

4. Aðildarríki skulu gefa upp þann orkusparnað sem krafist er af hverjum skuldbundnum aðila sem endanlega orkunotkun eða frumorkunotkun. Aðferðin, sem valin er við framsetningu á tilskildum orkusparnaði, skal einnig notuð við útreikninga á þeim sparnaði sem skuldbundnir aðilar gefa upp. Breytistuðlarnir, sem settir eru fram í IV. viðauka, skulu gilda.

5. Aðildarríki skulu koma á fót kerfum fyrir mælingar, eftirlit og sannprófun þar sem skjalfest sannprófun fer a.m.k. fram á tölfræðilega marktækum hluta og dæmigerðu úrtaki af ráðstöfunum um umbætur í orkunýtni sem skuldbundnir aðilar hafa gripið til. Mælingarnar, eftirlitið og sannprófunin skulu fara fram óháð skuldbundnu aðilunum.

6. Innan áætlunarinnar um skuldbindingar um orkunýtni geta aðildarríkin gert annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:

a) heimilað skuldbundnum aðilum að telja sem hluta af skuldbindingum sínum vottaðan orkusparnað sem orkuþjónustuveitendur eða aðrir þriðju aðilar hafa náð, þ.m.t. þegar skuldbundnir aðilar stuðla að því að gerðar séu ráðstafanir, fyrir milligöngu annarra aðila sem ríkið hefur samþykkt eða fyrir milligöngu opinberra yfirvalda, sem getur falið í sér formlega samvinnu og tengst öðrum fjármögnunarleiðum; ef aðildarríkin heimila slíkt skulu þau tryggja að vottun orkusparnaðar samrýmist samþykktarferli, sem hefur verið innleitt í aðildarríkjunum, sem er skýrt, gagnsætt og opið öllum markaðsaðilum og sem miðar að því að lágmarka kostnað við vottun,

b) heimilað skuldbundnum aðilum að telja fram sparnað, sem næst á tilteknu ári, eins og hann hafi náðst á einhverju af fjórum næstliðnum árum eða þremur næstkomandi árum svo framarlega sem það sé ekki eftir skuldbindingartímabilið sem er sett fram í 1. mgr. 7. gr.

Aðildarríki skulu meta og, ef við á, grípa til aðgerða til að lágmarka áhrif beins og óbeins kostnaðar af áætlunum um skuldbindingar um orkunýtni á samkeppnishæfni orkufreks iðnaðar í alþjóðlegri samkeppni.

7. Aðildarríki skulu árlega birta orkusparnað, sem hver skuldbundinn aðili hefur náð eða hver undirhópur skuld bundinna aðila, og samtals innan áætlunarinnar.

7. gr. b

Önnur stefnuúrræði

1. Ef aðildarríki ákveða að uppfylla skuldbindingar sínar um að ná orkusparnaðinum, sem krafist er skv. 1. mgr. 7. gr., með því að nota önnur stefnuúrræði, skulu þau tryggja, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. 7. gr., að orkusparnaðurinn, sem krafist er skv. 1. mgr. 7. gr., náist meðal kaupenda.

2. Að því er varðar allar ráðstafanir aðrar en þær sem tengjast skattlagningu skulu aðildarríki innleiða kerfi fyrir mælingar, eftirlit og sannprófun þar sem skjalfest sannprófun fer a.m.k. fram á tölfræðilega marktækum hluta og dæmigerðu úrtaki af ráðstöfunum til umbóta í orkunýtni sem þátttöku- eða umsjónaraðilar gera. Mælingar, eftirlit og sannprófun skal fara fram óháð þátttöku- eða umsjónaraðilum.“

5) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Mælingar á gasi og raforku“.

b) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja, svo fremi að það sé tæknilega mögulegt, fjárhagslega hagkvæmt og í réttu hlutfalli við mögulegan orkusparnað, að kaupendur raforku og jarðgass fái sértæka mæla á samkeppnishæfu verði sem endurspegla nákvæmlega raunorkunotkun þeirra og veita upplýsingar um notkunartíma.“

c) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

6) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„9. gr. a

Mælingar á hitun, kælingu og heitu vatni til heimilisnota

1. Aðildarríki skulu tryggja að kaupendur fjarhitunar, fjarkælingar og heits vatns til heimilisnota fái mæla á samkeppnishæfu verði sem endurspegla nákvæmlega raunorkunotkun þeirra.

2. Ef hitun og kælingu eða heitu vatni til heimilisnota er miðlað til byggingar frá miðlægum upprunastað, sem veitir mörgum byggingum þjónustu, eða frá fjarhitunar- eða fjarkælingarkerfi, skal setja upp mæli við varmaskiptinn eða á afhendingarstað.

9. gr. b

Notkunarmæling og skipting kostnaðar í tengslum við hitun, kælingu og vatn til heimilisnota

1. Í fjölbýlishúsum og fjölnotabyggingum með miðstöðvarhitun eða -kælingu eða tengingu við fjarhitunar- eða fjarkælikerfi skal setja upp sértæka mæla til að mæla notkun á hitun, kælingu eða heitu vatni til heimilisnota fyrir hverja byggingareiningu þar sem það er tæknilega mögulegt og kostnaðarhagkvæmt og í réttu hlutfalli við mögulegan orkusparnað.

Þar sem notkun sérmæla er ekki tæknilega möguleg eða ekki kostnaðarhagkvæm við mælingu á hitanotkun í hverri byggingareiningu skal nota sérhitunarkostnaðarmæla til að mæla hitanotkun hvers ofns, nema viðkomandi aðildarríki sýni fram á að uppsetning slíkra hitunarkostnaðarmæla myndi ekki vera kostnaðarhagkvæm. Í þeim tilvikum mætti íhuga aðrar kostnaðarhagkvæmar aðferðir við mælingu á hitanotkun. Hvert aðildarríki skal setja fram og birta skýrar og almennar viðmiðanir, aðferðir og/eða verklag til að ákvarða hvort skortur sé á tæknilegum framkvæmdarleika og kostnaðarhagkvæmni.

2. Í nýjum fjölbýlishúsum og í íbúðarhluta nýrra fjölnotabygginga, sem eru útbúin með miðstöðvarhitun fyrir heitt vatn til heimilisnota eða tengd við fjarhitunarkerfi, skal setja upp sérmæla fyrir heitt vatn til heimilisnota, þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr.

3. Ef fjölbýlishús eða fjölnotabyggingar eru tengdar við fjarhitun eða -kælingu eða ef innbyggð sameiginleg hitunar- eða kælikerfi í slíkum byggingum eru algeng skulu aðildarríki tryggja að þau setji sér gagnsæjar reglur, sem eru aðgengilegar öllum, um skiptingu kostnaðar við hitun, kælingu og neyslu heits vatns til heimilisnota í slíkum byggingum til að tryggja gagnsæi og nákvæmni í reikningsuppgjöri á einkaneyslu. Eftir því sem við á skulu slíkar reglur fela í sér leiðbeiningar um hvernig skipta skuli kostnaði við orkunotkun sem hér segir:

a) heitt vatn til heimilisnota,

b) hiti sem geislað er frá lögnum í byggingum og í þeim tilgangi að hita upp sameiginleg svæði þar sem ofnar eru í stigum og göngum,

c) í þeim tilgangi að hita upp eða kæla íbúðir.

9. gr. c

Kröfur um fjarálestur

1. Að því er varðar 9. gr. a og 9. gr. b skal vera unnt að fjarlesa af mælum og hitunarkostnaðarmælum sem eru settir upp eftir 25. október 2020. Skilyrði fyrir því hvað telst tæknilega framkvæmanlegt og kostnaðarhagkvæmt, sem sett er fram í 1. mgr. 9. gr. b, gilda áfram.

2. Mælar og hitunarkostnaðarmælar, sem ekki er unnt að fjarlesa af, en hafa nú þegar verið uppsettir skulu útbúnir þannig að unnt sé að fjarlesa af þeim eða þeim skipt út fyrir tækjabúnað sem unnt er að fjarlesa af eigi síðar en 1. janúar 2027, nema viðkomandi aðildarríki sýni fram á að það sé ekki kostnaðarhagkvæmt.“

7) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Upplýsingar um gerð reikninga fyrir gas og raforku“.

b) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef kaupendur eru ekki með snjallmæla, eins og um getur í tilskipunum 2009/72/EB og 2009/73/EB, skulu aðildarríki tryggja, eigi síðar en 31. desember 2014, að upplýsingar um gerð reikninga séu áreiðanlegar, nákvæmar og byggðar á raunverulegri raforku- og gasnotkun, í samræmi við lið 1.1 í VII. viðauka, ef það er tæknilega mögulegt og efnahagslega réttlætanlegt.“

8) Eftirfarandi grein er bætt við:

„10. gr. a

Reikningagerð og notkunarupplýsingar um hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota

1. Ef mælar og hitunarkostnaðarmælar eru uppsettir skulu aðildarríki tryggja að reikningagerð og notkunarupplýsingar séu áreiðanlegar, nákvæmar og byggðar á raunverulegri notkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum, í samræmi við 1. og 2. lið VII. viðauka a, að því er varðar alla endanlega notendur, þ.e. einstaklinga eða lögaðila sem kaupa hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota til eigin endanlegrar notkunar eða einstaklinga eða lögaðila sem hafa aðsetur í einstakri byggingu eða í einingu fjölbýlishúss eða fjölnotabyggingu sem fær hitun, kælingu eða heitt vatn til heimilisnotkunar frá miðlægum upprunastað og sem hafa ekki beinan eða einstakan samning við orkuveitandann.

Ef aðildarríki kveður svo á um er heimilt að uppfylla þessa skuldbindingu, nema um sé að ræða notkunarmælingu, sem byggist á hitunarkostnaðarmælum skv. 9. gr. b, með kerfi sem byggist á því að kaupendur eða endanlegir notendur lesi sjálfir reglulega af sínum mæli og tilkynni mælingarnar. Einungis ef kaupandi eða endanlegur notandi leggur ekki fram álestur af mæli fyrir tiltekið reikningstímabil skal reikningagerð byggjast á áætlaðri notkun eða fastagjaldi.

2. Aðildarríki skulu:

a) krefjast þess að, ef fyrir liggja upplýsingar um orkureikninginn og fyrri notkun endanlegra notenda eða álestur af hitunarkostnaðarmælum þeirra, séu þær gerðar aðgengilegar, að beiðni endanlega notandans, orkuveitandanum sem endanlegi notandinn tilnefnir,

b) tryggja að kaupendum sé gefinn kostur á að velja rafrænar upplýsingar um gerð reikninga og rafræna reikninga,

c) tryggja að reikningum allra endanlegra notenda fylgi skýrar og skiljanlegar upplýsingar, í samræmi við 3. lið VII. viðauka a, og

d) stuðla að netöryggi og tryggja friðhelgi einkalífs og gagnavernd fyrir endanlega notendur í samræmi við gildandi lög Sambandsins.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um, að beiðni kaupanda, að veiting upplýsinga um gerð reikninga teljist ekki vera beiðni um greiðslu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki tryggja að boðið sé upp á sveigjanlegt fyrirkomulag á raunverulegum greiðslum.

3. Aðildarríki skulu ákvarða hver eigi að bera ábyrgð á því að veita endanlegum notendum, sem hafa ekki beina eða einstaka samninga við orkuveitanda, upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

9) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

Kostnaður við aðgang að upplýsingum um mælingar og um gerð reikninga fyrir raforku og gas

Aðildarríki skulu tryggja að kaupendur fái alla reikninga og upplýsingar um gerð reikninga yfir orkunotkun sína án endurgjalds og að kaupendur hafi aðgang að notkunargögnum sínum á viðeigandi hátt og án endurgjalds.“

10) Eftirfarandi grein er bætt við:

„11. gr. a

Kostnaður við aðgang að upplýsingum um mælingar og um gerð reikninga og notkunarupplýsingar um hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota

1. Aðildarríki skulu tryggja að endanlegir notendur fái alla reikninga og upplýsingar um gerð reikninga yfir orkunotkun sína án endurgjalds og að þeir hafi aðgang að notkunargögnum sínum á viðeigandi hátt og án endurgjalds.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal skipting kostnaðar varðandi upplýsingar um gerð reikninga fyrir einkaneyslu á hitun, kælingu og heitu vatni til heimilisnota í fjölbýlishúsum og fjölnotabyggingum, skv. 9. gr. b, ekki gerð í ábataskyni. Leggja má kostnað, sem hlýst af því að úthluta þessu verkefni til þriðja aðila, eins og þjónustuveitanda eða staðbundinnar orkuveitu, sem nær yfir mælingar, skiptingu og reikningshald yfir raunverulega einkaneyslu í slíkum byggingum, á endanlega notendur að því marki sem slíkur kostnaður er sanngjarn.

3. Í því skyni að tryggja sanngjarnan þjónustukostnað við notkunarmælingu, eins og um getur í 2. mgr., geta aðildarríki örvað samkeppni í þessum þjónustugeira með því að grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að mæla með eða hvetja til útboðs og/eða notkunar á rekstrarsamhæfðum tækjum og kerfum, og gera þannig auðveldara um vik að færa sig milli þjónustuveitenda.“

11) Í 15. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„2a. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, undirbúa sameiginlega aðferð í því skyni að hvetja rekstraraðila flutningskerfa til að draga út tapi, hrinda í framkvæmd áætlun um kostnaðarhagkvæmar og orkunýtnar grunnvirkjafjárfestingar og gera með tilhlýðilegum hætti grein fyrir orkunýtni og sveigjanleika dreifikerfisins.“

12) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 20. gr.:

„3a. Í því skyni að virkja einkafjármögnun í tengslum við orkunýtniráðstafanir og endurnýjanlega orku, í samræmi við tilskipun 2010/31/ESB, skal framkvæmdastjórnin hefja samræður við bæði opinberar og einkareknar fjármálastofnanir í því skyni að kortleggja mögulegar aðgerðir sem hún getur gripið til.

3b. Aðgerðirnar, sem um getur í 3. mgr. a, skulu fela í sér eftirfarandi:

a) að virkja fjárfestingar í orkunýtni með því að íhuga víðtæk áhrif orkusparnaðar á fjármögnunaráhættu,

b) að tryggja betri gögn um árangur á sviði orkumála og fjárhagslegan árangur með því:

i. að kanna frekar hvernig fjárfestingar í orkunýtni auka virði undirliggjandi eigna,

ii. að styðja við rannsóknir til að meta efnahagslegan ávinning af fjárfestingum í orkunýtni sem er ekki orkutengdur.

3c. Í því skyni að virkja einkafjármögnun í tengslum við orkunýtniráðstafanir og endurnýjanlega orku skulu aðildarríki við framkvæmd þessarar tilskipunar:

a) íhuga leiðir til að nýta betur orkuúttektir, skv. 8. gr., í því skyni að hafa áhrif á ákvörðunartöku,

b) nýta sem best þá möguleika og þau tæki sem lögð eru til í framtaksverkefninu um snjallfjármögnun snjallbygginga.

3d. Eigi síðar en 1. janúar 2020 skal framkvæmdastjórnin veita aðildarríkjum leiðbeiningar um hvernig virkja eigi fjárfestingar einkaaðila.“

13) Í stað 2. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta þessari tilskipun með því að laga að tækniframförum gildin, reikniaðferðirnar, sjálfgefna frumorkustuðulinn og kröfurnar í I.– V. viðauka, VII.–X. viðauka og XII. viðauka.“

14) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 22. gr., í fimm ára tímabil sem hefst 24. desember 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

(*) Stjtíð. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.“

15) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Í tengslum við skýrsluna um ástand orkusambandsins skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu um starfsemi kolefnismarkaðarins, í samræmi við 1. mgr. 35. gr. og c-lið 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, að teknu tilliti til áhrifa af framkvæmd þessarar tilskipunar.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„12. Eigi síðar en 31. desember 2019 skal framkvæmdastjórnin meta skilvirkni beitingar skilgreiningarinnar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að því er varðar 4. mgr. 8. gr., og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er eftir framlagningu þeirrar skýrslu, ef við á, samþykkja tillögur að nýrri löggjöf.

13. Eigi síðar en 1. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin vinna mat á möguleikanum á orkunýtni við umbreytingu, ummyndun, flutning, afhendingu og geymslu orku og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Tillaga að nýrri löggjöf skal fylgja skýrslunni, ef við á.

14. Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin, nema í millitíðinni hafi verið lagðar fram tillögur að breytingum á ákvæðum um smásölumarkaðinn í tilskipun 2009/73/ um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir gas, vinna mat á ákvæðum sem tengjast mælingum, reikningagerð og notkunarupplýsingum fyrir jarðgas og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, með það að markmiði, eftir því sem við á, að laga þau að viðeigandi ákvæðum um raforku í tilskipun 2009/72/EB, í því skyni að efla neytendavernd og gera kaupendum kleift að fá oftar í hendur skýrar og uppfærðar upplýsingar um jarðgasnotkun sína og til að geta stýrt eigin orkunotkun. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er eftir framlagningu þeirrar skýrslu, ef við á, samþykkja tillögur að nýrri löggjöf.

15. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. febrúar 2024 og á fimm ára fresti eftir það, meta þessa tilskipun og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Matið skal fela í sér:

a) athugun á því hvort breyta skuli, eftir 2030, kröfunum og annarri nálgun sem mælt er fyrir um í 5. gr.,

b) úttekt á almennri skilvirkni þessarar tilskipunar og þörf á að breyta frekar stefnu Sambandsins um orkunýtni í samræmi við markmið Parísarsamningsins frá árinu 2015 um loftslagsbreytingar í kjölfar tuttugustu og fyrstu ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (*) og í ljósi efnahags- og nýsköpunarþróunar.

Skýrslunni skal fylgja tillögur að frekari ráðstöfunum, ef við á.

(*) Stjtíð. ESB L 282, 19.10. 2016, bls. 4.“

16) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. júní 2020.

Aðildarríkin skulu þó samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 5.–10. mgr. 1. gr. og 3. og 4. lið þessa viðauka, eigi síðar en 25. október 2020.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. desember 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	J. BOGNER-STRAUSS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2012/27/ESB er breytt sem hér segir:

1) í stað 3. neðanmálsgreinar í IV. viðauka kemur eftirfarandi:

„(3) Á við þegar orkusparnaður er reiknaður út frá frumorku með grasrótaraðferð sem byggist á endanlegri orkunotkun. Að því er varðar sparnað í kílóvattstundum af raforku skulu aðildarríki, í því skyni að tryggja nákvæman útreikning á raunverulegum sparnaði, nota stuðul sem er ákvarðaður með gagnsærri aðferð á grundvelli landsbundinna aðstæðna sem hafa áhrif á frumorkunotkun. Þessar aðstæður skulu rökstuddar, vera sannprófanlegar og byggjast á hlutlægum viðmiðunum sem eru án mismununar Að því er varðar sparnað í kílóvattstundum af raforku geta aðildarríkin beitt sjálfgefna stuðlinum 2,1 eða skilgreint annan stuðul að eigin geðþótta, að því tilskildu að þau geti rökstutt það. Í því samhengi skulu aðildarríki taka tillit til orkusamsetningar í samþættum orku- og loftslagsáætlunum sínum sem á að tilkynna framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1999. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 25. desember 2022 og á fjögurra ára fresti eftir það, endurskoða sjálfgefna stuðulinn á grundvelli mældra gagna. Þessi endurskoðun skal fara fram með tilliti til áhrifa hennar á önnur lög Sambandsins, t.d. á tilskipun 2009/125/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).“

2) Í stað V. viðauka kemur eftirfarandi:

„V. VIÐAUKI

Almennar aðferðir og meginreglur um útreikninga á áhrifum áætlana um skuldbindingar um orkunýtni eða annarra stefnuúrræða skv. 7. gr. 7. gr. a. og 7. gr. b og 20. gr. (6. mgr.).

1. Aðferðir við útreikninga á orkusparnaði, með hliðsjón af 7. gr., 7. gr. a og 7. gr. b og 20. gr. (6. mgr.), nema þegar sparnaðurinn er tilkominn vegna skattaráðstafana.

   Skuldbundnir aðilar, þátttökuaðilar eða umsjónaraðilar eða opinber framkvæmdaryfirvöld geta notað eftirfarandi aðferðir við útreikninga á orkusparnaði:

   a) áætlaður sparnaður með vísun til niðurstaðna fyrra óháðs eftirlits með orkuúrbótum í svipuðum verum; heiti almennu nálgunarinnar er „fyrir fram“,

   b) mældur sparnaður, þar sem sparnaður af uppsetningu ráðstöfunar eða pakka ráðstafana er ákvarðaður með því að skrá raunverulega lækkun á orkunotkun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þátta eins og viðbótargilda, íbúafjölda, framleiðslustigs og veðurs sem geta haft áhrif á notkun. heiti almennu nálgunarinnar er „eftirá“,

   c) kvarðaður sparnaður, þar sem verkfræðilegt mat á sparnaði er notað; þessa nálgun má aðeins nota ef það er erfitt eða óhóflega kostnaðarsamt að fastsetja traust mæld gögn um tiltekna uppsetningu, t.d. þegar skipt er um þjöppu eða rafmagnshreyfil með önnur málgildi í kílóvattstundum en þau sem óháðar upplýsingar um sparnað hafa verið mældar fyrir, eða ef sérfræðingar, sem eru óháðir viðkomandi skuldbundnum aðilum, þátttökuaðilum eða umsjónaraðilum, framkvæma matið á grundvelli landsbundinna aðferða og viðmiðana sem hafa verið ákvarðaðar,

   d) kannaður sparnaður, þar sem ákvörðuð eru viðbrögð neytenda við ráðleggingum, upplýsingaherferðum, merkingar- eða vottunarkerfum eða snjallmælikerfum. Þessa nálgun má aðeins nota fyrir sparnað sem leiðir af breytingum á hegðun neytenda. Hana skal ekki nota fyrir sparnað sem leiðir af uppsetningu efnislegra ráðstafana.

2. Við ákvörðun orkusparnaðar í tengslum við orkunýtniráðstöfun, að því er varðar 7. gr., 7. gr. a og 7. gr. b og 20. gr. (6. mgr.), gilda eftirfarandi meginreglur:

   a) Sýna skal fram á að sparnaðurinn komi til viðbótar við þann sparnað sem hefði í öllum tilvikum átt sér stað án aðgerða af hálfu skuldbundinna aðila, þátttökuaðila eða umsjónaraðila eða opinberra framkvæmdaryfirvalda. Til að ákvarða sparnaðinn, sem hægt er að staðhæfa að sé viðbótarsparnaður, skulu aðildarríki taka tillit til þess hvernig orkunotkun og -eftirspurn myndi þróast án viðkomandi stefnuúrræða með því að taka a.m.k. mið af eftirfarandi

þáttum: þróun orkunotkunar, breytingu á hegðun neytenda, tækniþróun og breytingum af völdum annarra ráðstafana sem gerðar eru á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

b) Orkusparnaður af völdum framkvæmdar skyldubundinna laga Sambandsins skal teljast vera sparnaðar sem hefði, hvað sem öðru líður, átt sér stað og skal því ekki teljast til orkusparnaðar að því er varðar 1. mgr. 7. gr. Þrátt fyrir undanþágu frá þeirri kröfu getur sparnaður í tengslum við endurnýjun bygginga, sem fyrir eru, talist til orkusparnaðar að því er varðar 1. mgr. 7. gr., að því tilskildu að viðmiðunin um mikilvægi, sem um getur í h-lið 3. liðar þessa viðauka, sé uppfyllt. Orkusparnaður af völdum framkvæmdar landsbundinna lágmarkskrafna, sem settar voru um nýjar byggingar fyrir lögleiðingu tilskipunar 2010/31/ESB, geta talist til orkusparnaðar að því er varðar a-lið 1. mgr. 7. gr., að því tilskyldu að viðmiðunin um mikilvægi, sem um getur í h-lið 3. liðar þessa viðauka, sé uppfyllt og að aðildarríkin hafi tilkynnt þennan sparnað í aðgerðaáætlunum sínum um orkunýtni í samræmi við 2. mgr. 24. gr.

c) Aðeins má færa til sparnaðar það sem fer yfir eftirfarandi mörk:

i. staðla Sambandsins um mengunarvarnagetu nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja í kjölfar framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*) og (ESB) nr. 510/2011 (**),

ii. kröfur Sambandsins að því er varðar að taka af markaði tilteknar orkutengdar vörur í kjölfar þess að hrinda í framkvæmd framkvæmdarráðstöfunum samkvæmt tilskipun 2009/125/EB.

d) Leyfa skal stefnuúrræði sem hafa þann tilgang að hvetja til aukinnar orkunýtni á sviði vara, búnaðar, flutningakerfa, ökutækja og eldsneytis, bygginga og byggingareininga, ferla eða markaða.

e) Heimilt er að taka tillit til ráðstafana, sem stuðla að innleiðingu minni háttar tækni á sviði endurnýjanlegrar orku á eða í byggingum til að uppfylla kröfur um orkusparnað skv. 1. mgr. 7. gr., að því tilskildu að þær leiði til orkusparnaðar sem unnt er að sannprófa og mæla og meta. Útreikningur á orkusparnaði skal uppfylla kröfurnar í þessum viðauka.

f) Heimilt er að telja að öllu leyti með þann orkusparnað sem er tilkominn vegna stefnuúrræða sem flýta fyrir að teknar séu í notkun orkunýtnari vörur og ökutæki, að því tilskildu að slík notkun verði innan áætlaðs meðalendingartíma vörunnar eða ökutækisins eða áður en vörunni eða ökutækinu yrði venjulega skipt út, og einungis er heimilt að reikna orkusparnaðinn með fram að lokum áætlaðs meðalendingartíma vörunnar eða ökutækisins sem á að skipta út.

g) Þegar aðildarríki stuðla að því að gerðar séu ráðstafanir um orkunýtni skulu þau, ef við á, tryggja að gæðastöðlum fyrir vörur, þjónustu og gerð ráðstafana sé viðhaldið eða þeir innleiddir ef slíkir staðlar eru ekki til.

h) Til að taka tillit til breytileika í loftslagi á milli svæða geta aðildarríki valið að laga sparnaðinn að stöðluðu gildi eða leyfa mismunandi orkusparnað í samræmi við breytileika hitastigs á milli svæða.

i) Við útreikning á orkusparnaði skal taka tillit til þess hve lengi ráðstafanirnar vara og hve hratt sparnaðurinn minnkar þegar til lengri tíma er litið. Í útreikningnum skal telja með þann sparnað sem fæst við hverja einstaka aðgerð frá því hún kemur til framkvæmdar fram til 31. desember 2020 eða 31. desember 2030, eftir því sem við á. Að öðrum kosti geta aðildarríki samþykkt aðra aðferð sem talið er að nái, í það minnsta, sama heildarsparnaðinum. Þegar önnur aðferð er notuð skulu aðildarríki tryggja að heildarorkusparnaður, sem reiknaður er með þeirri aðferð, sé ekki meiri en sá orkusparnaðar sem hefði verið niðurstaða útreikninganna þegar talinn er með sá sparnaður sem fæst við hverja einstaka aðgerð frá því hún kemur til framkvæmdar fram til 31. desember 2020 eða 31. desember 2030, eftir því sem við á. Í samþættum orku- og loftslagsáætlunum sínum, samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999, skulu aðildarríki lýsa nákvæmlega þessari aðferð og ákvæðum sem sett voru til að tryggja að bindandi kröfur um útreikninga væru uppfylltar.

3. Aðildarríki skulu tryggja að eftirfarandi kröfur um stefnuúrræði, sem gripið hefur verið til skv. 7. gr. b og 6. mgr. 20. gr., séu uppfylltar:

a) stefnuúrræði og einstakar aðgerðir skili sannprófanlegum orkusparnaði við endanlega notkun,

b) ábyrgð allra þátttökuaðila, umsjónaraðila eða opinbers framkvæmdaryfirvalds, eftir því sem við á, sé greinilega skilgreind,

c) orkusparnaðurinn sem næst eða á að nást sé skilgreindur með gagnsæjum hætti,

d) orkusparnaðurinn, sem krafist er eða sem á að nást með stefnuúrræðinu, sé settur fram annaðhvort sem endanleg orkunotkun eða frumorkunotkun, samkvæmt breytistuðlunum sem settir eru fram í IV. viðauka,

e) umsjónaraðilar, þátttökuaðilar og opinber framkvæmdaryfirvöld leggi fram ársskýrslu um orkusparnað, sem náðst hefur, og geri hana aðgengilega öllum, auk gagna um árlega þróun orkusparnaðar,

f) eftirlit með niðurstöðum sé tryggt og gripið til viðeigandi ráðstafana ef árangurinn er ekki fullnægjandi,

g) fleiri en einn aðili geti ekki lýst yfir orkusparnaði vegna einstakrar aðgerðar,

h) sýnt sé fram á mikilvægi aðgerða þátttökuaðila, umsjónaraðila eða opinbers framkvæmdaryfirvalds við að ná uppgefnum orkusparnaði.

4. Við ákvörðun á orkusparnaði vegna stefnuúrræða sem tengjast skattlagningu, sem voru innleidd skv. 7. gr. b, gilda eftirfarandi meginreglur:

a) aðeins skal telja með orkusparnað vegna skattaráðstafana sem ganga lengra en lágmarksskattþrepið sem gildir um eldsneyti, eins og krafist er í tilskipun ráðsins 2003/96/EB (***) eða 2006/112/EB (****),

b) verðteygni við útreikninga á áhrifum skattaráðstafana (í tengslum við orku) skal jafngilda svörunarhæfni eftirspurnar eftir orku gagnvart verðbreytingum og skal hún metin á grundvelli nýlegra og dæmigerðra, opinberra gagnalinda,

c) orkusparnaður vegna meðfylgjandi skattalegra stjórntækja, þ.m.t. skattaívilnana eða greiðslna í sjóð, skal talinn sérstaklega.

5. Tilkynning um aðferðir

Í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1999 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni í smáatriðum um fyrirhugaðar aðferðir sínar við að nota áætlanir um skuldbindingar um orkunýtni og aðrar ráðstafanir sem um getur í 7. gr. a og 7. gr. b og 20. gr. (6. mgr.). Nema um sé að ræða skattlagningu skal slík tilkynning fela í sér upplýsingar um:

a) orkusparnaðinn, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr. 7. gr., eða sparnað sem gert er ráð fyrir að náist á öllu tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030,

b) skuldbundnu aðilana, þátttökuaðilana eða umsjónaraðilana, eða opinber framkvæmdaryfirvöld,

c) markgeira,

d) stefnuúrræði og einstakar aðgerðir, þ.m.t. áætlaður uppsafnaður heildarorkusparnaður fyrir hvert úrræði,

e) lengd skuldbindingartímabilsins fyrir áætlunina um skuldbindingar um orkunýtni,

f) aðgerðirnar sem kveðið er á um í stefnuúrræðinu,

g) reikniaðferðir, þ.m.t. hvernig viðbótargildi og mikilvægi hafi verið ákvörðuð og hvaða aðferðir og viðmiðanir eigi að nota fyrir áætlaðan og kvarðaðan sparnað,

h) endingartíma ráðstafana og hvernig hann er reiknaður út eða á hverju hann byggist,

i) aðferðir við að bregðast við breytileika í loftslagi innan aðildarríkisins,

j) eftirlits- og sannprófunarkerfi fyrir stefnuúrræði, skv. 7. gr. a og 7. gr. b, og hvernig sjálfstæði þeirra frá skuldbundnum aðilum, þátttökuaðilum eða umsjónaraðilum er tryggt,

k) ef um er að ræða skattlagningu:

i. markgeira og hóp skattgreiðenda,

ii. opinbert framkvæmdaryfirvald,

iii. sparnaðinn sem gert er ráð fyrir að náist,

iv. tímalengd skattlagningarráðstafananna og

v. reikniaðferðir, þ.m.t. hvaða verðteygni er notuð og hvernig hún er ákvörðuð.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunar varnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1).

(***) Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51).

(****) Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið (Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

3) Í stað fyrirsagnarinnar í VII. viðauka kemur eftirfarandi:

„Lágmarkskröfur um upplýsingar um reikningagerð og notkunarupplýsingar sem byggjast á raunverulegri raforku- og gasnotkun“.

4) Eftirfarandi viðauka er bætt við:

„VII. VIÐAUKI a

Lágmarkskröfur um upplýsingar um reikningagerð og notkunarupplýsingar í tengslum við hitun, kælingu og heitt vatn til heimilisnota

1. Reikningagerð sem byggist á raunnotkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum

Í því skyni að gera endanlegum notendum kleift að stjórna eigin orkunotkun skal reikningagerð fara fram á grundvelli raunverulegrar notkunar eða álestrar af hitunarkostnaðarmælum minnst einu sinni á ári.

2. Lágmarkstíðni upplýsinga um reikningagerð eða notkun

Frá og með 25. október 2020, ef settir hafa verið upp mælar til fjaraflestrar eða hitunarkostnaðarmælar, skulu endanlegir notendur fá upplýsingar um gerð reikninga eða notkunarupplýsingar, sem byggjast á raunverulegri notkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum, a.m.k. fjórum sinnum á ári eða, ef kaupendur hafa valið að fá rafræna reikningsútskrift, tvisvar á ári.

Frá og með 1. janúar 2022, ef settir hafa verið upp mælar sem unnt er að fjarlesa af eða hitunarkostnaðarmælar, skulu endanlegir notendur fá upplýsingar um gerð reikninga eða notkunarupplýsingar, sem byggjast á raunverulegri notkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum, a.m.k. mánaðarlega. Einnig er heimilt að gera upplýsingarnar aðgengilegar á Netinu og uppfæra þær eins oft og mælingatækin og -kerfin, sem notuð eru, leyfa. Heimilt er að undanskilja hitun og kælingu frá þessari kröfu utan hitunar- og kælitímabilanna.

3. Lágmarksupplýsingar sem koma fram á reikningnum

Aðildarríki skulu tryggja að endanlegir notendur fái eftirfarandi upplýsingar á skýran og skiljanlegan hátt, á eða meðfylgjandi reikningum sínum, ef þeir byggjast á raunverulegri notkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum:

a) núverandi raunverð og raunverulega orkunotkun eða heildarhitunarkostnað og álestur af hitunarkostnaðarmælum,

b) upplýsingar um eldsneytissamsetninguna, sem notuð er, og tilheyrandi árlega losun gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. fyrir endanlega notendur, sem njóta fjarhitunar eða -kælingar, og lýsingu á mismunandi sköttum, álögum og tollum sem beitt er; aðildarríki geta takmarkað gildissvið kröfunnar um að leggja fram upplýsingar um losun gróður-húsalofttegunda þannig að hún taki eingöngu til miðlunar úr fjarhitunarkerfum með samanlagt nafnvarmaafl yfir 20 MW,

c) samanburð á núverandi orkunotkun endanlegra notenda og notkun á sama tímabili á undangengnu ári, í myndrænni framsetningu, þar sem hitun og kæling er leiðrétt fyrir loftslagi,

d) upplýsingar um hvernig hafa má samband við neytendasamtök, orkumálastofnanir eða svipaða aðila kaupenda, þ.m.t. vefföng, þar sem nálgast má upplýsingar um tiltækar ráðstafanir til umbóta í orkunýtni, samanburðarlýsingar á endanlegum notendum og hlutlægar tækniforskriftir fyrir búnað sem notar orku,

e) upplýsingar um tilheyrandi verklag við kvartanir, þjónustu umboðsmanns eða lausn deilumála utan dómstóla, eftir því sem við á, í aðildarríkjunum,

f) samanburð við endanlegan meðalorkunotanda, staðlaðan eða til viðmiðunar í sama notendaflokki, Ef um er að ræða rafræna reikninga, mætti frekar gera slíkan samanburð aðgengilegan á Netinu og með tilvísun í reikninga.

Reikningar, sem byggjast ekki á raunverulegri notkun eða álestri af hitunarkostnaðarmælum, skulu hafa að geyma greinargóða og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig fjárhæðin á reikningnum var reiknuð út og a.m.k. upplýsingarnar sem um getur í d- og e-lið.“

5) Í stað fjórðu málsgreinar g-liðar í 1. hluta IX. viðauka kemur eftirfarandi:

„g) Efnahagsleg greining: Skrá áhrifa

Efnahagslega greiningin skal taka tillit til allra viðkomandi efnahagslegra áhrifa.

Aðildarríki mega við ákvarðanatöku sína meta og taka tillit til kostnaðar og orkusparnaðar vegna aukins sveigjanleika í afhendingu orku og bættrar starfrækslu raforkuneta, þ.m.t. kostnaðar sem komist er hjá og sparnaðar af minnkuðum fjárfestingum í grunnvirkjum, í sviðsmyndum greiningarinnar.

Kostnaður og ábati, sem um getur í fyrstu málsgreininni, skal a.m.k. vera eftirfarandi:

i. Ábati

— Virði framleiðslunnar fyrir neytandann (hiti og raforka)

— Ytri ábati, eins og ábati með hliðsjón af umhverfinu, losun gróðurhúsalofttegunda sem og heilsufarslegur og öryggislegur ábati, að því marki sem það er mögulegt

— Áhrif á vinnumarkað, orkuöryggi og samkeppnishæfni, að því marki sem það er mögulegt

ii. Kostnaður

— Fjármagnskostnaður vera og búnaðar

— Fjármagnskostnaður tengdra orkuneta

— Breytilegur og fastur rekstrarkostnaður

— Orkukostnaður

— Umhverfislegur og heilsufarslegur kostnaður og kostnaður í tengslum við öryggi, að því marki sem það er mögulegt

— Vinnumarkaðskostnaður, kostnaður í tengslum við orkuöryggi og samkeppnishæfni, að því marki sem það er mögulegt.“

6) Í stað fyrstu málgreinar a-liðar XII. viðauka kemur eftirfarandi:

„a) semja og birta staðlaðar reglur um það hver skuli standa undir kostnaði af tæknilegum aðlögunum á borð við tengingar við dreifikerfið, styrkingu dreifikerfisins og innleiðingu nýrra dreifikerfa, umbætur á rekstri kerfisins og reglur um tengingu við kerfið án mismununar, sem eru nauðsynlegar til að tengja nýja framleiðendur sem afhenda raforku, framleitt með samvinnslu með góða orkunýtni, inn á samtengda dreifikerfið,“.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/844 **2025/EES/59/27**

frá 30. maí 2018

um breytingu á tilskipun 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga og tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið hefur einsett sér að þróa orkukerfi sem er sjálfbært, samkeppnishæft, öruggt og afkolað. Með orkusam bandinu og stefnuramma fyrir orku og loftslag fram til ársins 2030 eru ákvarðaðar metnaðarfullar skuldbindingar fyrir Sambandið um að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 40% eigi síðar en 2030, samanborið við árið 1990, að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku, að spara orku í samræmi við metnaðarfull markmið Sambandsins og að bæta orkuöryggi, samkeppnishæfni og sjálfbærni í Evrópu.

2) Til að ná þessum markmiðun sameinar endurskoðun lagagerða Sambandsins um orkunýtni frá 2016 endurmat á markmiði Sambandsins um orkunýtni fyrir árið 2030, eins og krafist er í ályktunum leiðtogaráðsins frá 2014, endurskoðun grunnákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([4]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB ([5]) og eflingu fjárhagsrammans, þ.m.t. uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðs Evrópu og Evrópusjóðs fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, sem mun að lokum bæta fjárhagsleg skilyrði fjárfestinga í þágu orkunýtni á markaðnum.

3) Samkvæmt tilskipun 2010/31/ESB var gerð krafa um að framkvæmdastjórnin framkvæmdi endurskoðun, eigi síðar en 1. janúar 2017, í ljósi fenginnar reynslu og árangurs sem náðst hefur við beitingu þeirrar tilskipunar og, ef þörf krefur, legði fram tillögur.

4) Við undirbúning þeirrar endurskoðunar gerði framkvæmdastjórnin ýmsar ráðstafanir til að safna gögnum um hvernig tilskipun 2010/31/ESB hefði verið hrint í framkvæmd í aðildarríkjunum, með áherslu á hvað gafst vel og hvað mætti betur fara.

5) Niðurstöður endurskoðunarinnar og mats framkvæmdastjórnarinnar á áhrifum hennar benda til þess að nauðsynlegt sé að gera margs konar breytingar til að styrkja núverandi ákvæði tilskipunar 2010/31/ESB og til að einfalda tiltekna þætti.

6) Sambandið hefur einsett sér, eigi síðar en 2050, að þróa orkukerfi sem er sjálfbært, samkeppnishæft, öruggt og afkolað. Í því skyni að ná því markmiði þurfa aðildarríki og fjárfestar, eigi síðar en 2050, að gera ráðstafanir sem miða að því að ná langtímamarkmiðinu um losun gróðurhúsalofttegunda og afkolun byggingamassans (e. *building stock*) sem ber ábyrgð á u.þ.b. 36% af koltvísýringslosun í Sambandinu. Aðildarríki ættu að leitast við að finna kostnaðarhagkvæmt jafnvægi á milli þess að afkola orkuveitur og draga úr endanlegri orkunotkun. Í því skyni þurfa aðildarríki og fjárfestar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 246, 28.7.2017, bls. 48.

([2]) Stjtíð. ESB C 342, 12.10.2017, bls. 119.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2018.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).

skýrari leiðsögn við ákvörðun stefnumiða og við töku fjárfestingarákvarðana sinna, sem felur í sér leiðbeinandi landsbundna áfanga og landsbundnar aðgerðir í þágu orkunýtni, til að ná markmiðum til skamms tíma (2030), meðallangs tíma (2040) og langs tíma (2050). Með þau markmið í huga og að teknu tilliti til heildarmarkmiða Sambandsins um orkunýtni er mikilvægt að aðildarríkin tilgreini væntanlegan afrakstur langtímaáætlana sinna um endurnýjun og vöktun þróunar með því að ákvarða landsbundna vísa um framfarir, sbr. þó landsbundin skilyrði og þróun.

7) Parísarsamningurinn frá árinu 2015 um loftslagsbreytingar, í kjölfar tuttugustu og fyrstu ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP 21), ýtir undir viðleitni Sambandsins til að afkola byggingamassa sinn. Með tilliti til þess að nánast 50% af endanlegri orkunotkun í Sambandinu er notuð til hitunar og kælingar, þar af 80% í byggingum, tengjast markmið Sambandsins á sviði orku- og loftslagsmála viðleitni þess til að endurnýja byggingamassa sinn með því að setja orkunýtni í forgang, með því að beita meginreglunni um „orkunýtni fyrst“ og að teknu tilliti til útbreiðslu endurnýjanlegra orkugjafa.

8) Færa ætti ákvæði um langtímaáætlanir um endurnýjun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2012/27/ESB, í tilskipun 2010/31/ESB þar sem þau falla betur inn í samhengið. Aðildarríki ættu að geta notað langtímaáætlanir sínar um endurnýjun til að bregðast við vandamálum tengdum brunavörnum og áhættu í tengslum við öfluga jarðskjálftavirkni sem hafa áhrif á endurnýjun í þágu orkunýtni og endingartíma bygginga.

9) Til að ná fram mikilli orkunýtni og afkolun byggingamassans og til að tryggja að langtímaáætlanir um endurnýjun skili nauðsynlegum árangri í þá átt að umbreyta fyrirliggjandi byggingum í nánast núllorkubyggingar, einkum með því að fjölga tilvikum um heildarendurnýjun bygginga, ættu aðildarríki að leggja fram skýrar viðmiðunarreglur og gera drög að mælanlegum og markvissum aðgerðum, auk þess að stuðla að jöfnum aðgangi að fjármögnun, þ.m.t. fyrir tiltekinn hluta byggingamassans með verstu orkunýtinguna, neytendur sem búa við orkufátækt, félagsbústaði og heimili þar sem um er að ræða vandkvæði sem tengjast skiptingu hvata (e. *split-incentive*), að teknu tilliti til viðráðanlegs kostnaðar. Í því skyni að veita frekari stuðning við nauðsynlegar úrbætur á byggingamassa leiguhúsnæðis síns ættu aðildarríki að íhuga að innleiða kröfur eða halda áfram að gera kröfur varðandi tiltekin stig orkunýtingar fyrir leiguhúsnæði, í samræmi við orkunýtingarvottorðin.

10) Samkvæmt áhrifamati framkvæmdastjórnarinnar væri að meðaltali nauðsynlegt að 3% bygginga væru endurnýjaðar árlega til að ná markmiðum Sambandsins um orkunýtni á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt. Að teknu tilliti til þess að í hvert sinn sem orkusparnaður eykst um 1% minnkar innflutningur gass um 2,6% er ljóst að skýr markmið um endurnýjun fyrirliggjandi byggingamassa skipta afar miklu máli. Viðleitni til að auka orkunýtingu bygginga myndi þannig með virkum hætti stuðla að orkusjálfstæði Sambandsins og enn fremur skapa mikla möguleika til atvinnusköpunar í Sambandinu, einkum meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Aðildarríki ættu í því samhengi að taka tillit til þess að þörf er á skýrri tengingu á milli langtímaáætlana þeirra um endurnýjun og viðeigandi framtaksverkefna til að stuðla að þróun færni og menntunartækifærum í byggingar- og orkunýtnigeiranum.

11) Í samræmi við viðmiðanir aðildarríkjanna ætti að taka tillit til þess að nauðsynlegt er að ráða bót á orkufátækt. Jafnframt því að gera grein fyrir aðgerðum í áætlunum sínum um endurnýjun sem stuðla að því að ráða bót á orkufátækt hafa aðildarríkin rétt til að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem þau telja skipta máli.

12) Við gerð langtímaáætlana um endurnýjun og skipulagningu aðgerða og ráðstafana gætu aðildarríki stuðst við hugtök á borð við ræsitíma (e. *trigger point*), þ.e. hentugur tími á vistferli byggingar, t.d. frá sjónarhorni kostnaðarhagkvæmni eða rekstrartruflana, til að hefja endurnýjun í þágu orkunýtni.

13) Í leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2009 er kveðið á um, að því er varðar loftgæði innandyra, að byggingar með betri orkunýtingu veiti íbúum aukin þægindi og aukna vellíðan og bæti heilbrigði þeirra. Kuldabrýr (e. *thermal bridge*), ófullnægjandi einangrun og ófyrirséð loftflæði geta orðið til þess að yfirborðshiti fer undir daggarmark lofts og að raki myndast. Því er nauðsynlegt að tryggja algjöra og einsleita einangrun byggingarinnar, þ.m.t. svalir, gluggar, þök, veggir, hurðir og gólf, og sérstaklega ætti að leggja áherslu á að koma í veg fyrir að hitastig allra innri flata byggingarinnar fari undir daggarmark.

14) Aðildarríki ættu að styðja uppfærslu á orkunýtingu fyrirliggjandi bygginga sem stuðlar að heilsusamlegum loftgæðum innandyra, þ.m.t. með því að fjarlægja asbest og önnur skaðleg efni, koma í veg fyrir ólöglega fjarlægingu skaðlegra efna og greiða fyrir því að farið sé að ákvæðum fyrirliggjandi lagagerða, t.d. tilskipunar 2009/148/EB ([1]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ([2]).

15) Mikilvægt er að tryggja að með ráðstöfunum, sem gerðar eru til að bæta orkunýtingu bygginga, sé ekki einungis einblínt á byggingarhjúpinn [áður þýtt veðurhlíf] heldur feli þær í sér alla viðeigandi þætti og tæknileg kerfi byggingar, s.s. passífa þætti sem eru hluti af passífri tækni sem miðar að því að draga úr orkuþörf til hitunar eða kælingar, orkunotkun við lýsingu og loftræstingu og auka þar með þægindi með tilliti til varma og sjónrænna þátta.

16) Fjármögnunarfyrirkomulag, hvatar og virkjun fjármálastofnana til að endurnýja byggingar í þágu orkunýtni ættu að gegna lykilhlutverki í landsbundnum langtímaáætlunum um endurnýjun og aðildarríkin ættu að koma þeim á framfæri með virkum hætti. Slíkar ráðstafanir ættu að fela í sér hvatningu til að veita orkunýtniveðlán til bygginga sem hafa fengið vottun vegna endurnýjunar í þágu orkunýtni, ýta undir fjárfestingar opinberra yfirvalda í orkunýtnum byggingamassa, t.d. með samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila eða valkvæðum samningum um orkunýtingu, draga úr áhættu sem talin er fylgja fjárfestingum, veita aðgengileg og gagnsæ ráðgjafarúrræði og aðstoðarleiðir, t.d. afgreiðslu á einum stað (e. *one-stop-shop*) þar sem boðið er upp á samþætta þjónustu á sviði endurnýjanlegrar orku, sem og að hrinda öðrum ráðstöfunum og framtaksverkefnum í framkvæmd, t.d. þau sem um getur í framtaksverkefnum framkvæmdastjórnarinnar um snjallfjármögnun fyrir snjallbyggingar.

17) Lausnir sem taka mið af náttúrunni, s.s. vel skipulögð gróðursetning meðfram götum, veggir og þök sem eru þaktir gróðri og veita einangrun og skjól fyrir sólarljósi, stuðla að því að draga úr orkuþörf með því að takmarka þörf fyrir hitun og kælingu og bæta orkunýtingu byggingar.

18) Hvetja ætti til rannsókna og prófana á nýjum lausnum til að bæta orkunýtingu sögulegra bygginga og staða um leið og staðið er vörð um vernd og varðveislu menningararfleifðar.

19) Að því er varðar nýjar byggingar og byggingar sem gangast undir meiri háttar endurnýjun ættu aðildarríki að hvetja til notkunar á mjög orkunýtnum, annars konar kerfum, ef það er gerlegt með tilliti til tækni og virkni og í fjárhagslegu tilliti, jafnframt því að bregðast við vandamálum í tengslum við heilsusamleg loftskilyrði innandyra, brunavarnir og áhættu í tengslum við öfluga jarðskjálftavirkni, í samræmi við landsbundnar öryggisreglur.

20) Í því skyni að uppfylla markmið stefnu um orkunýtni bygginga ætti að auka gagnsæi orkunýtingarvottorða með því að tryggja að allir nauðsynlegir mæliþættir við útreikninga, bæði að því er varðar vottun og lágmarkskröfur um orkunýtingu, séu ákvarðaðir og þeim beitt með samræmdum hætti. Aðildarríki ættu að samþykkja viðeigandi ráðstafanir, t.d. til að tryggja að orkunýting tæknilegra kerfa bygginga sem eru sett upp, þeim skipt út eða þau uppfærð, s.s. kerfi fyrir rýmishitun, loftjöfnun eða upphitun vatns, séu skrásett með tilliti til vottunar bygginga og samræmis við tilskilin ákvæði.

21) Í fyrirliggjandi byggingum ætti að huga að uppsetningu sjálfstýrðs búnaðar til að stýra sérstaklega hita í hverju rými eða, í rökstuddum tilvikum, á tilgreindu upphituðu svæði byggingareiningarinnar, ef það er efnahagslega gerlegt, t.d. ef kostnaðurinn er innan við 10% af heildarkostnaði við útskiptingu varmagjafa.

22) Nýsköpun og ný tækniþekking gerir einnig mögulegt að byggingar styðji við heildarafkolun hagkerfisins, þ.m.t. flutningageirans. Unnt er t.d. að nota byggingar til að flýta fyrir þróun nauðsynlegra grunnvirkja sem þörf er á fyrir snjallhleðslu rafknúinna ökutækja og einnig til að skapa grunn fyrir aðildarríki, ef þau kjósa það, til að nota rafgeyma ökutækja sem aflgjafa.

23) Samhliða auknum hlut endurnýjanlegra orkugjafa í raforkuframleiðslu losa rafknúin ökutæki minna kolefni sem hefur í för með sér betri loftgæði. Rafknúin ökutæki eru mikilvægur þáttur í umskiptum yfir í hreina orku sem byggist á ráðstöfunum um orkunýtni, óhefðbundið eldsneyti, endurnýjanlega orku og nýstárlegar lausnir við stjórnun orkusveigjanleika (e. *energy flexiblity*). Nota má byggingarreglugerðir með skilvirkum hætti til að innleiða markvissar

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/148/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 28).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtíð ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

kröfur til að styðja við uppsetningu hleðslugrunnvirkja á bílastæðum íbúðarbygginga og atvinnuhúsnæðis. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að einfalda útbreiðslu hleðslugrunnvirkja með það fyrir augum að fjarlægja hindranir, t.d. þætti sem tengjast skiptingu hvata og stjórnsýsluvandkvæði, sem einstakir eigendur standa andspænis þegar þeir leitast við að setja upp hleðslustöðvar á bílastæðum sínum.

24) Lagnagrunnvirki tryggir réttar aðstæður fyrir skjóta útbreiðslu hleðslustöðva ef og þegar þörf er á þeim. Aðildarríki ættu að tryggja að þróaður séu rafknúnar samgöngur (e. *electromobility*) með stöðugleika og kostnaðarhagkvæmni að leiðarljósi. Viðeigandi uppsetning lagnagrunnvirkis ætti einkum að fylgja í kjölfar meiri háttar endurnýjunar á raforkugrunnvirkjum Við framkvæmd krafna um rafknúnar samgöngur í löggjöf sinni ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til mögulegra mismunandi skilyrða, s.s. eignarhalds bygginga og nærliggjandi bílastæða, bílastæða fyrir almenning sem einkaaðilar starfrækja og bygginga sem gegna bæði hlutverki íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

25) Grunnvirki, sem eru þegar fyrir hendi, munu draga úr kostnaði við uppsetningu hleðslustöðva fyrir einstaka eigendur og tryggja að notendur rafknúinna ökutækja hafi aðgang að hleðslustöðvum. Ákvörðun krafna um rafknúnar samgöngur á vettvangi Sambandsins, að því er varðar fyrirframundirbúning vegna bílastæða og uppsetningu hleðslustöðva, er áhrifarík leið til að stuðla að rafknúnum ökutækjum í náinni framtíð jafnframt því að gera frekari þróun mögulega með minni kostnaði á meðallöngum tíma og þegar til langs tíma er litið.

26) Þegar aðildarríki ákvarða kröfur sínar um uppsetningu lágmarksfjölda hleðslustöðva í atvinnuhúsnæði með yfir 20 bílastæði, sem eiga að koma til framkvæmda frá og með 2025, ættu þau að taka tillit til viðeigandi lands-, svæðis- og staðbundinna skilyrða auk mögulegra fjölbreyttra þarfa og aðstæðna sem byggjast á viðkomandi svæði, flokkun byggingar, umfangi almenningssamgangna og öðrum viðeigandi skilyrðum, í því skyni að tryggja hæfilega og viðeigandi útbreiðslu hleðslustöðva.

27) Á sumum sérstaklega viðkvæmum landsvæðum gæti þó reynst mjög erfitt að uppfylla kröfur um rafknúnar samgöngur. Þetta gæti varðar ystu svæðin, í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, vegna þess hve afskekkt og einangruð þau eru, vegna smæðar þeirra, erfiðra staðhátta og veðurfars, sem og einangruð örkerfi þar sem reynst gæti nauðsynlegt að þróa raforkunetið svo unnt sé að takast á við frekari rafvæðingu svæðisbundinna flutninga. Í slíkum tilvikum ætti að veita aðildarríkjum undanþágu frá því að beita kröfunum um rafknúnar samgöngur. Þrátt fyrir þá undanþágu gæti rafvæðing flutninga verið öflugt úrræði til að ráða bót á loftgæðum eða vandamálum í tengslum við afhendingaröryggi sem gjarnan er reyndin á þessum svæðum og hjá þessum kerfum.

28) Við beitingu krafna um grunnvirki fyrir rafknúnar samgöngur, sem kveðið er á um í breytingum á tilskipun 2010/31/ESB, eins og þær eru settar fram í þessari tilskipun, ættu aðildarríki að íhuga þörfina á heildrænu og samfelldu þéttbýlisskipulagi og stuðla að annars konar, öruggum og sjálfbærum flutningsmátum og grunnvirkjum sem styðja við þá, t.d. með sérstökum grunnvirkjum fyrir stæði fyrir rafmagnshjól og ökutæki hreyfihamlaðra einstaklinga.

29) Samræma ætti áætlanir hins stafræna innri markaðar og orkusambandsins og ættu þær að þjóna sameiginlegum markmiðum. Stafvæðing orkukerfisins breytir orkulandslaginu hratt, allt frá samþættingu endurnýjanlegra orkugjafa til snjallorkuneta og snjallhæfra bygginga. Í því skyni að stafvæða byggingargeirann eru markmið Sambandsins varðandi tengjanleika og metnaður fyrir útbreiðslu neta með mjög mikla flutningsgetu mikilvæg fyrir snjallheimili og vel tengd samfélög. Beita ætti markvissum hvötum til að stuðla að snjallhæfum kerfum og stafrænum lausnum í manngerðu umhverfi. Þetta býður upp á ný tækifæri til orkusparnaðar með því að veita neytendum nákvæmari upplýsingar um neyslumynstur sín og með því að gera kerfisstjóra kleift að stýra orkunetinu með skilvirkari hætti.

30) Nota ætti snjallhæfisvísi til að ákvarða getu bygginga til að nota upplýsinga- og fjarskiptatækni og rafræn kerfi til að aðlaga rekstur bygginga að þörfum íbúanna og orkunetsins og til að bæta orkunýtni og heildarorkunýtingu bygginga. Snjallhæfisvísirinn ætti að stuðla að vitundarvakningu meðal eigenda og íbúa bygginga um gildi sjálfvirkni bygginga og rafrænnar vöktunar tæknilegra kerfa bygginga og auka tiltrú íbúanna á raunverulegum sparnaði sem hlýst af þessari nýju og bættu virkni. Aðildarríkjum ætti að vera í sjálfsvald sett hvort þau noti kerfi til að meta snjallhæfi bygginga.

31) Í því skyni að laga tilskipun 2010/31/ESB að tækniframförum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með það fyrir augum að bæta við þá tilskipun skilgreiningu á snjallhæfisvísi og aðferð til að reikna hann út. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([1]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

32) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 2010/31/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar skilyrðin fyrir framkvæmd valkvæðs, sameiginlegs kerfis í Sambandinu til að meta snjallhæfi bygginga. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]).

33) Í því skyni að tryggja að fjárhagslegar ráðstafanir, sem gerðar eru í tengslum við orkunýtni, nýtist sem best við endurnýjun bygginga ættu þær að tengjast gæðum endurbótanna í ljósi þess orkusparnaðar sem stefnt er að eða hefur náðst. Þær ráðstafanir ættu því að tengjast orkunýtingu búnaðarins eða efnisins, sem notað er við endurnýjunina, viðurkenningu eða faggildingu uppsetningaraðila, úttekt á orkumálum eða umbótum sem hafa náðst við endurnýjunina, sem ætti að meta með samanburði á orkunýtingarvottorðum, sem eru gefin út fyrir og eftir endurnýjunina, með því að nota staðalgildi eða aðra gagnsæja og hóflega aðferð.

34) Heimilt er að nota núverandi, óháð eftirlitskerfi fyrir orkunýtingarvottorð til að hafa eftirlit með því hvort samræmis sé gætt og jafnframt ætti að styrkja kerfin til að tryggja gæði vottorðanna. Ef til viðbótar við óháða eftirlitskerfið fyrir orkunýtingarvottorð er valkvætt gagnasafn sem gengur lengra en kröfur tilskipunar 2010/31/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, má nota það við eftirlit með því að samræmis sé gætt og til að taka saman tölfræðilegar upplýsingar um byggingamassa á svæðis- eða landsvísu. Þörf er á hágæðagögnum um byggingamassann og hægt væri að safna þeim saman í gagnasafn sem nánast öll aðildarríkin vinna að núna og hafa umsjón með í tengslum við orkunýtingarvottorð.

35) Samkvæmt áhrifamati framkvæmdastjórnarinnar reyndust ákvæði um skoðanir á hita- og loftjöfnunarkerfum ófullnægjandi þar sem þau tryggðu ekki næga upphafs- og áframhaldandi orkunýtingu þeirra tæknikerfa. Jafnvel ódýrar tæknilausnir fyrir orkunýtni með afar stuttan endurgreiðslutíma, s.s. vökvaknúin jafnvægisstilling fyrir hitakerfi og uppsetning eða endurnýjun hitastýrðra stjórnloka, eru álitnar ófullnægjandi í dag. Breyta ætti ákvæðum um skoðanir í því skyni að tryggja betri niðurstöður úr þeim. Við þær breytingar ætti að leggja áherslu á skoðanir á miðstöðvarhitunar- og loftjöfnunarkerfum, þ.m.t. þegar þau kerfi eru samtengd loftræstikerfum. Við þessar breytingar ætti að undanskilja lítil hitakerfi, s.s. rafmagnshitara og ofna sem brenna viði, ef þau eru undir viðmiðunarmörkum skoðunar samkvæmt tilskipun 2010/31/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

36) Við framkvæmd skoðana og í því skyni að ná í raun fram fyrirhuguðum úrbótum á orkunýtingu bygginga ætti að miða að því að bæta raunverulega orkunýtingu hita-, loftjöfnunar- og loftræstikerfa við raunveruleg skilyrði. Raunveruleg orkunýting slíkra kerfa ákvarðast af virkri notkun orku við dæmigerð eða almenn rekstrarskilyrði. Við slík skilyrði er yfirleitt einungis þörf á hluta af nafnafköstunum og því ættu skoðanir hita-, loftjöfnunar- og loftræstikerfa að fela í sér mat á viðeigandi getu búnaðarins til að bæta orkunýtingu kerfisins við breytileg skilyrði, s.s. rekstrarskilyrði við hlutaálag.

37) Sjálfvirkni bygginga og rafræn vöktun tæknilegra kerfa bygginga hafa komið á virkan hátt í stað skoðana, einkum að því er varðar stór kerfi, og fela í sér mikla möguleika á kostnaðarhagkvæmni og umtalsverðum orkusparnaði, bæði fyrir neytendur og fyrirtæki. Uppsetning slíks búnaðar ætti að teljast kostnaðarhagkvæmari kostur en framkvæmd skoðunar á stóru atvinnuhúsnæði og fjölbýlishúsum af þeirri stærð sem gerir endurgreiðslu á innan við þremur árum mögulega þar sem búnaðurinn gerir kleift að grípa til aðgerða á grundvelli veittraupplýsinga og þar með tryggja orkusparnað þegar til

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

lengri tíma er litið. Að því er varðar minni háttar uppsetningar ætti skrásetning uppsetningaraðila á orkunýtingu kerfisins að stuðla að því að sannprófað sé hvort farið sé að lágmarkskröfunum sem mælt er fyrir um fyrir öll tæknileg kerfi bygginga.

38) Viðhalda ætti núverandi möguleika aðildarríkjanna um að kjósa að beita ráðstöfunum, sem byggjast á ráðgjöf, sem valkost við að skoða hitakerfi, loftjöfnunarkerfi, sambyggð hita- og loftræstikerfi og sambyggð loftjöfnunar- og loftræstikerfi, að því tilskildu að heildaráhrifin hafi verið skráð í skýrslu, sem lögð er fyrir framkvæmdastjórnina, og að þau jafngildi áhrifum skoðunar áður en gripið var til þeirra ráðstafana.

39) Innleiðing kerfis fyrir reglubundnar skoðanir á hita- og loftjöfnunarkerfum, samkvæmt tilskipun 2010/31/ESB, hafði í för með sér umtalsverðan stjórnsýslulegan og fjárhagslegan kostnað fyrir aðildarríki og einkageirann, þ.m.t. þjálfun og faggildingu sérfræðinga, gæðatryggingu og gæðastjórnun, auk kostnaðar við skoðanir. Aðildarríki, sem hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á reglubundnum skoðunum og hafa innleitt skilvirk skoðunarkerfi, kunna að komast að raun um að rétt sé að halda áfram að starfrækja þau kerfi, þ.m.t. fyrir smærri hita- og loftjöfnunarkerfi. Í slíkum tilvikum ættu aðildarríkin ekki að vera skuldbundin til að tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar strangari kröfur.

40) Með fyrirvara um val aðildarríkjanna um að beita stöðlum í tengslum við orkunýtingu bygginga, sem samdir voru innan ramma umboðs M/480 sem framkvæmdastjórnin veitti Staðlasamtökum Evrópu (CEN), myndi viðurkenning og útbreiðsla þeirra staðla í aðildarríkjunum hafa jákvæð áhrif á framkvæmd tilskipunar 2010/31/ESB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

41) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1318 ([1]) um nánast núllorkubyggingar er því lýst hvernig framkvæmd tilskipunar 2010/31/ESB gæti samtímis tryggt umbreytingu byggingamassans og umskipti yfir í sjálfbærari orku sem styður einnig við áætlunina um hitun og kælingu. Til að tryggja viðeigandi framkvæmd ætti að uppfæra almennan ramman um útreikning á orkunýtingu bygginga og hvetja til aukinnar orkunýtingar byggingarhjúpsins með stuðningi Staðlasamtaka Evrópu samkvæmt umboði M/480 frá framkvæmdastjórninni. Aðildarríki geta valið að þróa þetta enn frekar með því að taka upp fleiri tölulega vísa, t.d. fyrir heildarorkunotkun heillar byggingar eða losun gróðurhúsalofttegunda.

42) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki setji metnaðarfyllri kröfur um orkunýtingu bygginga og byggingarhluta, svo framarlega sem slíkar kröfur samrýmist lögum Sambandsins. Það er í samræmi við markmið tilskipananna 2010/31/ESB og 2012/27/ESB að fyrrnefndar kröfur geti, við tilteknar aðstæður, takmarkað uppsetningu eða notkun vara sem falla undir aðra gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, að því tilskildu að slíkar kröfur skapi ekki ósanngjarnar markaðshindranir.

43) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að draga úr þeirri orku sem þarft til að mæta orkuþörfinni við dæmigerða notkun bygginga, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess að samræmi ríkir um sameiginleg markmið að því er varðar skilning og stjórnmálalegan vilja, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

44) Ákvæði þessarar tilskipunar virða að öllu leyti sérkenni og mismun meðal aðildarríkjanna og heimildir þeirra í samræmi við 2. mgr. 194. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Markmiðið með þessari tilskipun er enn fremur að gera mögulegt að miðla bestu starfsvenjum til að greiða fyrir umskiptum yfir í mjög orkunýtinn byggingamassa í Sambandinu.

45) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([2]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

([1]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1318 frá 29. júlí 2016 um viðmiðunarreglur um að stuðla að nánast núllorkubyggingum og bestu starfsvenjum til að tryggja að, eigi síðar en 2020, verði allar nýjar byggingar nánast núllorkubyggingar (Stjtíð. ESB L 208, 2.8.2016, bls. 46).

([2]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

46) Því ætti að breyta tilskipunum 2010/31/ESB og 2012/27/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2010/31/ESB

Tilskipun 2010/31/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. „tæknilegt kerfi byggingar“: tæknibúnaður fyrir rýmishitun, rýmiskælingu, loftræstingu, heitt vatn til heimilisnota, innbyggðan ljósabúnað, sjálfvirk kerfi og stýrikerfi byggingar, raforkuframleiðslu á staðnum eða samband af þessu, þ.m.t. kerfi sem nota orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, í byggingu eða bygging-areiningu,“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„3a. „sjálfvirk kerfi og stýrikerfi byggingar“: kerfi sem samanstendur af öllum vörum, hugbúnaði og tækniþjónustu sem getur stutt orkunýtinn, efnahagslegan hagkvæman og öruggan rekstur tæknilegra kerfa bygginga með sjálfvirkum stýrikerfum og með því að auðvelda handvirka stjórnun þessara tæknilegu kerfa byggingar,“.

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„15a. „hitakerfi“: samsetning íhluta sem eru nauðsynlegir til að tryggja að loft innandyra sé meðhöndlað þannig að hitinn hækki,

15b. „varmagjafi“: sá hluti hitakerfis sem framleiðir notvarma með því að nota eitt eða fleiri eftirfarandi ferli:

a) bruna eldsneytis, t.d. í katli,

b) Joule-verkun í hitöldum rafviðnámshitunarkerfis,

c) upptöku varma úr andrúmslofti og útblásturslofti eða úr vatns- eða varmagjafa í jörðu með því að nota varmadælu,

15c. „samningur um orkunýtingu“: samningur um orkunýtingu eins og hann er skilgreindur í 27. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (*),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).“

d) Eftirfarandi lið er bætt við:

„20. „einangrað örkerfi“: einangrað örkerfi eins og það er skilgreint í 27. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. a

Langtímaáætlun um endurnýjun

1. Eigi síðar en 2050 skal hvert aðildarríki gera langtímaáætlun um endurnýjun til að styðja við endurnýjun eigin byggingamassa íbúðar- og atvinnuhúsnæðis„ bæði í opinberri eigu og einkaeigu, með hliðsjón af því að gera byggingamassann mjög orkunýtinn og afkola hann og greiða þannig fyrir kostnaðarhagkvæmri umbreytingu fyrirliggjandi bygginga þannig að þær verði nánast núllorkubyggingar. Hver langtímaáætlun um endurnýjun skal lögð fram í samræmi við gildandi kvaðir um áætlanagerð og skýrslugjöf og skal fela í sér:

a) yfirlit yfir byggingamassann í hverju aðildarríki, sem byggist á, eins og við á, tölfræðilegu úrtaki og áætluðum hluta endurnýjaðra bygginga árið 2020,

b) kortlagningu kostnaðarhagkvæmra endurnýjunaraðferða sem eru aðlagaðar að byggingartegund og loftslagssvæði, að teknu tilliti til viðeigandi ræsitíma, eftir því sem við á, á vistferli byggingar,

c) stefnumið og aðgerðir til að örva kostnaðarhagkvæma heildarendurnýjun bygginga, þ.m.t. heildarendurnýjun í þrepum, og til að styðja við markvissar kostnaðarhagkvæmar ráðstafanir og endurnýjun, t.d. með því að innleiða valkvætt kerfi um vegvísi fyrir endurnýjun bygginga,

d) yfirlit yfir stefnumið og aðgerðir til að beina athyglinni að þeim hlutum byggingamassans í hverju aðildarríki með verstu orkunýtinguna, vandkvæði sem tengjast skiptingu hvata og markaðsbrestum, sem og yfirlit yfir viðeigandi landsbundnar aðgerðir sem stuðla að því að draga úr orkufátækt,

e) stefnumið og aðgerðir þar sem athyglinni er beint að öllum opinberum byggingum,

f) yfirlit yfir landsbundin framtaksverkefni til að stuðla að snjalltækni og vel tengdum byggingum og samfélögum, auk yfirlits yfir færni og menntunartækifæri í byggingar- og orkunýtnigeiranum og

g) gagnreynt mat á fyrirhuguðum orkusparnaði og almennum ávinningi, s.s. hvað varðar heilbrigði, öryggi og loftgæði.

2. Í langtímaáætlun sínum um endurnýjun skal hvert aðildarríki setja fram vegvísi sem felur í sér ráðstafanir og mælanlega árangursvísa sem eru innleiddir í hverju aðildarríki, með hliðsjón af langtímamarkmiði fyrir árið 2050 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu sem nemur 80-95% samanborið við árið 1990, til að tryggja mjög mikla orkunýtni og afkolun byggingamassans í aðildarríkjunum auk þess að greiða fyrir kostnaðarhagkvæmri umbreytingu fyrirliggjandi bygginga þannig að þær verði nánast núllorkubyggingar. Vegvísirinn skal fela í sér leiðbeinandi áfanga fyrir árin 2030, 2040 og 2050 og í honum skal greint frá því hvernig áfangarnir stuðla að því að markmiðum Sambandsins um orkunýtni verði náð í samræmi við tilskipun 2012/27/ESB.

3. Í því skyni að hvetja til fjárfestinga í endurnýjunarverkefnum sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðunum, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríki greiða fyrir aðgengi að viðeigandi úrræðum til þess að:

a) safna saman verkefnum, þ.m.t. með aðstoð fjárfestingarvettvanga eða fjárfestingarhópa og samtaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í því skyni að veita fjárfestum aðgang að og tilbúnar lausnir fyrir hugsanlega viðskiptavini,

b) draga úr áhættu sem talin er tengjast orkunýtnistarfsemi fjárfesta og aðila í einkageiranum,

c) nota opinbert fjármagn til að hvetja til viðbótarfjárfestinga í einkageiranum eða til að bregðast við tilteknum markaðsbrestum,

d) beina fjárfestingum í átt að orkunýtnum, opinberum byggingamassa, í samræmi við leiðbeiningar Hagstofu Evrópusambandsins, og

e) bjóða fram aðgengileg og gagnsæ ráðgjafarúrræði, t.d. afgreiðslu á einum stað fyrir neytendur og ráðgjafarþjónustu um orkumál, varðandi viðeigandi endurnýjunarverkefni í þágu orkunýtni og fjármögnunarleiðir.

4. Framkvæmdastjórnin skal safna saman og miðla, a.m.k. til opinberra yfirvalda, bestu starfsvenjum um árangursrík kerfi opinberra aðila og einkaaðila til að fjármagna endurnýjunarverkefni í þágu orkunýtni auk upplýsinga um kerfi til að safna saman minni háttar endurnýjunarverkefnum í þágu orkunýtni. Framkvæmdastjórnin skal auðkenna og miðla bestu starfsvenjum um fjárhagslega hvata til endurnýjunar frá sjónarhorni neytenda, að teknu tilliti til mismunar á kostnaðarhagkvæmni milli aðildarríkja.

5. Í því skyni að styðja við þróun langtímaáætlunar sinnar um endurnýjun skal hvert aðildarríki hafa samráð við almenning um áætlunina áður en hún er lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Hvert aðildarríki skal láta samantekt niðurstaðna úr samráði við almenning fylgja sem viðauka við langtímaáætlun sína um endurnýjun.

Hvert aðildarríki skal ákvarða fyrirkomulag samráðsins við alla sem málið varðar meðan á framkvæmd langtímaáætlunarinnar þess um endurnýjun stendur.

6. Hvert aðildarríki skal láta upplýsingar um framkvæmd nýjustu langtímaáætlunar sinnar um endurnýjun, þ.m.t. upplýsingar um skipulögð stefnumið og aðgerðir, fylgja sem viðauka við langtímaáætlun sína um endurnýjun.

7. Hvert aðildarríki getur notað langtímaáætlun sína um endurnýjun til að bregðast við vandamálum tengdum brunavörnum og áhættu í tengslum við öfluga jarðskjálftavirkni sem hafa áhrif á endurnýjun í þágu orkunýtni og endingartíma bygginga.“

3) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Nýjar byggingar

1. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að nýjar byggingar uppfylli lágmarkskröfur um orkunýtingu sem mælt er fyrir um í samræmi við 4. gr.

2. Aðildarríki skulu tryggja, áður en smíði nýrra bygginga hefst, að tekið sé tillit til tæknilegrar, umhverfislegrar og fjárhagslegrar hagkvæmni þegar nota á annars konar kerfi með mikla orkunýtni, ef þau eru tiltæk.“

4) Í stað fimmtu málsgreinar 7. gr. kemur eftirfarandi:

„Þegar byggingar gangast undir meiri háttar endurnýjun skulu aðildarríki hvetja til þess að notuð séu annars konar kerfi með mikla orkunýtni, að því tilskildu að það sé hagkvæmt með tilliti til tækni og virkni og í fjárhagslegu tilliti, og bregðast við vandamálum í tengslum við heilsusamleg loftskilyrði innandyra, brunavarnir og áhættu í tengslum við öfluga jarðskjálftavirkni.“

5) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Tæknileg kerfi byggingar, rafknúnar samgöngur og snjallhæfisvísir

1. Aðildarríki skulu, í þeim tilgangi að hámarka orkunotkun tæknilegra kerfa bygginga, ákvarða kröfur um kerfi að því er varðar heildarorkunýtingu, rétta uppsetningu og viðeigandi málsetningu, stillingar og stýringu tæknilegra kerfa bygginga sem eru sett upp í fyrirliggjandi byggingum. Aðildarríkjum er einnig heimilt að beita þessum kröfum um kerfi á nýjar byggingar.

Setja skal kröfur um kerfi fyrir ný tæknileg kerfi bygginga, þegar kerfum er skipt út eða þau uppfærð og skulu þær gilda svo fremi að það sé hagkvæmt með tilliti til tækni og virkni og í fjárhagslegu tilliti.

Aðildarríki skulu krefjast þess að nýjar byggingar, þar sem það er tæknilega og efnahagslega mögulegt, séu útbúnar sjálfstýrðum búnaði til að stýra sérstaklega hita í hverju rými eða, ef slíkt er réttlætanlegt, á tilgreindu upphituðu svæði byggingareiningarinnar. Krefjast skal uppsetningar slíks sjálfstýrðs búnaðar í fyrirliggjandi byggingum þegar varma-gjöfum er skipt út, ef það er tæknilega og efnahagslega mögulegt.

2. Að því er varðar atvinnuhúsnæði og atvinnuhúsnæði sem gengst undir meiri háttar endurnýjun með yfir tíu bílastæði skulu aðildarríki tryggja uppsetningu a.m.k. einnar hleðslustöðvar, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB (*), auk lagnagrunnvirkis, þ.e. leiðslur fyrir rafstrengi, fyrir a.m.k. eina hleðslustöð á hver fimm bílastæði, til að gera uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafknúin ökutæki mögulega síðar meir, þar sem:

a) bílastæðið er staðsett innan byggingarinnar og, að því er varðar meiri háttar endurnýjun, ráðstafanir, sem gerðar eru vegna endurnýjunar, taka til bílastæðisins eða raforkugrunnvirkis byggingarinnar eða

b) bílastæðið er aðliggjandi byggingunni og, að því er varðar meiri háttar endurnýjun, ráðstafanir, sem gerðar eru vegna endurnýjunar, taka til bílastæðisins eða raforkugrunnvirkis bílastæðisins.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2023, senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um mögulegt framlag byggingarstefnu Sambandsins til að stuðla að rafknúnum samgöngum og, ef við á, leggja til ráðstafanir í því tilliti.

3. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 1. janúar 2025, mæla fyrir um kröfur um uppsetningu lágmarksfjölda hleðslustöðva í öllu atvinnuhúsnæði með yfir tuttugu bílastæði.

4. Aðildarríki mega ákveða að mæla hvorki fyrir um né beita kröfunum, sem um getur í 2. og 3. mgr., að því er varðar byggingar sem eru í eigu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hýsa þau, eins og skilgreint er í I. bálki viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB (**).

5. Að því er varðar nýtt íbúðarhúsnæði og íbúðarhúsnæði sem gengst undir meiri háttar endurnýjun, með yfir tíu bílastæði, skulu aðildarríki tryggja uppsetningu lagnagrunnvirkis, þ.e. leiðslur fyrir rafstrengi, fyrir hvert bílastæði til að gera uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafknúin ökutæki mögulega síðar meir, þar sem

a) bílastæðið er staðsett innan byggingarinnar og, að því er varðar meiri háttar endurnýjun, ráðstafanir, sem gerðar eru vegna endurnýjunar, taka til bílastæðisins eða raforkugrunnvirkis byggingarinnar eða

b) bílastæðið er aðliggjandi byggingunni og, að því er varðar meiri háttar endurnýjun, ráðstafanir, sem gerðar eru vegna endurnýjunar, taka til bílastæðisins eða raforkugrunnvirkis bílastæðisins.

6. Aðildarríki mega ákveða að beita ekki ákvæðum 2., 3. og 5. mgr. að því er varðar tiltekna flokka bygginga þar sem:

a) umsóknir um byggingarleyfi eða aðrar sambærilegar umsóknir hafa verið lagðar fram eigi síðar en 10. mars 2021, með tilliti til ákvæða 2. og 5. mgr.,

b) lagnagrunnvirkið, sem krafist er, byggist á einangruðum örkerfum eða byggingarnar eru staðsettar á ystu svæðum, í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ef þetta myndi leiða til umtalsverðra vandkvæða í rekstri staðbundinna orkukerfa og stofna stöðugleika staðbundna orkunetsins í hættu,

c) kostnaður vegna hleðslustöðva og uppsetningu lagna fer yfir 7% af heildarkostnaði við meiri háttar endurnýjun byggingarinnar,

d) opinber bygging fellur nú þegar undir sambærilegar kröfur samkvæmt lögleiðingu tilskipunar 2014/94/ESB.

7. Aðildarríki skulu kveða á um ráðstafanir til að einfalda útbreiðslu hleðslustöðva í nýju og núverandi íbúðar- og atvinnuhúsnæði, auk þess að bregðast við mögulegum reglugerðarhindrunum, þ.m.t. leyfis- og samþykkisferli, sbr. þó lög aðildarríkjanna um fasteignir og húsaleigu.

8. Aðildarríki skulu taka til athugunar þörfina á samræmdum stefnumiðum fyrir byggingar, hljóðlátum og umhverfisvænum hreyfanleika (e. *soft and green mobility*) og þéttbýlisskipulagi.

9. Aðildarríki skulu tryggja að þegar tæknilegt kerfi byggingar er sett upp, því skipt út eða það uppfært, verði framkvæmt mat á heildarorkunýtingu breytta hlutans og, ef við á, breytta kerfinu í heild. Niðurstöðurnar skulu skjalfestar og þeim komið til eiganda byggingarinnar svo þær verði áfram aðgengilegar og þær megi nota við sannprófun á samræmi við lágmarkskröfurnar, sem mælt er fyrir um skv. 1. mgr. þessarar greinar, og við útgáfu orkunýtingarvottorða. Með fyrirvara um ákvæði 12. gr. skulu aðildarríki ákveða hvort krefjast skuli útgáfu nýs orkunýtingarvottorðs.

10. Eigi síðar en 31. desember 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., sem kemur til viðbótar við þessa tilskipun, til að koma á valkvæðu, sameiginlegu kerfi í Sambandinu til að meta snjallhæfi bygginga. Matið skal byggt á getu byggingar eða byggingareiningar til að aðlaga rekstur sinn að þörfum íbúanna og orkunetsins og til að bæta orkunýtni og heildarnýtingu.

Í samræmi við I. viðauka a skal valkvæða, sameiginlega kerfið í Sambandinu til að meta snjallhæfi bygginga:

a) ákvarða skilgreiningu á snjallhæfisvísi og

b) ákvarða aðferð til að reikna hann út.

11. Eigi síðar en 31. desember 2019 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, samþykkja framkvæmdargerð þar sem lögð er fram nákvæm lýsing á tæknilegum skilyrðum fyrir skilvirkri framkvæmd kerfisins, sem um getur 10. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. tímalínu fyrir valkvæðan prófunarfasa á landsvísu, og skýra frá því á hvaða hátt kerfið kemur til viðbótar við orkunýtingarvottorðin sem um getur í 11. gr.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 26. gr.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjtíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

(**) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).“

6) Í stað 6. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríki skulu tengja fjárhagslegar ráðstafanir sínar varðandi umbætur í orkunýtni vegna endurnýjunar bygginga við þann orkusparnað sem stefnt er að eða sem hefur náðst, eins og ákvarðað er með einni eða fleiri af eftirfarandi viðmiðunum:

a) orkunýtingu búnaðarins eða efnisins, sem notað er við endurnýjunina, en í því tilviki á viðeigandi viðurkenndur eða faggildur uppsetningaraðili að setja upp búnaðinn eða efnið sem notað er við endurnýjunina,

b) staðalgildum við útreikning á orkusparnaði bygginga,

c) umbótum sem nást hafa vegna slíkrar endurnýjunar með því að bera saman orkunýtingarvottorð sem eru gefin út fyrir og eftir endurnýjun,

d) niðurstöðum úttektar á orkumálum,

e) niðurstöðum annarrar viðeigandi, gagnsærrar og hóflegrar aðferðar sem sýna fram á umbætur í orkunýtingu.

6a. Gagnasöfn fyrir orkunýtingarvottorð skulu gera mögulegt að safna gögnum um mælda eða reiknaða orkunotkun viðkomandi bygginga, þ.m.t. a.m.k. opinberra bygginga sem hafa fengið útgefið orkunýtingarvottorð, eins og um getur í 13. gr., í samræmi við 12. gr.

6b. Samantekin og nafnlaus gögn, sem samrýmast kröfum Sambandsins og landsbundnum kröfum um persónuvernd, skulu a.m.k. gerð aðgengileg að beiðni eiganda byggingarinnar og í tölfræði- og rannsóknarskyni.“

7) Í stað 14. og 15. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

Skoðun hitakerfa

1. Aðildarríki skulu mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á reglubundnum skoðunum á aðgengilegum hlutum hitakerfa eða sambyggðra rýmishita- og loftræstikerfa, með virkt málafl yfir 70 kW, t.d. á varmagjöfum, stýrikerfum og hringrásardælu(m) sem eru notuð við upphitun bygginga. Skoðunin skal fela í sér mat á orkunýtni og stærðun varmagjafans í samanburði við kröfur um upphitun byggingarinnar og, ef við á, taka mið af getu hitakerfisins eða sambyggða rýmishita- og loftræstikerfisins til að hámarka orkunýtingu sína við dæmigerð eða almenn rekstrarskilyrði.

Ef ekki hafa verið gerðar breytingar á hitakerfinu eða sambyggða rýmishita- og loftræstikerfinu eða á kröfum um upphitun byggingarinnar í kjölfar skoðunar, sem er framkvæmd samkvæmt þessari málgrein, geta aðildarríki valið að krefjast ekki nýs mats á stærðun varmagjafa.

2. Tæknileg kerfi bygginga, sem falla augljóslega undir umsamdar viðmiðanir um orkunýtingu eða samningsbundið fyrirkomulag um umsamið stig umbóta í orkunýtni, s.s. samninga um orkunýtingu, eða þar sem orkuveitur eða rekstraraðili netkerfis stýrir rekstri tæknilegu kerfanna og sem falla því undir ráðstafanir um vöktun orkunýtingar byggingarinnar kerfismegin, skulu undanþegin kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., að því tilskildu að heildaráhrif slíkrar nálgunar jafngildi áhrifum þeirrar nálgunar sem leiða af 1. mgr.

3. Í stað 1. mgr. og að því tilskildu að heildaráhrif slíkrar nálgunar jafngildi þeim áhrifum sem leiða af 1. mgr. geta aðildarríki valið að grípa til ráðstafana til að tryggja að notendur fái ráðgjöf varðandi hvernig eigi að skipta út varmagjöfum, varðandi aðrar breytingar á hitakerfinu eða sambyggðum rýmishita- og loftræstikerfum og varðandi annars konar lausnir til að meta nýtni og viðeigandi stærð þeirra kerfa.

Áður en gripið er til annars konar ráðstafana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal hvert aðildarríki leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að þessar ráðstafanir hafi jafngild áhrif og þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr.

Slík skýrsla skal lögð fram í samræmi við gildandi kvaðir um áætlanagerð og skýrslugjöf.

4. Aðildarríki skulu mæla fyrir um kröfur til að tryggja, ef það er tæknilega og efnahagslega mögulegt, að atvinnuhúsnæði með virkt málafl fyrir hitakerfi eða sambyggð rýmishita- og loftræstikerfi yfir 290 kW, skuli búið sjálfvirkum kerfum og stýrikerfum byggingar eigi síðar en 2025.

Sjálfvirk kerfi og stýrikerfi byggingar skulu hafa getu til að:

a) annast stöðuga vöktun, skráningu, greiningu og gera kleift að stilla orkunotkun,

b) setja viðmiðanir um orkunýtni byggingar, greina tap á orkunýtni tæknilegra kerfa byggingar og tilkynna aðila, sem ber ábyrgð á búnaði eða tæknilegri stjórnun byggingarinnar, um möguleika á umbótum í orkunýtni og

c) gera samskipti möguleg við tengd tæknileg kerfi byggingar og annan búnað innan byggingarinnar auk samvirkni við tæknileg kerfi byggingar þvert á mismunandi tegundir einkaleyfisbundinnar tækni og búnaðar og framleiðendur.

5. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um kröfur til að tryggja að íbúðarhúsnæði sé búið:

a) virkni sem felur í sér stöðuga rafræna vöktun sem mælir orkunýtni kerfa og tilkynnir eigendum eða umsjónaraðilum bygginga þegar dregið hefur umtalsvert úr orkunýtninni og þegar kerfið þarfnast viðhalds og

b) virkni sem felur í sér skilvirkt eftirlit til að tryggja að orkan sé framleidd, dreift, geymd og notuð á sem ákjósanlegastan hátt.

6. Byggingar, sem samrýmast 4. eða 5. mgr., skulu undanþegnar kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

15. gr.

Skoðun loftjöfnunarkerfa

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á reglubundnum skoðunum á aðgengilegum hlutum loftjöfnunarkerfa eða sambyggðra loftjöfnunar- og loftræstikerfa með virkt málafl yfir 70 kW. Skoðunin skal fela í sér mat á nýtni og stærðun loftjöfnunarkerfisins í samanburði við kröfur um kælingu byggingarinnar og, ef við á, taka mið af getu loftjöfnunarkerfisins eða sambyggða loftjöfnunar- og loftræstikerfisins til að hámarka orkunýtingu sína við dæmigerð eða almenn rekstrarskilyrði.

Ef ekki hafa verið gerðar breytingar á loftjöfnunarkerfinu eða sambyggða loftjöfnunar- og loftræstikerfinu eða á kröfum um kælingu byggingarinnar í kjölfar skoðunar, sem var framkvæmd samkvæmt þessari málgrein, geta aðildarríki valið að krefjast ekki nýs mats á stærðun loftjöfnunarkerfisins.

Aðildarríki sem viðhalda strangari kröfum, skv. 3. mgr. 1. gr., skulu undanþegin skyldunni um að tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Tæknileg kerfi bygginga, sem falla augljóslega undir umsamdar viðmiðanir um orkunýtingu eða samningsbundið fyrirkomulag um umsamið stig umbóta í orkunýtni, s.s. samninga um orkunýtingu, eða þar sem orkuveitur eða rekstraraðili netkerfis stýrir rekstri tæknilegu kerfanna og sem falla því undir ráðstafanir um vöktun orkunýtingar byggingarinnar kerfismegin, skulu undanþegin kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., að því tilskildu að heildaráhrif slíkrar nálgunar jafngildi áhrifum þeirrar nálgunar sem leiða af 1. mgr.

3. Í stað 1. mgr. og að því tilskildu að heildaráhrif slíkrar nálgunar jafngildi þeim áhrifum sem leiða af 1. mgr. geta aðildarríki valið að grípa til ráðstafana til að tryggja að notendur fái ráðgjöf varðandi hvernig eigi að skipta út loftjöfnunarkerfum eða sambyggðum loftjöfnunar- og loftræstikerfum, varðandi aðrar breytingar á loftjöfnunarkerfinu eða sambyggðum loftjöfnunar- og loftræstikerfum og varðandi annars konar lausnir til að meta nýtni og viðeigandi stærð þeirra kerfa.

Áður en gripið er til annars konar ráðstafana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal hvert aðildarríki leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að þessar ráðstafanir hafi jafngild áhrif og þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr.

Slík skýrsla skal lögð fram í samræmi við gildandi kvaðir um áætlanagerð og skýrslugjöf.

4. Aðildarríki skulu mæla fyrir um kröfur til að tryggja, ef það er tæknilega og efnahagslega mögulegt, að atvinnuhúsnæði með virkt málafl fyrir loftjöfnunarkerfi eða sambyggð loftjöfnunar- og loftræstikerfi yfir 290 kW, skuli búið sjálfvirkum kerfum og stýrikerfum byggingar eigi síðar en 2025.

Sjálfvirk kerfi og stýrikerfi byggingar skulu hafa getu til að:

a) annast stöðuga vöktun, skráningu, greiningu og gera kleift að stilla orkunotkun,

b) setja viðmiðanir um orkunýtni byggingar, greina tap á orkunýtni tæknilegra kerfa bygginga og tilkynna aðila, sem ber ábyrgð á búnaði eða tæknilegri stjórnun byggingarinnar, um möguleika á umbótum í orkunýtni og

c) gera samskipti möguleg við tengd tæknileg kerfi byggingar og annan búnað innan byggingarinnar auk samvirkni við tæknileg kerfi byggingar þvert á mismunandi tegundir einkaleyfisbundinnar tækni og búnað og framleiðendur.

5. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um kröfur til að tryggja að íbúðarhúsnæði sé búið:

a) virkni sem felur í sér stöðuga rafræna vöktun sem mælir orkunýtni kerfa og tilkynnir eigendum eða umsjónaraðilum bygginga þegar dregið hefur umtalsvert úr orkunýtninni og þegar kerfið þarfnast viðhalds og

b) virkni sem felur í sér skilvirkt eftirlit til að tryggja að orkan sé framleidd, dreift, geymd og notuð á sem ákjósanlegastan hátt.

6. Byggingar, sem samrýmast 4. eða 5. mgr., skulu undanþegnar kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.“

8) Í stað 19. gr. kemur eftirfarandi:

„19. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin, sem nýtur aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 26. gr., skal endurskoða þessa tilskipun, eigi síðar en 1. janúar 2026, í ljósi fenginnar reynslu og árangurs sem náðst hefur við beitingu hennar og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur.

Sem hluti af þeirri endurskoðun skal framkvæmdastjórnin skoða með hvaða hætti aðildarríki gætu notað samþættar aðferðir fyrir hverfi eða bæjarhluta innan byggingar- og orkunýtnistefnu Sambandsins, samtímis því að tryggja að hver bygging samrýmist lágmarkskröfum um orkunýtingu, t.d. með heildaráætlunum um endurnýjun sem gilda um allmargar byggingar á landfræðilegu svæði í stað þess að gilda um eina byggingu.

Framkvæmdastjórnin skal einkum meta þörfina á frekari endurbótum á orkunýtingarvottorðum í samræmi við 11. gr.“

9) Eftirfarandi grein er bætt við:

„19. gr. a

Hagkvæmniathugun

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 2020, ljúka við gerð hagkvæmniathugunar þar sem greint er frá möguleikunum og tímarammanum til að innleiða skoðun sjálfstæðra loftræstikerfa og valkvætt leyfi um endurnýjun bygginga, sem eru til viðbótar við orkunýtingarvottorðin, í því skyni að leggja fram langtíma, áfangaskipta áætlun um endurnýjun tiltekinnar byggingar, sem byggist á gæðaviðmiðum í kjölfar úttektar á orkumálum, auk þess að greina í grófum dráttum frá viðeigandi ráðstöfunum og endurbótum sem gætu bætt orkunýtingu.“

10) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu einkum veita eigendum eða leigjendum bygginga upplýsingar um orkunýtingarvottorð, þ.m.t. um tilgang þeirra og markmið, um kostnaðarhagkvæmar ráðstafanir og, eftir því sem við á, fjármálagerninga til að bæta orkunýtingu bygginga og um að skipta kötlum fyrir jarðefnaeldsneyti út fyrir sjálfbærari kosti. Aðildarríki skulu veita upplýsingarnar á grunni aðgengilegra og gagnsærra ráðgjafarúrræða, t.d. ráðgjöf um endurnýjun og afgreiðslu á einum stað.“

11) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

„23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 5., 8. og 22. gr., í fimm ár frá 9. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5., 8. og 22. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5., 8. eða 22. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

12) Ákvæði 24. og 25. gr. falla brott.

13) Í stað 26. gr. kemur eftirfarandi:

„26. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.“

14) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2012/27/ESB

Í stað 4. gr. tilskipunar 2012/27/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Endurnýjun bygginga

Eigi síðar en 30. apríl 2014 skal birta fyrstu útgáfu langtímaáætlunar aðildarríkjanna um að virkja fjárfestingar í þágu endurnýjunar byggingamassa íbúðar- og viðskiptahúsnæðis í hverju aðildarríki, bæði í opinberri eigu og í einkaeign, uppfæra hana á þriggja ára fresti eftir það og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina sem hluta af landsbundnum aðgerðaáætlunum um orkunýtni.“

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. mars 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing þess efnis um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum, sem leiða í lög tilskipun 2010/31/ESB eða tilskipun 2012/27/ESB, sem tilvísanir í þær tilskipanir eins og þeim var breytt með þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig setja eigi yfirlýsinguna fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	L. PAVLOVA
forseti.	*forseti.*

———

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2010/31/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Ákvarða skal orkunýtingu byggingar á grundvelli reiknaðrar eða raunverulegrar orkunotkunar og skal hún endurspegla dæmigerða orkunotkun fyrir rýmishitun, rýmiskælingu, heitt vatn til heimilisnota, loftræstingu, innbyggðan ljósabúnað og önnur tæknileg kerfi bygginga.

Orkunýting byggingar skal gefin upp með tölulegum vísi fyrir frumorkunotkun í kWh/m^2 á ári, bæði að því er varðar vottun orkunýtingar og samræmi við lágmarkskröfur um orkunýtingu. Aðferðin sem er notuð til að ákvarða orkunýtingu byggingar skal vera gagnsæ og opin fyrir nýsköpun.

Aðildarríki skulu lýsa eigin aðferð sem þau nota við útreikningana í samræmi við landsbundna viðauka við hina almennu staðla, þ.e. ISO 52000-1, 52003-1, 52010-1, 52016-1 og 52018-1, sem hafa verið samdir samkvæmt umboði M/480 sem veitt hefur verið Staðlasamtökum Evrópu. Þetta ákvæði skal ekki fela í sér lagalega kerfisbindingu þeirra staðla.“

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Orkuþörf fyrir rýmishitun, rýmiskælingu, heitt vatn til heimilisnota, loftræstingu, lýsingu og önnur tæknileg kerfi bygginga skal reiknuð út til að skapa bestu mögulegu skilyrðin að því er varðar heilbrigði, loftgæði innandyra og vellíðan sem aðildarríkin skilgreina á lands- eða svæðisvísu.

Útreikningur á frumorku skal byggjast á frumorkuþáttum eða vægisstuðlum á hvern orkubera, sem getur grundvallast á landsbundnu, svæðisbundnu eða staðbundnu árlegu, og mögulega einnig árstíðarbundnu eða mánaðarlegu, vegnu meðaltali eða á sértækari upplýsingum sem veittar eru fyrir sérhvert svæðisbundið kerfi.

Aðildarríki skulu skilgreina frumorkuþætti eða vægisstuðla. Við beitingu þeirra stuðla við útreikning á orkunýtingu skulu aðildarríki tryggja að leitast sé við að ná fram bestu mögulegu orkunýtingu byggingarhjúpsins.

Við útreikning á frumorkuþáttum, í því skyni að reikna út orkunýtingu bygginga, er aðildarríkjum heimilt að taka tillit til orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er afhent á grunni orkubera, og orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er framleidd og notuð á staðnum, að því tilskildu að þetta fari fram án mismununar.“

c) Eftirfarandi lið er bætt við:

„2a. Í því skyni að gefa upp orkunýtingu byggingar er aðildarríkjum heimilt að skilgreina tölulega viðbótarvísa fyrir heildarnotkun óendurnýjanlegrar og endurnýjanlegrar frumorku og losun gróðurhúsalofttegunda í kg CO_2meq/(m^2 á ári).“

d) Í stað inngangsorðanna í 4. lið kemur eftirfarandi:

„4. Taka skal tillit til jákvæðra áhrifa eftirfarandi aðstæðna:“.

2) Eftirfarandi viðauka er bætt við:

„I VIÐAUKI A

SAMEIGINLEGUR ALMENNUR RAMMI TIL AÐ META SNJALLHÆFI BYGGINGA

1. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða skilgreiningu á snjallhæfisvísi og aðferð til að reikna hann út í því skyni að meta getu byggingar eða byggingareiningar til að aðlaga rekstur sinn að þörfum íbúanna og orkunetsins og til að bæta orkunýtni og heildarorkunýtingu.

Snjallhæfisvísirinn skal taka til þátta sem varða aukinn orkusparnað, betri setningu viðmiðana, meiri sveigjanleika og endurbættari virkni og getu sem hlýst af samtengdari og skynvæddari búnaði.

Með aðferðinni skal taka mið af þáttum eins og snjallmælum, sjálfvirkum kerfum og stýrikerfum byggingar, sjálfstýrðum búnaði til að stýra hitastigi innandyra, innbyggðum heimilistækjum, hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki, orkugeymslu og ítarlegri virkni auk samvirkni þessara þátta, sem og ávinningi fyrir loftskilyrði innandyra, orkunýtni og orkunýtingarstig auk mögulegs sveigjanleika.

2. Aðferðin skal byggjast á þrenns konar megingrunnvirkni að því er varðar bygginguna og tæknileg kerfi hennar:

   a) getu til að viðhalda orkunýtingu og rekstri byggingarinnar meðan á aðlögun orkunotkunar stendur, t.d. með því að nota orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum,

   b) getu til að aðlaga rekstrarmáta byggingarinnar að þörfum íbúanna, á sama tíma og tilhlýðilegur gaumur er gefinn að notendavænleika, viðvarandi heilsusamlegum loftskilyrðum innandyra og getunni til að tilkynna um orkunotkun og

   c) sveigjanleika varðandi heildarraforkuþörf byggingar, þ.m.t. geta hennar til að gera kleift að taka þátt í virkri og óvirkir sem og beinni og óbeinni notkunarsvörun að því er varðar orkunetið, t.d. á grunni sveigjanleika og getu til að hliðra til álagi.

3. Með aðferðinni má enn fremur taka tillit til:

   a) samvirkni milli kerfa (snjallmælta, sjálfvirkra kerfa og stýrikerfa byggingar, innbyggðra heimilistækja, sjálfstýrðs búnaðar til að stýra hitastigi innan byggingar og skynjara til að mæla loftgæði innandyra og loftræstikerfa) og

   b) jákvæðra áhrifa fyrirliggjandi fjarskiptakerfa, einkum hvort efnislegir innviðir séu fyrir hendi í byggingunni sem eru tilbúnir fyrir háhraðatengingu, s.s. valfrjáls merking sem sýnir að bygging sé „tilbúin fyrir breiðbandstengingu“, og að til staðar sé aðgangspunktur (e. *access point*) í fjölbýlishúsum, í samræmi við 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB (*).

4. Aðferðin skal ekki hafa neikvæð áhrif á fyrirliggjandi landsbundið vottunarkerfi fyrir orkunýtingu og skal byggjast á tengdum framtaksverkefnum á landsvísu, að teknu tilliti til meginreglunnar um eignarhald íbúa, persónuvernd, friðhelgi einkalífsins og öryggi, í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins auk bestu fáanlegrar tækni fyrir netöryggi.

5. Með aðferðinni skal setja fram heppilegasta sniðið fyrir mæliþátt snjallhæfisvísisins og skal sniðið vera einfalt, gagnsætt og auðskiljanlegt fyrir neytendur, eigendur, fjárfesta og aðila á markaði fyrir notkunarsvörun.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum (Stjtíð. ESB L 155, 23.5.2014, bls. 1).“

3) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) í stað fyrstu málsgreinar 1. liðar kemur eftirfarandi:

   „Lögbær yfirvöld eða aðilar, sem hefur verið falið, fyrir milligöngu lögbæru yfirvaldanna, að bera ábyrgð á framkvæmd óháða eftirlitskerfisins, skulu taka slembiúrtak úr öllum orkunýtingarvottorðum sem eru gefin út árlega og sannprófa þau vottorð. Úrtakið skal vera nægilega stórt til að tryggja tölfræðilega marktækar niðurstöður að því er varðar samræmi.“

   b) Eftirfarandi lið er bætt við:

   „3. Þegar upplýsingum er bætt við í gagnasafn skulu landsyfirvöld eiga möguleika á að sjá hver það er sem hefur bætt við upplýsingunum með hliðsjón af vöktun og sannprófun.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/2001 **2025/EES/59/28**

frá 11. desember 2018

um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ([4]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([5]). Þar sem gera á frekari breytingar ætti að endurútgefa þá tilskipun til glöggvunar.

2) Í samræmi við 1. mgr. 194. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er eitt markmiða stefnu Sambandsins í orkumálum að stuðla að aukinni notkun á endurnýjanlegri orku. Það er markmiðið sem stefnt er að með þessari tilskipun. Aukin notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eða „endurnýjanlegrar orku“ er mikilvægur hluti þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að standa við skuldbindingar Sambandsins samkvæmt Parísarsamningnum frá árinu 2015 um loftslagsbreytingar í kjölfar tuttugustu og fyrstu ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“) og orku- og loftslagsstefnuramma Sambandsins fram til ársins 2030, þ.m.t. bindandi markmið Sambandsins um að draga úr losun sem nemur a.m.k. 40% niður fyrir gildi ársins 1990 eigi síðar en 2030. Bindandi markmið Sambandsins um endurnýjanlega orku fyrir árið 2030 og framlag aðildarríkjanna til þessa markmiðs, þ.m.t. grunnviðmiðunarhlutdeildir þeirra í tengslum við landsbundin heildarmarkmið þeirra fyrir árið 2020, eru meðal þeirra þátta sem hafa alhliða þýðingu fyrir orku- og umhverfisstefnu Sambandsins. Aðra slíka þætti er að finna í rammanum sem er settur fram í þessari tilskipun, til að mynda að því er varðar þróun endurnýjanlegrar hitunar og kælingar og þróun endurnýjanlegs eldsneytis til flutninga.

3) Aukin notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum gegnir einnig grundvallarhlutverki við að stuðla að öryggi í orkuafhendingu, sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði, tækniþróun og nýsköpun auk forystu á sviði tækni og iðnaðar jafnframt því að veita ávinning á sviði umhverfis-, félags- og heilbrigðismála auk þess að skapa meiriháttar tækifæri í atvinnumálum og byggðaþróun, einkum í dreifbýli og á einangruðum svæðum, á strjálbýlum svæðum eða yfirráðasvæðum eða þar sem flutningur framleiðsluafla úr iðnaði í verslun og þjónustu á sér stað að hluta til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 246, 28.7.2017, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB C 342, 12.10.2017, bls. 79.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 4. desember 2018.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

([5]) Sjá A-hluta X. viðauka.

4) Áhrifarík tól til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu og til að minnka orkuhæði Sambandsins eru einkum minnkuð orkunotkun, auknar tækniframfarir, hvatar til að nota og auka hlutdeild almenningssamgangna, notkun orkunýtinnar tækni og notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í raforkugeiranum, hitunar- og kælingargeiranum og flutningageiranum, ásamt orkunýtniráðstöfunum.

5) Með tilskipun 2009/28/EB var komið á regluramma til að efla notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þar sem sett voru bindandi landsbundin markmið um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í orkunotkun og í flutningageiranum sem ætti að ná eigi síðar en 2020. Með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. janúar 2014 sem nefnist „Stefnurammi fyrir loftslag og orku á tímabilinu frá 2020 til 2030“ var komið á ramma fyrir framtíðarstefnu Sambandsins í orku- og loftslagsmálum og stuðlað að sameiginlegum skilningi um þróun þessara stefna eftir árið 2020. Framkvæmdastjórnin lagði til að markmið Sambandsins um hlutfall endurnýjanlegrar orku sem notuð er í Sambandinu verði a.m.k. 27% árið 2030. Leiðtogaráðið studdi þessa tillögu í niðurstöðum sínum frá 23. og 24. október 2014, þar sem tilgreint var að aðildarríki ættu að geta ákvarðað sín eigin metnaðarfyllri landsbundin markmið í því skyni að leggja til fyrirhuguð framlög sín til markmiðs Sambandsins fyrir árið 2030 og fara fram úr þeim.

6) Í ályktun sinni frá 5. febrúar 2014 sem ber yfirskriftina „Loftslags- og orkurammi fram til ársins 2030“ og frá 23. júní 2016 sem ber yfirskriftina „Framvinduskýrsla um endurnýjanlega orku“, gekk Evrópuþingið enn lengra en tillaga framkvæmdastjórnarinnar eða niðurstöður leiðtogaráðsins og lagði áherslu á að í ljósi Parísarsamningsins og nýlegrar kostnaðarlækkunar á endurnýjanlegri orku væri æskilegt að tillagan yrði umtalsvert metnaðarfyllri.

7) Því ætti að taka tillit til þess metnaðar sem var settur fram í Parísarsamningnum, sem og tækniþróunar, þ.m.t. kostnaðarlækkunar vegna fjárfestinga í endurnýjanlegri orku.

8) Því er viðeigandi að setja bindandi Sambandsmarkmið um að hlutdeild endurnýjanlegrar orku nemi a.m.k. 32%. Framkvæmdastjórnin ætti enn fremur að meta hvort endurskoða ætti markmiðið upp á við í ljósi umtalsverðrar lækkunar á kostnaði við framleiðslu endurnýjanlegrar orku, alþjóðlegra skuldbindinga Sambandsins um afkolun eða í ljósi umtalsverðs samdráttar í orkunotkun í Sambandinu. Í samræmi við stjórnunarferlið sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ([1]) ættu aðildarríki, sem hluti af samþættum orku- og loftslagsáætlunum sínum, að ákvarða hvernig þau stuðli að því að þessu markmiði verði náð.

9) Ákvörðun bindandi Sambandsmarkmiðs um endurnýjanlega orku fyrir 2030 myndi halda áfram að hvetja til þróunar á tækni sem framleiðir endurnýjanlega orku og skapa vissu fyrir fjárfesta. Markmið sem er skilgreint á vettvangi Sambandsins myndi veita aðildarríkjum meiri sveigjanleika við að ná markmiðum sínum um skerðingu gróðurhúsalofttegunda á eins kostnaðarhagkvæman hátt og unnt er í samræmi við sérstakar aðstæður þeirra, samsetningu orkugjafa og getu til að framleiða endurnýjanlega orku.

10) Til að tryggja að sá árangur haldist sem náðst hefur samkvæmt tilskipun 2009/28/EB, ættu landsbundin markmið sem eru ákvörðuð fyrir árið 2020 að vera lágmarksframlag aðildarríkja til nýja reglurammans fram til ársins 2030. Undir engum kringumstæðum ætti landsbundin hlutdeild endurnýjanlegrar orku að vera minni en þessi framlög. Ef svo er ættu viðkomandi aðildarríki að grípa til viðeigandi ráðstafana eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/1999 til að tryggja að grunnviðmiðunarhlutdeildinni verði náð aftur. Ef aðildarríki viðheldur ekki grunnviðmiðunarhlutdeild sinni á 12 mánaða tímabili ætti það, innan 12 mánaða frá lokum þess tímabils, að grípa til viðbótarráðstafana til að endurheimta þá grunnviðmiðunarhlutdeild. Ef aðildarríki hefur með skilvirkum hætti gripið til slíkra viðbótarráðstafana og uppfyllt skuldbindingar sínar um að endurheimta grunnviðmiðunarhlutdeildina, ætti það að teljast hafa uppfyllt skyldubundnar grunnkröfur samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999 fyrir allt umrætt tímabil. Viðkomandi aðildarríki getur því ekki talist hafa vanrækt að uppfylla skuldbindingu sína um að viðhalda grunnviðmiðunarhlutdeild sinni á því tímabili þegar bilið myndaðist. Reglurammarnir fram til ársins 2020 og til ársins 2030 þjóna báðir markmiðum stefnu Sambandsins í umhverfis- og orkumálum.

11) Aðildarríki ættu að grípa til viðbótarráðstafana ef hlutdeild endurnýjanlegrar orku á vettvangi Sambandsins uppfyllir ekki áfangamarkmið Sambandsins í átt að markmiðinu um a.m.k. 32% endurnýjanlega orku. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999 getur framkvæmdastjórnin gripið til ráðstafana á vettvangi Sambandsins til að tryggja að markmiðinu verði náð ef hún verður vör við bil milli metnaðar og markmiða meðan mat á samþættum landsbundnum orku- og

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

loftslagsáætlunum stendur yfir. Verði framkvæmdastjórnin vör við bil milli markmiða og uppfyllingar þeirra meðan mat á samþættum landsbundnum framvinduskýrslum um orku- og loftslagsmál stendur yfir, ættu aðildarríki að grípa til ráðstafananna sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/1999 til að loka því bili.

12) Í því skyni að styðja við metnaðarfull framlög aðildarríkjanna að markmiði Sambandsins ætti að koma á fót fjárhagsramma til að greiða fyrir fjárfestingum í verkefnum varðandi endurnýjanlega orku í þessum aðildarríkjum, þ.m.t. með fjármálagerningum.

13) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja áherslu á úthlutun fjármagns í því skyni að draga úr fjármagnskostnaði verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku í ljósi þess að slíkur kostnaður hefur veruleg áhrif á kostnaðinn við slík verkefni og samkeppnishæfni þeirra, og einnig á þróun nauðsynlegra grunnvirkja vegna öflugrar, tæknilega og efnahagslega gerlegrar upptöku endurnýjanlegrar orku, svo sem grunnvirki flutnings- og dreifikerfa, skynvædd net og samtengingar.

14) Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja á milli lögbærra landsyfirvalda eða svæðisbundinna yfirvalda eða aðila, t.d. með reglulegum fundum, í því skyni að finna sameiginlega nálgun við að stuðla að aukinni upptöku kostnaðarhagkvæmra verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hvetja til fjárfestinga í nýrri, sveigjanlegri og hreinni tækni, og koma á fullnægjandi áætlun um stjórnun úreldingar á tækni sem stuðlar ekki að því að draga úr losun eða hefur ekki upp á að bjóða nægilegan sveigjanleika, á grundvelli gagnsærra viðmiðana og áreiðanlegra vísbendinga um markaðsverð.

15) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 ([1]), tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB ([2]) og 2003/30/EB ([3]) og tilskipun 2009/28/EB voru fastsettar skilgreiningar á mismunandi orkutegundum frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Í lögum Sambandsins um innri orkumarkaðinn eru fastsettar skilgreiningar fyrir raforkugeirann almennt. Til glöggvunar og vegna réttarvissu er viðeigandi að beita þeim skilgreiningum í þessari tilskipun.

16) Sýnt hefur verið fram á að stuðningskerfi vegna raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eða „endurnýjanlegrar raforku“ eru skilvirk leið til að stuðla að nýtingu endurnýjanlegrar raforku. Ef og þegar aðildarríki ákveða að innleiða stuðningskerfi ætti að veita slíkan stuðning á þann hátt að það valdi eins lítilli röskun á starfsemi raforkumarkaða og mögulegt er. Í því skyni fjölgar þeim aðildarríkjum sem veita stuðning á þann hátt að stuðningur er veittur til viðbótar við markaðstekjur og með því að innleiða markaðstengd kerfi til að ákvarða hversu mikinn stuðning þarf. Slíkur stuðningur er, ásamt þeim skrefum sem gera markaðinn í stakk búinn til að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku, lykilþáttur í að auka markaðssamþættingu endurnýjanlegrar raforku, að teknu tilliti til mismunandi getu lítilla og stórra framleiðenda til að bregðast við vísbendingum markaðarins.

17) Litlar stöðvar geta haft mikinn ávinning í för með sér við að auka viðurkenningu almennings og tryggja útbreiðslu verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku, einkum á staðarvísu. Til að tryggja þátttöku slíkra lítilla stöðva gæti því enn verið þörf á sérstökum skilyrðum, þ.m.t. innmötunargjaldskrám, til að tryggja jákvætt hlutfall milli kostnaðar og ábata, í samræmi við lög Sambandsins sem varða raforkumarkaðinn. Mikilvægt er að skilgreina litlar stöðvar í þeim tilgangi að hægt sé að fá slíkan stuðning svo að fjárfestar njóti réttarvissu. Í reglum um ríkisaðstoð er að finna skilgreiningar á litlum stöðvum.

18) Samkvæmt 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórnin óskiptar valdheimildir til að meta að hversu miklu leyti ríkisaðstoðarráðstafanir, sem aðildarríki geta komið á vegna nýtingar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, samrýmist innri markaðnum. Þetta mat er framkvæmt á grundvelli 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og í samræmi við þar að lútandi ákvæði og leiðbeiningar sem framkvæmdastjórnin getur samþykkt í því skyni. Þessi tilskipun er með fyrirvara um óskiptar valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins veitir.

19) Nota ætti raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum með sem minnstum tilkostnaði fyrir neytendur og skattgreiðendur. Við hönnun stuðningskerfa og við úthlutun stuðnings ættu aðildarríkin að leitast við að draga úr heildarkerfiskostnaði

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/30/EB frá 8. maí 2003 um að auka notkun lífeldsneytis eða annars endurnýjanlegs eldsneytis til flutninga (Stjtíð. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 42).

við útfærslu á afkolun í átt að markmiðinu um lágkolefnishagkerfi fyrir árið 2050. Sýnt hefur verið fram á að markaðstengt fyrirkomulag á borð við útboðsferli sé í mörgum tilvikum skilvirk leið til að draga úr kostnaði vegna stuðnings á samkeppnismörkuðum.Við sérstakar aðstæður leiðir útboðsferli þó ekki endilega til hagkvæmrar verðákvörðunar. Því kann, til að tryggja jafnvægi og draga úr heildarkostnaði vegna stuðnings, að þurfa að íhuga að beita undanþágum sem skapa jafnvægi. Einkum ætti að heimila aðildarríkjum að veita undanþágur frá útboðsferlum og beinni markaðssetningu í tengslum við litlar stöðvar og sýniverkefni í því skyni að taka tillit til takmarkaðrar getu þeirra. Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin metur í hverju tilviki fyrir sig hvort stuðningur við endurnýjanlega orku samrýmist innri markaðnum, ættu slíkar undanþágur að uppfylla viðeigandi viðmiðunarmörk sem eru sett fram í nýjustu viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar og orkumála. Í viðmiðunarreglunum fyrir árin 2014 til 2020 eru þessi viðmiðunarmörk fastsett við 1 MW (og 6 MW eða sex framleiðslueiningar fyrir vindorku) og 500 kW (og 3 MW eða þrjár framleiðslueiningar fyrir vindorku) með tilliti til undanþága frá, eftir því sem við á, útboðsferli og beinni markaðssetningu. Til að auka skilvirkni útboðsferla til að lágmarka heildarstuðningskostnað ættu útboðsferli að jafnaði að vera opin öllum framleiðendum raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum án mismununar. Þegar aðildarríki þróa stuðningskerfi sín er þeim heimilt að takmarka útboðsferlið við tiltekna tækni ef nauðsynlegt reynist til að forðast lakan árangur að því er varðar nethömlur og stöðuleika flutningskerfa, kostnað við samþættingu kerfa, þörfina á að ná fram fjölbreytileika í samsetningu orkugjafa og möguleika tækni til lengri tíma.

20) Í niðurstöðum sínum frá 23. og 24. október 2014 um stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 lagði leiðtogaráðið áherslu á mikilvægi samtengdari innri orkumarkaðar og þörfina á nægilegum stuðningi til að samþætta aukinn fjölda breytilegrar endurnýjanlegrar orku og gera þannig Sambandinu kleift að uppfylla metnaðarmál sín um að gegna forystuhlutverki við orkuskiptin. Til að hámarka alla möguleika orkusambandsins er því mikilvægt og brýnt að auka fjölda samtengilína og vinna að því að ná markmiðum leiðtogaráðsins.

21) Við þróun stuðningskerfa fyrir endurnýjanlega orkugjafa ættu aðildarríki að taka mið af tiltæku sjálfbæru framboði lífmassa og taka tilhlýðilegt tillit til meginreglna hringrásarhagkerfisins og úrgangsmetakerfisins sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB) ([1]) í því skyni að forðast óþarfa raskanir á hráefnismörkuðum. Forvarnir gegn myndun úrgangs og endurvinnsla úrgangs ættu að vera forgangsatriði í þessu samhengi. Aðildarríki ættu að forðast að koma upp stuðningskerfum sem ganga myndu gegn markmiðum um meðhöndlun úrgangs og sem myndu leiða til óskilvirkrar notkunar endurvinnanlegs úrgangs.

22) Aðildarríkin hafa mismunandi möguleika þegar kemur að endurnýjanlegri orku og reka mismunandi stuðningskerfi á landsvísu. Meirihluti aðildarríkjanna beitir stuðningskerfum sem eingöngu veita stuðning við orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleidd er á yfirráðasvæði þeirra. Til að tryggja eðlilega starfsemi landsbundinna stuðningskerfa er brýnt að aðildarríkin geti áfram haft stjórn á áhrifum og kostnaði við landsbundin stuðningskerfi sín í samræmi við mismunandi möguleika þeirra. Eitt mikilvægt úrræði til að ná markmiðum þessarar tilskipunar er að tryggja að landsbundin stuðningskerfi starfi eðlilega í samræmi við tilskipanir 2001/77/EB og 2009/28/EB, í þeim tilgangi að viðhalda tiltrú fjárfesta og gera aðildarríkjunum kleift að hanna skilvirkar landsbundnar ráðstafanir um eigin framlög til markmiðs Sambandsins um endurnýjanlega orku fyrir árið 2030 og til landsbundinna markmiða sem þau hafa sett sjálfum sér. Með þessari tilskipun ætti að auðvelda stuðning við endurnýjanlega orku yfir landamæri án þess að hafa óhófleg áhrif á landsbundin stuðningskerfi.

23) Opnun stuðningskerfa fyrir þátttöku yfir landamæri takmarkar neikvæð áhrif á innri orkumarkaðinn og getur, við tiltekin skilyrði, hjálpað aðildarríkjum að ná markmiðum Sambandsins á kostnaðarhagkvæmari hátt. Þátttaka yfir landamæri er einnig eðlileg afleiðing af þróun stefnu Sambandsins um endurnýjanlega orku þar sem stuðlað er að samleitni og samvinnu til að stuðla að bindandi markmiði Sambandsins. Því er rétt að hvetja aðildarríki til að koma á stuðningi við verkefni í öðrum aðildarríkjum og skilgreina nokkrar leiðir til að hrinda megi slíkri opnun í framkvæmd í áföngum þannig að tryggt sé að farið sé að ákvæðum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), einkum 30., 34. og 110. gr. Þar eð ekki er hægt að rekja raforkuflæði þykir rétt að tengja möguleika á þátttöku í stuðningskerfum yfir landamæri við hlutdeild sem svarar til viðleitni til að ná raunverulegum samtengilínum og að gera aðildarríkjunum kleift að takmarka opin stuðningskerfi við aðildarríki sem þau hafa beina nettengingu við sem áþreifanlega vísbendingu til að færa sönnur á raunverulegt raforkuflæði milli aðildarríkja. Þetta ætti þó ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á starfsemi raforkumarkaða milli svæða eða yfir landamæri.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

24) Undirrita ætti samstarfssamninga milli þátttökuaðildarríkja til að tryggja að opnun stuðningskerfa sé gagnkvæm og hafi í för með sér gagnkvæman ávinning. Aðildarríki ættu að halda stjórn á útbreiðsluhraða framleiðslugetu endurnýjanlegrar raforku á yfirráðasvæðum sínum, einkum í því skyni að taka mið af tengdum kostnaði við samþættingu og nauðsynlegum fjárfestingum í dreifikerfum. Aðildarríki ættu þannig að hafa heimild til að takmarka þátttöku stöðva á yfirráðasvæði þeirra við tilboð sem þeim standa til boða frá öðrum aðildarríkjum. Þessir samstarfssamningar ættu að taka til allra viðeigandi þátta, s.s. að gera grein fyrir kostnaði í tengslum við verkefni sem eitt aðildarríki kemur á fót á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, þ.m.t. útgjöld sem tengjast styrkingu orkuneta, orkuflutningi, geymslu- og varagetu, auk möguleika á kerfisöng í netinu. Í þessum samningum ættu aðildarríki einnig að taka tillit til ráðstafana sem gætu gert það kleift að samþætta slíka viðbótarframleiðslugetu endurnýjanlegrar raforku á kostnaðarhagkvæman hátt, hvort sem það er gert með reglusetningu (t.d. í tengslum við markaðshönnun) eða kveða á um viðbótarfjárfestingar í sveigjanleika af ýmsu tagi (t.d. samtengingum, geymslu, notkunarsvörun eða sveigjanlegri framleiðslu).

25) Aðildarríki ættu að forðast kringumstæður sem valda röskun sem leiðir til umfangsmikils innflutnings á tilföngum frá þriðju löndum. Í því sambandi ætti að huga að og efla vistferilsnálgun.

26) Aðildarríki ættu að tryggja að samfélög um endurnýjanlega orku geti tekið þátt í tiltækum stuðningskerfum á jafnréttisgrundvelli með stórum þátttakendum. Í því skyni ætti að heimila aðildarríkjum að gera ráðstafanir, s.s. að veita upplýsingar, veita tækni- og fjárstuðning, draga úr stjórnsýslukröfum, þ.m.t. tilboðsviðmiðanir sem beinast að samfélögum, setja saman sérsniðna tilboðsglugga fyrir samfélög um endurnýjanlega orku, eða að heimila greiðslu umbunar til samfélaga um endurnýjanlega orku í formi beins stuðnings ef þau fullnægja kröfum um litlar stöðvar.

27) Við skipulag á grunnvirkjunum sem þörf er á vegna framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ætti að taka mið af stefnumálum sem snerta þátttöku þeirra sem verkefnin snerta, einkum íbúa á staðnum.

28) Neytendur ættu að fá ítarlegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um orkunýtingu hitunar- og kælikerfa og um lægri rekstrarkostnað rafknúinna ökutækja, til að þeir geti tekið einstaklingsbundnar neytendaákvarðanir að því er varðar endurnýjanlega orku og til að forðast að verða fyrir tæknilegum sjálfhelduáhrifum.

29) Stefnur sem styðja endurnýjanlega orku ættu, með fyrirvara um ákvæði 107. og 108. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins, að vera fyrirsjáanlegar og stöðugar og forðast örar eða afturvirkar breytingar. Ef stefna er óútreiknanleg og óstöðug hefur það bein áhrif á fjármagnskostnað, á kostnað verkefnaþróunar og þannig á heildarkostnað við að nýta endurnýjanlega orku í Sambandinu. Aðildarríki ættu að koma í veg fyrir að endurskoðun á stuðningi við verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku hafi neikvæð áhrif á efnahagslega afkomu þeirra. Í því samhengi ættu aðildarríki að styðja kostnaðarhagkvæm stefnumið varðandi stuðning og tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Enn fremur ætti að birta leiðbeinandi langtímaáætlun sem tekur til helstu þátta væntanlegs stuðnings, án þess það hafi áhrif á getu aðildarríkja til að taka ákvörðun um fjárúthlutun á þeim árum sem áætlunin tekur til.

30) Skuldbindingar aðildarríkjanna um að semja aðgerðaráætlanir um endurnýjanlega orku og framvinduskýrslur og skýrslugjafarskylda framkvæmdastjórnarinnar um framvindu aðildarríkjanna eru nauðsynlegar til að auka gagnsæi, til glöggvunar fyrir fjárfesta og neytendur og til að gera kleift að hafa skilvirkt eftirlit. Með reglugerð (ESB) 2018/1999 eru þessar skuldbindingar felldar inn í stjórnunarkerfi orkusambandsins, sem felur í sér hagræðingu á skuldbindingum um áætlanagerð, skýrslugjöf og vöktun á sviði loftslags- og orkumála. Gagnsæisvettvangurinn um endurnýjanlega orku er einnig felldur inn í víðtækari rafræna vettvanginn sem komið var á fót með þeirri reglugerð.

31) Nauðsynlegt er að kveða á um gagnsæjar og ótvíræðar reglur til að reikna út hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og til að skilgreina þessa orkugjafa.

32) Við útreikning á hlutfalli vatnsorku og vindorku að því er varðar þessa tilskipun ætti að jafna út afleiðingar loftslagsbreytinga með því að nota stöðlunarreglu. Enn fremur ætti raforka, sem framleidd er í dælimiðlunareiningum með vatni sem áður hefur verið dælt upp á við, ekki teljast endurnýjanleg raforka.

33) Til að varmadælur eða kælikerfi virki, sem gera notkun umhverfis- og jarðvarmaorku mögulega við nothæft hitastig, þurfa þau raforku eða aðra viðbótarorku. Því ætti að draga þá orku sem er notuð til að knýja þessi kerfi frá heildarmagni nýtanlegrar orku eða þeirri orku sem er fjarlægð af svæðinu. Eingöngu ætti að taka tillit til hitunar- og kælikerfa þar sem orkufrálagið eða sú orka sem er fjarlægð af svæði er umtalsvert meiri en frumorkan sem þarf til að knýja þau. Kælikerfi stuðla að orkunotkun í aðildarríkjunum og því er viðeigandi að reikniaðferðirnar taki mið af hlutdeild endurnýjanlegrar orku sem notuð er í slíkum kerfum í endanlegum notkunargeirum.

34) Hlutlaus orkukerfi (e. passive energy systems) nota hönnun bygginga til að beisla orku. Þetta telst orkusparnaður. Til að forðast tvítalningu ætti ekki að taka tillit til orku sem er beisluð með þessum hætti að því er varðar þessar tilskipun.

35) Í sumum aðildarríkjum er hlutdeild flugs í heildarorkunotkun mikil. Í ljósi núverandi tækni- og reglutakmarkana sem koma í veg fyrir notkun lífeldsneytis í viðskiptalegum tilgangi í flugi er því viðeigandi að veita þessum aðildarríkjum undanþágu að hluta til innan útreiknings á heildarorkunotkun í landsbundnum flutningum í lofti, til að gera þeim kleift að undanskilja úr þessum útreikningi það magn umfram 150% af meðaltali heildarorkunotkunar í flugi í Sambandinu sem þau nota, eins og Hagstofa Evrópubandalaganna mat það fyrir árið 2005, þ.e. 6,18%. Sökum þess að Kýpur og Malta eru einangraðar eyjar á jaðarsvæðum treysta þær einkum á flug sem flutningsmáta sem er bráðnauðsynlegur ríkisborgurum þeirra og atvinnulífi. Sökum þessa er heildarorkunotkun þeirra í landsbundnum flutningum í lofti óhóflega mikil, þ.e. meira en þrisvar sinnum meiri en meðaltal Sambandsins árið 2005. Þessi aðildarríki verða því fyrir óhóflega miklum áhrifum af núverandi tækni- og reglutakmörkunum. Því er rétt að kveða á um að þau njóti ávinnings af undanþágu sem tekur til þess magns sem þau fara fram úr meðaltali heildarorkunotkunar Sambandsins í flugi, eins og Hagstofa Evrópubandalaganna mat það fyrir árið 2005, þ.e. 4,12%.

36) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 sem ber yfirskriftina „Evrópsk stefnuáætlun um hreyfanleika með lítilli losun“ var lögð áhersla á sérstakt mikilvægi háþróaðs lífeldsneytis og endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds flugvélaeldsneytis af ólífrænum uppruna til meðallangs tíma litið.

37) Til að tryggja að í skránni yfir hráefni til að framleiða háþróað lífeldsneyti, annað lífeldsneyti og lífgas, eins og sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun, sé tekið mið af meginreglunum um úrgangsmetakerfið sem komið var á fót með tilskipun 2008/98/EB, viðmiðunum Sambandsins um sjálfbærni og þörfinni fyrir að tryggja að sá viðauki skapi ekki viðbótareftirspurn eftir landi og stuðli á sama tíma að aukinni notkun úrgangs og leifa, ætti framkvæmdastjórnin, við reglulegt mat á þeim viðauka, að íhuga að telja með viðbótarhráefni sem valda ekki verulegum áhrifum til röskunar á mörkuðum fyrir (auka)afurðir, úrgang eða leifar.

38) Til að gera mögulegt að lækka kostnaðinn við að ná markmiðum Sambandsins sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og að gefa aðildarríkjunum sveigjanleika til að uppfylla skuldbindingar sínar um að fara ekki niður fyrir landsbundin markmið sín fyrir 2020 eftir árið 2020, er bæði rétt að auðvelda notkun í aðildarríkjum á orku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í öðrum aðildarríkjum og að gera aðildarríkjum kleift að taka með í útreikningum orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem notuð er í öðrum aðildarríkjum, til að ná eigin hlutdeild endurnýjanlegrar orku. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að koma á fót vettvangi Sambandsins um þróun endurnýjanlegar orku (hér á eftir nefndur þróunarvettvangurinn), sem gerir aðildarríkjunum kleift að stunda viðskipti með hlutdeild í endurnýjanlegri orku, auk tvíhliða samvinnusamninga. Þróunarvettvanginum er ætlað að koma til viðbótar við frjálsa opnun stuðningskerfa gagnvart verkefnum í öðrum aðildarríkjum. Samningar milli aðildarríkja fela í sér tölfræðilegan flutning, sameiginleg verkefni milli aðildarríkja eða sameiginleg stuðningskerfi.

39) Hvetja ætti aðildarríkin til að leita allra viðeigandi leiða í samstarfi í tengslum við þau markmið sem sett eru fram í þessari tilskipun og til að upplýsa borgara sína um þann ávinning sem hlýst af samstarfsfyrirkomulagi. Slíkt samstarf getur átt sér stað á öllum stigum og verið tvíhliða eða marghliða. Auk tegunda fyrirkomulags sem hafa áhrif á útreikning og uppfyllingu markmiða um hlut endurnýjanlegrar orku og er eingöngu kveðið á um í þessari tilskipun, þ.e. tölfræðilegur flutningur milli aðildarríkja, hvort sem honum er komið á fót tvíhliða eða gegnum þróunarvettvanginn, sameiginleg verkefni og sameiginleg stuðningskerfi, getur samstarf einnig verið í formi t.d. skipta á upplýsingum og bestu starfsvenjum, sem einkum er gert ráð fyrir á rafræna vettvanginum sem komið var á með reglugerð (ESB) 2018/1999, og annarrar valfrjálsrar samræmingar milli allra tegunda stuðningskerfa.

40) Það ætti að vera hægt að telja innflutta raforku, sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum utan Sambandsins, sem hlutdeild aðildarríkjanna af endurnýjanlegri orku. Svo ábyrgjast megi viðunandi áhrif endurnýjanlegrar orku sem leysir óendurnýjanlega orku af hólmi í Sambandinu og í þriðju löndum er rétt að tryggja að hægt sé að rekja slíkan innflutning og taka hann með í útreikningum með áreiðanlegum hætti. Tekið verður tillit til samninga við þriðju lönd varðandi skipulag slíkra viðskipta með endurnýjanlega raforku. Ef ákvörðun sem tekin er samkvæmt Orkusáttmála Bandalagsins ([1]) felur í sér að aðilar að sáttmálanum verða bundnir af viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar ættu ráðstafanirnar um samstarf milli aðildarríkja, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að gilda um þá.

41) Þegar aðildarríkin takast á hendur sameiginleg verkefni með einu eða fleiri þriðju löndum varðandi framleiðslu á endurnýjanlegri raforku þykir rétt að þessi sameiginlegu verkefni tengist aðeins orkuverum sem hafa nýlega verið byggð eða orkuverum þar sem framleiðslugetan hefur nýlega verið aukin. Þetta mun hjálpa til við að tryggja að hlutfall orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun þriðja landsins skerðist ekki vegna innflutnings á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til Sambandsins.

42) Til viðbótar við að setja ramma á vettvangi Sambandsins um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, stuðlar þessi tilskipun einnig að hugsanlegum jákvæðum áhrifum sem Sambandið og aðildarríkin geta haft með því að efla þróun geirans fyrir endurnýjanlega orku í þriðju löndum. Sambandið og aðildarríkin ættu að stuðla að rannsóknum, þróun og fjárfestingum í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í þróunarlöndum og öðrum samstarfslöndum, með fullri virðingu fyrir alþjóðalögum, og efla þannig umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni þeirra og getu til að flytja út endurnýjanlega orku.

43) Málsmeðferðin sem er notuð við útgáfu heimilda, vottanir og leyfisveitingar orkuvera sem nýta endurnýjanlega orku ætti að vera hlutlæg, gagnsæ, án mismununar og hófleg þegar reglunum er beitt gagnvart tilteknum verkefnum. Einkum þykir rétt að forðast óþarfa byrði sem gæti skapast við það að verkefni um endurnýjanlega orku séu flokkuð sem orkuver sem mikil heilbrigðisáhætta stafar af.

44) Til að hraða nýtingu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og með tilliti til þess að þeir eru almennt mjög sjálfbærir og umhverfisvænir, ættu aðildarríkin, þegar þau beita stjórnsýslureglum eða skipulagi við áætlanagerð og löggjöf ætluðum til leyfisveitinga fyrir orkuver með tilliti til takmörkunar á og eftirlits með mengun frá iðjuverum, til að berjast gegn loftmengun eða til að koma í veg fyrir eða lágmarka losun hættulegra efna út í umhverfið, að taka framlag orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum með í útreikningum til að ná markmiðum sínum varðandi umhverfi og loftslagsbreytingar, einkum samanborið við orkuver sem ekki nýta endurnýjanlega orku.

45) Tryggja ætti samræmi milli markmiðanna í þessari tilskipun og annarrar umhverfislöggjafar Sambandsins. Aðildarríkin ættu, einkum meðan á málsmeðferð stendur við mat, áætlanagerð eða leyfisveitingu fyrir orkuver sem nýta endurnýjanlega orku, að taka með í útreikningum alla umhverfislöggjöf Sambandsins og framlag orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til að ná markmiðum varðandi umhverfi og loftslagsbreytingar, einkum í samanburði við orkuver sem ekki nýta endurnýjanlega orku.

46) Jarðvarmaorka er mikilvægur staðbundinn endurnýjanlegur orkugjafi sem er venjulega með talsvert minni losun en jarðefnaeldsneyti, auk þess sem tilteknar gerðir jarðvarmaorkuvera eru nánast ekki með neina losun. Framleiðsla jarðvarmaorku getur þó, allt eftir jarðfræðilegum eiginleikum svæðis, losað úr neðanjarðarvökvum og öðrum jarðmyndunum í jarðvegsgrunni gróðurhúsalofttegundir og önnur efni sem eru skaðleg heilsu og umhverfi. Framkvæmdastjórnin ætti því eingöngu að greiða fyrir nýtingu jarðvarmaorku sem hefur lítil umhverfisáhrif og sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda í samanburði við óendurnýjanlega orkugjafa.

47) Á lands-, svæðis- og eftir atvikum á staðarvísu hafa reglur og skuldbindingar varðandi lágmarkskröfur um notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í nýjum og endurnýjuðum byggingum leitt til umtalsverðrar aukningar í notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Hvetja ætti til þessara ráðstafana í víðara samhengi innan Sambandsins á sama tíma og stuðlað er að aukinni orkunýtni frá endurnýjanlegum orkugjöfum í bland við orkusparandi og orkunýtnar ráðstafanir með breyttum byggingareglum og -reglugerðum.

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 18.

48) Til að auðvelda og hraða ákvörðun um lágmarksviðmiðunarmörk fyrir notkun í byggingum á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, ætti útreikningur þessara viðmiðunarmarka í nýjum byggingum og byggingum sem fyrir eru, sem gerðar eru meiri háttar endurbætur á, að veita nægilegan grundvöll til að meta hvort það sé gerlegt með tilliti til tækni og virkni og í fjárhagslegu tilliti að ákvarða lágmarksnotkun endurnýjanlegrar orku. Til að uppfylla þessar kröfur ættu aðildarríkin m.a. að heimila notkun skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar eða, ef fjarhitunar- og fjarkælingarkerfi eru ekki tiltæk, annarra orkugrunnvirkja.

49) Til að tryggja að landsbundnar ráðstafanir við þróun endurnýjanlegrar hitunar og kælingar byggist á ítarlegri kortlagningu og greiningu á landsbundnum möguleika á endurnýjanlegri orku og úrgangsorku og að slíkar ráðstafanir greiði fyrir aukinni samþættingu endurnýjanlegrar orku, m.a. með því að styðja við nýsköpunartækni á borð við varmadælur, jarðvarma- og sólarvarmatækni og glatvarma og -kælingu, þykir rétt að krefjast þess að aðildarríkin framkvæmi mat á möguleikum vegna orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og notkun glatvarma og -kælingar í hitunar- og kæligeiranum, einkum í því skyni að styðja við orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í hita- og kælikerfum og styðja við samkeppnishæfa og skilvirka fjarhitun og fjarkælingu. Til að tryggja samræmi við kröfur um orkunýtni hitunar og kælingar og til að draga úr stjórnsýslubyrði ætti að taka það mat með í heildstæða matinu sem er framkvæmt og tilkynnt í samræmi við 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([1]).

50) Sýnt hefur verið fram á að skortur á gagnsæjum reglum og samræmingu milli mismunandi stofnana sem veita heimildir stendur í vegi fyrir nýtingu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Tilgangurinn með því að leiðbeina umsækjendum í gegnum allt stjórnsýslulegt ferli leyfisumsókna og leyfisveitinga fyrir milligöngu tengiliðs innan stjórnsýslunnar er að draga úr flækjustigi fyrir þá sem þróa verkefni auk þess að auka skilvirkni og gagnsæi, þ.m.t. fyrir notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða og fyrir samfélög um endurnýjanlega orku. Slíkar leiðbeiningar ætti að veita á viðeigandi stigi stjórnsýslunnar, að teknu tilliti til sérkenna aðildarríkjanna. Tengiliðurinn ætti að leiðbeina umsækjandanum og greiða leið hans gegnum alla stjórnsýslumeðferðina þannig að umsækjandinn þurfi ekki að setja sig í samband við aðrar stjórnsýslustofnanir til að ljúka leyfisveitingaferlinu, nema hann kjósi að gera það.

51) Tímafrekar stjórnsýslumeðferðir fela í sér verulega stjórnsýslulega hindrun sem er þar að auki kostnaðarsöm. Einföldun stjórnsýslulegra leyfisveitingaferla og skýr tímamörk fyrir ákvörðunartöku hlutaðeigandi yfirvalda um útgáfu leyfa fyrir raforkuver á grundvelli fullgerðrar umsóknar ætti að örva aukna skilvirkni í meðferð verklagsreglna og draga þannig úr stjórnsýslukostnaði. Handbók um verklagsreglur ætti að vera tiltæk til að greiða fyrir skilningi á málsmeðferðarreglum meðal aðila sem þróa verkefni og borgara sem vilja fjárfesta í endurnýjanlegri orku. Til að stuðla að því að örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki og einstakir borgarar taki upp endurnýjanlega orku, í samræmi við markmiðin sem eru sett fram í þessari tilskipun, ætti að koma á fót einfaldri aðferð fyrir smærri verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. sjálfstæð verkefni á borð við sólarrafhlöðubúnað á húsþökum, til að tilkynna þar til bærum yfirvöldum um tengingar við dreifikerfi. Kveða ætti á um skilvirk leyfisveitingaferli til að bregðast við aukinni þörf fyrir endurgerð fyrirliggjandi orkuvera sem nýta endurnýjanlega orku. Tilskipun þessi, einkum ákvæði hennar um skipulag og lengd stjórnsýslulega leyfisveitingaferlisins, ætti að gilda með fyrirvara um alþjóðalög og löggjöf Sambandsins, þ.m.t. ákvæði um vernd umhverfis og heilbrigðis manna. Ef fyrir liggja rökstuddar ástæður vegna óvenjulegra aðstæðna ætti að vera mögulegt að framlengja upphaflega tímarammann um allt að eitt ár.

52) Ráða ætti bót á skorti á upplýsingum og þjálfun, einkum í hitunar- og kælingargeiranum, til að stuðla að nýtingu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

53) Mælt er fyrir um forsendur viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ([2]) að því marki sem aðgangur að starfi uppsetningaraðila eða iðkun þess starfs er lögvernduð starfsgrein. Þessi tilskipun gildir því með fyrirvara um tilskipun 2005/36/EB.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

54) Þó mælt sé fyrir um kröfur vegna gagnkvæmrar viðurkenningar á menntun og hæfi í tilskipun 2005/36/EB, þ.m.t. fyrir arkitekta, er einnig þörf á að tryggja að skipulagsfræðingar og arkitektar hugi á tilhlýðilegan hátt að ákjósanlegustu samsetningu endurnýjanlegra orkugjafa og tækni með góða orkunýtni í áætlunum sínum og hönnunum. Aðildarríkin ættu því að veita skýra leiðsögn hvað þetta varðar. Þetta ætti að gera með fyrirvara um þá tilskipun, einkum 46. og 49. gr.

55) Upprunaábyrgðir sem gefnar eru út að því er varðar þessa tilskipun gegna aðeins því hlutverki að sýna kaupanda fram á að tiltekin hlutdeild eða magn orku hafi verið framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgð má yfirfæra frá einum handhafa til annars óháð þeirri orku sem hún tengist. Í því skyni að tryggja að eining endurnýjanlegrar orku sé aðeins birt viðskiptavini í eitt skipti ætti þó að forðast tvítalningu og tvöfalda birtingu upprunaábyrgða. Hafi framleiðandi selt upprunaábyrgð vegna orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, aðskilið frá þeirri orku, ætti ekki að birta eða selja hana til kaupanda sem orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á grænum vottorðum, sem notuð eru í stuðningskerfunum, og upprunaábyrgðum.

56) Rétt þykir að gera neytendamarkaðinum fyrir endurnýjanlega raforku kleift að eiga þátt í þróun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Aðildarríki ættu því að gera þá kröfu að rafveitur sem gefa kaupendum upp samsetningu orku sinnar samkvæmt lögum Sambandsins á innri markaðnum fyrir raforku, eða sem markaðssetja orku til neytenda með tilvísun í orkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum, noti upprunaábyrgðir frá orkuverum sem framleiða orku með endurnýjanlegum orkugjöfum.

57) Mikilvægt er að veittar séu upplýsingar um það hvernig raforku sem nýtur stuðnings er úthlutað til kaupenda. Aðildarríkin ættu, svo bæta megi gæði þessara upplýsinga til neytenda, að tryggja að upprunaábyrgðir séu gefnar út fyrir allar orkueiningar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleiddar eru, nema þau ákveði að gefa ekki út upprunaábyrgðir til framleiðenda sem einnig taka við fjárstuðningi. Ef aðildarríki ákveða að gefa út upprunaábyrgðir til framleiðenda sem einnig taka við fjárstuðningi eða að gefa ekki út upprunaábyrgðir beint til framleiðenda ættu þau að geta ákveðið með hvaða leiðum og fyrirkomulagi eigi að taka tillit til markaðsvirðis þessara upprunaábyrgða. Ef framleiðendur endurnýjanlegrar orku fá einnig fjárstuðning ætti að taka tilhlýðilegt tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgðanna fyrir sömu framleiðslu í viðeigandi stuðningskerfi.

58) Í tilskipun 2012/27/ESB er kveðið á um upprunaábyrgðir til að sanna uppruna raforku sem er framleidd í samvinnsluverum fyrir raf- og varmaorku með góða orkunýtni. Þó er engin notkun tilgreind fyrir slíkar upprunaábyrgðir, þannig að einnig má heimila notkun þeirra þegar gefin er upp notkun orku frá samvinnslu með góða orkunýtni.

59) Rýmka ætti gildissvið upprunaábyrgða sem eru þegar fyrir hendi fyrir endurnýjanlega raforku, þannig að þær nái yfir endurnýjanlegt gas. Aðildarríki ættu að hafa möguleika á að rýmka gildissvið kerfis fyrir upprunaábyrgðir þannig að þau nái yfir orku frá óendurnýjanlegum orkugjöfum. Það myndi gera það kleift, með samræmdum hætti, að sýna kaupendum fram á uppruna endurnýjanlegs gass á borð við lífmetan og stuðla að auknum viðskiptum yfir landamæri með slíkt gas. Það myndi einnig gera það kleift að búa til upprunaábyrgðir fyrir annað endurnýjanlegt gas á borð við vetni.

60) Nauðsynlegt er að styðja við samþættingu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum inn á flutnings- og dreifikerfin og við notkun orkugeymslukerfa vegna samþættrar breytilegrar orkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum, einkum að því er varðar reglur um sendingu og aðgengi að kerfinu. Kveðið er á um ramma um samþættingu endurnýjanlegrar raforku í öðrum lögum Sambandsins um innri raforkumarkaðinn. Sá rammi felur þó ekki í sér ákvæði um samþættingu gass úr endurnýjanlegum orkugjöfum inn á dreifikerfi fyrir gas. Því þykir rétt að bæta slíkum ákvæðum við í þessa tilskipun.

61) Tækifærin til að stuðla að hagvexti með nýsköpun og sjálfbærri, samkeppnishæfri stefnu í orkumálum eru viðurkennd. Orkuframleiðsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum veltur oft á staðbundnum eða svæðisbundnum örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Tækifærin fyrir staðbundna atvinnuþróun, sjálfbæran vöxt og framúrskarandi störf sem fjárfestingar í staðbundinni og svæðisbundinni orkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum skapa í aðildarríkjunum og á landsvæðum þeirra eru mikilvæg. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu því að efla og styðja landsbundnar og

svæðisbundnar þróunarráðstafanir á þessum svæðum, hvetja til skipta á bestu starfsvenjum við orkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum milli staðbundinna og svæðisbundinna framtaksverkefna og hvetja til veitingar tækniaðstoðar og að þjálfunaráætlanir séu settar á stofn, í því skyni að efla sérþekkingu á regluverki, tækni- og efnahagsmálum og stuðla að þekkingu á tiltækum fjármögnunarmöguleikum, þ.m.t. meira hnitmiðaðri notkun á fjármagni Sambandsins á borð við fjármögnun vegna samheldnistefnu á þessu sviði.

62) Svæðis- og staðaryfirvöld setja gjarnan markmið um endurnýjanlega orkugjafa sem eru metnaðarfyllri en landsbundin markmið. Svæðis- og staðbundnar skuldbindingar til að örva þróun endurnýjanlegrar orku og orkunýtni njóta nú stuðnings gegnum tengslanet á borð við samning borgarstjóra (e. Covenant of Mayors) og framtaksverkefni um snjallborgir eða -samfélög, og gegnum þróun aðgerðaáætlana um sjálfbæra orku. Tengslanet á borð við þessi gegna mikilvægu hlutverki og þau ætti að útvíkka, þar eð þau efla vitund og styðja við miðlun bestu starfsvenja og tiltæks fjárstuðnings. Í því samhengi ætti framkvæmdastjórnin að veita áhugasömum svæðis- og staðaryfirvöldum stuðning við að starfa þvert á landamæri með því að leggja lið við að koma á samstarfsfyrirkomulagi á borð við Evrópuhóp um svæðasamvinnu, sem gerir opinberum yfirvöldum ýmissa aðildarríkja kleift að starfa saman og bjóða upp á sameiginlega þjónustu og verkefni án þess að þjóðþing þurfi áður að undirrita og fullgilda alþjóðasamninga. Einnig ætti að íhuga aðrar nýsköpunarráðstafanir til að laða að aukna fjárfestingu í nýrri tækni, s.s. samninga um orkunýtingu og stöðlunarferli í opinberri fjármögnun.

63) Þegar stuðlað er að þróun markaðarins fyrir orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum er nauðsynlegt að taka tillit til jákvæðra áhrifa á svæðisbundna og staðbundna þróunarmöguleika, útflutningsmöguleika, félagslega samheldni og atvinnutækifæri, einkum fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki og sjálfstæða orkuframleiðendur, þ.m.t. notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða og samfélög um endurnýjanlega orku.

64) Sérstaða ystu svæðanna er viðurkennd í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins Orkugeirinn á ystu svæðunum einkennist gjarnan af einangrun, takmörkuðu framboði og þörf fyrir jarðefnaeldsneyti en á saman tíma njóta þessi svæði ávinnings af umtalsverðum staðbundnum endurnýjanlegum orkugjöfum. Því má nota ystu svæðin sem dæmi um beitingu nýsköpunartækni í orkumálum fyrir Sambandið. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að upptöku endurnýjanlegrar orku til að ná meiri sjálfsstjórn í orkumálum á þessum svæðum auk þess að viðurkenna sérstöðu þeirra að því er varðar möguleika á endurnýjanlegri orku og þörf á opinberum stuðningi. Kveða ætti á um undanþágur vegna takmarkaðra staðbundinna áhrifa sem gera aðildarríkjum kleift að samþykkja sértækar viðmiðanir til að þær uppfylli skilyrði fyrir fjárstuðningi vegna notkunar á tilteknu lífmassaeldsneyti. Aðildarríki ættu að geta samþykkt slíkar sértækar viðmiðanir fyrir stöðvar sem nota lífmassaeldsneyti og eru staðsettar á ystu svæðum eins og skilgreint er í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einnig að því er varðar lífmassa sem er notaður sem eldsneyti í slíkum stöðvum og uppfyllir ekki samræmdu viðmiðanirnar um sjálfbærni, orkunýtni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem eru settar fram í þessari tilskipun. Slíkar sértækar viðmiðanir fyrir lífmassaeldsneyti ættu að gilda óháð því hvort upprunastaður lífmassans er aðildarríki eða þriðja land. Enn fremur ætti að rökstyðja allar sértækar viðmiðanir á hlutlægan hátt á grundvelli orkusjálfstæðis hlutaðeigandi ysta svæðis og þess að tryggja snurðulaus umskipti á slíkum ystu svæðum yfir í viðmiðanirnar í þessari tilskipun um sjálfbærni, orkunýtni og losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífmassaeldsneyti.

Að teknu tilliti til þess að samsetning orkugjafa í raforkuframleiðslu á ystu svæðunum samanstendur að miklu leyti af brennsluolíu er nauðsynlegt að taka viðeigandi tillit til viðmiðana um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á þessum svæðum. Því væri viðeigandi að kveða á um sértækan jarðefnaeldsneytissambera fyrir þá raforku sem er framleidd á ystu svæðunum. Aðildarríki ættu að tryggja að farið sé að sértækum viðmiðunum þeirra á skilvirkan hátt. Loks ættu aðildarríkin, með fyrirvara um þann stuðning sem er veittur í samræmi við stuðningskerfin í samræmi við þessa tilskipun, ekki að neita, af öðrum ástæðum er varða sjálfbærni, að telja með lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem aflað er í samræmi við þessa tilskipun. Þessu banni er ætlað að tryggja að lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem uppfylla samræmdar viðmiðanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun njóti áfram ávinnings af markmiðum þessarar tilskipunar um viðskiptaliprun, þ.m.t. að því er varðar hlutaðeigandi ystu svæði.

65) Rétt þykir að leyfa þróun dreifstýrðrar tækni og geymslu endurnýjanlegrar orku, án mismununar og án þess að hefta fjármögnun innviðafjárfestinga. Stefna í átt að dreifstýrðri orkuvinnslu hefur marga kosti, þ.m.t. notkun staðbundinna orkugjafa, aukið staðbundið öryggi í orkuafhendingu, styttri flutningaleiðir og minna tap við orkuflutninginn. Slík dreifstýring ýtir einnig undir búsetuþróun og samheldni í samfélaginu með því að skapa tekjur og störf á staðnum.

66) Með auknu mikilvægi eigin notkunar á endurnýjanlegri raforku er þörf á skilgreiningu á „notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða“ og „aðilum, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða“. Einnig er nauðsynlegt að koma á regluramma sem myndi gera aðilum, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, kleift að framleiða, nota, geyma og selja raforku án þess að standa frammi fyrir óhóflegum byrðum. Borgarar sem búa í íbúðum ættu til dæmis að njóta góðs af valdeflingu neytenda að sama marki og heimilisfólk í einbýlishúsum. Aðildarríki ættu þó að hafa heimild til að gera greinarmun á einstökum aðilum sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða og aðilum, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, vegna mismunandi eiginleika þeirra, að því marki sem slík mismunun er hófleg og réttlætanleg.

67) Valdefling aðila, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða veitir einnig samfélögum um endurnýjanlega orku tækifæri til að auka orkunýtni heimila og styður við baráttuna gegn orkufátækt með því að draga úr notkun og lækka gjaldskrár vegna afhendingar. Aðildarríki ættu með viðeigandi hætti að nýta þetta tækifæri, meðal annars með því að meta þann möguleika að gera mögulega þátttöku heimila sem hefðu annars hugsanlega ekki geta tekið þátt, þ.m.t. viðkvæmra neytenda og leigjenda.

68) Þeir sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða ættu ekki að standa frammi fyrir óréttmætri eða óhóflegri byrði eða kostnaði og ættu ekki að verða fyrir óréttmætri gjaldtöku. Taka ætti tillit til framlags þeirra við að ná loftslags- og orkumarkmiðum og þess kostnaðar og ávinnings sem þeir skapa í orkukerfinu í víðari skilningi. Aðildarríki ættu því almennt ekki að leggja gjöld á raforku sem er framleidd og notuð á sama staðnum af notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða. Aðildarríkjum ætti þó að vera leyfilegt að leggja hófleg gjöld, sem eru án mismununar, á slíka raforku ef nauðsyn krefur til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni raforkukerfisins, til að takmarka á hlutlægan hátt stuðning við það sem nauðsynlegt er og til að nýta stuðningskerfi þeirra á skilvirkan hátt. Þegar raforka er sett inn á kerfið ættu aðildarríki á sama tíma að tryggja að þeir sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða leggi sitt af mörkum á viðeigandi og jafnan hátt við heildarkostnaðarskiptingu kerfisins við framleiðslu, dreifingu og nýtingu raforku.

69) Í því skyni ættu aðildarríki að meginreglu ekki að leggja gjöld á raforku sem er framleidd og notuð á sama staðnum af stökum notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða. Til að koma í veg fyrir að hvati af þessu tagi hafi áhrif á fjármálastöðugleika stuðningskerfa fyrir endurnýjanlega orku, ætti hvatinn að takmarkast við litlar stöðvar með raforkuafköst sem eru 30 kW eða minni. Í tilteknum tilvikum ætti aðildarríkjum að vera heimilt að leggja gjöld á þá sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, þegar þau nýta stuðningskerfi sín á skilvirkan hátt og aðgangur að stuðningskerfum þeirra er án mismununar og skilvirkur. Aðildarríki ættu einnig að geta veitt takmarkaðar undanþágur frá gjöldum, álögum eða samsetningu þeirra, og veita stuðning upp að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja fjárhagslegt rekstrarhæfi slíkra verkefna.

70) Þátttaka staðbundinna borgara og staðaryfirvalda í verkefnum á sviði endurnýjanlegrar orku fyrir tilstilli samfélaga um endurnýjanlega orku hefur leitt til verulegs virðisauka að því er varðar staðbundna viðurkenningu á endurnýjanlegri orku og aðgang að viðbótareinkafjármagni sem leiðir til staðbundinna fjárfestinga, fleiri valmöguleika fyrir neytendur og aukinnar þátttöku borgara í orkuskiptunum. Slík staðbundin þátttaka er mun meira áríðandi í tengslum við að auka afköst endurnýjanlegrar orku. Ráðstafanir til að gera samfélögum um endurnýjanlega orku kleift að standa jafnt að vígi í samkeppni við aðra frameiðendur miða einnig að því að auka hlutdeild staðbundinna borgara í verkefnum á sviði endurnýjanlegrar orku og þess vegna auka viðurkenningu á endurnýjanlegri orku.

71) Sértækir eiginleikar staðbundinna samfélaga um endurnýjanlega orku að því er varðar stærð, skipulag eignarhalds og fjölda verkefna geta staðið í vegi fyrir því að þau standi jafnvígis gagnvart stórum aðilum, nánar tiltekið samkeppnisaðilum sem hafa umsjón með stærri verkefnum eða verkefnasöfnum. Því ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríkin að velja aðila í hvaða mynd sem er til þátttöku í samfélagi um endurnýjanlega orku, að því tilskildu að slíkur aðili geti aðhafst í eigin nafni til að neyta réttinda og taka á sig skuldbindingar. Til að forðast misnotkun og tryggja breiða þátttöku ættu samfélög um endurnýjanlega orku að geta haldið sjálfstæði sínu frá einstökum meðlimum og öðrum hefðbundnum markaðsaðilum sem taka þátt í samfélaginu sem meðlimir eða hluthafar, eða sem vinna saman á annan hátt s.s. að fjárfestingum. Þátttaka í verkefnum á sviði endurnýjanlegrar orku ætti að vera opin öllum hugsanlegum staðbundnum meðlimum á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Ráðstafanir til að vega upp á móti óhagræði sem tengist sértækum eiginleikum staðbundinna samfélaga um endurnýjanlega orku að því er varðar stærð, skipulag eignarhalds og fjölda verkefna fela m.a. annars í sér að gera það kleift að starfrækja samfélög um endurnýjanlega orku innan orkukerfisins og greiða fyrir markaðssamþættingu þeirra. Samfélög um endurnýjanlega orku ættu að geta deilt á milli sín orku sem er framleidd í orkuverum sem eru í eigu samfélags þeirra. Samfélagsmeðlimir

ættu þó ekki að fá undanþágu frá viðeigandi kostnaði, gjöldum, álögum og sköttum sem mundu falla á lokaneytendur sem eru ekki meðlimir samfélagsins, á framleiðendur í svipaðri aðstöðu eða ef opinberir innviðir dreifikerfa eru notaðir í slíkan raforkuflutning.

72) Heimilisnotendur og samfélög sem nota eigin endurnýjanlega orku ættu að viðhalda réttindum sínum sem neytendur, þ.m.t. réttindunum til að hafa samning við afhendingaraðila að eigin vali og að skipta um afhendingaraðila.

73) Hitunar- og kælingargeirinn, sem ber ábyrgð á u.þ.b. helmingi endanlegrar orkunotkunar í Sambandinu, er talinn lykilgeiri við að hraða afkolun orkukerfisins. Geirinn gegnir enn fremur mikilvægu hlutverki með tilliti til orkuöryggis þar eð búist er við að árið 2030 megi rekja um 40% af notkun á endurnýjanlegri orku til endurnýjanlegrar hitunar og kælingar. Skortur á samræmdri áætlun á vettvangi Sambandsins, skortur á innfellingu ytri kostnaðar og tvístrun markaða fyrir hitun og kælingu hefur þó, fram að þessu, leitt til tiltölulega hægra framfara í geiranum.

74) Nokkur aðildarríki hafa hrint í framkvæmd ráðstöfunum í hitunar- og kælingargeiranum í því skyni að ná markmiði sínu um endurnýjanlega orku fyrir árið 2020. Þar sem bindandi landsbundin sértæk markmið eftir árið 2020 eru ekki fyrir hendi nægja þeir landsbundnu hvatar sem eftir eru þó e.t.v. ekki til þess að langtímamarkmiðum um afkolun fyrir árin 2030 og 2050 verði náð. Til að ná slíkum markmiðum, auka vissu fjárfesta og stuðla að þróun markaðar fyrir endurnýjanlega hitun og kælingu í öllu Sambandinu samhliða því að virða meginregluna um orkunýtni fyrst, er viðeigandi að hvetja til viðleitni aðildarríkjanna í tengslum við framboð á endurnýjanlegri hitun og kælingu til að stuðla að stigvaxandi aukningu á hlutdeild endurnýjanlegrar orku. Í ljósi þess að sumir markaðir fyrir hitun og kælingu eru í eðli sínu brotakenndir er það því forgangsatriði að tryggja sveigjanleika við ákvörðun slíkrar viðleitni. Einnig er mikilvægt að tryggja að möguleg upptaka á endurnýjanlegri hitun og kælingu hafi ekki skaðlegar umhverfislegar aukaverkanir eða leiði til óhóflegs heildarkostnaðar. Til að draga úr þeirri áhættu ætti við aukningu á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í hitunar- og kælingargeiranum að taka mið af kringumstæðum í þeim aðildarríkjum þar sem hlutdeildin er þegar mjög há, eða þar sem glatvarmi og -kæling eru ekki í notkun, svo sem á Kýpur og Möltu.

75) Fjarhitun og -kæling er núna um 10% af varmaeftirspurn í öllu Sambandinu, með miklu ósamræmi milli aðildarríkjanna. Í stefnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar um hitun og kælingu er viðurkenndur möguleikinn á afkolun fjarhitunar með aukinni orkunýtni og nýtingu endurnýjanlegrar orku.

76) Í stefnuáætluninni um orkusambandið er hlutverk borgara í orkuskiptunum einnig viðurkennt, þar sem borgararnir hafa forgöngu um orkuskiptin, njóta góðs af nýrri tækni til að draga úr kostnaði sínum og taka virkan þátt á markaði.

77) Leggja ætti áherslu á möguleg samlegðaráhrif milli þeirrar viðleitni að auka upptöku endurnýjanlegrar hitunar og kælingar og fyrirliggjandi áætlana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB ([1]) og tilskipun 2012/27/ESB. Við slíka viðleitni ættu aðildarríki, að því marki sem mögulegt er, að hafa þann möguleika að nota fyrirliggjandi stjórnskipulag til að draga úr stjórnsýslubyrði.

78) Á sviði fjarhitunar er því afar brýnt að gera eldsneytisskipti yfir í orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum möguleg og koma í veg fyrir sjálfhelduáhrif af völdum regluverks og tækni og útilokun tiltekinnar tækni með auknum réttindum framleiðenda og lokaneytenda endurnýjanlegrar orku auk þess að láta lokaneytendum í té tól til að auðvelda þeim valið milli lausna með bestu orkunýtinguna þar sem tekið er tilliti til framtíðarþarfa fyrir hitun og kælingu í samræmi við væntanlega viðmiðun um orkunýtingu bygginga. Lokaneytendur ættu að fá í hendur gagnsæjar og áreiðanlegar upplýsingar um orkunýtni fjarhitunar- og fjarkælikerfa og hlutdeild orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum í þeirri tilteknu hitun eða kælingu sem þeir fá afhenta.

79) Í því skyni að vernda neytendur óskilvirkra fjarhitunar- og fjarkælikerfa og að heimila þeim að framleiða eigin hitun eða kælingu með endurnýjanlegum orkugjöfum og með umtalsvert betri orkunýtingu, ættu neytendur að eiga rétt á því að aftengja sig og þannig hætta að nota hitunar- eða kæliþjónustu frá óskilvirkum fjarhitunar- og fjarkælikerfum, á vettvangi byggingar í heild sinni, með því að segja upp samningi sínum eða, ef samningurinn nær yfir nokkrar byggingar, með því að breyta samningi við rekstraraðila fjarhitunar- eða kælingar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).

80) Til að undirbúa umbreytinguna yfir í þróuð lífeldsneyti og lágmarka heildaráhrifin af beinum og óbeinum breytingum á landnýtingu er rétt að takmarka magn lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum sem hægt er að taka með í útreikningana vegna markmiðanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, án þess að takmarka heildarmöguleikann á að nota slíkt lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti. Fastsetning takmarkana á vettvangi Sambandsins ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki kveði á um lægri mörk fyrir magn lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis sem er framleitt úr korni og öðrum sterkjuríkum nytjaplöntum, sykri og olíujurtum sem hægt er að taka með í útreikningana á landsvísu vegna markmiðanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, án þess að takmarka heildarmöguleikann á að nota slíkt lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti.

81) Með tilskipun 2009/28/EB voru innleiddar viðmiðanir um sjálfbærni, þ.m.t. viðmiðanir um verndun lands með mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni og lands með miklar kolefnisbirgðir, en þær ná ekki yfir óbeina breytingu á landnýtingu. Óbein breyting á landnýtingu verður þegar uppskera á plöntum til vinnslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti leysir af hólmi hefðbundna framleiðslu á plöntum í matvæli eða fóður. Slík viðbótareftirspurn eykur ágang á land og getur leitt til stækkunar á landbúnaðarlandi inn á svæði með miklar kolefnisbirgðir, s.s. skóga, votlendi og mómýrar, og orsakað þannig viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 ([1]) er viðurkennt að það magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem tengist óbeinum breytingum á landnýtingu gæti ónýtt hluta af eða alla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna einstakra tegunda lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaeldsneytis. Þrátt fyrir að áhætta skapist við óbeina breytingu á landnýtingu hafa rannsóknir sýnt fram á að umfang áhrifanna byggist á margvíslegum þáttum, þ.m.t. hvaða gerð hráefnis er notuð við eldsneytisframleiðsluna, umfang aukinnar eftirspurnar eftir hráefni sem kemur til vegna notkunar lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaeldsneytis, og að hvaða marki land með miklar kolefnisbirgðir nýtur verndar á heimsvísu.

Jafnvel þó ekki sé hægt með ótvíræðum hætti að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda af völdum óbeinna breytinga á landnýtingu af þeirri nákvæmni sem þörf er á til að hægt sé að taka hana með í aðferðinni við útreikning losunar gróðurhúsalofttegunda, hefur mesta áhættan af óbeinum breytingum á landnýtingu verið greind fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr hráefni þar sem um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæðinu inn á land með miklar kolefnisbirgðir. Því er almennt viðeigandi að takmarka það lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu, sem mælt er með í þessari tilskipun, og þar að auki að krefjast þess að aðildarríki setji sértæk og stigminnkandi mörk á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem eru framleidd úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu þegar um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæðinu inn á land með miklar kolefnisbirgðir. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu ættu að vera undanþegin frá þessum sértæku og stigminnkandi mörkum.

82) Aukin uppskera í landbúnaðargeirum vegna bættra starfsvenja í landbúnaði, fjárfestinga í betri vélbúnaði og þekkingarmiðlunar umfram það sem hefði orðið ráðandi ef framleiðnihvetjandi áætlanir vegna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu hefðu ekki verið fyrir hendi, sem og ræktun á nytjaplöntum á landi sem áður var ekki notað til ræktunar á nytjaplöntum, geta stuðlað að því að draga úr óbeinum breytingum á landnýtingu. Ef sannanir eru fyrir hendi um að slíkar ráðstafanir hafi leitt til aukinnar framleiðslu umfram þá aukningu á framleiðni sem var vænst, ætti lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti úr slíku viðbótarhráefni að teljast vera lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu. Í þessu samhengi ætti að taka tillit til árlegra sveiflna í framleiðslu.

83) Með tilskipun (ESB) 2015/1513 var framkvæmdastjórnin hvött að leggja fram, án tafar, ítarlega tillögu að kostnaðarhagkvæmri og tæknilega hlutlausri stefnu eftir árið 2020 til að mynda yfirsýn til lengri tíma að því er varðar fjárfestingar í sjálfbæru lífeldsneyti sem hefur í för með sér litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, með það höfuðmarkmið að minnka kolefnislosun í flutningageiranum. Að skylda aðildarríki til að krefja eldsneytisbirgja um að gefa upp heildarhlutdeild eldsneytis úr endurnýjanlegum orkugjöfum getur veitt fjárfestum vissu og hvatt til samfelldrar þróunar á óhefðbundnu endurnýjanlegu eldsneyti til flutninga, þ.m.t. háþróuðu lífeldsneyti, endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna, bæði fljótandi og loftkenndu, til flutninga, og endurnýjanlegrar raforku í flutningageiranum. Þar eð áreiðanlegir staðgöngukostir gætu verið óaðgengilegir eða ekki kostnaðarhagkvæmir fyrir alla eldsneytisbirgja er viðeigandi að gera aðildarríkjunum kleift að gera greinarmun á eldsneytisbirgjum og veita, ef nauðsyn krefur, tilteknum

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 1).

tegundum eldsneytisbirgja undanþágu frá skyldunni. Þar eð auðvelt er að eiga viðskipti með eldsneyti til flutninga eru eldsneytisbirgjar í aðildarríkjum, sem hafa litlar birgðir af viðeigandi auðlindum, líklegir til að afla sér endurnýjanlegs eldsneytis með auðveldum hætti frá öðrum uppsprettum.

84) Koma ætti á fót gagnagrunni Sambandsins til að tryggja gagnsæi og rekjanleika endurnýjanlegs eldsneytis. Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að halda áfram að nota eða koma á fót landsbundnum gagnagrunnum en þessir landsbundnu gagnagrunnar ættu að vera tengdir við gagnagrunn Sambandsins til að tryggja tafarlausan flutning gagna og samræmingu gagnaflæðis.

85) Háþróað lífeldsneyti og annað lífeldsneyti og lífgas, sem er framleitt úr hráefni sem er tilgreint í viðauka við þessa tilskipun, endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna sem er ætlað til flutninga og endurnýjanleg raforka í flutningageiranum geta stuðlað að lítilli losun kolefnis, örvað afkolun í flutningageiranum í Sambandinu á kostnaðarhagkvæman hátt og meðal annars aukið fjölbreytni orkunotkunar í flutningageiranum jafnframt því að stuðla að nýsköpun, vexti og störfum í hagkerfi Sambandsins og draga úr því að treysta þurfi um of á orkuinnflutning. Sú skuldbinding sem er lögð á aðildarríki að krefja eldsneytisbirgja um að tryggja lágmarkshlutdeild háþróaðs lífeldsneytis og tiltekins lífgass er ætluð til að hvetja til samfelldrar þróunar á háþróuðu eldsneyti, þ.m.t. lífeldsneyti. Brýnt er að tryggja að þessi skuldbinding stuðli einnig að úrbótum í losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti sem er afhent til að uppfylla hana. Framkvæmdastjórnin ætti að meta árangur þessa eldsneytis með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda, tækninýjunga og sjálfbærni.

86) Að því er varðar skynvædd flutningakerfi er mikilvægt að efla þróun og útbreiðslu rafknúinna samgangna á vegum, auk þess að hraða inntöku háþróaðrar tækni í tengslum við nýsköpun tengda járnbrautum.

87) Búast má við að hreyfanleiki með notkun rafmagns verði orðinn verulegur hluti af endurnýjanlegri orku í flutningageiranum árið 2030. Veita ætti frekari hvata með tilliti til örrar þróunar á hreyfanleika með notkun rafmagns og möguleika þess geira með tilliti til vaxtar og atvinnu í Sambandinu. Nota ætti margfaldara fyrir endurnýjanlega raforku sem er afhent til flutningageirans til að ýta undir notkun endurnýjanlegrar raforku í flutningageiranum og í því skyni að draga úr samanburðarmismunun í orkutölfræði. Þar eð ekki er unnt að nota sérhæfðar mælingar að gera grein, í hagskýrslum, fyrir allri raforku sem veitt er til ökutækja á vegum, s.s. hleðslu heima fyrir, ætti að nota margfaldara til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til jákvæðra áhrifa af rafknúnum flutningum sem byggjast á notkun endurnýjanlegrar orku. Kanna ætti valkosti til að tryggja að nýrri eftirspurn eftir raforku í flutningageiranum sé mætt með aukinni framleiðslugetu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

88) Í ljósi takmarkana vegna loftslags sem þrengja möguleikann á notkun tiltekinna gerða lífeldsneytis vegna áhyggjuefna varðandi umhverfi, tækni eða heilbrigði og vegna stærðar og uppbyggingar eldsneytismarkaðar þeirra þykir rétt að Kýpur og Möltu sé heimilt að taka tillit til þessara óaðskiljanlegu takmarkana í því skyni að sýna fram á farið sé að landsbundnum skuldbindingum um endurnýjanlega orku sem lagðar eru á eldsneytisbirgja.

89) Að stuðla að aukinni notkun á endurunnu kolefniseldsneyti getur stuðlað að því að stefnumarkmiðum um að auka fjölbreytni m.t.t. orku og afkolunar í flutningageiranum verði náð ef geirinn uppfyllir viðeigandi lágmarks-viðmiðunarmörk um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Því er viðeigandi að skuldbindingin á hendur eldsneytisbirgjum taki einnig til þessa eldsneytis, en að aðildarríkjunum sé jafnframt gefinn kostur á að taka það ekki með óski þau þess ekki. Þar eð þetta eldsneyti er ekki endurnýjanlegt ætti það ekki að teljast með í tengslum við heildarmarkmið Sambandsins um orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

90) Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna, ætlað til flutninga, er mikilvægt til að auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku í geirum sem búist er við að reiði sig á fljótandi eldsneyti til lengri tíma litið. Til að tryggja að endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna eigi þátt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ætti raforkan sem notuð er til eldsneytisframleiðslunnar að vera af endurnýjanlegum uppruna. Framkvæmdastjórnin ætti að þróa, með framseldum gerðum, áreiðanlega aðferðafræði Sambandsins sem beita skal þegar slík raforka er tekin úr dreifikerfinu. Sú aðferðafræði ætti að tryggja að það sé, með tilliti til tíma og landfræði, samsvörun á milli raforku-framleiðslueiningarinnar, sem framleiðandinn hefur tvíhliða samning við um kaup á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, og eldsneytisframleiðslunnar. Til dæmis getur endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna ekki að fullu talist endurnýjanlegt ef það er framleitt þegar viðkomandi framleiðslueining endurnýjanlegs orkugjafa, sem samið var við, framleiðir ekki raforku. Annað dæmi er þegar um er að ræða kerfisöng í rafveitukerfi, þar sem eingöngu er hægt að

telja eldsneyti að fullu endurnýjanlegt þegar bæði raforkuframleiðsla og eldsneytisframleiðslustöðvar eru staðsettar sömu megin hvað varðar kerfisöngina. Enn fremur ætti að vera til staðar viðbótargildi sem þýðir að framleiðandi eldsneytis bætir við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa eða við fjármögnun endurnýjanlegrar orku.

91) Hvetja ætti til notkunar á hráefni sem veldur lítilli óbeinni breytingu á landnýtingu þegar það er notað í lífeldsneyti, vegna framlags þess til afkolunar hagkerfisins. Einkum ætti að færa hráefni fyrir háþróað lífeldsneyti og lífgas til flutninga þar sem tækni er nýstárlegri og styttra á veg komin í þróun og þarf því meiri stuðning, í viðauka við þessa tilskipun. Til að tryggja að sá viðauki sé uppfærður í samræmi við nýjustu tækniþróun og um leið sé komið í veg fyrir óráðgerð neikvæð áhrif ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða viðaukann til að meta hvort bæta skuli við nýjum hráefnum.

92) Kostnaður við að tengja nýja framleiðendur, sem framleiða gas með endurnýjanlegum orkugjöfum, við gasdreifikerfi ætti að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og taka ætti tilhlýðilegt tillit til þess ávinnings sem þegar tengdir staðbundnir framleiðendur gass frá endurnýjanlegum orkugjöfum hafa í för með sér fyrir gasdreifikerfin.

93) Til að nýta til fulls möguleikana sem felast í lífmassa, þó ekki mó eða efni sem er í jarðmyndunum og/eða umbreytt í steingervinga, til að stuðla að afkolun í hagkerfinu með notkun þess í efni og orku, ættu Sambandið og aðildarríkin að stuðla að aukinni sjálfbærri virkjun fyrirliggjandi timbur- og landbúnaðarauðlinda og þróun nýrra framleiðslukerfa fyrir skógrækt og landbúnað, að því tilskildu að viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfylltar.

94) Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti ætti alltaf að framleiða á sjálfbæran hátt. Því ætti að krefjast þess að lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem notað er til að ná markmiði Sambandsins sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ásamt þeim sem njóta góðs af stuðningskerfum, uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Samræming þessara viðmiðana fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti er nauðsynleg til að ná markmiðum stefnu Sambandsins í orkumálum eins og sett er fram í 1. mgr. 194. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Slík samræming tryggir starfsemi innri orkumarkaðarins og auðveldar þannig verslun milli aðildarríkja með lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem uppfyllir kröfur, einkum með tilliti til skuldbindingar aðildarríkjanna um að neita ekki, af öðrum ástæðum er varða sjálfbærni, að telja með lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem aflað er í samræmi við þessa tilskipun. Ekki má gera að engu jákvæð áhrif samræmingar þessara viðmiðana á snurðulausa starfsemi innri orkumarkaðarins og á að forðast röskun á samkeppni í Sambandinu. Hvað varðar lífmassaeldsneyti ætti aðildarríkjum að vera heimilt að setja viðbótarviðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

95) Sambandið ætti að gera viðeigandi ráðstafanir í tengslum við þessa tilskipun, þ.m.t. að efla viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífeldsneyti og fyrir fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti.

96) Framleiðsla hráefna úr landbúnaði fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti og þeir hvatar sem kveðið er á um í þessari tilskipun til að stuðla að notkun þeirra ættu ekki að leiða til þess að land þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil verði eyðilagt. Vernda ætti slíkar takmarkaðar auðlindir sem viðurkennt hefur verið í ýmsum alþjóðlegum gerningum að hafi alhliða gildi. Því er nauðsynlegt að kveða á um viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem tryggja að lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti teljist eingöngu hæf fyrir hvata þegar tryggt er að hráefni úr landbúnaði sé ekki upprunnið frá svæðum með líffræðilega mikinn fjölbreytileika eða, í tilviki svæða sem eru tilgreind náttúruverndarsvæði eða verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu, að viðkomandi lögbært yfirvald sýni fram á að framleiðsla hráefnis úr landbúnaði valdi ekki truflun í þessu samhengi.

97) Skógar ættu að teljast líffræðilega fjölbreyttir í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni ef þeir eru frumskógar í samræmi við skilgreininguna sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna notar í hnattrænu mati sínu á skógarauðlindum, eða ef þeir eru verndaðir samkvæmt landsbundnum náttúruverndarlögum. Þau svæði þar sem söfnun skógræktarafurða, annarra en viðar, fer fram ættu að teljast líffræðilega fjölbreyttir skógar að því tilskyldu að áhrif af mannavöldum séu óveruleg. Aðrar skógartegundir, eins og þær eru skilgreindar af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, t.d. breyttir náttúrulegir skógar, hálfnáttúrulegir skógar og plantekrur, skulu ekki teljast til

frumskóga. Að teknu tilliti til þess hve mikill líffræðilegur fjölbreytileiki finnst á tilteknum graslendum, bæði á tempruðum svæðum og hitabeltissvæðum, m.a. gresjum, steppum, kjarrlendi og sléttum sem hafa mikinn líffræðilegan fjölbreytileika, ætti lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr hráefnum úr landbúnaði sem eru upprunnin á slíkum lendum enn fremur ekki að njóta góðs af þeim hvötum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Til að koma á viðeigandi viðmiðunum til að skilgreina slíkt graslendi sem hefur mikinn líffræðilegan fjölbreytileika í samræmi við bestu fyrirliggjandi vísindagögn og viðeigandi alþjóðlega staðla, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald.

98) Ekki ætti að breyta landi til að rýma til fyrir framleiðslu á hráefni úr landbúnaði fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti ef ekki er hægt að bæta fyrir kolefnisbirgðir sem tapast við breytinguna, innan hæfilegs tíma með tilliti til þess hve áríðandi er að takast á við loftslagsbreytingar, með minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af framleiðslu og notkun lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis. Þetta myndi koma í veg fyrir óþarfa íþyngjandi rannsóknir af hálfu rekstraraðila og umbreytingu lands þar sem kolefnisbirgðir eru miklar og sýnt hefur verið fram á að sé ótækt til framleiðslu landbúnaðarhráefna fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti. Skrár yfir kolefnisbirgðir á heimsvísu benda til að votlendi og samfelld skóglendi með meira en 30% laufþekju ættu að tilheyra þessum flokki.

99) Bændur í Sambandinu ættu, innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, að uppfylla víðtækar umhverfiskröfur til að fá beinan stuðning. Skilvirkasta leiðin til að staðfesta að farið sé að þessum kröfum er að gera það í tengslum við landbúnaðarstefnu. Ekki þykir viðeigandi að láta þessar kröfur fylgja með í áætluninni um sjálfbærni þar eð í viðmiðununum um sjálfbærni fyrir líforku ætti að setja fram reglur sem eru hlutlægar og gilda á heimsvísu. Einnig er hætta á að sannprófun á því að farið sé að kröfunum samkvæmt þessari tilskipun mundi valda óþarfa stjórnsýslubyrði.

100) Hráefni úr landbúnaði til framleiðslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti ætti að framleiða með aðferðum sem eru í samræmi við verndun jarðvegsgæða og lífræns kolefnis í jarðvegi. Vöktunarkerfi rekstraraðila eða landsyfirvalda ættu því að ná yfir jarðvegsgæði og kolefnisinnihald í jarðvegi.

101) Rétt þykir að innleiða viðmiðanir í öllu Sambandinu um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífmassaeldsneyti sem notað er í raforkugeiranum og í hitunar- og kælingargeiranum, til að halda áfram að tryggja mikla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við jarðefnaeldsneyti, til að forðast óráðgerð áhrif á sjálfbærni og til að efla innri markaðinn. Ystu svæði ættu að geta notað möguleika auðlinda sinna til að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku og auka orkusjálfstæði sitt.

102) Til að tryggja, þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir skógarlífmassa, að skógarhögg fari fram með sjálfbærum hætti þar sem endurnýjun skógar er tryggð, að sérstakur gaumur sé gefinn svæðum sem eru sérstaklega tilnefnd til að vernda líffræðilega fjölbreytni, landslag og sérstaka náttúruþætti, að auðlindir líffræðilegrar fjölbreytni njóti verndar og að kolefnisbirgðir séu raktar, ætti viðarhráefni eingöngu að koma úr skógum sem eru höggnir í samræmi við meginreglur sjálfbærrar skógarstjórnunar sem eru þróaðar samkvæmt alþjóðlegum ferlum fyrir skóga á borð við Forest Europe og sem er komið til framkvæmda með landslögum eða bestu stjórnunarvenjum á vettvangi upprunasvæðis. Rekstraraðilar ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættunni á því að nota ósjálfbæran skógarlífmassa við framleiðslu á líforku. Í því skyni ættu rekstraraðilar að koma á áhættumiðaðri nálgun. Að höfðu samráði við nefndina um sjálfbærni lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis þykir rétt í þessu samhengi að framkvæmdastjórnin þrói, með framkvæmdargerðum, leiðbeiningar um sannprófun á því að farið sé að áhættumiðuðu nálguninni.

103) Uppskera til orkuframleiðslu hefur aukist og búist er við að hún muni halda áfram að aukast og leiða til meiri innflutnings á hráefnum frá þriðju löndum, sem og til aukinnar framleiðslu á þessum efnum innan Sambandsins. Tryggja ætti að uppskeran sé sjálfbær.

104) Til að lágmarka stjórnsýsluálag ættu viðmiðanir Sambandsins um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda einungis að gilda um raforku og hitun úr lífmassaeldsneyti sem framleitt er í stöðvum með heildarnafnvarmaafl sem er 20 MW eða meira.

105) Umbreyta ætti lífmassaeldsneyti í raforku og varma á skilvirkan hátt til að hámarka orkuöryggi og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem og til að takmarka losun loftmengunarefna og draga úr þrýstingi á takmarkaðar lífmassa-auðlindir.

106) Hækka ætti lágmarksviðmiðunarmörk fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem gilda um lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífgas til flutninga, sem eru framleidd í nýjum stöðvum, til að bæta heildarjöfnuð þeirra á gróður-húsalofttegundum og hindra frekari fjárfestingar í stöðvum með litla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi hækkun veitir vernd að því er varðar fjárfestingar í framleiðslugetu lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífgass.

107) Á grundvelli reynslu af verklegri framkvæmd á viðmiðunum Sambandsins um sjálfbærni þykir rétt að efla hlutverk valfrjálsra landsbundinna og alþjóðlegra vottunarkerfa fyrir sannprófun á því að viðmiðanirnar um sjálfbærni séu uppfylltar á samræmdan hátt.

108) Það er í þágu Sambandsins að stuðla að þróun valfrjálsra alþjóðlegra eða landsbundinna áætlana þar sem settir eru staðlar um framleiðslu sjálfbærs lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis og vottað að framleiðsla lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis uppfylli þessa staðla. Af þeirri ástæðu ætti að gera ráð fyrir að viðurkenna að slíkar áætlanir veiti áreiðanlegar upplýsingar og gögn þegar þær uppfylla viðeigandi staðla um áreiðanleika, gagnsæi og óháða úttekt. Til að tryggja að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á traustan og samhæfðan hátt, þá einkum til að koma í veg fyrir svik, ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja ítarlegar framkvæmdarreglur, þ.m.t. fullnægjandi staðla um áreiðanleika, gagnsæi og óháða úttekt sem ætti að beita innan valfrjálsu áætlananna.

109) Valfrjálsar áætlanir gegna æ mikilvægara hlutverki við að færa sönnur á að viðmiðununum um að sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sé fylgt að því er varðar lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassa-eldsneyti. Því er viðeigandi að framkvæmdastjórnin geri kröfu um reglulega skýrslugjöf um starfsemi valfrjálsra áætlana, þ.m.t. þær sem framkvæmdastjórnin hefur þegar viðurkennt. Birta ætti slíkar skýrslur opinberlega til að auka gagnsæi og bæta eftirlit framkvæmdastjórnarinnar. Enn fremur myndi slík skýrslugjöf veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar til að gefa skýrslu um starfrækslu valfrjálsu áætlananna með það fyrir augum að tilgreina bestu starfsvenjur og, ef við á, leggja fram tillögu til að efla slíkar bestu starfsvenjur enn frekar.

110) Til að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins ættu sönnunargögn varðandi viðmiðanir um sjálfbærni og losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti, sem hafa verið fengin í samræmi við áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að vera samþykkt í öllum aðildarríkjunum. Aðildarríkin ættu að stuðla að því að tryggja rétta beitingu meginreglnanna um vottun valfrjálsra áætlana með því að hafa eftirlit með starfsemi vottunaraðila sem hafa fengið faggildingu hjá faggildingarstofu í aðildarríki og með því að upplýsa þá sem stjórna valfrjálsu áætlununum um viðeigandi athuganir.

111) Í því skyni að leggja ekki á óhóflega stjórnsýslubyrði ætti að mæla fyrir um skrá yfir staðalgildi fyrir algeng framleiðsluferli lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis og uppfæra ætti þá skrá og víkka hana út þegar frekari áreiðanleg gögn liggja fyrir. Rekstraraðilar ættu alltaf að eiga rétt á að krefjast þeirrar minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem kveðið er á um í þeirri skrá. Ef staðalgildin fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferli eru lægri en kröfur um lágmarksminnkun á losun gróðurhúsalofttegunda ætti að krefjast þess af framleiðendum, sem óska eftir því að sýna fram á að þeir uppfylli þessar lágmarkskröfur, að þeir sýni fram á að raunveruleg losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferli þeirra sé minni en sú sem gert var ráð fyrir við útreikning á staðalgildunum.

112) Nauðsynlegt er, við útreikning á minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti og jarðefnaeldsneytissamberum þeirra, að mæla fyrir um skýrar reglur sem byggjast á hlutlægum viðmiðununum án mismununar.

113) Í samræmi við fyrirliggjandi tækni- og vísindaþekkingu ætti aðferðafræði við bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda að taka tillit til umbreytingar lífmassaeldsneytis í föstu og loftkenndu formi yfir í endanlega orku, í þeim tilgangi að gæta samræmis við útreikninginn á endurnýjanlegri orku sem á að teljast með í þeim markmiðum Sambandsins sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Einnig ætti að endurskoða úthlutun á losun gróðurhúsalofttegunda til aukaafurða, aðgreint frá úrgangi og leifum, í tilvikum þar sem raforka eða hitun og kæling eru framleidd í samframleiðslustöðvum eða fjölframleiðslustöðvum.

114) Ef landi þar sem kolefnisbirgðir eru miklar í jarðvegi eða gróðri er breytt til þess til að rækta hráefni fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti mun eitthvað af geymda kolefninu yfirleitt losna út í andrúmsloftið og leiða til myndunar koltvísýrings (CO2). Þau neikvæðu áhrif á gróðurhúsalofttegundir sem af þessu leiða geta vegið á móti jákvæðu áhrifunum af lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti eða lífmassaeldsneyti, í sumum tilvikum svo miklu munar. Þegar reiknað er hversu mikið losun gróðurhúsalofttegunda minnkar vegna einstakra tegunda lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis ætti því taka tillit til heildarkolefnisáhrifanna. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að tekið sé tillit til heildarkolefnisáhrifanna þegar reiknað er hversu mikið losun gróðurhúsalofttegunda minnkar við notkun lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis.

115) Þegar reiknuð eru út áhrif breyttrar landnýtingar á gróðurhúsalofttegundir skulu rekstraraðilar geta notað raunveruleg gildi fyrir þær kolefnisbirgðir sem tengdar eru viðmiðunarlandnýtingunni og landnýtingunni eftir breytingu. Þeir skulu einnig geta notað staðalgildi. Aðferð milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar er viðeigandi grundvöllur fyrir slík staðalgildi. Þessi vinna er sem stendur ekki tiltæk á formi sem rekstraraðilar geta nýtt sér strax. Framkvæmdastjórnin ætti því að endurskoða leiðbeiningar sínar frá 10. júní 2010 um útreikning á kolefnisbirgðum lands að því er varðar reglur um útreikning á gróðurhúsaáhrifum lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og jarðefnaeldsneytissambera þeirra, sem settar eru fram í viðauka við þessa tilskipun, og tryggja um leið samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ([1]).

116) Við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda ætti að taka aukaafurðir frá framleiðslu og notkun eldsneytis með í reikninginn. Staðgönguaðferðin hentar fyrir stefnugreiningu en ekki til reglusetningar fyrir einstaka rekstraraðila og einstakar sendingar eldsneytis til flutninga. Í þeim tilvikum er orkuúthlutunaraðferðin sú aðferð sem best á við þar eð hún er auðveld í notkun, fyrirsjáanleg til lengri tíma, lágmarkar hvata sem hafa öfug áhrif og skilar niðurstöðum sem eru almennt sambærilegar við þær sem fást með staðgönguaðferðinni. Að því er varðar stefnugreiningu ætti framkvæmdastjórnin einnig setja fram niðurstöður fengnar með staðgönguaðferðinni í skýrslugjöf sinni.

117) Aukaafurðir eru frábrugðnar efnaleifum og landbúnaðarleifum þar sem þær eru meginmarkmiðið með framleiðsluferlinu. Því er rétt að skýra að plöntuleifar í landbúnaði eru leifar en ekki aukaafurðir. Þetta hefur engin áhrif á gildandi aðferðafræði en skýrir gildandi ákvæði.

118) Viðurkennda aðferðin við að nota orkuúthlutun sem reglu til að skipta losun gróðurhúsalofttegunda milli aukaafurða hefur gefist vel og henni ætti að halda áfram. Rétt þykir að laga aðferðafræðina við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda frá notkun á samþættri varma- og raforkuvinnslu þegar hún er notuð til vinnslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti að aðferðafræðinni sem er beitt þegar samþætt varma- og raforkuvinnsla er endanleg notkun.

119) Aðferðafræðin tekur tillit til minni losunar gróðurhúsalofttegunda sem stafar af notkun samþættrar varma- og raforkuvinnslu samanborið við notkun raforkuvera og stöðva sem framleiða eingöngu varma, að teknu tilliti til nýtingar varma samanborið við raforku og nýtingar varma við mismunandi hitastig. Af þessu leiðir að skrifa ætti stærri hlutdeild heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda á hærra hitastig en á varma við lágt hitastig þegar varminn er framleiddur ásamt raforku í samvinnslu. Aðferðafræðin tekur tillit til allrar leiðarinnar til endanlegrar orku, þ.m.t. umbreytingar í varma eða raforku.

120) Rétt þykir að gögnin sem notuð eru við útreikninga á staðalgildunum séu fengin frá óháðum upplýsingaveitum þar sem sérfræðiþekking á sviði vísinda er til staðar og séu uppfærð eins og við á eftir því sem vinnu þessara upplýsingaveitna miðar áfram. Framkvæmdastjórnin ætti að hvetja þessar upplýsingaveitur til að takast á við, þegar þeir uppfæra vinnu sína, losun frá ræktun, áhrif svæðisbundinna skilyrða og veðurfarslegra skilyrða, áhrif ræktunar með sjálfbærum aðferðum í landbúnaði og lífrænum búskap og vísindalegs framlags framleiðenda innan Sambandsins og í þriðju löndum, sem og borgaralegs samfélags.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

121) Hnattræn eftirspurn eftir landbúnaðarhráefnum fer vaxandi. Þessari auknu eftirspurn verður líklega mætt með því að stækka svæðið sem notað er undir landbúnað. Ein leið til að stækka svæði til ræktunar er að endurheimta land sem er alvarlega hnignað og sem er því ekki hægt að nota á annan hátt til landbúnaðar í núverandi ástandi. Sökum þess að stuðningur við lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti mun leiða til aukinnar eftirspurnar eftir landbúnaðarhráefnum ætti sjálfbærniáætlunin að stuðla að því að slíkt endurheimt land verði notað.

122) Í því skyni að tryggja samræmda framkvæmd aðferðarinnar við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda og til að laga hana að nýjustu vísindaþekkingu ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja þær aðferðafræðilegu meginreglur og þau gildi sem nauðsynleg eru til mats á því hvort viðmiðanir um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda hafi verið uppfylltar og til að meta hvort skýrslur, sem aðildarríkin og þriðju lönd leggja fram, innihaldi nákvæm gögn um losun vegna ræktunar hráefnis.

123) Evrópsku gasdreifikerfin eru að verða samþættari. Aukning á framleiðslu og notkun lífmetans, inndæling þess inn í jarðgasdreifikerfi og viðskipti yfir landamæri skapa þörf á að tryggja tilhlýðilegt bókhald yfir endurnýjanlega orku, samhliða því að koma í veg fyrir tvöfalda hvatningu vegna stuðningskerfa í mismunandi aðildarríkjum. Massajöfnuðarkerfinu í tengslum við sannprófun á sjálfbærni líforku og nýjum gagnagrunni Sambandsins er ætlað að hjálpa til við að takast á við þessi málefni.

124) Nauðsynlegt er að Sambandið og aðildarríkin verji umtalsverðu fjármagni til rannsókna og þróunar á tækni í tengslum við endurnýjanlega orku til að markmiðum þessarar tilskipunar verði náð. Einkum ætti Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu að setja rannsóknir og þróun á tækni í tengslum við endurnýjanlega orku í forgang.

125) Framkvæmd þessarar tilskipunar ætti, þar sem við á, að endurspegla ákvæði samningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, einkum eins og hann kom til framkvæmdar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([1]).

126) Til að breyta veigalitlum ákvæðum þessarar tilskipunar eða bæta við þau ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að ákvarða aðferðafræði fyrir útreikning á magni endurnýjanlegrar orku sem notuð er til kælingar og fjarkælingar, og breytingu á aðferðafræðinni fyrir útreikning á orku frá varmadælum; koma þróunarvettvanginum á fót og ákvarða skilyrði til að ganga frá færslum tölfræðilegs flutnings milli aðildarríkja gegnum þróunarvettvanginn; ákvarða viðeigandi lágmarksviðmiðunarmörk fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá endurunnu kolefniseldsneyti; samþykkja og, ef við á, breyta viðmiðunum fyrir vottun á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu og við ákvörðun á hráefni sem skapar mikla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu þar sem um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæðinu inn á land með miklar kolefnisbirgðir og minnkun í áföngum á hlutdeild þeirra í markmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun; aðlaga orkuinnihald flutningaeldsneytis að framförum á sviði tækni og vísinda; koma á aðferðafræði Sambandsins við að setja reglur um hvernig rekstraraðilar skuli uppfylla kröfur um að telja raforku vera að fullu endurnýjanlega þegar hún er notuð til framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna eða ef hún er fjarlægð úr dreifikerfinu; tilgreina aðferðafræði til að ákvarða hlutdeild lífeldsneytis, og lífgass til flutninga, sem verður til við samvinnslu lífmassa með jarðefnaeldsneyti og aðferðafræðina til að meta minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá endurnýjanlegu, fljótandi og loftkenndu eldsneyti til flutninga af ólífrænum uppruna og frá endurunnu kolefnaeldsneyti í því skyni að tryggja að inneignir vegna minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda séu aðeins gefnar einu sinni; breytingu með því að bæta við, en ekki fjarlægja úr, skránum yfir hráefni vegna framleiðslu á háþróuðu lífeldsneyti og öðru lífeldsneyti og lífgasi; og bæta við eða breyta reglum um útreikning á áhrifum lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og jarðefnaeldsneytissamanburðar þeirra á gróðurhúsalofttegundir. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([1]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna, og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

127) Samþykkja ætti nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]).

128) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að ná a.m.k. 32% hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í endanlegri heildarorkunotkun Sambandsins fyrir árið 2030, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

129) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([3]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

130) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög ætti að takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér efnislega breytingu borið saman við tilskipun 2009/28/EB. Skyldan að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í þeirri tilskipun.

131) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest þeirra til að leiða í landslög tilskipun ráðsins 2013/18/ESB ([4]) og tilskipun (ESB) 2015/1513.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari tilskipun er komið á sameiginlegum ramma um að stuðla að aukinni notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Með henni eru sett bindandi markmið Sambandsins um heildarhlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun Sambandsins árið 2030. Í henni er einnig mælt fyrir um reglur um fjárstuðning vegna raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eigin notkun slíkrar raforku, notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í hitunar- og kælingargeiranum og í flutningageiranum, svæðisbundna samvinnu milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og þriðju landa, upprunaábyrgðir, stjórnsýslumeðferðir og upplýsingar og þjálfun. Í henni er einnig komið á viðmiðunum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun gilda viðeigandi skilgreiningar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ([5]).

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
([3]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.
([4]) Tilskipun ráðsins 2013/18/ESB frá 13. maí 2013 um aðlögun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (Stjtíð. EB L 158, 10.6.2013, bls. 230).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn á sviði raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum“ eða „endurnýjanleg orka“: orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem eru ekki jarðefnaeldsneyti, þ.e. vindorku, sólarorku (sólarvarmaorku og sólarraforku) og jarðvarmaorku, umhverfisorku, öldu- og sjávarfallaorku og annarri orku úr sjó, vatnsorku, lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi,

2) „umhverfisorka“: náttúruleg varmaorka og orka sem safnast fyrir í umhverfinu á afmörkuðu svæði, sem hægt er að geyma í andrúmslofti, þó ekki í útblásturslofti, eða í yfirborðs- eða skólpvatni,

3) „jarðvarmaorka“: orka sem geymist í formi varma undir föstu yfirborði jarðar,

4) „heildarorkunotkun“: orkuvörur sem afhentar eru til orkunota til iðnaðar- og flutningageirans, heimila, þjónustugeirans, þ.m.t. opinberrar þjónustu, landbúnaðar, skógræktar og fiskvinnslu, raforku- og hitanotkunar orkuiðnaðarins til raforku-, varma- og flutningaeldsneytisframleiðslu, og raforku- og varmatap í tengslum við dreifingu og flutninga,

5) „stuðningskerfi“: hvers kyns tæki, kerfi eða fyrirkomulag sem aðildarríki eða hópur aðildarríkja notar og sem stuðlar að notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum með því að lækka kostnaðinn við þá orku og hækka verðið sem unnt er að selja hana á eða með því að auka, með skuldbindingu um hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða á annan hátt, magn slíkrar orku sem keypt er, þ.m.t. en ekki eingöngu fjárfestingaraðstoð, skattaundanþágur eða -lækkanir, skattaendurgreiðslur, stuðningskerfi vegna skuldbindinga um hlutdeild endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. þau sem nota græn vottorð, og beinar niðurgreiðslur, þ.m.t. innmötunargjaldskrár og breytilegar eða fastar greiðslur,

6) „skuldbinding um hlutdeild endurnýjanlegrar orku“: stuðningskerfi þar sem krafa er gerð um að orkuframleiðendur noti tiltekið hlutfall orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í framleiðslu sinni, um að orkubirgjar noti tiltekið hlutfall orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í orkusölu sinni, eða um að tiltekið hlutfall af orkunotkun orkuneytenda komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. kerfi þar sem hægt er að uppfylla slíkar kröfur með notkun grænna vottorða,

7) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 29. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([1]),

8) „örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki“: örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki eins og skilgreint er í 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([2]),

9) „glatvarmi og -kæling“: óhjákvæmilegur varmi eða kuldi sem myndast sem aukaafurð í iðju- eða orkuverum, eða í þriðja geiranum, sem myndi dreifast ónotaður í lofti eða vatni án aðgangs að fjarhitunar- eða fjarkælikerfi, þar sem samvinnsluferli raf- og varmaorku hefur verið notað eða verður notað eða er ekki framkvæmanlegt,

10) „endurgerð“: endurnýjun orkuvera sem framleiða endurnýjanlega orku, þ.m.t. útskipti stöðva eða rekstrarkerfa og búnaðar, að fullu eða að hluta til, í því skyni að skipta út framleiðslugetu eða auka skilvirkni eða framleiðslugetu stöðvar,

11) „dreifikerfisstjóri“: stjórnandi eins og hann er skilgreindur í 6. lið 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB og í 6. lið. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB ([3]),

12) „upprunaábyrgð“: rafrænt skjal sem hefur aðeins það hlutverk að sanna fyrir kaupanda að tiltekið hlutfall eða magn orku hafi verið framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

([2]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

13) „samsetning afgangsorku“: árleg heildarorkusamsetning aðildarríkis að undanskilinni þeirri hlutdeild sem fellur undir afturkallaðar upprunaábyrgðir,

14) „notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða“: notandi sem starfar á athafnasvæði sínu sem er staðsett innan afmarkaðs svæðis eða, ef aðildarríki heimilar það, á öðru athafnasvæði, sem framleiðir endurnýjanlega raforku til eigin nota og sem getur geymt eða selt endurnýjanlega raforku sem hann framleiðir sjálfur, að því tilskildu, að því er varðar notanda endurnýjanlegrar orku sem hann framleiðir sjálfur og notar ekki til heimilisreksturs, að sú starfsemi teljist ekki vera helsta viðskipta- eða atvinnustarfsemi hans,

15) „aðilar, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða“: hópur a.m.k. tveggja notenda, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, í samræmi við 14. lið, sem eru í sömu byggingu eða fjölbýlishúsi,

16) „samfélag um endurnýjanlega orku“: lögaðili:

    a) sem í samræmi við gildandi landslög byggist á opinni og frjálsri aðild, er sjálfstæður og er í reynd stýrt af hluthöfum eða meðlimum sem eru staðsettir í nálægð við þau verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku sem eru í eigu þess lögaðila og þróuð af honum,

    b) þar sem hluthafarnir eða meðlimirnir eru einstaklingar, örfyrirtæki, lítil eða meðalstór fyrirtæki eða staðaryfirvöld, þ.m.t. sveitarfélög,

    c) sem hefur þann megintilgang að veita hluthöfum eða meðlimum sínum, eða þeim svæðum sem það er starfrækt á, umhverfislegan, efnahagslegan eða félagslegan ávinning fremur en fjárhagslegan hagnað,

17) „samningur um kaup á endurnýjanlegri orku“: samningur þar sem einstaklingur eða lögaðili samþykkir að kaupa endurnýjanlega raforku beint frá raforkuframleiðanda,

18) „jafningjaviðskipti með endurnýjanlega orku“: sala á endurnýjanlegri orku milli markaðsaðila með samningi með fyrir fram ákveðnum skilyrðum um sjálfvirka framkvæmd og uppgjör viðskiptanna, annað hvort beint á milli markaðsaðila eða óbeint gegnum vottaðan markaðsaðila sem er þriðji aðili, s.s. orkusafnari. Rétturinn til að stunda jafningjaviðskipti skal vera með fyrirvara um réttindi og skyldur hlutaðeigandi aðila sem notenda, framleiðenda, söluaðila eða orkusafnara,

19) „fjarhitun“ eða „fjarkæling“: dreifing varmaorku í formi gufu, heits vatns eða kældra vökva frá miðlægum eða dreifstýrðum framleiðslustað með neti til margra bygginga eða mannvirkja til að hita eða kæla rými eða fyrir vinnsluvarma eða -kælingu,

20) „skilvirk fjarhitun og -kæling“: skilvirk fjarhitun og -kæling eins og hún er skilgreind í 41. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,

21) „samvinnsla með góða orkunýtni“: samvinnsla með góða orkunýtni eins og hún er skilgreind í 34. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,

22) „orkunýtingarvottorð“: orkunýtingarvottorð eins og það er skilgreint í 12. lið 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB,

23) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, að undanskildum efnum sem hefur verið breytt af ásetningi eða þau menguð til að uppfylla þessa skilgreiningu,

24) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og leifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði, þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu, frá skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta úrgangs, þ.m.t. iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs af líffræðilegum uppruna,

25) „lífmassi úr landbúnaði“: lífmassi sem er framleiddur í tengslum við landbúnað,

26) „skógarlífmassi“: lífmassi sem er framleiddur í tengslum við skógrækt,

27) „lífmassaeldsneyti“: loftkennt eldsneyti og eldsneyti í föstu formi, framleitt úr lífmassa,

28) „lífgas“: loftkennt eldsneyti, framleitt úr lífmassa,

29) „lífúrgangur“: lífúrgangur eins og hann er skilgreindur í 4. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

30) „upprunasvæði“: landfræðilega afmarkað svæði sem er hráefnisuppspretta skógarlífmassa, sem áreiðanlegar og óháðar upplýsingar liggja fyrir um og þar sem skilyrði eru nægilega einsleit til að meta megi áhættu í tengslum við sjálfbærni og lögmæti lífmassa skógarins,

31) „endurmyndun skóga“: endurmyndun skógarteigs með náttúrulegum eða tilbúnum aðferðum eftir að fyrri skógarteigur hefur verið fjarlægður með skógarhöggi eða af náttúrulegum orsökum, þ.m.t. vegna elds eða óveðurs,

32) „fljótandi lífeldsneyti“: fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum, þ.m.t. til raforkuframleiðslu, hitunar og kælingar,

33) „lífeldsneyti“: fljótandi eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,

34) „háþróað lífeldsneyti“: lífeldsneyti sem er framleitt úr hráefni sem er talið upp í A-hluta IX. viðauka,

35) „endurunnið kolefniseldsneyti“: fljótandi og loftkennt eldsneyti framleitt úr fljótandi eða föstum úrgangsstraumum af óendurnýjanlegum uppruna sem henta ekki til endurnýtingar efnis í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eða úr úrgangsvinnslugasi og útblásturslofti af óendurnýjanlegum uppruna sem verður til sem óhjákvæmileg og óviljandi afleiðing af framleiðsluferli iðjuvera,

36) „endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti sem er notað í flutningageiranum, annað en lífeldsneyti eða lífgas, með orkuinnihald sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa,

37) „lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu“: lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti úr hráefni sem var framleitt samkvæmt áætlunum um að koma í veg fyrir tilfærsluáhrif lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu með bættum starfsvenjum í landbúnaði sem og með ræktun nytjaplantna á svæðum sem áður voru ekki notuð til ræktunar nytjaplantna og sem var framleitt í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem mælt er fyrir um í 29. gr.,

38) „eldsneytisbirgir“: aðili, sem afhendir eldsneyti á markað, sem ber ábyrgð á að senda eldsneyti gegnum innheimtustöð vörugjalda eða, ef um er að ræða raforku eða ef ekki þarf að greiða vörugjöld eða ef það er rökstutt á viðeigandi hátt, annar viðeigandi aðili sem aðildarríki tilnefnir,

39) „sterkjuríkar nytjaplöntur“: nytjaplöntur, aðallega kornplöntur, án tillits til þess hvort eingöngu kornið er notað eða öll plantan, s.s. ef um er að ræða grænfóðurmaís, hnýðis- og rótarávaxtaplöntur, s.s. kartöflur, ætisólblóm, sætar kartöflur, kassava og mjölrótarhnýði, og jarðstöngulhnýðisplöntur, s.s. þerrirót,

40) „matvæla- og fóðurplöntur“: sterkjuríkar nytjaplöntur, sykur- eða olíujurtir sem eru ræktaðar á landbúnaðarlandi sem aðalnytjaplöntur að undanskildum leifum, úrgangi eða lignósellulósaefni og plöntum úr milliræktun, s.s. fang- og þekjuplöntur, að því tilskildu að notkun á slíkum plöntum úr milliræktun auki ekki eftirspurn eftir viðbótarlandi,

41) „lignósellulósaefni“: efni sett saman úr ligníni, sellulósa og hálfsellulósa, s.s. lífmassi fenginn úr skógum, viðarkenndum orkuplöntum og leifum og úrgangi frá iðnaði sem byggir á skógafurðum,

42) „sellulósaefni sem eru ekki matvæli“: hráefni sem eru aðallega sett saman úr sellulósa og hálfsellulósa og innihalda minna af ligníni en lignósellulósaefni; þarna á meðal eru leifar nytjaplantna til matvæla- og fóðurframleiðslu, s.s. hálmur, blöð og stönglar, klíð og hýði; graskenndar orkuplöntur sem innihalda lítið af sterkju, s.s. rýgresistegundir, hríshirsi, filagras, risareyr og þekjuplöntur ræktaðar á undan og eftir aðalnytjaplöntum; leifar úr iðnaði, þ.m.t. af matvæla- og fóðurplöntum eftir að jurtaolíur, sykur, sterkja og prótín hafa verið dregin út; og efni úr lífúrgangi þar sem lítið er svo á að risareyr og þekjuplöntur séu tímabundnir skammtímabithagar sem samanstanda af gras- og grænfóðurblöndu sem inniheldur lítið af sterkju til að fá fóður fyrir búfé og bæta frjósemi jarðvegs til að ná meiri afrakstri af ræktanlegum aðalnytjaplöntum,

43) „leif“: efni sem er ekki lokaafurð eða -afurðir en sem leitast er við að framleiða beint í framleiðsluferlinu; það er ekki megintilgangurinn með framleiðsluferlinu og vinnslunni hefur ekki verið breytt af ásettu ráði til að framleiða það,

44) „leifar úr landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt“: leifar sem myndast beint í landbúnaði, lagareldi, fiskveiðum og skógrækt og sem innihalda ekki leifar frá tengdum iðnaði eða vinnslu,

45) „raunverulegt gildi“: minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í sumum eða öllum þrepum tiltekinnar aðferðar við framleiðslu lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaeldsneytis sem reiknast í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka eða B-hluta VI. viðauka,

46) „dæmigert gildi“: áætluð losun gróðurhúsalofttegunda og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tiltekið framleiðsluferli lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaeldsneytis, sem er dæmigert fyrir notkun í Sambandinu,

47) „staðalgildi“: gildi sem leitt er af dæmigerðu gildi með því að nota stuðla sem eru fyrir fram ákvarðaðir og sem heimilt er, við aðstæður sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, að nota í stað raunverulegs gildis.

3. gr.

Bindandi heildarmarkmið Sambandsins fram til 2030

1. Aðildarríkin skulu saman sjá til þess að hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun á vettvangi Sambandsins árið 2030 sé minnst 32%. Framkvæmdastjórnin skal meta þetta markmið með það fyrir augum að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf eigi síðar en 2023 til að hækka markmiðið ef umtalsverð frekari kostnaðarlækkun verður við framleiðslu á endurnýjanlegri orku, ef nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins um afkolun eða ef umtalsverður samdráttur í orkunotkun í Sambandinu réttlætir slíka hækkun.

2 Aðildarríki skulu ákvarða landsbundin framlög til að ná í sameiningu bindandi heildarmarkmiðinu sem er sett fram í 1. mgr. þessarar greinar sem hluta af samþættum orku- og loftslagsáætlunum sínum í samræmi við 3. til 5. gr. og 9. til 14. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999. Við gerð draga sinna að samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum geta aðildarríkin tekið tillit til formúlunnar sem um getur í II. viðauka við þá reglugerð.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli mats á drögum að samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum sem lögð eru fram skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, að landsbundin framlög aðildarríkjanna nægi ekki til að ná sameiginlegu bindandi heildarmarkmiði Sambandsins, skal hún fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 9. og 31. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Aðildarríki skulu tryggja að landsbundnar stefnur þeirra, þ.m.t. skuldbindingarnar sem leiða af 25. til 28. gr. þessarar tilskipunar, og stuðningskerfi þeirra séu hönnuð með tilhlýðilegu tilliti til úrgangsmetakerfisins, eins og sett er fram í 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB, til að miða að því að forðast óþarfa röskun á hráefnismörkuðum. Aðildarríkin skulu ekki veita stuðning vegna endurnýjanlegrar orku sem framleidd er með brennslu úrgangs ef ekki hefur verið farið að skyldum um sérstaka söfnun sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

4. Frá 1. janúar 2021 skal hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun hvers aðildarríkis ekki vera minni en grunnviðmiðunarhlutdeildin sem er sýnd í þriðja dálki töflunnar í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi við þessa grunnviðmiðunarhlutdeild. Ef aðildarríki viðheldur ekki grunnviðmiðunarhlutdeild sinni eins og hún er mæld á hverju eins árs tímabili gilda ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

5. Framkvæmdastjórnin skal styðja við mikinn metnað aðildarríkja með heimildaramma sem felur í sér aukna notkun á fjármagni Sambandsins, þ.m.t. viðbótarfjármunum til að greiða fyrir réttlátri umbreytingu kolefnisfrekra svæða í átt að aukinni hlutdeild endurnýjanlegrar orku, einkum fjármálagerninga, sérstaklega í þeim tilgangi sem hér segir:

a) til að draga úr fjármagnskostnaði vegna verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku,

b) við þróun verkefna og áætlana um samþættingu endurnýjanlegra orkugjafa við orkukerfið, til að auka sveigjanleika orkukerfisins, viðhalda stöðugleika dreifikerfis og að hafa stjórn á kerfisöng í dreifikerfinu,

c) við þróun grunnvirkja flutnings- og dreifikerfa, greindarneta, geymsluaðstöðu og samtenginga, með það að markmiði að ná 15% raforkusamtengingu fyrir árið 2030, í því skyni að auka tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt umfang endurnýjanlegrar orku í raforkukerfinu,

d) við aukningu á svæðisbundnu samstarfi milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og þriðju landa með sameiginlegum verkefnum, sameiginlegum stuðningskerfum og opnun stuðningskerfa fyrir endurnýjanlega raforku til framleiðenda sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum.

6. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót vettvangi til að styðja aðildarríki sem nýta samstarfsfyrirkomulag til að stuðla að bindandi heildarmarkmiði Sambandsins sem sett er fram í 1. mgr.

4. gr.

Stuðningskerfi fyrir orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Aðildarríkin geta beitt stuðningskerfum til að ná eða fara fram úr markmiðum Sambandsins sem sett eru í 1. mgr. 3. gr. og framlagi hvers aðildarríkis til þess markmiðs á landsvísu við nýtingu endurnýjanlegrar orku.

2 Stuðningskerfi fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skulu veita hvatningu til samþættingar raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum við raforkumarkaðinn á markaðstengdan og markaðsmiðaðan hátt en forðast jafnframt óþarfa röskun á raforkumörkuðum auk þess að taka mið af mögulegum kostnaði vegna samþættingar kerfa og stöðugleika dreifikerfa.

3. Stuðningskerfi fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skulu þannig úr garði gerð að þau hámarki samþættingu raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum á raforkumarkaðnum og tryggi að framleiðendur endurnýjanlegrar orku bregðist við vísbendingum um markaðsverð og hámarki markaðstekjur sínar.

Í því skyni skal stuðningur veittur, með tilliti til beinna niðurgreiðslna, í formi markaðsframlags sem gæti m.a. verið breytilegt eða fast.

Aðildarríki geta veitt litlum stöðvum og sýniverkefnum undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, með fyrirvara um gildandi lög Sambandsins um innri raforkumarkaðinn.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stuðningur vegna raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé veittur án mismununar á opinn, gagnsæjan, samkeppnishæfan og kostnaðarhagkvæman hátt.

Aðildarríki mega veita litlum stöðvum og sýniverkefnum undanþágu frá útboðsferlum.

Aðildarríki geta einnig íhugað að koma á tilhögun til að tryggja fjölbreytileika við innleiðingu endurnýjanlegrar raforku, einkum til að tryggja kostnaðarhagkvæmni við samþættingu kerfa.

5. Aðildarríki mega takmarka útboðsferli við tiltekna tækni ef opnun stuðningkerfa fyrir alla framleiðendur raforku úr endurnýjanlegur orkugjöfum myndi leiða til lakari árangurs að því er varðar:

a) langtímamöguleika tiltekinnar tækni,

b) þörfina fyrir að ná fram fjölbreytileika,

c) kostnað við samþættingu dreifikerfa,

d) nethömlur og stöðugleika flutningskerfa,

e) að því er varðar lífmassa, þörfina á að koma í veg fyrir röskun á hráefnismörkuðum.

6. Ef stuðningur vegna raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er veittur með útboðsferli skulu aðildarríki, til að tryggja að hlutfall verkefna sem komast í framkvæmd verði hátt:

a) ákvarða og birta viðmiðanir sem eru án mismununar og gagnsæjar til að sýna fram á að skilyrði útboðsferlisins séu uppfyllt og setja skýrar dagsetningar og reglur um afhendingu verkefnisins,

b) birta upplýsingar um fyrri útboðsferli, þ.m.t. hlutfall verkefna sem komust í framkvæmd.

7. Aðildarríki geta, til að auka orkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum á ystu svæðum og litlum eyjum, aðlagað áætlanir um fjárstuðning vegna verkefna á þessum svæðum til að taka tillit til framleiðslukostnaðar sem tengist sérstökum skilyrðum vegna einangrunar og því að vera háður öðrum.

8. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021 og á þriggja ára fresti eftir það, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um frammistöðu stuðnings við raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem veittur er með útboðsferlum í Sambandinu, þar sem einkum er greind geta útboðsferla til að:

a) draga úr kostnaði,

b) ná fram tækniframförum,

c) ná fram háu hlutfalli framkvæmda,

d) stuðla að þátttöku lítilla aðila og, eftir atvikum, staðaryfirvalda,

e) takmarka umhverfisáhrif,

f) tryggja staðbundna sátt,

g) tryggja afhendingaröryggi og samþættingu dreifikerfa.

9. Þessi grein er með fyrirvara um 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. gr.

Opnun stuðningskerfa fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Aðildarríkin skulu eiga rétt á að ákveða, í samræmi við 7. til 13. gr. þessarar tilskipunar, að hvaða marki þau veita stuðning í tengslum við raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er framleidd í öðru aðildarríki. Aðildarríki geta þó, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein, opnað fyrir þátttöku framleiðenda, sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum, í stuðningskerfum fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þegar aðildarríki opna fyrir þátttöku í stuðningskerfum fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum geta þau kveðið á um að stuðningur við leiðbeinandi hlutdeild af framleiðslugetu, sem nýlega hefur hlotið stuðning, eða fjárveitingu til hennar, á hverju ári sé opinn framleiðendum sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum.

Slík leiðbeinandi hlutdeild getur, á hverju ári, numið a.m.k. 5% frá 2023 til 2026 og a.m.k. 10% frá 2027 til 2030 eða, ef hún er lægri, upp að umfangi samtengingar hlutaðeigandi aðildarríkis á tilteknu ári.

Til að öðlast frekari reynslu af framkvæmd geta aðildarríkin skipulagt eitt eða fleiri tilraunaverkefni þar sem framleiðendur í öðrum aðildarríkjum geta fengið stuðning.

2 Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast staðfestingar á raunverulegum innflutningi á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Í því skyni geta aðildarríki takmarkað þátttöku í stuðningskerfum sínum við framleiðendur sem eru staðsettir í aðildarríkjum þar sem til staðar er bein tenging gegnum samtengla. Aðildarríki skulu þó ekki breyta eða með öðrum hætti hafa áhrif á áætlanir milli svæða og úthlutun á flutningsgetu vegna framleiðenda sem taka þátt í stuðningskerfum yfir landamæri. Flutningar á raforku yfir landamæri skulu eingöngu ákvarðast af niðurstöðu úthlutunar flutningsgetu samkvæmt lögum Sambandsins um innri raforkumarkaðinn.

3. Ef aðildarríki ákveður að opna fyrir þátttöku í stuðningskerfum fyrir framleiðendur sem staðsettir eru í öðrum aðildarríkjum skulu viðkomandi aðildarríki komast að samkomulagi um meginreglur slíkrar þátttöku. Slíkt samkomulag skal a.m.k. ná yfir meginreglur um úthlutun endurnýjanlegrar raforku sem fellur undir stuðning yfir landamæri.

4. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni viðkomandi aðildarríkja, aðstoða þau í öllu samningaferlinu við að koma á samstarfsfyrirkomulagi með því að veita upplýsingar og greiningu, þ.m.t. megindleg og eigindleg gögn um beinan og óbeinan kostnað og ávinning af samstarfi, auk leiðbeininga og tæknilegrar sérþekkingar. Framkvæmdastjórnin getur hvatt til eða greitt fyrir miðlun bestu starfsvenja og getur þróað sniðmát fyrir samstarfssamninga til að greiða fyrir samningaviðræðuferlinu. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2025, meta kostnað og ávinning af nýtingu raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í Sambandinu samkvæmt þessari grein.

5. Framkvæmdastjórnin skal gera úttekt á framkvæmd þessarar greinar eigi síðar en 2023. Í þeirri úttekt skal meta þörfina á að innleiða skuldbindingu af hálfu aðildarríkja um að opna að hluta til fyrir þátttöku í stuðningskerfum sínum fyrir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir framleiðendur sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum, með það fyrir augum að opnað verði fyrir 5% fyrir árið 2025 og fyrir 10% fyrir árið 2030.

6. gr.

Stöðugleiki fjárstuðnings

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf til að uppfylla ákvæði 107. og 108 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tryggja að umfang þess stuðnings sem veittur er til verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku, og tengdra skilyrða, sé ekki endurskoðaður á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á þau réttindi sem veitt eru samkvæmt honum og grafi undan efnahagslegri afkomu verkefna sem þegar njóta stuðnings.

2 Aðildarríki geta aðlagað umfang stuðnings í samræmi við hlutlægar viðmiðanir, að því tilskildu að slíkar viðmiðanir byggist á upphaflegri tilhögun stuðningskerfisins.

3. Aðildarríki skulu birta langtímaáætlun þar sem gert er ráð fyrir væntanlegri stuðningsúthlutun sem til viðmiðunar nær yfir a.m.k. næstu fimm ár eða, í tilvikum þar sem takmarkanir eru við gerð fjárhagsáætlana, næstu þrjú ár, þ.m.t. leiðbeinandi tímasetningar, tíðni útboðsferla eftir því sem við á, væntanlega framleiðslugetu og væntanlega úthlutaða fjárhæð eða hámarkstuðning á hverja einingu, og væntanlega aðstoðarhæfa tækni, ef við á. Sú áætlun skal uppfærð árlega eða ef nauðsyn krefur til að endurspegla nýlega markaðsþróun eða væntanlega stuðningsúthlutun.

4. Aðildarríki skulu á minnst fimm ára fresti meta skilvirkni stuðningskerfa sinna fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og meiriháttar dreifingaráhrif þeirra á mismunandi neytendahópa og á fjárfestingar. Í því mati skal taka tillit til áhrifa af mögulegum breytingum á stuðningskerfunum. Leiðbeinandi langtímaáætlunin sem gildir um ákvarðanir um stuðning og tilhögun nýs stuðnings skal taka mið af niðurstöðum matsins. Aðildarríki skulu láta matið fylgja með í viðeigandi uppfærslum á samþættum, landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum sínum og framvinduskýrslum í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1999.

7. gr.

Útreikningur á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Heildarnotkun orku frá endurnýjanlegur orkugjöfum í hverju aðildarríki skal reiknuð sem samtala:

a) heildarnotkunar á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum,

b) heildarnotkunar á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í geira hitunar og kælingar og

c) endanlegrar orkunotkunar frá endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningageiranum.

Að því er varðar a-, b- eða c-lið fyrstu undirgreinar skal aðeins taka gas, raforku og vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum einu sinni til greina við útreikning á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun.

Með fyrirvara um aðra undirgrein 1. mgr. 29. gr. skal lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti, sem ekki uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni og losun gróðurhúsalofttegunda sem settar eru fram í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. 29. gr., ekki tekið með í útreikningnum.

2 Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal heildarnotkun á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum reiknuð sem það magn raforku sem framleitt er í aðildarríki úr endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. framleiðsla raforku frá notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða og frá samfélögum um endurnýjanlega orku, að undanskilinni raforku sem framleidd er í dælimiðlunareiningum með vatni sem áður hefur verið dælt upp á við.

Í orkuverum sem nota fleiri en eina gerð eldsneytis frá endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum skal aðeins taka með í útreikningum þann hluta raforkunnar sem framleiddur er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að því er varðar þennan útreikning, skal hlutfall hvers orkugjafa reiknað út á grundvelli orkuinnihalds hans.

Raforka sem framleidd er með vatnsorku og vindorku skal tekin með útreikningum í samræmi við stöðlunarreglurnar sem settar eru fram í II. viðauka.

3. Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal heildarorkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum í hitunar- og kælingargeiranum reiknuð sem magn fjarhitunar og -kælingar sem framleitt er í aðildarríki með endurnýjanlegum orkugjöfum, að viðbættri notkun annarrar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til upphitunar, kælingar og vinnslu í iðnaði, á heimilum, í þjónustu, landbúnaði, skógrækt og sjávarútvegi.

Í orkuverum sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis frá endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum skal aðeins taka með í útreikningum þann hluta hitunar og kælingar sem framleiddur er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að því er varðar þennan útreikning, skal hlutfall hvers orkugjafa reiknað út á grundvelli orkuinnihalds hans.

Taka skal umhverfis- og jarðvarmaaorku, sem varmadælur og fjarkælikerfi gera nýtanlega við hitun og kælingu, með í útreikningum að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. að því tilskyldu að endanlegt orkufrálag sé umtalsvert hærra en frumorkuílagið sem nauðsynlegt er til að knýja varmadælurnar. Magn þess varma eða kulda sem teljast skal orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum að því er varðar þessa tilskipun skal reiknað í samræmi við aðferðina sem sett er fram í VII. viðauka, og taka skal mið af orkunotkun í öllum endanlegum notkunargeirum.

Varmaorka sem framleidd er með hlutlausum orkukerfum þar sem lægri orkunotkun næst á hlutlausan hátt með hönnun bygginga eða varma sem myndast með orku frá óendurnýjanlegum orkugjöfum skal ekki tekin með í útreikningum að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 35. gr. til að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða aðferðafræði fyrir útreikning á magni endurnýjanlegrar orku sem notuð er til kælingar og fjarkælingar, og til að breyta VII. viðauka.

Í þeirri aðferðafræði skal taka með í reikninginn árstíðabundna lágmarksafkastastuðla fyrir varmadælur sem eru starfræktar í hina áttina.

4. Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. gilda eftirfarandi kröfur:

a) Endanleg notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum innan flutningageirans skal reiknuð sem samtala alls lífeldsneytis, lífmassaeldsneytis og endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds eldsneytis af ólífrænum uppruna sem notað er í flutningageiranum. Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna sem notað er í flutningageiranum og er framleitt úr endurnýjanlegri raforku skal þó einungis teljast hluti af útreikningnum samkvæmt a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. við útreikning á magni raforku sem framleidd er í aðildarríki með endurnýjanlegum orkugjöfum.

b) Við útreikning á endanlegri orkunotkun í flutningageiranum skal nota gildin fyrir orkuinnihald eldsneytis til flutninga, eins og þau eru sett fram í III. viðauka. Við ákvörðun á orkuinnihaldi eldsneytis til flutninga sem er ekki tekið með í III. viðauka skulu aðildarríki nota viðeigandi staðla evrópsku staðlastofnunarinnar til að ákvarða varmagildi eldsneytis. Hafi enginn staðall evrópsku staðlastofnunarinnar verið samþykktur í þessu skyni skulu aðildarríkin nota viðeigandi staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna.

5. Hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal reiknuð sem heildarorkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum deilt með heildarorkunotkun frá öllum orkugjöfum og tilgreind sem hundraðshluti.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samtalan sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar aðlöguð í samræmi við 8., 10., 12. og 13. gr.

Við útreikning á heildarorkunotkun aðildarríkis til að meta hvort aðildarríkið standi við markmiðin og leiðbeinandi áfangamarkmiðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skal orkunotkun í fluggeiranum ekki teljast vera meiri en 6,18% af heildarorkunotkun viðkomandi aðildarríkis. Fyrir Kýpur og Möltu skal orkunotkun í fluggeiranum ekki teljast vera meiri en sem nemur 4,12% af heildarorkunotkun þessara aðildarríkja.

6. Aðferðin og skilgreiningarnar sem notaðar eru við útreikning á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skulu vera þær sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 1099/2008.

Aðildarríki skulu tryggja að það sé samræmi milli tölfræðilegra upplýsinga sem notaðar eru til að reikna út hlutdeild innan geira og heildarhlutdeild, og tölfræðilegra upplýsinga sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt þeirri reglugerð.

8. gr.

Vettvangur Sambandsins til að þróa endurnýjanlega orkugjafa og tölfræðilegur flutningur milli aðildarríkja

1. Aðildarríkin geta komið sér saman um tölfræðilegan flutning tiltekins magns orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum frá einu aðildarríki til annars. Magnið sem flutt er skal:

a) dregið frá því magni orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er með í útreikningum á hlut endurnýjanlegrar orku aðildarríkisins sem framkvæmir flutninginn að því er varðar þessa tilskipun og

b) bætt við það magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er með í útreikningum á hlut endurnýjanlegrar orku aðildarríkisins sem tekur á móti flutningnum að því er varðar þessa tilskipun.

2 Framkvæmdastjórnin skal, til að greiða fyrir því að markmiði Sambandsins sem sett er fram í 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar verði náð og til að greiða fyrir framlagi hvers aðildarríkis til þess markmiðs í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar og til að greiða fyrir tölfræðilegum flutningum í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, koma á fót vettvangi Sambandsins til að þróa endurnýjanlega orkugjafa (hér á eftir nefndur þróunarvettvangurinn). Aðildarríkin geta, að eigin frumkvæði, lagt fyrir þróunarvettvanginn árleg gögn um landsbundið framlag sitt til markmiðs Sambandsins eða viðmiðana sem settar eru til að fylgjast með framvindu í tengslum við reglugerð (ESB) 2018/1999, þ.m.t. það magn sem þau reikna með að vanti upp á eða fari fram úr framlagi þeirra, auk vísbendingar um verðið sem þau myndu samþykkja fyrir flutning á umframframleiðslu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til eða frá öðru aðildarríki. Verð fyrir þennan flutning skal ákveðið í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli fyrirkomulags þróunarvettvangsins til samræmingar á eftirspurn og framboði.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þróunarvettvangurinn hafi getu til að samræma eftirspurn og framboð á því orkumagni frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er mið af við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku aðildarríkis á grundvelli verðs eða annarra viðmiðana sem aðildarríki sem taka á móti flutningnum tilgreina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 35. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að koma þróunarvettvanginum á fót og að ákvarða skilyrðin fyrir frágangi flutninganna eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar.

4. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. geta varað í eitt eða fleiri almanaksár. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir eða gengið frá þeim á þróunarvettvanginum eigi síðar en tólf mánuðum eftir lok hvers árs sem þær eru í gildi. Upplýsingarnar sem sendar eru framkvæmdastjórninni skulu innihalda magn og verð þeirrar orku sem um ræðir. Að því er varðar flutning sem er gengið frá á þróunarvettvanginum skal birta opinberlega upplýsingar um hlutaðeigandi aðila og þennan tiltekna flutning.

5. Flutningar öðlast gildi þegar öll hlutaðeigandi aðildarríki hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um flutninginn eða þegar öll jöfnunarskilyrði eru uppfyllt á þróunarvettvanginum, eftir því sem við á.

9. gr.

Sameiginleg verkefni aðildarríkja

1. Tvö eða fleiri aðildarríki geta starfað saman að öllum gerðum sameiginlegra verkefna að því er varðar framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum á raforku, hitun eða kælingu. Einkaaðilar geta tekið þátt í slíku samstarfi.

2 Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það hlutfall eða magn raforku, hitunar eða kælingar sem framleitt er með endurnýjanlegum orkugjöfum á vettvangi sameiginlegra verkefna á yfirráðasvæði þeirra sem hófust eftir 25. júní 2009, eða með aukinni framleiðslugetu orkuvers sem var endurnýjað eftir þá dagsetningu, sem taka skal með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku annars aðildarríkis að því er varðar þessa tilskipun.

3. Í tilkynningunni, sem um getur í 2. mgr., skal:

a) lýsa orkuverinu sem fyrirhugað er eða auðkenna endurnýjaða orkuverið,

b) tilgreina hlutfall eða magn raforku, hitunar eða kælingar sem framleitt er í orkuverinu og sem tekið skal með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku hins aðildarríkisins,

c) auðkenna aðildarríkið sem hefur hag af tilkynningunni og

d) tilgreina, í heilum almanaksárum, tímabilið þegar sú raforka, hitun eða kæling, sem taka á með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku hins aðildarríkisins, er framleidd í orkuverinu með endurnýjanlegum orkugjöfum.

4. Lengd sameiginlegs verkefnis eins og um getur í þessari grein getur varað fram yfir árið 2030.

5. Ekki skal breyta eða draga til baka tilkynningu sem lögð er fram samkvæmt þessari grein án sameiginlegs samþykkis aðildarríkisins sem leggur tilkynninguna fram og aðildarríkisins sem tilgreint er í samræmi við c-lið 3. mgr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkja, greiða fyrir því að sameiginlegum verkefnum milli aðildarríkja verði komið á fót, einkum í gegnum sérhæfða tæknilega aðstoð og þróunaraðstoð.

10. gr.

Áhrif sameiginlegra verkefna aðildarríkja

1. Innan þriggja mánaða frá lokum hvers árs sem fellur innan tímabilsins sem um getur í d-lið 3. mgr. 9. gr. skal aðildarríkið sem lagði tilkynninguna fram skv. 9. gr. senda frá sér tilkynningu þar sem fram kemur:

a) heildarmagn raforku, hitunar eða kælingar sem framleitt var á árinu með endurnýjanlegum orkugjöfum í orkuverinu sem tilkynningin, sem um getur í 9. gr., fjallaði um og

b) það magn raforku, hitunar eða kælingar sem framleitt var á árinu með endurnýjanlegum orkugjöfum í því orkuveri sem taka á með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku annars aðildarríkis í samræmi við skilmála tilkynningarinnar.

2 Tilkynningaraðildarríkið skal senda tilkynninguna til aðildarríkisins sem hefur hag af tilkynningunni og til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Að því er varðar þessa tilskipun skal það magn raforku, hitunar eða kælingar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tilkynnt er í samræmi við b-lið 1. mgr.:

a) dregið frá því magni raforku, hitunar eða kælingar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er mið af við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku aðildarríkisins sem gefur út tilkynninguna skv. 1. mgr. og

b) bætt við það magn raforku, hitunar eða kælingar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er mið af við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku aðildarríkisins sem tekur við tilkynningunni skv. 2. mgr.

11. gr.

Sameiginleg verkefni aðildarríkja og þriðju landa

1. Eitt eða fleiri aðildarríki geta átt í samstarfi við eitt eða fleiri þriðju lönd um allar gerðir sameiginlegra verkefna varðandi framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum. Einkaaðilar geta tekið þátt í slíku samstarfi og skal það fara fram í fullu samræmi við alþjóðalög.

2 Raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleidd er í þriðja landi skal aðeins tekin með í reikninginn við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku aðildarríkis ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) raforkan er notuð í Sambandinu, sem telst uppfyllt skilyrði ef:

i. allir flutningskerfisstjórar sem bera ábyrgð í upprunalandinu, viðtökulandinu og, ef við á, öllum þriðju löndum sem eru gegnumferðarlönd, hafa ráðstafað magni raforku, sem samsvarar þeirri raforku sem hefur verið meðtalin, með áreiðanlegum hætti í úthlutaðri flutningsgetu samtengileiðsla,

ii. flutningskerfisstjórinn sem ber ábyrgð á þeirri hlið samtengils sem er í Sambandinu hefur skráð magn raforku, sem samsvarar þeirri raforku sem hefur verið meðtalin, með áreiðanlegum hætti í jöfnunaráætluninni og

iii. ráðstöfuð flutningsgeta og framleiðsla raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum í orkuverinu, sem um getur í b-lið, vísa til sama tímabils,

b) raforkan er framleidd í orkuveri sem hóf starfrækslu eftir 25. júní 2009, eða með aukinni framleiðslugetu orkuvers sem var endurnýjað eftir þá dagsetningu, innan ramma sameiginlegs verkefnis eins og um getur í 1. mgr.,

c) magn raforku sem er framleitt og flutt út hefur ekki fengið stuðning frá stuðningskerfi þriðja lands, annan en fjárfestingaraðstoð til orkuversins og

d) raforkan hefur verið framleidd í samræmi við alþjóðalög, í þriðja landi sem er undirritunaraðili að Evrópusáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis eða öðrum alþjóðasamningum eða sáttmálum um mannréttindi.

3. Aðildarríki geta, með tilliti til 4. mgr., sótt um það hjá framkvæmdastjórninni að raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er framleidd og notuð í þriðja landi verði tekin með í útreikningum í tengslum við lagningu samtengils með mjög langan framkvæmdatíma milli aðildarríkis og þriðja lands, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lagning samtengilsins skal hafin fyrir 31. desember 2026,

b) samtengilinn má ekki taka í notkun fyrir 31. desember 2030,

c) samtengillinn verður að verða starfhæfur eigi síðar en 31. desember 2032,

d) að samtengillinn verði notaður, eftir að hann verður orðin starfhæfur, til að flytja út raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til Sambandsins í samræmi við 2. mgr.,

e) umsóknin tengist sameiginlegu verkefni sem uppfyllir viðmiðanirnar í b- og c-lið 2. mgr. og sem mun nota samtengilinn eftir að hann verður starfhæfur, og raforkumagni sem er ekki meira en magnið sem verður flutt út til Sambandsins eftir að samtengillinn verður starfhæfur.

4. Tilkynna skal til framkvæmdastjórnarinnar það hlutfall eða magn raforku, sem framleitt er í orkuveri á yfirráðasvæði þriðja lands, sem telst vera hluti af endurnýjanlegri orku eins eða fleiri aðildarríkja að því er varðar þessa tilskipun. Þegar um fleiri en eitt aðildarríki er að ræða skal dreifing þessa hlutfalls eða magns milli aðildarríkja tilkynnt til framkvæmda-stjórnarinnar. Þetta hlutfall eða magn skal ekki vera meira en það hlutfall eða magn sem í raun er flutt út til og notað í Sambandinu, skal samsvara því magni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 2. mgr. og uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í a-lið þeirrar málsgreinar. Hvert aðildarríki skal að leggja fram tilkynningu þegar taka á þetta hlutfall eða magn raforku með í útreikningum í tengslum við landsbundin heildarmarkmið þess.

5. Í tilkynningunni, sem um getur í 4. mgr., skal:

a) lýsa orkuverinu sem fyrirhugað er eða auðkenna endurnýjaða orkuverið,

b) tilgreina hlutfall eða magn raforku, sem framleitt er í orkuverinu, sem skal teljast til hlutdeildar endurnýjanlegrar orku aðildarríkis, sem og tilheyrandi fjárhagsráðstafanir, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir,

c) tilgreina það tímabil, í heilum almanaksárum, þegar taka á raforkuna með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku aðildarríkisins og

d) vera skrifleg staðfesting á b- og c-lið frá þriðja landinu þar sem orkuverið verður starfrækt og tilvísun til þess hlutfalls eða magns raforku sem framleitt er í orkuverinu sem þriðja landið ætlar sjálft að nota.

6. Lengd sameiginlegs verkefnis eins og um getur í þessari grein getur varað fram yfir árið 2030.

7. Eingöngu skal breyta eða draga til baka tilkynningu sem lögð er fram samkvæmt þessari grein ef fyrir liggur sameiginlegt samþykki aðildarríkisins sem leggur tilkynninguna fram og þriðja landsins sem hefur viðurkennt sameiginlega verkefnið í samræmi við d-lið 5. mgr.

8. Aðildarríkin og Sambandið skulu hvetja viðkomandi stofnanir orkusamfélagsins til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við orkusamfélagssáttmálann svo að samningsaðilar að þeim sáttmála geti beitt ákvæðunum um samstarf milli aðildarríkja sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

12. gr.

Áhrif sameiginlegra verkefna aðildarríkja og þriðju landa

1. Aðildarríkið sem lagði fram tilkynninguna skal, innan tólf mánaða frá lokum hvers árs sem fellur innan tímabilsins sem tilgreint er í c-lið 5. mgr. 11. gr., senda frá sér tilkynningu þar sem fram kemur:

a) heildarmagn raforku sem framleitt var á því ári með endurnýjanlegum orkugjöfum í orkuverinu sem fjallað var um í tilkynningunni í 11. gr.,

b) magn raforku, sem framleitt var á því ári með endurnýjanlegum orkugjöfum í því orkuveri, sem taka á með í útreikningum í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku þess í samræmi við skilmála tilkynningarinnar í 11. gr. og

c) sönnunargögn um að farið sé að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

2 Aðildarríkið sem um getur í 1. mgr. skal senda tilkynninguna til framkvæmdastjórnarinnar og til þess þriðja lands sem hefur viðurkennt verkefnið í samræmi við d-lið 5. mgr. 11. gr.

3. Við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku samkvæmt þessari tilskipun skal bæta því magni raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er tilkynnt í samræmi við b-lið 1. mgr., við það magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem tekið er með í útreikninginn á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í aðildarríkinu sem gefur út tilkynninguna.

13. gr.

Sameiginleg stuðningskerfi

1. Tvö eða fleiri aðildarríki geta ákveðið, að eigin frumkvæði, að sameina eða samræma að hluta til landsbundin stuðningskerfi sín, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna skv. 5. gr. Í slíkum tilvikum má taka með í útreikningum tiltekið magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleitt er á yfirráðasvæði eins þátttökuaðildarríkis í tengslum við hlutdeild endurnýjanlegrar orku annars þátttökuaðildarríkis að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki:

a) framkvæmi tölfræðilegan flutning á tilteknu magni orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum frá einu aðildarríki til annars í samræmi við 8. gr. eða

b) komi á dreifingarreglu, sem þátttökuaðildarríkin samþykkja, þar sem magni orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er úthlutað til þátttökuaðildarríkjanna.

Tilkynna skal dreifingarregluna sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok fyrsta ársins sem hún tekur gildi.

2 Innan þriggja mánaða frá lokum hvers árs skal hvert aðildarríki sem hefur gefið út tilkynningu samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. gefa út tilkynningu þar sem fram kemur heildarmagn raforku, hitunar eða kælingar frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleitt var á því ári sem dreifingarreglan á að gilda um.

3. Að því er varðar útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku samkvæmt þessari tilskipun skal því magni raforku, hitunar eða kælingar frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem tilkynnt er í samræmi við 2. mgr., endurúthlutað til viðkomandi aðildarríkja í samræmi við tilkynntu dreifingarregluna.

4. Framkvæmdastjórnin skal miðla leiðbeiningum og bestu starfsvenjum og, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkja, greiða fyrir að sameiginlegum stuðningskerfum milli aðildarríkja verði komið á.

14. gr.

Aukning á framleiðslugetu

Að því er varðar 2. mgr. 9. gr. og b-lið 2. mgr. 11. gr. skal meðhöndla orkueiningar frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem rekja má til aukningar á framleiðslugetu orkuvers, eins og þær hafi verið framleiddar í aðskildu orkuveri sem varð starfhæft á þeim tíma sem aukning á framleiðslugetu átti sér stað.

15. gr.

Stjórnsýslumeðferðir, reglur og reglugerðir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þær landsreglur varðandi heimildir, vottanir og leyfisveitingar sem gilda um orkuver og tengd flutninga- og dreifikerfi sem framleiða raforku, hitun eða kælingu með endurnýjanlegum orkugjöfum, um ferlið við umbreytingu lífmassa yfir í lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti, lífmassaeldsneyti eða aðrar orkuafurðir og um endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna séu hóflegar og nauðsynlegar og stuðli að framkvæmd fyrstu meginreglunnar um orkunýtni.

Aðildarríkin skulu einkum gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a) stjórnsýslumeðferðir séu einfaldar og þeim hraðað á viðeigandi stjórnsýslustigi og að fyrirsjáanlegum tímamörkum verði komið á fyrir málsmeðferðarreglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein,

b) reglur varðandi heimildir, vottanir og leyfisveitingar séu hlutlægar, gagnsæjar, hóflegar, mismuni ekki umsækjendum og taki fullt tillit til sérkenna hverrar einstakrar tækni í tengslum við endurnýjanlega orku,

c) umsýslugjöld sem neytendur, skipulagsfræðingar, arkitektar, byggingaraðilar og aðilar sem setja upp búnað og kerfi greiða séu gagnsæ og kostnaðartengd og

d) komið sé á einfaldari og minna íþyngjandi málsmeðferð við leyfisveitingu, þ.m.t. einfaldri málsmeðferð um tilkynningar, fyrir sjálfstæðan búnað og til að framleiða og geyma orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

2 Aðildarríkin skulu skilgreina með skýrum hætti allar tækniforskriftir sem búnaður og kerfi, sem eru notuð til að framleiða endurnýjanlega orku, verða að uppfylla til að njóta góðs af stuðningskerfunum. Þar sem Evrópustaðlar eru til staðar, þ.m.t. umhverfismerki, orkumerki og önnur tæknileg tilvísunarkerfi sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, skulu slíkar tækniforskriftir byggjast á þessum stöðlum. Í slíkum tækniforskriftum skal ekki mæla fyrir um hvar votta eigi búnaðinn og kerfin og þær skulu ekki hindra að innri markaðurinn starfi sem skyldi.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld þeirra á lands-, svæðis- og staðarvísu setji ákvæði um samþættingu og nýtingu endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. fyrir eigin notkun endurnýjanlegrar orku og samfélög um endurnýjanlega orku, og um notkun óhjákvæmilegs glatvarma og -kælingar við skipulagningu, þ.m.t. snemmbúið landnotkunarskipulag, hönnun, byggingu og endurnýjun grunnvirkja í þéttbýli, iðnaðar-, viðskipta- eða íbúðasvæða og orkugrunnvirkja, þ.m.t. grunnvirki fyrir raforku, fjarhitun og -kælingu og kerfi fyrir óhefðbundið eldsneyti. Aðildarríkin skulu sérstaklega hvetja staðar- og svæðisbundna stjórnsýsluaðila til að taka hitun og kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum með við skipulagningu á grunnvirkjum borga eftir því sem við á, og hafa samráð við rekstraraðila dreifikerfa til að endurspegla áhrif áætlana um orkunýtni og notkunarsvörun auk sértækra ákvæða um eigin notkun endurnýjanlegrar orku og um samfélög um endurnýjanlega orku, á áætlun rekstraraðila um þróun grunnvirkja.

4. Aðildarríkin skulu innleiða í byggingareglum og -reglugerðum sínum viðeigandi ráðstafanir til að auka hlutdeild hvers kyns orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í byggingageiranum.

Aðildarríkin geta, eftir atvikum, þegar þau ákveða slíkar ráðstafanir eða í svæðisbundnum stuðningskerfum sínum, tekið tillit til landsbundinna ráðstafana sem tengjast umtalsverðri aukningu á eigin notkun endurnýjanlegrar orku, í staðbundinni orkugeymslu og orkunýtni, í tengslum við samvinnslu raf- og varmaorku og í tengslum við orkuhlutlausar byggingar, lágorkubyggingar eða núllorkubyggingar.

Aðildarríkin skulu, í byggingareglum og -reglugerðum sínum eða með öðrum leiðum sem hafa samsvarandi áhrif, krefjast þess að notað verði tiltekið lágmarksmagn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í nýjum byggingum og í byggingum sem fyrir eru, sem gerðar eru meiri háttar endurbætur á, svo fremi það sé framkvæmanlegt með tilliti til tækni og virkni og í fjárhagslegu tilliti, og að það endurspegli niðurstöður á útreikningi um kostnaðarhagkvæmni sem gerður var skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2010/31/ESB, svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á loftgæði innandyra. Aðildarríkin skulu heimila að þessu lágmarki verði m.a. náð með skilvirkri fjarhitun og -kælingu sem byggist á notkun umtalsverðs hlutfalls endurnýjanlegra orkugjafa og glatvarma og -kælingu.

Kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein gilda um herafla, þó aðeins að því marki sem beiting þeirra fer ekki í bága við eðli og meginmarkmið starfsemi þeirra og að undanþegnu efni sem einungis er notað í hernaðarlegum tilgangi.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að nýjar opinberar byggingar og opinberar byggingar sem fyrir eru, sem gerðar eru meiri háttar endurbætur á, séu, frá og með 1. janúar 2012, til fyrirmyndar á lands-, svæðis- og staðarvísu með skírskotun til þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta m.a. heimilað að þessi skuldbinding sé uppfyllt með því að farið sé að ákvæðum um núllorkuhúsnæði eins og krafist er í tilskipun 2010/31/ESB eða með því að kveða á um að þök á opinberum byggingum eða byggingum, sem eru að hluta til opinberar og að hluta til í einkaeigu, verði notuð af hálfu þriðju aðila undir búnað sem framleiðir orku með endurnýjanlegum orkugjöfum.

6. Í byggingareglum og -reglugerðum sínum skulu aðildarríkin stuðla að notkun kerfa og búnaðar fyrir hitun og kælingu sem nota endurnýjanlega orku og draga umtalsvert úr orkunotkun. Í því skyni skulu aðildarríkin nota orku- eða umhverfismerki eða önnur viðeigandi vottorð eða staðla sem hafa verið þróaðir á landsvísu eða á vettvangi Sambandsins, séu þeir fyrir hendi, og tryggja að veittar séu fullnægjandi upplýsingar og ráðgjöf um endurnýjanlega staðgöngukosti með mikla orkunýtni og á endanum fjármögnunarleiðir og hvata sem standa til boða vegna endurnýjunar, með það fyrir augum að stuðla að hraðari endurnýjun gamalla hitunarkerfa og auknum skiptum yfir í lausnir sem byggjast á endurnýjanlegri orku í samræmi við tilskipun 2010/31/ESB.

7. Aðildarríki skulu framkvæma mat á möguleikum sínum hvað varðar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og notkun á glatvarma og -kælingu í hitunar- og kælingargeiranum. Í matinu skal m.a., eftir því sem við á, gera svæðisgreiningu á þeim svæðum sem henta til útbreiðslu með lítilli vistfræðilegri áhættu og mat á möguleikanum á litlum verkefnum í tengslum við heimili og skal það vera hluti af annarri heildstæðu matsgerðinni sem er krafist skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2012/27/ESB í fyrsta skipti eigi síðar en 31. desember 2020 og í síðari uppfærslum heildstæðu matsgerðanna.

8. Aðildarríki skulu meta lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir sem standa í vegi fyrir langtímasamningum um kaup á endurnýjanlegri orku og ryðja úr vegi óréttmætum hindrunum og greiða fyrir upptöku slíkra samninga. Aðildarríki skulu sjá til þess að þessir samningar falli ekki undir óhóflegar eða mismunandi málsmeðferðarreglur eða gjöld.

Aðildarríki skulu, í samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum sínum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999, gefa lýsingu á stefnum og ráðstöfunum sem greiða fyrir notkun samninga um kaup á endurnýjanlegri orku.

16. gr.

Skipulag og lengd leyfisveitingaferlisins

1. Aðildarríkin skulu koma á eða tilnefna einn eða fleiri tengiliði. Þessir tengiliðir skulu, að beiðni umsækjanda, leiðbeina um og greiða fyrir öllu stjórnsýsluferlinu við umsóknir um og veitingu leyfa. Ekki skal krefjast þess af umsækjanda að hann hafi samband við fleiri en einn tengilið í öllu ferlinu. Leyfisveitingaferlið skal ná yfir viðeigandi leyfi til að reisa, endurgera og reka orkuver sem framleiða orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum auk leyfa fyrir nauðsynlegar eignir til að tengja þau við dreifikerfið. Leyfisveitingaferlið skal fela í sér allar málsmeðferðir frá staðfestingu á móttöku umsóknar til sendingar niðurstöðu málsmeðferðarinnar sem um getur í 2. mgr.

2 Tengiliðurinn skal með gagnsæjum hætti leiðbeina umsækjandanum gegnum allt stjórnsýsluferlið við umsókn um leyfi allt þar til ábyrg yfirvöld hafa tekið eina eða fleiri ákvarðanir við lok ferlisins, láta umsækjandanum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og, eftir því sem við á, hafa samráð við önnur yfirvöld á sviði stjórnsýslu. Umsækjendum skal einnig heimilt að leggja fram viðeigandi skjöl á stafrænu formi.

3. Tengiliðurinn skal birta aðilum sem koma að þróun verkefna á sviði framleiðslu endurnýjanlegrar orku handbók um verklagsreglur og birta þær upplýsingar einnig á Netinu, þar sem sjónum er sérstaklega beint að litlum verkefnum og verkefnum þeirra sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða. Í upplýsingunum á Netinu skal tilgreina þann tengilið sem varðar umsókn umsækjandans. Ef aðildarríki er með fleiri en einn tengilið skulu upplýsingarnar á Netinu tilgreina þann tengilið sem varðar umsókn umsækjandans.

4. Með fyrirvara um ákvæði 7. mgr. skal leyfisveitingaferlið sem um getur í 1. mgr. ekki vara lengur en tvö ár fyrir orkuver, þ.m.t. öll viðeigandi málsmeðferð lögbærra yfirvalda. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum vegna óvenjulegra aðstæðna má lengja þetta tveggja ára tímabil um allt að eitt ár.

5. Með fyrirvara um ákvæði 7. mgr. skal leyfisveitingaferlið ekki vara lengur en eitt ár fyrir stöðvar með minna en 150 kW raforkuafköst. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum vegna óvenjulegra aðstæðna er heimilt að framlengja þetta eins árs tímabil um allt að eitt ár.

Aðildarríkin skulu tryggja að umsækjendur hafi greiðan aðgang að einfaldri málsmeðferð við lausn deilumála varðandi leyfisveitingaferlið og útgáfu leyfa til að reisa og starfrækja orkuver fyrir endurnýjanlega orku, þ.m.t. eftir atvikum fyrirkomulag við lausn deilumála utan dómstóla.

6. Aðildarríki skulu greiða fyrir endurgerð fyrirliggjandi orkuvera endurnýjanlegrar orku með því að tryggja einfaldað og fljótvirkt leyfisveitingaferli. Þetta ferli skal ekki vara lengur en í eitt ár.

Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum vegna óvenjulegra aðstæðna, s.s. af brýnum öryggisástæðum þar sem verkefni við endurgerð hafa umtalsverð áhrif á dreifikerfið eða á upprunalega flutningsgetu, stærð eða afköst stöðvarinnar, er heimilt að framlengja þetta eins árs tímabil um allt að eitt ár.

7. Frestirnir, sem settir eru í þessari grein, skulu gilda með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt gildandi umhverfis löggjöf Sambandsins, um áfrýjun til dómstóla, úrræði og aðra málsmeðferð fyrir dómstóli eða rétti og um lausnir deilumála utan dómstóla, þ.m.t. málsmeðferðir vegna kæru, málskot og úrræði utan réttar, og má framlengja þá meðan slík málsmeðferð varir.

8. Aðildarríki geta komið á einföldu tilkynningarferli vegna tenginga við dreifikerfi fyrir verkefni við endurgerð eins og um getur í 1. mgr. 17. gr. Ef aðildarríki gera það skal endurgerð heimiluð í kjölfar tilkynningar til hlutaðeigandi yfirvalds ef ekki er búist við neinum umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum eða félagslegum áhrifum. Það yfirvald skal ákveða, innan sex mánaða frá viðtöku tilkynningarinnar, hvort það teljist fullnægjandi.

Ef viðkomandi yfirvald ákveður að tilkynningin sé fullnægjandi skal það sjálfkrafa veita leyfið. Ákveði yfirvaldið að tilkynningin sé ekki fullnægjandi verður að sækja um nýtt leyfi og gilda þá frestirnir sem um getur í 6. mgr.

17. gr.

Einfalt tilkynningarferli vegna tenginga við dreifikerfið

1. Aðildarríki skulu koma á einföldu tilkynningarferli vegna tenginga við dreifikerfið þar sem orkuver eða nokkrar sameinaðar framleiðslustöðvar á vegum þeirra sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, og á vegum sýniverkefna, með 10,8 kW raforkuafköst eða minni, eða sambærilegar stöðvar vegna annarra tenginga en þriggja fasa, skulu tengdar við dreifikerfið í kjölfar tilkynningar til dreifikerfisstjóra.

Dreifikerfisstjórinn getur, innan takmarkaðs tíma í kjölfar tilkynningarinnar, hafnað umbeðinni tengingu við dreifikerfið eða lagt til annan tengipunkt við dreifikerfið með rökstuddum ástæðum er varða öryggissjónarmið eða tæknilegt ósamræmi kerfisíhluta. Ef ákvörðun dreifikerfisstjóra er jákvæð, eða ákvörðun dreifikerfisstjóra hefur ekki borist innan eins mánaðar eftir tilkynninguna, er leyfilegt að tengja orkuverið eða sameinuðu framleiðslustöðvarnar.

2 Aðildarríki mega heimila einföld tilkynningarferli fyrir stöðvar eða sameinaðar framleiðslustöðvar með yfir 10,8 kW og allt að 50 kW raforkuafköst, að því tilskildu að stöðuleika, áreiðanleika og öryggi dreifikerfis sé viðhaldið.

18. gr.

Upplýsingar og þjálfun

1. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar um stuðningsráðstafanir séu gerðar aðgengilegar öllum viðkomandi aðilum, s.s. neytendum, þ.m.t. lágtekjufólki, viðkvæmum neytendum, þeim sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, samfélögum um endurnýjanlega orku, byggingaverktökum, uppsetningaraðilum, arkitektum, söluaðilum búnaðar og kerfa fyrir hitun, kælingu og raforku, og söluaðilum ökutækja sem samrýmast notkun endurnýjanlegrar orku og skynvæddra flutningakerfa.

2 Aðildarríkin skulu tryggja að annaðhvort söluaðili búnaðarins eða kerfisins eða landsbundin lögbær yfirvöld geri aðgengilegar upplýsingar um hreinan ávinning, kostnað og orkunýtni búnaðar og kerfa í tengslum við hitun, kælingu og raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vottunarkerfi eða jafngild hæfismatskerfi séu fyrir hendi fyrir aðila sem annast uppsetningu lítilla katla eða ofna sem nota lífmassa sem orkugjafa, sólarraforku- og sólarvarmaorkukerfa, jarðvarmakerfa nálægt yfirborði og varmadælna. Í þessum kerfum má taka tillit til fyrirliggjandi áætlana og skipulags, eins og við á, og skulu þau byggð á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka. Hvert aðildarríki skal viðurkenna vottun sem önnur aðildarríki veita í samræmi við þessar viðmiðanir.

4. Aðildarríkin skulu upplýsa almenning um vottunarkerfi eða jafngild hæfismatskerfi sem um getur í 3. mgr. Aðildarríkin geta einnig veitt aðgang að skránni yfir þá uppsetningaraðila sem eru vottaðir eða hafa réttindi og hæfi í samræmi við ákvæðin sem um getur í 3. mgr.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að leiðsögn standi öllum hlutaðeigandi aðilum til boða, einkum skipulagsfræðingum og arkitektum, svo þeir geti hugað á tilhlýðilegan hátt að ákjósanlegustu samsetningu endurnýjanlegra orkugjafa, tækni með góða orkunýtni og fjarhitunar og -kælingar við áætlanagerð, hönnun, byggingu og endurnýjun iðnaðar-, verslunar- eða íbúðasvæða.

6. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á með þátttöku staðar- og svæðisyfirvalda, þróa viðeigandi upplýsinga-, vitundarvakningar-, leiðbeiningar- eða þjálfunaráætlanir til að upplýsa borgara sína hvernig þeir geti nýtt rétt sinn sem virkir viðskiptavinir og um ávinning og hagkvæmni þess, þ.m.t. tæknilega og fjárhagslega þætti, að þróa og nota orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. eigin notkun endurnýjanlegrar orku eða innan ramma samfélaga um endurnýjanlega orku.

19. gr.

Upprunaábyrgðir fyrir orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Aðildarríki skulu, í því skyni að sýna kaupendum fram á hve stór hluti eða hve mikið magn orku í samsetningu orkugjafa frá orkubirgi kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum og í orku sem afhent er neytendum samkvæmt samningum sem eru markaðssettir með vísun til notkunar á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sjá til þess að hægt sé að ábyrgjast að raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé í raun framleidd með slíkum orkugjöfum í skilningi þessarar tilskipunar, í samræmi við viðviðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

2 Aðildarríkin skulu því tryggja að upprunaábyrgð sé gefin út að beiðni framleiðanda orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, nema aðildarríkin ákveði, í því skyni að taka með í reikninginn markaðsvirði upprunaábyrgðarinnar, að gefa ekki út slíka upprunaábyrgð til framleiðanda sem fær fjárstuðning frá stuðningskerfi. Aðildarríkin geta séð til þess að upprunaábyrgðir séu gefnar út fyrir orku frá óendurnýjanlegum orkugjöfum. Útgáfa upprunaábyrgðar getur verið háð fyrirvara um takmarkanir á lágmarksframleiðslugetu Staðalstærð upprunaábyrgðar skal vera 1 MWh. Ekki skal gefa út fleiri en eina upprunaábyrgð fyrir hverja orkueiningu sem framleidd er.

Aðildarríkin skulu tryggja að hver orkueining frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé aðeins tekin einu sinni með í útreikningum.

Þegar framleiðandi fær fjárstuðning úr stuðningskerfi skulu aðildarríki tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgðar fyrir sömu framleiðslu í viðkomandi stuðningskerfi.

Gengið skal út frá því að tekið hafi verið viðeigandi tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgðar í hverju eftirfarandi tilviki:

a) þar sem fjárstuðningur er veittur með útboðsferli eða samkvæmt kerfi framseljanlegra grænna vottorða,

b) þar sem umfang fjárstuðnings miðast við markaðsvirði upprunaábyrgðar í stjórnsýslulegu tilliti eða

c) þar sem upprunaábyrgðir eru ekki gefnar út beint til framleiðanda heldur til birgis eða neytanda sem kaupir orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum annað hvort við samkeppnisaðstæður eða samkvæmt langtímasamningi um kaup á endurnýjanlegri orku.

Til þess að taka tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgðar geta aðildarríki m.a. ákveðið að gefa út upprunaábyrgð til framleiðanda og fella hana tafarlaust úr gildi.

Upprunaábyrgðin skal ekki gegna neinu hlutverki með tilliti til þess hvort aðildarríki fari að ákvæðum 3. gr. Framsal upprunaábyrgða, hvort sem er einna og sér eða með raunverulegum orkuflutningi, skal ekki hafa nein áhrif á ákvörðun aðildarríkja um að nota tölfræðilegan flutning, sameiginleg verkefni eða sameiginleg stuðningskerfi í samræmi við 3. gr. eða á útreikning heildarorkunotkunar frá endurnýjanlegum orkugjöfum í samræmi við 7. gr.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu upprunaábyrgðir gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Aðildarríki skulu sjá til þess að allar upprunaábyrgðir sem ekki hafa verið afturkallaðar renni út eigi síðar en 18 mánuðum frá framleiðslu orkueiningarinnar. Aðildarríki skulu taka útrunnar upprunaábyrgðir með í útreikning á samsetningu afgangsorku sinnar.

4. Að því er varðar birtingu upplýsinga sem um getur í 8. og 13. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að orkufyrirtæki afturkalli upprunaábyrgðir eigi síðar en sex mánuðum eftir lok gildistíma upprunaábyrgðar.

5. Aðildarríkin, eða tilnefndar lögbærar stofnanir, skulu hafa eftirlit með útgáfu, framsali og afturköllun upprunaábyrgða. Landfræðileg ábyrgð tilnefndra lögbærra stofnana skal ekki skarast og þær skulu vera óháðar starfsemi tengdri framleiðslu, viðskiptum og afhendingu.

6. Aðildarríkin, eða tilnefndu lögbæru stofnanirnar, skulu koma á viðeigandi fyrirkomulagi til að tryggja að útgáfa, framsal og afturköllun upprunaábyrgða sé með rafrænum hætti og að þær séu nákvæmar, áreiðanlegar og varðar gegn svikum. Aðildarríkin og tilnefndar lögbærar stofnanir skulu tryggja að kröfurnar, sem þau gera, séu í samræmi við staðalinn CEN - EN 16325.

7. Í upprunaábyrgð skal a.m.k. tilgreina:

a) orkugjafann sem orkan var framleidd úr og upphafs- og lokadagsetningu framleiðslunnar,

b) hvort hún tengist:

   i. raforku,

   ii. gasi, þ.m.t. vetni eða

   iii. hitun eða kælingu,

c) kenni, staðsetningu, gerð og framleiðslugetu orkuversins þar sem orkan var framleidd,

d) hvort orkuverið hefur notið góðs af stuðningi til fjárfestinga og hvort orkueiningin hefur á einhvern annan hátt notið góðs af stuðningi frá landsbundnu stuðningskerfi, sem og tegund stuðningskerfisins,

e) dagsetningin sem orkuverið hóf starfrækslu og

f) útgáfuland og dagsetning og sérstakt kenninúmer.

Heimilt er að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum frá orkuverum sem eru minni en 50 kW.

8. Þegar þess er krafist af rafveitu að hún sýni fram á hlutdeild eða magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í samsetningu sinni á orkugjöfum, að því er varðar a-lið 9. mgr. 3 gr. tilskipunar 2009/72/EB, er henni heimilt að gera það með því að nota upprunaábyrgðir sínar nema:

a) að því er varðar hlutdeild hennar í samsetningu á orkugjöfum sem samsvarar eftirlitslausum viðskiptatilboðum, ef einhver eru, sem rafveitan getur notað afgangsorkusamsetninguna fyrir eða

b) ef aðildarríki ákveður að gefa ekki út upprunaábyrgðir til framleiðanda sem þiggur fjárstuðning úr stuðningskerfi.

Ef aðildarríki hafa komið því svo fyrir að upprunaábyrgðir séu fyrir hendi fyrir aðrar tegundir orku skulu birgjar nota til birtingar sams konar upprunaábyrgðir og fyrir þá orku sem afhent er. Að sama skapi má nota upprunaábyrgðir, sem gefnar eru út skv. 10. mgr. 14. gr. tilskipunar 2012/27/ESB, til að rökstyðja mögulega kröfu um að sýna fram á magn raforku sem framleidd er með samvinnslu með góða orkunýtni. Að því er varðar 2. mgr. þessarar greinar má einungis, ef raforka er framleidd með samvinnslu með góða orkunýtni með notkun endurnýjanlegra orkugjafa, gefa út eina upprunaábyrgð þar sem báðir eiginleikarnir eru tilgreindir.

9. Aðildarríkin skulu viðurkenna upprunaábyrgðir sem önnur aðildarríki gefa út í samræmi við þessa tilskipun eingöngu sem sönnun fyrir þeim þáttum sem um getur í 1. mgr. og a- til f-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. Aðildarríki getur aðeins neitað að viðurkenna upprunaábyrgð þegar það hefur vel rökstuddar efasemdir um nákvæmni, áreiðanleika eða sannleiksgildi hennar. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka synjun og rökin fyrir henni.

10. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því að ekki hafi verið rök fyrir því að neita að viðurkenna upprunaábyrgð getur framkvæmdastjórnin samþykkt ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríki viðurkenni hana.

11. Aðildarríkin skulu ekki viðurkenna upprunaábyrgðir sem þriðja land gefur út nema þegar Sambandið hefur gert samning við það þriðja land um gagnkvæma viðurkenningu á upprunaábyrgðum sem gefnar eru út í Sambandinu og samrýmanleg kerfi upprunaábyrgða sem komið er á í því þriðja landi og aðeins þegar um beinan innflutning eða útflutning á orku er að ræða.

12. Aðildarríki geta, í samræmi við lög Sambandsins, komið á viðmiðunum um notkun upprunaábyrgða í samræmi við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/72/EB, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

13. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skýrslu þar sem lagt er mat á valkosti við að koma á grænmerki sem nær til alls Sambandsins með það fyrir augum að auka notkun endurnýjanlegrar orku frá nýjum orkuverum. Söluaðilar skulu nota upplýsingarnar sem er að finna í upprunaábyrgðunum til að sýna fram á að farið sé að kröfunum sem kveðið er á um í slíku merki.

20. gr.

Aðgangur að dreifikerfum og starfræksla þeirra

1. Þar sem við á skulu aðildarríkin meta þörfina fyrir að auka við fyrirliggjandi grunnvirki fyrir gasdreifikerfi til að auðvelda samþættingu gass frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

2 Aðildarríkin skulu, þar sem við á, krefjast þess að flutnings- og dreifikerfisstjórar á yfirráðasvæðum þeirra gefi út tæknireglur í samræmi við 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB, einkum að því er varðar reglur um nettengingu sem m.a. taka til krafna um gasgæði, -lykt og -þrýsting. Aðildarríkin skulu einnig skylda flutnings- og dreifikerfisstjóra til að birta gjaldskrá vegna tengingar gass frá endurnýjanlegum orkugjöfum á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

3. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um mat þeirra sem fram kemur í samþættum landsbundum orku- og loftslagsáætlunum í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 um þörfina fyrir að reisa ný grunnvirki fyrir fjarhitun og -kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum til að ná markmiði Sambandsins sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, þar sem við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir með það fyrir augum að þróa fjarhitunar- og fjarkælingargrunnvirki til að aðlagast þróun á framleiðslu hitunar og kælingar í stórum orkuverum sem nýta lífmassa, sólarorku, umhverfisorku og jarðvarma, og úr glatvarma og -kælingu.

21. gr.

Notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur eigi rétt á að verða notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða, með fyrirvara um þessa grein.

2 Aðildarríkin skulu tryggja að notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða eigi, einir sér eða fyrir milligöngu orkusafnara, rétt á:

a) að framleiða endurnýjanlega orku, þ.m.t. til eigin nota, til að geyma og selja umframframleiðslu sína á orku, þ.m.t. með samningum um kaup á endurnýjanlegri orku, í gegnum rafveitur og fyrir tilstilli jafningjaviðskipta, án þess að þurfa að gangast undir:

   i. óhóflegar málsmeðferðarreglur sem fela í sér mismunun, eða gjaldtöku sem hið sama gildir um, eða taka á sig kerfisgjöld sem eru ekki kostnaðartengd, í tengslum við raforku sem þeir nota eða setja inn á dreifikerfið,

   ii. óhóflegar málsmeðferðarreglur sem fela í sér mismunun, og álögur eða gjaldtöku, með tilliti til eigin framleiðslu á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem eftir stendur innan athafnasvæðis þeirra,

b) að setja upp og starfrækja raforkugeymslukerfi ásamt stöðvum sem framleiða endurnýjanlega raforku til eigin notkunar án þess að verða fyrir tvöfaldri gjaldtöku, þ.m.t. netkerfisgjöldum, vegna geymdrar raforku sem eftir stendur innan athafnasvæðis þeirra,

c) að viðhalda réttindum og skyldum sínum sem lokaneytendur,

d) þóknun, þ.m.t. eftir atvikum í gegnum stuðningkerfi, fyrir eigin framleiðslu á raforku sem þeir setja inn á dreifikerfið, sem endurspeglar markaðsvirði raforkunnar og sem getur tekið tillit til virðis hennar fyrir dreifikerfið, umhverfið og samfélagið til langs tíma.

3. Aðildarríkjum er heimilt að leggja hófleg gjöld og þóknanir sem eru án mismununar á þá sem sjálfir nota þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða, í tengslum við eigin framleiðslu þeirra á endurnýjanlegri raforku sem eftir stendur innan athafnasvæðis þeirra í einu eða fleiri eftirfarandi tilvikum:

a) ef eigin framleiðsla á endurnýjanlegri raforku nýtur skilvirks stuðnings gegnum stuðningskerfi, þó aðeins að því marki að það grafi ekki undan fjárhagslegri afkomu verkefnisins og hvatningaráhrifum slíks stuðnings,

b) frá 1. desember 2026 ef heildarhlutdeild eigin notkunar stöðva er yfir 8% af uppsettri heildarraforkugetu aðildarríkis og ef sýnt er fram á það með kostnaðar- og ábatagreiningu, sem framkvæmd er af landsbundnu stjórnvaldi í því aðildarríki og fer fram í ferli sem er opið, gagnsætt og byggist á þátttöku, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í ii. lið a-liðar 2. mgr. hafi annað hvort í för með sér verulega óhóflega byrði á fjárhagslega sjálfbærni raforkukerfisins til langs tíma eða skapi hvata sem er meiri en raunveruleg þörf er á til að ná fram kostnaðarhagkvæmri nýtingu endurnýjanlegrar orku, og að ekki sé hægt að lágmarka slíka byrði eða hvata með því að grípa til annarra eðlilegra aðgerða eða

c) ef eigin framleiðsla á endurnýjanlegri raforku fer fram í stöðvum með uppsett heildarraforkuafköst yfir 30 kW.

4. Aðildarríki skulu tryggja að notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða, sem eru staðsettir í sömu byggingunni, þ.m.t. fjölbýlishúsum, sé heimilt að annast í sameiningu starfsemina sem um getur í 2. mgr. og að þeim sé heimilt að skipuleggja hvernig þeir deili sín á milli orku sem framleidd er á stað eða stöðum þeirra, með fyrirvara um netkerfisgjöld og önnur viðeigandi gjöld, greiðslur, álögur og skatta sem eiga við sérhvern notanda endurnýjanlegrar orku. Aðildarríki geta gert greinarmun milli einstakra notenda endurnýjanlegrar orku og aðila, sem koma fram sameiginlega, sem nota sjálfir þá endurnýjanlegu orku sem þeir framleiða. Öll slík aðgreining skal vera hlutfallsleg og rökstudd á tilhlýðilegan hátt.

5. Stöð notanda endurnýjanlegrar orku sem hann sjálfur framleiðir getur verið í eigu þriðja aðila eða undir stjórn þriðja aðila að því er varðar uppsetningu, rekstur, þ.m.t. söfnun mæligagna og viðhald, að því tilskildu að þriðji aðilinn lúti áfram fyrirmælum notanda endurnýjanlegu orkunnar. Þriðji aðilinn sjálfur skal ekki teljast notandi endurnýjanlegrar orku.

6. Aðildarríki skulu koma upp heimildaramma til að hvetja til og greiða fyrir þróun á eigin notkun endurnýjanlegrar orku á grundvelli mats á fyrirliggjandi óréttmætum hindrunum gagnvart eigin notkun endurnýjanlegrar orku á yfirráðasvæðum þeirra og orkunetum, og möguleikum sem í henni felast. Með heimildarammanum skal m.a.:

a) fjalla um aðgengi allra kaupenda að eigin notkun endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. lágtekjuheimila og viðkvæmra heimila,

b) fjalla um óréttmætar hindranir gagnvart fjármögnun verkefna á markaðnum og ráðstafanir til að greiða fyrir aðgangi að fjármagni,

c) taka á öðrum óréttmætum lagalegum hindrunum gagnvart eigin notkun endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. gagnvart leigjendum,

d) fjalla um hvata til eigenda bygginga til að skapa tækifæri á eigin notkun endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. fyrir leigjendur,

e) veita notendum endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða, að því er varðar eigin framleiðslu þeirra á endurnýjanlegri raforku sem þeir setja inn á dreifikerfið, aðgang án mismununar að viðeigandi fyrirliggjandi stuðningskerfum og öllum raforkumarkaðssviðum,

f) tryggja að notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir sjálfir framleiða leggi sitt af mörkum til heildarkostnaðarskiptingar kerfisins á viðeigandi og jafnan hátt þegar raforka er sett inn á dreifikerfið.

Aðildarríki skulu, í landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum og framvinduskýrslum sínum í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1999, annars vegar veita samantekt á stefnum og ráðstöfunum samkvæmt heimildarammanum og hins vegar mat á framkvæmd þeirra.

7. Þessi grein er með fyrirvara um 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

22. gr.

Samfélög um endurnýjanlega orku

1. Aðildarríki skulu tryggja að kaupendur, einkum viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota, eigi rétt á að taka þátt í samfélagi um endurnýjanlega orku jafnframt því að viðhalda réttindum sínum eða skyldum sem kaupendur, það án þess að þeir séu bundnir óréttmætum skilyrðum eða málsmeðferðarreglum sem fela í sér mismunun sem myndi hindra þátttöku þeirra í samfélagi um endurnýjanlega orku svo fremi, að því er varðar einkafyrirtæki, að þátttaka þeirra sé ekki aðal viðskipta- eða atvinnustarfsemi þeirra.

2 Aðildarríkin skulu tryggja að samfélög um endurnýjanlega orku eigi rétt á:

a) að framleiða, nota, geyma og selja endurnýjanlega orku, þ.m.t. í gegnum samninga um kaup á endurnýjanlegri orku,

b) að samnýta endurnýjanlega orku, innan samfélagsins um endurnýjanlega orku, sem framleidd er af framleiðslueiningum í eigu þess samfélags, með fyrirvara um aðrar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari grein og að meðlimir samfélagsins haldi réttindum sínum og skyldum sem notendur,

c) aðgangi að öllum hentugum orkumörkuðum án mismununar, bæði beint eða í gegnum uppsöfnun.

3. Aðildarríkin skulu framkvæma mat á fyrirliggjandi hindrunum og möguleikanum á þróun samfélaga um endurnýjanlega orku á yfirráðasvæðum sínum.

4. Aðildarríkin skulu leggja fram heimildaramma til að hvetja til og greiða fyrir þróun á samfélögum um endurnýjanlega orku. Þessi rammi skal m.a. tryggja að:

a) óréttmætum lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum gagnvart samfélögum um endurnýjanlega orku verði rutt úr vegi,

b) samfélög um endurnýjanlega orku sem útvega orku eða koma að uppsöfnun eða annarri orkuþjónustu falli undir ákvæði sem eiga við um slíka starfsemi,

c) viðkomandi dreifikerfisstjóri starfi með samfélögum um endurnýjanlega orku til að greiða fyrir orkuflutningum innan samfélaga um endurnýjanlega orku,

d) samfélög um endurnýjanlega orku falli undir sanngjarnar, hóflegar og gagnsæjar málsmeðferðarreglur, þ.m.t. að því er varðar skráningar og leyfisveitingar, og kostnaðartengd netkerfisgjöld, sem og viðeigandi gjöld, álögur og skatta, sem tryggja að þau leggi sitt af mörkum á viðeigandi, sanngjarnan og jafnan hátt til heildarkostnaðarskiptingar kerfisins í samræmi við gagnsæja kostnaðar- og ábatagreiningu á dreifðum orkugjöfum sem lögbær landsyfirvöld hafa þróað,

e) samfélög um endurnýjanlega orku sæti ekki mismunun að því er varðar starfsemi þeirra, réttindi og skyldur sem notendur, framleiðendur, söluaðilar, dreifikerfisstjórar eða aðrir markaðsaðilar,

f) þátttaka í samfélögum um endurnýjanlega orku sé aðgengileg öllum neytendum, þ.m.t. þeim sem búa á heimilum með lágar tekjur eða á viðkvæmum heimilum,

g) fyrir hendi séu leiðir til að greiða fyrir aðgangi að fjármagni og upplýsingum,

h) opinber yfirvöld njóti aðstoðar við reglusetningu og uppbyggingu getu til að greiða fyrir og koma á fót samfélögum um endurnýjanlega orku, og stuðnings til beinnar þátttöku yfirvalda,

i. fyrir hendi séu reglur til að tryggja jafna meðferð án mismununar í garð neytenda sem taka þátt í samfélaginu um endurnýjanlega orku.

5. Helstu þættir heimildarammans sem um getur í 4. mgr., og framkvæmd hans, skulu vera hluti af uppfærslum á samþættum landsbundnum áætlunum aðildarríkjanna um orku- og loftslagsmál og af framvinduskýrslum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999.

6. Aðildarríkin geta kveðið á um að samfélög um endurnýjanlega orku skuli standa opin til þátttöku yfir landamæri.

7. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, taka tillit til sérstakra eiginleika samfélaga um endurnýjanlega orku við hönnun stuðningskerfa til að gera þeim kleift að keppa um stuðning á jafnréttisgrundvelli við aðra markaðsaðila.

23. gr.

Samræming endurnýjanlegrar orku í hitunar- og kæligeiranum

1. Hvert aðildarríki skal, í því skyni að auka notkun endurnýjanlegrar orku í hitunar- og kæligeiranum, leitast við að auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku í þeim geira um leiðbeinandi 1,3 prósentustig sem ársmeðaltal reiknað út fyrir tímabilin 2021 til 2025 og 2026 til 2030, og byrja á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í hitunar- og kæligeiranum árið 2020, gefin upp sem innlend hlutdeild í heildarorkunotkun og reiknuð í samræmi við aðferðafræðina sem er sett fram í 7. gr., með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar. Þessi aukning skal takmarkast við leiðbeinandi 1,1 prósentustig fyrir aðildarríki þar sem glatvarmi og -kæling eru ekki notuð. Aðildarríkin skulu veita bestu fáanlegu tækni forgang, eftir því sem við á.

2 Að því er varðar 1. mgr. getur hvert aðildarríki, við útreikning á hlutdeild sinni af endurnýjanlegri orku í hitunar- og kælingargeiranum og árlega meðalhækkun sína í samræmi við þá málsgrein:

a) talið með glatvarma og -kælingu, með fyrirvara um 40% hámark þeirra í meðaltali árlegrar hækkunar,

b) ef hlutdeild þess af endurnýjanlegri orku í hitunar- og kæligeiranum er yfir 60%, talið slíka hlutdeild til uppfyllingar á árlegu meðaltalsaukningunni og

c) ef hlutdeild þess af endurnýjanlegri orku í hitunar- og kæligeiranum er á bilinu 50 til 60%, talið slíka hlutdeild til uppfyllingar á helmingi árlegu meðaltalsaukningarinnar.

Þegar aðildarríkin ákveða hvaða ráðstafanir skuli samþykktar til að nýta orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í hitunar- og kæligeiranum geta þau tekið tillit til kostnaðarhagkvæmni sem endurspeglar skipulagshindranir sem stafa af hárri hlutdeild jarðgass eða kælingar eða vegna dreifðrar byggðar með lágum íbúaþéttleika.

Leiði þessar ráðstafanir til lægri árlegrar meðalaukningar en þeirrar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin birta upplýsingar um það opinberlega, t.d. í samþættum landsbundnum framvinduskýrslum sínum um orku- og loftslagsmál skv. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og gefa framkvæmdastjórninni ástæður, þ.m.t. um val á ráðstöfunum eins og um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

3. Aðildarríki geta, á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, ákvarðað og birt skrá yfir ráðstafanir og tilnefnt og tilgreint opinberlega þá framkvæmdaaðila, t.a.m. eldsneytisbirgja, opinbera aðila eða fagaðila, sem eiga að leggja sitt af mörkum til árlegu meðalhækkunarinnar sem um getur í 1. mgr.

4. Aðildarríki geta m.a. framkvæmt árlegu meðaltalsaukninguna sem um getur í 1. mgr. með einum eða fleiri eftirfarandi valkostum:

a) tekið endurnýjanlega orku eða glatvarma og -kælingu inn sem efnislegan hluta þeirrar orku og þess orkueldsneytis sem er afhent til hitunar og kælingar,

b) gert beinar mildunarráðstafanir á borð við uppsetningu mjög orkunýtinna kerfa fyrir hitun og kælingu sem nota endurnýjanlega orku í byggingum, eða notkun á endurnýjanlegri orku eða glatvarma og -kælingu í hitunar- og kælingarferlum í iðnaði,

c) gert óbeinar mildunarráðstafanir sem falla undir framseljanleg vottorð sem færa sönnur á hlítingu við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. með stuðningi við óbeinar mildunarráðstafanir sem framkvæmdar eru af hálfu annars rekstraraðila á borð við sjálfstæðan uppsetningaraðila tækni á sviði endurnýjanlegrar orku eða orkuþjónustufyrirtæki sem veitir uppsetningarþjónustu í tengslum við endurnýjanlega orku,

d) beitt öðrum stefnuúrræðum sem hafa samsvarandi áhrif við að ná árlegu meðaltalsaukningunni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. ráðstöfunum er varða skattamál eða öðrum fjárhagslegum hvötum.

Þegar ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru samþykktar og framkvæmdar skulu aðildarríkin miða að því að tryggja að ráðstafanir séu aðgengilegar öllum neytendum, einkum lágtekjufjölskyldum og þeim sem búa á viðkvæmum heimilum og sem myndu annars ekki hafa yfir nægilegu fjármagni að ráða til að njóta góðs af þeim.

5. Aðildarríki geta, til að hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með ráðstöfununum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, nýtt skipulagið sem komið var á fót með landsbundnu skuldbindingunum um orkunýtni sem eru settar fram í 7. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.

6. Ef aðilar eru tilnefndir í samræmi við ákvæði 3. mgr. skulu aðildarríki tryggja að framlag þessara tilnefndu aðila sé mælanlegt og sannprófanlegt og að tilnefndu aðilarnir leggi árlega fram skýrslu um:

a) heildarmagn orku sem veitt er til hitunar og kælingar,

b) heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem veitt er til hitunar og kælingar,

c) magn glatvarma og -kælingar sem veitt er til hitunar og kælingar,

d) hlutdeild endurnýjanlegrar orku og glatvarma og -kælingar í heildarmagni orku sem veitt er til hitunar og kælingar og

e) tegund endurnýjanlegs orkugjafa.

24. gr.

Fjarhitun og fjarkæling

1. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um orkunýtingu og hlutdeild endurnýjanlegrar orku í fjarhitunar- og fjarkælikerfum þeirra séu veittar lokanotendum á auðveldan og aðgengilegan hátt, s.s. á vefsetrum afhendingaraðila, á ársyfirlitsreikningum eða samkvæmt beiðni.

2 Aðildarríki skulu mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir og skilyrði til að gera viðskiptavinum fjarhitunar- og fjarkælikerfa, sem eru ekki skilvirk fjarhitunar- og fjarkælikerfi, eða eru ekki slík kerfi fyrir 31. desember 2025 á grundvelli áætlunar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, kleift að aftengjast með því að segja upp eða breyta samningi sínum í því skyni að sjá um eigin hitun og kælingu úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

Ef uppsögn samnings fer samhliða efnislegri aftengingu er mögulegt að gera slíka aftengingu háða skilyrðum um bætur vegna kostnaðar sem beinlínis hlýst af aftengingunni og vegna óafskrifaðs hluta eigna sem eru nauðsynlegar til að afhenda viðkomandi viðskiptavini hita og kulda.

3. Aðildarríki geta takmarkað réttinn til að aftengjast með því að segja upp eða breyta samningi í samræmi við 2. mgr. við viðskiptavini sem geta sýnt fram á að fyrirhugaður staðgöngukostur vegna afhendingar hita eða kælingar leiði til umtalsvert betri orkunýtingar. Mat á orkunýtingu staðgöngukostarins vegna afhendingar má byggjast orkunýtingarvottorðinu.

4. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fjarhitunar- og fjarkælikerfi stuðli að aukningunni, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. þessarar tilskipunar, með því að framkvæma a.m.k. einn af tveimur eftirfarandi valkostum:

a) leitast við að auka hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og glatvarma og -kælingu í fjarhitun og -kælingu um a.m.k. eitt prósentustig sem ársmeðaltal, reiknað fyrir tímabilið 2021 til 2025 og fyrir tímabilið 2026 til 2030, og byrja á hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og glatvarma og -kælingu í fjarhitun og -kælingu árið 2020, gefið upp sem hlutdeild endanlegrar orkunotkunar í fjarhitun og -kælingu, með því að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum sem búast má við að komi af stað árlegri meðalaukningu þeirra ára þegar veðurfarsskilyrði eru eðlileg.

   Aðildarríki með hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og frá glatvarma og -kælingu í fjarhitun og -kælingu sem nemur yfir 60% geta talið slíka hlutdeild til uppfyllingar á árlegu meðaltalsaukningunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessa liðar.

   Aðildarríkin skulu, í landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum sínum samkvæmt I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í framkvæmd árlegu meðalaukningunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessa liðar.

b) tryggja að rekstraraðilar fjarhitunar- og fjarkælikerfa séu skuldbundnir til að tengja afhendingaraðila orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum og orku úr glatvarma og -kælingu eða skuldbundnir til að bjóða upp á að tengja og kaupa varma eða kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum og glatvarma og -kælingu frá birgjum sem eru þriðju aðilar á grundvelli viðmiðana sem eru án mismununar, sem lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis setur fram, þegar þörf er á að þeir geri eitt eða fleiri af eftirtöldu:

   i. mæti eftirspurn nýrra viðskiptavina,

   ii. skipti út fyrirliggjandi varma- eða kæliframleiðslugetu,

   iii. víkki út fyrirliggjandi varma- eða kæliframleiðslugetu.

5. Ef aðildarríki nýtir sér þann kost sem um getur í b-lið 4. mgr. getur rekstraraðili fjarhitunar- eða fjarkælikerfis neitað að tengjast og kaupa varma eða kælingu frá afhendingaraðila sem er þriðji aðili ef:

a) kerfið býr ekki yfir nauðsynlegri getu vegna annarrar afhendingar glatvarma og -kælingar, varma eða kælingar úr endurnýjanlegum orkugjöfum eða varma eða kælingar sem verður til við samvinnslu með góða orkunýtni,

b) varmi eða kæling frá afhendingaraðila sem er þriðji aðili uppfyllir ekki tæknilega mæliþætti sem eru nauðsynlegir vegna tengingar og til að tryggja áreiðanlegan og öruggan rekstur fjarhitunar- og fjarkælikerfisins eða

c) rekstraraðili getur sýnt fram á að veittur aðgangur muni hafa í för með sér óhóflega aukningu á varma- og kælingarkostnaði notenda í samanburði við kostnaðinn við að nota helsta staðbundið framboð á varma- og kælingu sem endurnýjanlegi orkugjafinn eða glatvarmi og -kæling myndi keppa við.

Ef rekstraraðili fjarhitunar- eða fjarkælikerfis neitar að tengja afhendingaraðila hitunar og kælingar í samræmi við fyrstu undirgrein skulu aðildarríki tryggja að afhendingaraðilinn leggi fyrir lögbært yfirvald, í samræmi við 9. mgr., upplýsingar um ástæður synjunarinnar, auk þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla og þeirra ráðstafana sem þarf að gera í kerfinu til að gera tenginguna mögulega.

6. Ef aðildarríki nýtir valkostinn sem um getur í b-lið 4. mgr. getur það undanþegið rekstraraðila eftirfarandi fjarhitunar- og fjarkælikerfa frá beitingu ákvæða þess liðar:

a) skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar,

b) skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar þar sem nýtt er samvinnsla með góða orkunýtni,

c) skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar sem, á grundvelli áætlunar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, telst skilvirk fjarhitun og fjarkæling eigi síðar en 31. desember 2025,

d) skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar með heildarnafnvarmaafl undir 20 MW.

7. Einstakir viðskiptavinir, sameiginleg fyrirtæki sem viðskiptavinir setja á stofn eða aðilar sem koma fram fyrir hönd viðskiptavina geta nýtt sér réttinn til að aftengjast með því að segja upp eða breyta samningi í samræmi við 2. mgr. Að því er varðar fjölbýlishús má eingöngu framkvæma slíka aftengingu fyrir alla bygginguna í samræmi við gildandi lög um húsnæðismál.

8. Aðildarríki skulu á a.m.k. fjögurra ára fresti gera þá kröfu að rekstraraðilar raforkudreifikerfa, í samstarfi við rekstraraðila fjarhitunar- eða fjarkælikerfa innan síns svæðis, leggi mat á möguleika fjarhitunar- eða fjarkælikerfa til að veita jafnvægisstillingu og aðra kerfisþjónustu, þ.m.t. notkunarsvörun og geymslu á umframmagni raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, og hvort að notkun tilgreindra möguleika yrði auðlindanýtnari og kostnaðarhagkvæmari en aðrar lausnir.

9. Aðildarríki skulu tryggja að réttindi neytenda og reglur um starfrækslu fjarhitunar- og fjarkælikerfa í samræmi við þessa grein séu skýrt skilgreind og þeim framfylgt af lögbæru yfirvaldi.

10. Ekki skal krafist að aðildarríki beiti ákvæðum 2. til 9. mgr. þessarar greinar ef:

a) hlutdeild þess í fjarhitun og fjarkælingu er minni eða jöfn 2% af heildarorkunotkun við hitun og kælingu 24. desember 2018,

b) hlutdeild þess í fjarhitun og fjarkælingu eykst upp fyrir 2% með þróun nýrrar skilvirkrar fjarhitunar og fjarkælingar sem byggist á landsbundinni orku- og loftslagsáætlun þess skv. I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 eða á matinu sem um getur í 7. mgr. 15. gr. þessarar tilskipunar eða

c) hlutdeild kerfanna sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar samsvarar yfir 90% af heildarsölu þess á fjarhitun og fjarkælingu.

25. gr.

Samræming endurnýjanlegrar orku í flutningageiranum

1. Til að samræma notkun endurnýjanlegrar orku í flutningageiranum skal hvert aðildarríki leggja þá skuldbindingu á eldsneytisbirgja að þeir tryggi að hlutdeild endurnýjanlegrar orku í endanlegri orkunotkun í flutningageiranum hafi náð a.m.k. 14% fyrir árið 2030 (lágmarkshlutdeild) í samræmi við leiðbeinandi áfangamarkmið sem aðildarríkið ákvarðar og reiknar út í samræmi við aðferðina sem sett er fram í þessari grein og í 26. og 27. gr. Framkvæmdastjórnin skal meta þessa skuldbindingu með það fyrir augum að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf eigi síðar en 2023 í því skyni að auka umfang hennar verði veruleg lækkun á framleiðslukostnaði endurnýjanlegrar orku, ef nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins um að minnka kolefnislosun eða ef það er réttlætanlegt á grundvelli umtalsverðrar minnkunar á orkunotkun í Sambandinu.

Þegar aðildarríki ákvarða skuldbindingu eldsneytisbirgja geta þau undanþegið eða gert greinarmun á mismunandi eldsneytisbirgjum og orkuberum og tryggt þannig að tekið sé tillit til mismunandi þroskastiga og kostnaðar mismunandi tækni.

Aðildarríki, við útreikning á lágmarkshlutdeildinni sem um getur í fyrsta undirlið:

a) skulu taka tillit til endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds eldsneytis af ólífrænum uppruna, einnig þegar það er notað sem millistigsafurð við framleiðslu hefðbundins eldsneytis og

b) mega taka tillit til endurunnins kolefniseldsneytis.

Innan þeirrar lágmarkshlutdeildar sem um getur í fyrstu undirgrein skal framlag þróaðs lífeldsneytis og lífgass, sem er framleitt úr hráefnunum sem talin eru upp í A-hluta IX. viðauka, sem hlutdeild í heildarorkunotkun í flutningageiranum nema að a.m.k. 0,2% árið 2022, a.m.k. 1% árið 2025 og a.m.k. 3,5% árið 2030.

Aðildarríki geta veitt eldsneytisbirgjum, sem afhenda eldsneyti í formi raforku eða endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds eldsneytis af ólífrænum uppruna, undanþágu frá kröfunni um lágmarkshlutdeild þróaðs lífeldsneytis og lífgass sem er framleitt úr hráefnunum sem eru talin upp í A-hluta IX. viðauka að því er varðar þetta eldsneyti.

Við ákvörðun skuldbindinganna sem um getur í fyrstu og fjórðu undirgrein til að tryggja að þeirri hlutdeild sem þar er tilgreind verði náð geta aðildarríki m.a. gert það með ráðstöfunum sem beinast að rúmmáli, orkuinnihaldi eða losun gróðurhúsalofttegunda að því tilskildu að þeirri lágmarkshlutdeild sem um getur í fyrstu og fjórðu undirgrein sé náð.

2 Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda við notkun endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds eldsneytis af ólífrænum uppruna skal vera a.m.k. 70% frá 1. janúar 2021.

Eigi síðar en 1. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð, í samræmi við 35. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða viðeigandi lágmarksviðmiðunarmörk fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna endurunnins kolefniseldsneytis með vistferilsgreiningu þar sem tekið er mið af sérstökum eiginleikum hvers eldsneytis.

26. gr.

Sértækar reglur um lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti úr matvæla- og fóðurplöntum

1. Við útreikning á heildarnotkun aðildarríkis á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem um getur í 7. gr. og þeirrar lágmarkshlutdeildar sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 25. gr., skal hlutdeild lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis auk notkunar á lífeldsneyti í flutningum, ef það er framleitt úr matvæla- og fóðurplöntum, ekki nema meira en einu prósentustigi umfram hlutdeild slíks eldsneytis í endanlegri orkunotkun í flutningum á vegum og með járnbrautum árið 2020 í því aðildarríki, að hámarki 7% af heildarorkunotkun í flutningum á vegum og með járnbrautum í því aðildarríki.

Ef þessi hlutdeild er undir 1% í aðildarríki má auka hana að hámarki í 2% af heildarorkunotkun í flutningum á vegum og með járnbrautum.

Aðildarríkjunum er heimilt að setja lægri mörk og er heimilt, að því er varðar 1. mgr. 29. gr., að greina á milli mismunandi lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis sem er framleitt úr matvæla- og fóðurplöntum, að teknu tilliti til bestu, tiltæku vísbendinga um áhrif óbeinna breytinga á landnýtingu. Aðildarríki geta t.d. sett lægri mörk fyrir hlutdeild lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis sem framleitt er úr olíuplöntum.

Ef hlutdeild lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis, sem og lífmassaeldsneytis í flutningum, sem er framleitt úr matvæla- og fóðurplöntum í aðildarríki, er takmörkuð við hlutdeild sem er lægri en 7% eða ákveði aðildarríki að takmarka hlutdeildina enn frekar, getur það aðildarríki í samræmi við það minnkað lágmarkshlutdeildina sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 25. gr. í samræmi við það, um allt að 7 prósentustig.

2 Að því er varðar útreikning á heildarorkunotkun aðildarríkisins á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem um getur í 7. gr. og lágmarkshlutdeildinni sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 25. gr., skal hlutdeild lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaeldsneytis sem er framleitt úr matvæla- og fóðurplöntum sem skapar mikla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, þar sem um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæðinu inn á land með miklar kolefnisbirgðir, ekki vera meiri en notkun slíks eldsneytis í því aðildarríki árið 2019, nema það sé vottað lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu samkvæmt þessari málsgrein.

Frá 31. desember 2023 til 31. desember 2030 í síðasta lagi skulu þessi mörk lækka í áföngum niður í 0%.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. febrúar 2019, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um stöðu aukningar í framleiðslu á viðeigandi matvæla- og fóðurplöntum á heimsvísu.

Eigi síðar en 1. febrúar 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð, í samræmi við 35. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að setja viðmiðanir til að votta lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti, sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, og til að ákvarða hráefni sem skapa mikla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu, þar sem um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæði inn á land með miklar kolefnisbirgðir. Skýrslan og meðfylgjandi framseld gerð skulu byggjast á bestu fáanlegu vísindagögnum.

Fyrir 1. september 2023 skal framkvæmdastjórnin endurskoða viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í fjórðu undirgrein, á grundvelli bestu tiltækra vísindagagna og samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 35. gr. til að breyta slíkum viðmiðunum, eftir því sem við á, og til að fella inn í þær feril til að draga smám saman úr framlagi til markmiðs Sambandsins, sem sett er fram í 1. mgr. 3. gr., og lágmarkshlutdeildinni sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 25. gr. af lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapar mikla áhættu á breytingum á landnýtingu, sem framleitt er úr hráefni þar sem um er að ræða verulega stækkun á framleiðslusvæði inn á land með miklar kolefnisbirgðir.

27. gr.

Reglur um útreikning að því er varðar lágmarkshlutdeild endurnýjanlegrar orku í flutningageiranum

1. Að því er varðar útreikning á lágmarkshlutdeildinni sem um getur í fyrstu og fjórðu undirgrein 1. mgr. 25. gr. gilda eftirfarandi ákvæði:

a) við útreikning á nefnaranum, þ.e. orkuinnihaldi eldsneytis til flutninga á vegum og með járnbrautum sem er afhent til neyslu eða til notkunar á markaðnum, skal tekið tillit til bensíns, dísilolíu, jarðgass, lífeldsneytis, lífgass, endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds flutningaeldsneytis af ólífrænum uppruna, endurunnins kolefniseldsneytis og raforku sem er afhent til vegaflutningageirans og járnbrautarflutningageirans,

b) við útreikning á teljaranum, þ.e. magni orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er notað í flutningageiranum, að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. 25. gr., skal taka tillit til orkuinnihalds allra gerða orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er afhent öllum flutningageirum, þ.m.t. endurnýjanlegrar raforku sem er afhent vegna vegaflutninga og járnbrauta-flutninga. Aðildarríki geta einnig tekið mið af endurunnu kolefniseldsneyti.

   Við útreikning á teljaranum skal hlutdeild lífeldsneytis og lífgass sem er framleitt úr hráefni sem talið er upp í B-hluta IX. viðauka, að undanskildu því sem er framleitt á Kýpur og Möltu, takmarkast við 1,7% af orkuinnihaldi eldsneytis til flutninga sem er afhent vegna neyslu eða notkunar á markaði. Aðildarríkjum er heilmilt, í rökstuddum tilvikum, að breyta þessum mörkum með tilliti til framboðs á hráefni. Allar slíkar breytingar skulu háðar samþykki framkvæmdastjórnarinnar,

c) við útreikning á bæði teljaranum og nefnaranum skal notast við gildi fyrir orkuinnihald eldsneytis vegna flutninga sem eru sett fram í III. viðauka. Við ákvörðun á orkuinnihaldi flutningaeldsneytis sem er ekki að finna í III. viðauka skulu aðildarríki nota viðeigandi staðla evrópskra staðlastofnana (ESO) við ákvörðun á varmagildi eldsneytis. Ef engir ESO-staðlar hafa verið samþykktir í þeim tilgangi skal nota viðeigandi ISO-staðla. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 35. gr., til að breyta þessari tilskipun með því að aðlaga orkuinnihald eldsneytis til flutninga, eins og sett er fram í III. viðauka, í samræmi við vísindalegar og tæknilegar framfarir.

2 Í þeim tilgangi að sýna fram á samræmi við þá lágmarkshlutdeild sem um getur í 1. mgr. 25. gr.:

a) má líta svo á að hlutdeild lífeldsneytis og lífgass til flutninga sem er framleitt úr hráefni sem er talið upp í IX. viðauka sé tvöfalt orkuinnihald þess,

b) skal hlutdeild endurnýjanlegrar raforku teljast fjórfalt orkuinnihald hennar þegar hún er afhent til ökutækja á vegum og eitt og hálft orkuinnihald þegar hún er afhent til járnbrautarflutninga,

c) skal hlutdeild eldsneytis sem er afhent í flug- og siglingageiranum teljast orkuinnihald þess margfaldað með 1,2 að undanskildu eldsneyti sem er framleitt úr matvæla- og fóðurplötum.

3. Við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar raforku í þeirri raforku sem er afhent til ökutækja og járnbrautarvagna að því er varðar 1. mgr. þessar greinar, skulu aðildarríki vísa í næstliðið tveggja ára tímabilið á undan árinu þegar raforkan er afhent á yfirráðasvæði þeirra.

Til að ákvarða hlutdeild raforku í skilningi 1. mgr. þessarar greinar skal sú raforka, ef um er að ræða raforku sem fengin er með beinni tengingu við orkuver sem framleiðir endurnýjanlega raforku og er afhent til ökutækja, teljast að fullu endurnýjanleg, þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

Framkvæmdastjórnin skal, til að tryggja að aukinni eftirspurn eftir raforku sem búist er við í flutningageiranum, umfram núverandi grunnviðmiðun, sé mætt með viðbótarframleiðslugetu á endurnýjanlegri orku, þróa ramma fyrir viðbótargildi í flutningageiranum auk þess að þróa mismunandi valkosti með það fyrir augum að ákvarða grunnviðmiðun aðildarríkja og mæla viðbótargildi.

Að því er varðar þessa málsgrein skal, ef raforka er notuð við framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu eldsneyti af ólífrænum uppruna til flutninga, annað hvort beint eða við framleiðslu millistigsafurða, nota meðalhlutdeild raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í framleiðslulandinu, eins og hún var mæld tveimur árum fyrir árið sem um er að ræða, til að ákvarða hlutdeild endurnýjanlegrar orku.

Raforka sem fæst með beinni tengingu við orkuver sem framleiðir endurnýjanlega raforku getur þó að fullu talist endurnýjanleg raforka ef hún er notuð við framleiðslu á endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna, að því tilskildu að orkuverið:

a) sé gangsett eftir eða á sama tíma og orkuverið sem framleiðir endurnýjanlega fljótandi og loftkennda flutningaeldsneytið af ólífrænum uppruna og

b) sé ekki tengt við dreifikerfið eða sé tengt við dreifikerfið en hægt sé að leggja fram sönnunargögn þess efnis að viðkomandi raforka hafi verið afhent án þess að taka raforku frá dreifikerfinu.

Raforka sem hefur verið tekin úr dreifikerfinu getur talist að fullu endurnýjanleg að því tilskildu að hún sé eingöngu framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum og að sýnt hafi verið fram á endurnýjanlega eiginleika og aðrar viðeigandi viðmiðanir til að tryggja að endurnýjanlegir eiginleikar þeirrar raforku séu aðeins taldir fram einu sinni og það í einum endanlegum notkunargeira.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framselda gerð í samræmi við 35. gr. til að bæta við þessa tilskipun með því að koma á aðferðafræði Sambandsins þar sem settar eru fram ítarlegar reglur sem rekstraraðilar skulu hlíta til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í fimmtu og sjöttu undirgrein þessarar málsgreinar.

28. gr.

Önnur ákvæði um endurnýjanlega orku í flutningageiranum

1. Með það fyrir augum að lágmarka áhættu á að tilkall verði gert oftar en einu sinni til stakra sendinga í Sambandinu skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin styrkja samstarf milli landsbundinna kerfa og milli landsbundnu kerfanna og valfrjálsra áætlana og sannprófenda, sem er komið á fót skv. 30. gr., þ.m.t. gagnaskipti eftir því sem við á. Ef lögbært yfirvald í einu aðildarríki grunar eða uppgötvar svik skal það, eftir því sem við á, tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.

2 Framkvæmdastjórnin skal tryggja að gagnagrunni Sambandsins sé komið á fót til að gera það kleift að rekja fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti sem uppfyllir skilyrði fyrir því að vera talið með í teljaranum sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr. eða talið með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 29. gr. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu til viðkomandi rekstraraðila að þeir skrái í gagnagrunninn upplýsingar um viðskiptin sem fara fram og sjálfbærnieinkenni þessara eldsneytistegunda, þ.m.t. losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli þeirra, allt frá framleiðslustað þeirra til eldsneytisbirgisins sem setur eldsneytið á markað. Aðildarríki getur komið á fót landsbundnum gagnagrunni sem tengist gagnagrunni Sambandsins og tryggt að upplýsingarnar, sem færðar eru inn, séu fluttar milli gagnagrunnanna þegar í stað.

Eldsneytisbirgjar skulu færa inn í viðeigandi gagnagrunn þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sannreyna að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrstu og fjórðu undirgrein 1. mgr. 25. gr.

3. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 31. desember 2021, gera ráðstafanir til að tryggja að eldsneyti úr endurnýjanlegum orkugjöfum sé til staðar vegna flutningastarfsemi, þ.m.t. að því er varðar hraðhleðslustöðvar sem eru opnar fyrir almenning og önnur áfyllingargrunnvirki eins og kveðið er á um í landsbundnum stefnuramma þeirra í samræmi við tilskipun 2014/94/ESB.

4. Aðildarríkin skulu hafa aðgang að gagnagrunni Sambandsins sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þau skulu gera ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar færi nákvæmar upplýsingar inn í viðeigandi gagnagrunn. Framkvæmdastjórnin skal gera þá kröfu að innan áætlananna, sem fjallað er um í ákvörðun skv. 4. mgr. 30. gr. þessarar tilskipunar, sé staðfest að farið sé að þeirri kröfu þegar kannað er hvort viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti séu uppfylltar. Hún skal, á tveggja ára fresti, birta samanteknar upplýsingar úr gagnagrunni Sambandsins samkvæmt VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 35. gr. til að bæta við þessa tilskipun með því að tilgreina aðferðina við að ákvarða hlutdeild lífeldsneytis, og lífgass til flutninga, sem verður til við vinnslu lífmassa með jarðefnaeldsneyti í sameiginlegu ferli, og með því að tilgreina aðferðina við að meta minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda úr endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna og úr endurunnu kolefniseldsneyti, sem skulu tryggja að sú losun sem þegar hefur verið komið í veg fyrir sé ekki rekin til fangaðs koltvísýrings sem hefur þegar hlotið losunarinneign samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

6. Eigi síðar en 25. júní 2019 og á tveggja ára fresti þar eftir skal framkvæmdastjórnin endurskoða skrána yfir hráefni í A- og B-hluta IX. viðauka í því skyni að bæta hráefnum við hana í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í þriðju undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 35. gr. til að breyta skránni yfir hráefni í A- og B-hluta IX. viðauka með því að bæta hráefnum við hana, en ekki fjarlægja þau. Hráefnum sem eingöngu er hægt að vinna með háþróaðri tækni skal bætt við í A-hluta IX. viðauka. Hráefnum sem hægt er að vinna með þróaðri tækni yfir í lífeldsneyti, eða lífgas til flutninga, skal bætt við í B-hluta IX. viðauka.

Slíkar framseldar gerðir skulu byggjast á greiningu á möguleikum hráefnis sem eldsneytishráefnis við framleiðslu lífeldsneytis og lífgass til flutninga, að teknu tilliti til alls eftirfarandi:

a) meginreglnanna um hringrásarhagkerfið og úrgangsmetakerfið sem komið var á með tilskipun 2008/98/EB,

b) viðmiðana Sambandsins um sjálfbærni sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. 29. gr.,

c) nauðsynjar þess að forðast umtalsverða röskun á mörkuðum fyrir aukaafurðir, úrgang eða leifar,

d) möguleikans á að ná fram umtalsverði minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við jarðefnaeldsneyti á grundvelli vistferilsgreiningar á losun,

e) nauðsynjar þess að forðast neikvæð áhrif á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni,

f) nauðsynjar þess að koma í veg fyrir að skapa viðbótareftirspurn eftir landi.

7. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2025 og með skírskotun til framvindumats sem fer fram annað hvort ár samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999, meta hvort skuldbindingin í tengslum við þróað lífeldsneyti og lífgas, sem er framleitt úr hráefni sem er skráð í A-hluta IX. viðauka og mælt fyrir um í fjórðu undirgrein 1. mgr. 25. gr., örvi á skilvirkan hátt nýsköpun og tryggi minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í flutningageiranum. Í því mati skal framkvæmdastjórnin greina hvort beiting ákvæða þessarar greinar komi í reynd í veg fyrir tvítalningu á endurnýjanlegri orku.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um breytingu á skuldbindingunni sem varðar þróað lífeldsneyti og lífgas sem er framleitt úr hráefni sem er skráð í A-hluta IX. viðauka, sem sett er fram í fjórðu undirgrein 1. mgr. 25. gr.

29. gr.

Viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis

1. Orka frá lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti skal eingöngu talin með að því er varðar a-, b- og c-lið þessarar undirgreinar ef þau uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem settar eru fram í 2. til 7. mgr. og 10. mgr.:

a) hún stuðlar að markmiði Sambandsins sem sett er fram í 1. mgr. 3. gr. og hlutdeild aðildarríkjanna í endurnýjanlegri orku,

b) mæling á því hvort skuldbindingar um hlutdeild endurnýjanlegrar orku séu uppfylltar, þ.m.t. skuldbindingin sem mælt er fyrir um í 25. gr.,

c) hæfi til fjárstuðnings fyrir notkun lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis.

Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr úrgangi og leifum, öðrum en þeim sem koma úr landbúnaði, lagareldi, sjávarútvegi og skógrækt, þarf þó aðeins að uppfylla viðmiðanirnar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem settar eru fram í 10. mgr. til að geta talist með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar. Þessi undirgrein skal einnig gilda um úrgang og leifar sem eru fyrst unnar í afurð áður en þær eru unnar enn frekar í lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti.

Raforka, hitun og kæling sem eru framleiddar úr húsasorpi í föstu formi skulu ekki falla undir viðmiðanirnar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í 10. mgr.

Lífmassaeldsneyti skal uppfylla viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. ef það er notað í orkuverum sem framleiða raforku, hitun og kælingu eða eldsneyti með heildarnafnvarmaafl sem er jafnt og eða meira en 20 MW ef um er að ræða lífmassaeldsneyti í föstu formi, og með heildarnafnvarmaafl sem er jafnt og eða meira en 2 MW ef um er að ræða loftkennt lífmassaeldsneyti. Aðildarríki geta beitt viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda gagnvart orkuverum með minna heildarnafnvarmaafl.

Viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. skulu gilda án tillits til landfræðilegs uppruna lífmassans.

2 Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr úrgangi og leifum sem eru ekki fengnar úr skógrækt heldur af landbúnaðarlandi skal einungis teljast með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef rekstraraðilar eða landsyfirvöld hafa yfir að ráða vöktunar- eða stjórnunaráætlunum í því skyni að bregðast við áhrifum á gæði og kolefnisbirgðir jarðvegs. Gefa skal upplýsingar um hvernig vöktun og stjórnun þessara áhrifa er háttað samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 30. gr.

3. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem talið er með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi sem hefur mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni, þ.e. landi sem hafði öðlast einhverja eftirfarandi stöðu í janúar 2008 eða síðar, hvort sem landið hefur þessa stöðu enn eða ekki:

a) frumskógur og annað skóglendi, þ.e. skógur og annað skóglendi með upprunalegum tegundum þar sem engin greinileg ummerki eru um umsvif mannsins og vistfræðileg ferli hafa ekki orðið fyrir marktækri röskun,

b) skógur og annað skóglendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil og sem er ríkt af tegundum og ekki hnignað, eða sem viðkomandi lögbært yfirvald hefur tilgreint að búi yfir mikilli líffræðilegri fjölbreytni, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að framleiðsla þessa hráefnis hafi ekki haft áhrif á þessi náttúruverndarmarkmið,

c) svæði tilnefnd:

   i. sem náttúruverndarsvæði samkvæmt lögum eða af viðeigandi lögbæru yfirvaldi eða

   ii. sem verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu og eru viðurkennd sem slík í alþjóðasamningum eða eru tilgreind í skrám milliríkjastofnana eða Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, með fyrirvara um viðurkenningu þeirra í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 30. gr.,

   nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að framleiðsla þessa hráefnis hafi ekki haft áhrif á þessi náttúruverndarmarkmið,

d) graslendi með mikla líffræðilega fjölbreytni sem er stærra en einn hektari og er:

   i. náttúrulegt, þ.e. graslendi sem myndi vera áfram graslendi án mannlegrar íhlutunar og sem viðheldur náttúrulegri samsetningu tegunda og vistfræðilegum eiginleikum og ferlum eða

   ii. ekki náttúrulegt, þ.e. graslendi sem myndi ekki vera graslendi áfram án mannlegrar íhlutunar og sem er ríkt af tegundum og ekki hnignað og viðkomandi lögbært yfirvald hefur tilgreint að búi yfir miklum líffræðilegum fjölbreytileika, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að uppskera hráefnisins sé nauðsynleg til að vernda stöðu þess sem graslendis með mikill líffræðilegan fjölbreytileika.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir þar sem tilgreindar eru nánar þær viðmiðanir sem nota skal til að ákvarða hvaða graslendi skuli falla undir d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

4. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti framleitt úr lífmassa úr landbúnaði sem talið er með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi þar sem eru miklar kolefnisbirgðir, þ.e. landi sem hafði öðlast einhverja eftirfarandi stöðu í janúar 2008 en hefur ekki þá stöðu lengur:

a) votlendi, þ.e. land sem er varanlega eða umtalsverðan hluta ársins þakið vatni eða mettað af vatni,

b) samfellt skóglendi, þ.e. land sem er meira en einn hektari að stærð með trjám sem eru hærri en fimm metrar og hafa meira en 30% laufþekju eða með trjám sem geta náð þessum viðmiðunarmörkum á staðnum,

c) land sem er meira en einn hektari að stærð með trjám sem eru hærri en fimm metrar og hafa 10–30% laufþekju, eða trjám sem geta náð þessum viðmiðunarmörkum á staðnum, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að kolefnisbirgðir svæðisins fyrir og eftir breytingu séu slíkar að þegar aðferðin, sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka, er notuð séu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 10. mgr. þessarar greinar uppfyllt.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki ef landið hafði sömu stöðu á þeim tíma sem hráefnið var fengið og það hafði í janúar 2008.

5. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti framleitt úr lífmassa úr landbúnaði sem talið er með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi sem var mómýri í janúar 2008, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að ræktun og tekja hráefnisins feli ekki í sér framræslu lands sem ekki hefur verið ræst fram áður.

6. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti framleitt úr skógarlífmassa sem talið er með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal uppfylla eftirfarandi viðmiðanir til að draga úr hættunni á notkun á skógarlífmassa sem fenginn er úr ósjálfbærri framleiðslu:

a) í landinu þar sem uppskera skógarlífmassa fer fram eru gildandi landslög eða svæðisbundin lög á uppskerusvæðinu auk fyrirliggjandi vöktunar- og framfylgdarkerfa sem tryggja:

   i. lögmæti uppskerustarfsemi,

   ii. endurmyndun skógar á uppskerusvæði,

   iii. að svæði sem eru tilnefnd náttúruverndarsvæði samkvæmt alþjóðalögum eða landslögum eða af viðeigandi lögbæru yfirvaldi, þ.m.t. votlendi og mómýrar, njóti verndar,

   iv. að uppskera fari fram með það í huga að jarðvegsgæðum og líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið með það markmið að lágmarka neikvæð áhrif og

   v. að uppskera viðhaldi eða bæti langtímaframleiðslugetu skógarins,

b) ef sönnunargögnin, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, liggja ekki fyrir skal lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr skógarlífmassa teljast með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef til staðar eru stjórnunarkerfi á upprunasvæði skógræktarafurðanna sem tryggir:

   i. lögmæti uppskerustarfsemi,

   ii. endurmyndun skógar á uppskerusvæði,

   iii. að svæði sem eru tilnefnd náttúruverndarsvæði samkvæmt alþjóðalögum eða landslögum eða af viðeigandi lögbæru yfirvaldi, þ.m.t. votlendi og mómýrar, njóti verndar nema að fyrir liggi sönnunargögn þess efnis að uppskera hráefnisins hafi ekki truflandi áhrif á þessi náttúruverndarmarkmið,

   iv. að uppskera fari fram með það í huga að jarðvegsgæðum og líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið með það markmið að lágmarka neikvæð áhrif og

   v. að uppskera viðhaldi eða bæti langtímaframleiðslugetu skógarins.

7. Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr skógarlífmassa sem talið er með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal uppfylla eftirfarandi viðmiðanir um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF):

a) landið eða svæðisstofnunin um efnahagssamvinnu þar sem skógarlífmassinn er upprunninn er aðili að Parísarsamningnum og:

   i. hefur lagt fram landsákvarðað framlag til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem tekur til losunar og upptöku í tengslum við landbúnað, skógrækt og landnotkun sem tryggir að breytingar á kolefnisbirgðum í tengslum við uppskeru lífmassa reiknist upp í skuldbindingu landsins um að draga úr eða takmarka losun gróðurhúsalofttegunda eins og tilgreint er í landsákvarðaða framlaginu eða

   ii. þar eru fyrir hendi landslög eða svæðisbundin lög, í samræmi við 5. gr. Parísarsamningsins, sem gilda á uppskeru svæðinu, um að varðveita og bæta kolefnisbirgðir og viðtaka, og lögð hafa verið fram sönnunargögn þess efnis að uppgefin losun frá geira landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar fari ekki yfir upptöku,

b) ef sönnunargögnin sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar eru ekki tiltæk, skal lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er framleitt úr skógarlífmassa talið með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef stjórnunarkerfi eru fyrir hendi á upprunasvæði skógræktarafurðanna til að tryggja varðveislu kolefnisbirgða og kolefnisviðtaka skógarins eða styrkingu þeirra til lengri tíma litið.

8. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. janúar 2021, samþykkja framkvæmdargerðir um leiðbeiningar í tengslum við vísbendingar til að sýna fram á að viðmiðununum sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr. þessarar greinar hafi verið fylgt. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2026, meta hvort viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr., lágmarki á skilvirkan hátt áhættuna af því að nota skógarlífmassa sem er leiddur af ósjálfbærri framleiðslu og fjalla um viðmiðanir um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt, á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta viðmiðununum sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr. fyrir tímabilið eftir 2030.

10. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis sem talið er með að því er varðar 1. mgr. skal vera:

a) a.m.k. 50% fyrir lífeldsneyti, lífgas sem notað er í flutningageiranum, og fljótandi lífeldsneyti sem framleitt er í orkuverum sem voru í rekstri 5. október 2015 eða fyrr,

b) a.m.k. 60% fyrir lífeldsneyti, lífgas sem notað er í flutningageiranum, og fljótandi lífeldsneyti sem framleitt er í orkuverum sem hefja rekstur á tímabilinu frá 6. október 2015 til 31. desember 2020,

c) a.m.k. 65% fyrir lífeldsneyti, lífgas sem notað er í flutningageiranum, og fljótandi lífeldsneyti sem framleitt er í orkuverum sem hefja rekstur frá 1. janúar 2021,

d) a.m.k. 70% fyrir framleiðslu á raforku, hitun og kælingu úr lífmassaeldsneyti sem notað er í stöðvum sem hófu rekstur á bilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2025 og 80% að því er varðar orkuver sem hefja rekstur frá 1. janúar 2026.

Orkuverk telst vera í rekstri þegar raunveruleg framleiðsla á lífeldsneyti, lífgasi sem notað er í flutningageiranum, og fljótandi lífeldsneyti og raunveruleg framleiðsla á hitun og kælingu og raforku úr lífmassaeldsneyti er hafin.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar á lífeldsneyti, lífgasi sem notað er í flutningageiranum, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem er notað í orkuverum sem framleiða varma, kælingu og raforku skal reiknuð í samræmi við 1. mgr. 31. gr.

11. Raforka úr lífmassaeldsneyti skal einungis teljast með að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef hún uppfyllir eina eða fleiri af eftirfarandi kröfum:

a) hún er framleidd í stöðvum með heildarnafnvarmaafl undir 50 MW,

b) hún er framleidd með samvinnslutækni með góða orkunýtni að því er varðar stöðvar með heildarnafnvarmaafl frá 50 til 100 MW eða, að því er varðar stöðvar sem framleiða aðeins raforku, samræmist orkunýtnigildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni (BAT-AEEL) eins og skilgreint er í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1442 ([1]),

c) hún er framleidd með samvinnslutækni með góða orkunýtni að því er varðar stöðvar með heildarnafnvarmaafl yfir 100 MW eða, að því er varðar stöðvar sem framleiða aðeins raforku, nær a.m.k. 36% hreinni raforkunýtni,

d) hún er framleidd með föngun og notkun koltvísýrings úr lífmassa.

Að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar skulu stöðvar sem framleiða aðeins raforku einungis teljast með ef þær nota ekki jarðefnaeldsneyti sem aðaleldsneyti og aðeins ef engir kostnaðarhagkvæmir möguleikar eru fyrir hendi við að beita samvinnslutækni með góða orkunýtni samkvæmt matinu í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.

Að því er varðar a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði þessarar málsgreinar eingöngu gilda um stöðvar sem hefja rekstur eða skipta yfir í notkun á lífmassaeldsneyti eftir 25. desember 2021. Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar, skal þessi málsgrein ekki hafa áhrif á stuðning sem er veittur samkvæmt stuðningskerfum í samræmi við 4. gr. sem eru samþykktar fyrir 25. desember 2021.

Aðildarríki geta gert kröfur um meiri orkunýtni en þær sem um getur í fyrstu undirgrein gagnvart stöðvum með lægra nafnvarmaafl.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um raforku frá stöðvum sem aðildarríki tilkynnir sérstaklega til framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli þess að til staðar séu tilhlýðilega rökstuddar ástæður fyrir því að afhendingaröryggi raforku sé stefnt í hættu. Við mat á tilkynningunni skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun þar sem tekið er tillit til þeirra þátta sem þar koma fram.

12. Að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 25. og 26. gr. skulu aðildarríkin ekki neita, af öðrum ástæðum er varða sjálfbærni, að telja með lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem aflað er í samræmi við þessa grein. Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á opinberan stuðning sem er veittur samkvæmt stuðningskerfum sem eru samþykkt fyrir 24. desember 2018.

13. Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjum heimilt að víkja í takmarkaðan tíma frá viðmiðununum sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. og 11. mgr. þessarar greinar með því að samþykkja mismunandi viðmiðanir fyrir:

a) stöðvar á ysta svæði, eins og um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því marki sem slíkar stöðvar framleiða raforku eða hita eða kælingu úr lífmassaeldsneyti og

b) lífmassaeldsneyti sem er notað í stöðvum sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar, án tillits til upprunastaðar lífmassans, að því tilskildu að slíkar viðmiðanir séu rökstuddar á hlutlægan hátt á grundvelli þess að markmiðið með þeim sé að tryggja, að því er varðar það ysta svæði, snurðulausa innleiðingu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. og 11. mgr. þessarar greinar og hvetja þannig til umskipta úr jarðefnaeldsneyti yfir í sjálfbært lífmassaeldsneyti.

Þær mismunandi viðmiðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu háðar sérstakri tilkynningu viðkomandi aðildarríkis til framkvæmdastjórnarinnar.

14. Að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. geta aðildarríki komið á viðbótarviðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífmassaeldsneyti.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2026, meta áhrif slíkra viðbótarviðmiðana á innri markaðinn ásamt tillögu, ef nauðsyn krefur, til að tryggja samræmingu þeirra.

([1]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1442 frá 31. júlí 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna stórra brennsluvera (Stjtíð. ESB L 212, 17.8.2017, bls. 1).

30. gr.

Sannprófun á því að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda

1. Þegar lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti, eða annað eldsneyti sem uppfyllir skilyrði fyrir því að vera talið með í teljaranum sem um getur í 27. gr. (b-lið 1. mgr.), skulu talin með að því er varðar 23. og 25. gr. og að því er varðar 29. gr. (a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.), skulu aðildarríki krefjast þess að rekstraraðilar sýni fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem settar eru fram í 29. gr. (2. til 7. mgr. og 10. mgr.), hafi verið uppfylltar. Í þeim tilgangi skulu þau krefjast þess að rekstraraðilar noti massajöfnuðarkerfi:

a) sem gerir það kleift að blanda saman sendingum af hráefni eða eldsneyti með mismunandi einkenni að því er varðar sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. í gámi, vinnslu- eða birgðastjórnunarstöð, um flutnings- eða dreifingargrunnvirki eða -stað,

b) sem gerir það kleift að blanda saman sendingum af hráefni með mismunandi orkuinnihaldi vegna frekari vinnslu, að því tilskildu að stærð sendinga sé aðlöguð í samræmi við orkuinnihald þeirra,

c) með kröfu um að upplýsingar um einkenni er varða sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og stærð sendinganna, sem um getur í a-lið, fylgi blöndunni áfram og

d) þar sem kveðið er á um að lýsa megi summu allra sendinga, sem teknar eru úr blöndunni, þannig að þær hafi sömu sjálfbærnieinkenni í sama magni og summa allra sendinga sem bætt var í blönduna og með þeirri kröfu að þessu jafnvægi verði náð á hæfilega löngu tímabili.

Massajöfnuðarkerfið skal tryggja að hver sending sé aðeins talin einu sinni í a-, b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. við útreikning á heildarnotkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og í því skulu vera upplýsingar um hvort veittur hafi verið stuðningur vegna framleiðslu á þeirri sendingu, og ef svo er, um gerð stuðningskerfisins.

2 Við vinnslu sendingar skulu upplýsingar um einkenni sjálfbærni og sparnaði í losun gróðurhúsalofttegunda aðlagaðar og þeim úthlutað á orkufrálag í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) ef vinnsla á sendingu hráefnis gefur einungis eitt frálag sem er ætlað til framleiðslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti eða lífmassaeldsneyti, endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna eða endurunnu kolefniseldsneyti, skal aðlaga stærð sendingarinnar og tengdar magntölur í tengslum við einkenni sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með því að beita breytistuðli fyrir hlutfallið milli massa frálagsins sem er ætlaður í slíka framleiðslu og massa hráefnisins sem kemur inn í ferlið,

b) ef vinnsla á sendingu hráefnis gefur meira en eitt frálag sem er ætlað til framleiðslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti eða lífmassaeldsneyti, endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna eða endurunnu kolefniseldsneyti, skal beita aðskildum breytistuðli á hvert frálag og nota aðskilið massajafnvægi.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar leggi fram áreiðanlegar upplýsingar um hvort farið sé að viðmiðunarmörkum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem sett eru fram og samþykkt í samræmi við 2. mgr. 25. gr., og að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. 29. gr., og að rekstraraðilar geri gögnin, sem notuð voru til grundvallar upplýsinganna, aðgengileg viðkomandi aðildarríki sé þess óskað. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðilarnir sjái til þess að framlagðar upplýsingar fari í gegnum viðunandi, óháða úttekt og færi sönnur á að slíkt hafi verið gert. Til að fara að ákvæðum a-liðar 6. mgr. 29. gr. og a-liðar 7. mgr. 29. gr. má nota úttekt fyrsta eða annars aðila fram að fyrsta viðtökustað lífmassa úr skógrækt. Í úttektinni skal sannreyna að kerfin sem rekstraraðilarnir nota séu nákvæm, áreiðanleg og varin gegn svikum, þ.m.t. sannprófun til að tryggja að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt þannig að sendingin eða hluti hennar gætu orðið að úrgangi eða leifum. Í henni skal meta tíðni sýnatöku og aðferðir við hana og traustleika gagnanna.

Skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein gilda óháð því hvort lífeldsneytið, fljótandi lífeldsneytið, lífmassaeldsneytið, endurnýjanlega fljótandi og loftkennda eldsneytið til flutninga af ólífrænum uppruna eða endurunna kolefniseldsneytið sé framleitt innan Sambandsins eða innflutt. Upplýsingar um landfræðilegan uppruna og hráefnistegundir lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis fyrir hvern eldsneytisbirgi skulu gerðar aðgengilegar neytendum á vefsetrum rekstraraðila, birgja eða viðkomandi lögbærra yfirvalda og skulu þær uppfærðar árlega.

Aðildarríki skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina, í samanteknu formi, þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Framkvæmdastjórnin skal birta ágrip af þessum upplýsingum á rafræna vettvanginum sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og gæta þess að trúnaður ríki um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

4. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir sem setja staðla um framleiðslu lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis eða lífmassaafurða, eða annars eldsneytis sem uppfyllir skilyrði fyrir því að vera talið með í teljaranum sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr., veiti nákvæm gögn um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda að því er varðar 2. mgr. 25. gr. og 10. mgr. 29. gr., sýni fram á að farið sé að ákvæðum 3. mgr. 27. gr. og 2. og 4. mgr. 28. gr. eða sýni fram á að sendingar af lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti eða lífmassaeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. 29. gr. Þegar rekstraraðilar sýna fram á að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr. 29. gr., séu uppfylltar geta þeir lagt tilskilin sönnunargögn beint fram á vettvangi upprunasvæðis. Framkvæmdastjórnin getur viðurkennt verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu og eru viðurkennd sem slík í alþjóðasamningum eða eru tilgreind í skrám milliríkjastofnana eða Alþjóðanáttúruverndarsambandsins að því er varðar ii. lið c-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 29. gr.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að þessar áætlanir skuli innihalda nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til vernda jarðveg, vatn og andrúmsloft, til að endurheimta hnignað land, til að koma í veg fyrir óhóflega vatnsnotkun á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti og að því er varðar vottun á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapa litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr. Slíkar ákvarðanir skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Framkvæmdastjórnin skal gera þá kröfu að eigi síðar en 30. apríl á hverju ári verði lögð fyrir hana skýrsla vegna hverrar valfrjálsrar áætlunar, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um skv. 4. mgr., þar sem fjallað er um alla liðina sem settir eru fram í XI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999. Skýrslan skal fjalla um næstliðið almanaksár. Sú krafa að leggja fram skýrslu skal einungis gilda um valfrjálsar áætlanir sem hafa verið í framkvæmd í a.m.k. 12 mánuði.

Framkvæmdastjórnin skal gera skýrslurnar, sem teknar eru saman í tengslum við valfrjálsu áætlanirnar, aðgengilegar í samanteknu formi eða að fullu, ef við á, á rafræna vettvanginum sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

6. Aðildarríkin geta komið á fót landsbundnum áætlunum þar sem staðfest er að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem mælt er fyrir um í 2. til 7. og 10. mgr. 29. gr. og viðmiðunarmörkum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnið kolefniseldsneyti, sem sett eru fram og samþykkt skv. 2. mgr. 25. gr. og í samræmi við 5. mgr. 28. gr., í allri aðfangakeðjunni með þátttöku lögbærra landsyfirvalda.

Aðildarríki er heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka landsbundna áætlun. Framkvæmdastjórnin skal setja mat á slíkri áætlun í forgang til að greiða fyrir gagnkvæmri tvíhliða og marghliða viðurkenningu áætlana við sannprófun á að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda að því er varðar lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti og viðmiðunarmörkum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda að því er varðar annað eldsneyti sem taka má með í útreikningum í tengslum við teljarann sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, með framkvæmdargerðum, hvort slík tilkynnt landsbundin áætlun uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

Sé ákvörðunin jákvæð skal ekki, innan áætlana sem er komið á í samræmi við þessa grein, hafna gagnkvæmri viðurkenningu vegna áætlana þess aðildarríkis að því er varðar sannprófun á því að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem settar eru fram í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. 29. gr. og að viðmiðunarmörkum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem sett eru fram og samþykkt í samræmi við 2. mgr. 25. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal eingöngu samþykkja ákvarðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar ef viðkomandi áætlun uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða úttekt og lögð er fram nægjanleg trygging fyrir því að engum

efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Ef um er að ræða áætlanir um mælingar á minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda, skulu slíkar áætlanir einnig uppfylla aðferðafræðilegu kröfurnar sem eru settar fram í V. eða VI. viðauka. Skrár yfir svæði sem hafa mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni, eins og um getur í ii. lið c-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 29. gr., skulu uppfylla fullnægjandi kröfur um hlutlægni og vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og í þeim skal kveða á um viðeigandi málsmeðferð við áfrýjun.

Að því er varðar valfrjálsu áætlanirnar, sem um getur í 4. mgr., skal minnst einu sinni á ári birta skrá yfir vottunaraðila þeirra sem eru notaðir til óháðrar úttektar, tilgreina fyrir hvern vottunaraðila hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld viðurkenndu hann og hvaða aðili eða landsbundnu opinberu yfirvöld annast eftirlit með honum.

8. Til að tryggja að sannprófun á því að farið sé að viðmiðununum um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem og ákvæðum um lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti sem skapar litla eða mikla áhættu á beinum eða óbeinum breytingum á landnýtingu, fari fram á skilvirkan og samræmdan hátt, þá einkum til að koma í veg fyrir svik, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem tilgreindar eru ítarlegar framkvæmdarreglur, þ.m.t. fullnægjandi kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða úttekt og krefjast þess að þeim kröfum sé beitt innan allra valfrjálsra áætlana. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

Í þessum framkvæmdargerðum skal framkvæmdastjórnin gefa sérstakan gaum að þörfinni fyrir að lágmarka stjórnsýsluálag. Með framkvæmdargerðunum skal fastsetja innan hvaða tímamarka þarf að koma kröfunum til framkvæmda vegna valfrjálsra áætlana. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella úr gildi ákvarðanir þar sem valfrjálsar áætlanir skv. 4. mgr. eru viðurkenndar ef þessum kröfum er ekki komið til framkvæmda á vegum áætlananna innan tímamarkanna sem kveðið er á um. Ef aðildarríki lýsir áhyggjum yfir því að valfrjáls áætlun sé ekki starfrækt í samræmi við kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða úttekt, sem eru grundvöllur ákvarðana skv. 4. mgr., skal framkvæmdastjórnin rannsaka málið og grípa til viðeigandi aðgerða.

9. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn sem aflað er í samræmi við áætlun sem hefur verið efni ákvörðunar í samræmi við 4. eða 6. mgr. þessarar greinar, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun, skal aðildarríki ekki krefjast þess að birgirinn leggi fram frekari gögn sem sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem settar eru fram í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. 29. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa umsjón með starfsemi vottunaraðila sem annast óháða úttekt samkvæmt valfrjálsri áætlun. Vottunaraðilar skulu, að beiðni lögbærra yfirvalda, leggja fram allar viðeigandi upplýsingar sem eru nauðsynlegar við eftirlit með starfseminni, þ.m.t. nákvæma dagsetningu, tíma og staðsetningu úttektanna. Ef aðildarríki finna einhver vandamál sem fela í sér ósamræmi skulu þau tafarlaust tilkynna þeim sem standa að valfrjálsu áætluninni um þau.

10. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni aðildarríkis sem getur byggst á beiðni rekstraraðila, rannsaka, á grundvelli allra tiltækra upplýsinga, hvort viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr. og 10. mgr. 29. gr. í tengslum við uppsprettu lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis og viðmiðunarmörkin fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem sett eru fram í 2. mgr. 25. gr. og samþykkt í samræmi við þau, hafi verið uppfylltar.

Framkvæmdastjórnin skal, innan sex mánaða frá móttöku slíkrar beiðni og í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr., ákveða með framkvæmdargerðum hvort hlutaðeigandi aðildarríki geti annað hvort:

a) talið með lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti, lífmassaeldsneyti og annað eldsneyti sem uppfyllir skilyrði til að vera talin með í teljaranum sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr. frá þeirri uppsprettu að því er varðar a-, b-, og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 29. gr. eða

b) þrátt fyrir ákvæði 9. mgr. þessarar greinar, krafist þess að birgjar uppsprettna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis, lífmassaeldsneytis og annars eldsneytis sem uppfyllir skilyrði til að vera talið með í teljaranum sem um getur í b-lið 1. mgr. 27. gr. leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að þessar viðmiðanir um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og þessi viðmiðunarmörk um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda hafi verið uppfylltar.

31. gr.

Útreikningur á áhrifum lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis á gróðurhúsalofttegundir

1. Að því er varðar 10. mgr. 29. gr. skal reikna út minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með notkun lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis með eftirfarandi hætti:

a) ef mælt er fyrir um staðalgildi fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir framleiðsluferli í A- eða B-hluta V. viðauka fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og í A-hluta VI. viðauka fyrir lífmassaeldsneyti þar sem e_l-gildið fyrir þetta lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti, sem er reiknað í samræmi við 7. lið C-hluta V. viðauka og fyrir þetta lífmassaeldsneyti, sem er reiknað í samræmi við 7. lið B-hluta VI. viðauka, er jafnt og eða minna en núll, skal nota það staðalgildi,

b) með því að nota raunverulegt gildi sem reiknað er í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og í B-hluta VI. viðauka fyrir lífmassaeldsneyti,

c) með því að nota gildi sem er reiknað sem samtala stuðlanna í formúlunum sem um getur í 1. lið C-hluta V. viðauka, þar sem nota má sundurgreind staðalgildi í D- eða E-hluta V. viðauka fyrir suma stuðla, og raunveruleg gildi sem reiknuð eru í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka fyrir alla aðra stuðla,

d) með því að nota gildi sem er reiknað sem samtala stuðlanna í formúlunum sem um getur í 1. lið B-hluta VI. viðauka, þar sem nota má sundurgreind staðalgildi í C-hluta VI. viðauka fyrir suma stuðla, og raunveruleg gildi sem reiknuð eru í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í B-hluta VI. viðauka fyrir alla aðra stuðla.

2 Aðildarríkjum er heimilt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur sem innihalda upplýsingar um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna á þeim svæðum innan yfirráðasvæða þeirra sem eru flokkuð í 2. flokk samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða eða á enn aðgreindara stigi þeirrar flokkunar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([1]). Þessum skýrslum skal fylgja lýsing á aðferðinni og þeim gögnum sem notuð eru til að reikna út losunarstigið. Aðferðin skal taka tillit til einkenna jarðvegs, loftslags og áætlaðrar uppskeru hráefna.

3. Ef um er að ræða yfirráðasvæði utan Sambandsins er heimilt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur sem eru jafngildar þeim sem um getur í 2. mgr. og eru teknar saman af þar til bærum aðilum.

4. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið með framkvæmdargerðum að skýrslurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, innihaldi nákvæm gögn til að mæla losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist ræktun lífmassahráefnis úr landbúnaði sem er framleitt á svæðum sem eru tilgreind í slíkum skýrslum að því er varðar 10. mgr. 29. gr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

Samkvæmt slíkum ákvörðunum má nota þessi gögn í stað sundurgreindu staðalgildanna fyrir ræktun sem mælt er fyrir um í D- eða E-hluta V. viðauka fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og í C-hluta VI. viðauka fyrir lífmassaeldsneyti.

5. Í rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin endurskoða V. og VI. viðauka með það í huga að bæta við eða endurskoða gildi fyrir framleiðsluferli lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis. Við þessar endurskoðanir skal einnig íhuga að breyta aðferðafræðinni sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka og í B-hluta VI. viðauka.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir skv. 35. gr. til að breyta, eftir því sem við á, ákvæðum V. og VI. viðauka með því að bæta við eða endurskoða staðalgildi eða breyta aðferðafræðinni.

Í tilviki breytingar á eða viðbótar við skrána yfir staðalgildin í V. og VI. viðauka:

a) þar sem framlag stuðulsins til heildarlosunar er lítið, þar sem um litla breytingu er að ræða, eða þar sem erfitt eða kostnaðarsamt er að fastsetja raunveruleg gildi, skulu staðalgildi vera dæmigerð fyrir venjuleg framleiðsluferli,

b) í öllum öðrum tilvikum skal gæta hófsemi í fastsetningu staðalgilda samanborið við venjuleg framleiðsluferli.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

6. Ef nauðsyn krefur til að tryggja samræmda beitingu C-hluta V. viðauka og B-hluta VI. viðauka getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þar sem settar eru fram ítarlegar tækniforskriftir, þ.m.t. skilgreiningar, breytistuðlar, útreikningur á árlegri losun eða minnkun á losun vegna breytinga á kolefnisbirgðum ofan- og neðanjarðar á landi sem er þegar undir ræktun, útreikningur á minnkun losunar vegna föngunar koltvísýrings, útskiptingar koltvísýrings og geymslu hans í jörðu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 34. gr.

32. gr.

Framkvæmdargerðir

Í framkvæmdargerðunum sem um getur í 29. gr. (annarri undirgrein 3. mgr. og 8. mgr.), 30. gr. (fyrstu undirgrein 5. mgr., annarri undirgrein 6. mgr. og fyrstu undirgrein 8. mgr.), 31. gr. (fyrstu undirgrein 4. mgr. og 6. mgr.) þessarar tilskipunar skal taka fullt tillit til ákvæða varðandi skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við 7. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB ([1]).

33. gr.

Eftirlit framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta uppruna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis sem notað er í Sambandinu og áhrif af framleiðslu þess á landnýtingu í Sambandinu og í mikilvægustu þriðju löndum sem annast afhendingu, þ.m.t. áhrif vegna tilfærslu. Slíkt eftirlit skal byggt á samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum aðildarríkjanna og samsvarandi framvinduskýrslum skv. 3., 17. og 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, auk áætlana hlutaðeigandi þriðju landa, milliríkjastofnana, vísindarannsókna og annarra viðeigandi upplýsinga. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa eftirlit með breytingum á hrávöruverði sem tengjast notkun lífmassa sem orkugjafa og öllum tengdum jákvæðum og neikvæðum áhrifum á fæðuöryggi.

2 Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í skoðana- og upplýsingaskiptum við þriðju lönd og framleiðendur lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis, neytendasamtök og borgaralegt samfélag varðandi almenna framkvæmd ráðstafananna í þessari tilskipun sem tengjast lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti. Innan þessa ramma skal hún gefa sérstakan gaum að þeim áhrifum sem framleiðsla lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis kann að hafa á matvælaverð.

3. Árið 2026 skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um regluramma til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir tímabilið eftir 2030.

Í tillögunni skal taka tillit til reynslunnar af framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. viðmiðanir hennar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, og til tækniþróunar á sviði orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar á árinu 2032.

34. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar orkusambandsnefndinnar sem komið var á fót með 44. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin í málum er varða sjálfbærni lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis njóta aðstoðar nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

35. gr.

Beiting framsals

1 Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2 Valdið til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 8. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 25. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.), 26. gr. (fjórðu og fimmtu undirgrein 2. mgr.), 27. gr. (c-lið 1. mgr. og sjöundu undirgrein 3. mgr.), 28. gr. (5. mgr. og annarri undirgrein 6. mgr.) og 31. gr. (annarri undirgrein 5. mgr.) skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár frá 24. desember 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í fimmtu undirgrein 3. mgr. 7. gr., í tvö ár frá 24. desember 2018.

4. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdið til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 7. gr. (fimmtu undirgrein 3. mgr.), 8. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 25. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.), 26. gr. (fjórðu og fimmtu undirgrein 2. mgr.), 27. gr. (c-lið 1. mgr. og sjöundu undirgrein 3. mgr.), 28. gr. (5. mgr. og annarri undirgrein 6. mgr.) og 31. gr. (annarri undirgrein 5. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

5 Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

6. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

7 Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. (fimmtu undirgrein 3. mgr.), 8. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 25. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.), 26. gr. (fjórðu og fimmtu undirgrein 2. mgr.), 27. gr. (c-lið 1. mgr. og sjöundu undirgrein 3. mgr.), 28. gr. (5. mgr. og annarri undirgrein 6. mgr.), og 31. (annarri undirgrein 5. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða, ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

36. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 2. til 13. gr., 15. til 31. gr., 37. gr. og II., III. og V. til IX. viðauka eigi síðar en 30. júní 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina sem eru felldar niður með tilskipun þessari sem tilvísanir í tilskipun þessa. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2 Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á beitingu undanþáganna samkvæmt lögum Sambandsins um innri markaðinn fyrir raforku.

37. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2009/28/EB, eins og henni var breytt með tilskipununum sem eru tilgreindar í A-hluta X. viðauka, er felld úr gildi frá og með 1. júlí 2021, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að leiða í landslög tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta X. viðauka og með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkja árið 2020 eins og mælt er fyrir um 1. mgr. 3. gr. og eins og sett er fram í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XI. viðauka.

38. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

39. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. desember 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	J. BOGNER-STRAUSS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LANDSBUNDIN HEILDARMARKMIÐ UM HLUTDEILD ORKU FRÁ ENDURNÝJANLEGUM ORKUGJÖFUM Í HEILDARORKUNOTKUN ÁRIÐ 2020 [1]

A. Landsbundin heildarmarkmið

	Hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í endanlegri heildarorkunotkun árið 2005 (S_{2005})	Markmið um hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun árið 2020 (S_{2020})
Belgía	2,2%	13%
Búlgaría	9,4%	16%
Tékkneska lýðveldið	6,1%	13%
Danmörk	17,0%	30%
Þýskaland	5,8%	18%
Eistland	18,0%	25%
Írland	3,1%	16%
Grikkland	6,9%	18%
Spánn	8,7%	20%
Frakkland	10,3%	23%
Króatía	12,6%	20%
Ítalía	5,2%	17%
Kýpur	2,9%	13%
Lettland	32,6%	40%
Litáen	15,0%	23%
Lúxemborg	0,9%	11%
Ungverjaland	4,3%	13%
Malta	0,0%	10%
Holland (Niðurland)	2,4%	14%
Austurríki	23,3%	34%
Pólland	7,2%	15%
Portúgal	20,5%	31%
Rúmenía	17,8%	24%
Slóvenía	16,0%	25%
Slóvakíska lýðveldið	6,7%	14%
Finnland	28,5%	38%
Svíþjóð	39,8%	49%
Bretland	1,3%	15%

(1) Svo ná megi þeim landsbundnu markmiðum sem sett eru fram í þessum viðauka er áréttað að í viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð við umhverfisvernd er viðurkennt að áframhaldandi þörf sé á landsbundnum stuðningskerfum til að auka við framleiðslu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

II. VIÐAUKI

STÖÐLUNARREGLA TIL AÐ TAKA MEÐ Í ÚTREIKNINGUM RAFORKU SEM FRAMLEIDD ER MEÐ VATNSORKU OG VINDORKU

Eftirfarandi reglu skal beitt í þeim tilgangi að taka með í útreikningum raforku sem framleidd er með vatnsorku í tilteknu aðildarríki

$$Q_{N(norm)} = C_N \times \left[\sum_{i=N-14}^{N} \frac{Q_i}{C_i}\right] /15$$

þar sem:

N	=	viðmiðunarár,
$Q_{N(norm)}$	=	staðlað magn raforku sem framleitt er í öllum vatnsaflsvirkjunum aðildarríkisins á ári N, í tengslum við reikningsskil,
Q_i	=	magn raforku sem raunverulega er framleitt á ári í öllum vatnsaflsvirkjunum aðildarríkisins, mælt í GWh, að undanskilinni framleiðslu frá dælimiðlunareiningum með vatni sem áður hefur verið dælt upp á við,
C_i	=	uppsett heildarframleiðslugeta, að frádreginni dælimiðlun, allra vatnsaflsvirkjana aðildarríkisins við lok árs i, mæld í MW.

Eftirfarandi reglu skal beitt í þeim tilgangi að taka með í útreikningum raforku sem framleidd er með vindorku á landi í tilteknu aðildarríki:

$$Q_{N(norm)} = \frac{C_N + C_{N-1}}{2} \times \frac{\sum_{i=N-n}^{N} Q_i}{\sum_{j=N-n}^{N} \frac{C_j + C_{j-1}}{2}}$$

þar sem:

N	=	viðmiðunarár,
$Q_{N(norm)}$	=	staðlað magn raforku sem framleitt er í öllum vindorkuverum aðildarríkisins á landi á ári N, í tengslum við reikningsskil,
Q_i	=	magn raforku sem raunverulega er framleitt á ári i í öllum vindorkuverum aðildarríkisins á landi, mælt í GWh,
C_j	=	uppsett heildarframleiðslugeta allra vindorkuvera aðildarríkisins á landi við lok árs j, mæld í MW,
n	=	4 eða fjöldi ára á undan ári N sem gögn um framleiðslugetu og framleiðslu liggja fyrir um fyrir aðildarríkið sem um er að ræða, hvort heldur sem lægra er.

Eftirfarandi reglu skal beitt í þeim tilgangi að taka með í útreikningum raforku sem framleidd er með vindorku undan landi í tilteknu aðildarríki:

$$Q_{N(norm)} = \frac{C_N + C_{N-1}}{2} \times \frac{\sum_{i=N-n}^{N} Q_i}{\sum_{j=N-n}^{N} \frac{C_j + C_{j-1}}{2}}$$

þar sem:

N	=	viðmiðunarár,
$Q_{N(norm)}$	=	staðlað magn raforku sem framleitt er í öllum vindorkuverum aðildarríkisins undan landi á ári N, í tengslum við reikningsskil,
Q_i	=	magn raforku sem raunverulega er framleitt á ári i í öllum vindorkuverum aðildarríkisins undan landi, mælt í GWh,
C_j	=	uppsett heildarframleiðslugeta allra vindorkuvera aðildarríkisins undan landi við lok árs j, mæld í MW,
n	=	4 eða fjöldi ára á undan ári N sem gögn um framleiðslugetu og framleiðslu liggja fyrir um fyrir aðildarríkið sem um er að ræða, hvort heldur sem lægra er.

III. VIÐAUKI

ORKUINNIHALD ELDSNEYTIS

Eldsneyti	Orkuinnihald miðað við massa (lægra varmagildi, MJ/kg)	Orkuinnihald miðað við rúmmál (lægra varmagildi, MJ/l)
ELDSNEYTI ÚR LÍFMASSA OG/EÐA LÍFMASSAVINNSLUAÐGERÐUM		
Lífprópan	46	24
Hrein jurtaolía (olía, framleidd úr olíujurtum með pressun, skiljun eða sambærilegum aðferðum, hrá eða hreinsuð en efnafræðilega óbreytt)	37	34
Lífdísilolía - fitusýrumetýlester (metýlester framleiddur úr olíu upprunninni úr lífmassa)	37	33
Lífdísilolía - fitusýruetýlester (etýlester framleiddur úr olíu upprunninni úr lífmassa)	38	34
Lífgas sem hægt er að hreinsa upp í sömu gæði og jarðgas	50	—
Vetnismeðhöndluð olía (olía sem hefur verið varmaefnafræðilega meðhöndluð með vetni) upprunnin úr lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir dísilolíu	44	34
Vetnismeðhöndluð olía (olía sem hefur verið varmaefnafræðilega meðhöndluð með vetni) upprunnin úr lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir bensín	45	30
Vetnismeðhöndluð olía (olía sem hefur verið varmaefnafræðilega meðhöndluð með vetni) upprunnin úr lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir þotueldsneyti	44	34
Vetnismeðhöndluð olía (olía sem hefur verið varmaefnafræðilega meðhöndluð með vetni) upprunnin úr lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir fljótandi jarðolíugas	46	24
Samunnin olía (unnin í hreinsunarstöð samhliða jarðefnaeldsneyti) upprunnin úr lífmassa eða hitasundruðum lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir dísilolíu	43	36
Samunnin olía (unnin í hreinsunarstöð samhliða jarðefnaeldsneyti) upprunnin úr lífmassa eða hitasundruðum, lífmassa sem er ætlað að koma í stað fyrir bensín	44	32
Samunnin olía (unnin í hreinsunarstöð samhliða jarðefnaeldsneyti) upprunnin úr lífmassa eða hitasundruðum lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir þotueldsneyti	43	33
Samunnin olía (unnin í hreinsunarstöð samhliða jarðefnaeldsneyti) upprunnin úr lífmassa eða hitasundruðum lífmassa, sem er ætlað að koma í stað fyrir fljótandi jarðolíugas	46	23
ENDURNÝJANLEGT ELDSNEYTI SEM HÆGT ER AÐ FRAMLEIÐA ÚR ÝMSUM ENDURNÝJANLEGUM ORKUGJÖFUM, Þ.M.T. LÍFMASSA		
Metanól frá endurnýjanlegum orkugjöfum	20	16
Etanól frá endurnýjanlegum orkugjöfum	27	21
Própanól frá endurnýjanlegum orkugjöfum	31	25
Bútanól frá endurnýjanlegum orkugjöfum	33	27

Eldsneyti	Orkuinnihald miðað við massa (lægra varmagildi, MJ/kg)	Orkuinnihald miðað við rúmmál (lægra varmagildi, MJ/l)
Fischer-Tropsch-dísilolía (tilbúið vetniskolefni eða blanda tilbúinna vetniskolefna, ætluð til að koma í stað fyrir dísilolíu)	44	34
Fischer-Tropsch-bensín (tilbúið vetniskolefni eða blanda tilbúinna vetniskolefna, ætluð til að koma í stað fyrir bensín)	44	33
Fischer-Tropsch-þotueldsneyti (tilbúið vetniskolefni eða blanda tilbúinna vetniskolefna, ætluð til að koma í stað fyrir þotueldsneyti)	44	33
Fischer-Tropsch-fljótandi jarðolíugas (tilbúið vetniskolefni eða blanda tilbúinna vetniskolefna, ætluð til að koma í stað fyrir fljótandi jarðolíugas)	46	24
DME (dímetýleter)	28	19
Vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum	120	—
ETBE (etýl-tert-bútýl-eter, framleiddur á grunni etanóls)	36 (þar af 37% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	27 (þar af 37% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
MTBE (metýl-tert-bútýl-eter, framleiddur á grunni metanóls)	35 (þar af 22% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	26 (þar af 22% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
TAEE (tert-amýl-etýl-eter, framleiddur á grunni etanóls)	38 (þar af 29% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	29 (þar af 29% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
TAME (tert-amýl-metýl-eter, framleiddur á grunni metanóls)	36 (þar af 18% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	28 (þar af 18% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
THxEE (tert-hexýl-etýl-eter, framleiddur á grunni etanóls)	38 (þar af 25% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	30 (þar af 25% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
THxME (tert-hexýl-metýl-eter, framleiddur á grunni metanóls)	38 (þar af 14% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)	30 (þar af 14% frá endurnýjanlegum orkugjöfum)
JARÐEFNAELDSNEYTI		
Bensín	43	32
Dísilolía	43	36

IV. VIÐAUKI

VOTTUN UPPSETNINGARAÐILA

Vottunarkerfin eða jafngildu hæfismatskerfin, sem um getur í 3. mgr. 18. gr., skulu byggjast á eftirfarandi viðmiðunum:

1. Ferlið vegna vottunar eða staðfestingar á menntun og hæfi skal vera gagnsætt og skýrt skilgreint af aðildarríki eða stjórnsýslustofnun sem það tilnefnir.

2 Þeir sem annast uppsetningu búnaðar fyrir lífmassaorku, varmadælur, jarðvarmaorku nálægt yfirborði og sólarraforku- og sólarvarmaorku skulu vottaðir í gegnum faggilta þjálfunaráætlun eða af faggiltum aðila sem veitir starfsþjálfun.

3. Aðildarríkin eða stjórnsýslustofnanir sem þau tilnefna skulu annast faggildingu þjálfunaráætlunarinnar eða -aðilans. Faggildingarstofnunin skal tryggja að þjálfunaráætlunin sem þjálfunaraðilinn býður sé samfelld og nái til tiltekins svæðis eða lands. Þjálfunaraðilinn skal hafa viðunandi tæknilega aðstöðu til að veita verklega þjálfun, þ.m.t. einhvern búnað fyrir rannsóknarstofur eða samsvarandi aðstöðu til að veita verklega þjálfun. Þjálfunaraðilinn skal einnig bjóða, til viðbótar við grunnþjálfunina, styttri upprifjunarnámskeið um málefni sem eru ofarlega á baugi, s.s. tækninýjungar, til að gera símenntun í uppsetningum mögulega. Þjálfunaraðilinn getur verið framleiðandi búnaðarins eða kerfisins, stofnanir eða samtök.

4. Þjálfun sem lýkur með útgáfu vottorðs eða staðfestingu á menntun og hæfi uppsetningaraðila skal innihalda bæði fræðilega og verklega hluta. Við lok þjálfunarinnar skal uppsetningaraðilinn hafa yfir að búa færni til að setja upp viðkomandi búnað og kerfi þannig að þau uppfylli kröfur viðskiptavinarins um afköst og áreiðanleika, skila vandaðri vinnu og fara að öllum viðeigandi reglum og stöðlum, þ.m.t. orku- og umhverfismerkingar.

5. Þjálfunarnámskeiðinu lýkur með prófi sem leiðir til útgáfu vottorðs eða hæfisskírteinis. Prófið skal innihalda verklegt mat á réttri uppsetningu katla eða ofna sem nota lífmassa sem orkugjafa, varmadælna, jarðvarmakerfa nálægt yfirborðinu, sólarraforku- eða sólarvarmaorkukerfa.

6. Vottunarkerfin eða jafngildu hæfismatskerfin, sem um getur í 3. mgr. 18. gr., skulu taka tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi viðmiðunarreglna:

   a) þjálfunaráætlanir sem hafa hlotið faggildingu skulu boðnar uppsetningaraðilum með starfsreynslu sem hafa gengist undir, eða eru að gangast undir, eftirfarandi þjálfun:

      i. ef um er að ræða uppsetningaraðila katla og ofna sem nota lífmassa sem orkugjafa: skilyrði að hafa hlotið þjálfun sem pípulagningamaður, röralagningamaður, sérfræðingur í hitakerfum, tæknimaður með sérkunnáttu í hreinlætis- og upphitunar- eða kælibúnaði,

      ii. ef um er að ræða uppsetningaraðila varmadælna: skilyrði að hafa hlotið þjálfun sem pípulagningarmaður eða uppsetningarmaður kælikerfa og hafa grunnfærni í rafvirkjun og pípulögnum (röraskurður, suða rörasamskeyta, líming rörasamskeyta, einangrun, þétting tenginga, lekaprófanir og uppsetning upphitunar- eða kælikerfa),

      iii. ef um er að ræða uppsetningaraðila sólarraforku- eða sólarvarmaorkukerfa: skilyrði að hafa hlotið þjálfun sem pípulagningamaður eða rafvirki og hafa færni í pípulögnum, rafvirkjun og þakvinnu, þ.m.t. þekking á suðu rörasamskeyta, límingu rörasamskeyta, þéttingu tenginga, prófunum á leka í pípulögnum, hæfni til víratenginga, þekking á helstu þakefnum, þakhellulagninga- og þéttiaðferðir eða

      iv. starfsþjálfunaráætlun sem veitir uppsetningaraðila viðeigandi færni sem samsvarar þriggja ára menntun í þeirri færni sem um getur í a-, b- eða c-lið og felur í sér bæði bók- og verknám.

   b) Fræðilegur hluti þjálfunar fyrir uppsetningaraðila ofna og katla sem nota lífmassa sem orkugjafa skal gefa yfirlit yfir markaðsaðstæður lífmassa og fjalla um vistfræðilega þætti, lífmassaeldsneyti, vöruferilsstjórnun, brunavarnir, tengda styrki, brunatækni, kveikjukerfi, ákjósanlegustu vökvakerfislausnir, samanburð á kostnaði og arðsemi auk hönnunar, uppsetningar og viðhalds katla og ofna sem nota lífmassa sem orkugjafa. Þjálfunin skal einnig veita haldgóða þekkingu á Evrópustöðlum um tækni og eldsneyti úr lífmassa, s.s. köggla, og lands- og Sambandslögum sem tengjast lífmassa.

c) Fræðilegur hluti þjálfunar fyrir uppsetningaraðila varmadælna skal gefa yfirlit yfir markaðsaðstæður varmadælna og fjalla um jarðvarmaauðlindir og jarðvegshitastig á mismunandi svæðum, greiningu varmaleiðni í jarðvegi og bergi, reglur um notkun jarðvarmaauðlinda, hagkvæmni þess að nota varmadælur í byggingum og ákvörðun þess hvaða varmadælukerfi er ákjósanlegast og þekkingu á tæknilegum kröfum þeirra, öryggi, loftsíun, tengingu við varmagjafa og kerfisútfærslu. Þjálfunin skal einnig veita haldgóða þekkingu á Evrópustöðlum um varmadælur og viðkomandi lands- og Sambandslögum. Uppsetningaraðilinn skal sýna fram á eftirfarandi grundvallarfærni:

i. grundvallarskilning á eðlisfræðilegum eiginleikum og vinnslueiginleikum varmadælu, þ.m.t. einkenni hringrásar varmadælunnar: samhengið milli lágs hita varmasvelgsins, hás hita varmagjafans og nýtni kerfisins, ákvörðun afkastastuðulsins og árstíðabundna afkastastuðulsins (SPF),

ii. skilning á íhlutum og hlutverki þeirra í hringrás varmadælunnar, þ.m.t. þjappa, þensluloki, eimsvali, þéttir, festingar og fylgihlutir , smurolía, kælimiðill, yfirhitunar-, ofkælingar- og kælingarmöguleikar með varmadælum og

iii. hæfni til að velja og ákvarða stærð íhluta við dæmigerðar uppsetningaraðstæður, þ.m.t. ákvörðun dæmigerðra gilda fyrir varmaálag í mismunandi byggingum og heitavatnsframleiðslu byggt á orkunotkun, ákvörðun getu varmadælunnar við varmaálagið til heitavatnsframleiðslu og geymslumassa byggingarinnar og miðað við rjúfanlega raforkuafhendingu, ákvörðun íhlutar fyrir safngeymi, rúmmáls hans og samþætting annars hitunarkerfis.

d) Fræðilegur hluti þjálfunar fyrir uppsetningaraðila sólarraforku- og sólarvarmaorkukerfa skal gefa yfirlit yfir markaðsaðstæður sólarorkuvara og samanburð á kostnaði og arðsemi, og fjalla um vistfræðilega þætti, íhluti, einkenni og mál sólarorkukerfa, val á nákvæmum kerfum og mál íhluta, ákvörðun eftirspurnar eftir varma, brunavarnir, tengda styrki, auk hönnunar, uppsetningar og viðhalds á orkuverum sem nýta sólarraforku og sólarvarma. Þjálfunin skal einnig veita haldgóða þekkingu á Evrópustöðlum um tækni og um gæðamerkingu, t.d. Solar Keymark, og viðkomandi lands- og Sambandslögum. Uppsetningaraðilinn skal sýna fram á eftirfarandi grundvallarfærni:

i. hæfni til að starfa á öruggan hátt með því að nota nauðsynleg verkfæri og búnað, fylgja öryggisreglum og -stöðlum og greina hættu sem fylgir uppsetningu sólarorkuvera sem stafar m.a. frá pípulögnum og rafmagni,

ii. hæfni til að sanngreina kerfi og þá íhluti þeirra sem tilheyra virkum og hlutlausum kerfum, þ.m.t. vélræn hönnun, og ákvarða staðsetningu íhluta og útfærslu og samskipan kerfa,

